Frumvarp til fjárlaga

fyrir

árin 1912 og 1913.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1912 og 1913 er ætlast til, að tekjur landsins verði 2,894,400 kr., er eiga að hafast upp úr tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 2,588,000.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2. Húsaskattur	13,000	13,000	26,000
3. Tekjuskattur	30,000	30,000	60,000
4. Aukatekjur	60,000	60,000	120,000
5. Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. Vitagjald	30,000	30,000	60,000
7. Leyfisbréfagjöld	6,000	6,000	12,000
8. Útflutningsgjald (sbr. 23.1)	135,000	135,000	270,000
9. Áfengistollur (23.1)	360,000		360,000
10. Tóbakstollur (23.1)	160,000	160,000	320,000
11. Kaffi- og sykurtollur (23.1)	380,000	380,000	760,000
12. Annað aðflutningsgjald (23. 1)	20,000	20,000	40,000
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	11,500	11,500	23,000
14. Pósttekjur	95,000	95,000	190,000
15. Símatekjur	100,000	105,000	205,000
16. Tekjur af Íslandsbanka	12,000	12,000	24,000
17. Óvissar tekjur	6,000	6,000	12,000
Samtals	1,471,500	1,116,500	2,588,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 40,200 kr.:

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls (23.2)	18,000	18,000	36,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	20,100	20,100	40,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 137,000 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs (23.3). ...	54,000	52,000	106,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
Samtals...	69,500	67,500	137,000

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880...	2,000	2,000	4,000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ...	2,000	2,000	4,000
Samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1912 og 1913 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 2,906,048 kr. 34 aurar.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 99,633,34.

	1912	1913
1. Vextir af 4% láni landssjóðs úr ríkissjóði, sem 1. jan. 1912 nemur kr. 433,333,33	17,000,00	15,666,67
Afborgun af láninu kr. 16,666.67 á hverju missiri	33,333,34	33,333,33
	50,333,34	49,000,00
2. Til vaxtagreiðslu á 4½% láni landssjóðs teknu árið 1909, sem 1. jan. 1912 nemur 1,375,000 kr. ganga árið 1912 61,312 kr. 50 au. og 1913 59,062 kr. 50 aurar. Afborgun er 50,000 krónur árlega; bæði rentur og afborgun greiðast væntanlega af vöxtum, sem fást af bankavaxtabréfum þeim, sem keypt hafa verið fyrir lánsfjárhæðina, svo og af bréfum þeim, sem út eru dregin og innleyst. Til kostnaðar við lánið veitast	150,00	150,00
	50,483,34	49,150,00
Alls...	99,633,34	

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 96,000 kr.

	kr.	1812. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
1. Til ráðherra:				
a. laun	8,000			
b. til risnu...	2,000	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra		2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara		6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra		10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar		16,000	16,000	32,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum...		2,500	2,500	5,000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu..		1,000	1,000	2,000
Samtals...		48,000	48,000	96,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitast 60,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 1,600 kr., alls 61,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. eru veittar 222,930 kr.

	1912.	1912.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. Laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	67,300	67,300	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður (23. 4)	4,515	4,515	
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. (23. 4)	5,100	5,100	
	86,315	86,315	172,630
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.... ... ... kr. 450			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna... 2,600			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur, alt að.. ... 3,600			
d. Kostnaður við sending með póstum 1,000			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímkeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar...	2,500	2,500	
4. Til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	500	500	
7. Til aðstoðar löggæzlu um síldveiðatímann	1,000	1,000	
Flyt...	20,950	20,950	172,630

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	20,950	20,950	172,630
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905 (23. 5)...	4,000	4,000	
	25,150	25,150	50,300
Samtals...			222,930

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 345,100 kr.

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
1. Laun		79,700	79,700	159,400
2. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis (23. 6)		150	150	300
3. Styrkur til augnlæknis Andrésar Fjeldsteds í Reykjavík:				
a. kenslustyrkur við læknaskólann (23. 7).		2,000	2,000	
b. lækningaferðastyrkur til sama manns alt að (23. 8)		300	300	4,600
4. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík (23. 9)		1,000	1,000	2,000
5. Holdsveikisspítalinn		32,250	31,350	63,600
6. Geðveikishælið á Kleppi		19,600	19,600	39,200
7. Heilsuhælið á Vífilstöðum...		25,000	25,000	50,000
8. Önnur útgjöld:	Kr.			
a. Styrkur til sjúkrahúsa.. ... ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hérað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrkurinn nemur.	4,000			
b. bólusetningarkostnaður.	1,000			
c. til náms yfirsetukvenna	2,000			
d. til verkfæra handa yfirsetukonum	400			
e. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ...	4,000			
f. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því,				
Flyt...	11,400	160,000	159,100	319,100

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt...	11,400	160,000	159,100	319,100
að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
g. styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar (23. 10)	600	13,000	13,000	26,000
Samtals..		173,000	172,100	345,100

13. gr.

Til samgöngumála veitast 929,125 kr.

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
A.				
Póstmál.				
1. Laun:	Kr.			
a. póstmeistara	4,000			
b. 1. póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík	7,000			
2. póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur	20,800			
c. bréfhirðingarmanna...	8,500	40,300	40,300	
2. Póstflutningur (23. 11)		56,000	56,000	
3. Annar kostnaður: (23. 12)	Kr.			
a. skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi alt að	5,000			
b. önnur gjöld	8,000	13,000	13,000	
		109,300	109,300	218,600
B.				
Vegabætur.				
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:				
	1912. 1913			
1. Verkfræðingur landsins:	Kr. Kr.			
a. laun	3,000 3,000			
Flyt...	3,000 3,000	.....	.....	218, 600

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	3,000	3,000			218,600
b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500			
2. aðstoðarverkfræðingur ..	2,700	2,700			
3. skrifstofukostnaður. ...	700	700			
4. til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna...	1.500	1,500			
5. eftirlit með vegaviðhaldi	200	200	8,600	8,600	
II. Flutningabrautir	Kr.	Kr.			
1. Borgarfjarðarbraut ...	10,000	10,000			
2. Húnvetningabraut ..	10,000	10,000			
3. Reykjadalsbraut... ...	10,000	10,000			
4. Skagfirðingabraut ...	10,000	10,000			
5. Grímsnesbraut	10,000	10,000			
6. viðhald flutningabrauta...	9,000	9,000	59,000	59,000	
III. Þjóðvegir:	Kr.	Kr.			
1, Mosfellssveitarvegur með brú á Köldukvísl ...	6,000	»			
2. brýr á Hverfisfljót og Brunná	»	12,000			
3. aðrar vegabætur og viðhald	12,000	12,000	18,000	24,000	
IV. Fjallvegir			5,000	5,000	
V. Til áhalda...			2,000	2,000	
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum			300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			150	150	
VIII. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur (23. 13)			7,500	7,500	
			100,550	106,550	207,100
C.					
1. Gufuskipaferðir Thorefélags eftir samningi 7. ágúst 1909			60,000	60,000	
2. Gufubátaferðir og mótorbáta			40,000	40,000	
			100,000	100,000	200,000
Flyt...			... ...	... ...	625,700

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	.....	.....	625,700
	D.				
	Ritsímar, talsímar og loftskeytasamband.				
I.	Ritsímafélagið mikla norræna umsamið árgjald (til 1925)		35,000	35,000	
II.	Til nýrra landsímalagninga o. fl.				
		1912.	1913.		
	1. talsími frá Borðeyri til	Kr.	Kr.		
	Búðardals	14,000	»		
	2. talsími frá Borgarnesi				
	til Stykkishólms... ...	38,000	»		
			52,000		
III.	Til starfrækslu landsímanna m. m.	Kr.	Kr,		
	1. laun forstjóra landsímanna	5,000	5,000		
	2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna..	10,700	11,000		
	3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu...	6,800	6,900		
	4. ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímkerfinu	8,400	8,400		
	5. ritsímastöð á Ísafirði ásamt bæjarsímkerfinu	5,900	5,900		
	6. símastöð á Borðeyri ...	2,600	2,600		
	7. símastöð í Hafnarfirði..	1,000	1,000		
	8. loftskeytastöð í Reykjavík...	3,000	3,000		
	9. loftskeytastöð í Vestmannaeyjum	3,000	3,000		
	10. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	2,000	2,000		
			48,400	48,800	
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m...		4,000	4,000	
V.	Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna..		2,000	2,000	
VI.	Viðhald landsímanna..		9,000	9,000	
VII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...		550	550	
			150,950	99,350	250,300
		Flyt...	.....	.....	876,000

				1912.	1913.	Alls
	E.			kr.	kr.	kr.
	Vitamál:		Flyt...	... ...	... ...	876,000
I.	Eftirlit með vitum:	Kr.	Kr.			
	a. laun	700	700			
	b. ferðakostnaður eftir reikningi alt að...	500	500	1,200	1,200	
II.	Öndverðanesviti:		Kr.			
	1. laun vitavarðar...		100			
	2. reksturskostnaður		150	250	250	
III.	Elliðaeyjarviti:		Kr.			
	1. laun vitavarðar		400			
	2. reksturskostnaður		450	850	850	
IV.	Arnarnesviti:		Kr.			
	1. laun vitavarðar...		500			
	2. reksturskostnaður og viðhaldskostnaður		500	1,000	1,000	
V.	Síglunesviti:		Kr.			
	1. laun vitavarðar...		1200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður		600	1,800	1,800	
VI	Til þess að reisa Flateyjarvita, ásamt launum vitavarðar			... ..	14,075	
VII.	Rifstangaviti:		Kr.			
	1. laun vitavarðar...		150			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður		400	550	550	
VIII.	Langanesviti:		Kr.			
	1. laun vitavarðar...		200			
	2. reksturskostnaður		200	400	400	
IX.	Dalatangaviti:		Kr.			
	1. laun vitavarðar...		600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður		600	1,200	1,200	
X.	Dyrhólaviti:		Kr.			
	1. laun vitavarðar...		200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður		400	600	600	
XI.	Vestmanneyjaviti:		Kr.			
	1. laun vitavarðar...		700			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður		500	1,200	1,200	
			Flyt...	9,050	23,125	876,000

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flyt ..	9,050	23,125	876,000
XII.	Reykjanesviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 1500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 1600	3,100	3,100	
XIII.	Garðskagaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 750			
	3. til að leggja gangbrú út að vitanum f. á. 2500	3,850	1,350	
XIV.	Gróttuviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 450			
	3. til að breyta vitanum í blossa-vita s. á. 3500	950	4,450	
XV.	Styrkur til að halda uppi leiðar-ljósum fyrir fiskiskip: Kr.			
	1. á Skipaskaga alt að 75			
	2. á Gerðatanga 100	175	175	
XVI.	Viðhald eldri sjómerkja og uppsetning nýrra	200	2,000	
XVII.	Ýmislegur vitakostnaður	1,100	500	
		18,425	34,700	53,125
	Samtals	... ...	... ...	929,125

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 491,520 kr.

		1912.	1913.	Alls
	A.	kr.	kr.	kr.
	Andlega stéttin: Kr.			
a.	1. laun biskups 5,000			
	2. skrifstofukostnaður 1,000	6,000	6,000	
b.	Önnur útgjöld:			
	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	3,500	3,500	
	2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum . ... Af uppbót þessari má verja 1000 krónum	4,500	4,000	
	Flyt...	14,000	13,500	... ..

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	14,000	13,500	
til húsaleigustyrks handa prestum, sem eiga heima í kauptúnum.			
3. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	4,000	4,000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs	40,000	40,000	
	58,000	57,500	
			115,500
B.			
Kenslumál:			
I. Prestaskólinn:			
a. laun	9,200	9,200	
b. annar kostnaður: 1912 Kr. 1913 Kr.			
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum 960 960			
2. námsstyrkur (23. 14) 1000 1000			
3. til tímakenslu 100 100			
4. — bókakaupa 300 300			
5. — eldiviðar og ljósa.. 150 150			
6. — umsjónar 100 100			
7. — ýmisleg útgjöld ... 250 250			
8. — útgáfu kenslubóka. 500 500	3,360	3,360	
	12,560	12,560	
			25,120
II. Læknaskólinn:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld: Kr.			
1. húsaleigustyrkur handa nemendum 1600			
2. námsstyrkur (23. 14) ... 2000			
3. eldiviður, ljós og ræsting ... 550			
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda 850			
5. ferðastyrkur handa læknaefnum 300			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði 400			
7. þóknun til Þórðar geðveikislæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði 300			
Flyt... 6,000	3,200	3,200	140,620

				1912.	1913.	Alls.
			Kr.	kr.	kr.	kr.
		Flutt...	6,000	3,200	3,200	140,620
	8. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« alt að		200			
	9. ýmisleg útgjöld...		320	6,520	6,520	
	e. til þess að leigja hús handa læknaskólanum			1,000	1,000	
				10,720	10,720	21,440
III.	Lagaskólinn:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	a. laun	6,800	6,800			
	b. aukakensla	1,600	1,600			
	c. önnur útgjöld:					
	1. húsaleigustyrkur handa nemendum ...	960	960			
	2. námsstyrkur (23. 14)	1,200	1,200			
	3. eldiviður, ljós og ræsting	250	250			
	4. til bókakaupa ...	500	500			
	5. húsaleiga	500	500			
	6. önnur útgjöld ...	200	200			
	7. til útgáfu kenslubóka	500	500	12,510	12,510	25,020
IV.	Mentaskólinn almenni:					
	a. laun...			19,200	19,200	
	b. aðstoðarfé:		Kr.			
	handa söngkennaranum... ...		600			
	— fimleikakennaranum ...		700			
	til dyravarðar		1,000			
	fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans		200	2,500	2,500	
	c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	1. til bókasafns skólans	400	400			
	2. — eldiviðar og ljósa.	1,400	1,400			
	3. — skólahússins utan og innan	1,400	1,400			
	4. til fasts aukakennara	1,600	1,600			
	5. — annarar tímakenslu og til prófdómenda..	3,200	3,200			
		Flyt... 8,000	8,000	21,700	21,700	187,080

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	8,000	8,000	21,700	21,700	187,080
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720	720			
7. námsstyrkur (23,14)	2,000	2,000			
8. læknisþóknun	100	100			
9. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200			
10. til vísindalegra áhalda við kenslu	300	300			
11. til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000			
12. til áhalda við fimleikakenslu..	100	100			
13. til verðlaunabóka ...	300	300			
			13,720	13,720	
			35,420	35,420	70,840
V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. laun			8,600	8,600	
b. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna.	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa	800	800			
3. — tímakenslu og aukakenslu	3,200	3,200			
4. til styrkveitinga námspiltum	800	800			
5. ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,600	1,600			
			7,000	7,000	
			15,600	15,600	31,200
VI. Kennaraskólinn:	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun	6,600	6,600			
b. önnur útgjöld:					
1. tímakensla	1,200	1,200			
2. til aukakennara ...	1,000	1,000			
3. eldiviður og ljós ...	800	800			
4. bókakaup og áhöld..	300	300			
5. námsstyrkur	1,500	1,500			
6. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200			
			12,600	12,600	25,200
Flyt...			... ...	... ...	314,320

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	.....	.....	314,320
VII.	Stýrimannaskólinn:			
	a. laun	3,200	3,200	
	b. önnur útgjöld: 1912 Kr. 1913 Kr.			
	1. til tímakenslu 1,000 1,000			
	2. — áhaldakaupa o. fl. 400 400			
	3. — eldiviðar og ljósa 400 400			
	4. ýmisleg útgjöld ... 600 600			
		2,400	2,400	
		5,600	5,600	11,200
VIII.	Til annarar kenslu: 1912 Kr. 1913 Kr.			
	a. til kvennaskóla:			
	1. til kvennaskólans í Reykjavík (23,15) ... 4,500 4,500			
	2. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að ... 2,000 2,000			
	3. námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... ... ... 300 300			
	4. til kvennaskólans á Blönduósi 3,500 3,500			
	5. til sama skóla 50 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2,000 2,000			
		12,300	12,300	
	b. 1. til farkenslu	15,000	15,000	
	2. til ungmennaskóla (23,16)	20,000	20,000	
	3. tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	1,000	1,000	
	4. kostnaður við unglingapróf ...	2,000	2,000	
	5. styrkur til að reisa ungmennaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, eftir uppdrætti, er stjórnarráðið hefir samþykt	10,000	10,000	
	6. til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
	7. a. laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
	b. til eftirlitsferða eftir reikningi ...	600	600	
	Flyt...	66,400	66,400	325,520

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	66,400	66,400	325,520
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í í Flensborg	7,000	7,000	
d. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
e. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
f. styrkur til þess, að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
g. til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7,000	7,000	
	81,700	81,700	
			163,400
IX. Til sundkenslu: (23,17).			
a. í Reykjavík	300	300	
b. til sundkenslu annarstaðar	1,000	1,000	
	1,300	1,300	
			2,600
Samtals...	.....	.....	491,520

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 131,120.

	1912	1913	1912.	1913.	Alls.
1. Landsbókasafnið;	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
a. laun bókavarðar	3,000	3,000			
b. — 1. aðstoðarmanns..	1,500	1,500			
c. — 2. aðstoðarmanns ...	1,000	1,000			
d. til að kaupa bækur og handrit.	6,000	6,000			
e. til bókbands...	1,700	1,800			
f. til kostnaðar við spjaldskrár (eftir reikningi) ...	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið...	360	360			
k. ýmisleg útgjöld	250	250			
			16,310	16,410	
Flyt...			16,310	16,410	.....

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	16,310	16,410	
2.	Landsskjalasafnið:	kr. kr.			
	a. laun skjalavarðar	1,800 1,800			
	b. til aðstoðarskjalavarðar	1,000 1,000			
	c. til að binda inn og búa um skjöl	1,000 1,000			
	d. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600 600			
	e. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.	250 250	4,650	4,650	
3.	Forngripasafnið (23. 18):	Kr. Kr.			
	a. laun fornmenjavarðar ...	1,800 1,800			
	b. til aðstoðar eftir reikningi alt að...	800 800			
	c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,500 1,500			
	d. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að	1,000 1,000	5,100	5,100	
4.	Náttúrufræðisfélagið (23. 19): ... . Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.		800	800	
5.	Þjóðmentasafnið:	Kr. Kr.			
	a. til eldiviðar, ljósa o. fl. ...	3,200 3,200			
	b. til dyravarðar.	1,400 1,400			
	c. til viðhalds og áhalda ...	2,000 1,000	6,600	5,600	
6.	Til kaupstaðarbókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði..		2,000	2,000	
7.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að		1,500	1,500	
8.	Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík		2,000	2,000	
9.	Til Þjóðvinafélagsins		750	750	
10.	Til Fornleifafélagsins		400	400	
11.	Til sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...		750	750	
12.	Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbréfasafni		800	800	
13.	Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár		400	400	
14.	Til Einars skálds Hjörleifssonar		1,200	1,200	
		Flyt...	43,260	42,360	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	43,260	42,360	
15. Til Þorsteins Erlingssonar skálds..	1,200	1,200	
16. Til sira Valdimars Briem's.	800	800	
17. Til Guðm. skálds Magnússonar	800	800	
18. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ...	400	400	
19. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds... ...	400	400	
20. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
21. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
22. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins... ...	500	500	
23. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
24. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn minst helmings framlags úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að.	1,000	1,000	
25. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands.. ...	1,000	1,000	
26. Til landmælinga á Íslandi...	5,000	5,000	
27. Til dr. Helga Péturss til jarðfræðisrannsókna...	2,000	2,000	
28. Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,500	1,500	
29. Til jarðskjálftarannsókna	500	500	
30. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
31. Til Einars Jónssonar myndasmiðs... ...	1,200	1,200	
Samtals...	66,010	65,110	131,120

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 359,420.

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
1. Til bændaskólans á Hólum:					
a. laun			2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara..			1,000	1,000	
c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.			
1. til verklegrar kenslu...	1,000	1,000			
2. til kensluáhalda ...	500	500			
Flyt...	1,500	1,500	3,700	3,700	

	1912 Kr.	1913 Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
Flutt ..	1,500	1,500	3,700	3,700	
3. til eldiviðar og ljósa...	900	900			
4. til styrkveitinga nemendum...	400	400			
5. ýmisleg útgjöld. ...	1,000	1,000	3,800	3,800	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. laun			2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara.			1,000	1,000	
c. önnur útgjöld:	Kr.	Kr.			
1. til verklegrar kenslu. ...	700	700			
2. til kensluáhalda	500	500			
3. til eldiviðar og ljósa. ...	700	700			
4. til styrkveitinga nemendum	400	400			
5. ýmisleg útgjöld	800	800	3,100	3,100	
3. Til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu...			1,500	1,500	
4. Til Eiðaskólans til verklegrar búnaðarkenslu...			1,500	1,500	
5. Til búnaðarfélaga...			22,000	22,000	
6. Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið ...			54,000	54,000	
7. Laun skógræktarstjóra..			3,000	3,000	
8. Til skóggræðslu..			6,000	6,000	
9. Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ...			1,000	1,000	
10. Til sandgræðslu			4,000	4,000	
11. Styrkur til samvinnu-smjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49. 10. nóv. 1905			12,000	10,000	
12. Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500	3,500	3,500	
13. a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
14. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna			300	300	
15. Til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík			5,000	5,000	
Flyt...			130,900	128,900	.....

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	130,900	128,900	
16. Til iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar... ...	1,000	1,000	
17. Til iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds..	600	600	
18. Til iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds..	300	300	
19. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,500	2,500	
20. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík ...	5,000	5,000	
21. Til viðskiftaráðunauta, alt að	12,000	12,000	
22. Til byggingafróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar ..	1,600	1,600	
23. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að	400	400	
	1912	1913	
24. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	Kr. 7,800	Kr. 7,800	
b. Til ferðakostnaðar. ...	400	400	
	8,200	8,200	
25. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði ...	1,200	1,200	
26. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
27. Til efnaransóknarstofu í Reykjavík:			
a. laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. til húsaleigu	700	700	
c. til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500	
28. Til fiskiveiðasjóðs Íslands...	6,000	6,000	
29. Leiga eftir Gullfoss...	300	300	
30. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	300	300	
31. Til að gera turn á Hólakirkju...	2,500		
32. Styrkur til Samábyrgðarinnar	5,000	5,000	
33. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...	600	600	
	181,960	177,460	
Samtals...	... ...	... ...	359,420

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 158,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000; til Bjargar Jónsdóttur, ekkja stýrimanna-skólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þorkelsdóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 600 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 200 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 100 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts, 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

Fjárhæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eftirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, svo og $^2/_3$ hlutum andvirðis upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum, greiðist í ríkissjóð sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eftirlitsskipið.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði kr. 11,648.34, greiðist af viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1911 og hafi í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum eftir tillögum landbúnaðarfélagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda og gegn 4% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 2 fyrstu árunum, ef í hlut eiga samgirðendur og ábúendur á einstakra manna eign, en 6% árgjaldi í 28 ár, ef í hlut eiga þjóðjarðaábúendur og kirkjujarða.

2. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 4% endurgreiðsla á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 10,000 kr.

4. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum.

23. gr.

Ofangreindar tekjugreinar og fjárveitingar eru þeim skýringum háðar og þeim skildögum bundnar, sem hér segir:

1. Tekjur af tollunum í 2. gr., 8.—12. eru áætlaðar að frádregnu innheimtugjaldi.

2. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs í 3. gr. 1. er talið að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu, húsabótastyrk o. fl., alls kr. 12,000 kr. hvort árið

3. Upp í viðlagasjóðslán (4. gr. 1.) verður greitt

árið 1912	kr.	48,581,43
— 1913	—	48,241,57
	Alls kr.	96,823,00

4. Af hegningarhússfjárveitingunum m. m. (11. gr. 3.) fara í laun fangavarðar 1230 kr., prestsþóknun 100 kr. og læknisþóknun 60 kr., og loks í fangelsisviðhald 300 kr., alt hvort árið.

Af öðrum sakamálskostnaði m. m. (11. gr. A 4.) fara hvort árið 1600 kr. í þóknun handa 2 settum yfirdómslögmönnum (áður nefndum málaflutningsmönnum við yfirréttinn) 50 kr. handa sendiboða við yfirdóminn, 50 kr. til eldiviðar í yfirdómsstofunum, 50 kr. til viðhalds á þeim, 300 kr. til gjafsóknarmála og 50 kr. til sáttamála.

5. Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, mega ekki fara fram á hærra meðlag en 75 aura á dag með þeim sjúklingum, sem um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna. Sbr. 11. gr. B 9.

6. Læknisstyrkurinn til Öræfinga (12. gr. 2.) greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.

7. Kenslustyrkurinn til augnl. Andr. Fjeldsteds m. m. (12. gr. 3. a.) er þeim skildaga bundinn, að hann segi stúdentum í læknaskólanum til í augnalækningum og hafi ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum ekki sjaldnar en 1 sinni á mánuði.

8. Lækningaferðastyrkurinn til sama manns greiðist eftir reikningi og er

þeim skildaga bundinn, að hann ferðist 1 sinni á sumri kringum land á helztu viðkomustaði strandferðaskipanna með minst hálfsmánaðar dvöl á einum fjölmennasta staðnum eftir samráði við stjórnarráðið.

9. Styrkurinn til Vilh. Bernhöfts (12. gr. 4.) er sömu skilyrðum bundinn um tilsögn í tannlækningum og »klinik« sem A. Fjeldsteds um sama í augnlækningum.

10. Utanferðastyrk handa héraðslæknum (12. gr. 9.) veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

11. Af póstflutningafénu (13. gr. A 2.) má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri, fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.

12. Pósthúsið í Reykjavík (13. A. 3.) sé opið 9 stundir hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.

13. Keflavíkurvegarfjárveitingin (13. gr. B 8.) er því skilyrði bundin, að varið sé til þess vegar ekki minna fé annarsstaðar að.

14. Húsaleigustyrk og námsstyrk við prestaskóla, læknaskóla, lagaskóla og mentaskóla (14. gr. B I.—IV.) má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk handa mentaskólanemendum, en hinum 250 kr.

15. Styrkur til Reykjavíkur kvennaskóla (14. gr. B VIII. a 1.) er því skilyrði bundinn, að Reykjavíkurbær veiti skólanum minst 500 kr. hvort árið og að í skólanum séu minst 25 heimavistir fyrir sveitastúlkur.

16. Ungmennaskólastyrkurinn (14. gr. B VIII. b 2.) veitist gegn jafnmiklu fjárframlagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði eða annarsstaðar að, og með því skilyrði, að skólarnir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.

17, Sundkenslustyrkurinn (14. gr. B IX.) er

a. í Reykjavík bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og lærisveinar mentaskólans og stýrimannaskólans njóti hennar ókeypis, og

b. annarsstaðar veitist styrkurinn bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að lagt sé til sundkenslunnar minst jafnmikið annarsstaðar að.

18. Forngripasafnið (15. gr. 3.) sé opið frá 15. júní til 15. sept. 2 tíma á dag. en annan tíma árs 6 stundir á viku eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

19. Styrkurinn til náttúrugripasafsnins (15. gr. 3.) veitist með því skilyrði, að safnið sé eign landsins og til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, eigi sjaldnar en 1 sinni á viku.

Athugasemdir um frumvarp til fjárlaga árin 1912 og 1913.

I. kafli.

Tekjur.

Við 2. gr.

Við 1. Ábúðar- og lausafjárskattur. Skattar þessir hafa 5 síðustu árin, 1905—09, numið að meðaltali kr. 19,238,61 og 32,320,19. Virðist því óhætt að telja þá samanlagða 50,000 kr. eins og í fjárlögunum, sem nú eru í gildi.

Við 2. Húsaskattur hefir á sama tímabili verið kr. 12,261,70 og á þriggja ára tímabilinu frá 1907—09, kr. 13,124,66 að meðaltali. Hann virðist því mega gera kr. 13,000 hvort árið.

Við 3. Tekjuskattur hefir verið næsta misjafn 5 árin síðustu

	Kr.	a.	
1905	30,622	25	
1906	21,195	75	
1907	26,069	10	
1908	26,344	88	og
1909	43,754	75	

eða að meðaltali kr. 29,597,34, og á síðasta þriggja ára tímabili kr. 32,056,24; lætur því nærri að ætla hann 30,000 kr. hvort árið, þótt upphæð hans sé mishá og mjög komin undir tekjum hvalveiðamanna.

Við 4. Aukatekjur hafa verið síðustu 5 árin kr. 57,503,92; og á 3 ára tímabilinu 1907—09, kr. 61,738,39. Með því að tekjur þessar fara heldur vaxandi en minkandi, þykir óhætt að gera þær kr. 60,000 hvort árið.

Við 5. Erfðafjárskattur hefir numið 5 árin 1905—09 kr. 4,133,96 að meðaltali, en 3 árin 1907—09, ekki nema kr. 3,888,21. Skattur þessi er næsta reikull, og virðist því ekki rétt að gera hann hærri en í fjárlögum, sem nú eru, eða 3000 kr. árlega.

Við 6. Vitagjald. Lög nr. 51, 16. nóvbr. 1907 um vitagjald af skipum, öðluðust gildi 1. janúar 1909, og er því enn engin veruleg reynsla fengin fyrir því, hve miklu gjald þetta muni nema. Það var árið 1909 kr. 31,732,30 og er ólíklegt, að það fari minkandi; kr. 30,000 á ári ætti þá að láta nærri.

Við 7. Leyfisbréfagjöld hafa síðustu 5 ár numið kr. 6,451,71 og 3 árin, 1907—09, kr. 7,097,72. Með því gjald þetta er talsvert á reiki, virðist naumast eigandi undir að gera það hærra en kr. 6,000 hvort árið.

Við 8. Útflutningsgjald hefir 5 árin 1905—1909 verið að frádregnum innheimtulaunum.

	Kr.	a.
1905	126,876	16
1906	125,211	67
1907	211,135	93
1908	182,141	00
1909	201,972	08

eða kr. 169,467,37 að meðaltali, og 3 árin síðustu kr. 198,416,33. Með því gjald þetta er aðallega komið undir síldarafla, og hann hefir rýrnað árið 1910, þá virðist sú tekjugrein varla gerandi hærri en kr. 135,000 hvort árið.

Við 9. Áfengistollur hefir að frádregnum innheimtulaunum numið kr. 197,573,78 5 árin 1905—09 og kr. 199,959,91 3 árin 1907—09.

Samkvæmt lögum nr. 44, 30. júlí 1909, má ekki gera ráð fyrir tolli af áfengi árið 1913; hinsvegar má búast við, að mjög mikið af áfengum drykkjum verði tollskylt árið 1912 samkvæmt lögum nr. 53, 16. nóvbr. 1907; þykir eigi ólíklegt að það ár verði flutt inn áfengi til tveggja ára, jafnvel þó gert sé ráð fyrir auknum innflutningi árin 1910 og 1911, eins og fjárlögin, sem nú eru í gildi, gera. Það er því gert ráð fyrir 360,000 króna tekjum árið 1912.

Við 10. Tóbakstollur hefir 5 árin 1905—1909 numið kr. 150,896,49 og 3 árin 1907—1909 kr. 157,144,38. Árið 1909 var gjaldið kr. 161,559,22, virðist tollurinn hafa heldur hækkað, þó hvergi nærri eins og við var búist. Þessa tekjugrein virðist því mega gera kr. 160,000,00 hvort árið.

Við 11. Kaffi- og sykurtollur hefir numið kr. 377,028,35 að meðaltali 5 árin 1905—09, og kr. 391,009,11 síðustu 3 árin. Með því að gjald þetta stendur óhaggað af nýnefndum lögum, virðist mega telja það kr. 380,000,00 á ári.

Við 12. Annað aðflutningsgjald hefir 5 síðustu árin verið kr. 18,485,87 og 3 árin síðustu kr. 20,312,29. Kr. 20,000 munu þá láta nærri.

Við 13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja. Gjöld þessi voru árið 1909 kr. 11,800. Það er nú haft kr. 11,500 á ári.

Við 14. Pósttekjur hafa á 5 árin síðustu 1905—09 numið að meðaltali kr. 93,546,36 og 3 árin 1907—09 kr. 103,539,57. Þær mun því mega gera 95,000 kr. hvort árið.

Við 15. Símatekjur voru árið 1909 kr. 87,463,31 og árið 1910 munu þær eftir skýrslu landsímastjóra fara fram úr 100,000 krónum. Með því nýjum línum hefir verið viðbætt, telur hann alveg óhætt, að gera tekjurnar 100,000 krónur árið 1912 og 105,000 krónur árið 1913.

Við 16. Tekjur af Íslandsbanka voru árið 1909, kr. 12,000 liðugar, og virðist óhætt að halda því.

Við 17. Óvissar tekjur eru taldar kr. 6,000 árlega, og er þá þar í talinn hluti landssjóðs af sektum fyrir ólöglegar fiskiveiðar, sem nam árið 1909 kr. 1857,79.

Við 3. gr.

Við 1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs hafa numið að meðaltali 5 árin síðustu 1905—09 ... ... kr. 37,433,18
að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu og húsabótarstyrk ... — 12,408,54
kr. 25,024,64
og 3 árin 1907—09 ... ... — 36,568,09
að frádregnum umboðslaunum o. s. frv. ... ... — 11,606.82
kr. 24,961,27

Þar sem margar jarðir eru seldar árlega, og tekjurnar fyrir árið 1909 verða ekki nema um kr. 20,000, eru þær ekki gerðar hér nema kr. 18,000.

Við 2. Tekjur af kirkjum má telja 100 kr. hvort árið.

Við 3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli þykir óhætt að áætla kr. 2,000 á ári.

Við 4. gr.

Við 1. Yfirlit yfir hvað ætla má að landssjóður hafi af viðlagasjóði árin 1912 og 1913 verður lagt fyrir alþingi, en jafnframt skal þess getið, að eftir landsreikningnum um fjárhagstímabilið 1908 og 1909 var tekjuafgangur kr. 305, 762,98, og að peningaforði landssjóðs var 31. desbr. 1909 kr. 299,729.

Tekjur þessar eru taldar kr. 54,000 árið 1912 og kr. 52,000 árið 1913. — Alþingi mun verða gefinn kostur á, að kynna sér fullkomna skrá, er landsféhirðir hefir samið yfir þessi skuldabréf, og skýrir hún frá hverju lánin nema hvert um sig og endurgreiðslukjörum o. fl.

Við 2. Eins og í þessa tímabils fjárlögum sbr. lög nr. 12, 12. janúar 1900.

Við 3. Þessar tekjur eru taldar eins og í þessa tímabils fjárlögum.

Við 5. gr.

Tekjuliðirnir eru taldir alveg eins og í fjárlögum nú. Athugasemdinni aftan við greinina er slept, því engin beiðni hefir komið um, að verja árgjaldinu eftirleiðis eins og áður.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871.

2. kafli.

Gjöld:

Við 8. gr.

Til vaxta og endurgreiðslu á landsjóðsláni úr ríkissjóði Danmerkur ganga kr. 50,333,33 árið 1912 og kr. 49,000 árið 1913, eða alls kr. 99,333,33.

Með því afborgun samkvæmt samningnum greiðist á hverju misseri með kr. 16,666,67 í hvern gjalddaga fyrir sig, og vextir því greiðast eigi framar af afborguninni, en vaxtagreiðslan í fjárlögunum, sem nú eru, talin ofhátt hvort árið um sig með kr. 333,33.

Samkvæmt lögum 9. júlí 1909 hefir verið tekið lán að upphæð kr. 1,500,000 sem borguð var út með 98 og ávaxtast með $4^1/_2$% á ári. Lánið greiðist aftur með kr. 25,000 á hverju misseri eftir lánssamningnum, sem lagður verður fyrir alþingi. Eftirstöðvar lánsins verða kr. 1,375,000 1. janúar 1912.

Með því lánið samkvæmt fyrirmælum laganna gekk til þess, að kaupa veðdeildarbréf fyrir 98, og á að ávaxtast og afborgast með leigum af hinum keyptu veðdeildarbréfum og þeim, sem dregin eru út, eru bæði tekjur og gjöld tilfærð innan stryks, en ekki tilfærð í áætluðum upphæðum í 1. og 7. gr. Ef ekki eru dregin út nægilega mörg hinna keyptu veðdeildarbréfa, svo að hrökkvi til að greiða afborganir, og sjóðfé heldur ekki er til nægilegt í því skyni, verður að selja svo sem með þarf af veðdeildarbréfum, og væntanlegt tap á þeim að teljast sem útgjöld við lánið. Greiðsluþóknun og auglýsingagjald, sem inna ber eftir samningnum, eru talin 150 kr. hvort árið.

Við 9. gr.

1. Laun ráðherra og risnufé er talið samkvæmt 2. gr. laga nr. 17, $^3/_{10}$ 1903; auk þess hefir hann ókeypis bústað í ráðherrahúsinu.

2. Til utanferða ráðherra virðist mega ætla kr. 2,000 um árið, eins og nú.

3. og 4. Laun landritara og þriggja skrifstofustjóra eru talin samkvæmt lögum nr. 17, $^3/_{10}$ 1903, 4. gr.

5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar. Fjárhæðin er látin halda sér óbreytt. Að vísu var kostnaðurinn 1908 full kr. 17,000, og 1909 um 15,500 kr. Það má búast við, að kr. 16,000 hrökkvi nokkurn veginn næsta fjárhagstímabil. Af Lögbirtingablaðinu var ofurlítill tekjuafgangur, árið 1908 26 kr., og um 50 kr. 1909, svo það hefir ekki íþyngt þessum gjaldlið.

6. Óbreytt frá því sem nú er, sbr. 6. gr. laga nr. 17, $^3/_{10}$ 1903.

7. Til viðhalds og umbóta á Stjórnarráðshúsinu. Eins og getið er um í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið, sem lagt var fyrir alþingi 1909, þarfnast húsið allmikillar aðgerðar og er því farið fram á sömu fjárveitingu sem þá. Að öðru leyti er þess að geta, að húsið er því nær óhæfilegt fyrir stjórnarráðsskrifstofurnar; það er langt um of lítið og illa fyrir komið. Ef auka ætti við einni skrifstofu, eins og komið hefir til mála, t. a. m. hagfræðisskrifstofu, þá verður því ekki við komið. Það er jafnvel naumast hægt að bæta við manni á skrifstofurnar, þó þörf væri á því, vegna þrengsla. Það hlýtur því að reka þar bráðlega að, að bæta verður við húsið, eða ofan á það, en hlífst við að fara fram á það í þetta sinn.

Við 10. gr.

Sú grein er óbreytt eins og nú.

Við 11. gr.

Við A. 1. a. Til dómara og sýslumanna. Laun þessi eru talin eins og nú. Þau eru og eins sundurliðuð, sjá athugasemdir við fjárlagafrumv. 1906 og 1907 (alþ.tíð. 1905, A. bls. 35—36) og eru talin samkvæmt lögum þeim, sem þar er til vitnað.

Við A. 1. b. Laun til hreppstjóra eru talin eins og nú.

Við A. 2. Sama fjárhæð sem áður.

Við A. 3. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhald fangelsanna. Þessar greiðslur eru hinar sömu og áður. En sú breyting er gerð, að liður A. 3 a—d og A 4 eru færðir saman í einn lið sbr. 23. gr. 4.

Við A. 4. Þessar greiðslur eru óbreyttar, en a—g liðunum er slengt saman í eitt, sbr. 23. gr. 4.

Við B. 1. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og landshagsskýrslur. Liðirnir a—d eru óbreyttir.

Við B. 2. Þessi liður er látinn standa óhaggaður, þó líkindi sé til, að kr. 8000 hrökkvi eigi alveg, einkum af því að ný símasambönd bætast við.

Við B. 3. Þessi liður er langt um of lágur; eins og sést á Landsreikningnum fyrir árið 1908 (bls. 44) hefir gjaldið numið kr. 2,465,65. Vegna þess, að annað húsið á Þingvöllum mun verða selt hið bráðasta, og að hins vegar má til að vátryggja nýju skólahúsin á Hólum og Hvanneyri, þótt úr steini sé, virðist ekki mega áætla hér minna en kr. 2,500,00 hvort árið.

Við B. 4—8. Þessir liðir eru látnir haldast óbreyttir og er það að segja um 4. tölulið, að þótt hann fari líklegast töluvert fram úr áætlun á þessu fjárhagstímabili, þá mun mega treysta því, að féð endist nærri lagi.

Við B. 9. Þessi kostnaður var árið 1909 fullar 6,000 kr. og í október 1910 var hann orðinn fullar 3,000 kr. Stjórnin hefir oft og einatt eigi getað varist þeirri hugsun, er hún hefir fengið reikninga yfir spítalaveru sjúklinga hér á landi, að hrepparnir notuðu sér þessi lagafyrirmæli, til þess að koma þungum sveitarómögum á sjúkrahús að mestu leyti á landsins kostnað, og að sum sjúkrahús og hæli seildust eftir slíkum sjúklingum til að bæta fjárhag sinn. Það munu nú varla verða tiltök að fá hér að lútandi fyrirmæli fátækralaganna afnumin með öllu, en öll sanngirni mælir þó með, að þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, ívilni slíkum sjúklingum, einkum þar sem sum þeirra eru afar dýr, heimta jafnvel 2 kr. á dag. Það er því lagt til, að aftan við þennan lið sé bætt þessari athugasemd: Þau sjúkrahús, og sjúkrahæli, sem styrks eru aðnjótandi úr landssjóði mega ekki krefjast hærra meðlags en 75 aura á dag með þeim sjúklingum, er nefndir eru í téðum greinum. Kostnað þennan mun ekki mega hafa lægri en 4000 kr. hvort ár, þó að þessi athugasemd verði samþykt.

Við 12. gr.

Við 1. Laun læknа. Þau eru talin nú í fjárlögum . ... kr. 75,200
og má um sundurliðun þeirra vísa til athugasemda við fjárlagafrumv. 1910 og 1911. Með þrennum lögum nr. 58, 59 og 60 $^{30}/_{7}$ 1909, er þremur læknishéruðum bætt við með 1500 kr. launum hvert, sbr. lög nr. 34, $^{16}/_{11}$ 1907. Viðbót því ... ... — 4,500

Alls... kr. 79,700

Við 2. Þessi liður er óbreyttur.

Við 3. a—b. Eftir andlát Björns augnlæknis Ólafssonar veitti stjórnarráðið Andrési lækni Féldsted, er lagt hafði sérstaka stund á augnlækningar og framast í þeim suður í Vín, styrk þann, er Björn hafði haft, með því að það leit svo á, að alþingi hefði ætlast til, að styrkurinn væri veittur sérfræðing í augnlækningum, þó að hann væri eðlilega bundinn við nafn Björns, meðan hann var á lífi. Það er því farið fram á, að styrkurinn sé nú bundinn við nafn hins nýja augnlæknis og hafður samur sem áður.

Við 4. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík er talinn eins og nú.

Við 5. Holdsveikisspítalinn. Styrkurinn sundurliðast þannig:

	1912 Kr.	1913 Kr.
a. laun lil starfsmanna.	5,450	5,550
b. viðurværi handa 77 manns, 49 aur. á dag...	13,771,45	13,771,45
c. klæðnaður sjúklinga	1,000	1,000
d. meðul og sáraumbúnaður...	1,400	1,400
e. eldsneyti	3,000	3,000
f. ljósmeti...	650	650
g. viðhald á húsum	2,500	1,500
h. húsbúnaður...	1,000	1.000
i. þvottur og ræsting...	800	800
k. greftrunarkostnaður	275	275
l. til skemtunar sjúktingum	300	300
m. skattar m. m.	1,300	1,300
n. ýmisleg útgjöld	800	800
	kr. 32,246,45	31,346,45

Þessi fjárhæð er talin 32,250 kr. f. á. og 31,350 kr. s. á.

Um einstaka liði skal tekið fram:

um a. síðara árið er liðurinn talinn 100 kr. hærri en hið fyrra, með því að laun yfirhjúkrunarkonunnar eiga, samkvæmt ráðningu hennar, að hækka um 100 kr.

— b. Fæði er nú áætlað 49 a. á dag í stað 48 a. áður, sem stafar að nokkru leyti af hækkuðu verði ýmissa vörutegunda, og að nokkru af breytingu á matarskránni, sem hefir gerð verið nýlega.

— c. Hér gerð 200 kr. hækkun hvort árið, vegna þess, að áður var sjúklingum skylt, að hafa með sér tvennan fatnað, en nú engan.

— g. Nú er þörf á að mála allan spítalann að utan, og honum ætlað 1000 kr. meira fyrra árið, en venjulegt er.

um l. Þessi liður er hækkaður um 100 kr. árlega vegna vaxandi kaupa á blöðum og bókum.
— m. Þessi liður er hækkaður um 500 kr. hvort árið, vegna vatnsskatts og talsíma.

Við 6. Geðveikishælið á Kleppi. Sá kostnaður er svo sundurliðaður, sem hér segir:

	Kr.
A. Laun læknis	2,400
B. Önnur útgjöld:	
1. Kaup starfsmanna...	3,950
2. Viðurværi handa 81 manns, 50 aur. á dag...	14,782,50
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	1,800
4. Meðul og umbúðir	500
5. Ljós og hiti	3,600
6. Viðhald og áhöld	2,300
7. Þvottur og ræsting...	800
8. Skemtanir	200
9. Skattar m. m....	1,000
10. Óviss útgjöld	600
Alls	21,932,50
Þar frá dragast tekjur af spítalanum:	
Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag 10,585	
— — 2 — 100 - - — 730	
Tekjur af búinu 1,000	12,315
Útgjöld alls	19,617,50

talin í frumv. 19,600 kr.

Um liðina hvern fyrir sig, skal þess getið, sem hér segir:
um 2. Nú er gert ráð fyrir 60 sjúklingum í stað 55 áður.
— 3. 30 kr. minst takandi í mál til klæðnaðar hverjum sjúklingi.
— 5. Sami kostnaður og árið 1909.
— 6. Spítalalæknir hefir farið fram á, að veittar séu hér 2,700 kr. fyrra árið og 600 kr. meira hið síðara til að mála húsið. Með því læknir skýrir frá, og mikið af undirsængum og ábreiðum hafi verið keypt árið 1909, þykir nóg, að hækka liðinn um 200 kr. árlega til áhalda, og 300 kr. árlega til málunar.
— 9. Hér er auk skatta talið talsímagjald, lóðargjald og þóknun handa presti. Liðurinn hefir verið hækkaður um 200 kr. vegna vatnsskatts.

Loks hefir spítalalæknir farið fram á, að gerð yrði álma út úr hælinu úr steinsteypu handa 30 sjúklingum, og er giskað á, að það hús mundi kosta um 60 þús. kr. En því verður stjórnin að hlífa landssjóði við í þetta sinn.

Við 7. Heilsuhælið á Vífilsstöðum. Sá kostnaður er, sem hér segir:

a. Laun:	
til læknis	kr. 3,200
— yfirhjúkrunarkonu	— 720
Flyt	kr. 3,920

	Flutt	kr. 3,920	
	til 3ja hjúkrunarkvenna	— 600	
	— ráðsmanns	— 600	
	— ráðskonu...	— 400	
	— vélameistara	— 1,200	
	— vinnumanns	— 300	
	— keyrslumanns	— 300	
	— 11 vinnukvenna	— 1,220	
	— 1 vökukona	— 180	
	— aukahjálpar	— 200	kr. 9,020
b.	Fæði áætlað 87 a. á dag fyrir mann		— 29,532,15
c.	Meðul og hjúkrunargögn		— 1,800
d.	Þvotttur og ræsting		— 1,700
e.	Eldiviður og ljós		— 9,000
f.	Viðhald húsa og véla		— 2,750
g.	Landskuld og vátrygging		— 900
h.	Garðar og götur...		— 1,000
i.	Áhöld...		— 2,000
k.	Ferðir og flutningar		— 800
l.	Ritföng, talsími og óviss gjöld		— 1,000
			kr. 59,502,15
	Hér við bætist vextir og endurgreiðsla lánsfjár til að koma húsinu upp...		— 12,000
	verður þá allur kostnaður		kr. 71,502,15

Tekjur hælisins áætlaðar:

Meðlag með 42 sjúkl. (kr. 1,50 á dag)			kr. 22,995
— — 20 — (— 1,25 - —)			— 9,125
— — 6 — (— 2,50 - —)			— 5,475
— — 2 — (— 2,00 - —)			— 1,460
			kr. 39,065
Hér við bætast tillög Heilsuhælisfélagsmanna og gjafir, sem áætlast			— 8,000
			kr. 47,055

Hér skortir því um 24½ þúsund króna, til að standast kostnaðinn, en þar sem tekjurnar líklega eru heldur hátt áætlaðar, hefir yfirstjórn Heilsuhælisins farið fram á styrk úr landssjóði 25,000 kr. hvort árið.

Með því, að alþingi hefir þegar sýnt, að það vill styrkja þetta afarnauðsynlega hæli, og með því að stjórnarráðið er eindregið á þeirri skoðun, að greiða verði úr landssjóði þann halla, sem verður á reksturskostnaði Heilsuhælisins, og leggur það til, að 25,000 kr. séu veittar til Heilsuhælisins hvort árið. — Áætlun um tekjur og gjöld þess er samin af lækni og staðfest af yfirstjórn, og verður stjórnin að telja hana mjög nærri sanni.

Við 8. Önnur útgjöld. Styrkur til sjúkrahúsa. Með þessu er eigi einungis átt við sjúkrahús þau, sem áður hafa verið þann veg nefnd, heldur einnig svo nefnd sjúkraskýli; að dómi landlæknis mælir ekkert með að gera mun á sjúkrahúsum og sjúkraskýlum, sum sjúkraskýli standi langtum

framar stöku sjúkrahúsum. Landlæknir leggur til, að styrkurinn sé veittur eftir tölu legudaga; þeir voru 9861 árið 1908. Með 3000 kr. styrk koma þá 30 aurar á hvern legudag, en síðan hefir hæst við sjúkrahús á Þingeyri, og legudagatalan fer líklega vaxandi, og vill hann láta styrkinn hækka upp í 4000 kr., þó þannig, að styrkurinn skuli aldrei nema meiru en 30 a. hvern legudag. Landsjóðsstyrkurinn á auðvitað að vera til þess, að sjúklingarnir þurfi að gjalda minna, en landlæknir segist hafa orðið þess var, að sum héruð, sem sjúkrahús eigi, noti styrkinn til þess að draga úr tillagi sínu til þeirra, en ekki til þess að lækka meðgjöfina með sjúklingum, og þess séu jafnvel dæmi, að héraðsbúar hafi grætt á sjúkrahúsi sínu. Hann leggur því til, að styrkveitingin úr landssjóði til sjúkrahúsanna sé bundin því skilyrði, að hvert hérað, sem sjúkrahús á, leggi að minsta kosti eins mikið til, eins og það fær úr landssjóði.

Þessa tillögu landlæknis hefir stjórnarráðinu þótt rétt að samþykkja.

Við 8. b. Útgjöld við bólusetningar sem hingað til hafa verið sett í sérstökum lið eru óbreytt.

Við 8. c. Fé það, er veitt hefir verið til náms yfirsetukvenna hefir eigi hrokkið síðustu árin, en með því að búast má við, að námskonum fari heldur fækkandi, hefir eigi þótt þörf á að fara fram á hækkun.

Við 8. d.—8. Liðir þessir eru látnir halda sér óbreyttir. Sérstaklega skal það tekið fram um liðina d. og e., sem eru lögboðin gjöld, að ætla má, að þeir nægi, nema einhver óvenjuleg atvik beri að hendi, en þá má líka búast við mikilli hækkun, eins og áður hefir sýnt sig.

Við 13. gr.

A.

Póstmál.

Við 1. a. Laun póstmeistara eru talin eins og nú.

Við 1. b. 1. Póstafgreiðslumenn í Reykjavík. Póstmeistari hefir lagt til, að þessi liður sé hækkaður um 2100 kr., ætlast hann til, að 400 kr. af þeirri upphæð gangi til 1. póstafgreiðslumanns Þorleifs Jónssonar, og fær hann þá 2400 kr. í árslaun; 700 kr. gangi til þess að bæta kjör 2. og 3. póstafgreiðslumanns Páls Steingrímssonar og O. P. Blöndals, og fá þeir þá hver um sig 1800 kr. í árslaun, og svo sé fjórða póstafgreiðslumanni bætt við með 1000 kr. launum.

Póstmeistari segir sem satt er, að vinna í pósthúsinu fari mjög vaxandi, bæði af því, að sendingum fjölgar og reikningshald og skriftir aukast; auk þess bætist nýjar póstafgreiðslur við, 3 hafi bæzt við á þessu ári (1910), og á næsta fjárhagstímabili sé gjört ráð fyrir, að 4 bætist við eða fleiri.

Með því að stjórnarráðið lítur svo á, að laun þau, sem hér er farið fram á, séu engan veginn of há, þegar litið er á starfstíma þessara sýslunarmanna, og einkum, hve mikil peningaábyrgð er samfara starfa þeirra, hefir það tekið þessar tillögur til greina. En jafnframt því sem bætt er við einum föstum póstafgreiðslumanni, þykir mega heimta það, að pósthúsið sé haft opið 2 stundir hvern helgan dag, og er því breyting í þá átt gerð við athugasemdina við 3. lið a.

Ef þessi launahækkun verður samþykt, og jafnvel hvort sem er, er athugasemdin nú í fjárlöguvum við þennan lið óþörf, og því feld burtu.

Við 1. b. 2. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur. Þessi liður er hækkaður um 1800 kr. hvort árið, vegna þess að í ráði er að stofna 4 póstafgreiðslur, á Akranesi, Eyrarbakka, Þórshöfn og Ólafsvík.

Við c. Laun handa bréfhirðingarmönnum eru hækkuð um 500 kr., af því í ráði er að fjölga þeim.

Skrá yfir fyrirhugaða skiftingu launanna milli póstafgreiðslumanna og bréfhirðingamanna, verður lögð fyrir alþingi.

Við 2. Póstflutningur. Sá kostnaður hefir numið 2 ár undanfarið rúmum 50,000 kr., að frátöldu því, sem veitt hefir verið til póstflutninga með skipum, sem siglt hafa með fastri ferðaáætlun. Póstmeistari hefir því farið fram á, að þessi liður yrði hækkaður um 6000 krónur og hefir þótt ástæða til að taka þá beiðni til greina; en með því samningur sá, sem gerður hefir verið við Thorefélagið heimilar stjórnarráðinu að fá póstsendingar fluttar með millilandaskipum félagsins fyrir minna kaup — 6000 kr. — en áður, og með því félag erfingja O. Wathne er hætt að halda uppi ferðum, þá sparast þann veg talsvert fé og má því setja tillagið til skipa með fastri ferðaáætlun (23. gr. 11) niður í 8000 kr. úr 12,000 Hækkun á þessum lið er því 2000 kr.

Við 3. Liðurinn a. er óbreyttur, nema að því er kemur til athugasemdarinnar (sjá hér að framan), en liðurinn b. er hækkaður upp í 8000 kr., þar eð víða þarf að útvega nýja stimpla, því eldri stimplar, eru orðnir svo slitnir og brotnir, að þeir mega heita ónýtir.

B.

Vegabætur.

Við I. 1. a. og b. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við I. 2. Laun aðstoðarverkfræðingsins voru upphaflega (í fjárlögunum 1908—09) ákveðin 2,700 kr., en á alþingi 1909 voru þau færð niður í 2,000 kr., þó svo að aðstoðarmaðurinn, sem þá var, hélt 700 kr. sem persónulegri launaviðbót. Hann, sem var mikill atorkumaður, veiktist síðan, og varð fyrir það að segja stöðunni lausri og fær því sá, sem nú þjónar henni 2,000 kr. í laun. Verkfræðingur landsins telur enga von til þess, að halda þessum manni áfram fyrir þau laun, og alls óvíst, að hæfur maður fáist fyrir þau, en hins vegar sé ómögulegt að hafa full not af aðstoðarmanni, sé hann að heita má altaf nýr, sem búast megi við, að verði, því að hæfir menn uni ekki við þau laun til langframa. Hann leggur því til, að launin séu höfð eins og áður 2,700 kr., og getur stjórnin fallist á það.

Við I. 3. Skrifstofukostnaður. Landsverkfræðingur telur ókleift að komast af með minna en 700 kr. á ári í skrifstofukostnað.

Við I. 4. Sú fjárveiting óbreytt.

Við I. 5. Til eftirlits með viðhaldi flutningabrauta, þeirra sem afhentar eru sýslufélögum, eru nú veittar 200 kr. síðara árið. Með því engin reynsla er enn fengin fyrir því, hve mikið eftirlit þetta muni kosta, er veitingin látin standa óbreytt.

Við II. Til flutningabrauta.

Landsverkfræðingurinn gerir ráð fyrir því í tillögum sínum, sem lagðar verða fyrir alþingi, að í haust (1910) muni vanta þetta fé til að fullgera hér lögákveðnar flutningabrautir.

Til Borgarfjarðarbrautar	55,000 kr.
Til Húnvetningabrautar	200,000 —
Til Skagfirðingabrautar	75,000 —
Til Eyjafjarðarbrautar	30,000 —
Til Reykjadalsbrautar	60,000 —
Til Grímsnesbrautar	150,000 —
Til Rangárbrúar	45,000 —
Til endurbóta á flutningabraut í Ölfusi.. ...	25,000 —
Alls...	640,000 kr.

Í yfirliti frá 1906 (Alþ.tíð. 1907, A. bls. 257—271) var kostnaður þessi þá áætlaður 900 þús. kr., síðan hafa verið veittar alls 196 þús. kr. til framhalds flutningabrauta. Eftir því hefði átt að vanta rúmar 700 þús. kr., en eigi 640,000 þús. kr. En fyrri áætlunin hefir reynst of há, einkum fyrir brýr yfir meiriháttar vatnsföll. Verkfræðingurinn vill láta leggja mikla áherzlu á flutningabrautirnar, og þær megi ekki draga lengur en beint er nauðsynlegt vegna fjárhags landsins. Þá fyrst, þegar þær séu á komnar, verði hægt að nota vagna, ekki einungis á brautunum sjálfum, heldur komist bændur fljótt upp á að fara með þá um heimalönd sín. Vagnar séu svo mikil framför, að þótt flutningabrautirnar gerðu ekkert annað gagn en þetta, þá væri vel til vinnandi að leggja þær.

Hann hefir þess vegna lagt til, að mjög ríflega verði nú lagt til flutningabrauta, alls 192 þús. kr. Stjórnin telur þó ófært að ráðast í svo mikið á þessu fjárhagstímabili.

Við II. 1. Borgarfjarðarbraut. Þegar búið er að eyða þeim 30 þús. kr., sem veittar eru til hennar, má gera ráð fyrir, að eftir verði að leggja um 11½ röst og gera brú á Þverá á Lundahyl. Vegurinn upp að Þverá (5 r.) mun kosta um 13,000 kr., og kæmist hann þá langt á leið árið 1912 með 10 þús. kr. fjárveitingu hvort árið; en síðara árið mætti fullgjöra hann og undirbúa vel (hlaða stöpla) við brúna, sem svo yrði fullgerð árið 1914.

Við II. 2. Húnvetningabraut. Til þessarar brautar eru veittar 10,000 kr. í fjárlögunum, sem nú eru, og er lagt til að halda henni áfram, og í því skyni veittar kr. 10,000 hvort árið.

Við II. 3. Reykjadalsbraut. Með því braut þessi er nú komin svo vel á veg, þykir nauðsynlegt, að halda henni áfram tafarlaust. Þess skal getið, að braut þessi verður líklega 30 þús. kr. ódýrari en ráðgert var í yfirlitinu 1906.

Við II. 4. Skagfirðingabraut. Til þess að byrja á þessari braut, sem er lögákveðin, er lagt til að veita 10,000 hvort árið.

Við II. 5. Þeirri braut, Grímsnesbraut, þykir ómissandi að halda áfram, með því að hún er harla mikilsverð fyrir allþéttbygt hérað og verður með tímanum akbraut austur að Geysi.

Við II. 6. Landssjóði ber að halda við þessum flutningabrautum: frá Reykjavík austur að vegamótum hjá Ingólfsfjalli (um 57 r.), frá Geithálsi til Þingvalla (36½ r.), og Fagradalsbrautinni að þriðjungi (væntanlega frá 1/10 1911). Með því að viðhald vegarins frá Reykjavík austur fyrir Hellisheiði hefir orðið fremur á hakanum síðustu árin, meðan verið var að undirbúa flutningabrautirnar í Árnessýslu og Rangárvalla til afhendingar, mun eigi veita af 9000 krónum hvort árið til viðhalds flutningabrauta.

III. Þjóðvegir.

Þótt umbætur á þjóðvegum landsins séu sjálfsagðar, eftir því sem við verður komið, þá eru þær langt frá eins nauðsynlegar og umbætur og lagning flutningabrauta; vegabætur á þjóðvegum gera ekkert gagn samsvarandi við flutningabrautirnar. Þær gera mönnum skemtilegra að ferðast og fljótlegra líka, helzt fyrir lausríðandi menn, en ekki svo að neinn hagnaður komi nokkursstaðar fram. Yfir höfuð má segja, að það fé, sem varið er til flutningabrauta, sé lagt í arðberandi fyrirtæki, en því fé, sem varið er til að umbæta reiðfæra þjóðvegi, sæmilega greiðfæra áður, sé eytt til þæginda og skemtunar.

Af þessum ástæðum, sem tilfærðar eru eftir landsverkfræðingnum, og stjórnin felst á, er lagt til, að því fé sem fært þykir að verja að þessu sinni til vegabóta, sé sem mest varið til flutningabrautanna, en lítið gert að vegabótum á þjóðvegum, annað en lagfæra brýr og nauðsynlegt viðhald.

Við III. 1. Mosfellssveitarvegur. Útlit er fyrir, að ólagt verði af þessum vegi, sem er akfær, um 1½ r. í árslok 1911, auk brúar á Köldukvísl, sem ætla má að kosti um 3000 krónur. Mun því eigi veita af 6000 kr. fjárveitingu til þess að ljúka við vegagerð þessa.

Við III. 2. Brýr á Hverfisfljóti og Brunná. Hverfisfljót er í Fljótshverfi í V.-Skaftafellssýslu, og er afarvatsnmikið og straumilt jökulvatn; það hefir síðustu árin verið alófært niðri á söndunum, þar sem verið hefir þjóðleið yfir það til þessa. Á því er ágætt brúarstæði, að eins 17 stikur milli stöpla og klettar báðum megin. Brunná er þar rétt fyrir austan; hún verður að vísu ekki eins oft ófær og Herfisfljót, en er þó einatt mjög mikil á haustum. Það er því lagt til, að brúa báðar þessar ár í einu, og verða uppdrættir og sundurliðaðar áætlanir af þessum brúm lagðar fyrir þingið.

Við III. 3. Viðhald þjóðvega. Landsverkfræðingur telur 12 þús. krónur hvort árið munu nægja til þess að verða við öllum sanngjörnum kröfum um aðgerð á torfærum, ruðning á ógreiðfærum köflum, og til viðhaldsofaníburðar á upphleyptum köflum á þjóðvegunum, svo að þeir séu jafnan sæmilega reiðfærir.

Við IV. V. og VI. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti. Landsverkfræðingur telur nægilegt, er verja 150 kr. árlega til þessa ferjuhalds; alls ekki sanngjarnt að veita jafnháan styrk og til dragferjuhaldsins á vesturós Héraðsvatna,

því þar sé ferjan langt frá bæjum, svo að ferjumaður þurfi að vera við ferjuna allan daginn, en við Lagarfljót sé svifferjan á Steinsvaði um 20 mínútna gang frá bænum Stóra-Steinsvaði; þar hafi áður verið lögferja, og eigi örðugra að gegna svifferjunni en lögferjöunni áður, að því fráskildu, að hirðing ferjunnar sjálfrar, setning hennar á haustum o. s. frv., þarf auðvitað meiri vinnu nú. Réttast virðist, að Norður-Múlasýsla hefði tekið við svifferjunni án árlegrar meðgjafar úr landssjóði; en úr því það hefir ekki orðið, en styrkur hefir verið veittur, virðist nægilegt að hafa hann eins og lagt er til.

Við VIII. Þessi fjárveiting er óbreytt.

Við C.

Við I. Gufuskipaferðir. Sama fjárhæð, sem nú í fjárlögum. Samkvæmt heimild þeirri, sem stjórninni var veitt í þeim, hefir ráðherra gert samning um 10 ár við gufuskipafélagið Thore, sjá Stj.tíð. 1909 B. bls. 176—179. Það verður því að binda fjárveitinguna við nefnt félag, meðan það heldur samninginn. Með því að tekin eru fram bæði í honum öll þau atriði, sem fjárlögin áskilja, og líka í samningi þeim, sem jafnframt var gerður af hinni dönsku póststjórn og stjórnarráði Íslands í sameiningu við Sameinaða gufuskipafélagið, virðist óþarft að taka þau inn í frumvarpið.

Við C. 2. Til gufu- og mótorbátaferða. Fjárhæðin er hækkuð um 1000 kr. hvort árið. Styrknum hefir verið varið 1909 svo sem hér segir:

1.	Til Faxaflóa báts	kr.	12,000,00
2.	— Breiðafjarðar báts	—	7,000,00
3.	— Ísafjarðar báts	—	5,000,00
4.	— Eyjafjarðar báts	—	11,000,00
5.	— mótorbátaferða á Breiðafirði	—	2,200,00
6.	— —— milli Vestmanneyja og lands...	—	600,00
7.	— —— upp eftir Hvítá	—	750,00
8.	— —— — í Hvalfjörð...	—	350,00
		kr.	38,900,00

Við D.

Til ritsíma og talsíma.

Við I. Árgreiðslur til ritsímafélagsins mikla norræna eru taldar eins og í núgildandi fjárlögum.

Við II. Til nýrra ritsímalagninga og fl.

Við 1. Talsími frá Borðeyri til Hvammsfjarðar (Búðardals). Í síðasta fjárlagafrv. lagði stjórnin til, að lína þessi yrði lögð ásamt framhaldi til Stykkishólms. Alþingi gat þó ekki í það sinn fallist á tillöguna. Landsímastjórinn álítur þó, að nauðsyn beri til að leggja þessa línu, og stjórnin verður að vera honum samdóma um, að hún sé nauðsynleg. Til að fullgera þessa línu er lagt til að veita 14,000 kr. úr landssjóði. Áætlun símastjóra verður lögð fyrir alþingi.

Við 2. Talsími frá Borgarnesi til Stykkishólms. Um hann vantar að svo stöddu áætlun. Að símanum þeim er ætluð þessi leið fremur ur en beint frá Búðardal til Stykkishólms, er af því sprottið, að þar hefir hans not miklu meiri bygð en ef hann er lagður norðan fjalls, og þar þarf engan sæsíma.

Landsímastjórinn hefir farið fram á, að veitt yrði margfalt meira fé næsta fjárhagstímabil til nýrra símalagninga o. fl., árið 1912, 265,665 kr. og árið 1913 162,000 kr., þar á meðal til nýrra símalagninga frá Húsavík til Vopnafjarðar, til þess að strengja talsimalínu milli Borðeyrar og Ísafjarðar, til þess að kaupa talsímakerfi Reykjavíkur og fleira, en þótt sitthvað af þessu verði að teljast æskilegt, eða jafnvel nauðsynlegt, þá verður það að bíða betri tíma. Allar tillögur símastjórans verða lagðar fyrir alþingi.

Við III. Til starfrækslu landsímanna.

Við 1. Laun landsímastjóra ásamt viðbót fyrir sjálfan hann eru talin samkvæmt lögum nr. 31, 16. nóv. 1907.

Við 2. Ritsímastöðin í Reykjavík m. m. Þessi kostnaður er svo sundurliðaður sem hér segir.

	1912. kr.	1913. kr.
a. Laun aðstoðarmanns og aukavinna	3,000	3,000
b. Laun tveggja símritara alt að..	2,800	2,800
c. Laun þriggja talsímameyja	2,000	2,200
d. Laun sendla..	900	1,000
e. Aukaþjónusta...	500	500
f. Viðhald, eldiviður, ljós og ræsting..	1,000	1,000
g. Ýmisleg útgjöld	500	500
	10,700	11,700

Um þá liði, sem hækkaðir eru, er þess að geta: Við c. Vegna vaxandi símaviðskifta hefir mátt til að bæta við einni talsímamey. Síðara árið er gert ráð fyrir launahækkun handa þeim, sem lengst hafa verið við símann; sama er um liðinn d. Lið g. þykir eigi fært að áætla lægri en 500 kr.

Við III. 3. Ritsímastöðin á Akureyri. Þessi liður sundurliðast þannig:

	1912. kr.	1913. kr.
a. Laun stöðvarstjóra	2,000	2,000
b. Laun símritara	1,200	1,200
c. Laun tveggja talsímameyja	1,400	1,500
d. Aukaþjónusta	400	400
e. Sendill	400	400
f. Húsaleiga, eldiviður, ljós, ræsting...	1,000	1,000
g. Ýmisleg útgjöld	400	400
	6,800	6,900

Hin litilfjörlega hækkun kemur fram af sömu orsökum, sem áður er frá skýrt: væntanlegri launahækkun.

Við III. 4. Ritsímastöðin á Seyðisfirði. Þessi liður er þann veg sundurliðaður:

	1912. kr.	1913. kr.
a. Laun stöðvarstjóra ásamt húsnæði	2,570	2,570
b. Laun tveggja símritara	2,800	2,800
c. Laun tveggja talsímameyja...	1,400	1,500
d. Aukaþjónusta	250	250
e. Sendill	600	600
f. Húsaleiga, eldiviður, ljós, ræsting...	380	380
g. Ýmisleg útgjöld	400	400
	8,400	8,500

Um hækkunina er sama að segja og við liðina næst á undan.

Við III. 5. Ritsímastöðin á Ísafirði. Lostnaður á þessa leið:

	1912. kr.	1913. kr.
a. Laun stöðvarstjóra...	2,000	2,000
b. Laun þriggja talsímameyja	2,000	2,000
c. Aukaþjónusta...	250	250
d. Sendill...	400	400
e. Húsaleiga, eldiviður, ljós, ræsting	850	850
f. Ýmisleg útgjöld...	400	400
	5,900	5,900

Um hækkunina er þetta að segja: Við lið a. Ætlast er til að hækka launin frá 1912, svo að símastjórinn fái sömu laun og stöðvarstjóri á Akureyri. Liðurinn c. er nýr, því stöðin á Ísafirði er yngri en hinar fyrri; en þar mun eins þurfa að gera ráð fyrir aukaþjónnstu og í öðrum bæjum.

Við III. 6. Ritsímastöðin á Borðeyri. Þessi liður er 50 kr. hærri en nú, og stafar hækkunin af því, að til eldiviðar og fl. er ætlað 50 kr. meira en áður. Um sundurliðunina sjá Alþ.tíð. 1909, A. bls. 46—47.

Við III. 7. Símastöð í Hafnarfirði. Kostnaður þar hefir hingað til verið tekinn af útgjöldum við eftirlitsstöðvar; en með því að stöð þessi er rekin algerlega á sama hátt sem aðrar stöðvar, t. a. m. stöðin á Borðeyri, virðist rétt að hafa sérstakan lið fyrir hana. Reksturskostnaður þar er 1,000 kr. samkvæmt samningi.

Við III. 8.—9. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir þetta fjárhagstímabil er farið fram á fjárveitingu til loftskeytasambands mtlli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, og má gera ráð fyrir, að það verði starfrækt árin 1912 og 1913. Til starfrækslu stöðvanna er farið fram á 3000 kr. til hvorrar um sig, en auðvitað er sú fjárhæð bygð á ágizkun einni.

Við III. 10. Útgjöld við eftirlitsstöðvar m. m. Þessi útgjöld fara vaxandi, eftir því sem línurnar og stöðvarnar aukast, og þykir eigi takandi í mál að áætla þau lægri en 2000 kr.

Við IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng. Þessi liður er óbreyttur.

Við V. Landsímastjóri telur nauðsynlegt að hækka þennan lið upp i 2000 kr. á ári, eins og var í fjárlögum 1908—1909.

Við VI. Viðhald landsímanna. Eftir því sem símarnir fjölga og aðrir eldast, verður að ætla meira til viðhalds; er því lagt til, að veittar séu í þessu skyni 9 þús. kr. hvort árið.

Við VII. Sú fjárhæð hefir numið rúmlega 500 kr.; og er því sett 550 kr. á ári.

E.

Vitamál.

Við I. Til eftirlits með vitum. Eftirlitsmaðurinn hefir farið fram á, að þóknun hans verði hækkuð upp í 1000 kr., en stjórninni hefir að þessu sinni eigi þótt næg ástæða til að taka þá beiðni til greina.

Við II. Öndverðarnesviti er nýr; reksturskostnaður er aðallega fólgin í endurgjaldi fyrir gas, flutningi á því, fægiefni og málun á vitanum.

Við III. Elliðaeyjarviti. Vitavörður hefir hingað til haft að eins 200 kr. árskaup, en það er langt um of lítið fyrir gæzlu vitans, eigi hún að vera í nokkru lagi; nú hefir vitanum verið breytt, 2 lampar með speglum settir upp í stað 1, og gæzlan því talsvert meiri; virðist þá kaupið ekki mega minna vera en 400 kr., er miðað er við kaup annara vitavarða, einkum þess við Arnarnesvita. Reksturs- og viðhaldskostnaður verður með engu móti áætlaður minni en 450 krónur á ári.

Við IV. Arnarnesviti. Við þennan lið og þá sem þar koma á eftir er ítarlegri sundurliðun slept, og liðunum að eins skift í: a) laun vitavarðar og b) reksturs- og viðhaldskostnað, en auðvitað eru þar í fólgin fyrst og fremst olía, kol o. fl. Hér er reksturskostnaður færður niður í 500 kr., með því það hefir reynst nóg.

Við V. Siglunesviti. Um launahækkun vitavarðar er vísað til þess, sem segir í athugasemdum við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911; reksturs- og viðhaldskostnaður er hækkaður úr 450 kr. upp í 600 kr.; verði reist íbúðarhús handa vitaverði, svo sem vænta má, verður viðhaldskostnaður meiri, og auk þess nokkuð aukinn kostnaður til eldiviðar og ljósa.

Við VI. Flateyjarviti er nýr, og er mjög nauðsynlegur fyrir skip til og frá Eyjafirði, en þar er afarmikil sigling alt haustið og fram á vetur. Þegar þessi viti er kominn, og búið að koma upp vita á Skagatá með vita á Kálfshamarsnesi, sem ráðgert er að verði 1914, þá má heita að Norðurland sé orðið sæmilega vitum búið. Vitinn á að vera sjálfhreyfiviti með acetonljós með um 16 mílufj. sjónarvídd, og mun kosta 14 þús. kr.

Við VII. Rifstangaviti verður reistur að sumri, samkv. fjárlögnm 1910—1911, 13. gr., E. VI. Gæzla vitans er áætlað að fáist fyrir 150 kr., og að reksturs- og viðhaldskostnaður verði 400 kr. á ári.

Við VIII. Langanesviti er nýr, og kostnaður settur eftir ágizkun.

Við IX. Dalatangaviti. Vitavörður hefir farið fram á að fá launahækkun, og mælir eftirlitsmaður vitanna mjög með því; telur hann sanngjarnt að hækka þau úr 400 kr. upp í 600; vitavörður hafi ætíð reynst sérlega vel, hann sé reglusamur og pössunarsamur, og eigi því fyllilega launahækkun skilið, og það því fremur sem vitinn sé á afskektum stað, og aðflutningar því erfiðir. — Reksturskostnaður sami sem fyr.

Við X. Dyrhólaeyjarviti er nýgerður; það er sjálfhreyfiviti með acetonsljósi og viðhald því mjög ódýrt. Um kostnað farið eftir ágizkun.

Við XI. Vestmannaeyjaviti. Sá liður er hækkaður um 25 kr.

Við XII. Reykjanesviti. Sá liður er hækkaður um 125 kr., vegna aukavitans, sem við hefir bætt.

Við XIII. Garðskagaviti. Reksturskostnaður er hækkaður úr 716 kr. upp í 750 kr. Lagt er til að veita 2500 kr. f. á. til að leggja gangbrú út að vitanum; í stórbrimum gengur sjór yfir svæðið milli vitans og íbúðarhússins, svo alófært getur orðið þar í milli; virðist því nauðsynlegt að leggja trébrú út til vitans, og er talið víst, að hún muni eigi fara fram úr 2500 krónum.

Við XIV. Gróttuviti. Laun og reksturskostnaður óbreyttur. Umsjónarmaður vitanna telur mjög nauðsynlegt að breyta vita þessum í blossavita, svo að skip villist ekki á honum og skipaljósum; ætlast hann til, að það verði gert með þeim hætti, að acetonljós með sjálfhreyfiútbúnaði verði sett upp í ljóskrónuna og ljóskerið, sem nú er; kostnaður til þess áætlaður 3500 kr. Með því sparast talsvert í gæzlukostnaði; að vísu er eigi hægt að lækka kaup vitavarðar, sem nú er, sem er mesti reglumaður, meðan hann hefir gæzluna á hendi, en gera má ráð fyrir, að hann geti fengið bráðum aðra vitagæzlu, og þá mundi gæzla eigi kosta meira en um 100 kr.

Við XV. Styrkur til þess að halda uppi leiðarljósum. Í þessum lið er tekin saman 2 ljós, á Skipaskaga og Gerðatanga, sem hafa verið kölluð vitar, en hafa í rauninni ekki átt það nafn skilið, því þau hafa ekkert gagn gert siglingum með ströndum fram, heldur einungis svo sem leiðarljós fyrir fiskiskip, og ljóstími þeirra er talsvert styttri en landsvitanna. Fjárveitingin til Skipaskagaljóssins er sett niður í 75 kr. úr 300, því meira hefir ekki verið til þess kostað að undanförnu. Fjárveitingin til Gerðatangaljóssins er óbreytt.

Við XVI. Til viðhalds eldri sjómerkjum og uppsetningar á nýjum. Það er nýr liður. Sjómerki eru óvíða til, í rauninni að eins tvö, á Grímsey í Steingrímsfirði og á Helguskeri í Hafnarfirði, en það er alveg nauðsynlegt siglinga vegna, að koma sjómerkjum upp langtum víðar, enda hefir lengi verið kvarfað undan sjómerkjaleysi. Til viðhalds hinum gömlu sjómerkjum er því farið fram á 200 kr. fjárveiting f. á. og 2000 hið síðara, aðallega til að koma upp nýjum sjómerkjum.

XVII. Ýmisleg útgjöld, svo sem til áhalda og verkfærakaupa, eru áætluð 500 kr. árlega, en fyrra árið er sú fjárveiting hækkuð um 600 kr., sem ætluð er til kaupa á slökkviáhöldum.

Við 14. gr.

A. Til kirjumála.

Við a. 1. og 2. Laun biskups eru talin samkvæmt lögum 9. desbr. 1889 1. gr., og skrifstofukostnaður eins og áður.

Við b. 1. Það er sjálfgefið, að uppbótin til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. fellur smám saman niður. Árið 1909 nam hún fullum 4500 kr., og í síðustu fardögum (1910) féllu niður all-stórar fjárhæðir, svo að færa má lið þennan niður um 3,000 kr. að biskups hyggju.

Við b. 2. Bráðabirgðauppbótin færist líka smám saman niður, eftir að prestar eru komnir á föst laun, en að þessu sinni, þykir þó eigi eigandi undir að færa hana meira niður en um 500 kr. fyrra árið og 1000 kr. hið síðara.

Biskup hefir bent á það, að al-ókleift sé prestum, sem sitja í kanptúnum, að komast af með 1,300 kr. laun, og leggur hann því til, að nokkrum hluta þessarar uppbótar, t. a. m. 1,000 kr., mætti verja til húsaleigastyrks handa prestum í kauptúnum. Landsstjórninni virðist ástæða til, að taka þessa tillögu til greina. og hefir því sett þar að lútandi athugasemd við þennan lið.

3. liður við b. tölul. í fjárlögum nú er feldur burtu. Uppbót þessi »til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastitti« var smjörleignauppbót og talin vera 600 kr. Nú eru allir þeir prestar, sem þessarar nppbótar nutu, komnir undir nýju lögin, nema presturinn á Akureyri, sem fær tæpar 10 kr. á ári, og hinn þjónandi prestur í Þönglabakkasókn, sem fær fullar 20 kr. á ári; þessar smá-fjárhæðir virðist eðlilegast, að Prestlaunasjóður greiði.

Við b. 3. Þessi fjárveiting er óbreytt.

Við b. 4. Framlag til Prestlaunasjóðs. Það hefir fardagaárið 1909—10 numið kr. 36,810, og fardagaárið 1910—1911 virðist það ætla að verða enn hærra, Má því eigi ætla það lægra en 40,000 kr. hvort árið.

Við B.

Til kenslumála.

Við I. Prestaskólinn. Þessi fjárveiting er í heild sinni óbreytt, nema liðurinn b. 8. er hækkaður um 200 kr. á ári. Forstöðumaður prestaskólans hefir bent á, að styrkurinn til að gefa út kenslubækur hefi ekki verið notaður síðan 1904, af því að hann sé svo lítill — einar 25 kr. undir hverja örk prentaða —, að ekki hrekkur fyrir prentun, pappír og heftingu, hvað þá að höfundurinn fái nokkur ritlaun; hann fer því fram á, að styrkurinn verði færður upp í 45 kr. fyrir hverja prentaða örk, en þó svo, að hægt sé að gefa út minst 10 arkir á ári. Með því að beiðni þessi virðist sanngjörn, og landsstjórnin telur æskilegt, að fyrirlestrar á prestaskólanum verði prentaðir, hefir hún tekið beiðni þessa til greina. Um sundurliðun vísast til athugasemda við fjárlög nú.

Við II. Læknaskólinn.

Við a. Laun. Sundurliðuð eins og að undanförnu.

Við b. 1—9. Eftir tillögum landlæknis eru gerðar þær breytingar, er hér segir:

1. liður, húsaleigustyrkur, er hækkaður upp í 1600 kr. á ári, og 2 liður, námsstyrkur er hækkaður upp í 2000 kr. á ári, með því nemendum fer ávalt fjölgandi, eru nú 19; 4. liður er hækkaður um 150 kr. á ári. Þessi hækkun stafar af því, að konulíkan (phantom) skólans er orðið ónýtt og óhafandi. Gott konulíkan er alveg nauðsynlegt við kensluna í yfirsetufræði; það kostar 300—400 kr.; 9. liður, ýmisleg útgjöld, er hækkaður um 120 kr. á ári; það stafar af vatnsskatti og af því, að innanstokksmunir skólans, sem hingað til hafa verið óvátrygðir, hafa nú verið vátrygðir. Vátryggingin kostar 52 kr. (fyrir 5000 kr. fjárhæð) á ári og vatnsskattur er kr. 62,52.

Við III. Lagaskólinn.

Við a. Laun. Sundurliðun eins og nú.

Við b. og c. 1.—7. Liðirnir eru óbreyttir. Að vísu hefir forstöðumaður skólans farið fram á, að húsaleigustyrkur og námsstyrkur yrði nokkuð hækkaður, en sé nemendatala lagaskólans borin saman við nemendatölu læknaskólans, þá virðist ekki tilefni til hækkunar.

Þá hefir hann og lagt til, að styrkur til útgáfu kenslubóka yrði töluvert hækkaður, en til þess þykir þó eigi næg ástæða að svo stöddu, enda mun stjórnin telja sér heimilt, að fara nokkuð fram úr fjárveitingunni, ef þess er brýn þörf.

Við IV. Hinn almenni mentaskóli.

Við a. Laun eins og áður samkvæmt lögum 9. desbr. 1889, 6. gr.

Við b. Aðstoðarfé. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við c, 1—13. Við þessa liði eru gerðar þær breytingar, er nú skal greina. 5. liður, tímakensla, er hækkaður um 2000 kr. á ári. Fjárveitingin, 1200 kr., hefir ekki hrokkið til hin síðari árin, verið um 1600 kr. að jafnaði, þar við bætist svo, að vegna vaxandi aðsóknar að skólanum hefir orðið að tvískifta 4. bekk, og búast má við, að jafnvel þurfi að tvískifta fleiri bekkjum. Hið minsta, sem gera má ráð fyrir, er því tvískifting á einum bekk og kostar hún 1600 kr.; getur þessi liður því ekki orðið lægri en 3,200 kr. á ári.

9. liður, ýmisleg útgjöld, er hækkaður um kr. 200; gengur það fé til að vátryggja alla muni skólans og söfn, en það hefir alt hingað til verið óvátrygt nema náttúrugripasafnið.

10. liður er lækkaður ofan í 300 kr. á ári, með því að skólinn er nú sæmilega birgur að kensluáhöldum, og iðgjald fyrir eldsvoðaábyrgð náttúrugripasafnsins, sem að undanförnu hefir verið greitt af þessum lið, fellur nú undir næsta lið á undan.

Við V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Við a. Laun. Þau eru samkvæmt lögum nr. 20, 9. júlí 1909 þessi:

laun skólameistara	kr. 3,000,00
— 1. kennara	— 2,000,00
— 2. —	— 2,000,00
— 3. —	— 1,600,00
	kr, 8,600,00

Við b. Önnur útgjöld. Eftir tillögum skólameistara er farið fram á þessar breytingar. 2. liður, til eldiviðar og ljósa, er hækkaður um 200 kr., með því að 500 kr. hafa reynst ónógar. 3. liður, til síma og aukakenslu, er hækkaður um 700 kr., og er það nákvæmlega það, sem nú er greitt. 5. liður, ýmisleg útgjöld, er hækkaður um 200 kr., og er ætlast til, að af þessum lið sé dyraverði goldið 400 krónur.

Við VI. Kennaraskólinn.

Við a. Laun. Þau eru talin samkvæmt lögum nr. 63, $^{22}/_{11}$ 1907, 5. gr. og sundurliðast svo, sem skýrt er frá í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið 1910—11.

Við b. Önnur útgjöld. Eftir tillögum skólastjóra eru gerðar þessar breytingar: 1. liður, til tímakenslu, er hækkaður um 200 kr. á ári; og 6. liður, ýmisleg útgjöld sömuleiðis um 200 kr., og er ætlast til, að af þeim lið sé greitt nauðsynlegt viðhald á skólahúsinu, sem varla mun verða mikið, þar sem húsið er svo nýtt. Loks er 6. lið, sem er í gildandi fjárlögum, til æfingjabekkjar breytt þannig, að hann er færður til, og talinn 2. liður, og fjárhæðin talin veitt aukakennara, því hún er beinlínis laun hans.

Við VII. Stýrimannaskólinn.

Við a. og b. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við VIII. Til annarar kenslu.

Við a. 1—3. Kvennaskólinn í Reykjavík. Þessir liðir eru óbreyttir; að vísu hefir stjórnarnefnd skólans farið fram á talsvert hærri fjárhæð til skólans, en þar sem tillagið var mikið hækkað á síðasta þingi og skólinn þó verður að teljast einkastofnun, verður hann að reyna að komast af með sama nú. Hagur landssjóðs er ekki heldur svo góður, að hann geti verið ör á fé til útláta, sem eigi eru beint nauðsynleg.

Við a 4. og 5. Kvennaskólinn á Blönduósi. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við b. Þeirri gagngerðri breyting á fjárveitingum úr landssjóði til barnakenslu og unglinga er stungið upp á í þessu fjárlagafrv., í sambandi við nýtt fræðslulagafrumv. að landssjóður styrki upp frá þessu að eins ungmennafræðslu í landinu, en barnafræðslu ella að eins með farkenslu.

Um liðina b, 1., 2., 4., 5., er það að segja, að þeir eru settir aðallega eftir ágizkun.

Hvítárbakkaskólinn og unglingaskóli á Ísafirði telst með ungmennaskólunum.

Liðirnir 6., 7. a—b. og c—f, eru óhreyfðir.

Við g. Til kenslu heyrnar- og málleysingja. Þessi liður er hækkaður upp í 7000 kr. með því að 14 börn eru nú í skólanum í stað 12 að undanförnu. Skólastýra hefir auk þess fengið launahækkun.

Við IX. Til sundkenslu.

Þessi liður er óbreyttur.

Við 15. gr.

Við 1. Landsbókasafnið.

Við 1. a.—c. Launin eru ákveðin í lögum nr. 56, 22. nóvbr. 1907, 2. og 3. gr.

Við 1. d. Landsbókavörður hefir farið fram á, að þessi liður sé hækkaður um 2000 kr. árlega; en til þessa virðist ekki næg ástæða, sjá athugasemdir við frumvarp til núgildandi fjárlaga. Alþ.tíð. 1909 A. bls. 54.

Við 1. e. Til bókbands. Þessi liður er eftir tillögum bókavarðar hækkaður um 300 kr. f. á. og 400 kr. s. á. Safnið á fjölda bóka og einkum handrita t. a. m. alt handritasafn Bókmentafélagsins óbundið, og virðist nauðsynlegt að koma þeim sem fyrst í band.

Við 1. f. Fjárveiting þessi er um samning spjaldskrár, en með því að til kostnaðar við spjaldskrána telst fleira en samning hennar, svo sem kaup á spjöldum, ritvél og afritanir, þá virðist réttara að orða þennan lið svo: Til kostnaðar við spjaldskrá.

Við 1. k. Í fjárlögunum nú er ekkert fé ætlað til óvissra útgjalda safnsins, sem þó var áður. Slík útgjöld eru prentun eyðublaða, ritföng, talsími, auglýsingar o. fl. Í þessu skyni er stungið upp á að setja hér nýja fjárveiting, 250 kr. hvort árið.

Við 2. a.—e. Landsskjalasafnið. Sú ein breyting er gerð á þeim lið, að b. lið í fjárlögunum nú er skift í tvent; fyrri liðurinn er ætlaður til aðstoðar, en síðari til að binda inn og búa um skjöl, enda virðist þessi skifting eðlilegri; laun aðstoðarskjalavarðar eru sett 1000 kr., eins og 2. aðstoðarmanns við landsbókasafnið, og til bókbands m. m. er sömuleiðis ætlaðar 1000 kr., og má ekki minna vera. Nemur þá hækkun til skjalasafnsins 400 kr. á ári.

Við 3. Forngripasafnið.

Við a. Laun. Þau eru talin samkvæmt lögum nr. 40 $^{16}/_{11}$ 1907, 24. gr.

Við b. Þessi liður er óbreyttur.

Við c. Fornmenjavörður hefir bent á, að við niðurlagningu ýmissa kirkna og sameiningu þeirra við aðrar séu nú falir ýmsir dýrmætir kirkjugripir, sem eigi að lenda í safninu, en eigendur og fjárhaldsmenn kirknanna vilja eigi láta þá af hendi nema gegn endurgjaldi; telur hann því nauðsynlegt, að styrkurinn í þessum lið sé aukinn; biskup hefir stutt þessa beiðni, og tjáð sig henni samdóma. Af þessum ástæðum hefir þessi liður verið hækkaður um 500 kr. á ári.

Við d. Liðurinn er óbreyttur.

Við 4. Til Náttúrufræðisfélagsins: Liðurinn er óbreyttur.

Við 5. Safnhúsið. Liðurinn a. er hækkaður um 1000 kr., eldiviður og ljós mun eigi nema minna en 2,800 kr. og vatnsskattur um 400 kr.

Við b. Liðurinn er óbreyttur.

Við c. Til viðhalds og áhalda er ætlað 2,000 kr. f. árið og 1,000

kr. hið síðara. Eins og nú er, vantar girðingu um lóð hússins, og er hún því alveg óvarin, og notuð til leikvallar handa börnum, til hrossabeitar o. fl. Virðist alveg sjálfsagt að girða lóðina, helzt úr steinsteypu, og er svo áætlað af verkfróðum manni, að steinsteypugirðing kosti frá 850 –900 kr. Auk þess þarf að endurbæta gólfin, einkum á efsta lofti, þar sem forngripasafnið er geymt; sementsteypan hefir mishepnast þar og víðar, svo að hún molnar upp og veldur ryki; til þess að endurbæta þetta mun eigi veita af 500 kr.; auk þess þarf víða að kalka veggi, og alveg að mála þakið að nýju; því menja sú, sem það var málað með, hefir reynst svikin vara. Kostnaður sá mun verða um 400 kr. Ennfremur vantar salerni, og alla fráræslu frá húsinu, og mun þá fjárhæð sú, sem fram á er farið, vart reynast of há; að öðru leyti munu nánari skýrslur og áætlanir um kostnaðinn til fráræslu verða lagt fyrir þingið.

Við 6—26, 28 og 30—31. Þessir liðir eru óbreyttir, eins og nú í fjárlögunum.

Við 27. Þessi liður er settur kr. 2,000 hvort árið, í stað þess að hann er nú kr. 2,000 f. á. og kr. 1000 s. á.

Við 29. Til jarðskjálftarannsókna. Forstöðumaður stýrimannaskólans hefir haft þann starfa á hendi, að gæta jarðskjálftamælisins, og hefir fengið fyrir það 250 króna þóknun á ári. Hann telur þá þóknun langt um of litla, og er landsverkfræðingur Krabbe honum sammála um, að hún megi ekki vera minni en 400 kr. Vegna raka í kjallaraherbergi því, sem mælirinn er geymdur í, hefir orðið að setja þar lítinn gasofn til að hita það upp og verja raka. Af þessum ástæðum er liður þessi færður upp í 500 kr., og er svo tilætlast, að 350 kr. gangi til gæzlu, og 150 kr. til að hita klefann og til annars kostnaðar.

Við 16. gr.

Til verklegra fyrirtækja.

Við 1. Til bændaskólans á Hólum.

Við a og b. Launin (a) eru sett samkvæmt lögum nr. 18, 10. nóvbr. 1905. Laun aðstoðarkennarans (b) eru óbreytt.

Við c. Önnur útgjöld. Við þennan lið er gerð sú breyting á 3. lið, að hann er hækkaður um 300 kr., upp í 900 kr.; en það er meðaltal þess sem farið hefir 3 árin síðustu til kola og ljósa. 5. liður er hækkaður upp í 1000 kr. vegna þess, að nauðsynlegt mun vera að gera talsvert við gamla skólahúsið, einkum glugga. Skólastjóri hefir farið fram á ýmsar fjárveitingar, svo sem til að kaupa smíðatól, til kaups handa smíðakennara, til leikfimishúss, áhaldakaupa og fleira, en stjórnin sér ekki fært að sinna því að svo stöddu; telur rétt að bíða eftir nýja skólahúsinu, að það sé fullgert, og hvernig það reynist.

Við 2. Til bændaskólans á Hvanneyri.

Við a. og b. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við c. Þessir liðir eru breyttir, 1., 3. og 5. Fyrsti liður er eftir tillögum skólastjóra lækkaður ofan í 700 kr., en 2. liður hækkaður upp í 700 kr., með því að skólastjóri telur ekki hægt að komast af með minna í hinu nýja húsi, en auðvitað styðst

það við ágizkun eina. 5. liður er hækkaður um 200 kr. á ári, því gera þarf við íbúð skólastjóra, og mun þessi litla hækkun hrökkva til þess.

Við 3. Til Torfa Bjarnasonar. Þessi liður er óbreyttur.

Við 4. Til Eiðaskólans. Þessi liður er sömuleiðis óbreyttur.

Við 5. Til búnaðarfélaga. Þessi liður er sömuleiðis látinn halda sér óbreyttur.

Við 6. Til Búnaðarfélags Íslands. Stjórn félagsins hefir sótt um, að styrkurinn yrði hækkaður um 2000 kr. hvort árið, og átti hækkunin að ganga til slátrunarkenslu, til búnaðarnámsskeiða o. fl. Félagið hefir á hverju þingi síðan á aldamótum, fengið styrkinn hækkaðan, og það stórkostlega á sumum þingum eins og hér má sjá:

Árin 1902—03 fékk félagið	40,000	kr.
— 1904—05 — —	67,000	—
— 1906—07 — —	92,000	—
— 1908—09 — —	102,000	—
— 1910—11 — —	108,000	—

og virðist einhvern tíma þurfa að nema staðar.

Við 7. Laun skógræktarstjóra eru talin samkvæmt lögum nr. 54, $^{22}/_{11}$ 1907, 2. gr.

Við 8. Til skóggræðslu. Fjárveitingin er færð niður í kr. 6000 og verður áætlun um sundurliðun lögð fyrir alþingi.

Við 9. Þessi liður er óbreyttur.

Við 10. Til sandgræðslu er fjárveitingin óbreytt, og verður henni þannig varið:

a.	Til girðingar á sandfokssvæðum	1400	kr. hvort	árið
b.	— söfnunar á melfræi	200	— —	—
c.	Ferðakostnaður	200	— —	—
d.	Laun 2 sandgræðslumanna	2000	— —	—
e.	Ýms útgjöld	200	— —	—
		Alls kr. 4000		

Við 11. Styrkur til samvinnusmjörbúa. Samkvæmt tillætlun alþingis er þessi styrkur færður niður um 2000 kr. hvort árið.

Við 12.—18. Allir þessir liðir eru óbreyttir.

Við 19. lið. Það er farið fram á að hækka þennan lið um 500 kr. hvort árið, til þess að hægt sé að veita af fé þessu styrk nokkurn handa mönnum, sem hafa stundað eða ætla sér að leggja stund á gæzlu gufuvéla á íslenzkum gufuskipum. Síðan innlend botnvörpuskipaútgjörð komst á, hefir verið nokkur hörgull á innlendum mönnum, sem hafa talist hæfir til vélagæzlu á botnvörpuskipunum. Ef þessi hækkun verður veitt, er ætlast til að veita megi alt að 1000 kr. á ári til manna, sem vilja búa sig undir þennan starfa eða auka kunnáttu sína á gæzlu og meðferð gufuvéla.

Þess skal getið, að nokkrir gufuvélastjórar í Reykjavík hafa farið þess á leit við stjórnarráðið, að settar yrðu með lögum ákveðnar reglur um þau skilyrði, er vélastjórar skuli fullnægja, áþekkar þeim er gilda í Danmörku; en stjórnarráðið verður að telja ótækt að takmarka rétt manna til þeirrar atvinnu, svo lengi sem úr svo fáum er að velja til hennar, eins og nú er, og því sé ekki að svo stöddu ástæða til að breyta ákvæðum laganna um atvinnu við siglingar frá 10. nóv. 1905, 15. gr., og það því síður, sem það er á valdi stjórnarráðsins að setja svo ströng skilyrði fyrir gæzlu gufuvéla í skipunum, sem fært þykir.

Við 20.—23. lið. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 24. lið. Með lögum nr. 21, $^{9}/_{7}$ 1909, voru skipaðir 5 yfirfiskimatsmenn og þeim ákveðin samtals þau laun, sem hér eru nefnd (sjá 3. gr.). Eftir 7. gr. sömu laga eiga þeir að ferðast um í umdæmum sínum, og leiðbeina mönnum í fiskimeðferð og líta eftir henni. Fá þeir ferðakostnað greiddan úr landssjóði. Að vísu er enn engin reynsla fengin um það, hve miklu þetta muni nema, og er fjárhæðin því sett eftir ágizkun 400 kr., og mun það þó haft í tæpasta lagi.

Við 25.—30. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 31. Á hinni fornu dómkirkju á Hólum er ekki og hefir aldrei verið neinn turn. Má þó sjá, að upphaflega hefir verið til þess ætlast. Það sýnir stöpull í forkirkjunni, sem nær upp undir mæni, en líklega hefir féð ekki hrokkið til. Þetta turnleysi gerir kirkjuna mjög kollhúfulega, og ber enn meira á þessu, eftir að skólahúsið er upp komið. Biskup hefir því lagt til, að varið yrði 2000—3000 kr. til að smíða turn á Hólakirkju. Landsstjórnin verður að telja vel við eiga, að landssjóður styrki til að prýða þessa kirkju, sem mun vera ein með elztu húsum landsins, um 150 ára gömul. Eftir lauslegri áætlun er talið að sæmilegur turn komist upp fyrir 2500 kr., og er lagt til að það sé veitt.

Við 32. Eftir 13. gr. laga nr. 54, $^{30}/_{9}$ 1909 um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip á að leggja úr landssjóði 5000 kr. til »Samábyrgðarinnar« fyrstu 5 árin frá stofnun félagsins.

Við 33. Eftir 3. gr. laga nr. 73, $^{22}/_{11}$ 1906 eiga umsjónarmenn með útflutningi hrossa að fá hæfilega þóknun úr landssjóði, sjá erindisbréf þeirra 22. desbr. 1908, 6. gr. (Stj.tíð. B. 1908, bls 443—444). Þetta mun eigi mega minna vera en 600 kr. á ári, eftir þeirri reynslu, sem er fengin.

Við 17. gr.

Eins og að undanförnu sbr. 5. gr. 2. og 3. lið.

Við 18. gr.

Gjöld þessi eru talin 158,400 kr. Skrá yfir eftirlaun embættismanna, ekkna og barna, eins og þau voru í lok nóvembermánaðar 1910 er prentuð hér á eftir. Frú Þóra Melsteð, ekkja Páls sögukennara Melsteðs, hefir sótt um eftirlaun eða styrk úr landssjóði, því maður hennar hafði sérstök eftirlaun, 1800 kr., samkvæmt lögum nr. 20, 16. septbr. 1893. Þó nú mætti ætla, að hún hafi lög-

boðin venjuleg eftirlan, sem ekkja, 1/8 af 1800 kr., 225 kr. á ári, eins og henni hefir verið goldið úr landssjóði síðan maður hennar dó, þá verður landsstjórnin að líta svo á, að ástæða sé til, að veita henni hærri eftirlaun vegna þess, að hún, sem er háöldruð og félaus, í fjöldamörg ár hefir stýrt vel og röggsamlega kvennaskóla Reykjavíkur, er þau hjón höfðu stofnað; það er því lagt til að hún fái 600 kr. árlega í eftirlaun.

Prestsekkja Guðrún Björnsdóttir frá Sauðanesi hefir farið fram á, að hún mætti njóta sömu réttinda með ekkjustyrk sem aðrar prestsekkjur, með hliðsjón af því, að maður hennar hefði verið settur sóknarprestur jafnframt kapelánsstarfi sínu, og andast á embættisferð. Synodus og biskup hafa mælt hið bezta með þessari beiðni, og með því stjórnarráðinu virðist sanngirni mæla með henni, er nefnd ekkja því sett hér inn með 100 kr., sem eru hin lægstu eftirlaun prestsekkna.

Fyrir eftirlaunahækkun þá, sem lagt er til að veita prestsekkjunum Ingunni Loftsdóttur, Björgu Einarsdóttur og Soffíu Magnúsdóttur, mun ráðherra nánara gera grein er á alþing er komið.

Með lögum nr. 17, 9. júlí 1909, eru stofnaðir ellistyrktarsjóðir í hverjum kaupstað og hreppi á landinu. Sjóðir þessir skulu samkvæmt 1. gr. laganna styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, er nemur 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann. Fjárhæð sú, sem greidd hefir verið úr landssjóði 1910, hefir numið um 18,000 kr. og má því eigi áætla tillagið lægra.

Það virðist eðlilegast að tilfæra tillagið í 18. gr.

Við 19. gr.

Þó 6,000 kr. séu langt of lítið til óvissra útgjalda, þá þykir þó rétt að halda henni, með því að tilsvarandi tekjugrein 1. gr. 18, er sjálfsagt fulllágt sett, og má ætla að »óvissar tekjur« hrökkvi nokkurn veginn fyrir »óvissum gjöldum«.

Þessari athugasemd var slept í síðustu fjárlögum sakir mjög ógreinilegrar og alveg ónógrar vitneskju þá á þingi um, hvernig hún var tilkomin að upphafi. Neðanskráð bréf frá formanni fólksþingsfjárlaganefndarinnar, fyrverandi yfirráðherra J. C. Ghristensen, til Íslandsráðherra sem nú er, leiðir það nú í ljós, og virðist ekki vera hægt móti því að bera, að ekki sé láandi, þótt andsvarsmenn ríkissjóðs þykist hér hafa orðið fyrir ómaklegum vonbrygðum. Samkomulag milli þeirra og fyrirrennara míns í ráðherrasessi með mikinn meirihluta þings að baki sér hafa þeir talið örugga undirstöðu undir óbrigðulli, tiltekinni hlutdeild í botnvörpusektunum m. m., og virðist alþingi ekki geta verið þekt að því, að láta neitt upp á sig standa eða eftir sér telja í þannig vöxnum viðskiftum.

Áminzt bréf er sem hér segir í ísl. þýðingu:

FJÁRLAGANEFND FÓLKSÞINGSINS.

Khöfn 20. des. 1910.

Yðar hágöfgi!

Eftir munnlegri áskorun yðar skal eg skýra frá því, er fram hefir farið og snertir tilmæli héðan um skifting botnvörpusektanna milli ríkissjóðs og landssjóðsins íslenzka í 2/3 og 1/3. Enginn leynisamningur er til um það mál milli Ís-

lands og Danmerkur. Samningur sá, er gerður var milli Íslands og Danmerkur um skifting botnvörpusektanna, er þann veg á kominn, að alþingi hið íslenzka hefir samþykt ákvörðun, sem til þingsins var skotið þá fyrir milligöngu íslenzka ráðherrans, sem þá var, hr. Hafsteins. Málinu var hreyft í fjárlaganefnd fólksþingsins út af því, að vér vorum þá að smíða nýtt skip til strandgæzlu við Ísland, og eg skaut því til hr. Hafsteins, að taka ósk þá til greina, er var framborin héðan. Hann hét því, og hét að mæla fram með því við alþingi. Það hefir hann gert og alþingi Íslands hefir samþykt ákvörðunina.

Það væri æskilegt, að alþingi vildi samþykkja ákvörðunina á sama hátt, sem það gerði á sínum tíma eftir tilmælum héðan, með því að svo er álitið hér, að illa fari á því og sé ósanngjarnt, að ríkissjóður standi straum af öllum kostnaði til strandgæzlunnar, en landssjóðurinn íslenzki hirði allar sektirnar.

J. C. Christensen.

A. Lauesgaard.

Til
ráðherrans fyrir Ísland,
hr. Björns Jónssonar, R. dbr. p. p.

Við 21. gr.

Það er mesti ógjörningur, sem síðasta alþingi gerði, að heimila margar og háar lántökur úr viðlagasjóði; því annars vegar er hann alls eigi fær að veita nein lán sem nokkru nema, en hins vegar búast þó þeir, sem lánin eru ívilnuð, fastlega við að fá þau, og verða því fyrir miklum vonbrigðum, ef þau verða eigi veitt. Þetta hefir leitt til þess, að landsstjórnin hefir, raunar frekara en fært er, veitt lán nú á þessu ári (1910). Það er þó ekki hægt að taka alveg fyrir þau, og virðist því rétt að halda einungis 12.—15. lið í fjárlögunum, sem nú eru, en þó svo, að 12. og 14. liður sé færður niður í 10,000 kr. hvort árið.

Skrá

yfir

eftirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíldu á landssjóði við lok nóvember 1910.

	A. Embættismenn:	kr. a.	kr. a.
1.	Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði ... ... kon. úrsk. 31/5 1895.	1,500, 54	
2.	Þorgrímur Johnsen, héraðslæknir í 11. læknishéraði kon. úrsk. 14/4 1896.	1,586, 20	
3.	Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu kon. úrsk. 29/5 1896.	1,593, 78	
4.	Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu . ... kon. úrsk. 12/6 1899.	1,601, 40	
5.	Þorvaldur Jónsson, héraðslæknir í Ísafjarðarhéraði kon. úrsk. 15/11 1900.	1,626, 66	
6.	Magnús Stephensen, landshöfðingi ... ... kon. úrsk 8/1 1904.	6,000, »	
7.	Björn Magnússon Ólsen, rektor við lærða skólann í Reykjavík . ... kon. úrsk. 25/4 1904.	2,255, 56	
8.	Júlíus Havsteen, amtmaður í Suður- og Vesturamtinu ... ... kon. úrsk. 1/8 1904. Fjárlög 1908—1909, 18. gr.	3,900. »	
9.	Júlíus Halldórsson, héraðslæknir í Blönduóshéraði kon. úrsk. 19/4 1906.	1,133, 33	
10.	Einar Benediktsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu kon. úrsk. 10/4 1907.	641, 91	
11.	Halldór Briem, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri ... ... kon. úrsk. 18/7 1908.	1,440, »	
12.	Marino Hafstein, sýslumaður í Strandasýslu .. ... kon. úrsk. 30/11 1908.	1,008, »	
13.	Hannes Hafstein, ráðherra ... ... kon. úrsk. 31/3 1909.	5,000, »	29,287,38
		Flyt...	29,287,38

		kr. a.	kr. a.
	Flutt...		29,287,38
	B. Embættismanna ekkjur og börn.		
1.	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensen í Strandasýslu, frá 1. ágúst 1854 ...	100, 97	
2.	Clara Margrethe Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu, frá 1. sept. 1860 ... ... kr. 212, 87 Ennfremur styrkur til húgaleigu — 40, »	252, 87	
3.	Ragnheiður Thorarensen, ekkja héraðslæknis Skúla Thorarensen, frá 1. maí 1872	273, 33	
4.	Camilla Tómasson, ekkja héraðslæknis Þórðar Tómassonar, frá 1. desbr. 1873	197, »	
5.	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Péturs Havstein, frá 1. júlí 1875	529, 16	
5.	Hildur Solveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. E. Magnússonar, frá 1. júní 1876	538, 27	
7.	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja héraðslæknis Weywadt. frá 1. nóv. 1881	81, 25	
8.	Sigríður Blöndal, ekkja Gunnlaugs Blöndal sýslumanns í Barðastrandarsýslu, frá 1. júní 1884	300, 45	
9.	Elinborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorberg, frá 1. febr. 1886	919, 17	
10.	Kristín Skúladóttir, ekkja héraðslæknis Boga Péturssonar, frá 1. jan. 1890	187, 50	
11.	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassen, frá 1. oktbr. 1891	750, »	
12.	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja Einars Guðjohnsen héraðslæknis í 13. læknishéraði, frá 1. ágúst 1891	187, 50	
13.	Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1. jan. 1894 .. kr. 350 » Samkv. kon. úrsk. 9. nóvbr. 1894 handa Tómasi syni hennar fæddum 9. ágúst 1894 til fullra 18 ára ... ... — 100 »	450, »	
14.	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja Helga Hálfdanarsonar forstöðumanns prestaskólans, frá 1. febr. 1894	575, »	
15.	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja H. E. Johnson sýslumanns í Rangárvallasýslu, frá 1. maí 1894	412, 59	
16.	Kristín Blöndal, ekkja Lárusar Blöndals sýslumanns í Húnavatnssýslu, frá 1. maí 1894	582, 45	
17.	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar héraðslæknis í 4. læknishéraði, frá 1. maí 1894	305, »	
18.	Þuríður Johnsen, ekkja Jóns Johnsen sýslumanns í Suður-Múlasýslu, frá 1. nóv. 1895	430, 80	
19.	Sigþrúður Friðriksdóttir, ekkja Jóns Péturssonar dómstjóra, frá 1. febr. 1896	725, »	
	Flyt...	7,798, 13	29,287,38

		kr. a.	kr. a.
	Flutt...	7,798, 13	29,287,38
20.	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja Ólafs Sigvaldasonar héraðslæknis, frá 1. júní 1896	187, 50	
21.	Maria Kristín Finsen, ekkja Ó. Finsen póstmeistara, frá 1. apríl 1897	300, »	
22.	Margrét Guðmundsdóttir, ekkja Jóhannesar Ólafssonar sýslumanns í Skagafjarðarsýslu, frá 1. apríl 1897 ... ... kr. 398, 87 Samkv. kon. úrsk. 11/1 1898 handa syni hennar: Valdemar Davíð f. 18. sept. 1896 ... — 100, »	498, 87	
23.	Ragnhildur Sverrisson, ekkja Sigurðar Sverrisson sýslumanns í Strandasýslu, frá 1. febr. 1899	328, 58	
24.	Charlotte Caroline Leopoldine Friðriksson, ekkja Halldórs Kr. Friðrikssonar yfirkennara við lærða skólann í Reykjavík, frá 1. apríl 1892	400, »	
25.	Elín Guðrún Blöndal, ekkja Páls Blöndal héraðslæknis í 3. læknishéraði, frá 1. febr. 1903	187, 50	
26.	Henriette Louise Jensson, ekkja Björns Jenssonar kennara við lærða skólann í Reykjavík, frá 1. marz 1904 ... ... kr. 350, » Samkv. kon. úrsk. 21/4 1904 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Ágústu, f. 14. febr. 1894 .. .. — 80, » 2. Arndísi, f. 17. marz 1895 . ... — 80. » 3. Soffíu, f. 25. apríl 1899 .. .. — 80, »	590, »	
27.	Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briem amtmanns, frá 1. jan. 1905 .. .. kr, 625, » Samkv kon. úrsk. 21/3 1905 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Þórhildi, f. 7. des. 1896 ... ... — 100, » 2. Eggert, f. 6. jan. 1898 ... ... — 100, » 3. Friede, f. 7. okt. 1900 ... ... — 100, » 4. Helga, f. 18. júní 1902 ... ... — 100, » 5. Þórdísi, f. 1. apríl 1904 ... ... — 100, »	1,125, »	
28.	Margrét Egilsdóttir, ekkja Halldórs Bjarnasonar sýslumanns í Barðastrandarsýslu, frá 1. febr. 1905	351, 50	
29.	Margrét Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Guðmundssonar héraðslæknis, frá 1. apríl 1906	187, 50	
30.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðslæknis	189, 37	
31.	Soffía Thorsteinsson, ekkja Árna Thorsteinsson landfógeta, frá 1. desbr. 1907	683, 59	
32.	Laura Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving héraðslæknis, frá 1. febr. 1909	187, 50	
	Flyt...	13,015, 04	29,287,38

		kr. a.	kr. a.
	Flutt...	13,015, 54	29,287,38
33.	Elina Marie Bolette Sveinsson, ekkja Hallgríms Sveinssonar biskups, frá 1. jan. 1910	875, »	
34.	Jörgina Margrét Sigríður Sveinbjörnsson, ekkja L. E. Sveinbjörnsson dómstjóra, frá 1. febr. 1910 ...	725, »	
35.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar héraðslæknis í Hróarstunguhéraði, frá 1. sept. 1910 ... ... kr. 150, »		
	og handa 2 börnum hennar enn óákveðið	150, »	
36.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar héraðslæknis í Sauðárkrókshéraði, frá 1. nóvbr. 1910 ... ... kr. 187, 50		
	og handa 2 börnum hennar enn óákveðið	187, 50	14,952,54

C. Uppgjafaprestar:

1.	Halldór Þorsteinsson, prestur í Landeyjaþingum, frá fardögum 1898	250, »	
2.	Stefán Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1900	208, 65	
3.	Lárus Benediktsson, prestur að Selárdal, frá fardögum 1902	54, 29	
4.	Tómas Björnsson, prestur að Barði, frá fardögum 1902	405, 28	
5.	Ólafur Stephensen, prestur að Mosfelli, frá fardögum 1903	145, 56	
6.	Jón Magnússon prestur að Ríp, frá fardögum 1904	230, »	
7.	Gísli Kjartansson prestur í Mýrdalsþingum, frá fardögum 1904	131, 78	
8.	Páll Sivertsen, prestur að Stað í Aðalvík, frá fardögum 1905	477, 73	1,903,29

D. Prestsekkjur.

Eftir landsreikningnum fyrir 1908 námu eftirlaun prestsekkna við árslok	4,917, 87	
Af þeim hafa síðan fallið burtu	405, 68	
	4,512, 19	
en bætst við	802, 88	5,315, 07
	Flyt...	51,458, 28

		kr. a.
	Flutt...	51,458,28
E. Samkvæmt 18. gr. fjárlaganna.		
	kr. a.	
Eftirlaun ekkjufrúar Jakobínu Thomsen	300, »	
Viðbót við eftirlaun prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur	105, 40	
Styrkur til ekkjufrúar Torfhildar Holm	360, »	
— — —— Marie Kathrine Jónsson	300, »	
— — —— Bjargar Jónsdóttur	300, »	
— — —— Valgerðar Þorsteinsdóttur	250, »	
— — —— Solveigar Þórðardóttur	200, »	
— — —— Magneu Ásgeirsson	200, »	
— — —— Elinborgar Friðriksdóttur	600, »	
— — —— Sigríðar Þorkelsdóttur	200, »	
— — —— Ragnhildar Björnsdóttur	300, »	
Til próf., dr. phil. Þorv. Thoroddsen	2000, »	
— séra Matth. Jochumssonar	2000, »	
— Sumarliða pósts	200, »	
— Hannesar pósts	200, »	
— Gísla Eiríkssonar pósts	200, »	
— Jóhanns Jónssonar pósts	200, »	
— Egils Gunnlaugssonar pósts	100, »	
— Böðvars Jónssonar pósts	100, »	8,119,40
		59,577,68

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1908 og 1909.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1908 og 1909, veitast kr. 84,589,24 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—7. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 9. gr. fjárlaganna, veitast: Við tölulið 5 til aðstoðar og skrifstofukostnaðar stjórnarráðsins 1908 kr. 1,078,60.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna, veitast:

Við tölulið A. 4, til viðhalds fangelsanna 1909		kr.	282,28.
Við tölulið B. 1. b. til pappírs og prentunar stjórnartíðanna 1908	kr. 555,70		
1909	— 4,321,74	kr.	4,877,44
Við tölulið B. 1. c. 4. til pappírs og prentunar á landshagsskýrslum 1908	kr. 197,47		
1909	— 1,309,89	—	1,507,36
		kr.	6,767,08

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna, veitast:

Við 8. lið tillag til geðveikishælisins á Kleppi 1908	kr.	9,081,76
— - — — — —»— - — 1909	—	5,936,27
og viðbót við aukafjárveitingu 1908 og 1909 til að byggja fjós á Kleppi	—	75,00
	kr.	15,093,03

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna, veitast:

Við tölulið A. b. 2. 1908	kr. 250,00		
Við tölulið A. b. 2. 1909	— 250,00	kr. 500,00	
Við tölulið A. c. 1908...	kr. 655,00		
Við tölulið A. c. 1909...	— 1,030,00	— 1,685,00	
Við aðra tölulið til póststjórnar 1908 ...	kr. 7,800,60		
Við aðra tölulið til póststjórnar 1909 ...	— 3,166,49	kr. 10,967,09	kr. 13,152,09
Við tölulið B. II. Til flutningabrauta og viðhalds á þeim			— 20,669,17
Við tölulið B. III. Til þjóðvega			— 2,733,47
Við töluliðina D. Til ritsíma og talsíma bætast við 4. a. Hafnarfjörður til Keflavíkur 1908		kr. 554,12	
Við D. II. 8. frá 1908 til að kaupa bæjarsímakerfið á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði		— 1,610,52	
Við D. II. 9, frá 1908 til talsíma milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar...		— 2,799,27	
Við D. II. 10. frá 1908 til rannsóknar símaleiða. ...		— 2,361,20	kr. 7,325,11
Við E. Til vita:			
Til vitabyggingar á Reykjanesi frá 1908...		kr. 11,676,79	
Til aukavita á Reykjanesi frá 1909.. ...		— 614,15	— 12,290,93
			kr. 56,170,77

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna, veitast:

Við B. III. Til lagaskólans, önnur útgjöld...		kr. 636,76
Við B. V. 3....	kr. 149,50	
Við B. V. 5....	— 2,338,73	— 2,488,23
Við B. VII. 1.		— 1,351,00
Við B. VIII. b. Til sundkenslu utan Reykjavíkur		— 251,12
		kr. 4,727,11

7. gr.

Sem viðbót við gjöld, sem talin eru í 16. gr., veitast:

Við 1. c.	kr. 381,65
Við 2. c.	— 371,00
	kr. 752,65

Ástæðurnar fyrir lagafrumvarpinu

eru í Landsreikningunum 1908 og 1909, athugasemdum yfirskoðunarmanna við þá reikninga og svörum stjórnarinnar upp á þær athugasemdir.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1910 og 1911.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911, veitast kr. 111,754,59 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—7. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin voru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við dómgæzluna o. fl., veitast kr. 4,925,00.

Við A. 3. Til að koma upp miðstöðvarhitun í hegningarhúsinu í Reykjavík ... ... kr. 4,800,00

Við A. 5. komi nýr liður h.
Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Vestmanneyjum ... ... kr. 125,00

Kr. 4,925,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast kr. 23,333,34.

		1910	1911
Við 7. lið.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins	kr. 8,333,34	kr. 15,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast kr. 73,100.

Við D II. Til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmanneyja ... ... kr. 40,000,00
Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Reykjavíkur og Borðeyrar (Sveinatungu — Borðeyrar) kr. 12,575,00

Flyt kr. 52,575,00

Fluttar kr. 52,575,00

Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Akureyrar og Sauðárkróks (Valla — Sauðárkróks) kr. 17,225,00

Við E. V. Til að byggja hús handa vitaverði á Siglunesi ... ... kr. 3000,00
Launaviðbót til vitavarðar ... ... kr. 300,00 kr. 3,300,00

Kr. 73,100,00

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast kr. 6,600,00.

Við A. Tveir nýir liðir bætast við:
1. Til að greiða álag á Garpsdalskirkju ... ... kr. 1,200,00
2. — — — — - Rafnseyrarkirkju ... ... kr. 250,00
Kr. 1,450,00

Við B. V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:
Til að mála skólann, og til annarra nauðsynlegra umbóta ... ... kr. 3,550

Við B. VI. Til aðgerðar á kennaraskólanum og skólalóðinni ... ... kr. 1,600 kr. 5150,00

Kr. 6,600,00

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta veitast kr. 1000.

A-eftir tölulið 47. Til tónskáldsins Svb. Sveinbjörnssons til að gefa út á íslenzku kontrapunktfræði kr. 1000,00

7. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitast kr. 2,796,25.

Við 27. lið. Til ferðakostnaðar síldarmatsmanns til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum ... ... kr. 396,25

Við 35. lið. Til fyrirhleðslu við Markarfljót til varnar frekari skemdum .. .. kr. 2,400,00

Kr. 2,796,25

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Við 2. gr.

Við A. 3. Bæjarfógetinn í Reykjavík hefir hvað eftir annað skýrt stjórnarráðinu frá því, að ofnarnir í hegningarhúsinu væru orðnir óbrúkandi, og farið þess á leit, að miðstöðvarhitun yrði sett þar upp.

Ofnarnir eru nú orðnir 36 ára gamlir og að mestu ónýtir; það eru móofnar, og því með sérstakri lögun; mundi því verða

mjög kostnaðarsamt að gera við þá, og þeir þó óhæfir til upphitunar eftir hugsunarhætti nútímans. Stjórninni finst því ástæða til að leita aukafjárveitingar til að koma upp miðstöðvarhitun, og kostar hún eftir áætlun landsverkfræðings Krabbe 4800 kr, Uppdráttur og hér að lútandi skjöl verða lögð fyrir alþingi.

Við A. 5. Fyrir nokkrum árum voru flestum sýslumönnum lagðir peningaskápar. Sýslumaðurinn í Vestmanneyjum varð þó út undan, og hefir hann nú farið þess á leit, að fá peningaskáp. Með því að allmikil peningaábyrgð fylgir þessu embætti, og auk þess eigi síður þar en annarstaðar nauðsynlegt að varðveita embættisbækur, einkum veðmála og gjalda bækur, þá þykir sjálfsagt að verða við þessari beiðni, og er því farið fram á 126 króna fjárveltingu í þessu skyni.

Við 3. gr.

Til reksturs heilsuhælisins er veitt í núgildandi fjárlögum 10,000 kr. árið 1911, því að búist var við, að það yrði ekki fyr fullgert en einhvern tíma á því ári. En nú varð hælið fullbúið í byrjun september 1910 og tók þá við sjúklingum; stjórninni þótti þá sjálfsagt, að óhætt væri að greiða til rekstrskostnaðs þess sem svaraði því er alþingi veitti 1911, og geiddi þá fjárhæð mánaðarlega frá septbr. til ársloka 1910. Nú hefir yfirstjórn heilsuhælisfélagsins sýnt fram á, að eigi muni verða hægt að komast af með minni styrk úr landssjóði en 25000 kr. árlega, sjá athugasemdir við fjárlagafrumvarpið 1912—13, og með því að landsstjórnin telur sjálfsagt að styrkja þessa viðurkendu nytsemdarstofnun, þá er farið fram á að veita kr. 8,333, 34 f. á. og 15000 kr. síðara árið.

Við 4. gr.

Við D. Stjórnarráðið hefir átt í samningum við ýmsa um að koma á loftskeytasambandi við Vestmannneyjar, og hefir fengið tilboð um að koma upp þessu sambandi milli Reykjavíkur og Vestmanneyja fyrir nær 40,000 kr., og verður tilboð um þetta lagt fyrir þingið.

Landsímastjórinn hefir sent stjórnarráðinu álitsskjal, sem verður lagt fyrir alþingi, og í því hefir hann mælt sterklega fram með því, að leitað verði aukafjárveitingar til að fullgjöra tvöfaldar símalínur milli Sveinatungu — Borðeyrar, og Valla — Sauðárkróks. Hann álítur fyrnefnda viðbót nauðsynlega, vegna þess, að línan frá Borðeyri og suður er nú svo önnum kafin að sumrinu til, að hún muni ekki geta bætt þar ofan á öllum þeim viðskiftum, sem fyrirhuguð Stykkishólmslína hefir í för með sér.

Á sama hátt er línan milli Akureyrar og Sauðárkróks svo önnum kafin, að hún að eins með mestu erfiðleikum getur bætt á sig viðskiftunum, sem á hana koma frá Siglufjarðarlínunni.

Þótt stjórnarráðinu séu þessi nýju útgjöld ekki geðfeld, hefir það samt sem áður álitið, að þessara aukafjárveitinga yrði að leita, vegna þess að landsímastjórinn mælir svo kröftulega með þeim.

Við E. V. Siglunesviti. Vitinn á Siglunesi stendur alllangt frá bæjum, en af því að ekkert sérstakt hús var reist handa vitaverði, því fjárveitingin

hrökk eigi til þess, þegar vitinn var gerður, verður vitavörður að hafast við í sjóþorpinu og ganga þaðan til vitans ærið langan veg, og getur það oft verið hættulegt á vetrartíma, því þar er opt illviðrasamt. Það verður því alveg óhjákvæmilegt, að reisa hús handa vitaverði, og telur verkfræðingur Krabbe að það muni kosta 3000 kr.

Gamla vitatólið frá Reykjanesi var sett í Siglunesvitann, og er mjög vandasamt að gæta þess, svo að mikil hætta er á, að það stöðvist, ef nokkur óregla kemst á, og á því er ekki heldur nein varúðarbjalla, sem segir til, eins og í hinum vitunum, ef ólag kemst á. Meðan vitatólið var á Reykjanesi var því heimtað, að vitavörður vekti eða léti vaka yfir vitanum að nóttu til, og þessa verður einnig að krefjast á Siglunesi; hann verður því að hafa aðstoðarmann, og jafnframt sömu laun og greidd voru vitaverðinum á Reykjanesi, en það voru 1200 krónur, auk bústaðar og jarðarafnota. Landsverkfræðingur Krabbe leggur því til, að vitavörður fái 1200 kr. í árslaun auk bústaðar, sbr. fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1912—13, og bætast þar við 300 krónur fyrir síðara missirið 1911.

Við 5. gr.

Við A. 1. Lög nr. 22, 16. nóvbr. 1907 um umsjón og fjáhald kirkna gjöra ráð fyrir, að forráðamaður kirkju svari því álagi, er prófastur metur með tveimur óvilhöllum úttektarmönnum. Að réttu lagi hefði því átt að taka Garpdalskirkju út af dánarbúi síra Ólafs sál. Ólafssonar, en það virðist ekki hafa verið gert, enda hefði það sennilega verið tilgangslaust, þar sem búið var langsamlega þrotabú. Af búinu var að eins greidd portion kirkjunnar 174 kr. Kirkjan er komin að falli vegna fúa, enda orðin 62 ára gömul, og þarf því að endurreisast, en sjóð á hún sama sem engan, um 350 krónur, auk braksins, sem er lítilsvirði. Söfnuðurinn hefur boðist til að taka kirkjuna að sér og endurreisa, ef hann fengi 1200 króna álag eða tillag með henni, og þetta álag verður að koma úr landssjóði; það leiðir óhjákvæmilega af breyttri skipun á andlegu stéttinni yfir höfuð, sérstaklega á breyttu fyrirkomulagi á launum sóknarpresta. Fjárhæð þessi hefir því verið greidd úr landssjóði upp á væntanlegt samþykki fjárveitingarvaldsins.

Við A. 2. Sóknarnefndin í Rafnseyrarsókn hefir boðist til að taka að sér Rafnseyrarkirkju. ef hún fengi 200—300 kr. styrk, sem verður að skoðast svo sem álag á kirkjuna. Hlutaðeigandi sóknarprestur hefir unnið það til, að greiða skuld kirkjunnar til hins almenna kirkjusjóðs með 220 kr., til þess að losast við umsjón og fjárhald hennar, og meira verður að dómi biskups ekki af honum heimtað með neinni sanngirni, eins og málum er nú komið. Biskup hefir því eindregið mælt með því, að þetta álag verði veitt með 250 krónum, og með því landsstjórnin verður að vera honum samdóma um, að það sé bæði hagsýni og sanngirni, að veita þessa fjárhæð, er leitað aukafjárveitingar í þessu skyni.

Við B. V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Skólameistari hefir vakið máls á því, að skólahúsið þyrfti

ýmissa aðgerða við, því það hafi síðan það var reist (1904) enga gagngerða aðgerð fengið; það þurfi að mála húsið utan og innan, þétta þiljur, sem auðvitað séu farnar að gisna, klæðaskápa handa heimavistarnemendum vanti með öllu, vatnsveita sé í ólagi, náðhúsin séu bæði ill og ónóg o. fl. Hann hefir því látið húsgerðarfróðan mann gjöra áætlun um, hvað slík gagngerð viðgerð mundi kosta, og nemur það alls 6261 kr., en þar af telur skólameistari bráðnauðsynlegt að láta ýmislegt sitja í fyrirrúmi, og nemur það, er til þess þarf um 3550 krónur, og er farið fram á, að sú fjárhæð verði veitt. Áætlunin mun verða lögð fyrir þingið.

Við B. VI. Forstöðumaður kennaraskólans telur alveg nauðsynlegt að mála alt skólahúsið að utan, kítta glugga og fægja grunninn bæði að utan og innan; er áætlað að það kosti 600 krónur. Til lagfæringar á lóð skólans var veitt á stðasta alþingi 1000 kr., en sú fjárhæð hrökk hvergi nærri til; það þarf að girða blettinn og ryðja hann allan, og er ráðgert, að til þess gangi 1000 krónur. Stjórnarráðið leggur því til, að 1600 krónur séu veittar.

Við 6. gr.

Tónskáldið Svb. Sveinbjörnsson hefir í bónarbréfi, sem mun verða lagt fyrir alþingi, óskaði að fá 1000 kr. styrk til þess að gefa út á íslenzku kontrapunktfræði, og vildi hann með þeirri bók fylla út þær bækur, sem áður hafa komið út hér um tónfræði o. s. frv. Verkinu mundi verða tekið fegins hugar af hálfu allra sem stunda söng eða tónfræði, og þar sem beiðandann verður að teljast sérstaklega vel fær til að vinna þetta verk, og hefir áunnið sér þakklæti af hálfu hins opinbera, er lagt til, að féð verði veitt honum.

Við 7. gr.

Við 21. b. Á fjáraukalögum fyrir 1908 og 1909, 6. gr., var síldarmatsmönnunum á Akureyri og Siglufirði veittur 800 kr. styrkur til utanfarar, til að kynna sér verkun á síld. Styrk þessum var skift þannig, að Jón Bergsveinsson síldarmatsmaður á Akureyri fékk 600 krónur, en hinn 200 krónur. Frá Jóni fékk svo stjórnarráðið bréf, dags. 1. desembr. 1909 í Stokkhólmi, þar sem hann fór fram á, að fá frekari styrk til þess að kynnast síldarverkun og markaði í Bandaríkjunum; taldi hann það víst eftir skýringum, sem hann hefði fengið í Stokkhólmi, að takast mætti að selja íslenzka síld til Ameríku. Með því að stjórninni þótti mikilsvert, að fá ábyggilegar skýrslur um, hvort hægt væri að fá markað fyrir íslenzka síld í Ameríku, þá réðst hún í að veita Jóni framhaldsstyrk, fyrst 540 krónur árið 1909, sem leitað verður aukafjárveitingar fyrir í aukafjárlögum fyrir 1908 og 1909, og kr. 396,25 að ferðinni lokinni, sem hér er farið fram á, að fá veittar.

Eftir 35. lið. Með bréfi dags. 18. febr. 1910 skýrði oddviti Vestur-Eyjafjallahrepps stjórnarráðinu frá, að yfirvofandi hætta stafaði af Markarfljóti, ef eigi yrði bráðlega hlaðið fyrir það, og væri meðal annars þjóðveginum hætta búin; fór hann því fram á, að lagður væri úr

landssjóði ríflegur styrkur til fyrirhleðslunnar. Eftir að verkfræðingur Jón Þorláksson hafði verið sendur austur til að líta á skemdirnar og ráða úr, hvað gera skyldi þessu til varnar, skýrði hann frá, að brýna nauðsyn bæri til að hlaða þar varnargarð, er áætlað var að kosta mundi 7200 krónur. Að fengnu þessu áliti samdist svo um, að Landsbúnaðarfélag iðlegði fram 1/4 hluta kostnaðarins, þó eigi yfir 2400 kr., landssjóður 1/4 hluta og héraðsbúar og jarðeigendur helminginn. Síðar breyttust þó þessi hlutföll svo, að landssjóður hefir lagt fram 2400 krónur af kostnaðinum, sem varð alls 8574 kr. 50 aurar, og er nú leitað samþykkis alþingis til þessa fjárframlags.

Frumvarp til laga

um

samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

		Fjárveiting	Reikningur
	I. Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé ...	86,000,00	105,374,61
2.	Húsaskattur...	20,000,00	27,173,00
3.	Tekjuskattur	36,000,00	70,259,13
4.	Aukatekjur	90,000,00	125,232,84
5.	Erfðafjárskattur	6,000,00	7,256,11
6.	Vitagjald	26,000,00	50,854,30
7.	Gjöld fyrir leyfisbréf	8,000,00	15,210,14
8.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m. að frádregnum 2% í innheimtulaun...	200,000,00	395,643,24
9.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	330,000,00	372,110,06
10.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum...	280,000,00	315,491,04
11.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum...	660,000,00	768,085,66
12.	Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum innheimtulaunum	23,000,00	39,188,71
13.	Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	28,000,00	24,700,00
14.	Tekjur af póstferðum	120,000,00	201,187,89
15.	Tekjur af símum landsins	100,000,00	151,529,14
16.	Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	800,00	699,13
17.	Sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar	20,000,00	58,390,05
18.	Tekjur af efnarannsóknarstofu	1,200,00	» »
19.	Óvissar tekjur	4,000,00	16,452,05
20.	Afgjald af jarðeignum landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu m. m.	42,000,00	44,086,12
	Flyt...	2,081,000,00	2,788,923,22

		Fjárveiting kr. a	Reikningur kr. a.
	Flutt...	2,081,000,00	2,788,923,22
21.	Tekjur af kirkjum	130,00	212,37
22.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ...	3,200,00	6,606,48
23.	Tekjur af Ræktunarsjóði Íslands, lög nr. 34, 1905	» »	8,334,18
24.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins...	79,000,00	82,743,61
	Borgað upp í lán, fjárveiting.. .. 55920 kr. 94 a.		
	reikningur.. ... 94263 — 27 -		
25.	Leigur af láni landssjóðs til Landsbankans	15,000,00	15,000,00
26.	Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	15,000,00	36,147,36
37.	Arður landssjóðs af rekstri Íslandsbanka	» »	28,095,25
28.	Vextir af Byggingarsjóði	» »	7,750,00
29.	Greiðslur frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	4,000,00	5,965,19
30,	Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	1,816,78
31.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	33,197,68
32.	Tekjur af innlendri vindlagerð og bitter, lög nr. 41, 16. nóv. 1907...	» »	6,779,09
33.	Tillag úr ríkissjóði	120,000,00	120,000,00
34.	Lán úr ríkissjóði	500,000,00	500,000,00
	Samtals...	2,822,530,00	3,641,571,21

II. Gjöld:		Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar landsins	100,000,00	97,847,97
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna og milliþinganefndir...	65,600,00	99,525,95
3.	Til útgjalda við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.:		
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn	177,230,00	172,320,02
	B. Ýmisleg útgjöld	29,800,00	48,412,72
4.	Til útgjalda við læknaskipunina..	271,701,20	281,298,77
5.	Til samgöngumála:		
	A. Til útgjalda við póststjórnina	181,086,47	213,736,76
	B. Til vegabóta	347,458,93	365,575,07
	C. Til gufuskipaferða..	160,600,00	132,560,00
	D. Til ritsíma og talsíma	589,666,00	515,261,65
	E. Til vita	65,314 05	82,557,07
6.	Til kirkju- og kenslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	55,200,00	45,286,40
	B. Til kenslumála...	312,050,00	343,285,81
7.	Til vísinda og bókmenta...	164,110,00	164,049,14
8.	Til verklegra fyrirtækja..	367,720,00	349,933,35
9.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	28,169,74
	Flyt...	2,892,736,65	2,939,820,42

	Fjárveiting	Reikningur
	kr. a.	kr. a.
Flutt...	2,892,736,65	2,939,820,42
10. Eftirlaun og styrktarfé...	122,500,00	138,645,97
11. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld	10,000,00	126,674,19
12. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum	» »	111,723,20
13. Vextir af láni úr ríkissjóði...	» »	18,944,45
14. Tekjuafgangur	» »	305,762,98
Samtals...	3,025,236,65	3,641,571,21

Eignir viðlagasjóðs voru 31. des. 1909 ... ... kr. 1,537,904,62
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. ... ... — 64,182,99
Peningaforði landssjóðs s. d. ... ... — 299,729,76

Athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út. Landsreikningarnir fyrir árin 1908 og 1909, er lið fyrir lið þræða fjárlögin, verða jafnframt lagðir prentaðir fyrir þingið, og vísast til þeirra um nánari sundurliðun á tekjum og gjöldum.

Frumvarp til laga

um

dánarskýrslur.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir á heima í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunnt. Vottorðið skal læknir láta í té ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gera; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dánardægur, dánarár og dauðmein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og er ekki auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja héraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr., auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum, er gilda um störf héraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir á heima, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardægurs og greftrunardags), rita í kirkjubókina dauðamein hins látna, eftir þeim skýringum, er hann getur beztar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur, og tilgreinir prestur þar dauðameinið, sbr. 2. gr., og getur þess stuttlega, við hvaða sjúkdómseinkenni stuðst sé. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishéraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda héraðslækni sínum, ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Héraðslæknir rannsakar skýrslurnar, er til dauðameinsins kemur, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt héraðið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um líkskoðun hefir verið þrisvar lagt fyrir alþingi af hendi stjórnarinnar: árin 1891, 1893 og 1905, en í hvert sinn hefir málið annaðhvort verið felt eða ekki útrætt. Á síðastnefndu þingi kom í þess stað fram frumvarp til laga um dánarskýrslur, og var það samþykt í Nd., en felt í Ed. 1907 var samskonar frumvarp borið upp af þingmanna hálfu, og var það enn samþykt í Nd., en felt í Ed. Á síðasta þingi, 1909, tók stjórnin málið upp, og var þá frumvarpið samþykt í Ed., en felt í Nd. með eins atkvæðis mun.

Með viðauka við 1. málsgr. 3. gr. frumvarpsins hefir verið reynt að bæta úr tormerkjum þeim, er talin voru á síðasta alþingi; og þar sem stjórnin verður að vera þeirrar skoðunar, að frumvarpið sé mjög gagnlegt, leggur hún málið fyrir alþingi af nýju alveg óbreytt að öðru leyti.

Frumvarp til laga

um

breytingu á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

1. gr. tolllaganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til landsjóðs þannig:

1. Af alls konar öli ... ... kr. 0,10 af hverjum mæli (lítra)
2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar dykkjarföngum
   með 8° styrkleika eða minna ... ... — 1,00 - — —
   yfir 8° og alt að 12° styrkleika... ... ... — 1,50 - — —
   yfir 12° og alt að 16° styrkleika ... ... — 2,00 - — —
   Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni og sams konar borðvínum (eigi freyðandi), svo og af messuvíni... ... — 0,50 - — —
4. Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft) ... ... — 1,00 - — -
5. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) — 1,00 - — 1/4 mæli 5 eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

   Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en mæli, skal greiða sama gjald af hverjum 3/4 mælis sem af mæli í stærri ílátum.
6. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki ... ... kr. 2,00 af hverri vog (kg.)
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) — 5,20 - — —

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þær seljast í.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

8.	Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar	26	aura	af	hverri vog
9.	Af alls konar brendu kaffi	36	—	—	—
10.	Af sykri og sírópi.	13	—	—	—
11.	Af tegrasi...	100	—	—	—
12.	Af súkkulaði..	50	—	—	—
13.	Kakaódufti..	26	—	—	—
14.	Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum	80	—	—	—

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru undir 6.—14. lið, ber að reikna tollinn hlutfallslega af brotum úr tolleiningu.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyzlu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða, enda sé skipsforðinn eigi meiri en ætla má að nægi, eftir því sem tíðkast hefir. Ákvörðun lögreglustjóra hér að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins.

2. gr.

Síðasta málsgrein í 4. gr. tolllaganna skal hljóða svo: Um fastar verzlanir gilda þó fyrirmæli laga 16. nóvbr. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, en að öðru leyti er tollurinn fallinn í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

3. gr.

Í stað orðanna í 6. gr. tollaganna: »tölulíðunum 8—14« komi: tölulíðunum 6—14.

4. gr.

Á eftir 6. gr. tolllaganna skal koma ný grein, svo látandi.

Hver maður, sem fær böggulsendingar fluttar með pósti frá útlöndum, er skyldur að láta í té skriflegt drengskapar- og samvizkuvottorð um það, hvort sendingin hafi inni að halda tollskyldar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Áður en slíkar sendingar eru afhentar viðtakendum, skulu póstmenn heimta téð vottorð, og síðan afgreiða þau tafarlaust til lögreglustjóra.

5. gr.

14. gr. tolllaganna skal falla burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Lögin nr. 3, 31. marz 1909 um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi eru úr lögum numin.

7. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál tolllaganna frá 8. nóvbr. 1901, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem tolllög fyrir Ísland.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar á tollögunum, sem frumvarp þetta fer fram á, eru sama efnis eins og frumvarp það, sem skattanefndin frá 1907 samdi; þó eru tollákvæðin hin sömu, sem fyrst um sinn voru ákveðin með lögum 31. marz 1909, og ennfremur hafa verið gerðar þessar breytingar.

Vegna þess að lögin um metramæli og vog hafa gengið í gildi, er þyngd og rúmmáli breytt samkvæmt þeim. Nú er þyngdareiningin er orðin tvöfalt stærri en áður, hefir ákvörðuninni um að fella skuli burtu að tolla $^1/_2$ tolleiningu verið breytt; þegar tollurinn á vindlum t. d. er. kr. 5.20 á vog, gæti þetta ákvæði leitt menn til þess að fara í kringum lögin með því að láta senda sér vöruna í smáum sendingum. Þess vegna er stungið upp á, að reikna skuli tollinn hlutfallslega af brotum úr tolleiningu.

Tillaga skattanefndarinnar um toll af sódavatni og gosdrykkjum hefir ekki verið tekin í frumvarpið, þar sem tollurinn naumast mundi verða tekjugrein, sem neinu næmi, en yrði hár verndartollur fyrir tilbúning á þeim drykkjum innanlands. Hins vegar er ekki aðgengilegt, þegar aðflutningsbannið á áfengum drykkjum stendur fyrir dyrum, að reisa skorður við aðflutningi óáfengra drykkja.

Tollurinn á kaffi og sykri hefir verið fyrst um sinn ákveðinn eins og hann er nú.

Að lokum hefir verið sett inn í frumvarpið ný grein (6. gr.) um að lögin öðlist gildi þegar.

Þótt lagafrumvarpið í þessari mynd ekki feli í sér verulegar breytingar, ber samt nauðsyn til að leggja það fyrir þingið, þar sem tollákvæðin í lögunum frá 1909 gilda að eins »þangað til annari skipun verður komið á skattamál landsins«, og vafi getur leikið á því, hvort lögin séu í gildi, ef nokkrum hluta af skattalöggjöfinni er breytt, þá hefir verið álitið nauðsynlegt, að ný tollög kæmi í staðinn fyrir bráðabirgðatolllögin.

Um áhrifin sem frumvarpið mundi hafa á fjárhaginn má segja, að eftir útreikningum skattanefndarinnar átti hennar frumvarp að auka tekjurnar árlega um hérumbil 103,000 kr. (þegar innheimtulaun eru frá dregin). Alþingi 1909 hækkaði tillögur skattanefndarinnar að miklum mun, og þótt það minki neyzluna töluvert í fyrstunni, má ganga að því vísu, að tekjuaukinn verði ekki minni, en skattanefndin áætlaði, eða hér um bil 103,000. En verulegur hluti þess kæmi á áfenga drykki, og eftir að bannlögin eru komin í gildi félli sá tekjuauki burtu; en fyrir utan það, að tollhækkunin á áfengum drykkjum mun hafa mikil áhrif á þessu ári vegna væntanlegs aðflutnings, mun hún einnig verða að liði næsta fjárhagsbil, þar sem vænta má að mikið af vínfangatolli verði greitt fyrra árið eftir lögum nr. 53, 16. nóvbr. 1907, af vínföngum, sem voru innflutt árinu áður. Á komandi fjárhagsbili má vænta að hinar auknu tekjur frá tollhækkuninni verði að meðaltali 103,000 kr. á ári, ef líkt er við tolltekjurnar á undan aprílmánuði 1909, þegar núgildandi tollákvæði urðu að lögum.

Um leið og stjórnin samtímis þessu frumvarpi leggur fyrir 3 önnur lagafrumvörp, sem ætlað er að hækki á tekjurnar á þessa leið:

Aukatekjur um	18,000 kr.
Erfðafjárskattur um...	4,000 —
Vitagjald um...	10,000 —
Samtals	32,000 kr.
og þar við bætast eftir tollögunum...	103,000 —

verður allur tekjuaukinn, sem stjórnin stingur upp á að verði leiddur í lög, samtals *135,000* kr. á ári.

Landsreikningarnir fyrir árin 1908 og 1909 sýna, þegar þeim tekjuauka, sem fengist hefir með að taka lán, er haldið er fyrir utan reikninginn — tekjuhalla sem er minni en 200,000 kr., það verða tæpar 100,000 kr. á ári. Á fjárhagsbilinu gengu hér um bil 350,000 kr. til að leggja og kaupa ritsímalínur; fjárhæðin er talin í útgjöldum fjárhagsbilsins. Með 135,000 kr. tekjuauka á ári, eins og nú er stungið upp á, hefði fengist nægilegt upp í tekjuhallann, þrátt fyrir öll hin miklu aukaútgjöld til ritsímafyrirtækja, sem gefa vöxtu. Þetta er eins rétt fyrir því, þó að tollhækkunin væri í gildi 9 mánuði af árinu, því hún hefir ekki haft sérleg áhrif þá, vegna þess, að sum ákvæðin í hækkuninni voru mjög há, en reynslan hefir jafnan sýnt, að háir tollar minka kaupin á vörunni framan af. Fjárlagafrumvarpið fyrir næstu ár er lagt fyrir í því formi, að tekjuhallinn er næstum enginn.

Þótt þessar tölur bendi ekki til, að þörf sé á meiri tekjuauka en hér er farið fram á, þá blandast þó engum hugur um, að mörg útgjöld hækka stöðugt, og að afborganirnar af lánum landssjóðs íþyngja fjárhagnum, en á hinn bóginn verður ekki búist við tekjum af áfengistollinum lengur en tvö næstu ár. Þar sem stjórnin álítur brýna nauðsyn á því, að sem minst muni á tekjum og gjöldum, verður hún að geyma sér rétt til að koma með nýtt frumvarp til meiri tekjuauka, ef samþyktar verða í fjárlögum eða aukafjárlögum fjárveitingar, sem hafa töluverð útgjöld í för með sér. Stjórnin hefir þess vegna tekið málið um nýja skatta til rækilegrar íhugunar, og gert sér far um að láta þingið hafa svo mikið úr að viða og velja, er leiða skal í lög nýja skatta, að vel megi við hlíta, auk þess sem lagt verður fyrir þingið álit skattanefndarinnar og frumvörp hennar til beinna skatta og stjórnin hefir látið vinna að frumvarpi til tollaga í sömu stefnu, sem líkleg þótti á síðasta þingi. Sömuleiðis hefir verið leitað álits um kost og löst á ýmislegu tollfyrirkomulagi, svo að það mál mun einnig verða lagt fyrir alþingi upplýst frá ýmsum hliðum.

Að stjórnin ekki leggur fyrir þingið frumvörp skattanefndarinnar til nýrra beinna skatta, kemur sumpart af því, að almenningur nú sem stendur er mótfallinn nýjum beinum sköttum, og sumpart af því, að það sýnist vera of langt farið í breytingum, að umsteypa alla beina og óbeina skatta í einu, bæði til landsjóðs og hreppa. Jafnframt því, sem viðurkent er, að beinu skattarnir þurfi umbóta verður þó að geyma næsta alþingi, að koma fram með umbótafrumvarp í þá átt.

Frumvarp

til

almennra viðskiftalaga.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæðum laga þessara skal þá að eins beita, er ekkert annað er um samið eða verður álitið fólgið í samningi eða leiðir af verzlunartízku eða annari venju.

Lög þessi gilda ekki um fasteignakaup.

2. gr.

Nú eru hlutir pantaðir, þeir er búa þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn býr til, þá skal pöntunin talin kaup. Þó gilda lög þessi ekki um húsgerð og önnur mannvirki á fasteign.

Alt það, sem í lögum þessum er ákveðið um kaup, á einnig við um vöruskifti.

3. gr.

Þegar í lögum þessum er talað um kaup á hlutum, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki að eins átt við tiltekna mergð hluta af tilgreindri tegund, heldur einnig átt við kaup á tilgreindum hóp eða magni vöru.

4. gr.

Þá er talað er í lögum þessum um kaupmanna-viðskifti, er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í atvinnu þeirra eða í hennar þágu.

Kaupmaður er hver sá talinn, sem hefir atvinnu af því: að selja vörur, sem hann hefir í því skyni keypt; að reka víxlarastarf eða bankastarf, vátryggingarstarf, umboðsverzlun, forlagsverzlun, lyfsölu, veitingar, handiðn eða verksmiðjuiðnað; að takast á hendur að reisa hús eða gera önnur mannvirki eða að flytja fólk, muni eða orðsendingar. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, sem rekur veitingar, handiðn, flutninga, eða þess kyns smásölu, sem ekki þarf borgarabréf til eða annað sérstakt leyfi, svo framarlega sem ekki vinna aðrir að þeirri atvinnu með honum en konan með manni sínum eða maðurinn með konu sinni, börn atvinnurekanda innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

Um ákvæði kaupverðs.

5. gr.

Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um hæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að telja það ósanngjart.

6. gr.

Nú er í kaupmanna-viðskiftum reikningur sendur kaupanda og hann mótmælir ekki verði því, sem tilgreint er í reikningnum, svo fljótt sem hann fær því við komið, og er hann þá skyldur til að gjalda það verð, sem í reikningnum stendur, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið, eða reikningurinn er bersýnilega ósanngjarn.

7. gr.

Nú á að reikna kaupverð eftir tölu, máli eða þyngd, og skal þá leggja til grundvallar þá tölu, mál eða þyngd, sem varningurinn hafði á þeirri stund, er hættan við, að varan farist, flyzt yfir á kaupanda.

8. gr.

Ef kaupverð er miðað við þunga vöru, skal svo meta sem umbúðir beri frá að draga.

Um staðinn, þar sem skila ber seldum hlut (afhendingarstaðinn).

9. gr.

Seljandinn á að skila af sér seldum hlut á þeim stað, þar sem hann átti heima þegar kaupin gerðust. Ef hann rak þá atvinnu og salan stóð í sambandi við hana, þá á hann að skila hlutnum af sér á atvinnustöð sinni.

Ef hluturinn var á öðrum stað á þeim tíma, er kaupin gerðust, og vissu báðir samningsaðilar um það eða áttu að vita, þá skal svo á líta, að hlutnum eigi þar að skila, sem hann þá var.

10. gr.

Ef seljandi á að senda seldan hlut frá einum stað til annars, til að skila honum þar í hendur kaupanda, þá er svo á litið, að hann hafi skilað hlutnum, þá er hann hefir afhent hann í hendur framflytjanda þess, er tekist hefir á hendur að flytja hlutinn þaðan, sem hann tekur við honum. Eigi að senda hlutinn á skipi, þá skal telja honum skilað, er hann er kominn á skipsfjöl.

11. gr.

Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kauptúni eða þorpi, og er þá ekki talið, að hinum selda hlut sé skilað fyr en hann er kominn í vörzlur kaupanda.

Um eindaga samninga.

12. gr.

Ef enginn samningur hefir um það verið gerður, hve nær kaupverð eigi að greiða eða keyptum hlut eigi að skila í hendur kaupanda, og atvik liggja ekki svo til, að af þeim verði ráðið, að þetta skuli gera hið allra bráðasta, þá skal svo á líta, að andvirði beri að greiða eða hlut að afhenda hve nær sem krafist er.

13. gr.

Nú er frestur á kveðinn fyrir því, hve nær seldum hlut skuli skila, og er þá seljanda rétt að skila hlutnum á hverjum þeim tíma, er hann kýs, innan þess frests, nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var tiltekinn kaupanda í hag.

Um rétt til að krefjast, að hönd selji hendi á báðar hliðar.

14. gr.

Ef enginn frestur hefir veittur verið af hendi hvorugs aðila, þá er seljandi ekki skyldur að láta af hendi seldan hlut, nema kaupverðið sé samtímis greitt, enda er kaupandi ekki skyldur að greiða kaupverðið nema hann fái samstundis hlutinn til umráða.

15. gr.

Nú hefir svo verið um samið, að hlutinn skuli senda frá afhendingarstað, og heimila þá ummæli næstu greinar hér á undan seljanda ekki að láta vera að senda hlutinn, en varna má hann því, að kaupandi fái hlutinn í sínar vörzlur meðan kaupverðið er ógreitt.

16. gr.

Nú er um kaupmanna-viðskifti að tefla, og er hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, en hleðsluskírteini það, sem notað er, er svo lagað, að seljandi missir umráð yfir hlutnum þá er hleðsluskírteinið er afhent kaupanda, og skal kaupandi þá greiða andvirðið um leið og hann tekur við hleðsluskírteininu samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 71. gr. hér á eftir.

Um ábyrgð á hættu fyrir seldan hlut.

17. gr.

Hættan á því, að seldur hlutur farist af tilviljun, skemmist eða rýrni, er á ábyrgð seljanda, þar til er hann hefir skilað hlutnum af sér eða afhent hann (sbr. 9.—11. gr.)

Ef það er ákveðinn hlutur, sem seldur var, og kaupandi átti að sækja hann, enda kominn sá tími, er sækja mátti hlutinn, og hann er á reiðum höndum, ber þá kaupandi ábyrgð á hættunni og verður því að gjalda kaupverðið, þó að svo atvikist, að hluturinn farist eða skemmist.

Um arð af seldum hlut.

18. gr.

Nú ber seldur hlutur arð áður en afhendingartími er kominn, og á þá seljandi þann ágóða, nema ástæða hafi verið til að ætla, að sá ágóði mundi ekki falla til fyr en síðar.

Þann ágóða, sem af seldum hlut fæst eftir að afhendingartími er kominn, eignast kaupandi, nema að ástæða hafi verið að ætla, að sá ágóði mundi fyrri til falla.

19. gr.

Ef maður kaupir hlutabréf, þá er í kaupinu sá arður, sem ekki var í gjalddaga fallinn þegar kaup gerðust.

Nú fylgir hlutabréfinu réttur til að skrifa sig fyrir nýju hlutabréfi, eða hlutabréfið fær þann rétt síðar, þá nýtur kaupandi þeirra hagsmuna.

20. gr.

Ef maður kaupir skriflega skuldakröfu, sem ber vöxtu, þá eru í kaupinu vextir þeir, sem á voru fallnir, en ekki komnir í gjalddaga, þá er kaup gerðust, eða á afhendingardegi, ef afhending á síðar að fara fram en kaup. Ef það sést ekki af atvikum, að krafan hafi verið seld sem óvís krafa, þá á kaupandi að greiða umfram kaupverðið og samtímis því svo mikið fé, sem vöxtunum svarar.

Um drátt af hendi seljanda.

21. gr.

Nú afhendir seljandi ekki seldan hlut á réttum tíma, enda sé þetta ekki kaupanda að kenna eða neinum ósjálfráðum atburði, sem kaupandi ber ábyrgð af hættunni við, og á þá kaupandi kost að kjósa, hvort hann vill heldur heimta hlutinn eða rifta kaupið.

Hafi drátturinn haft lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda, eða seljandi hlaut að álíta að svo væri, þá getur kaupandi ekki rift kaupið, nema hann hafi áskilið sér, að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma.

Í kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur metinn verulegur, nema það sé að eins lítill hluti hins selda, sem afhending hefir dregist á.

22. gr.

Nú er svo um samið, að seljandi skuli afhenda smátt og smátt, og ber svo til, að ein sérstök afhending dregst, þá á kaupandi samkvæmt næstu grein á undan að eins rétt á að rifta kaupin að því er til þeirrar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig riftað kaup að því er til síðari afhendinga kemur, ef vænta má, að drætti á afhendingum muni halda áfram, og hann getur jafnvel rift alt kaupið í heild sinni, ef það samband er í milli afhendinganna, að það veiti tilefni til þess.

23. gr.

Nú er kaup er gert um ákveðinn hlut, en hann ekki afhentur á áskildum tíma, og á þá seljandi að svara skaðabótum, nema það sannist, að drátturinn var ekki honum að kenna.

24. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er seljandi skyldur að svara skaðabótum, enda þótt drátturinn sé ekki honum að kenna, nema hann hafi áskilið sér að vera undan þessari skyldu þeginn, eða telja verður, að atvik, sem ekki voru þess eðlis, að seljandi hefði átt að hafa þau í huga, er kaupin gerðust, hafi valdið því, að honum var alls eigi auðið að efna það, sem hann hafði um samið, og má til slíkra atvika telja það, er svo ber undir, að allir hlutir af hinni tilteknu tegund eða þeim vöruhóp, er kaup er um gert, hafa af óviðráðanlegum orsökum farist; svo er og ef styrjöld tekur fyrir efndir, eða aðflutningsbann eða því um líkt.

25. gr.

Nú hefir kaup verið rift og svara ber skaðabótum samkvæmt 23. og 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því, sem verð hluta af sömu tegund og gæðum sem hinir seldu hlutir, er hærra, þá er afhending átti fram að fara, heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sé, að annað meira tjón hafi af hlotist. Nú dregur kaupandi ekki að nauðsynjalausu að kaupa aðra hluti í stað þeirra, sem kaup var á rift, og kaupir hlutina þar sem viðunanlegur markaður er þeirrar vöru, enda sannar hann, ef hann hefir eigi átt kost á að nota milligöngu brakúns, að hann keypti fyrir það verð, er þá var títt þar á staðnum, og getur seljandi þá eigi neitað því, að verð það, sem kaupandi greiddi, verði matið verð hlutanna.

26. gr.

Nú er afhendingarfrestur út runninn, en hinn seldi hlutur hefir eigi verið afhentur, og verður kaupandi þá, ef hann vill halda fast á kaupinu og eigi rifta það, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta frá seljanda. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að heimta hlutinn sér afhentan. Sama er og þótt hann hafi enga fyrirspurn fengið, ef hann skýrir ekki frá því innan sennilegs tíma, að hann æski að kaupið haldist.

27. gr.

Nú hefir seld vara verið afhent eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vís, þá er varan kemur honum í hendur: eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að varan hefir verið síðar afhent en áskilið var, og verður hann þá, ef um kaupmanna-viðskifti er að tefla, að skýra seljanda frá þegar í stað eða án óþarfrar tafar, að hann ætli sér að neyta réttar síns út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að koma síðar fram með nokkura kröfu af því tilefni. Ætli kaupandi sér að neyta réttar síns til að rifta kaupið, þá verður hann að skýra seljanda frá þessu án óþarfs dráttar; ella missir hann þann rétt sinn.

Um drátt af kaupanda hendi.

28. gr.

Ef kaupverð er ekki greitt í ákveðna tíð, eða kaupandi gerir ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins er undir komin, þá má seljandi gera hvort er hann vill, halda upp á hann kaupinu eða rifta það. Sé drátturinn ó-

verulegur, verður kaupið þó ekki rift. Í kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur talinn verulegur.

Nú er það, sem selt var, þegar komið í vörzlur kaupanda, og getur seljandi þá ekki rift kaupið, nema annaðhvort sé, að álíta verður, að hann hafi áskilið sér þenna rétt, eða þá kaupandi neitar að taka við hlutnum.

29. gr.

Sé svo um samið, að seljandi afhendi smátt og smátt, og andvirði skuli greitt við hverja afhendingu, en svo verður dráttur á greiðslu andvirðis, sá, er meta má verulegan eftir fyrri málsgr. 28. greinar, þá á seljandi rétt á að rifta kaupin á öllu, því er síðar skyldi afhent, nema engin ástæða sé til að óttast, að dráttur muni aftur að höndum bera. Þetta á sér stað, þó að seljandi geti ekki samkvæmt síðari hluta 28. gr. rift kaupið er kemur til þeirrar sendingar, sem andvirði dróst fyrir.

30. gr.

Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 28. og 29. gr., og á hann þá rétt til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo meta, að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð vörunnar á þeim tíma, er drátturinn varð, nema sannað verði, að seljandi hafi annað meira tjón af hlotið.

Ef vara er seld af löggiltum brakún á þann hátt, er um getur í 25. gr., þá getur kaupandi eigi mótmælt því, að það verð, er við þá sölu fekst, verði talið verð vörunnar.

31. gr.

Nú er kaupverð ekki greitt, þó að gjalddagi sé liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá líða að gera slíka ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en hinn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að skýra kaupanda frá því án óþarfrar tafar innan sennilegs tíma, hvort sem kaupandi hefir sent honum fyrirspurn um það eða ekki.

32. gr.

Nú er kaupverðið greitt of seint eða ráðstöfun sú, sem um er getið í 28. gr., gerð of seint, og verður seljandi þá, ef hann vill rifta kaupið af þeirri ástæðu, að skýra kaupanda frá því þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að tefla, en annars án óþarfs dráttar. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að rifta kaupin.

33. gr.

Nú lætur kaupandi hjá líða að vitja hins keypta hlutar eða veita honum viðtöku á réttum tíma, eða hann er þess valdandi á annan hátt, að hluturinn er ekki afhentur í hans hendur í ákveðna tíð, og skal þá seljandi annast hlutinn á kaupanda kostnað þar til er drætti þessum lýkur, eða seljandi neytir þess réttar, sem 28. gr. kann að veita honum til að rifta kaupið. Nú er hluturinn sendur og kominn á viðtökustað, og eiga þá fyrirmæli þessi því að eins við, að þar sé einhver, sem fyrir seljanda hönd getur tekið hlutinn til varðveizlu, enda valdi það seljanda eigi verulegum kostnaði eða óþægindum.

34. gr.

Geti seljandi ekki haldið áfram að annast hlutinn, án verulegs kostnaðar eða óþæginda eða ráðstafi kaupandi honum ekki innan sennilegs tíma eftir að hann hefir fengið áskorun um það, þá er seljanda rétt að selja hlutinn fyrir kaupanda reikning; en gera skal hann kaupanda viðvart áður í tæka tíð, ef auðið er. Ef löggiltur brakún, sem fengið hefir vitneskju um tegund sölunnar, er látinn selja hana á viðunanlegum stað, þar sem markaður er fyrir þá vöru, eða hluturinn er seldur á uppboði, sem auglýst er og haldið á viðunanlegan hátt, þá getur kaupandi ekki mótmælt því verði, sem við söluna fæst. Ef eigi er auðið að selja hlutinn, eða það er sýnilegt, að söluverðið muni eigi hrökkva fyrir sölukostnaði, þá er seljanda rétt að flytja hlutinn burt, ef hann vill.

35. gr.

Nú er hlutnum hætt við bráðum skemdum eða geymsla hans hefir í för með sér ýkjumikinn kostnað tiltölulega, og er þá seljanda skylt að selja hann, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af niðurlagi 34. gr. Sé eigi auðið að selja hlutinn skaðlaust á neinn þann hátt, sem þar er sagt, skal selja hann eins og bezt verður.

36. gr.

Nú hefir dráttur af kaupanda hálfu valdið seljanda útgjöldum til varðveizlu hlutarins eða öðrum auknum kostnaði, og á seljandi þá rétt á skaðabótum, og getur hann haldið hlutnum til tryggingar fyrir þeim.

37. gr.

Ef seldur hlutur er í ábyrgð seljanda, en kaupandi hefir gerst þess valdur, að hluturinn verður ekki afhentur á réttum tíma, þá flyzt ábyrgðin yfir á kaupanda, ef um þá hluti er að tefla, sem ákveðnir eru eftir tegund, þó ekki fyr en ákveðnum hlutum hefir verið af skift og þeir til teknir handa kaupanda.

Um vöxtu af kaupverði.

38. gr.

Ef gjalddagi er ákveðinn í kaupmanna-viðskiftum og andvirði eigi greitt í ákveðna tíð, þá á kaupandi að svara 6% ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga. Hafi enginn gjalddagi verið ákveðinn, á kaupandi að svara þessum vöxtum frá þeim degi, er varan var afhent, eða, hafi kaupandi verið þess valdur, að dráttur varð á afhendingunni, þá frá þeim degi, er sá dráttur hófst.

Í öðrum viðskiftum á kaupandi að svara 5% ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga, hvort sem gjalddagi var ákveðinn eða ekki. Nú fær kaupandi reikning frá seljanda á þeim tíma, er kaupverðið var gjaldkræft orðið, og falla þá vextir á frá viðtöku reikningsins, án þess aðra kröfu þurfi um að gera.

Eldri venja eða lagaákvæði um vaxtahækkun frá þeim degi, er kröfuhafi leitar réttar síns, skulu eigi gild vera framar, þá er vextir eru taldir samkvæmt þessari grein.

Um það er kaupandi getur eigi staðið í skilum.

39. gr.

Nú verður kaupandi gjaldþrota eftir að kaup voru gerð eða tilraun er hafin um nauðungarsamning fyrir hann, þá er seljanda rétt að halda hinum selda hlut, þó að gjaldfrestur hafi áskilinn verið, og sé hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, þá má seljandi varna því, að hann sé afhentur búinu, unz nægileg trygging er sett fyrir greiðslu kaupverðsins í gjalddaga. Ef afhendingartími er kominn og búið hefir ekki sett slíka tryggingu, þó að seljandi hafi á það skorað, þá má hann rifta kaup, ef hann vill.

Þessum fyrirmælum skal einnig beita, ef það kemur fram við fjárnám eftir að kaup eru gerð, að kaupandi hefir eigi efni á, að greiða skuld sína, eða hann hefir hætt greiðslum, enda sé hann kaupmaður, eða fjárhagur hans að öðru leyti reynist slíkur, að ætla má, að hann geti eigi greitt kaupverðið, þá er það fellur í gjalddaga.

40. gr.

Ef bú kaupanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskifta, en hvorki er kominn sá tími, er seldan hlut átti að afhenda, eða gjalddagi kaupverðsins, þá getur seljandi skorað á búið að lýsa yfir því, hvort það vill ganga í kaupin, og lýsi búið þá ekki yfir því svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan þriggja vikna, eða fjögra vikna, ef um innlend viðskifti er að tefla, eða þá á afhendingardegi eða gjalddaga, ef það tímamark ber fyr að höndum, að það vilji í kaupið ganga, þá má seljandi rifta kaupið.

41. gr.

Hafi hinn seldi hlutur verið afhentur þrotabúinu eftir að búið var framselt til gjaldþrotameðferðar, en kaupverðið er eigi greitt, á seljandi rétt á að heimta hlut sinn aftur, nema búið lýsi yfir því, að það vilji í kaupið ganga, enda greiði þá kaupverðið eða setji tryggingu fyrir greiðslu þess í gjalddaga, ef krafist er. Hafi búið látið hlutinn af hendi eða á annan hátt ráðstafað honum þannig fyrir sinn reikning, að eigi er auðið að skila hlutnum aftur í verulega óbreyttu ástandi, þá er seljanda rétt að líta svo á, sem búið hafi gengið í kaupið.

Um það er seldum hlut er áfátt.

42. gr.

Nú er ákveðinn hlutur seldur og er honum áfátt eða galli á honum, þá má kaupandi rifta kaupin eða heimta afslátt af kaupverði að tiltölu. Ef gallinn verður að teljast óverulegur, getur kaupandi ekki riftað kaupið, nema seljandi hafi svik í frammi haft.

Nú skortir hluti, þá er kaup gerðust, einhverja þá kosti, er ætla má að áskildir væru, eða það, sem hlutnum er áfátt, hefir gerst fyrir vanrækt seljanda eftir að kaup voru gerð, eða seljandi hefir haft svik í frammi, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta.

43. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem til teknir eru eftir tegund, og þeir reynast gallaðir þá er þeim er skilað, getur kaupandi rift kaupið eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað, eða heimtað tiltölulegan afslátt af kaupverði.

Ef telja verður það óverulegt, sem að hlutunum er, þá verður ekki kaup rift né annara hluta krafist í staðinn, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða vitað um það, sem áfátt var svo tímanlega, að hann hefði getað útvegað aðra hluti ógallaða án ósanngjarns kostnaðar.

Enda þótt seljanda sé ekki um að kenna það, sem að söluhlutunum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir fyrirmælum 24. gr. eftir því sem við á.

44. gr.

Nú skal úr því skal skera, hvort söluhlut sé áfátt, og verður þá að miða við það tímamark, er hluturinn fluttist yfir í ábyrgð kaupanda, nema því að eins, að vanhirðu seljanda sé um að kenna, það sem áfátt er.

45. gr.

Nú er kaup rift sakir þess, að söluhlut er áfátt, og skal þá einnig fara eftir fyrirmælum 25. gr., er skaðabætur eru ákveðnar.

46. gr.

Hafi svo verið um samið, að seljandi afhendi hina seldu muni smátt og smátt, og reynist einni sérstakri afhendingu áfátt, þá getur kaupandi samkvæmt 42. og 43. gr. að eins rift kaup að því, er til þessarar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup á því, sem eftir er að afhenda, ef við má búast, að þeim muni einnig áfátt verða; og hann getur jafnvel rift alt kaupið, ef atvik liggja svo til í sambandi afhendinganna hverrar við aðra.

47. gr.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlutinn áður en kaup gerðust eða látið fyrir farast án sennilegrar ástæðu að rannsaka hlutinn, þó að seljandi skoraði á hann um það, eða honum var færi á gefið að rannsaka sýnishorn af söluhlutnum áður en kaup gerðust, getur hann ekki borið fyrir sig neina þá galla á söluhlutnum, sem hann hefði átt að sjá við þá rannsókn, nema seljandi hafi haft svik í frammi.

48. gr.

Ef hlutur er seldur á uppboði, getur kaupandi ekki borið fyrir sig neinn galla á hlutnum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var auðkendur með við söluna, eða seljandi hafi haft svik í frammi. Þessi ákvæði gilda þó ekki þá er kaupmaður selur varning sinn á uppboði.

49. gr.

Nú býðst seljandi til að bæta úr göllum, sem eru á seldum hlut, eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, og verður kaupandi þá að sætta sig við það, ef það verður gert áður en sá frestur er úti, sem hann var skyldur til að bíða afhendingar (sbr. 21. gr.), enda sé það augljóst, að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu.

Þessi fyrirmæli hafa engin áhrif á rétt kaupanda til skaðabóta.

50. gr.

Fyrirmæli laga þessara um galla á söluhlut eiga einnig við að sínu leyti þá er mergð, stærð eða þungi þess, sem selt var, er minni en áskilið er, ef kaupandi má ganga að því vísu, að ætlast sé til, að það, sem afhent er, séu fullar efndir þess, sem um var samið. þá er þannig stendur á, getur kaupandi ekki samkvæmt 43. gr. krafist annara hluta í stað þeirra, sem afhentir voru, en í stað þess getur hann heimtað, að sér sé afhent það, sem upp á vantar, hvort sem þetta er meiri eða minni hluti þess, sem afhenda átti.

51. gr.

Sé um kaupmanna-viðskifti að tefla, og sé söluhluturinn afhentur og kominn kaupanda í hendur eða tilraunar-sýnishorn, sem um var samið, er komið honum í hendur, þá er hann skyldur til að rannsaka hlutinn svo sem góð verzlunartízka heimtar. Eigi að senda hlutinn úr einum stað í annan, er kaupandi þó ekki skyldur að rannsaka hann fyrri en hluturinn er þangað kominn, sem hann á að fara, og kaupanda hefir verið gerður kostur á að veita honum viðtöku á þann hátt, að honum hefði verið skylt að annast hlutinn samkvæmt 56. gr.

52. gr.

Komi það í ljós, að söluhlut er ábótavant og kaupandi vill bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að tefla, en ella án ástæðulauss dráttur. Nú hefir kaupandi orðið þess var, að hlutnum var áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var, og skýrir hann eigi seljanda frá, svo sem hér er fyrir mælt, þá getur hann ekki síðar borið það fyrir sig, að hlutnum hafi áfátt verið.

Ef kaupandi vill rifta kaup eða krefjast viðbótar eða nýrra hluta í stað þeirra, sem hann hefir fengið, skal hann skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar; ella missi hann rétt sinn til þess að hafna hlutnum eða krefjast viðbótar.

53. gr.

Ákvæði 52. gr. um það, að kaupandi missi rétt sínn til þess að bera fyrir sig, að söluhlut hafi áfátt verið, gilda þó ekki, ef seljandi hefir haft svik í frammi eða sýnt af sér vítaverða vanhirðu, sem hefir í för með sér talsvert tjón fyrir kaupanda.

54. gr.

Nú er ár liðið frá því er kaupandi fekk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn langan tíma eða haft svik í frammi.

Fyrirmæli um það, er sölumunum er neitað viðtöku, og um rifting kaupa.

55. gr.

Hafi kaupandi fengið hlut í hendur, þann er hann vill neita viðtöku, þá er hann skyldur að annast um hlutinn, en krafið getur hann seljanda endurgjalds

á þeim kostnaði, er af þessu leiðir. Fyrirmæli 34. og 35. gr. eiga við um þetta eftir því sem á stendur.

56. gr.

Nú hefir hluturinn verið sendur svo, að kaupandi á kost á að taka hann til varðveizlu á staðnum, sem hann átti til að fara, en hann vill synja honum viðtöku, og er hann þó skyldugur að taka við honum til varðveizlu á kostnað seljanda.

Þetta á þó ekki við, ef seljandi er sjálfur á viðtökustaðnum eða þar er handhafi hleðsluskírteinis eða annar, sá er fyrir seljanda hönd getur annast um hlutinn. Sama er og ef kaupandi getur ekki fengið hlutinn í sínar vörslur án þess að greiða andvirði hans eða baka sér annan verulegan kostnað eða óþægindi.

Hafi kaupandi tekið hlutinn í sínar vörzlur, eiga við fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

57. gr.

Sé kaup rift, á seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aptur, nema hann skili aftur því, er hann hefir fengið af andvirði hans, og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt, nema hann skili aptur því, er hann hafði við tekið, í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu, sem það var í, er hann tók við því.

Nú riftir kaupandi kaup eða krefst skifta á hlutum, og á hann þá rétt á að halda þeim hlut, er hann hefir fengið, þar til er seljandi svarar skaðabótum, þeim, er honum ber, eða setur nægilega trygging fyrir þeim.

58. gr.

Jafnvel þótt hluturinn sé forgörðum farinn eða breyttur, getur kaupandi þó rift kaupið, þrátt fyrir ákvæðin í næstu grein hér á undan, ef það, að hluturinn fór forgörðum eða breyttist, er ósjálfráðri tilviljun að kenna eða ásigkomulagi hlutarins sjálfs eða ráðstöfunum, sem nauðsynlegar voru til að rannsaka hann, eða voru gerðar áður en það kom í ljós eða hefði átt að koma í ljós, að hlutnum var svo ábótavant, að af því leiddi rétt til að rifta kaupin.

Um vanheimild.

59. gr.

Nú kemur það fram, að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gerðust, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta af seljanda, og það þótt seljandi hafi eigi betur vitað en að hann ætti hlutinn. Ef kaupandi hafði fullan grun eða vitneskju um vanheimild seljanda, þá er kaupin gerðust, þá á hann engan rétt til skaðabóta.

Um kaup til reynslu.

60. gr.

Ef hlutur er keyptur til reynslu eða með því skilyrði, að kaupandi megi skoða hlutinn áður en kaupið er fullgert, og hluturinn hefir verið afhentur, þá er kaupandi þó bundinn við kaupin, nema hann skýri seljanda frá innan til tekins

tíma, eða innan hæfilegs frests, ef enginn tími var fastákveðinn, að hann vilji eigi hlutinn hafa.

Meðan hluturinn er hjá kaupanda til reynslu eða skoðunar, er hann í ábyrgð kaupanda.

Um tilkynningar eftir lögum þessum.

61. gr.

Ef slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52. og 54. gr., er afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, missir tilkynnandi engan rétt við það, að tilkynningunni seinkar eða að hún kemur eigi til skila.

Hið sama gildir um tilkynningar frá seljanda, sem um er rætt í 31. og 32. gr.

Um þýðingu ýmsra söluskilyrða.

62. gr.

Ef varningur er seldur »fritt á skipsfjöl« (fob) á tilteknum stað, verður kaupandi að hafa þar til skip eða áskilið skipsrúm til að flytja varninginn þaðan.

Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, sem lög áskilja á þeim stað eða viðskiptatízka er til.

Nú er varningur kominn á skipsfjöl, og er hann þá úr ábyrgð seljanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eptir ástandi því, sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd og stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó kaupandi hafi skip til taks eða skiprúm til að taka við varningnum leiðir ekki af því, að kaupandi sé skyldur til að rannsaka varninginn fyrri en hann er kominn á viðtökustað; ekki hamlar þetta heldur seljanda frá að neyta þess réttar, sem honum er áskilinn í 15., 28. og 39. gr.

Kaupandi er skyldur að greiða andvirði gegn móttöku hleðsluskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr., þó að ekki sé svo sérstaklega um samið.

63. gr.

Ef varningur er seldur »flutnings-fritt« (Cost and freight, c & f, c f) skal seljandi annast og kosta sending hans til viðtökustaðar.

Nú er varningur afhentur farmflytjanda eða honum komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr., og er hann úr því í ábyrgð kaupanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, sem seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó að ekki sé sérstaklega svo um samið, er kaupandi skyldur til að greiða andvirði gegn móttöku hleðsluskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr.

Þótt andvirði sé ekki í gjalddaga komið, þá er varningur kemur til

kaupanda, er kaupandi þó skyldur til að greiða það flutningsgjald, er seljandi hefir eigi greitt, en draga má hann það frá kaupverðinu, án þess að reikna sér þó vöxtu af því.

64. gr.

Nú er varningur seldur »cif« (cost, insurance, freight) eða »caf« (coût, assurance, fret), og gilda þá fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

Auk þess á seljandi að annast venjulega vátrygging fyrir kaupanda hönd fyrir þann hluta sendingar, sem hann ber ekki sjálfur ábyrgð á. Láti seljandi hjá líða að vátryggja þannig varninginn, enda sé kaup eigi fyrir þá skuld rift, þá getur kaupandi heimtað bætur fyrir það tjón, er hann kynni að hafa beðið af vanhirðu seljanda, eða hann getur sjálfur vátrygt varninginn og dregið þann kostnað frá andvirði varningsins.

65. gr.

Nú er varningur seldur »athentur« eða »frítt« (franko) á til tekinn stað, og telst hann þá ekki afhentur fyr en hann er á þann stað kominn. Seljandi á þá að annast um og kosta sending varnings þangað, og ber hann ábyrgð á honum meðan á sendingunni stendur.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann kom til skila. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Sé orðið »afhent« notað í sambandi við »flutningsfrítt« »c og f« «cf«, »cif« eða »caf«, þá hefir merking orðsins »afhent« engin áhrif á téð söluskilyrði.

66. gr.

Ef varningur er keyptur með þeim ákvæðum, er gefa nokkurt svigrúm um mergð hans, þyngd eða stærð, t. d. »cirka«, »frá — til« eða því um líkt, þá veitir það seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna.

Ef orðið »cirka« er notað eða »hér um bil«, þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að tefla, en 5% ella.

67. gr.

Nú er seldur »farmur«, og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rétt á skaðabótum.

68. gr.

Ef svo er til skilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka »í byrjun« (»primo«), í »miðju« (»medio«) eða »í lok« (»ultimo«) mánaðar, er það að skilja, eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum.

Þá er verðskjöl eru seld, merkir »primo« fyrsta virkan dag í mánuði, »medio« fimtánda dag í mánuði, eða næsta virkan dag, ef sá dagur er heilagur, »ultimo« síðasta virkan dag í mánuði.

69. gr.

Hafi seljandi skuldbundið sig til að senda frá sér varning á ákveðnum fresti, skal svo á líta, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, ef henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur þau flutningstæki, er við henni skyldu taka, á þeim tíma.

Sé hleðsluskírteini gert um sendinguna og beri það ekki með sér, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, getur kaupandi hafnað vörunni.

70. gr.

Ef áskilin er »borgun út í hönd«, er kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhluturinn er boðinn honum til umráða (sbr. 14. og 15. gr.)

71. gr.

Hafi kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirði við meðtöku hleðsluskírteinis, eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent hleðsluskírteini, má hann ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sé ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann.

Þá er greiðslu er krafist eða víxil-samþykkis gegn afhendingu hleðsluskírteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að vátryggja varninginn, verður vátryggingarskírteini að fylgja hleðsluskírteini.

Það, sem hér er mælt, á einnig við þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við meðtöku slíks hleðsluskírteinis, sem um er getið í 16. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta alþingi af nefnd þeirri, sem skipuð var í neðri deild til að athuga verzlunar- og atvinnumál landsins; það gekk óbreytt fram í neðri deild, en varð ekki útrætt í efri deild.

Með því að stjórnin verður að telja frumvarp þetta mjög mikilsvert, og nauðsynin á slíkri löggjöf verður æ brýnni, eftir því sem viðskifti innan lands og utan vaxa, þá leggur hún frumvarpið fyrir af nýju alveg óbreytt að efni til.

Frumvarpið er nákvæm þýðing á dönskum lögum nr. 102, 6. apríl 1906, en þau lög voru aftur svo til komin: Árið 1901 var skipuð nefnd manna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð til þess að semja sameiginlega fyrir þessi þrjú lönd frumvarp til laga um ýms atriði í viðskiftalífinu, sem annaðhvort voru eigi ákveðin í lögum eða að eins studdust á verzlunarvenju. Nefnd þessi var skipuð ágætum lögfræðingum og verzlunarfróðum mönnum, og starfaði hún nokkur ár, og var frumvarp þetta eitt af verkum nefndarinnar, og hefir það nálega samhljóða orðið að lögum í þessum umgetnu þremur löndum. Þar sem lög þessi hafi inni

að halda nákvæmar reglur um almenn viðskifti manna á meðal, reglur, sem ekki eru neitt sérkennilegar fyrir umrædd lönd, og þar sem til laganna hefir verið vandað svo vel, sem föng hafa verið á, svo að fá eða engin lög hafa fengið jafngóðan undirbúning, hefir stjórnarráðinu eigi þótt ástæða til, að breyta þeim í neinu verulegu, en þessar smá-breytingar hafa verið gerðar:

1. Í 4. gr. er aldurstakmarkið 15 ár fært upp í 16 ár, því það er í meira samræmi við íslenzka löggjöf.
2. Við 38. gr. Lög 6. apríl 1855 eða lík lagaákvæði um dráttarvexti gilda eigi hér á landi, en í rauninni mun þó líkum reglum hafa verið beitt. Samkvæmt því er í síðustu málsgrein gerð nauðsynleg breyting.
3. Í 40. gr. er bætt inn í: »eða fjögurra vikna, ef um innanlandsviðskifti er að tefla«. Eins og samgöngum enn er háttað hér á landi, einkum um vetur og við útkjálka landsins, þykir 3 vikna frestur heldur stuttur.

Frumvarp til laga

um

breytingu á tíma þeim, er hið reglulega alþingi kemur saman.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

Hið reglulega alþingi skal koma saman 15. maímán. annaðhvort ár, eða næsta virkan dag eftir, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 41, 20. okt. 1905 er ákveðið, að alþingi skuli koma saman 15. febrúar. En þareð þessi samkomudagur er óhentugur vegna hæpinna samgangna, og þarsem áhugi var á því meðal þingmanna á síðasa alþingi, að ákveðinn væri annar samkomudagur alþingis, er farið fram á það í lögum þessum, að alþingi skuli koma saman 15. maí, hafi konungur eigi tiltekið annan samkomudag sama ár.

Frumvarp til laga

um

vita, sjómerki o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

1. gr.

Vita, leiðarljós, sjómerki, dufl eða önnur leiðbeiningarmerki fyrir skip má ekki setja upp nema með leyfi stjórnarráðsins. Sá, sem óskar að koma upp einhverju þesskonar leiðbeiningarmerki, hvort sem það er hafnarnefnd, sýslunefnd, hreppsnefnd eða einstakur maður, verður að senda stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða merki, legu þess og tilgangi.

Stjórnarráðið bindur leyfið þeim skilyrðum, er þurfa þykir, eða neitar um það, ef merkið telst gagnslaust eða skaðlegt.

2. gr.

Eigandi eða umráðandi leiðbeiningarmerkis ber ábyrgð á því, að merkinu sé ávalt haldið í góðu standi og það fullnægi skilyrðum þeim, sem sett voru, þá er leyfið var veitt. Vanræki hann þetta, má stjórnarráðið eftir atvikum láta taka merkið burt á hans kostnað.

3. gr.

Leiðbeiningarmerkjum má ekki breyta nema með leyfi stjórnarráðsins og verður því umráðamaður, sem breyta vill merki, að leita til þess leyfis stjórnarráðsins að minsta kosti 2 mánuðum áður en hann ætlar að koma breytingunni á, og ef hann vill leggja merki niður, þá ber honum að tilkynna stjórnarráðinu það með 2 mánaða fyrirvara, enda sé honum ekki skylt að halda merkinu við áfram. En skyldur er hann þá að nema merkið svo rækilega á burt, að á því verði ekki vilst á eftir.

4. gr.

Nú bilar leiðbeiningarmerki, og skal þá eigandi eða umráðandi senda tafarlaust stjórnarráðinu tilkynning um bilunina með símskeyti og hraðboða eftir atvikum, og ber honum að koma merkinu í lag sem allra fyrst. Þegar merkið er komið í lag, skal hann senda stjórnarráðinu tilkynning um það.

5. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald og niðurlagning leiðbeiningarmerkja ná einnig til merkja þeirra, sem til eru, er lögin öðlast gildi.

6. gr.

Auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu allar breytingar, er verða á vitum og öðrum leiðbeiningarmerkjum fyrir skip, og ennfremur gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þær verði auglýstar utanlands eftir því, sem með þarf og á þann hátt, sem tíðkast hefir hingað til.

7. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfesting hafnarreglugerða, að sett séu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sé kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Hafnarnefndum er skylt að láta á kostnað hafnarsjóðs nema burt úr höfnum og af leiðum inn á þær skipsflök eða annað, er hefir sokkið þar eða rekið þangað og getur valdið skaða skipum, er þangað leita eða þar liggja, eða leggja dufli þar út til viðvörunar, að minsta kosti til bráðabirgða.

Nú verður ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða leiðar á höfn, og sker stjórnarráðið þá úr.

8. gr.

Þegar hafnsögumenn verða þess varir, að leiðbeiningarmerki á því svæði, þar sem þeir eru hafnsögumenn, eru í ólagi, ber þeim að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra viðvart um það tafarlaust.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr., og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í íslenzkum lögum eru eigi nein ákvæði, er komi í veg fyrir, að einstakir menn, félög, bæjar-, sveitar- eða sýslufélög setji upp leiðbeiningartæki fyrir skip, og mun því naumast hægt að banna slíkt nema alveg sérstaklega standi á. Hið sama er og um breytingar og brottnám eldri leiðarmerkja, nema um verknað sé að ræða, er 287. gr. hinna almennu hegningarlaga á við. En af þessu getur stafað hin mesta hætta fyrir skip og sjófarendur. Þótt það sé allilt, hversu fáir vitar og önnur sjómerki eru meðfram ströndum landsins, þá er hitt þó verra, ef sjófarendur mega eigi treysta þeim leiðbeiningatækjum, sem sett eru, vegna þess, að engin skylda er til að halda þeim við eða sjá um, að þau séu í lagi. Úr vitaleysinu hefir nú á síðustu árum verið bætt eigi alllítið af landsins hálfu, og nægi-

leg trygging er fyrir því, að þeim verður haldið við og eigi breytt án þess að nauðsynlegra varúðarreglna sé gætt.

En um önnur leiðarmerki verður eigi sagt hið sama. Á síðustu árum hefir þeim lítið eða ekkert fjölgað, og víða hér við land mun vera tilfinnanlegur skortur á þeim. Auk þess hefir hirðingu og umsjón með slíkum leiðarmerkjum verið allmjög ábótavant, og hefir þetta orðið til þess, að sjómenn bera hið mesta vantraust á merkjum þessum, og í erlendum lýsingum á ströndum landsins eru sjófarendur eigi allsjaldan varaðir við að treysta sjómerkjum og duflum hér við land. Þetta er eigi heldur að ástæðulausu, eins og drepið var á; því að þess munu nokkur dæmi, að sjómerki hafa verið sett upp, auglýst hér á landi, og erlendis og sýnd á sæbréfum, en eftir lengri eða skemri tíma hafa þau slitnað upp eða farist á annan hátt og eigi verið sett aftur, og þá sjaldnast verið auglýst, að þau hafi verið tekin burtu, sjálfsagt sérstaklega eða eingöngu vegna þess, að þeir sem hlut eiga að máli hafa eigi hugsað um, að þetta getur valdið miklu eigna- og manntjóni, og því látið vera að tilkynna landsstjórninni það, svo að það að minsta kosti yrði auglýst. Þessu virðist alveg nauðsynlegt að hrinda í lag með lögum, því að á annan hátt verður það eigi gert, og þessvegna hefir frumvarp þetta verið samið. Tilgangur þess er eins og sjá má af því, sem sagt hefir verið, bæði sá, að gera þeim, sem hlut eiga að máli, að skyldu að halda við þeim sjómerkjum, sem þegar eru, og afla þeim þannig trausts hjá sjófarendum og gefa stjórnarráðinu heimild til, þegar því þykir rétt vera, að skipa fyrir um uppsetning nýrra leiðbeiningarmerkja m. m.

Um frumvarpsgreinarnar skal það tekið fram, er hér segir:

Um 1. gr.

Það er ætlast til þess, að ákvæði greinar þessarar eins og lögin yfir höfuð, nái til allra leiðbeiningarmerkja við siglingar, bæði þeirra, sem nú tíðkast, og þeirra, sem síðar kynnu að verða tekin upp. Að vísu mun það tíðast, að einstakir menn eða sveitarfélög reisa aðeins minni háttar leiðbeiningarmerki, svo sem leiðarljósker, vörður o. s. frv. Þó reisti einstakur maður fyrir nokkrum árum ekki alllítinn vita hér og verzlunarfélag eitt annan vita nýlega.

Það er nauðsynlegt, að beiðnum um leyfi til að stofnsetja ný leiðbeiningarmerki fylgi nákvæm lýsing á merkinu, legu þess og tilgangi. Í fyrsta lagi til þess að hægt sé að sérkenna merkið í auglýsingum um það og legu þess, og í öðru lagi til þess að hægt sé að ákveða, hvernig merkið eigi að vera gert, til þess að veita þá leiðbeining, sem því er ætlað, því nokkurn veginn algildar reglur eru fyrir því, hvernig sjómerki eigi að vera til að leiðbeina í einu sem öðru; t. d. merki með þessu lagi sýnir grynningar, með öðru lagi skipaleið o. s. frv.

Um 2. gr.

Þessi grein er bein afleiðing að tilgangi frumvarpsins og þykir eigi þurfa skýringa við.

Um 3. gr.

Breyting á merki verður að fylgja sömu reglum og uppsetning nýs merkis, og breyting má ekki gera nema nægilegt svigrúm sé til að kunngera það sjófarendum. Hið sama er og um brottnám merkis, auk þess sem skylt verður að vera að gera það þannig, að eigi verði á vilst á eftir.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein ber umráðanda merkis að skýra stjórnarráðinu frá svo fljótt sem verða má, ef það bilar. Er þetta gert til þess, að slíkt verði auglýst svo fljótt sem unt er, til viðvörunar fyrir skip.

Um 5. gr.

Lög þessi verða einnig að ná til merkja þeirra, sem til eru þegar þau öðlast gildi, að því leyti, sem ákvæði laganna geta átt við um þau.

6. gr.

virðist ekki þurfa skýringa við.

Um 7. gr.

Allvíða hér á landi verða skip að greiða hafnargjöld. Tilgangurinn með gjöldum þessum mun upprunalega hafa verið að útvega kaupstöðum eða kauptúnum tekjur eða stofna sjóð til endurbóta höfninni, enda er það eðlilegast, að skip njóti góðs af gjaldi þessu. En þetta mun oft og einatt hafa orðið misbrestasamt, og hafnarnefndir hafa lagt litla rækt við að endurbæta hafnirnar. Í grein þessari er því gert ráð fyrir, að stjórnarráðinu verði veitt heimild til að fyrirskipa, að nauðsynleg siglingamerki verði sett á höfnum eða á innsiglingarleið til þeirra, og er þetta bæði gert til þess, að fullnægja ofannefndri sanngirniskröfu, og eins til þess að bæta nokkuð úr þeirri þörf, sem er á fjölgun sjómerkja hér við land, en ætlast er til, að þess sé gætt, að íþyngja eigi hafnarsjóðum um of með kröfum í þessa átt, enda naumast mjög hætt við því, þar sem slík merki eru venjulega fremur ódýr, en geta þó unnið hið mesta gagn, á svipaðan hátt og vörður á landvegum. Í sambandi við þessi ákvæði verður einnig að gera hafnarnefndum að skyldu að sjá um, að það, sem sekkur á höfnum eða rekur þangað og grandað getur skipum, verði annaðhvort tekið burtu eða viðvörunarmerki sett við; það er nauðsynlegt til þess, að skipstjórnarmenn geti treyst höfnunum, en landsstjórnin hefir ekki haft lagaheimild til að framfylgja þessu gagnvart hafnarnefndum.

Um 8. gr.

Það virðist mjög hentugt, að leggja hafnsögumönnum þá byrði á herðar, sem grein þessi gerir ráð fyrir, þar sem þeir fara manna oftast um þau svæði, er hér ræðir um, og ætla má, að þeir öðrum fremur hafi vakandi áhuga á, að leiðarmerki séu í lagi, enda verður skylda þessi að teljast mjög léttbær.

9. gr.

virðist eigi þurfa skýringar.

Frumvarp til laga

um

úrskurðarvald sáttanefnda.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 100 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann.

b. Þegar sáttanefnd hefir eftir árangurslausa sáttatilraun skorað á skuldunaut, að veita skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann viðurkennir afdráttarlaust að skylt sé honum að greiða hana, en vill þó eigi sættast, eða eigi er auðið að koma á sátt um ýms auka-atriði, svo sem greiðslufrest, vexti og ómaksþóknun til skuldheimtumanns og kostnað.

Sáttanefnd ritar í sáttabók og les fyrir málsaðilum krófur skuldheimtumanns, svo og viðurkenningar skuldunauts og mótmæli hans.

2. gr.

Fyrirmæli 1. gr. gilda þó ekki:

a. Þegar skuldheimtumaður hefir gert það, til að tryggja krófu sína, að hann hefir beitt kyrsetningu eða lögbanni, sem mótmælt er af skuldunaut.

b. Þegar fleiri en einn hafa kærðir verið við sáttanefnd um sömu skuld, og allir kannast eigi við að hún sé rétt.

c. Þegar kærði hefir gagnkrófu á hendur kæranda, og kærandi kannast eigi við hana, eða hún nemur meira en 100 kr., og kærði vill nota hana ekki að eins til að gjalda umstefnda skuld, heldur þykist eiga tilkall til meira hjá kæranda.

3. gr.

Nú kemur kærandi eigi á sáttafund, og sáttanefnd hefir eigi ástæðu til að ætla, að lögleg forföll hamli, en kærði kemur þar og krefst þóknunar fyrir ómak sitt, og skal sáttanefnd þá ákveða honum með úrskurði hæfilega þóknun fyrir ómakið.

4. gr.

Úrskurð eftir lögum þessum ber sáttanefnd að kveða upp þegar á staðnum, ef auðið er, ella eigi síðar en á 14 daga fresti. Taka skal fram í úrskurðinum berum orðum, ef hann er upp kveðinn í viðurvist málsaðila.

Nú telur sáttanefndin óheimilt úrskurð að gera, og vísar hún þá málinu til dóms og laga.

5. gr.

Skipa skal varasáttanefndarmann í hvert sáttahérað, og sezt sá í mál, ef annarhvor sáttanefndarmanna er við það riðinn, eða þá forfallaður, svo og er sáttanefndarmenn skilur á um málalok; þá ræður þeim afl atkvæða.

6. gr.

Nú telur sáttanefnd skuldheimtumann hafa rétt fyrir sér, og skal hún þá tiltaka í úrskurði sínum aðalfjárhæð þá, er greiða ber, og vexti, ef þeim ber og að svara, svo og ómakslaun til skuldheimtumanns og kostnað, að meðtalinni þóknun fyrir að koma á sáttafund, og skal þá meðal annars hafa hliðsjón á því, hvort skuldheimtumaður hefir átt fleiri málum en einu þar að gegna samtímis. Sama er og þegar þóknun er úrskurðuð eftir 3. gr.

7. gr.

Rita skal í sáttabók úrskurð sáttanefndar, og það er hún vísar máli til dóms og laga eftir 4. gr.

8. gr.

Úrskurði sáttanefndar má fullnægja með sama hætti og héraðsdómi, ef eigi er áfrýjað (sbr. 11. gr.). Það sé gert á 4 vikna fresti, hafi málsaðilar eigi orðið á annað sáttir við nefndina, og ber að telja frest þann frá þeirri stund, er úrskurður var upp kveðinn, hafi það verið gert að málsaðilum viðstöddum; ella frá því er hann var birtur.

9. gr.

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist 1 króna til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örk hálfa eða þaðan af minna.

10. gr.

Nú er gert eftirrit af úrskurði til þess að áfrýja honum, og skal þá hafa í því öll skjöl, sem fram hafa komið í sáttanefnd, og alt það, er ritað hefir verið um málið í sáttabók.

11. gr.

Skjóta má úrskurði sáttanefndar og aðför eftir honum undir héraðsdóm réttan án nýrrar sáttastefnu, og má þar jafnan koma að nýjum skilríkjum, en mótmælum því að eins, að eigi fari í bág við það, er málsaðilar hafa við kannast frammi fyrir sáttanefnd, og hún ritað í sáttabók að sáttatilraun árangurslausri.

Eigi verður úrskurði sáttanefndar áfrýjað svo löglegt sé af hálfu þess, er fyrir hefir orðið, síðar en á 3 mánaða fresti frá því er hann var upp kveðinn,

hafi málsaðilar verið viðstaddir, en frá birtingu hans ella. Sama er og um aðför eftir úrskurði sáttanefndar, og sé fresturinn talinn frá því er aðför var gerð. Rétt er að veitt sé löggeymsla eftir úrskurði sáttanefndar jafnt sem dómi, og má henni áfrýja á sama fresti og nú var mælt um aðför. Eitt ár er fresturinn þeim til handa, er úrskurðar hefir aflað sér, aðfarar eða löggeymslu.

12. gr.

Nú hefir stefndi gagnkröfu á hendur sáttastefnanda, þá er eigi fer fram úr 100 kr., og er rétt að beita henni kærulaust eða gagnstefnu til uppjafnaðar, en frekara eigi.

13. gr.

Rétt er að hreppstjóri geri í umboði fógeta lögggymslugerð og aðför og haldi nauðungaruppboð í skuldamálum, ef skuld fer eigi fram úr 100 kr., eftir þeim reglum, er þar eru um settar í lögum, og á hann fyrir gjald eftir 4. gr. í lögum 13. desember 1895, um breyting á 1., 5., 6. og 8. gr. í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra réttarverk.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Á alþingi 1893 kom fram frumvarp til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, og var samþykt í efri deild, en óútrætt í neðri. Á alþingi 1894 var sams konar frumvarp samþykt í efri deild, en eigi útrætt í neðri deild, fremur en fyr. Síðan hefir ekkert verið hreyft við máli þessu þar til á síðasta alþingi. Þá kom fram í neðri deild frumvarp í þessa átt, og var samþykt þar með öllum þorra atkvæða. En er frumvarpið kom til efri deildar, þóttu á því ýmsir agnúar, og var það felt með 7 atkvæðum gegn 5.

Með því að stjórnin er á því, að rétt sé að greiða fyrir meðferð glöggra og óbrotinna skuldamála, sé við skuld fullkannast, og telur það engu síður skuldunaut hagræði en skuldheimtumanni, þá hefir þótt rétt að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um að veita sáttanefndum úrskurðarvald í slíkum málum. Frumvarp þetta er að miklu leyti sniðið eftir frumvarpi því, er fram kom á alþingi 1893, og er aðallega frábrugðið frumvarpi því, er lá fyrir alþingi 1909, í því, að í frumvarpi þessu er í 11. gr. málsaðilar látnir geta skotið úrskurði sáttanefndar til dóms og laga. Stjórnin býst að vísu ekki við, að heimild þessi verði oft notuð, en þykir þó óhultara að veita hana málsaðilum, svo að þeir geti náð rétti sínum, ef hann hefir verið fyrir borð borinn af sáttanefnd, einkum ef kærði hefir ekki komið á sáttafund, og sé honum þá ekki meinað að koma vörn fyrir sig, hafi hann t. d. gleymt fyrirkallinu eða eitthvað heft hann annað. Frekari skýringa þykir ekki mál þetta þarfnast.

Frumvarp til laga

um

fræðslu æskulýðsins.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

I. kafli.

Um námsskyldu.

1. gr.

Hvert barn skal, er það er fullra 10 ára, vera orðið nokkurn veginn læst á auðvelt lesmál, hafa stundað skriftarnám eitt vetrarskeið að minsta kosti, og kunna fjallræðuna.

Hvert barn skal, er það er fullra 12 ára, hafa lært:

1. að lesa móðurmál sitt sæmilega rétt og áheyrilega,
2. að skrifa læsilega snarhönd,
3. að rita eftir heyrn auðskilið lesmál sæmilega stafrétt,
4. að nota fjórar höfuðgreinar reiknings til þess að reikna í huganum með lágum heilum tölum auðvelt dæmi úr daglegu lífi, svo og að rita slík dæmi upp eftir merkjum (+ ÷ × :) og leysa með réttri aðferð skriflega,
5. kristin fræði, þau er áskilin eru til fermingar.

2. gr.

Átján ára gömul ungmenni, sem hlotið hafa vottorð barnafræðslunefndar um, að þau séu vel fallin til lögskipaðs ungmennanáms, eiga að

1. vera það vel læs á móðurmál sitt, að með það fari viðstöðulaust og rétt eftir lestrarmerkjum, skýrt og áheyrilega,
2. kunna að gera skriflega grein fyrir efni, er þeim er vel kunnugt, nokkurn veginn ritvillulaust og án verulegra mállýta, svó og að kunna utanbókar nokkur íslenzk ættjarðarljóð og geta gert grein fyrir efni þeirra í óstuðluðu máli,
3. enn fremur kunna sögu Íslands og landafræði í ágripi,
4. sömuleiðis eðlisfræði og náttúrufræði í ágripi, einkum dýrafræði, og þá sérstaklega um manninn og um nytjabúfénað á Íslandi,
5. enn fremur fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum, þríliðu og frumatriði flatarmáls og rúmmáls,
6. þá nokkur auðveld sönglög, einkum við ljóðin, sem átt er við í 2. tölulið,
7. loks nokkrar vandalitlar, íþróttlegar hreyfingar, eftir leiðarvísi, er stjórnarráðið samþykkir, og karlmenn íslenzka glímu.

II. kafli.
Um fræðsluhéruð.

3. gr.

Barnafræðsluhérað er sérhvert hreppsfélag og bæjarfélag í landinu.

4. gr.

Ungmennafræðsluhérað er sérhvert sýslufélag og bæjarfélag í landinu og skal halda þar uppi ungmennaskóla, er nýtur nauðsynlegs fjárstyrks að $^1/_3$ úr sýslusjóði eða bæjarsjóði og að $^2/_3$ úr landssjóði, og sé hagað og stjórnað eftir reglugjörð, er stjórnarráðið hefir samþykt.

5. gr.

Fræðslumálum í héraði hverju stýrir 5 manna nefnd, er landsstjórn tilnefnir 2 í barnafræðsluhéruðum og 3 í ungmennafræðsluhéruðum, en hreppsnefndir, bæjarstjórnir og sýslunefndir hina, hver fyrir sitt hérað, minst 1 sín á meðal, alla til 6 ára í senn. Þá má endurkjósa og fá þeir eigi undan skorast. Sömu stjórnarvöld fylla í skarð nefndarmanns, er við missir, brott flyzt eða fatlast, og stendur svo það sem eftir er kjörtímans.

Nefnd hver kýs sér sín á meðal formann og varaformann og ritara til 1 árs í senn, og má þá endurkjósa, hvort sem kost gera á sér eða eigi.

Formaður kveður til funda og stjórnar þeim. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, og sker formaður úr, ef jöfn eru. Eigi er fundur lögmætur, ef færri eru á fundi en 3. Enginn nefndarmaður á atkvæði um mál, er til hans tekur sérstaklega.

Rita skal fundarályktun hverja í gjörðabók, er sýslumaður löggildir eða bæjarfógeti.

III. kafli.
Um skyldu fræðslunefnda.

6. gr.

Fræðslunefndir hafa á hendi stjórn og umsjón fræðslumála hver í sínu héraði, það er lög þessi taka til. Þær hafa vandlegt eftirlit með prófum, sjá um að hlýtt sé fyrirmælum stjórnarvalda um hollustuhætti í skólum og aðra reglu þar. Barnafræðslunefndum er sérstaklega skylt að kynna sér, hver í sínu héraði, hversu háttað er um fræðslu barna þar á hverju heimili, og að bæta um, ef lög þessi eru vanhaldin, með því að útvega kennara á heimilið eða koma börnunum fyrir annarsstaðar til lögmæltrar tilsagnar, á kostnað þeirra, er að þeim standa, og má svara kostnaðinum í bili úr sveitarsjóði eða bæjar, og taka hann síðan lögtaki.

IV. kafli.
Um barnaskóla.

7. gr.

Nú veita barnaskólar þeir, sem upp eru komnir, til muna frekari fræðslu en til er skilin alt að 12 ára aldri, og það jafnvel alt að því, er ætlast

er til að 18 ára ungmenni hafi orðið aðnjótandi, og skulu þá slíkir skólar nefnast ungmennaskólar, og njóta fjárstyrks úr landssjóði alt að 1/3 móts við 2/3 úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, með þeim skilyrðum:

1. að kenslunni sé hagað eftir reglugjörð, sem stjórnarráðið hefir samþykt,
2. að fullnægt sé reglum, er stjórnarráðið setur skólum um hollustuhætti og kröfum þess um kensluáhöld,
3. að kennari sé ráðinn til skólans eftir tillögum ungmennnafræðslunefndar og að hann hafi leyst af hendi kennarapróf, nema hann hafi verið árlangt eða lengur kennari við fastan barnaskóla, er notið hafi styrks úr landssjóði.

V. kafli.
Um próf.

8. gr.

Próf skal halda á ári hverju um kunnáttu barna í barnafræðsluhéraði hverju. Í barnaskólaprófum prófar kennari (kennarar) skólans, en ella sá maður, er barnafræðslunefnd ræður til þess fyrir kaup, er greiðist úr bæjarsjóði eða hreppssjóði. Við próf skulu jafnan vera 2 prófdómendur og fá þeir að starfslaunum alt að 4 kr. í dagpeninga. Veita skal hverju barni, er próf stenzt, skírteini um það, undirritað af prófdómendum.

Nú kemur prófskylt barn ekki til prófs án gildra forfalla og sætir þá sá maður sektum, er barnið hefir til framfærslu.

9. gr.

Próf skal halda á vorum í ungmennaskólum öllum í lögmæltum ungmennafræðigreinum samkv. 2. gr., og prófar kennari skólans eða kennarar að viðstöddum 2 prófdómendum. Skipar bæjarstjórn eða sýslunefnd annan úr ungmennafræðslunefnd héraðsins, en stjórnarráðið hinn. Þeir fá 5 kr. í kaup á dag, annar úr bæjarsjóði eða sýslusjóði, en hinn úr landssjóði.

Stjórnarráðið setur reglur um tilhögun prófsins og kveður á um prófskýrslur, er því skal senda, og um prófskírteini, er veita skal þeim er prófið standast. Skýrslur þessar og skírteini undirskrifa skólastjóri (yfirkennari) og báðir prófdómendur.

Rétt er hverju ungmenni á 12—18 ára aldursskeiði, að ganga undir próf þetta, því er eigi hefir undir það gengið áður og staðist það.

VI. kafli.
Önnur fyrirmæli.

10. gr.

Barnafræðslunefnd hver hefir í þóknun fyrir starfa sinn ár hvert í kaupstöðum 5 aura fyrir hvern heimilisfastan íbúa barnafræðsluhéraðsins, en í sveitum 10 aura. Þóknunin greiðist úr bæjarsjóði eða sveitar.

Ungmennafræðslunefnd hver hefir í árspóknun fyrir störf sín 150 kr., og greiðist þóknunin úr sjóðum bæja þeirra eða sýslna, er í hlut eiga.

11. gr.

Vanræki barnafræðslunefnd skyldustörf þau, er lög þessi leggja henni á herðar, skal hún sæta sektum, 10—200 krónum, eftir úrskurði lögreglustjóra í bréfi til ungmennafræðslunefndar bæjarins eða sýslunnar.

Vanræki ungmennafræðslunefnd lögskipuð störf sín, sætir hún sektum, 10—150 krónum, eftir úrskurði stjórnarráðsins.

Sektir eftir grein þessari renna í sjóð ungmennaskóla héraðsins þar, sem vanrækslan var framin.

12. gr.

Yfirstjórn og umsjón lýðfræðslu þeirrar, er lög þessi bjóða, hefir stjórnarráð Íslands. Sér til aðstoðar í yfirstjórnar- og umsjónarstarfi þessu hefir það fræðslufróðan mann, er ráðherra Íslands skipar. Hann nefnist tilsjónarmaður alþýðufræðslu og hefir að árslaunum 2500 krónur, auk kostnaðar af fyrirskipuðu ferðalagi.

Við stöðu þessari tekur maður sá, sem er umsjónarmaður fræðslumála eftir lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, er lög þessi ganga í gildi, og heldur óskertum launum sínum meðan hans nýtur við.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um fræðslu barna nr. 59, 22. nóv. 1907.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1911.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Fræðslulögin frá $^{22}/_{11}$ 1907 hafa sætt svo mikilli mótspyrnu, sakir kostnaðar og óviðráðanlegra örðugleika, að einhverja breyting *verður* á þeim að gera, heldur en að láta þau vera til áfram á pappírnum, en ekki í almennilegri eða jafnvel nokkurri verulegri framkvæmd utan kaupstaða, nema á stöku stað.

Þetta frumvarp stefnir að því, að láta sér lynda töluvert færri námsgreinar og minni kenslufyrirhöfn við börn en áminst fræðslulög ætlast til; en hverfa aftur að heimakenslu, það sem fært er, og nota svo sem hægt er farkennara til að bæta hana upp.

Hér í móti komi miklu meiri háttar og almennari ungmennafræðsla í landinu en nú gerist og ungmennaskólar ekki færri en einn í hverri sýslu eða hverjum kaupstað.

Þá skal styrkja úr landssjóði ungmennaskólana, en barnaskóla ekki að öðru en að gjalda að einhverju kaup farkennurum þeim, sem er ætlað að bæta upp barnakensluna.

Barnakenslunni er ætlast til að lokið sé með 12 ára aldri og að þá taki börn til að stunda það, er þau ætla sér að hafa sér að atvinnu í lífinu, smátt eða stórt, og hvort heldur er líkamleg vinna eða bókleg (andleg). Og ber að

innræta þeim ungum þá heilsusamlegu skoðun, að líkamleg vinna sé hinni engu síðri í neinn stað, hvorki óvirðulegri né ónytsamari. Þeim ber að veita öllum á barnsaldri nauðsynleg frumtæki til bókmentalegra framfara, svo sem kunnáttu í lestri, skrift, reikningi, og kenna þeim undirstöðuatriði kristinna fræða, auk íþróttlegra líkamshreyfinga og sönglistar. Lengra tekur ekki alment skyldunám þeirra. En viðtekur upp frá því áður langt um líður frekara nám, ýmist alment eða sérfræðilegt (sériðnarlegt), án skyldukvaðar, og sé aðallega vetrariðja á uppvaxtarárum, ótiltekið hve mörgum, alt fram til 18 ára aldurs, ef vill.

Ungmennaskólanám er búist við að þeir stundi helzt eða aðallega, sem námfýsi hafa til þess og námsgáfur, og eiga kost á að sanna eftir á með prófi, hve vel þeim hefir ágengt orðið. Þeir eiga að verða, að öðru jöfnu, í færara lagi til að hafa á hendi hin og þessi nytsemdarstörf í almenningsþarfir, en ekki búist við að þeir standi að öðru leyti hinum framar að manngildi eða gagnsemi í mannfélaginu.

Framkvæmd þessarar hugmyndar er ekki einungis komin undir velsömdum lögum, heldur og ítarlegri og hagfeldri reglugerð, er unglingaskólunum sé stjórnað eftir, um kenslutilhögun o. fl.

Og með því að búast má hér við, ef til vill, allmiklum breytingum frá þingsins hálfu, þykir ekki hlýða að svo stöddu að gera mjög ítarlega grein fyrir efni hverrar greinar um sig í þessu lagafrumvarpi, heldur bíða átekta þingsins eða undirtekta.

Frumvarp til laga

um

útflutningsgjald á ull um stundarsakir.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Af ull skal greiða í útflutningsgjald 5 aura af vog (kg) hverri; um gjald þetta og greiðslu fer eftir fyrirmælum laga 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1911; gjaldið skal þó ekki innheimta fyr en konungur hefir staðfest lög um útrýming fjárkláðans.

Frumvarp til laga þessara endurskoðara skal landsstjórnin leggja fyrir hið reglulega alþingi 1913; hafi við endurskoðun þessa ekki komist á breyting á lögum þessum, skal gjaldið samkvæmt þeim ekki innheimta lengur en til 1. júní 1914.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er ekki ætlast til að gera útflutningsgjald á ull að tekjugrein til langframa handa landsjóði; tilgangurinn er sá einn, að fá með því tekjur til þess að greiða þann aukakostnað, sem lendir á landssjóði, ef lagafrumvarp það um útrýming fjárkláðans, sem lagt er fyrir alþingi jafnframt frumvarpi þessu, verður að lögum. Í athugasemdunum við greint frumvarp er gerð grein fyrir því, að þótt hafi haganlegra að fá kostnað þenna endurgreiddan með útflutningsgjaldi heldur en beinlínis með niðurjöfnun á fjáreigendur, sem yrði umsvifameira. Þess skal getið, að á síðari árum hefir útflutt ull numið um 750,000 vogum (kg) á ári; útflutningsgjaldið mundi því nema um 37,500 kr. á ári. Með því að ekki verður séð fyrir, hve mikill verður kostnaður landssjóðs útrýmingar fjárkláðans, en hins vegar ekki ætlast til, að gjald þetta verði innheimt lengur en með þarf til þess að greiða þenna kostnað, þá er lagt til, að lögin verði endurkoðuð á alþingi 1913 og þá sett fullnaðarákvæði um, hve lengi gjald þetta skuli greiða. En fari svo, að þingið 1913 geti ekki komið sér saman um ný ákvæði, er séð fyrir því, að lögin gildi aðeins um stundarsakir, með ákvæðinu um, að gjald þetta falli þá niður 1. júní 1914.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr. laganna orðist þannig:

Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1300 kr. á ári. Eftir 10 þjón-

ustuár fær hann í laun 1500 kr. á ári og eftir 20 þjónustuár fær hann í laun 1700 kr. á ári.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1911.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í bréfi, dagsettu 2. nóvember þ. á., hefir biskup vakið athygli á ójöfnuði þeim í launum presta, er hlýtur að leiða af ákvæðum 1. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta, og þegar er fram kominn. Skýrir hann frá því, að hinn 12. september 1886 hafi 10 prestar verið vígðir og allir fengið veitingu fyrir prestsembætti frá fardögum 1886. Af þeim sé 1 látinn, 1 hafi fengið lausn, 1 hafi verið embættislaus nokkur ár, en 7 hafi óslitið þjónað embættum. Af þeim hafa 2 verið fluttir upp í efsta launaflokk í síðastliðnum fardögum, en 5 eru taldir í miðflokki, og eru 3 af þeim komnir undir hin nýju launalög og verða þeir með lögunum óbreyttum að bíða enn 2—3 ár í miðflokki. Eftir anda laganna, sem miða launahækkun presta við embættisaldur, eiga prestar þessir jafnan rétt til þess að hljóta launahækkunina samtímis, enda gefa lögin enga leiðbeiningu um það, hvernig fara eigi að, er svo stendur á, og er því eðlilegt, að þeim prestum, er sitja á hakanum, finnist sér ójöfnuður sýndur. Verður stjórnarráðið að vera biskupi öldungis samdóma um, að löggjöf og landsstjórn megi ekki bjóða embættismönnum sínum slíkt.

Þetta dæmi, þótt væntanlega ekki í eins stórum stíl, getur komið fyrir hvert árið eftir annað.

Til þess að fyrirbyggja þennan ójöfnuð þarf að breyta 1. gr. laganna á þann hátt, er farið er fram á í frumvarpi þessu, og það er því meiri ástæða til að kippa þessu í lag, sem hér er ekki nema um tiltölulega litla fjárupphæð að ræða, og það ekki nema í bili; því þegar fram í sækir má ganga að því vísu, að með þeim embættisaldri, er hér er farið fram á, 10 ár og 20 ár, verði í hverjum launaflokki sem næst þriðjungur þjónandi presta landsins.

Að öðru leyti vísast til bréfs biskups, sem lagt verður fyrir þingið.

Frumvarp

til

siglingalaga.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

Fyrsti kapituli.

Um skip.

1. gr.

Um skilyrði fyrir því, að skip geti talist eiga heima á Íslandi, fer eftir ákvæðum laga um skrásetning skipa.

2. gr.

Halda skal opinbera skrá yfir öll skip, sem heima eiga á Íslandi, með þeim takmörkunum og eftir þeim nánari reglum, sem lög um skrásetning skipa ákveða, og skal á skránni tilgreina það, sem með þarf til þess að skip verði einkent, og skal hún veita fulla vitneskju um eignarráð á skipi og útgerð þess.

3. gr.

Eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt, fer um skilyrði fyrir því að öðlast eignarrétt á og veðrétt í skrásetningarskyldu skipi, þangað til ný ákvæði verða sett með sérstökum lögum um þýðing skrásetningar skipa, þó þarf hvorki þinglýsingar né skrásetningar til að öðlast farslysveðrétt, annan siglingarveðrétt eftir 11. kapítula eða veðrétt samkvæmt 17. gr.

4. gr.

Nú er skip skrásett, og ræður útgerðarmaður þess þá, í hverri höfn á Íslandi það skuli eiga heimili. En óskrásett skip á heimili í þeirri höfn, þar sem útgerðarmaður býr eða er næst heimili hans, og ræður heimili útgerðarstjóra, séu útgerðarmenn fleiri.

5. gr.

Nú á skip heima hér á landi, en fullnægir vegna eigendaskifta ekki framar skilyrðum fyrir skrásetning á íslenzku skipaskrána, og skal það þá afmáð af skránni. Verði nokkur hluti skips eign útlendings við það, að eigandi gerist útlendur, eða það verður við erfðir eða hjúskap, svo að skipið fullnægi

ekki skilyrðum fyrir skrásetningu á Íslandi, sbr. 1. gr., þá skal skipið þó þá fyrst máð af skrá, ef ekki er skýrt frá því áður 8 mánuðir sje liðnir, að annað tveggja sé eignarráðum skipsins ráðstafað svo, að það týni ekki rétti sínum til skrásetningar á skipaskrána eða þá að ákveðið sé uppboðsþing innan mánaðar þaðan frá til einskorðaðrar sölu á skipshlutanum, en þá skal beðið úrslita uppboðsins.

Ef skip er máð af skrá, kemur þegar í gjalddaga hver sú skuld, sem veðrétt á í skipinu.

6. gr.

Í lögum þessum er skip talið óbætandi hvort sem lögskoðun hefir talið, að engri aðgerð verði þar við komið í heild sinni, eða þó ekki á þeim stað, þar sem skipið þá er, né á neinum þeim stað, sem færa má skipið til, eða þá að lögskoðun hefir ekki talið skipið þess vert, að það sé bætt.

Annar kapituli.

Um útgerð skipa.

7. gr.

Sé ekki annan veg fyrir mælt í lögum þessum, ábyrgist útgerðarmaður sem sjálfskuldarmaður með öllum eignum sínum allar skuldbingar, sem hann stofnar sjálfur eða aðrir fyrir hans hönd.

Rjúfi skipstjóri gerða samninga útgerðarmanns eða gerða í umboði hans og var það skyldukvöð skipstjóra að fullnægja þeim samningum, þá ábyrgist útgerðarmaður bótarkröfur fyrir slík samningsrof einungis með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum sínum; svo er og um allar skuldbindingar, sem skipstjóri gengst undir samkvæmt stöðu sinni og hefir ekki sérstakt umboð útgerðarmanns til. En allar skiparáðningar og vistarsamninga við skipverja ábyrgist útgerðarmaður óskorað sem sjálfskuldarmaður með allri eign sinni.

8. gr.

Tjón af vangeymslu eða yfirsjón skipstjóra eða skipverja við skyldustörf þeirra ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi. Sama gildir um tjón af vangeymslu eða yfirsjón manna, sem ráðnir eru til að vinna í skipinu, þótt ekki sé skipverjar.

Nú greiðir útgerðarmaður fé fyrir þessar sakir, og bæti honum aftur sá, er skaða vann.

9. gr.

Nú er hlutaútgerð á skipi, og koma þá skuldbindingar allar, sem hvíla á hluthöfum sem sjálfskuld, á þá að eins að réttu hlutfalli við eign þeirra í skipi.

10. gr.

Ef skip er hlutaeign, skulu hluthafar kjósa sér útgerðarstjóra og sé hann heimilisfastur hér á landi. Sé það skip skrásetningarskylt, skal senda til-

kynning um kosninguna til innritunar á skipaskrána, á þann hátt, sem skrásetningarlög mæla fyrir.

Sækja má útgerðarstjóra að lögum um öll mál, sem snerta útgerðina. Nú er ekki kosinn útgerðarstjóri, og er þá rétt að sækja hvern af hluthöfum, er vill, í útgerðarmálum. Sækja má hluthafa hvort er vill að varnarþingi hans eða skipsins.

11. gr.

Útgerðarstjóri getur, samkvæmt stöðu sinni, gert alla löggerninga, sem útgerð alment krefur, svo fullgilt sé gagnvart öðrum mönnum. Hann getur því ráðið skipstjóra, látið hann fara og gefið honum fyrirskipanir; svo getur hann og veitt viðtöku fé, sem útgerðinni greiðist. Hann getur og verið réttur sóknar- og varnaraðili útgerðarinnar. Hinsvegar er útgerðarstjóra ekki frjálst að taka fé að láni fyrir hönd útgerðarinnar, að selja skip eða veðsetja eða kaupa tryggingu á skipi, nema sérstök heimild komi til.

Nú takmarka útgerðarmenn með sérstökum fyrirmælum valdsvið útgerðarstjóra frá því, sem það er alment talið og hér hefir verið greint, og er þá sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, sem við útgerðarstjóra semja og eru eigi vitandi um hana.

12. gr.

Nú skal útkljá einhver málefni útgerðarinnar með atkvæðagreiðslu hluthafa, og ráða þá atkvæði þess eða þeirra, sem meira eiga en helming skipsins. Þó er nóg að þeir eigi hálft skipið, ef útgerðarstjóri er þeim samþykkur, þó ekki sé hann hluthafi í skipinu. Nóg er og helft skipseignar til kosningar útgerðarstjóra; hljóti tveir jöfn atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fari samþyktir í bága við efni útgerðarsamnings eða taki út fyrir tilgang útgerðarinnar, eru þær því að eins lögmætar, að allir hluthafar samþykki.

13. gr.

Um heimild útgerðarstjóra til samninga og annara athafna fyrir hönd útgerðarmanna skulu gilda gagnvart þeim hinar almennu reglur um umboð. Skylt er útgerðarstjóra, ef atvik og ástæður meina það ekki, að kveðja hluthafa til ráðstefnu eða afla sér á annan hátt vitneskju um vilja þeirra um öll mikilsverð málefni, sérstaklega ef skipinu eru hugaðar nýjar og ólíkar farir eða flutningar, svo og ef ráða skal skipstjóra eða setja hann frá eða bæta skip að mun.

14. gr.

Heimilt skal jafnan hluthöfum þeim, sem meira eiga en hálft skip að setja útgerðarstjóra frá. Nú á hann sjálfur hálft skip eða meira, og getur dómari þá svift hann stöðunni, ef hluthafi krefst og dómari finnur nægar sakir til, og skipað annan útgerðarstjóra til bráðabirgða.

15. gr.

Skylt er útgerðarstjóra að hafa sérstaka reikninga yfir öll viðskifti útgerðarinnar, þau er undir hann koma, og gera á þeim öllum full skil. Hafi hluthafar ekki aðra skipan á gert, skal hann hafa gert þeim skil fyrir almanaksár hvert áður mánuður sé liðinn frá lokum ársins.

16. gr.

Nú eru gerð reikningsskil, og er þá útgerðarstjóra skylt að senda reikningana hverjum einstökum hluthafa eða leggja þá fram til sýnis. Rétt á hver hluthafi á því, til tryggingar, að sjá reikningsbækur útgerðarinnar og fylgiskjöl og einkanlega reikninga skipstjóra.

Nú mótmælir einhver reikningum útgerðarstjóra og er hann þó ekki sakaður um reikningsglöp eður svik, og skal þá fram fylgja mótmælunum með lögsókn áður sex mánuðir sé liðnir frá því er reikningsskil voru af hendi int og hluthöfum sagt til þeirra.

17. gr.

Skylt er hluthafa að greiða allan útgerðarkostnað að réttu hlutfalli við eign hans í skipi. Vanræki hluthafi að greiða skylduhlut sinn og hafi þó verið krafinn, og greiði útgerðarstjóri þann hluta eða annar af hluthöfum, og skal þá hinn lúka það fé og vexti, 8 at hndr. á ári, frá því greiðsla fór fram, og þar að auki þau tryggingariðgjöld, sem sá, er galt fyrir hann, kann að hafa greitt til tryggingar sér. Veðrétt á lánssali í skipshluta þess, er hann galt fyrir, og ágóða þeim, sem í hans hlut kemur, og skal sá veðréttur ganga fyrir öðrum eldri samningsveðrétti í þeim skipshlut, en þoka skal hann fyrir siglingarveðrétti þeim, sem getur hér í 11. kapítula, svo og fyrir eldra samningsveði í öllu skipi; en hafin skal málssókn til lúkningar kröfunni áður ár sé liðið frá því er hann greiddi féð, missi ella veðsins.

18. gr.

Nú er skipinu ráðin ný för eður ráðnar bætur á því að lokinni för og krafið framlaga til og einhver hluthafa hefir ekki lagt þeim samþyktum atkvæði sitt, og skal honum þá heimilt að segjast úr þeim framlögum með því að láta af hendi sinn hlut í skipi endurgjaldslaust, svo framarlega sem ekki hvíla sérstök eignarhöft á hluta hans. Nú vill hann neyta þessarar heimildar og skal hann þá skýra útgerðarstjóra frá því bréflega svo snemma, að útgerðarstjóri viti það áður 3 dagar sé liðnir frá því er samþyktin var gerð eða frá því er honum var skýrt frá henni, ef hann var ekki viðstaddur samþyktargerðina. Jafna skal hlut þess, er úr gekk, á hluti sameignarmanna hans að réttu hlutfalli við stærð þeirra hluta, er þeir áttu áður.

Ef keypt hefir verið vátrygging á hlut þess, er úr gekk, og hún er enn í gildi við eigendaskiftin, greiða hinir nýju eigendur iðgjald fyrir hana, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fyrir það sem eftir er tryggingartímans.

19. gr.

Jafna skal á hluthafa skaða og ábata á útgerðinni að réttu hlutfalli við eign þeirra í skipi.

Nú reynist, að gerðum reikningsskilum, að tekjuleyfar eru, og skal þeim þá skift upp meðal hluthafa, sé þeirra ekki þörf til nauðsynja útgerðarinnar.

20. gr.

Ekki slítur það samútgerð skips þótt skipshlutur verði eign annara manna eða hluthafi deyi, verði sviftur fjárforráðum eða gjaldþrota.

Heimilt er hluthafa að selja hlut sinn öðrum mönnum án samþykkis sameigenda hans, og ekki eiga þeir útlausnarrétt þess hlutar né forkaupsrétt á

honum. Þó er ólögmæt sala skipshlutar nema allir hluthafar samþykki, og þó nauðungarsala sé, ef sú sala sviftir skipið heimild til skrásetningar á íslenzku skipaskrána.

Verði skipshlutur eign útlendings við það, að hluthafi gerist þegn annars ríkis, eður það verður við erfð eður hjúskap, og skipið missir við það heimild til skrásetningar á íslenzku skipaskrána, sbr. 1. gr., á hver hluthafi rétt á að krefjast sölu þess skipshlutar á söluþingi, nema eigandi hafi gert þá ráðstöfun áður 6 mánuðir sé liðnir, að skipið haldi heimild sinni til skrásetningar á skipaskrána. Svo skal að öllu fara með þá sölu, sem nauðungarsala væri, og sama gildi fylgja.

21. gr.

Nú verður maður eigandi skipshlutar og eignast hann þegar gagnvart meðeigendum rétt þann og binzt skyldum þeim, sem bera réttum sameignarmanni. Hlíta skal hann og svo sem formaður hans samþyktum þeim, er skipseigendur gerðu áður hann varð eigandi, svo og öðrum framkvæmdum þeim, er þeir höfðu hafið þá, og svo þeim skyldum, er þeim fylgja. Rétt er og, að sameignarmenn hans færi honum til skuldajafnaðar þær kröfur, sem þeir áttu á formann hans og at sameigninni stafa. Hann ábyrgist sem sameigandi gagnvart öðrum mönnum skuldbindingar þær allar, sem útgerðin tekst á hendur eftir það er hann varð hluthafi.

Skylt er hlutsala að skýra útgerðarstjóra eða öllum sameignarmönnum frá eigendaskiftunum og sanna, að viðtakandi, sá er hann til nefnir, kannist við kaupin, en meðan hann gerir það ekki, getur hlutsali ekki skotið sér undir eigendaskiftin undan neinum þeim skyldum við sameigendur, er af sameigninni stafa. Ábyrgjast skal hann skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigendaskiftin, ef þeir menn vissu þau ekki.

22. gr.

Þeir hluthafar, einn eða fleiri, sem meira eiga en hálft skipið, geta ákveðið, að sameigninni skuli slitið.

Þá getur hver hluthafi krafist, að slitið sé sameign:

1. Ef skip missir heimild til skrásetningar á íslenzku skipaskrána án tilverknaðar hans eða samþykkis og er því máð af skipaskrá;
2. ef útgerðarstjóra er vikið frá með dómsúrskurði samkvæmt 14. gr.;
3. ef hann sannar, að sameignarsáttmálinn hafi verið stórum rofinn, eða brotin að öðru lög á honum í framkvæmdum eða forstöðu sameignarinnar;
4. ef það kemur í ljós við lok farar innanlands, að skuldir sameignar fari fram úr eignum hennar.

Verði ágreiningur í þessu síðasta atriði um verðmæti skips, skal það ákveðið með lögmæltu mati.

23. gr.

Nú er sameign slitið, og skal þá skipið selt á opinberu söluþingi. Ef skipið er erlendis og greini menn á um, hvort það skuli flutt heim eða ekki, eða um uppboðsskilmálana, skal uppboðshaldari á varnarþingi samútgjörðar skera úr.

Þriðji kapituli.

Um skipstjóra.

24. gr.

Útgerðarmenn ráða skipstjóra eða útgerðarstjóri fyrir þeirra hönd. Ef einhver þeirra á meira en helming skips, á hann rétt til skipstjórnar, enda hafi hann til þess lögfull skilyrði. Greini menn á um skipstjórakaup, er heimilt að leita dómsúrskurðar.

25. gr.

Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann, er hann veit að var ráðinn annarstaðar.

26. gr.

Skipstjóri annast um það, áður ferð sé hafin, að skip sé haffært, og sér um það í tæka tíð, að það sé vel útbúið, nægilega vel liðað og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf og kol og aðrar vélanauðsynjar, ef það er gufuskip. Skylt er og honum að annast um, að lögboðin bendingaáhöld og björgunartæki, sæbréf og mælingatæki séu á skipi.

Skylt er honum að annast um, að skip sé ekki offermt og farmur vel búlkaður, og til að tryggja hann sé séð fyrir nægu refti, undirbreiðum, hlerum, skorðum o. s. frv., og að lestarop sé tryggilega lukt og fleiguð. Sé farmur á þilfari, skal tryggilega um hann búið, og svo settur, að hann hindri ekki að mun athafnir skipverja. Fari skipið með kjölfestu, annast skipstjóri um, að hún sé sæmileg að nægð og gæðum og svo tryggilega um hana búið, að ekki byltist á leið.

Konungur kveður nákvæmara á um birgðir skips að læknislyfjum, svo og um fermslu, flutning og affermslu sprengiefna, eldfimra og etandi hluta, og ábyrgist skipstjóri, að þeim fyrirmælum sé hlýtt.

Heimilt er og að láta ákvæði þau, er getur í næstu málsgrein hér á undan, ná til erlendra skipa, er þau eru í landhelgi.

27. gr.

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

28. gr.

Ekki má skipstjóri án samþykkis útgerðarmanns hafa söluvarning sinn eða annara manna í skipsherbergi sínu né í neinu því rúmi öðru, sem ekki er ætlað farmi. Nú gerir skipstjóri það, og gjaldi hann þá útgerðarmanni venjulegt flutningsgjald fyrir þann varning og bæti allan skaða.

29. gr.

Ekki má skipstjóri fara frá skipi, nema hann segi stýrimanni til áður um það, sem þörf er á, og gefi honum skipanir sínar eða skipverja öðrum, sé stýrimaður ekki á skipi. Sé skipið ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu

lægi, má skipstjóri ekki vera frá skipi, nema að nauðsynjaerindum, þótt hafnsögumaður sé á skipi. Svo er og ávalt, ef hætta er á ferðum.

30. gr.

Nú má skipstjóri ekki vera fyrir skipi sakir sjúkleika eða af öðrum brýnum ástæðum, og skal þá útgerðarmanni tafarlaust sagt til um það. Verði atkvæði útgerðarmanns ekki beðið að skaðlausu, skal skipstjóra skylt að sjá fyrir nauðsyn skipsins, einkanlega að setja fyrir skipið til bráðabirgða stýrimann eður annan hæfan mann og hafi við ráð konsúls að því er hann getur, ef það er erlendis. En sé skipstjóri ófær til, eða vanræki þessa skyldu sína, annast konsúll nauðsynjar skipsins.

31. gr.

Skipstjóri annast um, að ferming og afferming skips sé hraðað að þörfum og að brautför skips dragist ekki að því loknu. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af réttri leið á ferð þess né dvelja það á annan hátt, nema það sé til bjargar mönnum í sjávarháska. Þó má ekki dvelja skipið til að bjarga öðrum skipum eða fjármunum, ef skipinu er stofnað með því í nokkurn háska eða af því stafa veruleg óþægindi fyrir útgerðarmann eða aðra menn, og sé skipstjóra skylt að annast hagsmuni þeirra.

32. gr.

Skylt er skipstjóra að gera alt það, er hann má, til að halda skipi sjóæru á för. Nú hefir skip tekið grunn, eða annað að borið, svo að ætla má, að skip hafi meiðst, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það, þar sem það verður fyrst gert.

33. gr.

Skylt er skipstjóra að kynna sér ákvæði og fyrirmæli um farmensku, er honum ber að gæta á viðkomustöðum á för sinni. Hann skal og afla sér vitneskju um, hvers gæta ber til tryggingar skipi og farmi, ef við ófriði er að sjá eða herkviun.

34. gr.

Skyldur er skipstjóri að veita viðtöku sjómönnum úr Danaveldi, þeim er konsúlum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eður til annarar hafnar, þeirrar er skipið fer til í þeirri ferð, svo marga og fyrir það fargjald, sem konungur kveður á.

Þeim mönnum, sem svo eru sendir, ber að hlíta á skipi reglum þeim og háttum, sem skipverjum er skylt, og starfa á skipi eftir mætti, ef þörf krefur.

35. gr.

Leiðarbók skulu hafa öll þau skip, sem eru í utanlandssiglingum; gufuskip hafi að auki sérstaka vélarbók. Konungur setur nánari reglur um tilhögun og löggilding bókanna. Þegar skip er afgreitt úr höfn innanlands, skal sýna leiðarbókina lögreglustjóra og skrifar hann ókeypis í bókina vottorð um það, að hún var sýnd.

36. gr.

Í leiðarbók skrifar skipstjóri, eða stýrimaður með umsjá skipstjóra, og ábyrgist þá báðir; en vélarstjóri skrifar í vélarbók með umsjá skipstjóra og ábyrgist báðir. Skrifa skal alt í bækurnar eftir réttri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir varðtíðir. Skrifa má fyrst í bráðabirgðabók það, sem gerist á varðtíð hverri, en skrifa skal það í bækurnar áður sá sólarhringur sé á enda.

Bóka skal í leiðarbók glögt og skipulega. Ekki má skafa það af, sem skrifað var, draga yfir það, eða gera það með öðru móti ólæsilegt; gerist leiðréttingar þörf, skal henni bæta við sem athugagrein.

37. gr.

Skrifa skal í leiðarbók ítarlega alt það, er við ber á förinni, og hvað annað það, er útgerðarmönnum er gagn að vita eður eigendum farms eður vátryggjendum eður öðrum þeim mönnum, er förin snertir hagsmunalega.

Geta skal því þess í leiðarbók, nær starftími skipverja hefst og endar, nær vistir og vatn er tekið á skip, nær ferming skips og afferming hófst, var frestað, og nær þeim lauk; bókað skal hvað fermt er og affermt hvern dag, og ef tekin er kjölfesta, hver hún var, hve þung og hversu um hana var búið, hvort aðrir unnu en skipverjar, djúpmál skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það lét úr höfn, hverju skipið er fermt og ásigkomulag farmsins; ef búlki er á þilfari, skal sagt hve mikill er og hve hár, um leiðréttingu áttavitans og afbrigði; nær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar; um vind, veðurfar, stöðu loftvogar, strauma, stefnu, skriðhraða, hvað haft var af seglum, hver vegalengd var farin, hver skipsljós höfð; djúpmál, miðun og athuganir; nær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi; um dælinguna, hve oft var dælt, hve lengi um sinn og með hve miklu afli og um vatnshæð í dælunum.

Leiðarreikning skal bóka um hvern sólarhring.

Sé ráðstefna haldin á skipi, skal bóka í leiðarbók tillögur manna svo og úrskurð skipstjóra og skrifa þeir nöfn sín undir bókun, sem á ráðstefnu voru. Þess skal og getið í leiðarbók, ef skipverji sýkist, deyr eða strýkur, eða vinnur glæp eða skipsagabrot, sbr. 47. og 103. gr., svo og hvenær og af hvaða ástæðum skipstjóra þykir nauðsyn að draga af matgjöfum, sbr. 45. gr.

Sérstaklega ber að rita í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það óhapp, sem verða kann á skipi eða farmi, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hversu úr var ráðið.

Í vélarbók skal greint frá kolabirgðum skips og annara vélanauðsynja er skip lét úr höfn, kolaeyðslu hvern sólarhring og alt annað, er vélina snertir, gang hennar og gæzlu.

38. gr.

Þegar leiðarbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð annars vegna, fær skipstjóri til nýa bók og lætur löggilda, og skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók sé löggilt og nær það var. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju og sagt hvað til þess bar.

Við slík bókarskifti ber réttu yfirvaldi að rannsaka það, hvort hirðu-

samlega var bókað í hina eldri bók dag eftir dag og annast um, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Nú verða skipstjóraskifti, og skal þá leiðarbók send yfirvaldi til slíkrar rannsóknar áður næsti dagur á eftir sé liðinn, svo og ef skipið mætir slysi, svo að skipsvættis þurfi að krefja af þeim sökum (42. gr.), og skipstjóri leitar hafnar innanlands eða annarstaðar, þar sem skipaður er danskur konsúll; svo skal og vera þegar menn eru skráðir úr skiprúmi eða skip tekur aftur innlenda höfn og affermir þar að öllu eða meiri hlut. Geta skal í leiðarbók nær hún var færð yfirvaldi og um þá rannsókn, er fram fór.

Ákveða má með konunglegri tilskipun líkind í eftirliti þessu á gufuskipum, sem eru í reglubundnum förum landa í milli.

39. gr.

Rétt á hver maður á að fá að kynna sér leiðarbók skips, sá er sýnir, að hann eigi þar lögmætra hagsmuna sinna að gæta. Geyma skal leiðarbækur alskrifaðar ekki skemur en tvö ár eftir það er för var á enda. Nú rís dómsmál og snertir það förina, og skal þá varðveita leiðarbók til þess er því máli lýkur að fullu.

40. gr.

Nú gerist einhver sá atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við svo nokkru nemi eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri bera um það skipsvætti; svo er og ef maður ferst voveiflega af skipinu og það varð ekki á innlendri höfn, eða skipið rekst á annað skip og vinnur því slíkar skemdir eða tjón, sem fyr greinir.

Nú verður slysið hér í ríkinu, og skal þá skipstjóri segja til þess yfirvaldi á þeim stað fyrir lok næsta dags, eða svo fljótt sem unt er, eftir það er slysið bar að eða varð kunnugt, en beri slysið að á sjó, skal fresturinn talinn frá því er skipið eða skipbrotsmennirnir komu í lægi eða höfn. Fylgja skal frásögunni orðrétt afrit af því, sem bókað var um þann atburð í leiðarbókinni; ef ekki var leiðarbók eða hún hefir farist, skal gefa bréflega skýrslu um atburðinn og skrá yfir skipverja og þá menn aðra, sem ætla má að skýrt geti málið, og til nefna, ef auðið er, þá menn, sem þetta mál kemur við, eða umboðsmenn þeirra. Dómari eindagar síðan þinghald til skipsvættis og framkvæmir til undirbúnings það, er þörf krefur. Hafa skal skipstjóri skipsbækurnar með sér á þingið.

Erlendis skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, bera skipsvætti fyrir því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, sem hann er þá staddur á, eða fyrir hlutaðeigandi dönskum konsúl, ef utanríkismálastjórnin hefir sérstaklega fengið honum vald til að halda slík próf.

Ef skipsvætti er borið fyrir erlendu yfirvaldi og danskur konsúll er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið við staddur þinghaldið og annast um, að skipsvættið sé sem glegst og fylst.

Skýrslu um það, sem fram hefir farið, sendir konsúll utanríkismálastjórninni, bæði er hann sjálfur hefir haldið próf og er honum hefir verið veittur kostur á að vera við staddur þinghald. Skýrslan verður síðan send stjórnarráði Íslands, er skipar nánari rannsókn hér á landi, ef þurfa þykir.

41. gr.

Lestist skip á för, svo bæta verði að mun eða dvelja það um hríð, er skipstjóra skylt að láta lögmæta matsgerð fram fara. Skulu matsmenn líta á skemdir og segja álit sitt um, hvað að hafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils skipið sé þá vert óbætt. Þá er skip er bætt, skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð, hvort skip er þá fært til að koma fram för sinni.

Nú spillist farmur að mun á för, eða ráða má af líkum, að hann sé svo á sig kominn, að nauðsyn beri til að afferma skipið, eða hjálpa farmi við á annan veg, eða verður að ryðja skipið sakir þess sjálfs, og skal þá skipstjóri láta fram fara lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemd á farmi, skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það, hvað ætla má, að valdið hafi og hversu hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög eru til eða venja á þeim stað; þar sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð, skal skipstjóri afla sér yfirlýsinga skynbærra manna.

42. gr.

Hvar þar sem grunur getur leikið á því, að skemdunum hafi valdið misfellur við hleðsluna, ónógur umbúnaður, lestarop vanlukt og annað þess háttar, skal kveðja til skoðunarmenn að sjá lestarrúm opnuð og skip rutt. Ef óttast má, að góz hafi spilst á för, skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en gózið er fengið í hendur viðtakanda.

43. gr.

Ef skip kemst í sjávarháska, er skipstjóra skylt að gera alt, sem hann má til bjargar skipinu, og má ekki hverfa frá því meðan nokkur von er um björg þess. Ef engin er bjargarvon en háskinn svo vís, að það eitt sé til að hverfa frá skipi, þá er honum skylt einkanlega að annast björgun leiðarbóka og skipsskjala; hann annast og björgun á skipi og gózi og leitar sér til þess hjálpar sem nauðsyn krefur.

Nú verður björg, og sér þá skipstjóri um björgunina, nema það komi í bága við lög á þeim stað, eða sérstakur björgunarsáttmáli sé til fyrirstöðu. Skrifað skal nákvæmlega hverju bjargað er, svo og tala þeirra manna, sem að björgun vinna og gózið flytja á geymslustað; skrifar skipstjóri það sjálfur, eða lætur stýrimann gera; skipstjóri rannsakar og, svo sem hann má við koma, reikninga alla fyrir björgun, flutning og geymslu, og vottar með nafni sínu, að réttir sé.

Skipstjóri annast og, svo fljótt sem hann má, um lögmæta skoðunargerð á skipi og því gózi, sem bjargað var, og fær því þá varðveizlu, sem hann má bezta.

44. gr.

Skylt er skipstjóra að fara sæmilega með undirmenn sína og skipa þeim svo verk, að hann gæti stöðu hvers þeirra á skipi, svo sem hann má við koma. Líkamsrefsingu má hann engan mann láta sæta.

Láta skal skipstjóri sér ant um, að bænahald og guðsþjónusta á skipi sé ekki vanrækt og að skipverjar sé til engra starfa settir á sunnudögum né öðrum lögskipuðum helgum dögum hér á landi, fram yfir það, er trygging og

meðferð skips krefur, eða gæzla og umsjá véla, eða að þrífa skip sem títt er, þurkun segla, nauðsynleg bátstörf og svo matgerð; því að eins má þá skipa mönnum önnur störf, að ekki verði frestað.

45. gr.

Skipstjóri annast um, að skipverjar fái nægan mat og góðan og skal hann að því hlíta reglugerð, sem konungur setur. Nú ber nauðsyn til, að hann dragi mat af skipverjum á för, og skulu þeim þá goldnar sanngjarnar bætur þess.

Í nefndri reglugerð skal og nákvæmar kveðið á um herbergi skipshafnar á skipi.

46. gr.

Nú andast einhver skipverja, og annast skipstjóri þá greftrun hans. Hann skal og láta skrásetja við votta alt það, er hinn látni maður lét eftir á skipi; andist maðurinn utanlands, er rétt, að skipstjóri fái skrána í hendur konsúl eða valdsmanni réttum á þeim stað, eða selji munina, geti hann ekki varðveitt þá á skipi að bagalausu.

47. gr.

Vinni skipverji eða farþegi glæp, sem opinber málsókn liggur við, og skipið er ekki í innlendri höfu, skal skipstjóri, þegar sem hann má, taka skýrslu til bráðabirgða af sakborning, af skipshöfn sinni og þeim mönnum öðrum, sem það mál geta skýrt. Nú var glæpurinn unnin erlendis, og skal þá sú rannsókn því að eins fram fara, að yfirvöld á þeim stað reki ekki málið. Skýrslur og vitnisburði skal skrifa í leiðarbók eða skrá á annan hátt, ef leiðarbók er ekki, og þeirra fyrirmæla gætt, sem getur í 103. gr.

Skipstjóri gætir þess, ef hann má, að sakborningur hverfi ekki á braut og er heimilt að byrgja hann inni, ef þörf krefur, eða hefta á annan hátt og ábyrgist skipstjóri, að hann sé ekki harðara leikinn en vera þarf.

Nú er glæpur unninn í útlendri höfn, þar sem er danskur konsúll, eða skip kemur til slíkrar hafnar, eftir það er glæpurinn var unninn, og skal þá skipstjóri, svo fljótt sem hann má, skýra konsúl frá því, að glæpur var unninn og fá honum í hendur staðfest eftirrit af rannsóknarskýrslu sinni. Konsúllinn rannsakar þá málið og ákveður hvað frekara skuli gera. Hafi skipstjóri engan konsúl fundið að máli í útlendri höfn, skal hann skýra yfirvöldum frá málinu við heimkomu sína, svo fljótt sem hann má.

48. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, er rétt að skipstjóri, sem umboðsmaður útgerðarmanns, geri við aðra menn alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd farar hans, svo sem útbúnað skips allan og viðhald og öflun vista; hann selur og skipið á leigu og er málflytjandi útgerðarmanna í málum, sem við koma skipinu.

Enga löggerninga getur skipstjóri gert á lögheimili skips, þá er skuldbindi útgerðarmenn, ef hann hefir ekki sérstakt umboð þeirra til, nema að ráða menn í skiprúm.

49. gr.

Ef fjár er vant til framkvæmdar einhverju því, sem 48. gr. getur, er skipstjóra heimilt að taka fé að láni eða selja góz útgerðarmanna til, eða jafn-

vel af farmi. Nú tók skipstjóri fé að láni eða seldi af gózi um þörf fram, og skerðir það að engu rétt hins, sem lánaði eða keypti, ef ætla má eftir atvikum, að hann vissi það ekki.

50. gr.

Óheimilt er skipstjóra að selja skip án samþykkis útgerðarmanns, nema skip sé dæmt óbætandi eftir að lögleg skoðunargerð fór fram, sbr. 41. gr. Selja skal á opinberu söluþingi.

51. gr.

Nú hafa útgerðarmenn gert sérstaka takmörkun á hinu almenna umboði, sem 48. og 49. gr. heimila skipstjóra, og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

52. gr.

Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmönnum iðulega frá ásigkomulagi skips og hversu förinni liður, hverir löggerningar voru gerðir, og frá öllum þeim atburðum í heild sinni, sem máli skifta fyrir þá. Hann skal og leita skipana útgerðarmanna sjálfra um öll mikilsverð málefni, að því er hann má við koma, eða þess manns, er útgerðarmenn vísuðu til. Skorti gjaldeyri til skipsþarfa og ekki megi bíða skipana útgerðarmanna, skal skipstjóri leita við að afla þess fjár svo sem útgerðarmönuum er hagkvæmast; að eins í ítrustu nauðsyn má hann selja af farmi.

53. gr.

Skipstjóri skal meðan för stendur láta sér ant um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeigenda.

54. gr.

Heimilt er skipstjóra án sérstaks umboðs að gera löggilda samninga fyrir hönd farmeiganda um alt það, sem miðar til að varðveita farm og koma honum áleiðis, svo og til að vera málflytjandi þeirra í málum, sem farminn snerta. Nú skortir skipstjóra gjaldeyri til framkvæmda einhverri slíkri nauðsyn þeirri, og er þá rétt, að hann taki fé að láni fyrir hönd frameigenda eða selja jafnvel af farmi.

Skuldbindingar þær, sem skipstjóri þannig játast undir fyrir farmeiganda, ábyrgist hann að eins með gózi því, sem hann á á því skipi.

55. gr.

Nú ber þau atvik að hendi, sem ráð er gert fyrir í 41. gr., og það sannast við lögmæta skoðunargerð, að farmi er svo farið, að hætta er á að spillist við geymslu, og er þá rétt, að skipstjóri selji farm. Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi, er og rétt að selja farm, ef það var dæmt, að kostnaður á því að geyma farminn eða koma honum áleiðis, yrði of mikill í hlutfalli við verðmæti hans.

56. gr.

Nú hafa farmeigendur gert sérstaka takmörkun á hinn almenna umboði, sem skipstjóra er veitt í 54. og 55. gr., og er sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi vissu hana.

57. gr.

Áður en skipstjóri aflar lánsfjár til þurftar farminum eða selur nokkuð af gózinu, eða gerir nokkurar aðrar sérstaklegar ráðstafanir á kostnað farmeigenda, skal hann leita fyrirskipana þeirra, ef kostur er, eða þess manns, er þeir nefndu til.

Ef skip ferst eða er dæmt óbætandi og eiga farmeigendur engan umboðsmann á þeim stað og ekki verður leitað skipana þeirra, og er skipstjóra þá skylt eftir atvikum, annaðhvort að senda gózið á ákvörðunarstað þess sem kostnaðarminst, eða fela það til geymslu eða selja.

Farm skal selja á opinberu söluþingi, ef því verður við komið.

58. gr.

Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fé skuldbindingar þær, sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeiganda sem skipstjóri.

59. gr.

Bæta skal skipstjóri skaða þann, sem hann olli útgerðarmönnum eða farmeigendum með yfirsjónum sínum eða vanrækslu á skyldum sínum við þá; það leysir hann eigi úr ábyrgð, að hann fór eftir fyrirmælum annara, nema gagnvart þeim, er fyrirmælin gáfu. Þótt ályktun sé gerð á skipsráðstefnu ber skipstjóri engu að síður ábyrgð á framkvæmdunum.

Skipstjóri ábyrgist skaða þann, er verður af yfirsjónum skipverja eða vanrækslu á störfum þeirra, nema ætla megi, að hvorki hafi frá hans hendi skort á næga athygli né eftirlit.

60. gr.

Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil við heimkomu skips að entri för, og annars svo oft sem útgerðarmenn heimta. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi, skal það gert með lögsókn áður 6 mánuðir sé liðnir frá því, er hann fékk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt, nema misreiknun eða svik sannist.

Ef ekki er annan veg tilskilið, skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanna á reikningnum hverja sérstaka uppbót, sem hann hefir tekið við af leigutaka skips, farmeiganda, birgðasala eða öðrum, þeim er hann átti skifti við sem skipstjóri.

61. gr.

Setja má skipstjóra af starfi á hverjum tíma er vill. Nú á hann meira en hálft skip, og má þá dómari víkja honum frá, ef hluthafi í skipi krefst og nægar sakir eru til.

Nú hefir skipstjóri gengið í sjálfskuld til gagnsmuna skipi eða farmi, og var honum það ekki óheimilt, og er hann þá ekki skyldur að láta af stöðu sinni fyr en útgerðarmenn fá honum þá trygging, að hann verði skaðlaus af ábyrgðinni.

62. gr.

Ef skipstjóri var ekki ráðinn um ákveðinn tíma eða til tiltekinnar farar og ráðningarsáttmáli hans tekur ekki til um uppsögn eða burtför, getur hann sagt upp þjónustu sinni þegar sem skipið er í innlendri höfn og för á

enda. Nú hefir hann gegnt starfinu í 3 ár og skipið hefir aldrei á þeim tíma lokið för hér við land, og er skipstjóra þá heimilt að segja þjónustu sinni lokið við lok þeirrar farar, sem hann þá er á, og veiti hann svo langan frest, að útgerðarmenn fái sæmilegan tíma og tækifæri til að afla sér annars skipstjóra. Nú ákveða útgerðarmenn, þegar sem þeir fengu uppsögn skipstjóra, að skipið skuli snúa hingað til lands úr þeirri höfn, sem það þá er í, og er þá skipstjóri skyldur til að vera fyrir skipinu heim, þá er það hefir tekið farm, þó afferma skuli á leiðinni í annari höfn.

Eigi að afferma skipið, má skipstjóri ekki hverfa braut fyrri en lokið er.

Missi skipið rétt til að bera danskan fána, á skipstjóri þegar heimila burtför.

63. gr.

Nú er skipstjóri settur af starfi sakir óhæfileika hans, yfirsjóna eða hirðuleysis við starfa sinn, og á hann þá kaup sitt til þess er hann var rekinn.

Svo er og ef hann var settur af starfinu sakir þess, að ferðin varð ekki farin, eða henni varð ekki lokið, eða löng frestun varð á sökum ófriðar, herkviunar, löghalds (embargo), flutningabanns á vörum, eða sakir ísa eða meiðingar á skipi svo að það verði ekki fært til fararinnar.

Farist skip eða það er dæmt óbætandi, er hernumið og gert upptækt, eða víkingar taka það, á skipstjóri frjálsa brautför, enda missir hann rétt til kaups. Þó má hann ekki fara braut af þeim stað, þar sem slys varð, áður öllu er ráðstafað, því er að skipi og farmi lýtur, og á hann rétt á hæfilegri þóknun fyrir þann tíma, sem hann ver til þess, og ekki minni en nam kaupi hans áður og að auki ókeypis dvöl og viðurværi eða fæðispeninga.

64. gr.

Ef skipstjóri er settur af starfi sakir sjúkleika eða meiðsla, sem geri hann ófæran til skipstjórnar, á hann kaup sitt til þess er hann fer.

Nú verður skipstjóri fyrir sjúkleik eða meiðslum á ráðningartíma sínum, og var sjálfur ekki sök í, og eru útgerðarmenn þá skyldir að kosta lækning hans og aðhlynning, og eins eftir það er honum var vikið burt og þó ekki 4 vikum lengur eftir það, ef hann vék frá því hér á landi eða á þeim stað erlendis, þar sem samningur sagði til, að hann færi, ella 8 vikur.

65. gr.

Ef skipstjóra er vikið frá starfi og af engum þeim sökum, sem nefndar voru í 63. og 64. gr., tekur hann alt það kaup sitt, sem áskilið var. Nú var ráðningartími hans látinn óákveðinn, og á hann þá kaup til þess er hann veik burt og að auki eins mánaðar kaup, ef hann veik frá starfi hér á landi og það var ekki á þeim tíma, sem honum var sjálfum heimilt að fara eftir 62. gr.; en 2 mánaða kaup, ef honum var vikið frá í öðrum höfnum í Norðurálfu, en 3 mánaða kaup, ef það var í höfnum utan Norðurálfu.

Þessi ákvæði taka og til þess, er skipstjóri víkur burt sakir þess, að skipið missir rétt til að bera danskan fána.

66. gr.

Nú er starfstími skipstjóra á enda og með þeim atvikum, sem getur í 65. gr., og þó á öðrum stað en til var tekið eða fyrir séð í ráðningarsáttmála

hans, og á hann þá rétt á endurgjaldi frá útgerðarmönnum fyrir ferðakostnað til ráðningarstaðar síns, ef hann var ráðinn hér í ríkinu, en ella til lögheimilis skipsins, og skulu fæðispeningar taldir til kostnaðar. Sama rétt á skipstjóri, ef honum var vikið frá erlendis með þeim atvikum, sem 2. hluti 63. gr. tekur til, svo og ef hann er látinn eftir erlendis sakir sjúkleika og útgerðarmenn voru skyldir til að kosta hjúkrun hans og lækning eftir 64. gr.

Ef skip ferst utanlands eða meiðist svo, að það er dæmt óbætandi, eða víkingar taka það, greiðir landssjóður heimfararkostnað skipstjóra; svo er og ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki ófriðar von, er hann lét síðast í haf, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá.

67. gr.

Ef skipstjóri deyr, á hann kaup sitt til dánardags. Nú týnist skip og er vafi á um nær það bar að og svo um dánardag skipstjóra, og skal þá meta svo, sem slysið og dauða hans hafi að borið þá er liðinn var helmingur þess tíma, er skip, slíkt sem þetta var, þurfti á þeim tíma árs til farar sinnar þangað, sem ætlað var, frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins.

68. gr.

Nú er skipstjóra heitið kaup eða auk kaups hundraðsgjaldi af farmi (kaplak) eða hlut í öðrum tekjum af förinni, og víki hann burt áður sú för sé á enda, og skal hann þá hafa svo mikinn hluta fjár þess, er honum var heitið, sem koma mundi á þann tíma, sem hann gegndi stöðu sinni að réttu hlutfalli við fararlengd alla. Eigi hann rétt á kaupi fyrir lengri tíma eftir 65. gr., skal honum talið með öllu saman tvöfalt stýrimannskaup frá lokum starfstíma, en haldi þó ráðningarkaupi sínu, ef það var meira.

69. gr.

Þegar skip er afgreitt til farar og að öðru ferðbúið, má ekki halda eftir skipstjóra sakir skulda, né leggja löghald á eða gera fjárnám í neinum munum hans, þeim sem á skipi eru og hann þarfnast til starfa síns á því.

Fjórði kapituli.

Um skipshöfn.

70. gr.

Þá er háseti er ráðinn í skiprúm, fær hann skipstjóra í hendur farbækur sínar allar og varðveitir skipstjóri þær meðan sú för stendur.

71. gr.

Þá er skipstjóri ræður mann til skips með sér, skal hann fá honum viðskiftabók. Í bókinni skal vera prentaður formáli fyrir samningi milli skipstjóra og skipshafnar og fyrirmæli þau, er skipshöfn snerta í þessum lögum og erindsbréfum danskra konsúla og reglugerð þeirri, er getur í 45. gr. um herbergi skipshafnar og fæði á skipi.

Landsstjórnin sér um, að slíkar viðskiftabækur fáist hjá hverjum lögskráningarstjóra við ákveðnu verði.

Í viðskiftabókina skal skipstjóri rita fult nafn sjómanns, aldur og fæðingarstað og tiltaka ljóst og skilmerkilega um förina, sem maðurinn er ráðinn til, ætlunarverk hans á skipinu og ráðningarkjör, og nefna þá kauphæð, sem honum er heitin, og skrifar skipstjóri nafn sitt undir. Sé vís kauphæð ákveðin fyrir tiltekna för, skal þess getið í bókinni, hve lengi ætlað er á, að förin muni standa og skal þá jafnan við það miðað, hvert sinn, sem reikna skal kaup eftir tíma, samkvæmt ákvæðum þessa kapítula.

Það skal og tilgreint í viðskiftabókinni, hvað greitt var fyrir fram af kaupi við ráðning og hvað greitt var síðar á ferðinni. Skyldur er sjómaður til að skrifa í bókina viðurkenningu sína fyrir því, sem honum var greitt, ef þess er krafist.

Ef skipshöfn eða einhver háseta er ráðinn á fiskiskip gegn hluta í afla, er skipstjóra skylt að gæta þess, að um það sé ger skriflegur samningur í viðurvist lögskráningarstjóra.

72. gr.

Skyldur er skipstjóri til að skrifa og í skipshafnarskrána öll þau ákvæði um ráðninguna, sem 71. gr. til tekur, og láta skipverja sína skrifa nöfn sín undir; nú er förinni heitið í utanlandssiglingar eða á fiskiveiðar, og skulu þá skipverjar, áður þeir sé lögskráðir í skiprúm, kannast fyrir lögskráningarstjóra við samninga þessa, svo sem þeir voru skrifaðir í viðskiftabækur og skipshafnarskrár, sé það eigi áður gert. Ef skipstjóri vill auk þess gera sérstakan samning bréflegan við skipshöfn sína um ráðninguna, getur hann krafist til þess aðstoðar lögskráningarstjóra og er hann skyldur til að fylla út viðskiftabækur og skipshafnarskrár fyrir hönd skipstjóra fyrir það gjald, sem landsstjórnin ákveður. Nú ber skipshafnarskrá ekki saman við viðskiftabækur eða hinn sérstaka samning við skipverja, og það er ekki leiðrétt áður skipverji er lögskráður, og gildir þá það ákvæðið, sem skipverja er hagkvæmara, ef ráðningarkostir verða ekki á annan veg sannaðir.

Um lögskráning farmanna á skip og úr skipi gilda fyrirskipanir þær, sem sérstaklega eru um það gerðar.

73. gr.

Ef farmaður ræðst í fleiri skiprúm en eitt, gengur eldri samningur fyrir yngri; þó skal sá skipstjóri ganga fyrir, sem fékk farbók manns, ef skipstjóri vissi ekki til eldri ráðningar.

74. gr.

Skyldur er skipráðinn maður að koma til starfs síns á skipi á þeim tíma, sem skipstjóri tók til, og má ekki fara leyfislaust frá skipi eftir það. Ráðningartími hefst þann dag, er maðurinn kom á skip, ef ekki var um annað samið.

75. gr.

Nú er maður ráðinn og lögskráður í skiprúm, eða hefir skuldbindið sig bréflega til að koma til skips á tilteknum tíma eða sannað verður, að hann fékk skipun um það, og vanrækti hann að koma til skips á ákveðnum tíma,

og getur þá skipstjóri þröngvað honum, með aðstoð lögregluliðs, til að gera skyldu sína; svo er og ef skipverji fer frá skipi án leyfis eða er lengur á burtu en leyft var.

Draga má af kaupi skipverja það, sem kostaði að færa hann á skip.

76. gr.

Fyrirmæli 69. gr. um óheimild á löghaldi á fémunum skipstjóra og fjárnám í þeim, gilda og um fémuni skipshafnar.

77. gr.

Allir skulu skipverjar hegða sér siðsamlega og friðsamlega og ekki gera sig seka í óreglu og gæta vandlega allra fyrirskipana til viðhalds siðsemi og reglu á skipi. Þeir skulu sýna virðing yfirmönnum sínum og hlýða með athygli á skipanir þeirra og láta á sér skilja með skýrum svörum, þeim sem við eiga, að þeir skildu skipunina.

78. gr.

Skylt er hverjum skipverja að hlýða boðum yfirmanna sinna bæði á landi og á skipsfjöl, í höfn og í hafi, í öllu, sem lýtur að skylduverkum hans, og sýna í öllu umhyggju um skip og góz og vinna verk sín með áhuga og gaumgæfni jafnt á nóttu sem degi, helga daga og rúmhelga. Ef tjón hlýzt af misgripum hans, hirðuleysi eða vanrækslu, er hann skyldur að bæta.

Nú kemst skip í sjávarháska, og er skipshöfn þá skyld til að gera alt það, er hún má til bjargar skipinu, og fari ekki frá skipi á undan skipstjóra, nema hann leyfi.

79. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega að aðstoða skipstjóra á sjónum við athuganir og mælireikning og við bókun í leiðarbók; hann lítur og eftir öðrum skipverjum, vistum og skipi og áhöldum öllum; hann skal og skrásetja farmgóz, sem fer af skipi eða á skip, og ábyrgist skipstjóra alt það, er hann tekur við, og svo hversu búlkað var. Riti stýrimaður leiðarbók, ábyrgist hann að rétt sé.

Nú er skipstjóri forfallaður eða fjarverandi og ber eitthvað það að, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, og skal þá stýrimaður ráða úr því, sem ekki má fresta. Ef skipstjóri deyr eða verður ófær til skipstjórnar eða gengur af skipi, skal stýrimaður koma í hans stað til þess ráðstöfun er gerð, svo sem 30. gr. mælir fyrir um.

80. gr.

Það er einkanlega skylda vélarstjóra að líta eftir gufukötlum og vélum; hann ábyrgist notkun þeirra og gæzlu og hefir umsjón þeirra manna, er þeim gegna. Hann ritar í vélarbók með eftirliti skipstjóra og ábyrgist, að rétt sé ritað.

81. gr.

Enginn skipverja má hafa á skipi vörur fyrir sig eða aðra, nema skipstjóri leyfi. Nú hefir hann vöru, og fer um það sem fyrir er mælt í 28. gr.

Ef orsök er til að gruna, að vörur sé heimildarlaust á skipi eða eitt-

hvað það sé komið á skip, sem skipi eða farmi geti stafað háski af eða áhætta, eða geri þar glundroða, þá er skipstjóra heimilt að láta rannsaka hirzlur skipshafnar.

Nú er góz tekið heimildarlaust á skip, og er þá rétt að færa það aftur á land eða varpa fyrir borð, ef skip var látið út þegar gózið fanst, ef það verður ekki haft á skipi háskalaust eða áhættu.

82. gr.

Ef skipverjar eru ráðnir um ótiltekinn tíma, og ekki er annan veg tilskilið, eru þeir skyldir til að fara með skipinu til þess för sú er á enda og það er komið á þann stað, þar sem skipverjar voru skipráðnir, eða til einhverrar hafnar innlendrar, ef þeir voru ráðnir á Íslandi. Ef þeir voru ráðnir um ákveðinn tíma og hann endar meðan á ferð stendur, geta þeir þó ekki krafist lausnar fyrri en á næsta stað, þeim sem skipið kemur á til farmtöku eða affermingar. Ef þeir voru ráðnir til ákveðinnar farar, og breytt er síðan um ferðir áður skipið fer af ráðningarstaðnum, geta þeir krafist lausnar þá þegar. Nú er skift um för eftir það er skipið fór af stað, og stendur þá ráðningin til þess er skipið kemur á hinn nýja ákvæðisstað sinn, nema um hann sé svo skift, að hann verði útlend höfn í stað innlendrar eða annarar álfu höfn í stað Norðurálfu, því þá getur skipshöfn krafist lausnar á hinni fyrstu höfn, sem skipið kemur í, eftir það er breytt var til um för, enda eiga þeir ekki kaup lengur en þeir voru í þjónustu skipsins.

83. gr.

Nú hefir maður verið tvö ár háseti á sama skipi eftir það er síðasta lögskráning fór fram, og getur hann þá, hvað sem ráðningarsamningur hans kveður á um það, krafist lausnar á næsta stað, sem skipið kemur á til affermingar eða farmtöku, nema skipið fari þaðan beint til þess staðar, þar sem ráðningarsamningur hans heimilar honum brautför. Kaup á hann að eins til brautfarar sinnar.

84. gr.

Nú er skipverjum heimilt að fara úr skiprúmi eftir ráðningarsamningi sínum eða fyrirmælum 82. og 83. gr., og eru þeir þó skyldir til, ef skipstjóri vill, að vinna það, sem þörf krefur að affermingu eða ruðningu kjalfestu, ofantöku reiða, festing skips eða umbúnaði, og þeir geta ekki krafist lausnar áður því starfi sé lokið. Ekki eru þeir skyldir til að starfa að þessu lengur en viku eftir það er skipið kom í höfn.

85. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að fara með skip, á hann heimilt að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað og auki það ekki kostnað útgerðarmönnum. Svo er og ef maður á kost á yfirstýrimannsstöðu eða vélarstjóra, sá er ráðinn var til óæðra starfs.

Krefja má og lausnar úr skiprúmi ef ófrið ber að, svo að hætta sé á, að skipið geti orðið hernumið sakir þjóðernis síns, farms eða fararstefnu.

Þeir eiga kaup til brottfarar sinnar, sem lausn fá úr skiprúmi eftir þessari grein.

86. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hafi misþyrmt honum á skipi eða aðrir skipsmenn og hafi skipstjóri þá ekki veitt honum vernd og verið þó beiddur til, eða skipstjóri meinaði honum sæmilegt fæði, og getur skipverji þá krafist burtfarar. Nú fer maður burt fyrir þessar sakir, og á hann þá kaup fyrir þann tíma, sem hann var í skiprúminu, og að auki mánaðarkaup. Nú fær hann lausn á öðrum stað en ráðningarstað sínum, og á hann þá enn kaup fyrir þann tíma, sem þarf til að komast þangað, sem hann skal skráður úr skipi, eða til ráðningarstaðar síns, ef ekki var samið um úrskráningarstað, og getur hann krafist að fá þann ferðakostnað og fæðis allan greiddan sér í peningum. Nú var hann ráðinn til fararinnar fyrir ákveðna fjárhæð, og ber honum þá aldrei meira en það kaup og svo ferðakostnaður hans.

87. gr.

Nú er skip ófært til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri vanrækir að ráða þær bætur á, að skip sé í góðu lagi, og má skipshöfn þá krefjast fararleyfis. Skyldur er skipstjóri til að láta fram fara löglega skoðunargjörð á skipinu og meta hversu fært það sé til farar, ef meiri hluti skipshafnar krefst; hann er og skyldur til, að láta skoða vél skipsins, þar sem því má við koma og vélarstjóri krefst þess; synji skipstjóri þessara skoðunargerða, er skipshöfn heimil brautför úr skiprúmi. Um kaup og ferðakostnað fer í þessum atriðum svo sem fyrir er mælt í 86. gr.

Nú reynist það við skoðunargerðina, að skipið var fært til þeirrar farar og engir þeir gallar á, að skynsamleg rök væri til kærunnar, og eru þá þeir menn, sem skoðunargerðar kröfðust, skyldir að bæta kostnað þann og tjón, sem af henni leiddi.

88. gr.

Ef skip missir heimild til að bera danskan fána, getur skipshöfn þegar krafist vistarslita, og á hún kaup og ferðakostnað sem segir í 86. gr. Ekki er skipverjum heimilt að bregða ráðningu, þótt breyting verði á útgerðarmönnum eða skift sé um skipstjóra.

89. gr.

Nú sannast það, að maður er óhæfur í þá stöðu, sem hann réð sig til, og má þá víkja honum úr skiprúmi, og taki sá maður kaup til þess er hann fór. Svo skal og vera ef skipverji sýnir skipstjóra ofbeldi eða öðrum yfirmanni sínum, eða verður sekur um það, að hafa leynt á skipi toliskyldum vörum eða öðru því gózi, sem óheimill var á brautflutningur á brautfararstað skipsins, eða eða aðflutningur á ætlunarstað þess; svo skal og enn, ef skipverji hefir svo oft sætt refsingu fyrir yfirsjónir við störf sín, eða brot á siðsemi og reglusemi, að refsivald skipstjóra eftir 102. gr. hljóti að verða þýðingarlaust. Ekki má víkja manni erlendis úr skiprúmi sakir ódugnaðar hans, nema danskur konsúll samþykki, ef hann er á þeim stað; nú er enginn konsúll á þeim stað, og er þá skipstjóri skyldur til að sjá þeim manni fyrir ókeypis för til ráðningarstaðar hans, ef hann getur ekki fengið sér skiprúm, þar sem hann er þá.

Nú getur skipstjóri ekki þegar vikið óhæfum sjómanni á braut, eða vill það ekki, og er rétt að skipstjóri lækki þá kaup hans alt að helmingi, svo

sem efni liggja til; heimilt er þó sjómanni að kæra gjörðir skipstjóra þann veg, sem segir í 104. gr.

Atvik þau, sem liggja til brautreksturs skipverja eða kauplækkunar, skal skrifa í leiðarbók, ef hún er til, en að öðrum kosti sé skýrt frá þeim bréflega og þau staðfest með vottorði tveggja hinna beztu manna á skipi, eftir að það, sem bókað var eða bréfað, hefir verið lesið manninum sjálfum og öðrum skipverjum, og er úrskurður um kauplækkun ógildur nema svo sé gert.

90. gr.

Ef skipverji sýkist eða slasast, er skipstjóra skylt að sjá honum fyrir sæmilegri hjúkrun á skipi eða á landi; en sé svo ástatt um hann, að hann verði óstarffær um langan tíma eða þjáist af kynsjúkdómi, má þegar víkja honum úr skiprúmi. Ef það ber að erlendis, skal skipstjóri fá hann í hendur konsúl, og sé þar enginn danskur konsúll, skal hann fá manninum hjúkrun svo trygt sé.

Nú er manni vikið úr skiprúmi sakir meiðsla eða sjúkleiks, sem hann hann er sjálfur valdur að, eða sakir kynsjúkdóms, og fær hann þá kaup fyrir þann einn tíma, sem hann var í þjónustu skipsins, og má taka hjúkrunarkostnað af kaupi hans. Nú er honum ekki vikið burt, og fær hann þá ekki kaup fyrir þann tíma, sem hann var frá verki, og greiði sjálfur hjúkrunarkostnað sinn.

Ef meiðsli manns eða sjúkleiki er ekki af þeim orsökum, sem nú var sagt, og honum er ekki vikið úr skiprúmi, tekur hann kaup sitt fult meðan hann er sjúkur og fær þá hjúkrun, sem hann þarfnast, á kostnað útgerðarmanna. Nú er honum vikið burt, og tekur hann þá kaup sitt til þess hann er skráður úr skipi, og ef hann er ekki úr skráður, fær hann kaup sitt til þess dags, er skipið lætur út, og svo hjúkrun á kostnað útgerðarmanna í 4 vikur, ef hann er hér á landi eða á þeim stað erlendis, þar sem löglega mátti slíta ráðning hans, ella um 8 vikur, og sé talið frá úrskráningu hans, ef hún fer fram, annars frá burtför skipsins.

Nú er enginn danskur konsúll, sem hinn sjúki maður verði fenginn í hendur, og skipstjóri hljóti því að greiða fé erlendis til hjúkrunar íslenzkum farmanni, og útgerðarmenn voru ekki skyldir til að kosta þá hjúkrun, og eiga þeir þá rétt á að fá það fé endurgoldið úr landssjóði og á landssjóður enga endurgjaldskröfu á hendur farmanninum.

91. gr.

Nú er hætt við för sakir ófriðar, herkvíunar, löghalds, útflutningsbanns eða aðflutnings, ístálmunar eða meiðsla á skipi, svo að það er ekki ferðafært, eða för verður að fresta eða gera hlé á henni svo stórum nemi af þessum sökum, og má þá slíta ráðningu skipshafnar, og heldur hún kaupi sínu til brautfarar.

Farist skip eða það meiðist og er dæmt óbætandi eða það er hernumið og gert upptækt, eða víkingar taka það, er ráðning skipverja slitið, enda tekur hún þá ekki lengur kaup. Ef skip ferst, er þó skipshöfn skylt, gegn hæfilegri þóknun, að taka þátt í björguninni og má ekki fara braut fyrri en borið er skipsvætti.

92. gr.

Ef hætt er við för af öðrum sökum en þeim, sem getur í 91. gr., eða ráðning er slitið við skipverja án lögmætra saka og það sé ekki sérstaklega til skilið í ráðningarmála, þá ber skipverjum kaup og ferðakostnaður svo sem fyrir er mælt í 86. gr.; svo er og ef skip er lagt erlendis í vetrarlagi og ráðningu slitið við skipverja, en þá fellur burt mánaðarauki sá við kaupið, sem greinin til tekur.

93. gr.

Ef skipverji deyr, er honum talið kaup til dánardags, hafi hann ekki áður glatað rétti sínum til launa sakir sjúkleiks eða annars þess, sem áður er talið. Kosta skulu útgerðarmenn greftrun hans.

Nú spyrst ekki til skips og engin vitneskja fæst um, á hverjum tíma slysið bar að, og skal skipshöfn þá talið kaup svo sem segir í 67. gr.

94. gr.

Nú er samið um ákveðna fjárhæð fyrir tiltekna för og er sú breyting gerð á förinni, að hún stendur lengur en ráð var fyrir gert í samningnum, og ber þá skipverjum kaupauki að hlutfalli við lenging tímans; en einskis missa þeir af umsömdu kaupi, þótt för standi skemur. Þeir eiga og rétt á kaupauka, ef skipstjóri eða útgerðarmenn dvelja för skips á eindæmi sitt, eða einhver þeirra er valdur að dvölinni á annan hátt, svo og fyrir þann tíma, sem skipið er neytt til að halda kyrru fyrir sökum ófriðar, herkvíunar, löghalds, útflutningsbanns eða aðflutnings eða ístálmunar, svo og ef skip hleypir í bjarghöfn og dvelst þar við aðgerð eða sakir farmsins, eða lengur en hina ákveðnu biðdaga við farmtöku eða afferming; þó á skipshöfn ekki rétt á launaauka fyrir skemri dvöl en 8 daga samfelda, né heldur ef ferðin hefir ekki lengst meira en ráð var fyrir gert við ráðninguna.

95. gr.

Nú fækkar skipverjum meðan á förinni stendur og hinir, sem eftir voru, vinna skipsstörfin, og skal þá því kaupi, sem sparaðist við fækkunina þann tíma, sem skipið er í hafi, skift meðal hinna, sem eftir voru, í réttu hlutfalli við aukið starf hvers þeirra.

Þó er ekki skylt að skifta fénu milli skipverja, ef fækkunin varð við strok skipverja, og það varð með þeim atvikum, að hinir hefði getað varnað því.

96. gr.

Þyki skipstjóra brýna nauðsyn bera til að setja skipverja til starfa að farmtöku skips eða affermingu á sunnudögum eða öðrum helgum dögum hér í landi, og skal þá hver maður, sem í því starfi var, fá sérstaka þóknun fyrir, ef annað var ekki til tekið við hann, og skal sú þóknun metin jöfn $^1/_2$ dags kaupi fyrir hverjar tvær klukkustundir eða hlut úr þeim. Þessi ákvæði gilda ekki um skip, sem fara reglubundnar ferðir milli ákveðinna staða eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.

97. gr.

Ef maður er ráðinn á skip til ákveðinnar farar, en breyting er síðar gerð á förinni, svo að henni skal nú lúka á öðrum stað en þar, sem skrán-

ingarmáli hans heimilaði honum úrskárning, og getur hann þá krafist fæðis og ferðakostnaðar til úrskráningarstaðar síns.

98. gr.

Nú slítur erlendis ráðningu íslenzkra farmanna af þeim sökum einhverjum, sem getur í 91. gr., eða þeir eru látnir eftir erlendis sakir meiðsla eða sjúkleika, svo að þeim ber hjúkrun og lækning á kostnað útgerðarmanna, og geta þeir þá krafist ókeypis flutnings og fæðis til næstu hafnar innlendrar. Ef skip týnist eða lestist og er dæmt óbætandi, eða víkingar taka það, greiðir landssjóður heimfararkostnaðinn; svo er og ef skip er hermunið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki um ófriðinn, þá er hann lét í haf síðast, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá. Annars kostar greiði útgerðarmenn þann kostnað ávalt.

Nú á farmaður skyldan ókeypis heimflutning og verður honum fengið skiprúm á skipi, sem heldur til innlendrar hafnar eða annarar, sem auðvelt er að senda hann heim úr, og er hann þá skyldur til að taka við því skiprúmi, ef það er ekki verra en hitt, sem hann var ráðinn í.

99. gr.

Á ferðum geta farmenn krafist jafnóðum greiðslu á kaupi því, sem þeir hafa unnið fyrir, annaðhvort í peningum, þegar skip er í höfn, eða ávísun á útgerðarmenn; þó er skipstjóra jafnan heimilt að halda eftir einum þriðjungi kaups til þess er úrskráning fer fram.

Nú reynist, þá er gerður er upp reikningur manns, að honum var greitt meira fyrir fram en kaup hans nam, og er þá ekkert afturkræft af því, sem greitt var, ef svo stendur á, sem gert er ráð fyrir í 86.—88. gr., 3. lið 90. gr. eða 91.—93. gr.

100. gr.

Uni skipverji illa við lokareikning skipstjóra, getur hann skotið honum til úrskurðar skráningarstjóra þess, sem skráir hann úr skipi.

Nú er skip erlendis og rís ágreiningur milli skipstjóra og einhvers af skipverjum um eitthvað út af stöðu þeirra, og skal málið þá borið upp fyrir hinum danska konsúl á þeim stað, eða á fyrsta viðkomustað, þar sem danskur konsúll er.

Úrskurði konsúls verða báðir aðilar að hlíta til þess er málið getur komið fyrir rétt hér á landi.

101. gr.

Neiti einhver skipverji að hlýða því, sem honum er skipað, eða sýni hann þvermóðsku við starf sitt, er skipstjóra heimilt, eða þeim, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, að þröngva þeim manni til hlýðni með valdi. Þá er skip er í háska, eða samsæri kemur upp meðal skipverja, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri skipan, og er hver af skipverjum skyldur til að veita aðstoð sína yfirmanni, og jafnvel ótilkaddur.

Nú meiðist sá, er óhlýðinn var, og á þá enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti ekki meira harðræði en atvik kröfðu.

102. gr.

Ef maður verður sekur um yfirsjónir þær í þjónustu sinni, sem hér skulu taldar, eða óhlýðni við góða háttsemi, getur skipstjóri látið það varða kaupmissi, sem hér segir:

1. Ef maður er settur við stýri eða honum er skipuð útsýn og gengur hann af verði eða komið er að honum þar sofandi eða ölvuðum eða maður fer óvarlega með eld eða ljós eða breytir ósæmilega við yfirmenn sína eða sýnir þeim óhlýðni og varðar það kaupmissi alt að $^1/_2$ mánuði.
2. Ef menn vanrækja vörð eða annað starf, sem þeim er falið, eða komið er að þeim þar sofandi eða ölvuðum eða hafa brennivín á skip eða annað áfengi eða fara með fatnað sinn af skipi ólofað, missa þeir alt að $^1/_4$ mánaðar kaups síns.
3. Ef maður fer á land ólofað og hverfur aftur samdægurs, varðar það kaupmissi alt að $^1/_4$ mánaðar, en missi að alt $^1/_2$ mánaðar kaups, ef síðar kemur.
4. Ef manni er lofuð landför og kemur hann ekki aftur svo sem á var kveðið, og varðar það kaupmissi 1 dags eða 2 ef hann kemur sama dag, en alt að $^1/_4$ mánaðar kaups, ef síðar kemur.
5. Það varðar kaupmissi alt að 4 daga, ef maður fer frá báti, sem hann var sendur með til lands, eða vekur úlfúð eða illindi á skipi eða við skyldustörf manna, eða hleypir óviðkomandi mönnum á skip ólofað, eða leynir þeim á skipi eða gætir ekki í öðru reglu og góðrar háttsemi.

Verði stýrimanni einhver af þessum yfirsjónum eða vélarstjóra, bæta þeir hálfu meira en aðrir skipverjar.

Tvöfalda má sektir, ef maður, sem einu sinni hefir verið hegnt, gerir sig sekan í sömu yfirsjón.

Ekki má þó leggja á mann í einni ferð meiri sektir fyrir þessar sakir, en nema mundi helmingi kaups þess, sem við lokareikning reynist að maðurinn vann fyrir á ferðinni.

Nú nema sektir manns hálfu kaupi, og er þá skipstjóra heimilt að beita varðhaldi, þó ekki lengur en um 48 klukkustundir, og þó því að eins, að sæmilegt varðhaldsherbergi sé á skipi.

103. gr.

Áður en skipstjóri beitir refsivaldi því, sem 102. gr. heimilar honum, skal hann kveðja manninn til framburðar um mál hans í viðurvist tveggja beztu manna á skipinu og ekki fyrr en 12 klukkustundir sé liðnar frá því, er yfirsjónin var framin, nema sérstök rök liggi til, að fyr sé kvatt framburðar. Rita skal í leiðarbók framburð hans og þá refsing, sem skipstjóri leggur á, ef leiðarbók er á skipinu, ella skal það skrifa sérstaklega, og skal það, sem ritað var, lesið hinum seka manni og vottunum, og sanna þeir, sem við voru staddir, með nöfnum sínum, að rétt sé. Ómætur er úrskurður skipstjóra um það er hann dró af kaupi, nema hann gæti fyrirmæla þessara.

104. gr.

Nú refsaði skipstjóri manni með kaupmissi og vill sá kæra það, og skal hann þá hafa fengið kæru sína dómara áður 3 dagar sé liðnir frá því, er skipið kom á innlenda höfn, þar sem ferma skal skip, afferma eða umbúa og það er um kyrt að minsta kosti þrjá daga. Ef skráð er úr skiprúmi, telst

fresturinn frá úrskráningu. Ekki má skipstjóri synja honum farar á land með kæru sína.

Ef slitið er ráðningu farmanns í útlendri höfn, ber hann fram kæru sína fyrir þeim dönskum konsúl, sem þar er, og skal fyrst um sinn hlíta úrskurði hans við samningu lokareiknings mannsins. Heimilt skal skipstjóra eða háseta á ársfresti þaðan frá að skjóta málinu til dóms að lögheimili skipsins; kært getur og háseti þangað úrskurð skipstjóra eða reikning hans, ef ekki var danskur konsúll á þeim stað erlendis, þar sem ráðning hans var slitið, og hefir háseti og ársfrest til frá því er ráðningu sleit. Krafist getur háseti afrits af því, sem bókað var, eða annan veg ritað samkvæmt 103. gr. um refsingu þá, sem honum var úrskurðuð.

Með mál þau, sem ræðir um í þessari grein, skal fara sem einkalögreglumál.

105. gr.

Kaupi því, sem eftir var haldið eftir 102. gr., getur skipstjóri varið til endurgjalds kostnaði þeim og tjóni, sem hinn seki maður olli útgerðarmönnum, ef það, sem hann átti hjá þeim eftir af kaupi sínu, vanst ekki til þess. Það, sem þá kann að verða afgangs, verði eign stofnunar, sem gerð sé til gagnsmuna siglingum eða farmönnum og konungur skipar nánar fyrir um; féð skal greiða við úrskráning til skráningarstjóra, erlendis til konsúls, eða skipstjóri sendir það stofnuninni sjálfri, ef háseti fór úr skiprúmi og var ekki lögskráður úr.

106. gr.

Ef maður strýkur frá skipi og hverfur ekki aftur áður skip lætur út, fyrirgerir hann til útgerðarmanna kaupi því, sem hann átti inni, og þeim fémunum, sem hann lét eftir á skipi; hrökkvi það ekki til að bæta útgerðarmönnum það tjón, sem þeir biðu við strokið, er hann skyldur að gjalda það, sem á skortir. Ekki taka skipverjar kaup fyrir þann tíma, sem þeir eru burtu frá skipi ólofað.

107. gr.

Ef gruna má af líkum, að menn búi yfir stroki, er skipstjóra heimilt að taka fatnað skipverja og geyma svo lengi, sem tækifæri er til stroksins eftir atvikum. Ef strokumaður er tekinn á skipi eða gripinn eftir það er hann strauk, getur skipstjóri haft manninn í varðhaldi á skipi eða landi til þess er skipið lætur út.

108. gr.

Menn, sem ráðnir eru á skip og þó ekki taldir til skipshafnar sjálfrar, eru skyldir að hlýða boðum skipstjóra um hátterni á skipi og reglusemi, og vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til tryggingar skipinu. Til þeirra taka og fyrirmæli 81., 101. og 102. gr.

Ef þeir voru ráðnir af skipstjóra eða útgerðarmönnum, eiga þeir jafnan rétt öðrum skipverjum; þó skulu þeir ekki teknir til greina þegar talinn er meiri hluti sá, sem getur í 87. gr.

Fimti kapituli.

Um skipsleigu.

109. gr.

Um skipsleigu skal jafnan gera skriflegan samning (certeparti), ef annarhvor aðila æskir þess.

110. gr.

Ekki er opið þilfar talið til leigurúms í skipi, nema sérstaklega sé um samið; ekki heldur farrými eða herbergi þau önnur, sem ætluð eru skipverjum, eða til geymslu skipsmunum, vistum, eldivið eða öðrum fararnauðsynjum.

Þó má ekki taka vörur af öðrum mönnum í þau herbergi né á þilfar, nema sá samþykki, er skip tók á leigu, ella greiði leigusali venjulegt farmgjald fyrir þær vörur og allan skaða, er hinn hlaut af því.

111. gr.

Nú er skip ekki komið á farmtökustað og búið til að taka við farmi á þeim tíma, sem áskilið var í skipsleigusamningi, og er leigutaka þá heimilt að rifta samningnum; hann á og heimting á bótum fyrir tjón það, er töfin olli honum, nema það vitnist, að útgerðarmaður var ekki valdur að töfinni og ekki skipstjóri né skipshöfn.

Ef skipsleigusamningur tekur engan tíma til, nær farmtöku skal hefja, skal leigutaki þola bið, nema það vitnist, að útgerðarmaður, skipstjóri eða skipverjar sé valdir að.

Ekki getur leigutaki krafist neinskonar skaðabóta ef samningi er ekki rift og hann áskildi sér ekki rétt til þess áður hann lét vörur af hendi til farmtöku.

112. gr.

Heimilt er leigutaka að fá öðrum manni leigurétt sinn eftir samningnum, en eigi að síður ábyrgist hann, að allar þær skuldbindingar haldist, sem samningurinn batt honum.

113. gr.

Ekki má senda vöru leigutaka án samþykkis hans með öðru skipi en því, sem samið var um, nema skift verði um skip fyrir nauðsynja sakir, svo sem þeirra, er 160. og 161. gr. til taka. Nú skiftir útgerðarmaður um skip, og bæti skaða þann allan, er af hlýzt.

114. gr.

Nú er ekki áskilinn neinn farmtökustaður í höfn og hefir maður tekið alt skipið á leigu, og skal þá skip liggja á þeim stað, sem hann vísar til, ef þar er ekki tálmun fyrir og skipið liggur þar á floti og því er óhætt og kemst þaðan hlaðið tálmunarlaust; vísa skal á þann stað, þegar sem skipstjóri krefst þess, ella má hann sjálfur velja stað skipinu og sé þó almennur farmtökustaður. Nú taka skip á leigu fleiri menn en einn, og á þá sá, sem tók meira hlut skips, sama rétt og sá, er skip tók einn. Svo er og ef þeir verða fleiri saman og ásáttir og tóku á leigu meiri hlut skips, og taka þeir þá til staðinn, ef skipstjóri flutti skipið ekki áður í annað lægi.

Sá, sem alt skipið tók á leigu eða meiri hlut skips, eða ef þeir voru

fleiri, eiga og heimting á, að skip sé flutt á annan hagkvæman farmtökustað í sömu höfn og greiði allan flutningskostnað, sbr. niðurlag 119. gr. Sama rétt á og hver maður, sá er hlut leigir úr skipi, ef aðrir leigutakar hafa ekki óþægindi af flutningnum.

115. gr.

Nú fermir maður skip vöru, sem svo er háttað, að skipi eða öðrum vörum er háski eða tjón búið af, og hefir hann ekki sagt til hversu háttað var vörunni eða gætt þeirrar varúðar, sem boðin er við slíkar sendingar, og ábyrgist hann þá skaða þann allan og kostnað, sem af hlýzt. Svo er og ef maður hleður skip vöru án vitundar skipstjóra eða segir rangt til um gózið, og er þá sendandi auk þess skyldur til að greiða hæsta farmgjald, sem þar var á fararstað skipsins.

Verði varan ekki höfð á skipi háskalaust, er heimilt að færa hana á land á kostnað sendanda eða jafnvel varpa henni fyrir borð, ef hún fanst ekki fyrri en eftir að skip lét út, en greiði fult farmgjald hvort sem gert var.

116. gr.

Skylt er sendanda að færa góz að skipsborði, en leigusali annist þaðan af og kosti búlkun alla, undirbreiður og refli.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það komst ekki á umsaminn stað eða á vanalegan farmtökustað í höfninni, eða enginn staður var tilskilinn, og kostar þá skipstjóri flutning gózins á skip úr landi.

117. gr.

Óheimilt er skipstjóra að búlka góz manns á þilfari ólofað (sbr. 190. gr.) eða í skipsbáta eða hengja það utan borðs á skipið.

118. gr.

Leigutaki á heimting á, að skipstjóri láti skipið vera búið til farmtöku um ákveðinn tíma (biðdaga) endurgjaldslaust, og þá enn annan tíma til tekinn (biðaukadaga) og taki þóknun fyrir aukreitis.

Biðdaga skal telja frá fyrsta morgni rúmhelgum eftir það er skipið er komið á réttan stað og búið til að taka við farmi og skipstjóri hefir sagt sendanda til. Nú er honum sagt til eftir miðaftan dags eða á helgum degi, og skal þá telja biðdaga frá næsta morgni rúmhelgum. Sé sendandi ókunnur eða verði ekki fundinn, skal honum sagt til með auglýsingu í blaði þess staðar eða þann veg, sem þar er títt.

119. gr.

Ef ekki er samið um tölu biðdaga, skal telja þá eftir nettólestatali skips, svo sem hér segir:

	Smálestir.	Seglskip.	Gufuskip.
Þegar skip er ekki meira en	20	2 daga	2 daga
meira en 20, en minna en	35	3 —	2 —
— 35 —	50	4 —	2 —
— 50 —	100	6 —	3 —
— 100 —	150	7 —	
— 150 —	200	8 —	

			Smálestir.	Seglskip.	Gufuskip.
meira en	200, en minna en		250	9 daga	
—	250	—	300	10 —	4 daga
—	300	—	400	11 —	
—	400	—	500	12 —	
—	500	—	600	13 —	5 —
—	600	—	750	14 —	
—	750	—	900	15 —	6 —
—	900	—	1100	16 —	7 —
—	1100	—	1350	17 —	8 —
—	1350	—	1650	18 —	9 —
—	1650	—	2000	19 —	10 —

Ef skip er meira en 2000 smálestir, hvort sem er seglskip eða gufuskip, skal auka einum degi fyrir hverjar 400 smálestir, sem af ganga eða minna o. s. frv.

Ekki eru helgir dagar taldir til biðdaga og ekki þeir dagar heldur, sem varð ekki unnið að farmöku af því skipið tálmaði; tími, sem ekki tekur yfir meira en hálfan vinnudag, er að eins talinn hálfur dagur.

Ef til er tekin ákveðin tala samfeldra biðdaga, skulu og helgir dagar taldir.

Til biðdaga er og talin sú dvöl, sem leiðir af flutningi skips milli fermingarstaða í höfn samkvæmt 2. lið 114. gr.

120. gr.

Biðaukadagar skulu hálfu færri en biðdagar, ef ekki er annan veg um samið; þeir eru taldir samfeldir.

Ef ekki er annan veg um samið, er þóknun fyrir biðaukadaga 30 aurar á dag fyrir seglskip og 40 aurar fyrir gufuskip fyrir nettósmálest hverja. Þóknunin er talin fyrir hálfa daga, svo, að það, sem nemur ekki meira en hálfs dags vinnutíma, er talið hálfur dagur, en heill ef meira er.

Krefja má kaups að kveldi fyrir hvern biðaukadag. Nú er kaupið ekki greitt þá er skip er ferðbúið, og er þá skipstjóra heimilt að geta þess á vöruskírteini hvað ógreitt var.

121. gr.

Ákvæði þau um til tekna biðdaga og biðaukadaga, sem hér hafa verið talin, ná ekki til skipa, sem eru í reglubundnum förum meðal ákveðinna staða og áætlun er birt um fyrirfram.

122. gr.

Ekki er skipstjóra skylt að bíða móttöku farms eftir það er biðaukadagar eru á enda, en skyldur er hann til að hafa með sér það góz alt, sem honum var fengið þangað til, þótt hann verði að lengja biðina til að taka við gózinu og búlka því, en þóknun skal hann fá fyrir þá bið, ekki minni en fyrir biðaukadaga, og á heimilt að geta þess á vöruskírteini, ef hún var ekki greidd.

123. gr.

Ef varan er stykkjagóz, lætur sendandi hana af hendi eftir fyrirsögn

skipstjóra. Er sendandi ókunnur eða verður ekki fundinn, skal honum sagt til á þann hátt, sem segir í 118. gr. Ef gózið er þá ekki látið svo snemma af hendi, að taka megi á skip og búlka jafnóðum, er skipstjóri ekki skyldur til að taka við því og taki þó fult farmgjald fyrir, sbr. þó 130. gr.

Ekki er skylt að segja til nær vara skal koma til skipa þeirra, sem um getur í 121. gr.

124. gr.

Skylt er skipstjóra að gefa sjálfur eða láta stýrimann gefa skírteini fyrir viðtöku gózins jafnóðum, ef sendandi krefst. Skírteini þessi skulu fengin aftur skipstjóra þegar sem vöruskírteini er undirskrifað eða góz fer af skipi, ef það verður áður, sbr. 127. gr.

125. gr.

Skylt er sendanda að fá skipstjóra öll þau skjöl, sem fylgja skulu gózinu, áður sá tími sé liðinn, sem ákveðinn var til viðtöku gózins. Nú vanrækir sendandi það og tefur við það burtför skipsins, og getur þá skipstjóri krafist skaðabóta, ekki minni en fyrir biðaukadaga og getið þess á vöruskírteini, ef ekki er greitt.

Annast skal skipstjóri um, að hann sé búinn til brottfarar þegar sem hann hefir tekið við farmi og skjölum þeim, sem honum er nauðsyn að hafa. Nú vanrækir skipstjóri það eða tefur burtför sína, og getur sendandi þá krafist bóta fyrir tjón það, er af hlauzt, og rift samningi eftir atvikum.

126. gr.

Ef maður tekur heilt skip á leigu, er honum heimilt að rifta samningi og greiða hálfa skipsleigu og bætur fyrir biðauka og tafir, ef meiri hafa orðið, en segja skal hann sundur við skipstjóra samningi áður skip sé farið af þeim stað, er það skal láta út frá. Ef enginn farmur er kominn til skips áður biðaukadagar sé á enda, skal litið svo á, sem sá rifti samningi, er skip tók á leigu. Nú er skip tekið á leigu til fleiri fara en einnar, og skal þá bæta hálfu farmgjaldi fyrstu ferð, en aðrar ferðir fjórðungi farmgjalds, en helming farmgjalds báðar leiðir, ef bæði var samið um brautför og heimför.

Nú lætur leigutaki skips ekki af hendi alla vöru þá, er tilskilið var, og er skipstjóra þá ekki skylt að fara þá för, nema leigutaki greiði honum fult farmgjald fyrir vöru þá, sem ekki fer, svo og bætur fyrir kostnað, sem af því leiddi, að ekki kom sumt af farminum, fái ella skipstjóra tryggingu fyrir því, er greiða skyldi. Nú var endurgjalds krafist og ekki greitt og ekki trygging fengin fyrir lok biðaukadaga, og er þá skipstjóra heimilt að líta svo á, sem skipsleigutaki hafi rift samningi og greiði hann farmgjald og skaðabætur sem fyrr segir.

Nú er vöruskírteini afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 141. gr.

127. gr.

Nú er rift samningi með þeim atvikum, sem segir í 126. gr., og affermt aftur af þeim sökum góz það, er á skip var komið, og er þá leigutaki skyldur til að greiða skipstjóra allan farmtökukostnað og affermingar og bæta honum ef skipið var dvalið lengur en biðaukadaga og gjaldi ekki minna en fyrir þá.

128. gr.

Nú vill sá, er leigt hefir alt skip, rifta samningi eftir það er skip fór af þeim stað, þar sem ferð var hafin, og er hann þá skyldur að greiða fult farmgjald og bætur fyrir biðauka og ef aðrar dvalir urðu; þó skal að eins greiða þrjá fjórðunga farmgjalds, ef skip er leigt til farar á annan stað til farmtöku þar og samningi var sagt í sundur áður skip fór frá farmtökustað eða samningur raufst sakir þess, að leigutaki vanrækti skyldu sína með þeim atvikum, sem 2. liður 126. gr. til tekur. Nú var samið um fleiri ferðir en eina og skal þá greiða fult farmgjald fyrir þá för, sem hafin var, og hálft fyrir hina næstu, en fyrir hinar að fjórða hlut; ef samið var um för á ákveðinn stað og afturkomu þaðan tafarlaust, skal greiða þrjá fjórðunga farmgjalds fyrir báðar leiðir, ef samningi var rift áður skip fór þaðan heim á leið.

Ekki getur leigutaki krafist, að skip sé affermt eftir það er skip lagði út, nema á þeim stað sé, sem skip átti erindi til, og greiði skipstjóra farmgjald, svo sem sagt var, og bæti kostnað allan og skaða af affermingu á viðkomustað.

Nú er vöruskírteini afgreitt, og skal þá farið með sem segir í 141. gr.

129. gr.

Ef skip er leigt til farms að hlutum og allir hluthafar eru ásáttir um að rifta samningi, fer um hvern þeirra sem fyrir er mælt í 126.—128. gr. Nú koma þeir sér ekki saman, og skal þá sá þeirra, sem samningi vill rifta, greiða fult farmgjald svo og biðaukagjald eftir atvikum, og bæta auk þess, ef meiri dvöl verður, og allan kostnað, sem af því leiddi, að hann gekk úr. Vöru sinnar getur hluthafi í farmi því að eins krafist aftur úr skipi, ef það getur orðið öðrum hluthöfum að skaðlausu, svo að það dvelji ekki för eða skaði þá á annan hátt, og bæta skal hann ávalt skipstjóra skaða, tjón og kostnað, sem affermingin olli.

130. gr.

Sá, sem skip tekur á leigu og greiða skal samkvæmt 123., 126. og 128. til 129. gr. fult farmgjald fyrir vöru, sem ekki fer á skipi til ætlunarstaðar, getur krafist, að af sé numinn greiðslufé hans kostnaður sá, sem hann sparaði skipinu við það, að hann tók aftur vöru sína. Taki skipstjóri aðrar vörur í hinnar stað, skal helmingur farmgjalds fyrir þá vöru numin frá greiðslufé leigutaka.

131. gr.

Ef maður leggur löghald á eða gerir fjárnám í vöru, sem færð var á skip, getur hann að eins krafist vörunnar með sömu skilyrðum og farmeigandi gat.

132. gr.

Nú er vara komin á skip, og skal þá skipstjóri eða sá maður, sem er í hans stað, gefa vöruskírteini (konnossement), ef sendandi beiðist, og skal hann þar kannast við, að hann tók við vörunni og skyldu sína til að flytja hana til ætlunarstaðar og fá réttum viðtakanda.

Undir skírteinið skal sá maður rita nafn sitt, er gaf skírteinið, stað og dagsetning, er það var gefið, svo og nafn skipsins og hver varan var, og nafn

viðtakanda og ætlunarstað vörunnar. Auk þess getur hver aðila krafist, að þar standi nafn skipstjóra, ef hann skrifaði ekki undir sjálfur, svo og nafn þess, er vöruna lét af hendi, heimili skipsins, hvort það er gufuskip eða seglskip, tegund vörunnar og ásigkomulag, þungi hennar, hve mikil hún er og hversu merkt, um samið farmgjald og sé vísað til farmsamnings í heild hans eða til einstakra ákvæða hans.

133. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af vöruskírteini, sem sendandi telur nauðsyn á; hann getur og krafist, að vöruskírteini sé gefið fyrir allri vörunni í heild eða sérstakt skírteini fyrir einstaka hluta hennar. Skylt er sendanda að fá skipstjóra svo mörg eintök, sem þarf, til undirskriftar, áður tími sá sé liðinn, sem 125. gr. tekur til, og getur skipstjóri krafist eins einstaks, sem sendandi skrifi undir með honum. Aldrei má skipstjóri gefa skírteini fyrir vöru, sem ekki er komin á skip.

Nú eru gerð af vöruskírteini fleiri eintök en eitt, og skal þá eintakatalan tilgreind í sjálfu skírteininu, og þó ekki talið með það eintak skipstjóra, sem nú var getið. Skírteinin skulu öll vera samhljóða; þó getur sendandi krafist, að eintökin sé í sjálfu meginmálinu merkt svo sem fyrsta eintak, annað, þriðja o. s. frv.

134. gr.

Vöruskírteini má stíla til ákveðins manns, til ákveðins manns eða að tilvísun, eða til handhafa; sé það stílað »að tilvísun« að eins, merkir það tilvísun vörusendanda. Vöruskírteini má framselja með áritun (endossement) til ákveðins manns eða ófylt (in blanco), nema framsal skírteinisins sé berlega óheimilað með orðunum »ekki að tilvísun«, eða öðrum ákveðnum fyrirvara í meginmáli þess.

Nú er maður löglega að vöruskírteini kominn eftir orðum sjálfs þess eða við framsöl frá eiganda til eiganda í óslitinni röð, eða við framsal að ófyltu (in blanco), og getur hann þá krafist, að varan sé fengin sér í hendur sem réttum aðila.

135. gr.

Ef ekki hefir verið tekinn til í höfn neinn ákveðinn staður til affermingar, getur viðtakandi farms krafist, að skipið sé fært til þess staðar, sem hann vísar til, ef ekkert tálmar þar og skipið getur legið þar á floti og óhult; þennan stað skal þó til taka jafnskjótt og skipstjóri krefst, ella er honum frjálst að kjósa sér stað og sé þó vanalegur affermingarstaður. Nú eru viðtakendur farms fleiri en einn og tekur einn þeirra meira hlut þess farms, sem til þeirrar hafnar fer, og á hann þá sama rétt sem sá, er allan farm tekur. Svo er og ef fleiri viðtakendur eru saman um meiri hlut þess farms, og eru ásáttir, og nefna þeir þá til stað og skulu þó hafa gert það áður skipstjóri færði skipið í annað lægi.

Um skyldu skipstjóra til flutnings skips innan hafnar gildir það, sem mælt er fyrir um farmtöku í 114. gr., eftir því sem við á.

136. gr.

Skyldur er skipstjóri til við affermingu að láta vöru af hendi við skipsborð, en annan affermingarkostnað greiðir viðtakandi.

Nú er skip svo djúpskreitt, að það kemst ekki í ákveðið lægi, eða ekki á almennan affermingarstað í höfninni, ef ekkert lægi var tekið til, og skal þó skipstjóri færa vöru á hæfilegan affermingarstað í höfninni á sinn kostnað.

137. gr.

Viðtakandi farms á heimting á, að skipstjóri hafi skipið búið til affermingar um ákveðinn tíma (biðdaga) án endurgjalds, og þá enn um annan tíma tiltekinn (biðaukadaga) og taki aukreitis þóknun fyrir. Þetta nær þó ekki til skipa í þeim förum, sem getur í 121. gr. Gefa skal vísbendingu um það, nær skip er búið til affermingar og fer um það áþekt því, sem fyrir er mælt um farmtöku í 118.—120. gr., svo og um það, hversu telja skuli biðdaga og biðaukadaga, fjölda þeirra og gjald fyrir aukabiðdaga.

Ef affermt er og fermt í einu lagi fyrir sama manninn, hefjast ekki biðaukadagar fyrri en hvorirtveggja biðdaga samantaldir eru á enda, þeir sem ákveðnir eru affermingu og farmtöku.

138. gr.

Sá, sem taka skal við stykkjavöru, skal koma til að veita henni viðtöku þegar sem skipstjóri hefir gefið honum bending um það. Ef viðtakandi er ókunnur eða hann finst ekki, skal honum sagt til svo sem 118. gr. mælir fyrir um skylt efni.

Þá er stykkjavara er flutt á þeim skipum, sem 121. gr. ræðir um, er skipstjóra heimilt að afferma tafarlaust án sérstakrar vísbendingar um það.

139. gr.

Á ætlunarstaðnum skal skipstjóri fá vöruna þeim manni, sem segir til sín og sýnir eintak af vöruskírteini því, sem heimilar honum að kalla eftir vörunni sér til handa, svo sem 134. gr. mælir fyrir. Þá er lokið er afferming, skal fá eintak þetta skipstjóra og rita á vottorð um viðtöku vörunnar; til að tryggja sér þetta getur skipstjóri krafist, að vöruskírteinið sé falið öðrum mönnum til vörzlu, áður afferming hefst. Skipstjóri getur krafist viðtökuvottorða á vöruskírteinið eftir því sem líður á afferming, eður og sérstakra viðtökuvottorða.

140. gr.

Nú sýna fleiri menn en einn eintak af vöruskírteini, sem heimilar þeim að krefjast vörunnar sér til handa, og má þá skipstjóri engum þeirra fá í hendur vöruna, en hann skal fela hana til varðveizlu svo óhult sé, ef aðilar verða ekki ásáttir um einn viðtakanda, sem hann geti fengið vöruna, og skal hann tafarlaust skýra viðtakendum frá, hvar varðveitt sé. Nú eru eintök vöruskírteinis merkt raðartölum svo sem síðasti kafli 133. gr. mælir fyrir, og skal þá skipstjóri fá þeim í hendur vöruna, sem lægsta hefir töluna á eintaki sínu.

141. gr.

Óheimilt er skipstjóra að láta vöru af hendi annarstaðar en á ætlunarstað hennar, jafnvel þótt rift sé farmsamningi eða hætt við för, nema því að eins, að skilað sé þá aftur öllum þeim eintökum vöruskírteinis, sem hann lét af hendi, sbr. þó 167. gr. Þó nær þetta ákvæði ekki til þess, ef vöruskír-

teini óheimilar eignarskifti á sér, né til þess, ef eintök skírteinisins eru tölumerkt svo sem síðasti hluti 133. gr. mælir fyrir, og getur þá löglegur handhafi þess eintaks, sem hefir merkið »fyrsta«, krafist, að varan sé fengin honum, þótt ókunnugt sé um önnur eintökin.

142. gr.

Leigusali skips ábyrgist allar skemdir á vörunni og ef hún minkar frá því er við henni var tekið á skip og til þess er hún kemur í hendur viðtakanda, nema líkindi séu til, að skemdin eða rýrnunin stafi af sjóslysi, hernámi eða öðru óhappi, sem skipstjóri eða skipshöfn mátti ekki við gera, eða af ónógum umbúnaði vörunnar, spilling í henni sjálfri, rýrnun, af venjulegum leka íláta eða dýr deyi, eða í heild sinni stafi af ásigkomulagi sjálfrar vörunnar.

Ef skemdir stafa af því, að skip var ekki svo í lagi til farar, sem vera bar, ábyrgist leigusali skips það þó ekki, ef ekki fundust gallar á skipinu, hversu vel sem að var gætt.

143. gr.

Ef send er með skipi vara, sem þarf við sérstakrar umönnunar og gætilegrar meðferðar, skal skipstjóra sagt til þess og varan glögglega einkend í þá átt. Nú er það vanrækt, og greiðir leigusali skips þá engar bætur fyrir skaða, sem girða mátti fyrir, með umönnun þeirri og varfærni, sem nefnd var.

Ekki skal bæta peninga, verðbréf eða aðra dýrgripi, nema sagt sé til þeirra greinilega og hversu mikils eru verðir.

144. gr.

Vöruskírteinið er grundvöllur réttarstöðu skipstjóra og viðtakanda farms sín á milli, og skal fá viðtakanda farminn eftir því, sem skírteinið mælir fyrir. Ákvæði farmsamnings, þau er ekki voru sett í vöruskírteinið, eru ólögmæt gagnvart viðtakanda, nema að svo miklu leyti sem vöruskírteinið vitnar til þeirra.

Nú er vitnað til farmsamnings í vöruskírteini um farmgjaldið, svo sem með orðunum »farmgjald eftir skipsleigusamningi (certeparti)«, og tekur þá sú tilvitnun ekki til ákvæða samings þess um biðdaga, biðaukadaga og gjald fyrir þá.

Ekki getur skipstjóri krafið viðtakanda farms um ógreitt biðaukagjald né önnur gjöld, sem af farmtöku skipsins stafa, nema fyrirvari sé hafður um það í vöruskírteininu.

145. gr.

Skipstjóri ábyrgist viðtakanda eftir 144. gr., að rétt sé, það sem vöruskírteinið greinir um gózið. Ef það er sent í luktri kistu eða umbúðum, svo að skipstjóri veit ekki hvað í er, eða ef til er tekið í vöruskírteininu mál, þungi eða tala og skipstjóri mældi það ekki, óg eða taldi, þá er hann tók við því á skip, þá á hann heimilt að geta þess á vöruskírteininu, og ábyrgist hann þá ekki, að rétt sé, nema hann sæi við farmtökuna, að rangt var sagt til eða hefði átt að sjá það við almenna athygli.

146. gr.

Þá er skipstjóri getur ekki séð við móttöku, hversu vörunni er háttað,

eða hve tryggilega er um búið, getur hann skrifað á vöruskírteinið »ábyrgist ekki leka, brot eða skemd«, eða annað því líkt, og áskilið sér með því að vera úr ábyrgð þeirri, sem 142. gr. til tekur. Slíkur fyrivari leysir hann þó ekki úr ábyrgð, ef ætla má, að skemd eða rýrnun yrði með þeim hætti, að útgerðarmenn ábyrgist hana eftir 142. gr.

147. gr.

Ef vara er færð á skip og glögt verður séð, að spilt er eða óhæfilega um hana búið, er skipstjóra skylt að geta þess berum orðum í vöruskírteini. Nú vanrækir hann þetta, og ábyrgist hann þá hvorttveggja gagnvart viðtakanda, þótt hafður sé í vöruskírteininu fyrirvari, slíkur sem 146. gr. getur.

148. gr.

Nú kemur skip til affermingarstaðar og má gruna af líkindum, að farmur sé spiltur eða glataður af, og er viðtakanda þá heimilt að láta fram fara skoðunargjörð, og skal henni fylgja álitsgjörð um það, hver sök var til, ef það reynist, að spilst hefir varan.

Nú hefir viðtakandi látið fá sér í hendur vöruna og ekki látið skoðunargjörð fara fram áður, og vill síðar kæra ásigkomulag vörunnar, og skal hann þá áður næsti virkur dagur sé liðinn krefjast, að skoðunargjörð fari fram sem fyrst. Nú vanrækir hann það, og getur hann þá ekki krafist skaðabóta nema það sannist, að skemdin eða rýrnunin sé orðin við yfirsjónir eða hirðuleysi útgerðarmanns eða þeirra manna einhverra, sem hann ábyrgist fyrir eftir 8. gr.

149. gr.

Þá er greiða skal bætur eftir 142. gr. fyrir spilta vöru eða týnda, eða leigusali skips skal bæta vöru, sem seld var á förinni til þurftar skipinu eftir heimild 49. gr., skal meta bæturnar eftir fyrirmælum 200. og 201. gr.

150. gr.

Ef skipstjóri tekur vöru á skip og hefir ekki samið um farmgjald, hve mikið skuli vera, skal greiða það gjald, svo sem alment var á farmtökustaðnum í það mund. Nú var samið um vöru og meira fermt af henni en tilskilið var, og skal þá gjalda fyrir það, sem meira var, að réttu hlutfalli við hitt, sem um var samið.

151. gr.

Ekki skal greiða farmgjald fyrir það góz, sem kemur ekki til skila við fararlok, nema það hafi farist sakir ásigkomulags þess sjálfs (sbr. 142. gr.) eða af ónógum umbúnaði, eða sakir annarar yfirsjónar eða vanhirðu sendanda, eða það sé selt á ferðinni fyrir hönd eiganda þess.

Ef greitt er farmgjald fyrirfram fyrir vöru, sem ekki skal gjalda fyrir, eftir því sem nú var sagt, má heimta það aftur, nema annað sé áskilið.

152. gr.

Ef ílát hefir lekið meira hlut lagar, er rétt, að viðtakandi láti það, sem eftir er, vera farmgjald vörunnar. Heimild þessi nær til hvers íláts um sig, en neyta skal þeirrar heimildar áður viðtakandi taki við vörunni, en ekki nær

hún til þess, ef varan kom á skip í lömuðu eða óhæfu ilâti og skipstjóri gat þess sérstaklega á vöruskírteini, sbr. 147. gr.

153. gr.

Leigusali skips greiðir allan fararkostnað og gjöld frá því er við farmi er tekið og til þess hann var af hendi seldur á ætlunarstað; skipsgjöld, sóttkvíunarkostnaður, dráttargjald og annað þess kyns tekur þannig ekki til leigutaka.

154. gr.

Nú tekur viðtakandi við vörunni, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjald og annað það, sem skipstjóri getur krafist greiðslu á eftir vöruskírteini eða öðru því skjali, sem skipaði fyrir um afgreiðslu vörunnar til viðtakanda.

155. gr.

Ekki er skipstjóri skyldur til að láta vöruna af hendi fyrri en viðtakandi greiðir eða tryggir í geymslu það, sem honum er skylt að greiða eftir 154. gr., svo og bætur fyrir biðaukadaga eða aðrar affermingartafir, sætjónsframlög og annað það gjald, sem á vörunni liggur, sbr. 276. gr.. Þá er varan er af hendi greidd, getur skipstjóri kallað til geymslufjárins, þó að áskildri heimild viðtakanda til að sjá sér borgið með kyrsetningu eða lögbanni, ef ósamþykki kemur upp. Nú er ekki kveðið á um sætjónsframlag, hversu mikið skuli vera, og má þá ekki halda vöru eftir af þeim sökum, ef viðtakandi setur trygging fyrir.

Ákvæði þessarar greinar gilda og, er krafist er affermingar á vöru á farmtökustað eða viðkomustöðum.

156. gr.

Ef maður, sem farmur er ætlaður, skorast undan að taka við honum, eða viðtakandi er ókunnur eða finst ekki, skal skipstjóri skýra sendanda frá því, þegar sem hann má. Nú segir enginn löglegur viðtakandi til sín svo fljótt, að varan geti orðið affermd fyrir lok biðaukadaga, eða fyrir lok þess tíma, sem skipstjóri kveður á eftir 138. gr., ef það var stykkjavara, og skal þá skipstjóri færa vöruna á land og fá til varðveizlu svo óhult sé. Nú vanrækir viðtakandi að gegna skyldum sínum eftir fyrirmælum 155. gr. eða dvelur svo affermingu, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er þá skipstjóra heimilt að ferma af og fela vöruna til varðveizlu svo sem sagt var.

Þá er vara er falin þannig til geymslu, skal skipstjóri skýra frá því þeim, sem varan var ætluð. Er viðtakandi ókunnur eða verður ekki fundinn, skal skýrt frá því svo sem 118. gr. mælir fyrir og líkt var háttað um.

Nú dvelst skipi, lengur en biðaukadagar endast, við það að fá vöru varðveizlu, eða því dvelst á annan hátt svo að skipstjóri verður ekki sakaður um, og getur hann þá krafist fullra bóta fyrir, ekki minni en biðaukadagar væri.

157. gr.

Þá er góz er látið til varðveizlu, svo sem 140. og 156. gr. ræða um, er skipstjóra heimilt að láta selja við opinbert uppboð svo mikið af vörunni, sem þarf til að fullnægja kröfum þeim, sem 155. gr. getur um, svo og til greiðslu tolla og kostnaðar.

158. gr.

Eftir það er skipstjóri hefir fengið vöruna í hendur viðtakanda, á skipstjóri enga kröfu á hönd sendanda um það fé, sem viðtakanda var skylt að greiða; þó er rétt, að hann gangi eftir því fé hjá sendanda, sem yrði skaði skipstjóra en fénast mundi sendanda, ef allar kröfur félli niður. Ef varan er ekki seld af hendi og kröfum skipstjóra ekki fullnægt með sölu hennar, ábyrgist sendandi það, sem á skortir.

159. gr.

Heimilt er öllum aðilum að rifta farmsamningi ábyrgðarlaust, ef skip hefir ekki látið út af þeim stað, þar sem för skyldi hefja,
ef ófriður kemur upp, svo að skip eða farmur eigi ekki frjálsa för,
ef löghald er lagt á skip,
ef fráfararhöfn eða ætlunarhöfn er herkvíuð eða vöruflutningur óheimilaður frá fararhöfn eða aðflutningur á ætlunarhöfn,
ef för skipsins eða flutningur vörunnar sætir tálmun af nokkrum öðrum ráðstöfunar yfirvalda.

Ef slík tálmun tekur að eins til nokkurs hluta af vöru sendanda, er honum ekki heimilt að rifta samningi nema hann greiði farmgjald eftir reglum 126. og 129. gr.; sé samningi ekki riftað, má afferma aftur á kostnað sendanda þeirri vöru, sem tálmuninni sætir og áður var á skip færð. Nú segir sendandi til áður biðaukadagar sé á enda, að hann ætli að senda aðra vöru, og er skipstjóri þá skyldur til að taka við henni, ef hún er látin til tafarlaust og ekki er óhægra að flytja hana á skipi, en skyldur er sendandi til að greiða kostnað allan, sem af því leiðir, og svo skaðabætur eftir 122. gr., ef dvöl verður lengri en biðaukadagar. Ef skip tóku á leigu fleiri menn en einn, má dvölin ekki lengjast af þessum sökum umfram biðaukadaga, nema allir leigjendur samþykki.

Nú eru leigjendur fleiri en einn og samningi er rift við einn þeirra eða fleiri sakir tálmana á flutningi vöru þeirra, og er þá skipstjóra heimilt að rifta samningi við aðra sendendur farms, ef það farmgjald, sem hann mundi fá fyrir ferðina, verður minna en helmingur þess farmgjalds alls, sem til var tekið.

160. gr.

Nú ferst skip á för, eða verður dæmt óbætandi, og er þá slitið farmsamningi, þó er skipstjóra skylt á kostnað farmeiganda að gera hagkvæmar ráðstafanir um farminn, svo sem fyrir er mælt í 57. gr.

Þá er svo ber að, skal greiða farmgjald eftir vegalengd, svo að goldið sé fyrir þá leið, sem farin var, að sama hlut sem hún var úr allri förinni, þó svo, að þess sé gætt, hve miklum tíma var til varið og svo sérstakra erfiðleika, sem á voru og kostnaðar, að réttri tiltölu við sérstakan kostnað og erfiðleika á því, sem ófarið var. Ef aðilar geta ekki orðið ásáttir um það, hvert farmgjald skal greiða, getur hver þeirra heimtað, að úr sé skorið með lögmætu mati.

Heimilt er eigendum að láta vöruna koma fyrir vegalengdarfarmgjaldið, ef þeir kjósa það heldur.

161. gr.

Nú ber að slíka tálmun, sem 159. gr. ræðir um, eftir það er skip fór

braut þaðan, sem för var hafin, og er hverjum aðila þá og heimilt að rifta samningi, en greiða skal þá leigutaki vegalengdarfarmgjaldið eftir fyrirmælum 160. gr. Ef rift er samningi, skal skipstjóri á kostnað eiganda annast svo um farminn sem 57. gr. mælir fyrir.

Nú dvelur slík tálmun skipið á farmtökustaðnum eftir að það þar hefir tekið farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá þeim kostnaði af töfinni, sem á kom til þess er samningi var slitið, skift niður á skip, farmgjald og farm, eftir því, sem mælt er fyrir um sameiginlegt sætjón.

162. gr.

Ef farmsamningi er rift af þeim sökum, sem 159. gr. ræðir um, og verður því að afferma vöruna, er sendandi skyldur til að greiða allan kostnað, sem af því leiðir, ef tálmunin á efndum samningsins snertir vörurnar einar saman. Nú snertir tálmunin einnig skipið eða það eitt saman, eða hefir skipstjóri neytt heimildar sinnar eftir síðasta lið 159. gr. til að segja sundur samningum, og fer þá um það eftir hinu almenna ákvæði í 136. gr.

163. gr.

Nú dvelur eitthvað skipið á farmtökustað eða síðar á viðkomustað á förinni og ætla má, að sú dvöl mundi nokkuð lengjast, og er þá leigutaka heimilt að láta afferma vöru sína í bráð, ef hann fær til trygging fyrir greiðslu bóta þeirra, sem 155. gr. skyldar hann til, ef varan kemur ekki aftur á skipið í tæka tíð, þegar skipstjóri segir til. Ef fleiri eru leigutakar, getur enginn þeirra krafist, að vöru hans sé affermt, nema hinir leyfi, ef sú afferming skaðar þá.

164. gr.

Nú leitar skip hafnar í nauð sakir bilunar, og talið er víst, að farmurinn spillist allur eða að miklum hluta við þá dvöl, sem umbót skipsins krefur, og er þá leigutaka heimilt að rifta samningi og ráða vöru sinni, ef hann greiðir farmgjald eftir vegarlengd, sem talin sé eftir fyrirmælum 160. gr. Þó nær þessi heimild ekki til leigutaka ef fleiri eru en einn, og einhver þeirra krefst að fram sé haldið förinni.

165. gr.

Nú eru einstök eintök vöruskírteinis framseld ýmsum mönnum, og veitir þá það eintak beztan rétt, sem seljandi sendi fyrst eða seldi af hendi, ef handhafa er heimilt að krefjast þess eftir öðrum hluta 134. gr., að sér sé fengin varan. Þó taka þessi ákvæði ekki til þess, ef eintökin eru mörkuð raðartölum eftir fyrirmælum síðasta liðar 133. gr., því að þá gengur sá handhafi fyrir, sem eintak hefir með lægstri tölu. En nú er vöru affermt og hún fengin löglega í hendur öðrum manni, og er hann þá ekki skyldur til að selja hana aftur af hendi, nema það sannist, að hann vissi, að kaup hans var ólögmætt þá er hann fekk í hendur vöruskírteinið, eða hann sýndi þar stórkostlegt gáleysi.

166. gr.

Nú kaupir maður vöru og hefir fengið vöruskírteini fyrir, og færist hann undan að samþykkja eða leysa út víxil þann, er löglega var ritinn á hendur honum fyrir andvirði vörunnar, eða skorast undan að fullnægja öðr-

um þeim skilyrðum, sem kaup hans var bundið, og getur þá seljandi óheimilað honum vöruna og varið henni að vild sinni. Svo er og, ef kaupandi varð gjaldþrota áður hann greiddi andvirðið að fullu, eða það sannaðist þá á hann við fjárnám, að hann skorti efni til lúkningar skuldum sínum, eða þá ef hann var kaupmaður og hefir stöðvað greiðslur sínar, alt þó því að eins að hann greiði ekki kaupverðið að fullu. Nú hefir kaupandi fengið öðrum mönnum til eignar vöruskírteinið, og á þá seljandi ekki sama rétt gagnvart þeim mönnum, nema vöruskírteinið óheimili sjálft framsal eða það sannast, að hann vissi, að kaup hans var ólögmætt eða sýndi stórkostlegt gáleysi í kaupinu.

Ef kaupandi hefir samþykt víxil fyrir kaupverðinu, greitt eitthvað upp í andvirði hans eða haft nauðsynjakostnað fyrir vörunni og vilji seljandi neyta réttar síns, þess er nefndur var, þá er hann skyldur til að láta víxilinn af hendi og endurgreiða það, sem kaupandi hafði goldið af víxlinum, og svo kostnað hans.

167. gr.

Ef vöruskírteini glatast, má fá það ónýtt með dómi á þeim stað, þar sem láta skyldi af hendi vöruna. Sá, sem ónýtingar æskir, skal senda beiðni um hana til dómanda og geri þar grein fyrir, hversu hann eignaðist hið glataða skírteini og lýsi því, að hann lét það ekki af hendi til annara manna og bjóða eið sinn á. Ef veitt er beiðni hans, nefnir dómari til stefnufrest og má hann ekki vera skemmri en 12 vikur og ekki lengri en 1 ár. Stefnuna skal birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu og Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn, og sé ekki skemmra milli hverra birtinga en ein vika.

Heimilt er manni að krefjast þess, að vara sú sé seld honum í hendur, sem vöruskírteini til tekur, ef hann fær til trygging og stefnan hefir verið löglega birt; en þangað til það er gert, þarf hann til þess sérstakan úrskurð dómara.

168. gr.

Ef maður hefir vöruskírteini í höndum og fengið svo sem 134. gr. segir, er hann ekki skyldur til að láta það af hendi við þann, sem mist hefir, nema það sannist, að sá maður hafi þekt málavexti er kaup fór fram, eða sýnt í því kaupi stórkostlegt gáleysi.

169. gr.

Nú er farsamningur ger um flutning á manni og hann gat ekki farið af stað sakir dauða síns, sjúkleiks eða annarar tálmunar, og skal þá að eins greiða hálft fargjald, ef sagt var til forfalla áður skipið hélt af stað. Ella gjaldi maður það far fullu verði, er hann áskildi sér, þótt hann geti ekki farið.

170. gr.

Slitið er farsamningi farþega þegar skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða nokkura aðra tálmun ber að, þá er ræðir um í 159. gr., og á þar hvorugur aðila bótakröfur á annan. Ef för var hafin, er farþegi þó skyldur til að greiða gjald fyrir þann hluta leiðar, sem farinn var, og fer um það eftir fyrirmælum 160. gr.

171. gr.

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um reglu og góða háttsemi á skipi. Ákvæði 18. gr. taka og til þeirra.

172. gr.

Það, sem fyrir er mælt í þessum kapitula um skaðabætur fyrir týnt góz eða spilt, nær og til ábyrgðar á því gózi, sem farþegar hafa með sér og falið er skipstjóra eða þeim manni, sem settur er til að veita viðtöku gózi manna.

173. gr.

Heimilt er skipstjóra að halda gózi farþega til þess er fargjald er greitt og andvirði þess, er farþegi hefir neytt á skipi á förinni. Skipstjóri á og auk þess sama rétt á þessu gózi sem 155.—157. gr. veita honum á annari vöru, þeirri sem ekki er greitt farmgjald fyrir.

Sjötti kapituli.

Um farslyslán.

174. gr.

Þá er skipstjóri tekur fé að láni í nauð eða til framhalds för sinni eða til bjargar farminum eða til að koma honum áleiðis og leggur skipið að veði fyrir láninu, farmgjald eða farm, með þeim hætti, sem hér verður sagt, þá á lánsali að eins aðgang að hinum veðlögðu fémunum að lokinni för, en í þeim á hann siglingarveðrétt eftir 11. kapítula þessara laga.

175. gr.

Taka má fé að láni við farslys og veðleggja skip, farmgjald og farm eða eitt þeirra eða fleiri. Ef tekið er lán til greiðslu kostnaði á farminum einum, má veðleggja hann sérstaklega, en fyrir öðrum kostnaði má ekki leggja farm að veði, nema ásamt sé með skipi og farmgjaldi. Ef saman er veðlagt skip og farmur, er farmgjald og talið til veðsins, en ella að eins þar, sem það er sérstaklega tekið til.

Nú er eitthvað af fémunum þessum veðlagt fyrir tilkostnaði, sem ekki snertir það veð sjálft, og lánsali leitar sér lúkningar í veðinu, og getur þá eigandi veðsins aftur leitað sér bóta fyrir missi sinn í þeim fémunum, sem kostnaðurinn varð á, og á hann þá sömu heimild á þeim sem væri þeir farslysveð honum til handa.

176. gr.

Áður skipstjóri tekur fé að láni við farslysveði, skal hann gera skýra grein fyrir þeim atvikum, sem þröngvuðu honum til lántökunnar, og gera það með þeim hætti, sem 41. gr. ræðir um, ef hann má því við koma, en ella með yfirlýsingum konsúls, þar sem hann er, eða annara yfirvalda.

177. gr.

Þá er fé er tekið að láni við farslysveði, skal um það gera bréf. Það er því að eins lögmælt farslysveðbréf, að í því standi:

1. Nafnið farslysveðbréf eða önnur orð, sem skýra frá, að samningurinn sé gerður um lán við farslysveði.

2. Nafn lánsala.
3. Stærð veðskuldarinnar (lánsfé og tilgjöf).
4. Skilgreining hinna veðbundnu hluta.
5. Nafn skipsins.
6. Tilgreining fararinnar, sem lán er fengið til (farslysför).
7. Nafn skipstjóra undirritað og til tekinn staður og dagur.

178. gr.

Gera skal af farslysveðbréfi fleiri eintök en eitt, ef lánsali vill; öll skulu eintökin vera samhljóða og taka til hversu mörg eintök gerð voru.

Nú verða eigandaskifti að farslysveðbréfi, og hefta þau ekki andmæli gegn því, að lögmæt skilyrði væri fyrir lántöku gegn farslysveði.

179. gr.

Sætjónsframlög skulu greidd af hinum farslysveðlögðu fémunum án þess að farslysveðskuldin minki við það; en vinnist fémunirnir við það ekki til fullrar greiðslu á veðskuldinni, skal farslyslánsali bera hallann.

180. gr.

Skyldur er skipstjóri að annast um varðveizlu og björgun hinna veðlögðu eigna. Ekki skal hann nema í ítrustu nauðsyn hafast neitt það að, sem stofnað geti þeim í annan né meiri háska en þann, sem lánsali gat búist við eftir veðbréfinu. Verði skipstjóra á í því, ábyrgist hann skaða þann, er af hlýzt.

Nú breytir hann að nauðsynjalausu för sinni, þeirri sem farslysaveðbréfið til tók, og án þess að gagnsmunir lánsala krefjist þess, eða hann víkur af alfaraleið og ekki til bjargar mönnum í sjávarháska, eða hann stofnar hinum veðlögðu fémunum í aðra hættu eftir það er förinni var lokið, og reynist þeir eftir það ónógir til lúkningar farslysskuldinni, og ábyrgist skipstjóri þá það, sem á skortir, nema það sannist, að skaði hefði þó á orðið, þótt skipstjóri hefði gætt alls þess, er honum var skylt.

181. gr.

Sé ekki annað tilskilið, skal gjalda farmslysskuld á þeim stað, þar sem sú veðlánsför er á enda eftir samningnum og greiða á vikufresti eftir það er skipið kom þangað, og án frestauka.

Ef för endar áður skipið kom á ætlunarstað þann, sem farslysveðbréfið til tekur, þá skal gjalddagi vera á láninu á sama degi að viku liðinni frá því er för var lokið, og greiðast á þeim stað, þar sem henni lauk. Skylt er skipstjóra að skýra lánsala þegar frá breytingu þeirri, sem á er orðin. Nú voru önnur efni til breytingarinnar en þau, sem getið er í 159. og 160. gr., og getur þá lánsali krafist bóta fyrir þann kostnað, sem hann hafði af breytingunni.

182. gr.

Nú er krafist farslysveðskuldar, sem komin er í gjalddaga, og fæst ekki greiðsla á, og er þá skuldkrefjanda heimilt að krefjast vaxta, 6 af hndr. á ári af báðum, innstæðu og tilgjöf.

Ef tilgjöf var ákveðin eftir tímalengd, skal tími talinn til gjalddaga.

183. gr.

Þegar sem gjalddagi er kominn, má krefja skuldarinnar eftir einu eintaki af farslysveðbréfinu, gegn því, að selja það eintak af hendi með viðtökuvottorði áritnu. Nú segja til sín fleiri handhafar en einn, og krefjast þeir greiðslu, og skal þá engum þeirra greiða, en skipstjóri skal fela greiðsluféð í trygga varðveizlu og skýra frá því réttum aðilum.

Ekki má skipstjóri greiða þá skuld fyrir gjalddaga, nema fram komi öll eintök veðbréfsins.

184. gr.

Nú er kominn gjalddagi á farslysláni, og er veðbréfið þá ekki á þeim stað, þar sem greiða skal veðskuldina (sbr. 181. gr.), og er þá skipstjóra heimilt að fela skuldaféð í örugga varðveizlu, og leysa með því veðið. Nú felur skipstjóri féð til varðveizlu, og er hann þá skyldur til að skýra lánsala frá því tafarlaust.

185. gr.

Þegar sem skipið er komið á ætlunarstað sinn, þann sem farslysveðbréfið nefnir til, eða þegar sem fullráðið er, að förin skuli enda á öðrum stað, getur skuldheimtumaður látið leggja löghald á hina veðlögðu eign, þótt skuldin sé þá ekki komin í gjalddaga. Ekki er þörf að reka löghaldsmál til staðfestingar haldinu, en ónýtt skal það löghald ávalt 8 dögum eftir gjalddaga.

Nú er heimt farslysskuld, sem komin er eindagi á, og er þá ekki greidd, og er þá skuldheimtumanni þegar heimilt að láta gera fjárnám í veðfénu, án dóms og laga, til lúkningar skuld sinni og selja veðið því næst á almennu söluþingi. Þegar má ætla, að veðlagður farmur spillist ef hann er geymdur lengi, má beiðast úrskurðar fógeta um það, að halda skuli söluþingið sem fyrst má. Þó má ekki boða það með skemmri fyrirvara en eins dags. Nú er farslysaveðbréfinu mótmælt við fjárnámsgjörðina og talið fals í, eða mótmælt lögmæti fjártilkallsins, eða annar maður telst hafa lögmætara tilkall til veðsins, og getur þá dómarinn synjað um fjárnámsgjörðina, nema skuldheimtumaður fái trygging fyrir.

186. gr.

Ef hætt var við veðlánsförina áður af stað væri farið, er lánið þegar komið í gjalddaga á þeim stað, er farið skyldi frá, og greiði þá lánþegi 5 af hndr. á ári í vöxtu af innstæðu og 3 af hndr. í ómakslaun í stað tilgjafar. Nú lét skip út, og skal þá greiða hina áskildu tilgjöf þó förin sé síðan gefin upp.

Sjöundi kapituli.

Um sætjón.

187. gr.

Til sameiginlegs sætjóns (groshavari) teljast hver þau spjöll, sem gerð eru með vilja á skipi eða farmi með þeirri fyrirætlan, að bjarga hvorutveggja úr yfirvofandi háska, svo og hvað það, sem lagt er í sölurnar með þeirri fyrir-

ætlan, svo og skaði sá og kostnaður, sem var samfara slíkum viðbúnaði eða leiddi beinlínis af honum. Sameiginlegu sætjóni skal jafna niður á skip, farmgjald og farm að réttu hlutfalli við verðmæti þeirra, og sé það ákveðið eftir fyrirmælum 207.—212. gr.

188. gr.

Þetta skal einkanlega bæta sem sameiginlegt sætjón:

1. Vöru og skipsbúnað allan, sem varpað er fyrir borð til að létta skip í sjávarháska eða til að forðast fjandmenn eða víkinga, svo og góz og búnað þann, er skolast útbyrðist meðan út er varpað, svo og annað það tjón, sem af því leiddi að varpað var út, eða af þeim viðbúnaði, sem hafa þurfti til þess.
2. Siglu, segl eða annan reiða, sem höggvinn er, akkeri og festi, sem laust er látið, svo og það tjón, sem af því leiðir, að af var höggvið eða laust látið, ef það var lagt í sölurnar til bjargar bæði skipi og farmi úr háska, svo sem að forða við skipbroti eða árekstri.
3. Tjón, sem verður á skipi eða farmi við það að verjast eldshættu eða slökkva eld, til að ná vatni í dælurnar eða veita braut ágjöf.
4. Það, sem kostað var til að fá hjálp í háska til að bjarga bæði skipi og farmi frá voða, svo og það tjón, sem skip eða farmur sætir af þeim skipum, sem kvödd voru hjálpar.
5. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að skipinu er hleypt með vilja á grynningar til að forða báðum við meira tjóni, og þó einungis að því leyti, sem kalla má, að slíkt væri lagt í sölurnar.
6. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að ná skipi af grynningum og sjá borgið skipi og farmi, svo og þann kostnað, sem á því verður. Nú verður för ekki haldið áfram af því skipið næst ekki af grynningum, eða af því að það hefir verið dæmt óbætandi, og er þá talinn með sameiginlegu sætjóni sá einn skaði, sem orðinn var á áður augljóst yrði, að förinni varð ekki haldið áfram og kostnaður sá, sem þá var á kominn.
7. Kostnaður, sem á því varð að leita hafnar í neyð til bjargar skipi og farmi, svo sem þá er skip varð ósjófært á leið, eða því og farminum er búinn auðsær háski af því ófriður sé hafinn eða af óvæntum ísum, ef förinni væri haldið áfram.

Kostnaður sá, sem af þessu leiðir og telja ber til sameiginlegs sætjóns, er þetta einkanlega: Hafnsögugjald, vitagjald, merkjagjald og hafnargjald, svo og annar kostnaður á dvöl skips í bjarghöfn; kostnaður á affermingu farms, geymslu, farmtöku aftur og búlkun, ef affermt var til að koma skipinu í lægi, eða afferma varð af sömu sökum og þeim, sem knúðu skipið til að leita hafnar, svo og fæðispeningar og mánaðarkaup skipstjóra og skipshafnar þann tíma, sem skipið hlýtur að liggja í bjarghöfn af þeim sökum, sem knúðu það til að leita þangað, og þó einungis að svo miklu leyti sem ekki mátti spara sér kostnað með úrskráningu skipverja. Nú lengist dvöl skips í bjarghöfn af öðrum sökum, svo sem þá er ís meinar að halda för áfram eða veðurfar, eða aðgerð skips dvelst að nauðsynjalausu, og skal þá ekki telja með sameiginlegu sætjóni fæði og mánaðarkaup þann tíma, sem dvölin lengist af þeim sökum. Nú er förinni lokið í bjarghöfninni, og skal þá til sameiginlegs sætjóns talinn kostnaðurinn að eins til þess tíma að fastráðið var, að förin skyldi enda þar.

Ekki skal telja til sameiginlegs sætjóns skaða af rýrnun, leka íláta, eða skemdum á farmi, sem urðu við dvöl skipsins í bjarghöfninni, né heldur kostnað á því, að verjast þess háttar sköðum. Skemdir, sem verða á farmi við farmtöku eða afferming í bjarghöfn, skulu einungis þá taldar með sameiginlegu sætjóni, þegar þær stafa af því, að farmtaka eða afferming varð að fara fram á uppskipunarbátum eða með öðru óvenjulegu móti.

Ekki er talinn heldur til sameiginlegs sætjóns hins sérstaki kostnaðaður í bjarghöfn, sem verður við það, að farmurinn er sjálfur háskagóz.

Nú er bilun bætt til bráðabirgða í bjarghöfn og hún telst ekki til sameiginlegs sætjóns, og skal þó endurgjalda þann kostnað, svo sem sætjón, ef komist varð við það hjá öðrum kostnaði, sem annars hlaut að verða og talist hefði með sameiginlegu sætjóni.

8. Tjón það og skemdir, sem á farmi verða við það, að tekið er til vöru í nauð, til framkvæmdar förinni, eða til bjargar skipi og farmi á annan hátt, svo og tjón og skemdir, sem urðu á skipsbúnaði við það að grípa til þess í nauð til einhvers annars en það var ætlað til frá upphafi.

   Það, sem eytt er af kolabirgðum gufuskips, og vélanauðsynjum til þess að ná skipinu af grynningum og við dælingu, þá er skipið er lekt orðið, skal alt bæta sem sameiginlegt sætjón, svo og það, sem eytt er til að flytja skipið, afferma það eða ferma á ný bjarghöfn, þá er kostnaður sá telst til sameiginlegs sætjóns, en hitt skal ekki bæta, sem varið er til að leita inn til bjarghafnar og láta aftur út þaðan, eða á annan veg er varið vegna lengingar fararinnar, þótt hún hafi leitt af sameiginlegu sætjóni.

9. Tjón, sem með vilja er gert skipi eða farmi til að greiða fyrir vöru gegn fjandmönnum eða víkingum, svo og tjón, sem beðið var meðan á vörninni stóð, hergögn öll, sem varið var til hennar, svo og góz og peningar, sem varið er til bjargar eða lausnar skipi og farmi.

10. Kostnaður á lækningu, hjúkrun og fæði þann tíma, sem dvelst lækning þeirra skipverja, sem mein hlutu af vörn móti óvinum eða víkingum eða við framkvæmdir viðbúnaðar til að bjarga skipi og farmi, greftrunarkostnaður látinna manna og kostnaðarauki sá, sem verður við það, að ráða verður aðra menn í stað hinna særðu og dauðu.

11. Farmgjald, sem missist við sameiginlegt sætjón.

12. Kostnaður og tjón, sem hlauzt af því að afla nægra peninga til að greiða með úr sameiginlegu sætjóni, einkanlega ómakslaun, vextir og ábyrgðargjöld greiddra peninga, tilgjöf við farslyslán, ef nauðsyn var á farslysláni, svo og tjón það, sem hlýzt af verðfalli vöru, sem seld er í bjarghöfn til greiðslu á sætjóninu.

13. Ómakslaun umboðsmanns, sem ráðinn var til framkvæmdar viðskiftum þeim, sem sætjónið krafði.

14. Kostnaður, sem leiddi af skipsvætti, skoðunargjörð, álits- og matsgjörð, svo og af að afla sannana, sem við þarf til að finna hvert sætjónið var og hve því skal jafna niður, svo og sá reiknings- og niðurjöfnunarkostnaður.

189. gr.

Ekki skal telja með sameiginlegu sætjóni þann skaða, sem verður af slysum við framkvæmd þess viðbúnaðar, sem hafður er til bjargar skipi og

farmi, jafnvel þótt það forði sameiginlegu sætjóni; ekki þann skaða heldur, sem af hendingu eða óbeinlínis snertir slíkan viðbúnað.

Því skal ekki bæta sem sameiginlegt sætjón stöng, sem vindur braut, meðan verið var að höggva siglu, þótt brotið verði til þess að ekki þarf að höggva sigluna; ekki heldur skemdir á skipi og farmi af stormi, eldi, þjófnaði eða öðru, sem að ber meðan skipið dvaldi í bjarghöfn; ekki heldur fjártjón, sem stafar af því, að farmi varð ekki skilað í tæka tíð sakir sætjónsins; ekki heldur aukin iðgjöld vátryggingar á skipinu né tjón af því, að skipið misti væntanlegs farmgjalds sakir dvalar, sem sætjónið olli.

190. gr.

Þetta er ekki bætt sem sameiginlegt sætjón:

1. Vara, sem látin er á skip án vitundar skipstjóra, svo og peningar, verðbréf og dýrgripir, ef þeir voru ekki nægilega skilgreindir eftir fyrirmælum 143. gr.
2. Farmur á þilfari, þótt varpað sé útbyrðis, né tjón á slíkum farmi, sem varð við það, að út var rutt, eða við annan viðbúnað, sem hafður var í sjávarháska, til bjargar skipi og farmi, nema varpað sé út til léttis skipi, eftir að það kom á grynningar.

   Með farmi á þiljum er ekki talið það góz eitt, sem hlaðið er á opið þilfar eða í báta skips, eða haft utan borðs, en til þess farms telst einnig það góz, sem hlaðið er í þau þakskýli á þilfari, sem ekki eru feld inn í rangakerfi skips, eða veita nægilega trygging með öðru móti fyrir því, að sjór skaði þar ekki góz né taki út.
3. Skemdir, sem við slíkan viðbúnað sem getið var verða á skipsmunum, sem lágu á þilfari og voru þar ekki á sínum stað.
4. Skemdir af ofsiglingu (til að knýja skipið), þótt það sé gert til að forðast skipbrot, fjandmenn eða víkinga; tjón á seglum eða á kötlum gufuskips og vél, nema skemdin verði við tilraun til að ná skipinu af grynningum; svo og skemdir á skipsdælum, þá er ausa verður skipið.
5. Tjón, sem hlýzt af því, að sigla er höggvin, sigluviðir eða önnur áhöld, sem brotnað hafa áður við einkasætjón, þótt nauðsyn beri til að höggva þau þá, til að forðast háska, sem skipi var búinn og farmi.
6. Tjón á farmi, sem kviknað hefir í af sjálfu sér, eða hiti er í og tjónið verður við það, að honum er varpað útbyrðis, eða steypt er á hann vatni eða aðrar tilraunir gerðar til að slökkva í honum, svo og tjón af eldi, hvernig sem hann kemur upp í skipi og þær skemdir, sem við slíka athöfn verða á þeim hluta farmsins, sem eldur hafði gripið.
7. Kostnaður, sem leiðir af því, að skip varð að leita bjarghafnar sakir skorts á vistabirgðum eður fararnauðsynjum eða vegna ístálmunar eða annars, sem veðurátta var sök í.

191. gr.

Jafna skal niður sætjónsbyrðinni fyrir því, þótt einstakur maður sé sök í þeim háska, sem tjóninu olli, en ekki getur sá maður krafist bóta fyrir missi þann, sem hann varð fyrir sjálfur. Ef háskinn var að kenna skipstjóra eða öðrum þeim manni, sem útgerðarmenn ábyrgjast eftir 8. gr., eiga þeir og ekki bætur fyrir skaða sinn.

Nú hefir skipstjóra, eða öðrum þeim manni á skipinu, sem eftir stöðu sinni gekk í stað skipstjóra, yfirsést, er meta skyldi, hversu háskanum var háttað eða hversu verjast skyldi honum, og heftir það þá ekki niðurjöfnun sætjónsins; en ekki getur útgerðarmaður þá heimtað sér bættan þann skaða, sem hann beið, nema yfirsjónina megi telja afsakanlega, svo sem efni voru til.

Sá, sem missir rétt sinn til bóta af þessum sökum eða varð að greiða sætjónsframlag sakir yfirsjónar annars manns, getur heimtað bætur af þeim, sem ábyrgð hefir á yfirsjóninni.

192. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sætjóns, þótt það, sem lagt var í sölurnar, yrði ekki að því gagni, sem ætlað var.

193. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sætjóns, þótt lagt væri í sölurnar skipið alt eða farmurinn, né heldur það, þótt eftir slysið sé bjargað einhverju af öðru hvoru einu saman, skipi eða farmi.

194. gr.

Þá er eitthvað verður að leggja í sölurnar, er skipstjóra skylt að annast um, að skaðinn verði ekki meiri en vera þurfti. Ef varpað er fyrir borð af farmi eða skipsmunum, skal varpa ef unt er fyrst því, sem þyngst er og verðminst, fremur en hinu, sem léttara er og dýrara.

Ef skipstjóri hefir ótyrirsynju gert skaðann meiri en þörf krafði, skal að því farið eftir fyrirmælum 191. gr.

195. gr.

Skylt er skipstjóra, ef atvik leyfa, að kalla til ráðs við sig þá menn, sem bezt skyn bera á og reyndastir eru at skipverjum, áður hann aðhafist nokkuð það, sem valda megi niðurjöfnun sætjóns. Skipstjóri skal og rita skýrslu um þetta svo fljótt sem hann má í leiðarbókina, eða rita það á annað, ef engin er leiðarbók, svo það megi bera fram við skipsvættistökuna. Í skýrslunni skulu til greind öll atvik, sem máli geta skift við mat og niðurjöfnun sætjónsins og einkanlega hver nauðsyn bar til að leggja það í sölurnar, sem gert var, og svo nákvæma skrá sem við má koma yfir það, sem í sölurnar var lagt, eða þá skýrt með öðru móti frá viðtæki sætjónsins.

196. gr.

Tjón á skipi og skipsbúnaði skulu meta skynbærir menn og til þess skipaðir eftir fyrirmælum 41. gr. og á þeim stað, þar sem skip er bætt, ef það er gert á förinni, en ella á endastað farar.

Það skal til tekið um hverja einstaka skemd, hve mikið muni kosta að bæta, og þurfi nýrra muna við í stað hinna spiltu, þá skal hvorttveggja til greina, hve dýrir verði hinir nýju og hvers virði sé hinir spiltu.

Skemd öll af elli, hrörnun og öðru því um líku skal greind frá hinni, sem af sætjóninu stafar, og metin sér.

197. gr.

Þá er kveða skal á um sameiginlegt sætjón á skipi og skipsbúnaði, hve mikið var, skal farið eftir hve mikils tjónið var metið, ef skemdin er ekki bætt, og svo ef tjónið var minna en kostnaður reyndist á aðgerðinni, en farið skal eftir aðgerðarkostnaði, ef hann varð minni.

198. gr.

Þá er endurgjalda skal skemdir á járnskipi, skal bæta að fullu skemdir á skrokki skipsins, siglum og siglubúnaði af járni, ef skipið hefir ekki gengið 5 ár á sjó þá er sætjónið bar að, og sé talið frá því er skipið lét út í hina fyrstu för sína. Nú bar slysið að eftir þessi 5 ár en áður skipið hafði farið í 10 ár, og skal þá dreginn af $^1/_6$ hlutur fyrir verðmun á hinu gamla og nýja og $^1/_3$ hlutur ef skipið hefur lengur farið. Skemd á gufuvél skal bæta að fullu, ef vélin hefir ekki starfað 3 ár þá er slysið bar að; ef það varð síðar og þó áður vélin hafði starfað 6 ár, skal dreginn af $^1/_6$ hlutur og $^1/_3$ hlutur ef lengur var. Skemdir á siglu og siglubúnaði af tré svo og á reiða þeim, sem uppi er, skulu bættar að fullu, ef skipið hefir ekki verið eitt ár í förum og annar skaði, ef það hefir ekki verið missiri; beri tjónið síðar að, skal draga af $^1/_3$ hlut; þó skal bæta akkeri fullu, og af akkerisfesti skal draga einungis $^1/_6$ hlut.

Ef skipið er tréskip, skal bæta að fullu skemdir á skrokki þess, ef það hefir ekki gengið 2 ár á sjó, þá er slysið bar að; ef það varð síðar, skal draga af $^1/_3$ hlut fyrir verðmun á gömlu og nýju. Aðrar skemdir skulu bættar svo sem fyr segir um járnskipin.

Af skaðabótafé því, sem svo er ákveðið, skal draga verð þeirra hluta, sem nýju voru bættir, eftir því, sem verð þeirra var gert í matsgerðinni, eða, ef á uppboði var selt, andvirðið að frádregnum kostnaði.

Ef leggja skal á skipið nýja málmhúð, skal svo meta skaðabætur, að draga skal málmvirði hinnar fornu húðar af kostnaði þeim, sem á því verður að leggja á nýja húð úr sama efni og jafnþunga hinni fornu húð, þá er hún var ný, og skal þá bæta afganginn, og sé þó af dreginn $^1/_{60}$ hlutur, ef húðin var úr eir eða látúni (yellowmetal) og $^1/_{30}$ ef hún var úr zinki eða öðrum málmi, fyrir hvern fullan mánuð, og sé talinn þrítugnættur, sem liðinn er frá því, er sú húð var á lögð, er bæta skal annari nýrri. Ef eirhúð eða látúns hefir verið meira en 5 ár í sjó eða húð af öðrum málmi meira en 2 ár og hálft, skal þær engu bæta.

199. gr.

Nú hefir skip farist með öllu við sameiginlegt sætjón, eða meiðst svo mjög, að það er dæmt óbætandi, og skal þá bæta það því verði, sem ætla má, að sannvirði þess væri þá er það fórst, og sé dreginn af verðinu ágóðinn af því, sem kann að hafa orðið bjargað.

200. gr.

Bætur fyrir vörur, sem farast við sameiginlegt sætjón, skulu metnar eftir gjaldgengi samkyns vöru á ætlunarstað skipsins við komu þess þangað, og komist annað af vöru skipsins ekki á ætlunarstað, skal metið eftir verðinu

á þeim stað, þar sem endir var gerður á förinni, og skal þó af dregið farmgjald, tollur og annar kostnaður, sem eiganda sparast við það, að varan komst ekki á ætlunarstað hennar.

Leggja skulu skynbærir menn verð á vöruna, ef ekki er kostur að fá vitneskju um verð hennar með öðru móti.

Ef varan var seld í bjarghöfn, má ávalt heimta bætur fyrir hana, að minsta kosti sem því verði nemur, sem hún var seld fyrir.

201. gr.

Ef varan spillist við sameiginlegt sætjón, skulu ákveðnar svo miklar bætur fyrir hana, sem verðmuninum nemur á hinni óspiltu vöru og hinni spiltu, og skal verð hinnar óspiltu vöru talið eftir því, sem mælt er í næstu grein hér á undan, og dregið svo sem þar segir af verði hinnar spiltu vöru. Verð hinnar spiltu vöru skal meta eftir sölu hennar að kostnaði frádregnum, ef hún var seld áður sætjónsreikningi var lokið, ella leggi skynbærir menn verð á vöruna.

202. gr.

Nú hafa vörur týnst eða spilst við sameiginlegt sætjón og hafa þegar áður rýrnað að verðmæti við einkasætjón, spilst af sjálfu sér eða með öðru móti, eður og vörur spillast við sameiginlegt sætjón og rýrnuðu síðan enn meira að verði við atburði, sem snertu ekki sætjónið, og skal þá hvortveggja rýrnunin dregin frá skaðabótunum, eða það fé, sem rýrnununum nemur. Afdráttarféð skulu meta skynbærir menn og skal þar einkanlega miðað við það tjón, sem aðrar vörur samkynja eða svipaðar hafa orðið fyrir, þegar eins bar að og af sömu sökum, en skemdust ekki við sætjónið.

203. gr.

Við sameiginlegt sætjón greiðast engar bætur fyrir vörur, sem ekki fylgir vöruskírteini og ekki eru fullnægjandi skýrslur um, að á skip kæmi, hvorki í farmskrá né góztökubók eða annarstaðar.

Bæta skal klæðnað og fararnauðsynjar skipstjóra, skipshafnar og farþega, ef það vitnast, að mist sé við sætjónið.

204. gr.

Nú farast vörur við sameiginlegt sætjón eða þær eru seldar í bjarghöfn til að greiða með sætjónskostnað, og skal þá endurgjalda farmgjald fyrir þær vörur og gera þær bætur á sætjónsreikningi jafnar því fé, sem greiða hefði átt undir þær, ef þær hefði verið í skipinu til ætlunarstaðar þeirra eða þangað, sem förin endar, ef ekki var farið alla leið. Af hinu mista farmgjaldi skal draga þann sérstaka kostnað, sem gæti hafa sparast útgerðarmanni við það, að vörunni var varið öðru til bjargar eða hún var seld.

205. gr.

Nú verða skemdir á einhverjum munum við sameiginlegt sætjón og þeir ónýtast síðan eða skemmast við einkasætjón, og falla þá niður bótakröfur að öllu eða nokkru fyrir þá muni, ef ætla má með vissu, að tjónið

hefði að nokkru eða öllu hlotist af einkasætjóninu síðar, þótt sameiginlega sætjónið hefði ekki borið að.

Svo falla og niður eða lækka sætjónsbætur, þegar ætla má með vissu, að munir þeir, sem fórust við sameiginlegt sætjón, hefðu ónýzt eða spilst við einkasætjón síðar, ef þeir hefðu verið þá enn á skipinu.

206. gr.

Nú hljótast skemdir sumpart af sameiginlegu sætjóni og sumpart af einkasætjóni eða kostnaður verður sameiginlegur þeim báðum, og skal þá skifta skemdum og kostnaði milli þeirra eftir sanngjörnu mati.

207. gr.

Skip tekur hlut í sameiginlegu sætjóni eftir:

1. Því verði, sem skynbærir menn og skipaðir eftir fyrirmælum 41. gr., meta það til við komu þess á þann stað, þar sem förin er á enda, og
2. því fé, sem í sætjónsreikningnum er gert í bætur fyrir skemdir á skipi, og þó einungis að því leyti, sem þær skemdir eru þá ekki bættar.

Ef skipið hefir verið bætt eftir það er sameiginlegt sætjón bar að, eða ef gert hefir verið að skemdum, sem ekki urðu við sætjónið, þá skal draga af matsverði skipsins svo mikið, sem virðingarverð umbótanna eða viðgerðarinnar nam.

208. gr.

Farmurinn tekur hlut í sameiginlegu sætjóni eftir:

1. Verðmæti þeirrar vöru, sem á skipinu var þegar sætjónið bar að og er óskert við enda farar, og skal verðmætið ákveðið eftir fyrirmælum 200. og 201. gr.,
2. því fé, sem gert er í bætur fyrir góz, sem lagt var í sölur eða spiltist við sætjónið á förinni, og
3. því skaðabótafé, sem farmeigandi fær af útgerðarmanni fyrir vörur, sem farist hafa eða skemst á ferðinni, eða seldar voru til þurftar skipinu, sbr. 149. gr.

209. gr.

Farmgjaldið tekur hlut í sameiginlegu sætjóni eftir helmingi:

1. Þess farmgjalds, sem reynist við enda farar að aflast hefir, og
2. skaðabóta þeirra, sem gerðar eru í sætjónsreikningnum fyrir mist farmgjald.

Ef ekki er tilskilið neitt ákveðið farmgjald, skal það talið eftir fyrirmælum 150. gr.

210. gr.

Ef farmgjald er greitt fyrir fram, þann veg, að það skuli ekki endurgreiða, et engar tekjur verða af farmgjaldi sökum slysa, þá eru útgerðarmenn ekki skyldir til að eiga hlut í sameiginlegu sætjóni að því er nemur því fé.

211. gr.

Af því framlöguskyldu fé, sem ákveðið er eftir fyrirmælum 207.—210. gr., skal draga bæði framlög til þess sameiginlega sætjóns, sem síðar varð á ferðinni, svo og kostnað, sem á kann að hafa fallið við bjórgun eða verndun

hinna framlöguskyldu fémuna, ef sá kostnaður skal ekki endurgoldinn sem sameiginlegt sætjón.

212. gr.

Þetta er undanþegið bótaframlögum við sameiginlegt sætjón:

1. Vistir, kol og aðrar vélanauðsynjar og hernaðargögn,
2. kaup skipstjóra og skipshafnar, og
3. klæðnaður og fararnauðsynjar allra manna á skipinu og það, sem þeir bera á sér.

Nú voru munir þeir einhverir lagðir í sölurnar við sameiginlegt sætjón, sem taldir voru til 3. liðar, eða þeir spiltust, og skal þá eigandi taka þátt í niðurjöfnun tjónsins með því fé, sem hann fékk í bætur fyrir þessa muni í skaðabótareikningnum.

213. gr.

Fullnaðarmat og niðurjöfnun skaðans, sem varð við sameiginlegt sætjón, fer fram á þeim stað, þar sem skilja skip og farmur, og eftir því, sem á þeim stað eru lög.

Úrslitareikninga sætjóns annast hér á landi 2 menn kvaddir til þess af hlutaðeigandi dómara fyrir rétti. Dómstólar landsins dæma ágreining um réttmæti sætjónsúrskurða.

214. gr.

Skylt er skipstjóra að annast um alt, er þörf krefur til þess að sætjónsmatið geti farið fram, og má ekki dvelja það að nauðsynjalausu.

Hver sá, sem sætjónið snertir, er skyldur til að sínu leyti að láta í té allar skýrslur þær og sönnunargögn, sem matsmenn sætjóns telja þörf.

215. gr.

Nú koma síðar fram fémunir þeir, er talið var við niðurjöfnunina, að farist hefðu við sameiginlegt sætjón, eða sá, sem tjóni olli, bætir síðan eitthvað af þeim skaða, sem talinn var til sætjóns, og skal þá gera breytingu með aukamati á allri niðurjöfnun sætjónsins. En ekki má fresta úrslitagjörð sætjóns af þeim sökum einum, að líkindi gætu verið á, að fá aftur fémuni, sem lagðir voru í sölurnar, eða skaða bættan, sem á varð.

216. gr.

Sætjónsframlag ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim munum einum, en ekki sem sjálfskuld.

217. gr.

Skip, sem framlöguskylt er til sætjónsbóta, má ekki fara af þeim stað, þar sem skip og farmur skildu, og vöru, sem í ábyrgð er fyrir slíkum framlögum, má ekki fá í hendur eiganda áður sætjónsframlög sé greidd eða trygging til fengin fyrir framlögunum, ef þau eru þá ekki ákveðin.

218. gr.

Nú verður á skipi eða vöru tjón eða kostnaður, sem stafar af óhappi á för, og telst ekki til sameiginlegs sætjóns, eða skipað sé fyrir um með sér-

stökum ákvæðum, að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sætjón (sbr. síðara lið 161. gr.), og skal það þá sem einkasætjón (partikulært havari) koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

Nú telst kostnaður til einkasætjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms, og skal honum þá jafnað sameiginlega á þá fémuni, sem kostnaðarins nutu, og skal þar þá farið svo sem verða má eftir reglunum um sameiginlegt sætjón. Kostnaður á björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því, sem greitt er af gózinu, sem bjargað varð.

Sætjónsmatsmenn framkvæma úrslitareikning og niðurjöfnun einkasætjóns, ef þess krefst einhver sá, sem þar á hlut að máli.

Attundi kapituli.

Um tjón af árekstri.

219. gr.

Konungur gefur fyrirskipanir um það, hvers gætt skal á skipi til að forðast árekstur.

220. gr.

Þá er tjón varð af því á skipi eða farmi, að skip rákust á og annað þeirra olli eitt saman árekstrinum, þá bætir það, sem olli, skaða þann allan, er af hlauzt.

Nú eru bæði skipin sek, og skal þá dómur ákveða, hvort annað skipið skal greiða skaðabætur og hve miklar, eða hvort skipin skulu hvort sér hafa skaða sinn óbættan, og skal það metið með hliðsjón á því, hversu þeim yfirsjónum var háttað, sem á urðu fyrir hvorum aðila um sig.

Þá er meta skal sök hvors þeirra, þá skal dómandi einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

221. gr.

Ef árekstur varð af óhappatilviljun eða það vitnaðist ekki, að aðilar væri sök í því hvorugur, hefir hvorttveggja óbætt það, er hlaut.

222. gr.

Skaðabætur þær, sem greiða skal eftir 220. gr., ábyrgist útgerðarmaður með skipi og farmgjaldi ef sá nokkur var valdur að árekstrinum, sem hann ábyrgist fyrir eftir 8. gr.

223. gr.

Nú rekast skip á, og er þá hvorumtveggja skipstjóra skylt, að svo miklu leyti sem það má verða, án þess að hafa sitt skip í háska, svo og skipshöfn allri og farþegum, að veita hinu skipinu, skipshöfn þess og farþegum alla þá hjálp, sem veita má og þeim er nauðsyn á til bjargar sér úr háska þeim, sem árekstur stofnaði þeim í. Skylt er og þeim skipstjóra, sem björg veitti, að

segja hinum til nafns á skipi sínu og heimkynnis þess, og úr hverjum stað eða höfn það kom og hvert því er ætlað að fara.

Nú leiðir skipstjóri hjá sér að nauðsynjalausu að hlýða fyrirmælum þessum, og skal þá telja hann valdan að árekstrinum, nema annað sannist.

Níundi kapituli.

Um björgunarlaun.

224. gr.

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farist hefir eða er statt í nauð, eða farmi þess, eða nokkru af því skipi eða farmi þess, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rétt á að fá björgunarlaun af því, sem bjargað var. Nú verða málsaðilar ekki á eitt sáttir um, hve mikil skuli vera björgunarlaunin, og sker þá dómur úr.

Lög um skipströnd mæla fyrir um það, hvers björgunarmenn eiga að gæta að öðru leyti, einkanlega þá er eigandi er ekki viðstaddur eða umboðsmaður hans.

225. gr.

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þessa gætt einkanlega:

1. Háskans, sem það var í statt, sem borgið var; hvort skipverjar höfðu skilist við skipið; hvort þeir áttu hlut í björguninni, eða hvort stutt var að björgnninni í heild sinni af eigin ramleik;
2. háska þess, sem björgunarmönnum og eigu þeirra var stofnað í, og þess tjóns, sem þeir hafa beðið á heilsu eða fémunum;
3. hagvirkni þeirrar og atorku, sem unnið var með að björguninni, og tíma og áreynslu, sem til hennar var varið;
4. tölu björgunarmanna og tilkostnaðar og verðmætis björgunartækja þeirra;
5. verðmætis þess, sem borgið var.

226. gr.

Ekki má gera björgunarlaun hærri vanalega en þriðja hluta verðmætis þess, sem borgið var, og sé þó af dreginn tollur og önnur opinber gjöld, svo og kostnaður af geymslu, virðingargerð og sölu. Nú er verðmætið lítið og björgunin var mjög hættuleg eða afarerfið, og má þá hækka björgunarlaunin.

Til björgunarlauna skal og telja þóknun fyrir að færa gózið, sem borgið var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru við björgunina.

227. gr.

Nú hafa skipstjóri, útgerðarmaður eða farmeigandi gert samning um björgunarlaun meðan háskinn var á, og á þá heimilt sá, sem greiða skal björgunarlaunin, að skjóta því til dómsúrskurðar, hve mikil launin skuli vera og skal hann gera það, áður tveir mánuðir sé liðnir frá því samningur sá var gerður, og getur dómur fært niður hin tilskildu björgunarlaun, ef þau fara að mun fram úr því, sem hæfilegt sýnist. Nú var samningurinn á þá leið, að

láta skuli gera um björgunarlaunin eða útkljá um þau á annan líkan hátt, og bindur sá samningur ekki þá menn, sem greiða skulu launin, ef þeir segja honum sundur áður 14 dagar sé liðnir frá því er hann var gerr.

228. gr.

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skifti björgunarlauna, þá skal skift með dómi og þar gætt atvika þeirra, sem 225. gr. tilgreinir; þó getur meiri hluti björgunarmanna samið það með sér, að láta stjórnarráðið skera úr málinu að fenginni yfirlýsingu lögreglustjóra.

Nú hefir skip bjargað einhverju á fön, og skal þá af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, ef gufuskipi var borgið, en helming ef það var seglskip, en á öðru fénu skulu vera helmingaskifti milli skipstjóra og skipshafnar, og skal skifta milli hennar að réttu hlutfalli við kaup manna á skipinu. Nú var tilskilið, að skipstjóri eða skipshöfn skyldu hafa minni hlut í launanum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ómætur, nema skipið sé einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert til tekið björgunarstarf.

229. gr.

Rétt er, að björgunarmenn mótmæli því, að skip, sem bjargað var, eða góz sé fært á burt þaðan áður þeim sé greidd að fullu björgunarlaunin eða trygging er til fengin fyrir greiðslu þeirra.

Tíundi kapituli.

Um sjóvátrygging.

Fyrsti hluti.

Almenn ákvæði.

230. gr.

Tryggja má hverja þá lögmæta hagsmuni, sem virða má til peninga og oftið geta á því, að skip eða farmur týnist ekki ef þau koma í sjávarháska, eða þeim geti stafað rýrnun af þeim háska.

Einkanlega má tryggja: Skip, farmgjald, skipsbúnað, farm, væntanlegan verzlunararð og umboðslaun af vöru, farslyskröfur, sætjónspeninga og aðrar fjárkröfur, sem fullnægja skal með skipi, farmgjaldi eða farmi. Ábyrgðarsali getur endurtrygt aftur þá áhættu, sem hann tókst á hendur (reassurance).

231. gr.

Tryggja má fyrir sína hönd eða annara manna, svo og þó hvorugt sé til tekið, (svo sem: »fyrir hönd þess, sem í hlut á«, eða því um líkt).

Nú vátryggir maður fyrir hönd annars manns án umboðs hans, og skal sá, er vátrygging keypti, geta þess berum orðum, að hann hafði ekki skipun til. Nú vanrækir hann þetta, og er vátrygging þá ólögmæt, jafnvel

þótt sá, er trygt var til handa, samþykki hana síðar, en ábyrgðarsali á heimting á iðgjaldinu engu að síður.

232. gr.

Skylt er ábyrgðarsala ef ábyrgðarkaupandi æskir að fá honum bréflega viðurkenning fyrir ábyrgðarkaupinu (vátryggingarskírteini).

233. gr.

Það er hið sanna verðmæti hlutar, sem hann má tryggja fyrir (rétt vátryggingarverð hans).

234. gr.

Nú vátryggir maður í sviksamlegu áformi fémuni meira en rétt vátryggingarverð þeirra er, og er þá sá ábyrgðarsamningur ólögmætur og allir slíkir samningar, ef fleiri voru gerðir en einn.

235. gr.

Ef maðar vátryggir eftir beztu vitund sinni fémuni meira en þeir voru verðir, er sú trygging lögmæt, og þó að eins að jöfnu við rétt vátryggingarverð þeirra.

Nú kaupir maður að fleirum mönnum en einum vátrygging á sömu fémunum, og við sama háska, og keypti hann sama dag allar vátryggingarnar, og ábyrgist þá hver þeirra ábyrgðarsala svo mikinn hluta af réttu vátryggingarverði hinna trygðu fémuna, sem vátryggingarfjárhæð hans var mikill hluti af vátryggingarfjárhæðinni, að öllum hinum keyptu vátryggingum samantöldum. Nú voru vátryggingarnar ekki keyptar sama dag, og heldur þá hin yngri vátrygging gildi sínu að eins að svo miklum hluta, sem rétt vátryggingverð hinna trygðu muna er meira en hin eldri vátrygging nam. Þó heldur hin yngri vátrygging fullu gildi sínu:

1. Þegar ábyrgðarsali eignast við hinn yngri vátryggingarsamning þau réttindi, sem hin eldri trygging veitir.
2. Þegar svo er til tekið við hinn nýja samning, að tilkall verði að eins gert eftir honum, að svo miklu leyti sem ábyrgðarkaupandi fær ekki skaða sinn bættan eftir hinum eldri vátryggingarsamningi, annaðhvort af því að hann var ólögmætur, eða sá er óskilríkur, sem þá vátrygging seldi.
3. Þegar eldri vátrygging var keypt fyrir hönd ábyrgðarkaupanda og án skipunar hans, en hann keypti sjálfur hina yngri og vissi ekki af hinni eldri, þá er hann keypti hina eða afsalaði sér þá hinni eldri.

236. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkru eða öllu af því ekkert var að tryggja, eða sakir oftryggingar eða tvöfaldrar tryggingar, og getur ábyrgðarsali þá krafist iðgjalds engu að síður, nema honum væri kunnugt þá, þegar hann seldi vátrygginguna, um þau atvik, sem ónýttu hana. Þó á ábyrgðarkaupandi endurkröfurétt (ristorno) eftir 266. gr.

237. gr.

Ef vátryggingarfjárhæðin er minni en rétt vátryggingarverð, greiðir á-

byrgðarsali að eins þann hlut skaðans, sem vátryggingarfjárhæðin er af réttu vátryggingarverði þess, er vátrygt var.

238. gr.

Nú sömdu aðilar um ákveðið verð á vátrygðum hlut (verðsett vátryggingarskirteini), og skal þá það verðmat haldast; þó á ábyrgðarsali rétt á, að það verð sé lækkað, ef það sannast, að það sé hærra en sanngjarnt var að telja rétt verð þess hlutar, þá er þeir virtu hann.

239. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali greitt fyrir tjón, sem ábyrgðarkaupandi gat heimtað bætur fyrir af öðrum mönnum, og eignast þá ábyrgðarsali þann rétt, sem hinn átti á hendur þeim mönnum.

Ef kröfueigandi kaupir vátrygging á skuldakröfu, og sú krafa er trygð með einhverjum þeim hlut, sem í áhættu er á sjó, og sá hlutur spillist eða glatast, þá eignast ábyrgðarsali rétt kröfueiganda á hendur skuldunaut að hlut í kröfunni jöfnum því fé, sem hann greiddi í skaðabætur.

Rétt er, að ábyrgðarkaupandi heimti bættan skaða sinn af ábyrgðarsala, þótt hann hafi ekki fyrst sótt rétt sinn á hönd hinum, sem skyldur var til að bæta, né á hönd skuldunaut, sbr. þó 250. gr.

240. gr.

Nú hefir ábyrgðarsali gerst gjaldþrota eða reynst hefir við fjárnám, að hann skorti efni til að lúka skuldir sínar, eða hann hefir stöðvað greiðslur sinar, og er þá ábyrgðarkaupanda heimilt að rifta vátryggingarkaupi og fá iðgjald sitt endurgreitt, nema ábyrgðarsali setji trygging, ef krafist er, fyrir því, að samningnum verði að öllu fullnægt. Nú bar þetta að eftir að hinum trygða hlut hefir verið háski búinn, og er rétt að ábyrgðarsali haldi þá eftir af iðgjaldinu að réttu hlutfalli við þá áhættu, sem hjá er liðin.

Annar hluti.

Um skyldur ábyrgðarkaupanda.

241. gr.

Nú er samningur gerr um kaup á vátrygging, og er þá ábyrgðarkaupanda skylt að skýra nákvæmlega og rétt frá öllum atvikum, sem að liggja, þeim er honum eru kunn og máli geta skift, þá er meta skal þá áhættu, sem ábyrgðarsali tekst á hendur, og þau skilyrði öll, sem ábyrgðartakan er háð; skyldu ábyrgðarkaupanda um þetta skal og sá gæta að öllu, er vátrygging kaupir fyrir hans hönd, svo og hver annar meðalgöngumaður, sá er stuðlaði að samningnum.

242. gr.

Nú er vanrækt að segja til þess, sem 241. gr. skipar fyrir um, og ábyrgðarsala var ókunnugt um þau atvik, sem látið var ógetið við samningsgjörðina og ekki var sanngjarnt að ætlast til, að honum væri kunn, og er hon-

um þá ekki skylt að halda þann samning og á hann iðgjaldið engu að síður, sbr. þó 266. gr.

Nú hefir ábyrgðarkaupandi, eða sá, er skyldur var til að skýra frá atvikum, fengið svo seint vitneskju um eitthvað það, er segja skyldi til um, að hann hefði orðið að gera öldungis óvanalegar ráðstafanir til að geta gert ábyrgðarsala það kunnugt áður samningurinn var fullger, og skal þá þessi vanræksla hans ekki ónýta samninginn. Nú var vátrygging keypt án skipunar og vitundar ábyrgðarnjótanda, og er hún þá ekki ógild þótt ekki sé seljanda sagt til atvika, sem að vísu voru kunn ábyrgðarnjótanda, en ekki þeim, er um vátrygging samdi.

243. gr.

Nú var sagt rangt til um eitthvað það, sem ræðir um í 241. gr., og vissi sá ekki betur, er til sagði, og er þó samningurinn ógildur og fyrirgert iðgjaldi, sbr. þó 266. gr., nema ábyrgðarsali vissi um það, sem rangt var til sagt, þegar samningurinn var ger.

244. gr.

Nú var ekki sagt til, eða sagt rangt til um atvik, sem snerta að eins nokkurn hluta hinna vátrygðu fémuna, og helzt þá samningurinn að þeim hluta, sem þau atvik snerta ekki, nema ef telja má víst, að ábyrgðarsali mundi ekki hafa selt vátrygging á þeim hluta einum, með sömu kostum sem hann seldi á þeim fémunum öllum, ef honum hefðu þá verið kunn öll atvik.

245. gr.

Þegar sem ábyrgðarkaupandi veit, að tjón hefir orðið á hinum trygða hlut, svo að það felist undir vátryggingunni, skal hann skýra ábyrgðarsala frá tjóninu og leita tilskipana hans um þær ráðstafanir, sem gera skal til bjargar og verndar hinum trygðu munum og hefta meira tjón; en þangað til hann fær slíkar fyrirskipanir frá ábyrgðarsala, er hann sjálfur skyldur til að aðhafast í þessu slíkt, er þörf krefur. Nú vanrækir ábyrgðarkaupandi þessa skyldu sína, og ábyrgist hann þá tjón, ef af verður.

246. gr.

Nú er ábyrgðarsala skylt að bæta skaða, sem ábyrgðarkaupandi á rétt á, að annar maður bæti honum, og skal hann þá um það gera þær ráðstafanir, sem þörf er á eftir atvikum, þar til er ábyrgðarsali getur séð þar sjálfur fyrir hagsmunum sínum. Nú vanrækir ábyrgðarkaupandi þetta, og ábyrgist hann þá það tjón, sem álíta má, að ábyrgðarsali biði við vanrækslu hans.

247. gr.

Skyldur er ábyrgðarkaupandi að greiða iðgjaldið, þegar sem hann tók við vátryggingarskírteininu og samningur var fullger, nema annað sé tiltekið.

Þriðji hluti.

Um skyldur ábyrgðarsala.

248. gr.

Ef ekki var annað sérstaklega tilskilið ábyrgist ábyrgðarsali afleiðingar af hverjum þeim háska, sem hinir trygðu munir komast í á vátryggartímanum og ábyrgðarkaupandi er ekki valdur að sjálfur. Ekki tekur það ábyrgð af ábyrgðarsala, þótt skipstjóri sé valdur að tjóninu eða skipverjar.

249. gr.

Þessa skaða ábyrgist ábyrgðarsali ekki:

1. Skaða þann, er verður á skipi eða farmgjaldi, þá er útgerðarmenn keyptu ábyrgð á þeim, og tjónið hlauzt af því, að skipið var ekki sjófært þá er það lét út í för, eða það var ekki búið nógu vel eða mannað, eða hafði ekki nauðsynleg skipskjöl, eða var hlaðið óhæfilega, eða skaðinn verður af því, að yfirsjónir eða hirðuleysi skipstjóra eða skipshafnar við skyldustörf þeirra vinna öðrum mönnum tjón og þeir menn ganga að hinum trygðu munum; þó koma þar ekki til greina bætur fyrir tjón, sem leiðir af árekstri.
2. Skaða á vátrygðu skipi, þegar skaði á skipi eða skipsbúnaði stafar einungis af sliti, elli, fúa eða maðkátu eða af því, að það, sem skemdist, var ekki í viðunandi lagi er skipið fór af stað.
3. Skaða á vátrygðum farmi, farmgjaldi eða verzlunarhagnaði á farmi, þegar skaðanum valda gallar á umbúnaði vöru, eða sá eiginlegleiki sjálfrar vörunnar, sem 142. gr. getur um; þó bætir ábyrgðarsali skaða þann, sem síðast var nefndur, ef ferðin hefir dvalist óvanalega lengi af óhöppum, sem ábyrgðarsali ábyrgist, nema ætla megi, að dvölin ylli ekki skemdinni.
4. Tjón á vátrygðum farmi eða verzlunarhagnaði af farmi eða fyrirframgreiðslu á farmgjaldi því, sem ekki skal endurgreiða þó óhapp beri að, ef tjón á þessu, sem nú var talið, er að kenna vörusendanda eða viðtakanda, og þeir ollu því sem slíkir.

250. gr.

Þá er fullnaðarreikningur sameiginlegs sætjóns er gerður á lögmætum stað, og eftir þess lands lögum, er ábyrgðarsali skyldur til að greiða eftir niðurjöfnuninni, bæði sætjónsframlag það, er kemur á hinn vátrygða hlut, svo og þau framlög til skaðabóta, sem aðrir hluttakendur í sætjóninu eru skyldir til að greiða fyrir skemdir á hinum vátrygða hlut, en sannanlegt er, að ekki hefir orðið náð af þeim, sem skyldir voru til að leggja. Jafnskyldur er ábyrgðarsali til þessa fyrir því, þótt hinn vátrygði hlutur sé gerður dýrari í niðurjöfnuninni en hann var vátrygður.

Nú hefir sætjóni ekki verið jafnað niður og það er ekki að kenna ábyrgðarkaupanda, og getur hann þá krafist bóta fyrir alt tjónið, svo sem vátryggingarsamningur til tekur.

251. gr.

Nú var fullnaðarreikningur sætjóns gerður á lögmætum stað og sá gerði, sem heimild yfirvalda hafði til þess starfa, og getur þá ábyrgðarsali ekki

borið það fyrir sig við ábyrgðarkaupanda, að öðrum manni hafi verið vilnað í við sætjónsmálalok ábyrgðarkaupanda til tjóns og andstætt lögum á þeim stað, þar sem sætjóninu var ráðið til lykta, nema ábyrgðarkaupandi væri sjálfur sök í því, að ekki var nægilega séð fyrir hagsmunum hans. Þó er ábyrgðarkaupandi skyldur til að selja af hendi til ábyrgðarsala kröfu sína á hendur þeim, sem þann veg var ívilnað.

252. gr.

Skylt er ábyrgðarsala að bæta það, sem lagt var í sölurnar eftir beztu vitund til að forðast háska, sem hann ábyrgðist, og kostnað þann, sem á því varð, svo og það, sem varið var til bjargar og verndar vátrygðum hlutum og til að forða meira tjóni eftir það er slys bar að, og er honum skylt að bæta þetta þótt það verði ekki talið til sameiginlegs sætjóns, svo og kostnað þann, sem á því verður að ákveða eigin ábyrgð hans, þegar svo ber undir, sem hér var sagt.

253. gr.

Nú ber að sætjón fleiri en eitt á þeim tíma, sem vátrygging ábyrgðarsala tekur yfir, og bætir hann skaðann, þótt bótaféð alt samantalið verði meira en vátryggingarfjárhæðin var. Svo skal og bæta að fullu þann tilkostnað, sem 252. gr. ræðir um, þótt hann fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni.

254. gr.

Ef breytt er för þeirri, sem til var greind þá er vátryggingarsamningur var gerður, og sú breyting verður áður ábyrgðarsali á nokkuð á hættu, og er hann þá úr allri ábyrgð á skipi eða farmgjaldi, ef vátrygt var fyrir hönd útgerðarmanns. Nú voru vátrygðir aðrir munir, eða skip eða farmgjald var vátrygt fyrir hönd annara manna, og skal þá sú vátrygging haldast ef ferðinni var breytt án vitundar ábyrgðarkaupanda.

Nú var vátrygt góz haft í hættu áður en áhætta ábyrgðarsala hófst og á öðru skipi en til var greint við ábyrgðarkaupin, og er ábyrgðarsali þá laus allra mála.

255. gr.

Nú var breytt til um för eða sú hætta jókst eða breyttist, sem keypt var vátrygging fyrir, eftir það er áhætta ábyrgðarsala hófst, og er hann þá úr allri ábyrgð á hverju tjóni, sem að ber eftir að breytt var til um förina, nema breytingin væri gerð án samþykkis ábyrgðarkaupanda eða hún var gerð í nauðsyn til að forðast háska, sem ábyrgðarsali svarar ábyrgð á, eður til að bjarga lífi manna.

Fjórði hluti.

Um skaða og greiðslu skaðabóta.

256. gr.

Ábyrgðarkaupandi á rétt á bótum fyrir algerðan missi:

1. Þá er vátrygt er skip eða góz og annað tveggja ferst með öllu eða er gert

upptækt eða skemmist svo mjög, að það má telja alls ónýtt í sjálfu sér og til einskis hæft;

2. þá er vátrygt er farmgjald og þess missir með öllu;
3. þá er verzlunarar̃ður er vátrygður eða umboðslaun og varan kemst ekki til ætlunarstaðar síns;
6. þá er vátrygðar eru sætjónsbætur eða farslysfé, og veðið, sem fyrir var lagt, ferst með öllu, eða ekkert fæst af því til lúkningar bótunum eða fénu.

257. gr.

Þá er algerður missir verður, skal ábyrgðarsali greiða að fullu vátryggingarfjárhæðina; þó skal af henni dregið það, sem sparað var á kostnaði þeim, er vátryggingin náði til; svo á og ábyrgðarsali rétt á að taka til sín það alt, sem borgið kann að verða. Nú voru munir vátrygðir að eins að nokkrum hluta af verðmæti þeirra, og skal þá það, sem af er dregið, talið eftir réttu hlutfalli milli vátryggingarfjárhæðar og hins rétta vátryggingarverðs alls, og fær þá ábyrgðarsali eftir sama mæli hlut sinn í því, sem borgið var.

Nú meiðist skip og lögmæt skoðunargjörð dæmir það óbætandi, og á þá ábyrgðarkaupandi rétt á að fá bætur sem algerður missir væri, enda selur hann skipið af hendi til ábyrgðarsala.

258. gr.

Nú hefir ekki spurst til skips svo langa stund, að seglskip fer að jafnaði þrisvar sinnum á þeim tíma frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til skipsins, og til ætlunarstaðar þess, og sé þó ekki skemmri tími en 3 mánuðir, og ber þá að telja skip týnt, og á þá ábyrgðarkaupandi rétt á að krefjast bóta fyrir algerðan missi, enda afsalar hann sér í hendur ábyrgðarsala rétti sínum á hinum vátrygða hlut.

259. gr.

Ef lagt er löghald (embargo) á skip eða góz, eða því er haldið á annan hátt eftir ráðstöfunum yfirvalda, eða víkingar tóku það, eða skipverjar skildu við vátrygt skip, þá getur ábyrgðarkaupandi, gegn því að láta af hendi við ábyrgðarsala eignarrétt sinn á hinum vátrygðu hlutum, krafist bóta sem fyrir algerðan missi, ef skip eða góz hefir ekki verið látið laust eða hann hefir ekki fengið umráð yfir þeim:

Áður en 6 mánuðir sé liðnir, ef þessi atburður gerðist í Norðurálfuhöfnum eða á þeim hluta Miðjarðarhafs, Svartahafs eða Asóvshafs, sem telst til Norðurálfu,

áður 9 mánuðir sé liðnir, ef atburðurinn varð í öðrum höfnum hérnamegin Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða á Suður-Ameríku, og

áður 12 mánuðir sé liðnir, ef það varð í höfum þeim, sem hinsvegar eru Góðrarvonarhöfða eða Hornshöfða.

Telja skal tímann frá þeim degi, er ábyrgðarkaupandi sagði ábyrgðarsala til tjónsins.

260. gr.

Nú vill abyrgðarkaupandi láta af hendi hinn vátrygða hlut og er sá háttur á um þann hlut, sem segir í síðari lið 257. gr., og skal hann þá skýra

ábyrgðarsala frá fyrirætlun sinni áður 4 mánuðir sé liðnir frá því er hann vissi úrslit skoðunargjörðarinnar, en ef svo er háttað, sem 258. og 259. gr. ræða um, skal hann hafa skýrt frá fyrirætlun sinni áður en 9 mánuðir sé liðnir frá því er frestur sá er á enda, sem þær greinar til taka, eftir hinum sérstöku atvikum í hvert sinn.

261. gr.

Nú er sá frestur á enda, sem segir í 260. gr., og ábyrgðarkaupandi hefir ekki neytt réttar síns til að láta af hendi hinn vátrygða hlut, og glatar hann þá þessum rétti, þegar svo er háttað atvikum sem segir í síðara lið 257. og 259. gr.

Þá er svo liggja atvik til, sem segir í 258. gr., getur ábyrgðarkaupandi krafist bóta sem fyrir algert tjón, jafnvel eftir að afsalsfrestur er liðinn, en komi hinn vátrygði hlutur síðar fram, skal hann endurgreiða vátryggingarféð, ef ábyrgðarsali krefst, með ½ af hndr. í mánaðarvöxtu, en afsala skal þá ábyrgðarsali sér heimild á hinum vátrygða hlut og bæta þann skaða, sem orðið kann að hafa á þeim hlut og ábyrgðin náði til.

262. gr.

Afsal skal vera á trygðum munum skilyrðalaust og óriftandi; það skal auk þess ná til alls hins trygða fémunar eða þess hluta hans, sem í hættu var hafður á þeim tíma, er slysið bar að.

Ef fémunir eru trygðir að eins að nokkurum hluta af verðmæti þeirra, er ábyrgðarkaupandi að eins skyldur til að láta af hendi svo mikinn hluta þeirra, er vátryggingarfjárhæð er í hlutfalli við rétt vátryggingarverð.

263. gr.

Þá er ábyrgðarsali hefir greitt bætur, getur hann krafizt þess, að ábyrgðarkaupandi fái honum í hendur bréflega öll þau réttindi, sem afsalinu eiga að fylgja til ábyrgðarsala, svo og þau skjöl öll, sem fylgja eiga hinum selda hlut og eru í vörzlum ábyrgðarkaupanda.

264. gr.

Ógild er hver sú krafa, sem styðst við vátrygging og ekki er fylgt með lögsókn áður 5 ár sé liðin frá því, er hún varð til.

Fimti hluti.

Um endurgreiðslu iðgjalds (ristorno).

265. gr.

Ef vátrygður hlutur kemst ekki í þá áhættu, sem ábyrgðarsali skyldi tryggja, getur ábyrgðarkaupandi krafist, að vátryggingin falli niður og iðgjaldið sé endurgreitt; þó á ábyrgðarsali rétt á þóknun og skal hún vera ¼ af hndr. af vátryggingarfjárhæðinni, ef ekki var annað tilskilið, en helmingur hins umsamda iðgjalds, ef það var minna en ½ af hundraði.

266. gr.

Nú ónýtist vátrygging að nokkuru eða öllu, sakir þess, að ekkert var að tryggja, eða sakir þess, að oftrygt var eða tvítrygt, eða rangt var sagt til eða ekki nægilega, eða af öðrum slíkum sökum, en ábyrgðarkaupandi eða umboðsmaður hans fór eftir beztu vitund sinni um þau atvik, sem urðu til ónýtingar ábyrgðinni, og eins var ástatt með umbjóðanda, er hann veitti umboðið til kaupanna, og má þá krefjast endurgreiðslu á ábyrgðargjaldinu, og sé það þá af dregið, sem hér er áður talið; þó skal þessa krafizt áður áhætta verði á hinum tryggðu munum.

Ellefti kapituli.

Um siglingarveðrétt og fyrning á siglingarkröfum.

267. gr.

Þær kröfur lánsala, sem hann á siglingarveðrétt fyrir eftir þessum kapítula (siglingarveðkröfur), eiga forgangsrétt að veðinu næst eftir almenn gjöld, sem á veðinu hvíla, en ganga fyrir öllum skuldum öðrum.

268. gr.

Þessar kröfur eiga siglingarveðrétt í skipi og farmgjaldi:

1. Hafnsögumannskaup, björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur skipstjóra og skipshafnar til kaups og annara þóknana, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins.
3. Kröfur um framlög til sameiginlegs sætjóns, svo og kostnaður, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 161. gr. og 2. liður 218. gr.), farslyskröfur, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vöru, sem seld var í þágu skips á för.
4. Kröfur, til orðnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefir gengið í vegna stöðu sinnar, eða til orðnar við vanefndir á samningum, sem útgerðarmaður gerði sjálfur, eða fekk öðrum umboð til, og skipstjóra skylda var að annast efndir á, sbr. 7. gr., svo og skaðabótakröfur fyrir tjón, sem valdið hafa yfirsjónir eða hirðuleysi skipverja við skyldustörf þeirra, sbr. 8. gr.; og enn kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir það, sem hann hefir greitt sjálfur til lúkningar kostnaði í skipsins þágu, eða ábyrgzt greiðslu á.

Siglingarveðréttur í skipi nær og til skipsbúnaðar, og telst ekki til hans vistabirgðir, eldiviður, kol né aðrar vélarnauðsynjar; siglingarveðréttur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald fyrir þá för, sem krafan stafar af. Siglingarveðréttur fyrir farslyskröfum nær til skips eða farmgjalds eða hvorstveggja, eftir því sem farslysveðbréfið til tekur, sbr. 175. gr.

269. gr.

Kröfum þeim, sem taldar eru í 268. gr., skal fullnægja eftir þeirri röð, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar á sömu

för. Kröfur taldar í sama tölulið, eru jafnréttmætar sín á milli, og þó svo að stafi kröfurnar í 1. og 3. lið ekki af sama slysinu, gengur yngri krafan fyrir eldri.

Nú stafa kröfurnar af ýmsum förum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari tör stafar, fyrir hverri kröfu af eldri förum; þó heldur skipstjóri og skipshöfn forgangsrétti sínum til skipsins fyrir svo miklu af inneign sinni eftir síðasta ráðningarsamningi, sem nema mundi í mesta lagi kaupi 12 síðustu mánaða, og eiga þeir forgangsrétt sinn, þótt skipið hafi farið fleiri en eina för á þeim tíma.

270. gr.

Nú ferst skip eða meiðist, eða farmgjaldsmissir verður að nokkuru eða öllu og með þeim atvikum, að útgerðarmaður á bótakröfu að þeim, er skaða olli, eða hann á þær eftir ákvæðum um sameiginlegt sætjón, og á þá sá kröfueigandi, sem siglingarveðrétt átti í skipi eða farmgjaldi, einnig sama rétt í skaðabótafénu. En ekki skulu þær bætur, sem ábyrgðarsali skal greiða fyrir skip eða farmgjald, koma í stað hins vátrygða veðs.

271. gr.

Þá er skip er selt nauðungarsölu, fellur niður siglingarveðréttur í því skipi, en veðhafi á þá í stað þess veðrétt í kaupverði skipsins, meðan verðið er ekki af hendi greitt. Svo skal og vera, ef skip er selt eftir að það var dæmt á lögmætan hátt óbætandi. Nú verða önnur og sjálfráð eigandaskifti að skipinu, og eiga þá kröfur þær, sem nefndar eru í 268. gr. eftir sem áður veðrétt í því skipi.

272. gr.

Nú fellur siglingarveðréttur niður við það, að bótafé, söluverð eða farmgjald, sem siglingarkrafa er trygð með, er greitt af hendi til útgerðarmanns, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fé hrekkur, sem hann tók við, ef hann var þar ekki í sjálfskuld áður. Á sama hátt ábyrgist hann skaðabætur fyrir venjulegt farmgjald af gózi, sem hann hefir látið í skip.

Nú er þetta fé, sem nefnt var, greitt þrotabúi útgerðarmanns, og skal því þá varið til að fullnægja þeim kröfueigendum, sem siglingarveðrétt áttu í fénu.

273. gr.

Nú verður skip við sjálfráða sölu útlend eign, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim siglingarveðkröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfskuldarmaður, þótt hann ábyrgðist þær áður að eins með skipi og farmgjaldi. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum þá er það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins.

274. gr.

Nú hefir útgerðarmaður greitt út til fullnægingar siglingarveðkröfu alt það, er hann var skyldur til eftir 272. og 273. gr., og það kemur síðar fram, að önnur krafa átti þar forgangsrétt, og er þá útgerðarmaður ekki skyldur til meiri greiðslu, ef hann vissi ekki af þessari kröfu þá er hann greiddi hitt áður. Þó ná þessi atkvæði ekki til þeirrar greiðslu, sem útgerðarmaður innir af hendi til fullnægingar kröfum, sem hann ábyrgðist með sjálfskuld.

Nú hefir kröfueigandi fengið með þessum hætti fé, sem öðrum bar að réttu, og ábyrgist þá sá, sem féð tók, þeim manni kröfu hans, en þó ekki lengra en það fé hrökkur, sem hann tók við, og því að eins, að hann vissi af þeirri kröfu þá er hann tók við fénu.

275. gr.

Þó eigandi fái öðrum manni skip til farar á hans kostnað, breytir það engu þeim rétti, sem siglingarveðhafi á eftir þessum kapítula til aðgangs að skipinu.

276. gr.

Þessar kröfur eiga siglingarveðrétt í farmi:

1. Björgunarlaun og kostnaður á frelsun skips úr óvina höndum.
2. Kröfur um framlög farms til sameiginlegs sætjóns, eða til kostnaðar, sem jafna skal niður með svipuðum hætti (síðari liður 161. gr. og 2. liður 218. gr.); farslyslán, svo og bótakröfur farmeiganda fyrir vörur, sem seldar voru í þágu annara farmeigenda.
3. Kröfur, sem undir eru komnar við skuldbindingar, sem skipstjóri hefir gengið í á kostnað farmeiganda vegna stöðu sinnar, svo og kröfur skipstjóra til endurgjalds fyrir fé, sem hann hefir sjálfur greitt eða tekið ábyrgð á til lúkningar kostnaði á farmi.
4. Kröfur fyrir farmgjald, svo og bætur fyrir biðaukadaga og dvalir þær, sem meiri verða við farmtöku og afferming.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær nú voru taldar í. Kröfur í sama lið eru jafnréttmætar og þó því að eins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama slysi; ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

277. gr.

Siglingarveð í farmi fellur niður þá er varan er seld í hönd sendanda eða viðtakanda. Svo er og ef varan er seld nauðungarsölu eða skipstjóri seldi hana á för í þarfir skips eða farms, en í stað þess á kröfueigandi veðrétt í söluverðinu, meðan það er ekki látið af hendi.

278. gr.

Um rétt siglingarveðeiganda til að leita sér skuldarlúkningar í skaðabótafé því, sem ógoldið er fyrir skemdir eða tjón á farmi, svo og í skaðabótafé, sem farminum ber eftir ákvæðunum um sameiginlegt sætjón, skal fara líkt því, sem fyrir er mælt í 270. gr. um siglingarveðrétt í skipi. Bótafé, sem ábyrgðarsali skal greiða, skal ekki koma hjer heldur í stað veðsins.

279. gr.

Nú hefir farmeigandi veitt viðtöku nokkrum hluta sölufjár eða bótafjár, sem siglingarveðhafi á rétt til að leita sér skuldalúkningar í eftir 277. og 278. gr., og ábyrgist þá farmeigandi honum siglingarveðkröfu hans sem sjálfskuldarmaður, eftir sömu fyrirmælum, sem mælt eru um útgerðarmann í 272. og 274. gr.

Ákvæðin í 2. lið 272. gr. koma og til greina á sama hátt, þá er féð var greitt þrotabúi farmeiganda.

280. gr.

Nú lætur skipstjóri selja af hendi án samþykkis kröfueiganda vöru, sem siglingakrafa á veðrétt í, og ábyrgist þá skipstjóri fullnæging á kröfunni, svo og viðtakandi, ef hann vissi af veðréttinum þá er varan var látin af hendi við hann. Nú sannast það, að farmurinn var ónógur til fullnægingar kröfunni, þá er hann var látinn af hendi, og nær þá ábyrgðin ekki lengra en verðmæti farmsins hrökkur til.

281. gr.

Ef eigandi siglingarkröfu á fleiri siglingarveð en eitt fyrir kröfu sinni, á hann heimilt að ganga að hverju veðinu sem vill fyrir allri kröfu sinni.

Nú hefir hann leitað sér í einu veðinu lúkningar á meira fé, en koma mundi á það veð að réttu hlutfalli, og getur þá sá eigandi, sem skaða bíður, svo og sá siglingarveðhafi, sem veð sitt fekk svo rýrt, að ekki hrökkur til lúkningar, gengið að hinum öðrum veðum með sömu heimild, sem sá kröfueigandi átti, er leitaði sér lúkningar í veði því, sem getið var, og gengið að veðinu til lúkningar jafnmiklu fé, sem hitt var, er greitt var um of af eign hans eða veði.

Nú er sami eigandi að öllum hinum veðbundnu hlutum og einhver kröfueigandi á sérstakan siglingarveðrétt í einum þeirra, og annar maður hefir leitað sér lúkningar í því veði, og er þá þeim manni, sem sérstaka veðréttinn á, heimilt að ganga að hinum öðrum veðum til lúkningar öllum þeim hluta skuldarinnar, sem hann fekk ekki greiddan af veði sínu, sakir þess að það var skert; en ef það var ekki skert meira en koma skyldi á veð hans að réttu hlutfalli, þá skal hann þoka fyrir öðrum mönnum, sem trygging kunna að eiga í þeim fémunum.

282. gr.

Sjálfráður er kröfueigandi að höfða mál hvort er hann vill á hönd útgerðarmanni eða skipstjóra til fullnægingar á siglingarkröfu, sem veð er fyrir í skipi eða farmgjaldi. Ef kröfueigandi, annar en útgerðarmaður eða skipstjóri, á siglingarveðrétt í gózi, þá má lögsækja skipstjóra.

283. gr.

Nú eru kröfur, sem eiganda er heimilt eftir þessum lögum að leita sér lúkningar á í þeim munum einum, sem hann á siglingarveð í, og fyrnast þá þær kröfur hver um sig að liðnum þeim fresti, sem hér segir:

Kröfur um framlag til sameiginlegs sætjóns og kostnaðar, sem jafna skal niður á líkan hátt (sbr. síðara lið 161. gr. og 2. lið 218. gr.), fyrnast á ársfresti frá dagsetningu úrslitagerðar sætjónsins.

Kröfur til skaðabóta á glötuðum eða skemdum farmi fyrnast áður ár sé liðið frá því er affermt var.

Kröfur til allra skaðabóta annara fyrnast áður tvö ár sé liðin frá því er tjónið bar að.

Allar aðrar siglingarveðkröfur fyrnast áður ár sé liðið frá því er þær komu í gjalddaga.

Nú á kröfueigandi auk þess rétt á að ganga að útgerðarmanni, farmeiganda eða öðrum, sem sjálfskuldarmönnum, fyrir einhverjum af þessum

kröfum, sem nefndar voru, og taka þá hin almennu fyrningarákvæði laga til þessa réttar hans.

284. gr.

Siglingarveðréttur sá, sem 2. tölul. 268. gr. heimilar skipstjóra og skipshöfn, fellur niður, ef honum er ekki fylgt með lögsókn áður eitt ár sé liðið frá þeim degi, er starfstíma þeirra lauk. Nú á skuldheimtumaður annars eftir lögum þessum siglingarveðrétt í skipi, farmgjaldi eða farmi til tryggingar einhverri þeirri kröfu, sem skuldunautur ábyrgist með sjálfskuld, og fellur þá siglingarveðréttur hans niður eftir tímatakmörkum þeim, sem 283. gr. til tekur.

Tólfti kapituli.

Um yfirsjónir skipstjóra og skipverja við skyldustörf þeirra o. fl.

285. gr.

Ef skipstjóri ræður til sín nokkurn þann mann, sem honum er kunnugt um, að annar maður hefir áður ráðið á annað skip, sætir hann 10 til 200 kr. sektum.

286. gr.

Ef skipstjóri hefir ekki á skipi eitt eintak af lögum þessum og af reglugjörðum þeim og fyrirskipunum, sem getur í 27. gr., sætir hann 5 til 100 kr. sektum.

Sömu sektum varðar það, ef skipstjóri óræki þær skyldur, sem 71. og 72. gr. leggja á hann.

287. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vélarstjóri það, sem þeim er boðið í 36.—39. gr. og 43. gr., sbr. 79. og 80. gr., um skráningu í leiðarbók, og að geyma hana og sýna, sæta þeir 10 til 500 kr. sektum.

Nú hefir skipstjóri, stýrimaður eða vélarstjóri með vilja ritað rangt í leiðarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, skift um hana eða gert ólæsilega, og varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, nema þyngri refsing liggi við.

288. gr.

Nú er svo ástatt, sem ræðir um í 40. gr., og vanrækir skipstjóri að gefa skýrslur þær, sem þar er boðið, og varðar það þá 10 til 500 kr. sektum.

289. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 2. lið 47. gr. eða í 101. gr., eða refsar skipverja án lögmætra saka, eða svo, að hann hefir ekki þá aðferð, sem boðin er í 103. gr., eða leggur á harðari refsingu en 102. gr. heimilar, þá varðar það sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að almennum lögum.

Dragi skipstjóri lögboðið fæði af skipverjum, eða beiti við þá óþarfa

hörku, skal hann sæta 10 til 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

290. gr.

Nú fremur skipstjóri launflutninga eða annað athæfi ólöglegt og skaðar með því útgerðarmann, farmeigendur, ábyrgðarsala eða aðra, sem þessi lög skylda skipstjóra til að vera á verði fyrir, að annast hagsmuni þeirra, og varðar það þá sektum eða fangelsi, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Ef skipstjóri flytur án leyfis útgerðarmanns vöru, sem stofnar skipi eða farmi í háska eða áhættu, varðar það og 50 til 500 kr. sektum eða fangelsi.

291. gr.

Ef skipstjóri skilur við skipið og hefir ekki sagt upp stöðu sinni í tæka tíð eða á réttan hátt, þá sætir hann fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru. Ef hann skilur við skipið í sjávarháska og gætir ekki fyrirmæla 43. gr., eða ef svo er ástatt, að skipið komist við það í augljósa hættu, getur refsingin orðið betrunarhúsvinna.

292. gr.

Nú lætur skipstjóri út skipi án þess sérstök atvik knýi hann til og stofnar með því öllum, sem á eru í bersýnilegan lífsháska, sakir þess hve skipið er gallað að skrokki, vél eða búnaði, eða er svo ofhlaðið eða óhæfilega, eða svo illa skipað, að hann hlaut að sjá þetta fyrir, og sætir þá skipstjóri fangelsi eða sektum, nema önnur þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum.

Vanræki skipstjóri að öðru þær skyldur, sem hann skal gegna eftir 26. gr., skal refsa honum með 10 til 500 kr. sektum.

Refsingum þeim, sem til eru teknar hér á undan, skal einnig beitt við útgerðarmenn og aðra, sem ráða fyrir brautför skips fyrir þeirra hönd, þegar þeir einir eða með öðrum mönnum hafa ábyrgð á slíkum glæpum eða yfirsjónum.

Nú vanrækir vörusendandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglum þeim og fyrirskipunum, sem settar eru með tilskipun samkvæmt 26. gr. um fermslu o. s. frv. á sprengiefnum, eldfimum og etandi hlutum, og skal honum þá refsað með þeirri hegning, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, ef hann hlaut að sjá það fyrir, að hann með atferli sínu stofnaði þeim, sem á skipi eru á förinni, í bersýnilegan lífsháska. Vanræki sendandi að öðru leyti þær skyldur, sem á honum hvíla samkvæmt greindum ákvæðum, skal refsa honum með þeirri hegningu, er ákveðin er í 2. lið greinarinnar.

293. gr.

Ef skipstjóri hefir orðið valdur að tjóni á sjó með ónytjungshætti, ofdrykkju eða öðru hirðuleysi um skyldur sínar, skal hann sæta fangelsi eða sektum, nema atferli hans sé svo háttað, að þyngri refsing liggi við.

294. gr.

Vanræki skipstjóri það, sem 223. gr. skyldar hann til að gera, ef skip rekast á, varðar það fangelsi eða sektum ekki minni en 100 kr.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 219. gr. um það, hvers gætt skal á skipi til þess að forðast árekstur, varða 5 til 200 kr. sektum.

295. gr.

Ef skipstjóri færist undan að taka við farmönnum á skip sitt, þá er svo er ástatt sem 34. gr. ræðir um, og hefir ekki lögmæta afsökun, sætir hann 30 til 500 kr. sektum.

296. gr.

Nú hefir skipstjóri orðið sekur eftir síðari lið 287. gr. eða eftir 289. gr. og er miklar sakir til, eða eftir 2. málsgr. 291. gr. eða 1. lið 292. gr. eða 293. gr., og má þá auk refsingar dæma hann óhæfan til skipstjórnar. Ekki frestar málskot til æðri dóms framkvæmd dómsins að þessu leyti; en ef sök skipstjóra ber undir 293. gr. og málið er tekið upp aftur, þá getur nýr dómur ónýtt hinn eldra dóm, og liði þó ekki skemri tími en ár milli dómanna og færi hann fram sönnur, sem mæla með því, að trúa megi honum fyrir heimild til að ráða fyrir skipi.

297. gr.

Ef maður kemur ekki í skiprúm sitt á til teknum tíma, sætir hann 5 til 200 kr. sekt. Sömu sekt varðar það, ef maður ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, sem hann var skyldur til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi.

298. gr.

Ef maður strýkur úr skiprúmi, varðar það 14 daga til 3 mánaða einföldu fangelsi. Ef skipverjar strjúka saman fleiri eða höfðu samtök um að strjúka, skal lengja fangelsisvistina eftir atvikum, eða þeir látnir sæta fangelsi við vatn og brauð.

Nú strýkur skipshöfn eða meiri hluti hennar, eða högum var svo háttað þá er menn struku, að strokumenn hlutu að sjá það fyrir, að skipið kæmist við það í háska, og getur það þá varðað fangelsi við vatn og brauð alt að því, sem það verður mest, eða betrunarhúsvinnu alt að einu ári.

Ef strokumaður hverfur aftur til skips að sjálfs sín vild áður skipið lætur út frá þeim stað, sem hann strauk frá, má færa sekt hans niður, svo að hún verði frá 10 til 400 kr., og sé málsbætur að öðru leyti.

299. gr.

Nú strýkur maður með kaup sitt, og skal honum þá refsað sem fyrir fjársvik, hvort sem hann hafði tekið við skipsstörfum sínum eða ekki, nema ætla megi af atvikum, að það væri ekki ásetningur hans að draga sér þetta kaupgjald sitt, sem hann var ekki búinn að vinna fyrir.

300. gr.

Nú er maður fjarstaddur er skip lætur úr höfn eða er burtu lengur en sólarhring, eða sólarhring lengur en honum var lofað, og er hann þá strokumaður, nema ætla megi af atvikum, að það væri ekki tilgangur hans að skjótast undan skipsstörfum sínum.

301. gr.

Nú fer maður frá skipi, og er skipið í háska statt, og gætir hann ekki fyrirmæla 2. liðs 78. gr. eða þess, sem góður sjómaður er skyldur til að gæta, og varðar það þá sektum eða einföldu fangelsi.

302. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargjörðar á skipi eftir 87. gr. og það reynist við skoðunargjörðina, að engin sennileg rök voru til að telja skipið ósjófært, og varðar þeim mönnum það 50 til 500 kr. sektum eða fangelsi.

303. gr.

Nú rís farmaður upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, og beitir þó ekki ofbeldi eða ógnar með því, og sætir hann þá 10 til 500 kr. sektum eða einföldu fangelsi, eða fangelsi við vatn og brauð, ef miklar sakir eru.

Nú var skipið í höfn eða við festar í tryggu lægi, og skoraðist farmaður þá undan hlýðni við skipstjóra eða þann mann, sem var í hans stað, og það reynist, að orsökin að óhlýðni farmanns var sú, að skipstjóri eða staðgengill hans vildu meina farmanni að fara frá skipi til að kæra við rétt yfirvald atferli skipstjóra eða ásigkomulag skipsins, og geta þá sektir fallið niður, ef málsbætur voru að öðru leyti.

304. gr.

Ef nokkur skipverji ræður á skipstjóra á skipi eða landi með ofbeldi eða ógnunum um ofbeldi, varðar það fangelsi, nema atferli skipverja væri svo háttað, að meiri refsing lægi við, eða sektum, ef málsbætur eru, einkanlega ef skipstjóri var sjálfur sök í árásinni með óhæfilegu atferli sínu.

Nú verður skipstjóri eða annar yfirmaður fyrir slíkum árásum þá er þeir eru að skyldustörfum sínum, eða á að þröngva honum til að vinna eitthvert starf hans, eða tálma honum frá að vinna það, eða var ráðist á þá, sakir þess, sem þeir gerðu eða létu ógert, og skal það þá varða hegningarvinnu alt að 3 árum, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir atvikum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki skemmra en 2 mánaða einföldu fangelsi.

305. gr.

Nú gerir skipshöfn eða nokkur hluti hennar samblástur til að ná skipstjórninni á vald sitt, eða það er gert til þess að þröngva skipstjóra eða þeim manni, sem stjórn hefir í hans stað, til þess að hafast eitthvað að sérstaklega eða láta það ógert, eða samblástur var vakinn í þeim tilgangi, að menn heftu í sameiningu með ofbeldi einhverja þá ráðstöfun, sem skipstjóri hafði gert um skylduverk sín, eða sá maður, sem því stjórnar í stað skipstjóra, og samblásturmenn hverfa ótilkvaddir aftur til hlýðni og reglu, eða af því skorað var á þá, og hvorki hefir verið unnið ofbeldisverk á mönnum né munum, og varðar það þá forgöngumönnum eða foringjum samblástursins fangelsi eða betrunarhúsvinnu alt að 1 ári, og skal þá ekki refsað öðrum mönnum.

Nú hverfa uppreistarmenn ekki þann veg aftur til hlýðni og góðrar háttsemi, heldur þrjózkast þeir við skipunum skipstjóra, eða þess manns, sem skipar til í hans stað, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar samblásturs, ef ekkert ofbeldi var framið, sæta fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 3 mánuði, eða betrunarhúsvinnu alt að 2 árum, og aðrir samsærismenn fangelsi. Ef samsærið varð þá, er svo stóð á sem ráð er fyrir gert í 2. lið 303. gr., getur refsingin orðið vægari, og þó ekki minni fyrir forgangsmennina en fangelsi.

Nú var ofbeldi framið á mönnum eða munum, og skulu þá forgangsmenn eða foringjar sæta hegningarvinnu alt að 6 árum, ef verknaðinum var ekki svo farið, að þyngri refsing varði, en aðrir samsærismenn sæti fangelsi, ekki minna en einföldu fangelsi um 4 mánuði eða hegningarvinnu alt að 3 árum.

306. gr.

Verði farmaður valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, sætir hann sömu refsingu sem skipstjóra var gerð í 293. gr. Verði stýrimanni það eða vélarstjóra, þá má, með sömu afleiðingum og fyrir er mælt í 296. gr., úrskurða þá með dómi óhæfa til starfa síns og óheimila þeim þann starfa.

307. gr.

Ef einhver skipverja hefir góz með sér án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af því gózi, varðar það 10 til 200 kr. sektum eða fangelsi.

308. gr.

Nú hefir farmaður orðið sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðru móti en áður er sagt, eða raskað góðri háttsemi og reglu, og varðar hann það þá 5 til 200 kr. sektum.

309. gr.

Nú hefir farmaður orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 102. gr. og verður mál höfðað um það á hendur honum, og skulu dómendur þá kveða á um sekt hans með réttmætri hliðsjón á hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

310. gr.

Ákvæði 285. — 296. gr. taka og til þess manns, sem gegnir starfi skipstjóra í forföllum hans.

311. gr.

Fyrir yfirsjónir þær, sem um er rætt í 285. gr., í fyrri lið 289. gr., í 290. gr., í fyrri málsgrein 291. gr., í 297., 298., 301., 302., 303., 307. og 308. gr., skal ekki höfða mál að tilhlutun yfirvalda, nema sá krefjist, sem misboðið var, skipstjóri eða útgerðarmaður. Mál, sem ekki varða meira en sektum, svo og mál, sem koma undir fyrri málsgrein 291. gr., 298. og 302. gr., skal fara með sem almenn lögreglumál; en komi til þess, að dæmd geti orðið á hendur manni betrunarhúsvinna eftir 298. gr. eða fangelsi við vatn og brauð, þá skal skipa talsmann sakborningi, ef hann æskir þess þá er hann er spurður.

312. gr.

Sektir, sem dæmdar eru á hendur mönnum eftir þessum kapítula, renna í landssjóð og ef sektir eru ekki greiddar, sæti menn fangelsisvist eftir almennum fyrirmælum um afplánun sekta í öðrum málum en sakamálum.

Þar sem fyrirskipuð er fangelsisrefsing í þessum kapítula, skal farið eftir ákvæði 26. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Þrettándi kapituli.

Um hvenær lög þessi öðlast gildi og um afnám eldri lagaákvæða.

313. gr.

Tilskipun 28. des. 1792 um kröfur farmanna í þrotabúum, tilskipun 19. des. 1794 um respondentiabréf, opið bréf 22. jan. 1828 ásamt tilskipun 3. febrúar 1836, I., lög 9. des. 1889 um varúðarreglur til að forðast ásiglingar, farmannalög 22. marz 1890, nema lögskráningar-bálkur (III., 20.—31. gr.), 2. gr. laga 9. sept. 1899 um dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og ráðstafanir, er skip rekast á, svo og öll eldri lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi feld.

314. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Siglingalagafrumvarp þetta er þýðing á hinum dönsku siglingalögum frá 1. apríl 1892, og er eigi breytt öðru en því, sem nauðsynlega varð að breyta vegna hinnar íslenzku löggjafar eða staðhátta. Hin dönsku lög eru því nær samhljóða sænskum lögum um sama efni frá 12. júní 1891, og hinum norsku siglingalögum frá 20. júlí 1893, en öll þessi lög eru aftur að miklu leyti bygð á hinum þýzku siglingalögum.

Á Englandi og í Vesturálfu eru eigi til lagabálkar, er svara til siglingalaganna á Norðurlöndum, en aftur á móti eru þar ýms ákvæði líks efnis og sumir kaflar siglingalaga þeirra, er gilda á Norðurlöndum, sérstaklega að því leyti sem siglingarnar snerta hið opinbera. Aftur á móti er í þessu efni mest fylgt gömlum venjum um mök einstakra manna þeirra milli, og stendur þetta í samdandi við hina einkennilegu aðstöðu dómaranna í ensku löndunum gagnvart landslögum, og er bein afleiðing af hinni sérstæðu lagamyndun á Englandi (common law).

Siglingalög suðurhluta Norðurálfunnar (Spánar, Ítaliu, Grikklands, Austurríkis, Ungverjalands) má telja þriðju grein eða þriðja flokk siglingalaga álfunnar. Eru þau öll af frönskum uppruna, þar sem þau í flestum verulegum atriðum eru bygð á lögbók Napoleons I. Code de commerce 2. kafla, en aðal-heimildarrit nefnds kafla eru aftur hin frönsku siglingalög frá 1681 (Ordonnance de marine), sem svo aftur eru að eigi alllitlu leyti bygð á hinu nafnkenda safni »Consolato del mare« (frá 14. öld) og á Rôles d' Oleron« (nokkurs konar sjóréttar-dómasafni frá 11. eða 12. öld).

Þótt siglingalög Norðurálfuríkjanna séu af mismunandi uppruna eins og að framan er um getið, eru þau þó eigi eins ólík hver öðrum og ætla mætti að fyrra bragði, sérstaklega ef borin er saman rómönsk og germönsk löggjöf yfirleitt. Ástæðan til þessa er sú, að þjóðirnar hafa fyrir löngu komist að raun um, að

það er mjög óheppilegt, að siglingalög séu eigi lík í hinum ýmsu löndum, einmitt vegna þess, að það er ætlunarverk skipanna að fara landa á milli, því að ef mjög mismunandi reglur eru, er mjög hætt við, að það valdi vafningum, töfum og enda vandræðum. Það liggur þannig í augum uppi, að t. d. reglurnar um farmsskírteini (konossement) verða að vera sem allra líkastar, því að annars getur farmskírteinið með engu móti náð tilgangi sínum.

Þetta hefir orðið til þess, að siglingalög þjóðanna eru líkari hver öðrum en nokkur önnur grein laga. Grundvallarreglur þeirra eru yfirleitt hinar sömu eða að minsta kosti bygðar á sömu hugsun. Hver þjóðin hefir lagað löggjöf sína í þessu efni eftir fordæmi hinna og þá auðvitað helzt þeirra, sem mest máttu sín og lengst voru komnar áleiðis í siglingum. Þó er þessu að eins þannig varið um grundvallaratriðin. Aukaatriði og þau atriði, er snerta þjóðirnar inn á við, eru töluvert mismunandi, en mikil hreyfing er í þá átt að fá einnig samræmi í þessu atriði.

Þegar gengið er út frá, að rétt sé fyrir Ísland, að setja sér siglingalög, gæti hugsast, að það væri álitamál, hvort þau ætti að sníða eftir hinni rómönsku, ensku eða germönsku stefnu. En er nánar er um þetta hugsað, virðist það eigi geta verið vafamál, að hið eina rétta er að sníða þau eftir germönsku stefnunni. Þótt siglingalög rómönsku landanna kunni að vera eins góð og siglingalög norðurhluta Norðurálfunnar, en á það skal eigi lagður dómur hér, þá er það auðsætt, að með því að vér Íslendingar höfum því nær engin bein siglingasambönd við þessi lönd, er það þegar af þeirri ástæðu óhentugt og tilgangslaust að sníða íslenzk siglingalög eftir samskonar lögum þeirra. Eins og áður er tekið fram, er allmikill hluti hins enska siglinga- eða sjóréttar bygður á venjunni, en eigi skrifuðum lögum. Ef nú ætti að sníða íslenzk siglingalög eftir þeim, mundi slíkt verða mjög torvelt, þar sem hinar ensku venjur felast í úrskurðum og dómum stjórnarvalda og dómenda og einnig, eða jafnvel öllu fremur, í þeirri tilhögun og þeim aðferðum, sem venjulega eru viðhafðar (common law). Það er því eigi einungis mjög erfitt fyrir þá, sem eigi þekkja nákvæmlega hina ensku tilhögun, sem auk þess að líkindum er eigi hin sama á öllum stöðum, og eigi eru vel kunnugir enskum réttarfarsreglum, úrskurðum og dómum, að mynda sér skoðun um, hvað eru þar lög, heldur mun það í sumum atriðum vera ómögulegt einmitt sökum þess, að lögin eru eigi skrifuð, og því að sjálfsögðu eigi ætið hægt að segja hvað eru lög og hvað eigi. Þessi vandkvæði koma eigi fram ef hin íslenzku lög um siglingar verða sniðin eftir germönsku stefnunni, og þar sem vér að minsta kosti höfum eins mikil viðskifti við þau lönd, er þeirri stefnu fylgja í löggjöf sinni um siglingar, og við þau, er fylgja ensku stefnunni, virðist það eigi geta verið áhorfsmál, að oss sé hentast að taka hana til fyrirmyndar, enda aðalreglurnar líkar, eins og áður er drepið á.

Þess er áður getið, að hin þýzku siglingalög (10. maí 1897) fylgi germönsku stefnunni. Þau lög eru, eins og einnig er tekið fram áður, líkust þar að lútandi lögum Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur. Hin þýzku lög virðist nú eigi ástæða til að hafa til fordæmis íslenzkum siglingalögum, þar sem vér höfum mjög lítil bein viðskifti við Þýzkaland, og það stendur oss einnig að öðru leyti fjær en hin löndin, er germönsku stefnunni fylgja.

Það virðist því auðsætt, að hin íslenzku siglingalög sé hentugast að sníða eftir lögum Svíþjóðar, Noregs eða Danmerkur, og í raun réttri er sama eftir hverjum þessara laga þau eru sniðin, því að þau eru því nær samhljóða. En hent-

ugast og léttast er þó, að sníða hin íslenzku lög eftir dönsku lögunum af ýmsum auðsæum ástæðum, enda hefir það og verið gert.

Siglingalög Norðurlanda hafa fengið betri undirbúning en flest önnur lög. Árið 1870 skipuðu Danir nefnd manna til að semja frumvarp til siglinga- og verzlunarlaga, og árið 1882 lagði sú nefnd fram frumvarp til siglingalaga. Í byrjun ársins 1883 var svo skipuð ný nefnd til þess að semja nýtt frumvarp til siglingalaga í samvinnu við nefndir, er skipaðar höfðu verið í Noregi og Svíþjóð í sama tilgangi. Var það beint tekið fram í erindisbréfi nefndarinnar, að ætlast væri til, að siglingalög þessara þriggja landa yrðu sem allra líkust. Árið 1887 gáfu nefndir þessar út bráðabirgðarfrumvarp í einu lagi og 1890 fullnaðarfrumvarp, er stjórnir allra landanna lögðu síðan fyrir löggjafarþingin, og alstaðar voru samþykt með litlum breytingum og lögleidd árin 1891, 1892 og 1893, eins og áður greinir.

En svo kemur til álita, hvort nokkur nauðsyn beri til að lögleiða þetta frumvarp hér á landi. Að vísu er skipastóll vor eigi stór, svo að ef á það eitt væri litið, gæti verið ástæða til að ætla, að engin nauðsyn bæri til slíks lagabálks. En fyrst og fremst ber eigi að líta á þetta atriði eitt, og í öðru lagi þarf í sjálfu sér einnig lagareglur í þessu efni, þótt skipaflotinn sé lítill. Hér við land eru eigi alllitlar siglingar og ýmislegt hendir hér skip, innlend og útlend, er dómstólar verða að kveða upp dóm um. Nú er það æskilegast, að slíkir dómar séu sem mest í samræmi við alþjóðasiglingarétt. En varla má búast við slíku nema ný siglingalög verði lögleidd hér, því að þær reglur, sem dómarar hér verða að fara eftir, eru orðnar svo gamlar, að siglingalöggjöfin í umheiminum hefir breyzt mikið síðan þær voru settar. Hér við bætist, að það er í ýmsum atriðum, sem siglingalög þessi ná til, eigi alllítið vafamál og talsvert á reiki, hvaða reglur gilda hér á landi. En þótt eigi væri mikið úr þessu gerandi, er það þó auðsæ framför að fá nýjan lagabálk um siglingar, lagabálk, sem hefir fengið svo ágætan undirbúning sem þessi og að flestra dómi er sérlega glögt og skýrt saminn og nákvæmari en venjulegt er um lög. Það hlýtur að auka réttarvissuna að mun, ef slíkur lagabálkur verður lögleiddur hér. Þá er það og eigi lítils virði, að fá safnað siglingalögunum í einn lagabálk, sérstaklega þar sem þau um leið verða sniðin eftir tízku nútímans. Er slíkt mikið hagræði bæði dómendum og almenningi. Ennfremur hafa lög þessi þann stóra kost, að þeim hefir nú verið beitt í langan tíma í Danmörku og hefir við það unnist það tvent, að gengið er úr skugga um, að þau eru hagkvæm í framkvæmdinni, og að fengin er föst réttarvenja um, hvernig þeim er beitt yfirleitt. Og fyrir oss Íslendinga er það tiltölulega mjög fyrirhafnarlítið að fá vitneskju um hver og hvernig þessi réttarvenja er.

Eftir hinu framangreinda, virðist það að sönnu eigi alveg nauðsynlegt, að lögleiða siglingalög þessi hér, en hins vegar verður það að teljast bæði hyggilegt og hagkvæmt, og hefir landstjórninni því þótt rétt, að leggja frumvarp þetta fyrir alþingi. En jafnframt skal það tekið fram, að eftir þeim undirbúningi, sem hin þýddu lög hafa fengið, þeirri reynslu, sem á þeim er fengin, og þeim réttarvenjum, er þau hafa skapað, virðist að eins það tvent fyrir hendi að fella frumvarpið eða samþykkja það efnisbreytingalaust eða mjög efnisbreytingalítið, því að kveði mikið að slíkum breytingum, er sérstaklega hætt við, þar sem um stóran lagabálk er að ræða, að sú hugsun, sem gengur í gegn um hann, raskist og breytingarnar valdi misskilningi og vafa eða hafi í för sér frekari breytingar, en til er ætlast.

Samtímis siglingalögunum voru í Danmörku sett lög 1. apríl 1892 um

skrásetning skipa. Í lögum þessum, sem bæði setja ýmsar formsreglur um skrásetninguna, sem í aðal atriðunum eru teknar upp í íslenzku lögin um skrásetningu skipa frá 13. des. 1895, og einnig ýmsar efnisreglur um skrásetninguna, sem samkvæmt þeim er sú athöfn, er stofnar réttindi yfir skipum með samningum sbr. einkum 39. og 46. gr. og næstu greinar á eftir; þinglestur slíkra réttinda féll samtímis burtu. Þessar efnisreglur um skrásetninguna eru eigi teknar upp í hina íslenzku löggjöf. Í lögunum um veð í skipum frá 19. nóv. 1907 er þó skipað svo fyrir, að réttinda yfir skipi skuli getið í skipaskránni, en þinglestur fellur samt eigi niður. Í þessu atriði þyrfti að breyta skrásetningarlögunum, því að það virðist eigi ástæða til, að krefjast bæði þinglesturs og innfærslu á skipaskrá. Það er því tilætlunin að endurskoða síðar öll skrásetningarlögin í heild sinni, fella þinglestur burtu og láta skrásetningu koma í hans stað á þann hátt, sem ákveðið er í hinum dönsku lögum og nútíðarlögum annara þjóða.

Ennfremur skal það tekið fram, að það þykir eftir atvikum alveg ástæðulaust að skrifa athugasemdir við hverja einstaka grein frumvarpsins, og er því hér á eftir að eins gerð grein fyrir þeim breytingum, sem leiða af íslenzkri löggjöf eða staðháttum.

Um 1. gr.

1. gr. dönsku laganna setur elmenna reglu um hvaða skip geti siglt undir dönsku flaggi, en sú regla á eigi heima í íslenzkum lögum og mundi einnig valda breytingum á skrásetningarlögunum frá 1895. Samkvæmt lögum þessum er það nægilegt til að fá skip skrásett á Íslandi, að eigandi þess hafi tekið sér fastan bústað hér, en samkvæmt 1. gr. siglingalaganna dönsku er krafist 5 ára búsetu.

Af þessu er stungið upp á því, að í 1. gr. sé að eins vísað til skrásetningarlaganna um hvort skip geti talist eiga heimili hér af því að það sé skrásett hér á landi. Þegar skrásetningarlögin verða endurskoðuð, má um leið athuga hvort ástæða sé til að breyta gildandi ákvæðum í þessu efni.

Um 2. gr.

Samkvæmt dönsku lögunum nær skrásetningarskyldan til allra skipa, sem eru 20 smálestir eða meira, en samkvæmt hér gildandi lögum eru öll skip, sem eru meira en 12 smálestir skrásetningarskyld, sjá lög um skrásetning skipa 13. desbr. 1895, sbr. tilskipun 25. júní 1869 um mælingar skipa. Af því ætlast er til, að skrásetningalögin gildi áfram, hefir þessari grein verið vikið ofurlítið við frá því, sem hún er orðuð í dönsku siglingalögunum, og nær 2. gr. norsku siglingalaganna 20. júlí 1893.

Um 3. gr.

Tilsvarandi ákvæði í dönsku siglingarlögunum setja grundvallarreglur þær um skrásetninguna, er áður voru nefndar. Þessar reglur voru svo nánar ákveðnar í skrásetningarlögunum, sem komu út samtímis siglingalögunum. Með því nú að eigi er ætlast til þess, að núgildandi reglum um þinglestur og skrásetning, sbr. lög 16. nóv. 1907 um veð í skipum, verði breytt með lögum þessum, verður aðalatriðið í þessari grein, að núgildandi reglur gildi eigi um siglingarveðrétt m. m.

Um 5. gr.

Fjögra mánaða frestinum er breytt í átta mánuði vegna staðhátta.

Ennfremur er bæði í þessari grein og í 10., 20. og 22. gr. gerð sú breyting frá dönsku lögunum, að afleiðingar þær, sem greinir þessar ræða um, koma fram, þegar skip fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir að geta orðið tekið á íslenzku skipaskrána, en eftir dönsku lögunum koma þessar afleiðingar fram, þegar skipið missir rétt til að sigla undir dönskum fána.

Um 20. gr.

Þrem mánuðum er einnig hér vegna staðhátta breytt í 6 mánuði.

Um 26. gr.

Siglingarlögunum dönsku er hér breytt með lögum 14. desember 1903 og eru þær breytingar teknar upp í frumvarpið.

Um 35. gr.

Þessari grein er breytt að nokkru, af því ákvæði dönsku siglingalaganna um atvik þau, er greinin varðar, eiga ekki við hér á landi.

Um 40. gr.

Í stað dagfrestsins í dönsku lögunum er skipstjóra í þessari grein gert að skyldu að tilkynna yfirvöldum slys, er að hefir borið, svo fljótt sem unt er. Í niðurlagi þessarar greinar eru gerðar þær breytingar, sem íslenzk löggjöf hefir í för með sér.

Um 65. gr.

Staðartakmörkum dönsku laganna í þessari grein er breytt eftir því, sem þykir eiga við hér á landi.

Um 66. gr.

Landssjóður er hér settur í stað ríkissjóðs.

Um 71. gr.

Af því að það tíðkast hér, að hásetar ráðist á fiskiskip gegn hlut í aflanum, hefir þótt rétt að bæta við þessa grein ákvæðum um það í samræmi við hin ákvæði greinarinnar.

Um 72. gr.

Staðartakmörkum dönsku laganna í þessari grein er breytt, og ákvæðin látin ná líka til skipa, er fara á fiskiveiðar, sökum atvika þeirra, er getur í athugasemdunum, við næstu grein hér á undan.

Hin gildandi ákvæði um lögskráning farmanna standa í farmannalögunum frá 22. marz 1890, III. lögskráningarbálki, 20.—31. gr., og er ætlast til að þau ákvæði farmannalaganna gildi framvegis, þótt önnur ákvæði þeirra séu úr gildi feld ef frumvarp þetta verður að lögum, sbr. 313. gr. frumvarpsins.

Um 82. gr.

Síðasta málsgrein tilsvarandi greinar dönsku laganna er feld burt sem óþörf hér.

Um 90. gr.

Í síðasta lið þessarar greinar er landssjóður settur í stað ríkissjóðs.

Um 96. gr.

Það hefir þótt rétt að bæta ákvæði aftan við þessa grein um skip, sem fara reglubundnar ferðir samkvæmt auglýstri ferðaáætlun, sbr. 96. gr. norsku siglingalaganna frá 30. júlí 1893.

Um 98. gr.

Í þessari grein hefir í stað ríkissjóðs verið sett landssjóður. Í síðara lið greinarinnar hefir ekki þótt þörf að til taka þjóðerni skips, sem senda má farmann á heimleiðis.

Um 104. gr.

Úr niðurlagi greinariunar hefir því verið slept, er ekki á við hér á landi.

Um 166. gr.

Þessari grein í dönsku siglingalögunum hefir verið breytt með lögum nr. 103, 6. apríl, 1906 vegna ákvæða dönsku laganna um kaup nr. 102, 6. apríl 1906. En svo lengi sem áþekk ákvæði og í dönsku lögunum um kaup eru ekki lög hér á landi, virðist greinin eiga að halda sér óbreytt eins og hún er í siglingalögunum frá 1892, enda henni ekki breytt í lagafrumvarpi þessu. Samkvæmt nefndum lögum nr. 103, 6. apríl 1906, hljóðar grein svo:

»Réttur sá, sem seljandi kann að eiga að lögum til að hefta afhending góz til kaupanda, er hann getur ekki greitt andvirðið eða fullnægir ekki skyldum þeim, er kaupin gerðu honum, fellur ekki niður, þótt kaupandi hafi fengið vöruskírteinið í hendur.

Ef kaupandi hefir framselt öðrum manni vöruskírteinið, á seljandi ekki þenna réit gagnvart þeim manni, nema í skírteininu hafi staðið bann gegn framsali, eða það sannist, að handhafi vöruskírteinisins hafi þekt málavexti, er hann fékk það, eða sýnt sýnt stórkostlegt gáleysi«.

Verði hins vegar samtímis frumvarpi þessu samþykt samskonar ákvæði og hér er átt við í dönsku lögunum um kaup, þá ætti að breyta þessari grein siglingalagafrumvarpsins, svo greinin hljóði eins og á undan segir.

Um 167. gr.

Niðurlagi 1. liðs þessarar greinar er breytt í samræmi við hin almennu lagaákvæði hér um ógildingu bréfa.

Um 213. gr.

Hér er ætlast til, að 2 dómkvaddir menn annist úrslitareikninga sætjóns í stað lögskipaðra »dispachöra«, sem ekki eru hér á landi og ekki þykir þörf að skipa, að svo stöddu.

Um 228. gr.

Á fyrsta lið þessarar greinar er gerð breyting samkvæmt skipuninni á umboðsstjórninni hér á landi.

Um 260. gr.

Í þessari grein hefir mánaðarfresti verið breytt í 4 mánaða frest og 6 mánuðum í 9 mánuði vegna staðhátta hér landi.

Um 292. og 294. gr.

Ákvæðum þessara greina í siglingalögunum dönsku hefir verið breytt og þau gerð viðtækari með dönskum lögum 10. desember 1896, og eru þær breytingar teknar í lagafrumvarp þetta.

Um 311. gr.

Síðari lið 311. gr. dönsku siglingalaganna, sem á við sérstaklega dómaskipun í Danmörku, hefir verið slept í frumvarpi þessu. Svo eiga og 313. og 314. gr. dönsku siglingalaganna ekki við hér, en orðunum: »í ríkinu« o. s. frv., er þau koma fyrir í dönsku siglingalögunum, hefir í frumvarpinu verið breytt í: »innanlands« eða »hér á landi«, eftir því sem við hefir átt.

Frumvarp til laga

um

Vitagjald.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Fyrir hvert fiskiskip og hvert mótorskip eða gufuskip, nema herskip og skemtiskip, sem hafnar sig einhversstaðar á Íslandi, eða haldið er úti hér af landi, skal greiða í vitagjald 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þó aldrei minna en 5 kr.

Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, svo og íslenzk fiskiskip, greiða vitagjaldið einu sinni á ári. Ef þau eru skrásett hér á landi, greiða þau gjaldið þar sem þau eru skrásett, ella á fyrstu höfn, sem þau taka við Ísland á árinu. Önnur skip en þau, er nú voru talin, greiða vitagjald í hverri ferð, er þau koma frá útlöndum, og greiða þau gjaldið á þeirri höfn, er þau taka fyrst.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annarra ríkja

um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gjörð út til fiskiveiða hér við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð. Lögreglustjóri eða sá maður, sem hefir á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum (hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), skal innheimta gjaldið. Af útlendum fiskiskipum ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs, að svo miklu leyti sem atferli hans á ekki að sæta þyngri hegningu.

Með mál út af brotum gegn þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Hér með eru úr gildi numin lög 16. nóvbr. 1907, um vitagjald af skipum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lagafrumvarp þetta er hið sama sem skattanefndin samdi um vitagjald af skipum og hafði þann tilgang, að breyta lögum 16. nóvbr. 1907 um sama efni í tveim atriðum. Að öðru leytinu átti að hækka vitagjaldið af öllum skipum um 5 aura af smálest hverri, og að hinu leytinu átti að koma innlendum fiskiskipum undir vtiagjaldsskylduna. Álagan á íslenzk fiskiskip kom eftir álitsskjali nefndarinnar í stað þess, að lausafjárskatturinn af fiskiskipum átti að falla niður. Þótt breytingin á skattalögunum komist ekki á samtímis, og lausafjárskatturinn haldist, verður samt að álíta, að þessi lítilfjörlega álaga á íslenzk fiskiskip sé fullkomlega sanngjörn. Útgjöld landssjóðs til vitanna hafa vaxið mikið, og eru áætluð 1912 og 1913 82,000 kr. (en tekjurnar af vitagjaldi 40,000 kr.), og mörg af hinum meiri háttar aukaútgjöldum landssjóðs koma siglingum og fiskiveiðum að notum; til þess eru meðal annars útgjöldin til loftskeytasambandsins við Vestmanneyjar, sem nú er stungið upp á að koma á.

Frumvarp til laga

um

öryggi skipa og báta.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

I. Akvæði, er gilda um öll skip og vélabáta, sem eiga heimili á Islandi.

1. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef skipsskrokk, útbúnaði skips, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt eða skip er svo ofhlaðið eða vanhlaðið, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að álíta verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með því, en venjulegt er við siglingar.

2. gr.

Útgerðarmanni er skylt að sjá um, að óhaffært skip sé eigi haft í förum.

Áður lagt er á stað annast skipstjóri um, að skip sé haffært, hann sér og um, að það sé hæfilega vel útbúið til ferðarinnar, nægilega ment og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, kol og aðrar vélanauðsynjar, ef það er gufuskip. Honum er og skylt, að annast um, að skipið hafi meðferðis þau bendingaáhöld, björgunartæki, sæbréf og siglingaverkfæri, sem með þarf. Hann skal einnig sjá um, að fermsla skipsins sé í alla staði hæfileg.

Ákvæðin í 1. og 2. gr. ná einnig til vélabáta, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

II. Ákvæði um skip, sem eru í förum milli landa.

3. gr.

Nú á skip að ganga landa á milli, eða gufuskip reka veiðar utan landhelgi, og skal þá fullnægt þeim almennu kröfum, sem settar eru eftir alþjóðlegum rétti um öryggi skipa, einnig að því leyti, sem við kemur öllum útbúnaði skips, björgunartækjum þess, siglingaverkfærum og fermslu, alt eftir því, hvort skipið er ætlað til fólksflutnings, vöruflutnings, veiða eða annars.

4. gr.

Eftir 1. október 1911 skulu skip, sem eiga að vera í förum milli landa, vera með hleðslumerki, samkvæmt reglum, sem nánar verða ákveðnar í konunglegri tilskipun. Kostnaðurinn við þetta greiðist af útgerðarmanni. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

Stjórnarráðið hefir og heimild til, ef nauðsynlegt þykir, að gera samninga um útgáfu hleðslumerkis-skírteina handa íslenzkum skipum, við þau dönsk stjórnarvöld eða flokkunarfélög erlendis, sem hafa heimild til að gefa út slík skírteini.

Hleðslumerkið sýnir, hvað skip má liggja dýpst í sjó í logni. Ef skip er hlaðið svo, að það liggur dýpra, ber að skoða það ótrygt og geta þá hlutaðeigandi yfirvöld bannað því, að halda ferð áfram, þar til úr er bætt.

5. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd reglna þeirra, sem settar eru í 3. og 4. gr. og um umsjón með, að þeim sé hlýtt, má setja í konunglegri tilskipun.

III. Ákvæði um skip, sem eru í förum innanlands og um vélabáta.

6. gr.

Með konunglegri tilskipun má setja ákvæði, um hvaða öryggisreglur skuli gilda um þilskip (gufuskip og seglskip), sem eru í förum með ströndum Íslands eða stunda fiskiveiðar við Ísland, og hvers skoðunarmenn þeir, er ræðir um í 3. gr. laga 3. okt. 1903 um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða eða vöruflutninga, skuli krefjast áður en lögskráning á skip má fara fram.

Eigi má þó gefa slíka tilskipun út fyr en fengið er álit bæði meiri háttar útgerðarfélaga landsins og sævátryggingarfélaga, og má hún eigi í verulegum atriðum vera strangari en þessi félög telja hyggilegt fyrir sjávarútveginn.

7. gr.

Með sömu skilyrðum má einnig með konunglegri tilskipun setja öryggisreglur fyrir vélarbáta.

Um báta þessa má einnig ákveða í tilskipuninni, að vélina skuli skoða árlega, annaðhvort af sérfróðum manni, sem skrásetningarstjóri tilnefnir, og fær hann þóknun fyrir skoðunina samkvæmt ákvæðum 4. gr. nefndra laga 3. okt. 1903, eða af manni, sem stjórnarráðið löggildir til þess, og fær hann þá þóknun fyrir skoðunina, sem ákveðin er í tilskipuninni. Gjald fyrir skoðun greiðist af útgerðarmanni og hefir lögtaksrétt.

Það er tilgangur eftirlitsins, að veita þeim, sem það varðar, ábyggilegar skýrslur um ástand vélarinnar og veita eigandanum leiðbeiningar sérfróðs manns. Skoðunarmaður skal svo fljótt, sem því verður við komið, senda skoðunargerðina eiganda, lögreglustjóra og innlendum ábyrgðarfélögum, sem báturinn er vátrygður hjá og þess kunna að óska. Í tilskipuninni skal svo ákveða, að skoðun falli burtu, ef hlutaðeigandi vátryggingarfélag lætur árlega skoða vélar á þann hátt, sem stjórnarráðið telur tryggan.

IV. Ýmisleg ákvæði.

8. gr.

Ef skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenzkri höfn, er talið ósjófært, getur lögreglustjóri heft burtförina til bráðabirgða með úrskurði, rökstuddum með áliti tveggja, tilnefndra sérfróðra, óvilhallra manna, er fengið skal svo fljótt, sem auðið er. Þessum úrskurði má áfrýja til stjórnarráðsins; skal það leggja fullnaðarúrskurð á málið svo fljótt, sem verða má.

9. gr.

Nú er skip eða bátur, þar með talin þilskip og vélarbátar til veruflutninga eða fiskiveiða, ekki fær til þeirrar farar, sem ætlað er, og skipstjóri eða farmaður vanrækir að sjá um, að úr sé bætt, og getur skipshöfnin þá krafist fararleyfis úr skiprúmi. Þegar meiri hluti skipshafnar krefst þess, er skipstjóri eða formaður skyldur til, að láta fram fara löglega skoðunargerð á skipi eða bát, um það, hvort það sé ferðafært. Ennfremur skal skoða vélina, þar sem því má við koma, ef vélarstjóri krefst þess. Synji skipstjóri eða formaður þessarar skoðunargerðar, er skipshöfn heimil brottför úr skiprúmi.

Ef skipshöfn fer úr skiprúmi af þessum ástæðum, fær hún kaup samkvæmt 2. málsgr. 58. gr. farmannalaga 22. marz 1890, sé skipið fiskiskip eða vélarbátur, en annars samkvæmt 1. málsgr. sömu greinar.

Ef svo reynist við skoðunargerð, að kærur um, að skip eða bátur sé ófaflært, eiga við engin sennileg rök að styðjast, þá skal sá, sem skoðunar hefir beiðst, greiða allan þann kostnað og tjón, er af henni hlýzt.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum eða varúðarreglum þeim, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1911.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ýmsar þjóðir hafa nú á síðari árum sett lög í þeim tilgangi, að sporna við tjóni af sjóferðum milli landa, með því að krefjast ýmsra varúðarreglna, er skip verða að gæta. Hefir England riðið á vaðið í þessu efni, og síðan hafa flest ríki Norðurálfunnar, er bein viðskifti hafa við England, neyðst til að setja líkar reglur og þar gilda, til þess að komast hjá útgjöldum og kostnaði við töf og eftirlit með skipum sínum á enskum höfnum. Af hinum ensku lagareglum má

sérstaklega nefna reglurnar um hleðslumark skipa, útbúnað fólksflutningaskipa og björgunartæki.

Tilgangur lagafrumvarps þessa er því fyrst og fremst sá, að tryggja íslenzkum skipum, sem eru í förum landa á milli, að þau þurfi eigi að tefjast né verða fyrir kostnaði á erlendum höfnum sökum þess, að þau fullnægja eigi þeim öryggisreglum, er þar er krafist. En þessu verður náð með því, að gefa út íslenzk lög, er veita þá tryggingu í þessu efni, sem erlend ríki taka gilda, því að þá verður auðið að komast að samningum um, að íslenzk skip skuli undanþegin eftirliti í erlendum höfnum. En auðvitað er þetta þó því að eins hægt, að íslenzk löggjöf fullnægi því, sem það ríki, er semja á við, krefst minst í þessu efni. Verður því að hafa þetta fyrir augum, er setja skal lög um þetta efni. Eru það einkum hinar ensku reglur, sem sníða verður ákvæði þeirra eftir, þar sem flest önnur ríki hafa tekið þær til fyrirmyndar. Þó er norsk löggjöf að ýmsu leyti öðru vísi í þessu efni og verður þá einnig að taka hæfilegt tillit til hennar.

Margar aðrar þjóðir hafa sett með sér allstóra og ítarlega lagabálka um þetta efni; en þar sem Ísland á enn fá skip, sem eru í förum milli landa, virðist nægilegt sem stendur að setja hér lög, er að eins séu ágrip af alþjóðareglum og heimili landsstjórninni, að gera þær ráðstafanir, er fullnægja alþjóðakröfum í þessu efni. Lagasetning um þetta efni verður hins vegar að teljast nauðsynleg af framangreindum ástæðum, þótt eigi séu fleiri íslenzk skip í förum landa á milli en nú er. En samhliða þessu hefir einnig þótt rétt, að setja nokkrar reglur í þessa átt um skip og báta í innanlandssiglingum, með því að *almenn* ákvæði eru eigi til um slíkt í íslenzkri löggjöf og þarf þar eigi að fara eftir reglum annara ríkja á sama hátt og drepið var á um millilandasiglingar. Aðalatriðið verður þess vegna, að setja þær reglur, er ætla má að styðji sjávarútveginn, en hamli honum eigi, og þykir því rétt, að fara varlega í þessu efni og gefa útgerðarmönnum, sjóvátryggingarfélögum og landsstjórninni heimild til, að gefa út nánari reglur um þetta atriði.

Um frumvarpsgreinarnar skal það tekið fram, er hér segir:

Um 1. gr.

Þessi grein er tekin eftir 2. gr. hinna norsku laga um eftirlit með skipum frá 9. júní 1903 og er nýmæli í íslenzkri löggjöf, sbr. þó 3. gr. laga nr. 25 frá 3. okt. 1903. Það virðist sjálfsagt, að til séu í löggjöfinni ákvæði um, hvaða kröfur séu gerðar til þess að skip geti talist haffært, enda munu nú flest lönd hafa tekið slík ákvæði upp í löggjöf sína. Það má eigi að höndum bera, að íslenzk skip, sem talin kynnu að verða óhaffær, er þau koma við á erlendum höfnum, geti barið því við, að íslenzk löggjöf geri engar kröfur í þessu efni, enda geta þau eigi með því losnað við að fullnægja þarlendum kröfum, eins og að framan getur.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sniðin eftir ákvæðum 26. gr. hinna dönsku siglingalaga 1. apríl 1892 um skyldu útgerðarmanns og skipverja til að sjá um, að skip sé haffært, en samhljóða reglur hinum dönsku gilda einnig í Noregi og Svíþjóð. Þótt nefnd siglingalög væru lögleidd hér, þá mundu umrædd ákvæði samt hafa gildi fyrir þau skip, er ekki ná því smálestatali, sem siglingalögin gilda um.

Grein þessi gerir útgerðarmanni að skyldu, að sjá um, að óhaffært skip sé yfir höfuð eigi haft í förum, eða með öðrum orðum, að hann sendi eigi af stað

skip, sem hann veit um eða á að vita að er óhaffært. Aftur á móti er skipstjóra gert að skyldu að sjá um, að skip sé fært til hverrar ferðar fyrir sig, með því að útgerðarmaður getur oft eigi vitað um ástand skips í fjarlægð. og yfir höfuð verður varla meira af honum heimtað en að hann afhendi skipstjóra skipið í gildu standi, er ferðir þess byrja, en skipstjóri hlýtur jafnan eða á að vita um ástand skips þess, er hann stýrir, hverja fermslu það þolir o. s. frv. Auðvitað geta skipstjóri og útgerðarmaður verið samsekir eftir þessari grein.

Um 3. gr.

Framkvæmdarvaldið getur samkvæmt 5. gr. sett nánari reglur um, hvað þurfi til þess að fullnægja þeirri almennu skyldu, sem gert er ráð fyrir í grein þessari að lögð verði á útgerðarmenn. Þetta ráð hefir verið tekið til þess, að losna við nákvæman og langan lagabálk um þetta efni, þar sem fyrirhöfnin við slíkt mundi naumast svara kostnaði sökum þess, hve skipafloti Íslands er lítill. Væntanlega er það og áhættulaust fyrir löggjafarvaldið, að leggja þetta í hendur framkvæmdarvaldsins. Höfuðreglan, sem fylgt mun verða í þessu efni, er sú, að krefjast eigi frekari öryggisreglna af íslenzkum skipum en minst má, til þess að fullnægja kröfum erlendra ríkja, en kröfur þessar eru mjög mismunandi, eftir því til hvers skip er ætlað.

Undir ákvæði greinar þessarar falla meðal annars hvalaveiðaskip. Hefir þótt nauðsynlegt að láta ákvæðin einnig ná til þeirra, sökum þess, að norsk lög heimta eftirlit með þeim í norskum höfnum, vegna Norðmanna, sem á þeim eru.

Um 4. gr.

Vegna þess, að ensk löggjöf heimtar, að öll skip, sem þar koma, hafi hleðslumerkisskírteini, ef þau eiga að komast hjá töfum og kostnaði, þykir réttast að setja þá aðalreglu, að öll íslenzk skip, er fara landa á milli, hafi hleðslumark, en af því að löggjöf ýmissra landa krefst eigi þessa skírteinis, er stungið upp á, til þess að spara íslenzkum skipum kostnað, að gefa stjórnarráðinu heimild til að veita undanþágu frá hleðslumarkskröfunni. Þessi aðferð er höfð í Danmörku, og eru slíkar undanþágur mjög tíðar þar um skip, sem í förum eiga að vera til landa, sem krefjast eigi hleðslumarks; er svo til ætlast að líkt verði farið að hér á landi. Má með þessu ná því tvennu, að fullnægja kröfum þeirra þjóða, er lengst fara í þessu efni, og því að baka eigi íslenzkum skipum óþarfan kostnað. Vitanlega getur að borið, að skip komi eða verði að koma til annarra landa en til er ætlast; en þar sem slíkt mun vera sjaldgæft, þykir réttara að neyða þau eigi til að hafa hleðslumark af þeirri ástæðu einni.

Jafnvel þótt stungið sé upp á, að sú grundvallarregla laganna, að skip megi ekki ferma frekar en hleðslumark sýnir, þykir réttara, eins og er í lögum í Danmörku, að heimila að eins hlutaðeigandi yfirvaldi eftir atvikum að banna skipinu að halda áfram eða hefja ferð, en gera það eigi að skyldu, því að þannig getur verið ástatt, að slíkt sé hættulaust eða hættulítið.

Um 6. gr.

Lög nr. 25, 3. okt. 1903, heimta að eins, að einu sinni á ári sé gengið úr skugga um, að þilskip séu haffær, án þess að tiltaka, hvað til þess þurfi, en eftir grein þessari er framkvæmdarvaldinu heimilað að setja nánari reglur um alt ástand og útbúnað skips, t. d. að það hafi meðferðis áttavita, dælur og björgun-

arbelti og sé jafnan haffært á hverjum tíma árs sem það er í förum. Þessi grein fer því að ýmsu leyti lengra en nefnd lög frá 3. okt. 1903, og nær til allra skipa, en eigi aðeins til þilskipa, eins og þau lög.

Um 7. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir, að framkvæmdarvaldinu verði veitt heimild til að skipa fyrir um árlegt eftirlit með gangvélum (mótorum) báta, en jafnframt er ætlast til, að þeir, sem standa því máli næstir og það varðar mest, ráði miklu um, hvort slíkar reglur verði settar. Hins vegar mun því varla verða neitað, að eftirlit með gangvélum er í sjálfu sér æskilegt, þar sem allmiklu fé hefir nú á síðustu árum verið varið til vélarbátakaupa, og á hinn bóginn varla vafi á, að allmargir eigendur slíkra báta bera eigi það skyn á meðferð vélanna, sem æskilegt væri, en slíkt getur valdið miklu fjártjóni og eftir atvikum manntjóni, enda er nú t. d. í Danmörku fyrirskipað stöðugt eftirlit með gangvélarbátum.

Aðaltilgangur hinnar árlegu skoðunar er ætlast til að sé sá, að leiðbeina bátaeigendum og vátryggingarfélögum; en að því leyti sem lögreglustjóri skal fá skýrslu um skoðunargerðina, má þó skoða hana svo sem lögregluráðstöfun, og er hún þá bæði til þess að sýna, að eftirlitsskyldunni sé fullnægt, og eins til að vekja eftirtekt á, hvort ástæða sé til að banna brottför báts sökum vanhirðu vélarinnar eða galla á henni.

Um 8. gr.

Þar sem allmikið fjártjón getur af því hlotist, ef skipi eða báti er bannað að halda ferð áfram eða leggja af stað, er stungið upp á, að varlega sé að því farið og að fullnaðar úrslit fáist sem fyrst.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu leyti í samræmi við ákvæði 87. gr. siglingalaganna dönsku og samsvarandi norskum og sænskum ákvæðum. Verði áþekk siglingalög lögleidd hér, er meðal annars nema ákvæði farmannalaganna úr gildi, koma samsvarandi ákvæði þeirra laga í stað ákvæða þeirra í farmannalögunum, sem hér er vísað til. Að öðru leyti er nægilegt að vísa til athugasemdanna við 2. gr. hér á undan.

Við 10., 11. og 12. gr.

virðist ekki þurfa skýringa.

Frumvarp til laga

um

stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og undirbýr lærisveina skólans undir íslenzk stýrimannspróf, hið meira og hið minna.

Við skóla þennan skipar stjórnarráðið forstöðumann með 2000 kr. árslaunum og aukakennara með 1200 króna árslaunum.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugerð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður við skólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til hins íslenzka minna stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun logaritma, í grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar, og útreikningi hins réttþyrnda þríhyrnings eftir þríhyrningafræðinni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklination og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefir borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu til og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrétta

stöðu spegłanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðréttingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun við athugun sólar;
12. að kunna að finna breiddina, með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar;
14. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sérstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:
1. þekking á veldi og rót, á logaritmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjóúr og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóúrsins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlínum, bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
6. að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
7. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri réttritun;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku, að geta gert léttan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sé;
9. að hafa lesið kafla í enskri bók, eigi minni en 100 bls. og geta útlagt hann munnlega á íslenzku;
10. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

4. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita; eru í henni forstöðumaður skólans og tveir aðrir menn, er stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefnin. Verk-

efnin til skriflega prófsins í stærðfræði og siglingafræði við hið meira stýrimannspróf, skal þó stýrimannakensluforstjórinn í Kaupmannahöfn búa til og senda stjórnarráðinu í umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

5. gr.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvíkjandi tilhögun á prófi.

Þeim, sem prófið hefir tekið, skal veitt skírteini um það, og skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð, og sem stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

6. gr.

Rétt til þess að ganga undir hin íslenzku stýrimannspróf eftir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar stýrimannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið sendir til stjórnarráðsins beiðni um að mega ganga undir próf, og skal fylgja henni vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kent honum siglingafræði. Enginn getur gengið undir prófin nema hann hafi verið háseti á þilskipi 12 mánuði að minsta kosti eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

7. gr.

Lög nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, svo og lög nr. 58, 10. nóvember 1905, um breytingu á 6. gr. í nefndum lögum, eru úr gildi feld.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forstöðumaður stýrimannaskólans hefir lagt til að gerðar væru nokkrar breytingar á lögum um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi 22. maí 1890. Þessar breytingar ganga í þá átt að veita nemendum skólans frekari kunnáttu en nú, sem líkasta þeirri, sem heimtuð er við stýrimannspróf á Norðurlöndum, og með því að þetta verður að telja mjög æskilegt, hefir þótt rétt að taka þær til greina. Vegna breytts stjórnarfars í landinu er auk þess ástæða til nokkurra orðabreytinga, og hefir því þótt haganlegra að leggja fyrir alþingi nýtt lagafrumvarp um stýrimannaskólann.

Um breytingarnar skal aðeins tekið fram:

1. Í 1. gr. frumvarpsins eru tekin upp ákvæði um laun forstöðumanns og aukakennara samkvæmt núgildandi fjárlögum.

2. Í 2. gr. eru tekin upp ákvæði um, *að* til hins minna stýrimannsprófs útheimtist þekking á hinum alþjóðlegu björgunarverkfærum, *að* nemandinn kunni að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki og *að* hann læri hinar einföldustu hjúkrunarreglur, sérstaklega til þess að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, ef slys ber að höndum.

3. Í 6. gr. er sett ákvæði um, að enginn geti gengið undir prófin nema hann hafi verið háseti á þilskipi 12 mánuði að minsta kosti eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri.

Eftir gildandi lögum geta nemendur nú gengið undir próf, ef þeir hafa verið hásetar á þilskipi 4 mánuði. Þetta getur engan veginn álitist nægilegur siglingatími, og er í hinu mesta ósamræmi við það, sem annarstaðar er álitið nauðsynlegt. Þannig eru 24 mánuðir áskildir í Danmörku eftir 17 ára aldur, í Noregi 30 mánuðir og í Þýzkalandi 36 mánuðir, og telst tíminn þar frá fullnuðum 15 ára aldri

---

Frumvarp til laga

um

viðauka við gildandi lagafyrirmæli um utanþjóðkirkjumenn.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Utanþjóðkirkjumenn, sem eigi teljast til neins kirkjufélags, þess er prest hefir eða forstöðumann, sem fengið hefir staðfesting ráðherra samkvæmt lögum nr. 6, 4. marz 1904, eru undanþegnir gjöldum til prests og kirkju, en greiða skulu þeir til kenslumála jafnmikið og þeim bæri að greiða til prests og kirkju, ef þeir teldust til þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fé það, er greiðist til kenslumála samkvæmt 1. gr., skal leggja í sjóð, er stjórnarráðið veitir forstöðu. Þá er sjóðurinn er orðinn 4000 kr., skal skifta vöxtunum árlega til helminga milli háskóla Íslands og kennaraskólans í Reykjavík, og sé þeim varið til styrkveitinga handa nemendum.

3. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um innheimtu gjalda þeirra, er nefnd eru í 1. gr. Innheimtu gjaldanna má fela sömu mönnum, sem hafa á hendi innheimtu gjalda til prests og kirkju, og skila þeir stjórnarráðinu fénu að frádregnum 6 af hundraði í innheimtulaun.

4. gr.

Nú vill maður segja sig úr þjóðkirkjunni, og skal hann þá senda sóknarpresti skriflega tilkynningu um það með áritun tveggja vitundarvotta. Sóknarprestur ritar úrsögnina í kirkjubókina og tilkynnir hana sóknarnefnd og fjárhaldsmanni kirkjunnar. Hann veitir og ókeypis vottorð um úrsögnina, ef þess er beiðst. Tilkynning um úrsögnina verður að koma fram fyrir fardaga eða í fardögum, ef losa skal úrsegjanda við sóknargjöld til þjóðkirkjunnar næsta fardagaár á eftir.

Nú vill maður, sem hefir sagt sig úr þjóðkirkjunni, fá upptöku af nýju, til þess að verða aftur aðnjótandi réttinda þeirra, er hún veitir, og til þess að geta fengið kirkjulegar athafnir framkvæmdar af prestum þjóðkirkjunnar, og skal hann þá snúa sér til sóknarprestsins í þeirri sókn, er hann á heima í. Ef prestur kemst að raun um, er hann hefir talað við manninn, að það sé einlægur vilji hans að verða aftur þjóðkirkjumaður, skal hann taka hann inn af nýju. Þess skal geta í kirkjubók þeirri, er úrsögnin hefir verið í rituð, og senda tilkynning um það sóknarnefnd og fjárhaldsmanni kirkjunnar. Stjórnarráðið getur sett nánari fyrirmæli um úrsögn úr þjóðkirkjunni og upptöku í hana aftur, þar á meðal um tilkynningu þá, er getur um í fyrri kafla þessarar greinar.

5. gr.

Nú gengur maður úr þjóðkirkjunni og sóknarkirkja hans er í skuld fyrir lán, samþykt af lögmætum safnaðarfundi, þá ber þeim manni, eigi hann heima áfram á sóknarsvæðinu í þeim fardögum, er hann gengur úr þjóðkirkjunni, að greiða til sóknarkirkju sinnar það brot af skuld kirkjunnar, sem á hann kemur eftir tölu gjaldenda síðastliðið ár.

Gjald þetta má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

6. gr.

Prestar þeir, er komnir eru í embætti áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn úr landssjóði, er þeir kunna að bíða vegna 1. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1911.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Neðri deild alþingis samþykti tillögu til þingsályktunar um að skora á

stjórnina að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um eiðatökur hér á landi. Var einkum lögð áherzla á að fá lögleidd ákvæði um, að drengskaparorð skuli koma í stað eiðspjalls, þegar utanþjóðkirkjumenn eiga í hlut. Stjórnin hefir orðið við þessari áskorun. En við undirbúning þar að lútandi frumvarps, er lagt verður fyrir alþingi samtímis þessu frumvarpi, þótti henni nauðsyn til bera, að jafnframt yrðu lögleidd fyrirmæli um, hversu hlutaðeigendur skuli færa sönnur á, að þeir séu utan þjóðkirkjunnar. Slík sönnunargögn getur og verið þægilegt fyrir þá að hafa, er ganga vilja í borgaralegt hjónaband. Að þessu lúta fyrirmælin í 4. gr. frumvarps þessa.

En jafnframt hefir þótt ástæða til að fara fram á breytingar á þeim fyrirmælum gildandi laga, að menn, sem eigi telja sig til þjóðkirkjunnar eða neins kirkjufélags, er hefir staðfestan forstöðumann, skuli gjalda til prests og kirkju þjóðkirkjunnar, sbr. meðal annars lög 30. júlí 1909, um sóknargjöld. Ef trúbragðafrelsi það, sem stjórnarskráin veitir á að verða að fullum notum, verður að koma á þeirri meginreglu, sem nú er hvarvetna fylgt í nýjum stjórnarskipunarlögum, að engum verði gjört að skyldu, að gjalda til annarar guðsdýrkunar, en hann aðhyllist sjálfur.

En hvað sem líður lagafrumvarpinu um breytingar á eiðatökufyrirmælunum, þykir því full ástæða til að stinga upp á nánari reglum til viðbótar gildandi lögum um utanþjóðkirkjumenn, sbr. sérstaklega lög 19. febrúar 1886 ásamt viðaukalögum 4. marz 1904. Með kirkjumálalöggjöf þinganna 1907 og 1909 eru fyrirmælin um gjöld til prests og kirkju og um laun presta gjörð svo óbrotin, að engum vandkvæðum er bundið að fullnægja fyrirmælum stjórnarskrárinnar am trúarbragðafrelsi, og það einnig er til gjaldskyldunnar kemur. Fyrir því er hér farið fram á, að allir utanþjóðkirkjumenn séu undanþegnir gjöldum til prests og kirkju. Þeir, sem eru í kirkjufélagi, er staðfestingu hefir hlotið samkvæmt lögum 4. marz 1904, greiða gjöldin til þess kirkjufélags, en þeir, sem eigi eru í neinu slíku félagi, greiða til kenslumála þá fjárhæð, er þeir skyldu ella gjalda til prests og kirkju, því að eigi er rétt, að neinn ábatist á því peningalega, að segja sig úr þjóðkirkjunni.

Með fyrirmælum þeim, er hér er farið fram á, vinst það, að þar með fæst glögt yfirlit yfir þá, er vilja teljast til þjóðkirkjunnar, og hina, sem vilja vera utan hennar. Með þeim virðist og að nokkru leyti orðið við þeim óskum, er fram komu í tillögu þeirri til þingsályktunar um aðskilnað ríkis og kirkju, er samþykt var á síðasta alþingi. En eins og gert var ráð fyrir í umræðunum á þinginu, yrði skilnaðurinn að vera bygður á vandlegri íhugun og styðjast við sterkan og yfirlýstan vilja þjóðarinnar. Stjórnin verður einnig að líta svo á, að til lagasetningar um þetta efni þurfi að breyta stjórnarskránni, sbr. 45. gr. stjórnarskrárinnar. — Þykir henni því eigi ráðlegt, að fara lengra að sinni, en telur frumvarp þetta góða byrjun til að leiða í ljós afstöðu landsmanna gagnvart þjóðkirkjunni.

Í sambandi við umrædd fyrirmæli er í 5. gr. frumvarps þess, að tilhlutun biskups, farið fram á breytingu á lögum 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Á prestafundi að Hólum í Hjaltadal síðastliðið sumar vakti biskup máls á því, hver hætta gæti stafað af því fyrir lánstraust kirkna, að mönnum er gert svo létt fyrir, að segja sig úr þjóðkirkjunni. Nú væri svo ástatt, að í þeim söknum, þar sem söfnuðurinn hefir tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, gætu safnaðarlimirnir komið sér undan skuldbindingum þeim, er á þeim lægju vegna lántöku kirkjunnar, með því að segja sig úr þjóðkirkjunni og ganga inn í annað viðurkent kirkjufélag; gæti auðveldlega svo farið, að kirkjurnar stæðu uppi með

stóra skuld, en örfáa gjaldendur. Í tilefni af þessu samþykti fundurinn áskorun til biskups um að koma á framfæri á næsta þingi frumvarpi til laga, er að þessu leyti trygði rétt kirkna þeirra, er lán taka úr hinum almenna kirkjusjóði.

Svo sem ákvæði þetta er orðað, nær það eins og frumvarp biskupsins einungis til safnaðarkirkna. Þótt stjórnin að vísu viðurkenni, að ástæða væri til, að veita öðrum kirkjum sams konar vernd, þá hefir samt sem áður ekki þótt nauðsynlegt, að láta frumvarpið ná til annarra en safnaðarkirkna, og styðst þetta við það, að þegar safnaðarkirkjur eiga í hlut, þá hafa safnaðarmenn sjálfir samþykt lántökuna, og þá verður það sérstaklega að teljast eðlileg og sjálfsögð krafa, að þeir geti ekki gengið úr félagsskapnum án þess að greiða sinn hluta af skuldinni. Í frumvarpinu er því farin sú leið, að ákveða, að safnaðarmenn, er úr ganga, skuli leysa út að sínum hluta skuld þá, er á söfnuðinum liggur vegna kirkjunnar. Þar sem nú allir greiða jafnhátt gjald til sóknarkirkju sinnar, þá er og eðlilegast, að sá, er úr gengur, greiði það brot af skuld kirkjunnar, er á hann kemur eftir tölu gjaldenda. Virðist þetta ekki geta talist varhugavert, þar eð biskup hefir skýrt svo frá, að byggingarlán fáist snjaldnast stærri en svo, að 10 til 15 kr. komi á hvern gjaldanda, og fjárhæð sú, er út yrði að leysa, all-oftast miklu minni.

Af reglunni 1. gr. frumvarps þessa leiðir það að sjálfsögðu, að fyrirmæli 5. gr. verða að ná til allra þeirra, er ganga úr þjóðkrrkjunni, hvort sem þeir ganga inn í annað kirkjufélag eða ekki.

Um frumvarpsgreinarnar að öðru leyti er þetta að segja:

Um 2. gr.

Gjaldheimtuna virðist bezt henta að fela sóknarnefndum og fjárhaldsmönnum kirkna, og er gjört ráð fyrir sömu innheimtulaununum og ákveðin eru í lögum 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Um 4. gr.

Rétt er að þeir, sem vilja segja sig úr þjóðkirkjunni, þurfi einungis að senda um það skriflega tilkynningu. Þó getur verið ástæða til, að stjórnarráðið skipi nánara fyrir um, hvernig tilkynningunni skuli hagað, geri mönnum t. d. að skyldu, að láta þess getið, að þeim sé það ljóst, að þeir verði eigi hlunninda þjóðkirkjunnar aðnjótandi eftir úrsögnina, og fái eigi presta hennar til að framkvæma kirkjulegar athafnir.

Hins vegar væri óviðfeldið, að láta skriflega tilkynningu nægja til upptöku í þjóðkirkjuna af nýju. Sú tilhögun, sem hér er gert ráð fyrir, er sniðin eftir samsvarandi reglum í Danmörku.

Fyrirmæli frumvarpsins um, að úrsögn úr þjóðkirkjunni skuli vera bundin við fardaga, er til gjaldskyldu kemur, er í samræmi við það, sem fyrir er mælt í bréfi stjórnarráðsins til biskups 28. maí 1910 (Stj.tíð., B. 1910, bls. 105).

Um 6. gr.

Þessi regla samsvarar 4. gr. laga 4. marz 1904, um utanþjóðkirkjumenn.

Frumvarp til laga

um

útrýming fjárkláðans.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Til þess að útrýma fjárkláða úr landinu veitist landsstjórninni heimild til þess að fyrirskipa tvær baðanir með hæfilegu millibili veturinn 1911 til 1912 á öllu sauðfé. Hún semur með ráði dýralæknis reglugerð um framkvæmd baðananna með fyrirmælum um, hvaða baðlyf skuli nota og hvernig með fara og um annað, sem þurfa þykir til þess, að baðanirnar komi að tilætluðum notum.

2. gr.

Landsstjórnin skipar með ráði lögreglustjóra og dýralækna einn kláðalækni í sýslu hverri eða fleiri, ef þurfa þykir, og í hverjum hreppi og kaupstað svo marga baðara, sem við þarf.

3. gr.

Kláðalæknum og böðurum ber að haga störfum sínum eftir því, sem reglugerð sú mælir fyrir. Þar skal og til taka kaup kláðalækna og baðara og annan tilkostnað þeirra, og greiðist það alt úr sýslusjóði til kláðalækna, en til baðara úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

Allan annan baðanakostnað skal greiða úr landssjóði: andvirði baðlyfjanna, flutningskostnað á viðkomustaði strandferðaskipanna, vátrygging, uppskipun, geymslu og afhending.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður með ráði lögreglustjóra og dýralækna, hve mikið þurfi af baðlyfjum, og annast um kaup á þeim og flutning á framangreindar hafnir, en sýslunefndir um viðtöku þeirra þar, geymslu og afhending.

5. gr.

Fyrir brot móti reglugerð þeirri, sem landsstjórnin setur samkvæmt lögum þessum, má í reglugerðinni ákveða 5 til 200 kr. sektir, og fer um mál út af brotum þeim sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Fresta skal framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, tilskipunar 4. marz 1871 um viðauka við hana og laga nr. 40, 8. nóv. 1901, að því leyti, sem tilskipanir þær og lög samrýmast ekki lögum þessum. Lög nr. 41, 13. nóv. 1903, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 41, 13. nóvbr. 1903, um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum og reglugerð 28. des. s. á., sem sett var samkvæmt lögum þessum, var landstjórninni heimilað að gera ráðstafanir til algerðrar útrýmingar fjárkláða og ráða til þess starfa einn framkvæmdarstjóra fyrir land alt, og átti hann að taka sér aðstoðarmenn eftir þörfum. Framkvæmd þessara ráðstafana fór fram á árunum 1903 til 1907 og var kostnaðurinn greiddur mestmegnis úr landssjóði lögunum samkvæmt og nam alls á þessum árum hátt á þriðja hundrað þúsund króna, og var þó bæði af framkvæmdarstjóra og landsstjórn gætt allrar sparsemi, sem við varð komið. Veturinn 1903 til 1904 fóru baðanirnar fram á svæðinu frá Jökulsá á Breiðamerkursandi norður um land að Héraðsvötnum í Skagafirði og veturinn 1904 til 1905 vestur og suður um land að Jökulsá, en sumarið 1904 var haldinn vörður við Héraðsvötnin, sbr. Stjórnartíðindi B. 1904, bls. 98—100. Eftir baðanirnar fóru síðan fram sauðfjárskoðanir þær, er getur um í 18. gr. framangreindrar reglugerðar 28. desbr. 1903, og var þessum fyrirskipuðu skoðunum lokið árið 1907. Áður en afráðið var um þessar ráðstafanir og framkvæmd þeirra árið 1903, var nokkur ágreiningur um það, hvernig þeim skyldi hagað, þar sem dýralæknirinn í Reykjavík mun hafa haldið því fram, að tvennar fjárbaðanir þyrfti til algerðrar útrýmingar á kláðanum, með því að hann taldi óvíst, að mauraegg þau, er ekki væru unguð út þegar baðað væri, dræpust í baðinu, og þyrfti því að baða aftur, er maurarnir væru skriðnir úr eggi, en áður en þeir væru orðnir getnaðarfærir; hinn norski kláðalæknir, sem ráðinn var til lækninganna og hafði útrýmt fjárkláða á stóru svæði í Noregi, mun að vísu hafa talið tvennar baðanir tryggilegastar, en eina þó nægilega úr tóbakslegi, ef fénu væri gefið inni 8 daga á eftir, eða þann tíma, er til þess þyrfti, að mauraeggin ungist út, því hann mun hafa treyst því, að baðefnið héldist svo í ullinni, er fénu væri gefið inni, að mauraungarnir dræpust jafnskjótt og þeir skriðu úr eggi. Alþingi sætti sig við þetta, víst mestmegnis til þess að spara kostnað, því að tvennar baðanir hefðu kostað alt að því helmingi meira, en sá kostnaður hefði orðið landssjóði þungbær, sérstaklega er hann þótti ekki nauðsynlegur, og ein böðun talin duga mundu. En ekki hepnaðist að útrýma fjárkláðanum algerlega úr landinu, hvort sem verið hefir því að kenna eða öðru. Kláðans varð vart enn af nýju áður en lokið var áminstum fjárskoðunum samkvæmt 18. gr. reglugerðarinnar, og var þá baðað á þeim bæjum og þar í kring, er fé hafði gengið saman, og skoðanir gerðar í þeim héruðum. Veturinn 1907—1908 var t. d. baðað á öllu svæðinu milli Jökulsár á

Fjöllum og Jökulsár á Dal. Nú síðustu árin tvö hefir kláðans vart orðið víða, hér og hvar á landinu í kind og kind, og hefir einkum mikið af honum kveðið í Borgarfirði og Arnessýslu, enda voru þar í fyrravetur fyrirskipaðar baðanir á öllu sauðfé, samkvæmt lögum frá 8. nóv. 1901; annarsstaðar hefir verið látið við það lenda að baða og skoða að eins á kláðagrunuðum bæjum og þar í kring, þar sem ekki hefir kveðið eins mikið að kláða, þótt hans hafi orðið vart. Þessar ráðstafanir geta kreft að kláðanum í svip, en eru ekki einhlýtar til að útrýma honum. Landssíjórnin hefir ekki séð sér fært, að gera frekari ráðstafanir, með því að ekkert fé hefir til þessa verið veitt í fjárlögum fyrir umrætt tímabil, enda varð að skoða lögin frá 13. nóvbr. 1903 úr gildi fallin, er þeim ráðstöfunum var lokið, sem þau áttu við og fé var veitt til í fjárlögum samkvæmt lögunum. Síðan hefir lögunum frá 8. nóvember 1901 og hinum eldri ákvæðum verið beitt til þess, að varna því, að kláðinn færðist út, en þeim lögum hafði verið frestað, þar til þeim ráðstöfunum var lokið, er lögin frá 1903 áttu við. Loks skipaði landsstjórnin í fyrra vetur, samkvæmt 2. gr. laganna frá 1901, kláðaeftirlitsmenn í öllum sýslum á landinu og setti þeim erendisbréf; þeir eiga að hafa gætur á heilbirgði sauðfjárins og gæta þess, að kláðanum verði ekki leynt. Var þetta gert til þess að reyna að halda kláðanum í skefjum, svo að hann færðist ekki mjög út aftur, þangað til löggjafarvaldið gæti gert nauðsynlegar ráðstafanir í þessu máli, en í því skyni áefir lagafrumvarp þetta verið samið.

Það verður að teljast skaðlegt, að láta þetta mál bíða, það er nú á síðustu árum búið að verja svo miklu fé til algerðrar útrýmingar kláðans, að það verður að færa sér þann árangur í nyt, sem af því hefir orðið, því hann er óneitanlega mikill, þó takmarkinu, algerðri útrýmingu, hafi ekki orðið náð; þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, hafa dregið mjög úr fjárkláðannm í landinu, hafa vakið áhuga almennings á málinu, kent bændum, hvernig lækna má kláðann og vakið trú á því, að útrýma megi honum alveg.

Landsstjórnin hefir leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál og yfir höfuð haft hann í ráðum með sér um þær ráðstafanir gegn fjárkláðanum, sem gerðar hafa verið síðan hinn norski kláðalæknir fór héðan, og ráðstöfunum þeim var lokið, sem honum var ætlað að framkvæma. Dýralæknirinn heldur fast við hina fyrri skoðun sína á málinu, sem reynsla undanférinna ára virðist koma heim við, að fjárkláðanum verði aldrei algerlega útrýmt nema með tveimur útrýmingarböðunum, með hæfilegu millibili, á öllu sauðfé um sama leyti á landinu, hinsvegar telur hann, að útrýmingin ætti að takast á þenna hátt, ef baðanirnar eru framkvæmdar samvizkusamlega. Aðrar útrýmingaráðstafanir telur hann kák eitt. Hann telur eina sauðfjársböðun um land alt um nokkurt árabil, sem sumir hafa stungið upp á, geta verið gagnlega fyrir þrif sauðfjárins yfirleitt, en alls ónóga til útrýmingar fjárkláðanum. Þessa skoðun hefir landsstjórnin orðið að fallast á, og er lagafrumvarp þetta á henni bygt.

Eins og kunnugt er var kostnaðurinn við ráðstafanirnar, samkvæmt lögunum frá 1903, mestmegnis greiddur úr landssjóði, og var það ekki lítil fúlga, eins og vikið er að hér á undan; það gat verið sök sér, þar sem það var hin fyrsta útrýmingartilraun með lækningum og hinsvegar lítill áhugi hjá öllum almenningi þá þessu máli. En áframhald getur ekki orðið á því, því að fyrst og fremst leyfa tekjur landssjóðsins það ekki og í öðru lagi er það viðsjárvert gegn öðrum gjaldendum til hans, en þeim, er þetta varðar beinlínis, að leggja svo mikið fé til eins einstaks atvinnuvegar. Það stendur fjáreigendum sjálfum næst að bera

þann kostnað, og verður hann ekki svo tilfinnanlegur á hverjum einstökum. En um tilhögun á greiðslu hans er tvent til. Önnur aðferðin er sú, að jafna honum beint niður á fjáreigendur sjálfa, eftir tölu fjár þess, er baðað er. En þá er mjög svo hætt við, að bændur mundu reyna að skjóta sér undan að baða, einkum ef þeir teldu það óþarft, hvort sem rangt eða rétt hefðu fyrir sér um það. En þá væri annið fyrir gýg enn að nýju og með ærum kostnaði. Hin leiðin er að leggja kostnaðinn á landssjóð enn sem fyr, en að eins til bráðabirgða, með því að honum yrði enn of íþyngt, ef rísa ætti undir honum að fullu og öllu, sem og væri alveg ranglátt með því, að hann lenti þá einnig á þeim landsbúum öllum, er hafa enga sauðfjárrækt, en leggja síðan ofurlítið millibils-útflutningsgjald á ull meðan verið væri að hafa upp aftur kostnaðinn til handa landssjóði. Gjald það mætti vera ofurlítið, t. d. 5 aura á hverja vog (kílógramm), sem enginn gæti kallað tilfinnanlegt, og mundi auk þess fást inn aftur eða græðast á meiri og betri ull af fénu, einmitt fyrir baðanirnar, auk þess sem féð yrði vænna, meiri eign í því, að fráskilinni ullinni, og væri þá vel að verið.

Lagafrumvarp um slíkt útflutningsgjald verður nú lagt fyrir þingið jafnhliða þessu.

Baðanirnar samkvæmt lögunum frá 1903 voru og fjáreigendum engan veginn ódýrar eins og þeim var fyrir komið, bæði vegna hins mikla eldiviðar sem gekk til suðu baðlyfsins, og innistöðunnar á fénu á eftir, sérstaklega í beitarsveitunum. En með því fyrirkomulagi, sem til er ætlast í lagafrumvarpis þessu, verður innistaðan óþörf til útrýmingarinnar, og ekki er ólíklegt, að fá megi ódýrara og þægilegra baðefni en tóbakið, og þó eins gott. Loks legst ekki meiri kostnaður á sveitarsjóðina og sýslusjóðina, með fyrirmælum lagafrumvarps þessa, en á þeim liggja nú og á þá má leggja, samkvæmt ákvæðum núgildandi laga frá 8. nóvbr. 1901 og eldri laganna frá 5. janúar 1866 og 4. marz 1871, sem nú er beitt til að stemma stigu fyrir útbreiðslu kláðans.

Með því að drepið hefir nú verið á öll aðalatriði frumvarps þessa og tilgang þess, þykir ekki þurfa að gera athugasemdir við hverja grein frumvarpsins fyrir sig. Þess skal að eins getið, að lagaákvæðum þeim, sem nú eru í gildi um varnir gegn fjárkláða, er að eins frestað, að svo miklu leyti, sem þau geta ekki samrýmst lagafrumvarpi þessu.

Loks hefir þótt rétt, að fella lögin frá 1903 alveg úr gildi, með því að þeim muni ekki verða beitt úr þessu.

Frumvarp til laga

um

aukatekjur landssjóðs.

Fyrsti kapituli.

Um dómsmálagjöld.

1. gr.

Fyrir stefnu skal gjalda 1 krónu, þegar málsaðili, í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil, beiðist þess, að stefna verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr.

Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 2 krónur. Sama gjald skal greiða í dæmum þeim er um getur í 7., 9., og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832. Fyrir fresti í dómsmálum skal gjalda 1 krónu fyrir hvern.

3. gr.

Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 4 krónur, um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir skriflega frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, skal greiða sama gjald. Fyrir að kveða upp úrskurð meðan á rekstri máls stendur skal gjalda 2 krónur fyrir hvern úrskurð.

4. gr.

Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2. gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr.

Fyrir að yfirheyra vitni skal gjalda 1 krónu fyrir hvert þeirra. Fyrir gagnspurningar skal greiða sérstaklega. Fyrir eiðfesting vitnis skal gjalda 1 krónu.

6. gr.

Fyrir að kveðja menn í rétti til skoðunargjörða eða annara slíkra gjörða

skal gjalda 50 aura fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting matsmanna, svo og fyrir sérhverja aðra eiðfesting, nema um vitni sé að ræða.

Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fé ómyndugra, og þegar eiðfesta skal menn þessa.

7. gr.

Fyrir að staðfesta og innsigla réttargjörðir eða önnur eftirrit, sem út eru gefin í gjörðarformi, skal gjalda 1 krónu fyrir hvert.

8. gr.

Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meira en 50 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr

9. gr.

Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 2 krónur alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í héraði.

Í öðrum lögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10. gr.

Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefir verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir réttinum, skal sá, er þess beiðist, greiða 50 aura auk gjalds þess, er getur um í 2. gr.

11. gr.

Við landsyfirdóminn skal ávalt greiða tvöfalt gjald á við það, er borga hefði átt í héraði.

12. gr.

Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin réttargjöld greiða, en í gjafsóknarmálum skulu réttargjöld þau, er gjafsóknarhafi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann er skyldaður með dómi til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 17. gr. laga nr. 18, 3. okt. 1903, um kosningar til alþingis, skal engin réttargjöld greiða í héraði.

13. gr.

Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun frá druknun, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fara fram á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kapituli.

Um gjöld fyrir fógetagjörðir.

14. gr.

Fyrir kyrsetningargjörð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks- eða

löggeymslugjörð, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi að eins lausafé og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóvbr. 1887 um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gjörðarinnar er beiðst fyrir, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin	er	100	kr.	eða	minni	kr.	2,00
—	—	-	frá	100	til	300	kr.	— 3,00
—	—	-	—	300	—	500	—	— 4.00
—	—	-	—	500	—	1000	—	— 5,00
—	—	-	—	1000	—	2000	—	— 6,00
—	—	-	—	2000	—	3000	—	— 8,00
—	—			yfir		3000	—	— 10.00

að viðbættum einum af þúsundi af þeirri fjárhæð sem fram yfir er.

15. gr.

Fyrir að kyrsetja mann skal gjalda 10 krónur; séu fjármunir jafnframt kyrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 14. gr.

16. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglesnum veðskuldabréfum (og þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga, nr. 29, 16. desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dóminum, sáttinni eða veðskuldabréfinu hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gjörðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám er gjört í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, séu eigi allir á sama stað.

17. gr.

Fyrir lausnargjörð skal gjalda eftir 14. gr., þegar féð með henni er laust látið, en eftir 15. gr., sé kyrsetning manns með henni niður feld.

18. gr.

Fyrir rannsókn, sem haldin er eftir beiðni einstakra manna, skal gjalda 2 krónur.

19. gr.

Fyrir útburð manns af jörðu eða húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 5 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagjörðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr.

Fyrir skoðun á líkamsáverka eftir beiðni einstakra manna skal gjalda 2 krónur. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr.

Þegar hreppstjóri heldur fógetagjörðir, skal fara eftir lögum nr. 3, 13. janúar 1882, 5. gr. sbr. lög nr. 33, 13. desbr. 1895 og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gjörðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gjörðarbeiðnin sé kölluð aftur, eða fógeti neiti að fremja gjörðina, nema svo sé, að hærra gjald hafi greitt verið fyrir fram fyrir gjörðina, en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefir slitið samvistum við eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða réttargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sé krófu gjörðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eftir ráðstöfun hins opinbera skal engin gjöld greiða.

3. kapítuli.

Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr.

Fyrir að þinglesa afsalsbréf, veðskuldarbréf, fjárnámsgerð, skiftabréf eða önnur skjöl, sem þinglesin eru svo sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja haft á fasteignir, og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja haft á lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin er			100 eða minni			. . . .	kr.	1,00
—	——	—	frá 100	til	500	kr.	—	2,00
—	——	—	— 500	—	1000	—	—	3,00
—	——	—	— 1000	—	2000	—	—	4,00
—	——	—	— 2000	—	3000	—	—	5,00
—	——	—	— 3000	—	4000	—	—	6,00
—	——	—	— 4000	—	6000	—	—	8,00
—	——	—	— 6000	—	1,0000	—	—	10,00

og sé fjárhæðin meiri, skal gjalda 12 krónur, að viðbættum einum af þúsundi af því, sem fram yfir er.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal einnig gjalda 12 kr.; þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka það fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðrum aurum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eftir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda, sem

fyrir 25 sinnum stærri fjárhæð, en sé afgjaldið áskilið æfilangt, skal gjaldið að eins talið af fimmfaldri fjárhæðinni; sé ártal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meira gjalda en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði, eða henni makaskift gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

25. gr.

Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða haft á fasteignum eða lausafé, skal gjalda 2 kr. Séu þess konar skjöl þinglesin við landsyfirdóminn, skal gjalda 4 krónur.

26. gr.

Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða bréf um haft á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eftir því, hvort útgefandi þess hefir sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálmun finst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildar-brest hans eða um hið áður lesna heftingarbréf, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 1 kr. og aldrei meira en 3 kr., þegar fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gera hana.

27. gr.

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbréfabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabréfið, skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 1 kr.; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbréfabókunum um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni liggja, og skal hann gjalda fyrir það 1 kr.

Vottorð þau, er stjórn landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr.

Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hina fyrstu þinglýsing, en fyrir hinar síðari hálft gjald fyrir hverja. — Fyrir skjöl, er þinglesin eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

30. gr.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir

innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriftargerðum þeim á eigum þurfalinga og stjórnarráðs-úrskurðum um sviftingu á fjárforræði þeirra, sem greinir um í 56. og 57. gr. fátækralaganna 10. nóvbr. 1905.

4. kapítuli.

Um skiftagjöld.

31. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiftaráðandi eða skiftaforstjóri án dómsvalds fer með og lýkur skiftum í, skal greiða í skiftagjöld $1^1/_2$ % af öllum eigum búsins án tillits til skulda, er á því liggja.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 100 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:

þegar eigur búsins eru eigi meiri en 1000 kr.... ... . 2 kr.
Séu þær meiri en 1000 kr. . ... 4 —

33. gr.

Nú tekur skiftaráðandi bú til skiftameðferðar, en framselur það síðar erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiftafundi, helming, ef það fer fram seinna, en þó ekki síðar en á fyrsta skiftafundi eftir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til skiftaloka.

34. gr.

Þá er skiftaráðendur eða skiftaforstjórar lúka skiftum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiftalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sé rétt talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskifta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eftir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiftaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, séu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiftalaganna skyldir til, að láta skiftaráðanda í té skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda að drengskap viðlögðum, yfir eigur búsins og skuldir; og má dagsektum beita, komi þeir eigi með hana. Hið sama er, þegar bú hefir verið tekið til opinberrar skiftameðferðar, en er framselt því hjóna, er eftir lifir, til þess að sitja í óskiftu búi. Nú hefir einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu á móti betri vitund landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefir verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kapituli.

Um gjöld fyrir uppboðsgerðir.

35. gr.

Almenn uppboðslaun, er ávalt skal greiða, nema þar sem eftirfarandi greinir veita heimild til annars, eru 4 af hundraði.

36. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo og þilskip, — séu þau eigi ósjófær — hlutabréf, skuldabréf og aðrar skuldakröfur, leigumálaréttur og önnur þess konar réttindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af fyrstu 10,000 kr. ... ... 2 %
af fjárhæð yfir 10,000 kr. til 20,000 kr. . ... 1½—
af fjárhæð yfir 20,000 kr. til 100,000 kr. ... ... 1 —
af fjárhæð, sem er meiri en 100,000 kr. . ... ½—

Þegar leigumálaréttur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr.

Nú eru verzlunarvörur seldar við uppboð, og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af fjárhæð þeirri, sem uppboðið nemur meira en 1000 kr., en af fyrstu 1000 kr. skal ætíð greiða fult gjald eftir 35. gr., ákveðin eins og hér segir:

af fjárhæð frá 1,000 kr. til fullra 2,000 kr. ... ... 3 %
af fjárhæð meiri en 2,000 kr. til fullra 5,000 kr.... 2 —
af fjárhæð meiri en 5,000 kr. til fullra 10,000 kr. ... 1 —
og af fjárhæð, sem nemur meira en 10,000 kr. ... ½—

38. gr.

Þegar þess er krafist, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eftir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gera, ef unt er, 8 dögum áður uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið er birt nema í kaupstað þeim eða hreppi, er halda á það í, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleiri næstu hreppum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðs-auglýsingunum er útbýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sé eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeigenda í þessum atriðum, eða séu þeir á skiftum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og hafa tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 2 kr.

39. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 36. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á

væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 4 krónur fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sérstakan hlut i einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 10 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

40. gr.

Fyrir uppboð á ertirlátnum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða, og eigi heldur, þegar landsbankinn lætur þjóna sína selja við uppboð verðbréf þau og annað, er hann hefir fengið að handveði.

41. gr.

Þegar hreppstjórar halda lítilfjörleg uppboð í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eftir ákvæðum í lögum nr. 33, 13. desbr. 1895.

42. gr.

Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefir verið við uppboð, skal gjalda 4 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2,000 kr., 8 kr. ef það er meira en 2,000 kr., og fer þó eigi fram úr 6.000 kr., en 12 kr. ef það fer þar fram úr.

43. gr.

Nú hefir uppboðs beiðst verið hjá uppboðshaldara og séð hefir verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aftur, og skal þá að eins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 38. gr.; en sé beiðnin eigi kölluð aftur fyr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 4 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

44. gr.

Fyrir undirboðsþing skal greiða 4 kr. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., í sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, 33. gr., lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 26. gr., lögum s. d. um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, 27. gr.. lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 27. gr., og lögum nr. 75, 22. nóvbr. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirðt, 28. gr.

45. gr.

Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gæta, ef svo ber undir, að kaupanda verður gert að skyldu að greiða hann, að hann sé þá skoðaður svo sem viðbót við boð þau, sem gerð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu, að viðbættum þessum kostnaði.

6. kapituli.

Um nótarialgjöld.

46. gr.

Fyrir afsögn á víxli, er nótarius gerir fyrir samþykkisbrest eða greiðslufall, skal gjalda eins og hér segir:

þegar víxilinn nemur 1,000 kr. eða minni fjárhæð ..... 2 kr.
— — — meira en 1,000 kr. og alt að fullum 4,000 kr. ..... 4 kr.
— — — — - 4,000 — — — — — 10,000 — ..... 5 kr.
— — — — - 10,000 ..... 6 kr.

Gjald þetta skal greiða, ef gjörðin hefir verið byrjuð, enda þótt gjörðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta.

47. gr.

Fyrir aðrar afsagnargjörðir, svarkröfur, stefnubirting, er nótarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gjörðir skal gjalda 4 krónur.

Nú skal framkvæma einhverja af gjörðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 46. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fult gjald á hinum fyrsta stað, en aðeins 1 krónu fyrir hvern hinna staðanna, sem gjörðin fer fram á eftir kröfu gjörðarbeiðanda.

48. gr.

Fyrir að bera eftirrit saman við frumritið og staðfesta það skal gjalda fyrir hverja örk, 50 aura, sem eftirritið nemur, þegar það er ritað eins og að lögum á að vera eða minna.

49. gr.

Þegar gerður er samningur, arfleiðsluskrá, umboðsskjal eða aðrir þess konar gjörningar fyrir nótarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það nótarial-vottorð í lögmætu formi, skal gjalda fyrir það 2 krónur.

50. gr.

Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipskaðabætur, skal gjalda 10 kr.

7. kapítuli.

Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

51. gr.

Fyrir að gefa út vegabréf skal gjalda 50 aura fyrir hvern þann, er vegabréfið hljóðar um, en 1 krónu, sé ferðinni heitið til útlanda.

52. gr.

Fyrir sérhvert mál eða kvarða, sem bæjarfógeti eða sýslumaður löggildir og brennimerkir, skal gjalda 50 aura.

53. gr.

Fyrir skipstjóra borgarabréf skal gjalda 10 kr., og fyrir borgarabréf sem handiðnamaður 5 kr.

54. gr.

Fyrir að löggilda og setja innsigli á verzlunarbók skal gjalda 4 krónur, en fyrir að löggilda viðskiftabók 50 aura, hvort sem hún er stór eða lítil.

55. gr.

Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi heilbrigðisvottorð og önnur þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 25 aura af hverri smálest af rúmi skipsins þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Af skipum frá öðrum löndum í veldi Danakonungs, sem koma hingað eingöngu til fiskiveiða, skal gjalda 25 aura af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau koma á.

56. gr.

Fyrir að mæla skip samkvæmt tilskipun 25. júní 1869 skal gjalda:

a) þegar mælingin fer fram eftir fullkomnari aðferðinni, og hefir þó eigi verið við hendina eldra mælingarbréf, er út hefir verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri fyrirmælum ..... 20 aura

b) ætíð endranær ..... 10 —

fyrir hverja smálest skipsins eftir hinu nýja mælingarbréfi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20. gr. laga 13. des. 1895 um skrásetning skipa, skal gjalda 2 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er skýringa um.

57. gr.

Fyrir eftirlit lögreglustjóra með útflutningum samkvæmt lögum nr. 3., 14. janúar 1876, skal gjalda 20 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

58. gr.

Fyrir að löggilda leiðarbók skal gjalda 4 kr., ef rúm í skipi er meira en 100 smálestir; ella 2 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 4. gr. farmannalaga 22. marz 1890 í leiðarbækur, er skilað hefir verið sökum tjóns, er skipið hefir beðið.

Fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 5. gr. sömu laga í leiðarbækur, sem skilað hefir verið að afstaðinni ferð, skal gjalda fyrir skip, sem stærra er 100 smálestir, 3 kr., ef ferðin hefir eigi staðið missiri lengur, 4 kr. ef hún hefir staðið missiri lengur, en ekki ári lengur; en 5 kr., ef hún hefir staðið ári lengur. Nú er skip minna en áður er mælt, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er til tekið.

59. gr.

Fyrir lögskráning skipshafnar og afskráning skal gjalda 10 aura fyrir hvern mann, er lögskráður er eða afskráður.

60. gr.

Fyrir sjóferðapróf það, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd 14. janúar 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 10 kr.

61. gr.

Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðfluttra vínfanga, sem ræðir um í 6. gr. tollaga 8. nóvember 1901, skal gjalda 2 kr.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í 9. gr. sömu laga, um að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki en á land eru fluttir.

62. gr.

Fyrir að kveðja menn utan réttar til skoðunar eða annara slíkra gjörða skal gjalda 50 aura fyrir hvern þann, er kvaddur er. Fyrir skipan tilsjónarmanns skal greiða 1 krónu.

63. gr.

Fyrir að gefa út leyfisbréf til lausamensku eftir lögum nr. 60, 22. nóvember 1907, skal gjalda 2 kr.

64. gr.

Fyrir að gefa saman hjón í borgaralegt hjónaband, samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febrúar 1886, og fyrir eftirrit af þeirri athöfn, skal greiða 5 krónur.

65. gr.

Fyrir vottorð um hvaðan vörur séu, fyrir áritun á vöruskoðunarvottorð og fyrir önnur þess konar vottorð, er einstakir menn æskja í verzlunar- og atvinnumálum, svo og fyrir áritun í embættis nafni skal gjalda 1 kr., að svo miklu leyti, sem eigi er í þessum lögum ákveðið sérstakt gjald fyrir embættisverkið, eða það eftir öðrum lögum á að vera ókeypis.

8. kapítuli.

Almenn fyrirmæli.

66. gr.

Þegar aukatekjur eru reiknaðar sem hundraðsgjald (tógetagjörðir, þinglestur, skiftagjöld og uppboðslaun), skal það fært niður í tölu, er sé deilanleg með 5.

67. gr.

Á öll þau skjöl, sem eitthvað er goldið fyrir að gefa út eða rita á, eða snerta embættisgjörðir, sem hefir verið greitt fyrir eftir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sé brotið gegn þessu, varðar það sektum til landssjóðs, allt að 100 kr.

68. gr.

Allir embættismenn, sem heimta inn aukatekjur fyrir landssjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók, er löguð sé eins og fyrirmyndin í reglugjörð 25. maí 1878, 2. gr. Skal dagbók þessi vera löggilt af stjórnarráðinu, og skal sá, er af

þess hálfu rannsakar embættisfærslu valdsmanna, sérstaklega rannsaka hana og rita um það vottorð í bókina og gefa þess nákvæmar gætur, hvort hún sé rétt rituð, og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

69. gr.

Lög 2. febr. 1894 um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, eru úr gildi numin.

Bráðabirgðarfyrirmæli.

70. gr.

Þar til lög um stimplagjald koma í gildi, skal innheimta gjöld þau fyrir þinglestur og vottorð, er nefnd eru í 3. kap., og að viðbættum 50 af hundraði, þar með teljast þó ekki gjöld fyrir afmáun né aflýsing.

71. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1812.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er lagt fyrir eins og það var samið af skattanefndinni, er skipuð var 1907, þó með þessum breytingum.

Á nokkrum stöðum, þar sem gjaldið er ákveðið hækkandi í hlutfalli við hæðina, sem sé fyrir fógetagerðir í 14. gr. og fyrir þinglestur í 3. kap., hefir eigi dótt ástæða til að hætta þegar hámarkið væri orðið 10 og 12 kr. eins og lagt er til í frumvarpi skattanefndarinnar; heldur er lagt til í framanskráðu frumvarpi að bæta við gjaldstigin í 14. og 24. gr. og hækka þar að auki gjaldið svo, að af hærri fjárhæðunum hækki það um 1000 af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er. Þessi hækkun getur orðið mikilsverð, einkum við þinglestur afsalsbréfa og veðskuldabréfa, þar sem hámarksgjald skattanefndarinnar var orið 12 kr. af 10,000 kr., og verður að telja hana eiga við góð rök, þar sem útgjöldin til hins opinbera eru samkvæmt gildandi lögum sérlega lág, einkum við afsal og veðsetningu stórra eigna, í samanburði við það, sem þau eru annarstaðar.

Í sambandi við þetta hafa verið gerðar nokkrar lítilfjörlegar breytingar á 24. gr. á þá leið, að meðal annars er þess krafist við viðsetning fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, að tilgreind sé hámarksfjárhæð sú, er viðsetningin á að gilda fyrir; sömuleiðis hafa verið gerðar nauðsynlegar orðabreytingar á 66. gr.

Önnur mikilsverð breyting, sem stungið hefir verið upp á, hefir sömuleiðis þann tilgang, að hækka tekjurnar með gjöldunum og er í því fólgin, að með bráðabirgðarákvæði í 70. gr. er lagt til, að hækka þinglestursgjöldin með því að bæta við 50 af hundraði, þar til lög um stimpilgjald koma í gildi. Þar eð ekki verður lagt fyrir næsta alþingi stimpillagafrumvarp skattanefndarinnar, þá verður að telja frambærilegt, og réttmætt að stinga upp á bráðabirgðahækkun á þinglestursgjöldum 50 af hundraði af hinni reglu- og venjubundnu

fjárhæð; þessi gjaldhækkun mundi skattskylda flest þau skjöl er lögð mund verða á stimpilgjadlið, og þar eð þessi gjaldhækkun eigi mun komast hærra en ½ til 1 af þúsundi, þar sem stimpilgjald var áætlað talsvert hærra, þá getur ekki hækkan þessi þótt neitt ísjárverð, en muni eigi hafa svo lítilsvert fjárhagslegt gildi.

Að öðru leyti er frumvarpið óbreytt eins og nefndarfrumvarpið, þó skal það tekið fram, að hin nýja regla í 65 gr. nefndarfrumvarpsins er nokkuð takmörkuð, þar sem ákvðið var, að eina krónu skyldi gjalda af sérhverju vottorði eða áritun í embættisnafni, þegar ekki væri öðruvísi ákveðið. Þar eð ákvæði þetta virðist sumpart óákveðið og sumpart virðist farið of langt með því, þar sem eigi ber að telja það fasta aðalreglu að greiða gjald fyrir áritun í embættisnafni, þá hefir það verið lagt til, að reglan skyldi eigi gilda um önnur vottorð en þau, sem sem skattanefndin hefir haft í huga, þ. e. vottorð um, hvaðan vörur séu, áritun á vöruskoðunarvottorð og önnur þess konar vottorð í verzlunar- og atvinnumálum.

Frumvarp til laga

um

lögaldursleyfi.

(Lagt fyrir alþingi 1911.)

---

1. gr.

Hverjum manni, karli og konu, sem er 21 árs, má veita lögaldursleyfi, ef um er sótt. Leyfisbréfið skal út gefið af hlutaðeigandi bæjarfógeta eða sýslumanni, og skal að jafnaði veita það.

Í bænarskránni skal skýra frá efnahag umsækjanda, og ef eignir hans nema meira en 200 kr., má því að eins veita leyfisbréfið, að ætla megi eftir vottorðum áreiðanlegra manna, að ekki sé hætt við að veiting leyfisbréfsins hafi í för með sér, að eignin verði eyðslufé; skal um það leita umsagnar fjártilsjónarmanns, ef hann hefir verið skipaður.

2. gr.

Gjald fyrir lögaldursleyfi er 10 kr. og greiðist í landssjóð. Þegar eigur umsækjanda nema ekki meira en 200 kr., veitist leyfið ókeypis.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Af þingmanna hálfu hefir nokkrum sinnum verið, síðast árið 1909, borið upp á alþingi frumvarp til laga um lögaldur, þar sem fullræðisaldur er ákveðinn 21 ár.

Frumvörp þessi hafa ekki verið samþykt af þinginu; en á síðasta alþingi samþykti efri deild þingsályktun um, að skora á stjórnina að semja lög um persónulegt og fjárhagslegt fullræði, og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um alt það efni.

Í umræðunum um málið á alþingi var það tekið fram og rétt mælt, að slíkt verk mundi verða all-yfirgripsmikið, og væri jafnvel ástæða til, að skipa sérstaka nefnd til að undirbúa það.

Stjórnin er alþingi sammála um það, að ástæða sé til að breyta því, sem nú er í lögum mælt um fullræðisaldur, og að ástæða væri til þess jafnframt, að safna í einn lagabálk öllum ákvæðum, er um þetta efni gilda, og breyta því er úrelt þætti.

Stjórnin hefir samt sem áður ekki gjört ráðstafanir til að leggja frumvarp um þetta efni fyrir alþingi, og er sú ástæða til þess, að árið 1909 hefir stjórn Svíaríkis sent hinum dönsku og norsku stjórnum áskorun um, að verða sér samtaka í því, að setja nefnd til þess að íhuga og undirbúa sameiginleg lög fyrfr Norðurlönd um kaupabálk (obligationsrétt) og um þær greinar af sifjabálki, er ástæða þætti til. Nefnd sú, er skipuð hefir verið samkvæmt þessari tillögu af nefndum 3 ríkjum, hefir komið sér saman um meðal annars, að taka til meðferðar lagafrumvarp um lögaldur. Þar sem nú svo er komið, verður að telja hagkvæmast, að láta yfirgripsmikla lagasetningu um þetta efni bíða, þar til nefnd þessi hefir lokið störfum sínum, bæði af því, að til máls gæti komið, að hér á landi væru tekin upp sömu lagafyrirmæli og sett verða í nágrannalöndum vorum, og að minsta kosti mætti fá mikinn stuðning af tillögum nefndarinnar við lagasetningu um þetta efni.

En þar eð búast má við, að nokkur ár muni líða, þar til nefndin hefir lokið störfum sínum og tillögur hennar eru orðnar að lögum á Norðurlöndum, hefir þótt ástæða til, að verða við óskum alþingis að nokkru leyti. Í því skyni er frumvarp þetta lagt fyrir alþingi, en með því er gerð greiðari leið að því, að veita lögaldursleyfi en nú er. Að setja nýjar reglur um þetta eina atriði án þess, að safnað sá samtímis í einn lagabálk öllum reglum um fullræði, getur ekki talist neinum vandkvæðum bundið, þar eð frumvarp þetta fer að eins fram á, að gera mönnum greiðara fyrir og kostnaðarminna, að fá þau lögaldursleyfi, er nú eru veitt lögum samkvæmt.

Breytingar þær á núgildandi reglum, er felast í frumvarpinu, eru þessar:

Í fyrsta lagi er farið fram á, að leyfisbréfin séu ætíð veitt af hlutaðeigandi bæjarfógeta eða sýslumanni, en eftir reglum þeim, en nú gilda, sbr. tilsk. 21. desbr. 1831 1. gr. b. og tilsk. 23. ágúst 1904 I. eru þau afgreidd sem konungleg leyfisbréf að mandatum, og eru seld af hendi af nefndum embættismönnum, þegar umsækjandi er fullra 22 ára, en ef hann er yngri þá af stjórnarráðinu.

Í öðru lagi er farið fram á, að leyfisbréf þessi séu veitt að öllum jafnaði án sérstakra vottorða um þroska umsækjanda, er hingað til hefir verið krafist. Eigi umsækjandi nokkur efni, hefir þó þótt ástæða til þess, að heimta vottorð áreiðanlegra manna um það, að ekki sé ástæða til að ætla, að leyfisbréfið verði

misbrúkað til þess, að sóa eigunum. Að vísu mætti segja, að það væri í fyllra samræmi við óskir alþingis um niðurfærslu lögaldurs, að engin sérstök skilyrði fyrir veitingu leyfisbréfsins væru sett, þótt umsækjandi ætti nokkra fjármuni; en hins vegar ber þess að gæta, að á meðan það er ekki að fullu afnumið með lögum, að mönnum eldri en 21 árs skuli settur fjártilsjónarmaður, þá væri óviðfeldið, að veita lögaldursleyfi og þar með leysa hlutaðeiganda undan eftirliti tilsjónarmannsins einmitt þegar svo stendur á, að líkur væru til að eigurnar yrði að eyðslufé í hans höndum, ef ekki nyti eftirlits tilsjónarmanns. Neitun sýslumanns eða bæjarfógeta um að láta af hendi lögaldursleyfi má eftir almennum reglum skjóta til úrskurðar stjórnarráðsins. Fyrirmælin um, að leita skuli umsagnar fjártilsjónarmanns, hefir ekki í för með sér, að ætíð skuli fylgja tillögum hans, ef aðrar skýrslur fara í gagnstæða átt.

Loks er stungið upp á, að færa gjaldið fyrir leyfisbréfin niður úr 33 kr. 66 a. í 10 kr., og að leyfisbréfið sé veitt ókeypis, þegar eigur umsækjanda nema ekki meira en 200 kr.

Frumvarp til laga

um

erfðafjárskatt.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans skal gjalda skatt í landssjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, eða niðja hins látna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1.	Af fyrstu	1000 kr.	1	af hundraði.	
2.	— næstu	4000 — þar á eftir	$1^1/_2$	-	——
3.	— —	15000 — — - —	2	-	——
4.	— —	30000 — — - —	$2^1/_2$	-	——
5	— því sem fer fram úr 50000 kr.		3	-	——

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 6 af hundraði.
2. — næstu 4000 — ..... $6^1/_2$ - ——
3. — — 15000 —..... ..... 7 - ——
4. — — 30000 — .... $7^1/_2$ - ——
5. — því sem fer fram úr 50000 kr..... 8 - ——

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er heyra eigi undir stafliðina A. og B. eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr..... ..... . 12 af hundraði.
2. — næstu 4000 — .. .. $12^1/_2$ - ——
3. — — 15000 —... .. .. 13 - ——
4. — — 30000 —..... $13^1/_2$ - ——
5. — því sem fer fram úr 50000 kr. ..... 14 - ——

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 12 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skilningi, og ennfremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 10. gr.

Ennfremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða réttindum, er við andlát manns hverfa til erfingja eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfé og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan, samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Nú situr það hjóna, er hitt lifir í óskiftu búi og skal þá greiða erfðafjárskatt af fjárhæð þeirri, er til arfs hafði fallið eftir þann látna, ef skifti hefðu farið fram. Erfðafjárskatt, er þannig hefir greiddur verið, skal þegar bú þess hjóna, er hitt lifir, er tekið til skifta, hvort heldur í þess lifanda lífi eða við andlát þess, draga frá fjárhæð þeirri, er greiða ber í erfðaskatt við hin síðari skiftin. Erfðaskatturinn verður þó eigi endurgoldinn, þótt hann verði lægri við síðari skiftin.

Af eigum hér á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjársaatt eftir þessum lögum til landssjóðs.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefir áskilið sér tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni, að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi 100 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Stjórnarráðinu er heimilt að undanþykkja erfðafjárskatt, handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafé, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 6 af hundraði hverju.

6. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleik þess við hið látna.

Af erfðafé, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðaféð rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni fimmfaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en sé endurgreiðslan miðuð við ákveðna áratölu, skal fjárhæðina margfalda með áratölunni, þó aldrei meira en tuttugu og fimm árum.

7. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sérstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er út runninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafarfi o. s. frv., talið í einu lagi.

Nú hefir arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber úr búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, af óskiftu búi.

8. gr.

Nú deyr maður, er arf hefir hlotið, áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara, og skal þá að eins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleik erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

9. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þeg-

ar það hjóna, er þitt lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er um greiðslu skattsins.

Erfðafjárskýrslu skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eigum búsins og skuldum þess, og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig féð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gjört, og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

10. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur séu rétt samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sé erfðafjárskýrsla eigi send í réttan tíma, skal skiftaráðandi setja bréflega hlutaðeigendum frest til að gjöra skýrsluna og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sé rétt og send á réttum tíma.

11. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefir leynt verið vísvitandi, eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn sakamál.

12. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1912, og falla frá sama tíma úr gildi ákvæðin um erfðafjárskatt í tilsk. 12. sept. 1792 og 8. febr. 1810.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er sama frumvarpið, sem skattanefndin samdi, er skipuð var 1907. Að eins hefir því verið bætt inn í 2. gr., að erfðafjérskatturinn er látinn fara hækkandi; þannig fer hvert af þeim 3 gjaldstigum nefndarinnar, 1, 6 og 12 af hundraði, hækkandi eftir því, sem arfurinn er meiri. Hæsta viðbót er 2 af hundraði, og er lagt á þann hluta arfs, sem fer fram úr 50000 kr.

Stjórnarráðinu þykir ekki ástæður skattanefndarinnar gegn hækkandi erfðafjárskattí vera nægilega styrkar. Svo sýnist, sem almennings hugur hneigist móti beinum sköttum nýjum, og þegar erfitt er að komast hjá því, að óbeinir skattar komi tiltölulega þungt niður á almenningi, er það álitið eðlilegt, að taka sem mest tillit til arfshæðarinnar, þegar erfðafjárskattinn skal ákveða. Þetta er jafnframt í samræmi við öll ný lög um erfafárskatt örðrum löndum.

Frumvarp til laga

um

sóttgæzluskirteini skipa.

(Lagt fyrir alþingi 1911.)

---

1. gr.

Skylda sú, sem hvílir á skipum samkvæmt 2. gr. laga nr. 34, 6. nóvbr. 1902, sbr. 8. gr. laga 15. apríl 1854, um að hafa meðferðis sóttgæzluskírteini staðfest af dönskum verzlunarfulltrúa á brottfararstað, fellur niður, og er sóttgæzluskírteini löglegt, ef það er staðfest eða gefið út af yfirvaldinu þar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Athygli stjórnarráðsins hefir verið vakin á því, að eins og siglingar séu nú orðnar hingað til lands, þá séu óhæfilega há gjöld lögð á Íslandsför með borgun þeirri, er greiða verði samkvæmt 8. gr. laga 15. apríl 1854 til danskra verzlunarfulltrúa fyrir áritun á heilbrigðisvottorð eða sóttgæzluskírteini skipa, sem til Íslands eiga að fara. Samkvæmt nefndum lagafyrirmælum á verzlunarfulltrúinn að staðfesta sóttgæzluskírteinin, sem út eru gefin af yfirvaldi á brottfararstaðnum, og fyrir þessa staðfestingu er borgað 6 aurar fyrir hverja netto smálest af farmrúmi skipsins. Þessi borgun var eigi ósanngjörn áður fyr, meðan smáskip voru aðallega í förum, en er óhæfilega há fyrir þau mörgu og stóru gufuskip, sem nú eru í förum hingað til lands.

Það þykir því nauðsynlegt að létta að minsta kosti að mun þessum útgjöldum á siglingum hingað, og það því fremur, sem varla verður hjá því komist samkvæmt tillögum skattamálanefndarinnar að hækka innan skamms gjöld á skipum með því að færa vitagjaldið upp, til þess að standast útgjöld landssjóðs til vita umhverfis landið.

Auk þess er, eins og nú er komið, vottorð verzlunarfulltrúa á sóttgæzlu-

skírteini í raun og veru orðið óþarft formsatriði. Eftir að Ísland er komið í símasamband við önnur lönd, má auglýsa sóttvarnarráðstafanir mjög fljótlega, og þá er jafnframt ástæða til að skylda skip til að hafa sóttgæzluskírteini í raun-inni fallin burt, og væri því ekkert verulega athugavert við að fella þessa skyldu alveg niður, enda er hún ekki tíðkuð í alþjóða siglingum. En þó það sé ekki gert, má telja það öldungis óhætt, að láta sér nægja með sóttgæzluskírteini, sem gefin eru út af yfirvaldi á brottfararstaðnum (venjulega tollstjórn). Með því fellur vottorð verzlunarfulltrúa niður, og um leið borgun sú, er honum ber að lögum.

Frumvarp til laga

um

eiða og drengskaparorð.

(Lagt fyrir alþingi 1911).

I. Staðfesting á heitum.

1. gr.

Þegar einhver fær opinbera stöðu, eða aðra opinbera sýslan eða veg-semdarviðurkenningu, og svo er fyrirskipað í gildandi reglum, að hann skuli jafnframt vinna eiðfest heit, þá fellur sú eiðtaka framvegis niður, en í stað þess kemur heiti staðfest með æru- og drengskaparvottorði. Undanskildir eru þó eiðar þeir, sem fyrirskipaðir eru í 4. og 30. gr. stjórnarskrárinnar, og skulu þeir unnir á þann hátt, sem nú tíðkast.

II. Staðfesting á vitnaframburði.

2. gr.

Vitnaframburður skal að jafnaði staðfestur með eiði; skal hann unninn á þann hátt að vitnið lyftir upp hægri hendi og réttir upp þrjá fyrstu fingurna og segir: Eg sver það við almáttugan guð að eg hefi sagt sannleika og ekkert undan dregið.

3. gr.

Vitni, sem eigi er í neinu trúarfélagi hér á landi og enga trú játar, skal staðfesta framburð sinn með drengskaparorði, og fer staðfestingin fram á þann hátt, að vitnið tekur í hönd dómaranum og segir: Eg legg þar við æru mína og drengskap að eg hefi farið með satt mál og ekkert undandregið.

4. gr.

Staðfesting á vitnaframburði fer fram að lokinni yfirheyrslu. Í einkamálum fellur hún niður, ef málsaðilar samþykkja.

Áður en yfirheyrsla byrjar, skal dómarinn alvarlega brýna fyrir vitninu að segja satt, og jafnframt minna það á þá ábyrgð, er rangur framburður og röng staðfesting hefir í för með sér, og á helgi og þýðingu eiðs þess eða drengskaparorðs, er heimta má að vitnaframburðinum.

Áður en framburður er staðfestur, skal dómarinn, ef ástæða þykir til, enn að nýju minna vitnið á þýðingu staðfestingarinnar; einnig skal því veitt nægilegt ráðrúm til að leiðrétta framburðinn.

Ef vitnið er í kristnu trúarfélagi, og þess er krafist, að það sé áminnt um sannsögli, skal áminningin veitt á þann hátt, að lesin sé upp fyrir því áminningarræða sú, sem fyrirskipuð er í tilskipun 22. sept. 1846. Þegar öðruvísi stendur á, skal viðhafa aðra alvarlega áminningu.

Óréttmæt undanfærsla undan staðfestingu á vitnaframburði skal sæta sömu afleiðingum og óréttmæt undanfærsla undan vitnaframburði.

III. Staðfesting á yfirlýsingu málsaðila og aðrar staðfestingar fyrir rétti.

5. gr.

Nú eru úrslit máls komin undir eiði annarshvors málsaðila, og er honum þá heimilt að staðfesta framburð sinn með drengskaparorði í stað eiðs, ef hann lýsir yfir því við dómara þann, er eiðinn átti að taka, að hann játi enga trú, og færir sönnur á, að hann hafi eigi verið í neinu trúarfélagi hér á landi þá er mál það kom í rétt, er leiða átti til lykta með eiði.

6. gr.

Þar sem staðfesting með eiði að öðru leyti er heimiluð í lögum, svo sem er um staðfesting skoðunar- og matsgjörða, skulu framangreindar reglur, um leyfi til, þegar svo stendur á, að staðfesta með drengskaparorði, koma til framkvæmda á sama hátt.

7. gr.

Staðfesting á skýrslu málsaðila, skoðunar- og matsgjörðum og aðrar staðfestingar fyrir rétti fara fram svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. gr., með þeim breytingum, sem leiða af málavöxtum. Þá er matsgjörðir eru staðfestar, skal eiðurinn að því unninn eða drengskapur við lagður, að starfið sé af hendi leyst og skýrslan gjörð eftir beztu sannfæringu.

Áður en staðfesting fer fram, skal dómarinn áminna og telja um fyrir hlutaðeiganda, svo sem fyrir er mælt í 4. gr., þá er staðfestur er vitnaframburður.

IV. Almenn ákvæði.

8. gr.

Eiðspjöll eða staðfestingu með æru- og drengskaparorði má eigi leyfa:

1. Börnum innan 15 ára.
2. Mönnum, er svo þykir vitsmuna vant, að staðfesting mundi vera marklaus.
3. Mönnum, sem eru undir lagakæru, eða uppvísir hafa orðið að röngum framburði í rétti, eða meinsæri.

9. gr.

Staðfesting með æru- og drengskaparorði hefir að öllu sama gildi og afleiðingar sem eiðvinning.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er fram komið útaf tillögu þeirri til þingsályktunar, er á síðasta þingi var samþykt í neðri deild, um að skora á stjórnina að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um eiðatökur.

Stjórnarráðið er þinginu samdóma um það, að þörf sé á ákvæðum um að drengskaparorð komi í stað eiðvinningar, þegar svo stendur á, að menn, er enga trú játa, þurfa að staðfesta skýrslu sína. Stjórnin getur því í þessu höfuðatriði aðhylst þingmannafrumvarp það, er síðasta alþingi hafði til meðferðar. Hins vegar þótti eigi næg ástæða til að taka upp hinn nýja eiðstaf frumvarpsins og formála fyrir drengskaparorði, og það því síður sem skoðanir voru mjög skiftar um það á þinginu, hvort heppilegt væri að innleiða þessa formála. Í þess konar réttarmálum, sem hér ræðir um, virðist eiga að hafa formálana stutta og gagnorða, enda er alstaðar lagt kapp á það í nýjustu dómsmálalöggjöf þjóðanna. Eiðstafur Frakka felst aðallega í orðunum: »je jure«; Þjóðverjar segja: »Ich schwöre bei Gott dem Allmächtigen und Allwissenden . . . so wahr mir Gott helfe«, og líkt er að orði komist í dómsmálalöggjöf Austurríkismanna. Þykir því eigi ástæða til að breyta til muna þeim eiðstaf, sem nú er viðhafður og menn eru orðnir vanir.

Á hinn bóginn eru einstök ný atriði tekin upp í þetta frumvarp, er eigi voru í þingmannafrumvarpinu. Má þartil einkum nefna ákvæðin um heiteiðinn, þ. e. hið eiðfesta heit, sem venja er að þeir vinni, er taka við opinberum starfa eða opinberri viðurkenningu; auk embættismanna má t. d. nefna úttektarmenn (lög 12. jan. 1884, 31. gr.), meðdómendur í landamerkjamálum (lög 17. marz 1882, 10. gr.), hafnsögumenn (reglugj. 6. des. 1884, 2. gr.), dómendur í landsdómnum (lög 20. okt. 1905, 14. gr.) o. s. frv. Það er í fullu samræmi við tilgang þingmannafrumvarpsins að æru- og drengskaparorð megi koma í stað eiða, þá er slík heit skulu gefin, að minsta kosti þá er sá, er heitið skal vinna, játar enga trú. En þá virðist ástæða til að ganga ennþá lengra og gjöra hér engan

greinarmun eftir trúarjátningu, en láta æru- og drengskaparorð eingöngu koma í stað eiða. Þegar um skýrslu vitna eða málsaðila er að ræða eru málsúrslit komin undir framburði hinna og þessara manna, og því alveg nauðsynlegt að beita sem öflugustum ráðum til þess að leiða sannleikann í ljós, en til þess er eiðurinn einkar vel fallinn meðal kristinna manna vegna helgi þeirrar, er á honum hvílir. Nokkuð öðru máli er hins vegar að gegna, þegar þjóðfélagið felur þartil hæfum mönnum að gegna opinberri stöðu eða starfa; þá er eigi nauðsynlegt og því eigi heldur viðeigandi frá trúarlegu sjónarmiði að ætla að útvega sér meiri tryggingu fyrir góðri gegningu starfsins með því að heimta áköllun á guð. Í 1. gr. frumvarpsins er því lagt til að æru- og drengskaparorð komi alveg í stað heiteiðsins, þegar menn taka við opinberum störfum.

Þangað til endurskoðun fer fram á stjórnarskránni, verður þó hér að undanskilja eiða þá, er ræðir um í 4. og 30. gr. hennar, því að þeir verða eigi af teknir nema með stjórnarskrárbreytingu.

Að öðru leyti eru í frumvarpinu ýms ákvæði um eiðavinningu og drengskaparorð, sem að minsta kosti að nokkru leyti eru tekin upp úr nýjustu dómsmálalöggjöf þjóðanna, svo sem lögum Austurríkismanna 1895, um meðferð einkamála, og dönsku lögunum 26. marz 1909, um réttargæzlu, sbr. dönsk lög s. d. um heiteiða.

Samtímis þessu frumvarpi er lagt fyrir þingið frumvarp til laga um viðauka við núgildandi lög um utanþjóðkirkjumenn, og eru í því ákvæði, er miða að því að setja ákveðnar reglur um það, hverjir séu í þjóðkirkjunni og hverjir utan; án slíkra viðbótarákvæða virðist erfitt og athugavert að innleiða drengskaparorð í stað eiða.

Um einstök atriði frumvarpins skal þetta tekið fram.

Um 2. og 3. gr.

Jafnvel þótt drengskaparorð sæti sömu ábyrgð að lögum sem eiðar, mun eiðurinn þó jafnan verða fleirum helgari en drengskaparorð, og það jafnvel þeim, sem lítið sinna trúarbrögðum; af þeirri ástæðu er eiðtökunni sem sjaldnast slept í nútíðarlöggjöf. Samkvæmt þessu verður að álíta að þingmannafrumvarpið hafi gengið full langt með því að innleiða drengskaparorð fyrir alla, sem eigi teljast opinberlega til neins kristins trúarfélags. Þannig virðist t. d. rétt að taka Gyðinga í eið og aðra, er einhverja trú játa, þótt eigi aðhyllist þeir kristnar trúarsetningar.

Um 3. gr.

Ákvæðið um, að drengskaparorði skuli samfara handtök við dómarann, er tekið úr hinum framannefndu austurrísku lögum. Virðist sú aðferð vel til þess fallin að varpa hátíðlegum blæ á athöfnina.

Um 4. gr.

Rétt þykir að eiður sé unninn og drengskapur viðlagður að yfirheyrslu lokinni, enda er það í samræmi við núgildandi lög og frumvarp það, er neðri deild samþykti 1909. Hjá ýmsum þjóðum er að vísa farið gagnstætt að, t. d. hjá Austurríkismönnum. Með lögum 1. júní 1909 hafa Þjóðverjar breytt hinum eldri ákvæðum um þetta í þá átt, að eiðtakan fer nú fram á eftir yfirheyrslunni, og sömu reglu er fylgt í dönsku réttargæzlulögunum frá 1909.

Enda þótt skoðanir séu mjög skiftar um það, hvor aðferðin sé heppilegri,

virðist þó einsætt að aðhyllast eiðtöku að lokinni yfirheyrslu, þegar rekstur málsins fer skriflega fram, eins og hér á landi á sér stað. Sé vitnið tekið í eið á undan yfirheyrslunni, er hætt við að það kynoki sér við að breyta framburði, sem búið er að bóka, enda þótt það sjái meðan á yfirheyrslunni stendur, að framburðinum þurfi að breyta. Það er skiljanlegt, að vitnið kynoki sér við þessu, því að ef framburðinum er breytt, sýnir dómsmálabókin, að vitnið hefir borið rangt, þótt það sé búið að vinna eið að því að segja sannleikann.

Eiðtaka á undan yfirheyrslunni mundi ennfremur leiða til þess, að eiðs yrði oft krafist, þar sem málsaðilar mundu falla frá eiðtöku, ef hún færi fram á eftir yfirheyrslu. Tilganginum með eiðtöku á undan yfirheyrslu virðist líka mega ná með því að dómarinn áminni vitnið alvarlega um að segja satt áður en yfirheyrslan byrjar, eins og nú á sér stað.

Að því er áminningarræðuna snertir, þá þykir sjálfsagt að áminningarræða sú, sem fyrirskipuð er í tilsk. 22. sept. 1846 verði ekki viðhöfð, þegar menn, sem eigi játa kristna trú, eiga í hlut, en að dómarinn þá noti alvarlega áminningu, er hann sjálfur velur. Hins vegar þykir vafasamt, hvort rétt sé að afnema gömlu áminningarræðuna með öllu, þar sem margir telja hana áhrifamikla og menn eru orðnir henni vanir. Fyrir því er lagt til að henni sé ekki alveg slept, heldur sé hún notuð, þá er kristnir menn eiga í hlut og málsaðilar óska þess; en ella sé dómaranum falið að orða áminninguna.

Um 5. gr.

Í samræmi við það, sem að framan er sagt um lotningu þá, sem margir bera fyrir eiðnum, enda þótt trúlausir séu, þykir það eigi hættulaust með öllu að láta drengskaparorð, þegar svo ber undir, koma í stað aðilaeiðs, þar eð sá eiður snertir hagsmuni aðila sjálfs. Að minsta kosti verður þá að reisa skorður við þeirri óhæfu, að menn segi sig úr trúfélagi, til þess að geta bundið enda á sitt eigið mál með drengskaparorði í stað eiðs. Auk ákvæðis í þessa átt er ennfremur vikið frá alþingisfrumvarpinu í því, að eigi er tekið upp í eiðsdóminn ákvæði um, að málsaðili annaðhvort vinni eið eða leggi drengskap við framburð sinn. Slíku ákvæði er eigi heppilegt að bæta inn í eiðsdóminn sjálfan, sem áður er tvíkosta, enda mundi sjaldan þurfa á því að halda. Virðist ekkert því til fyrirstöðu að lögin geti breytt eiðsdómnum þannig, að drengskaparorð komi í stað eiðs, þegar svo ber undir, eins og gert er ráð fyrir í 7. gr.

Um 8. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar um að vissum mönnum skuli undantekningarlaust bannað að vinna eið, er auðvitað ekki fyrir það girt, að ekki megi neita öðrum mönnum um eið, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem í barnsfaðernismálum.

Um 9. gr.

Sbr. 154. og 155. gr. hegningarlaganna.

Nd. **25. Frumvarp**

til stjórnarskrár Íslands.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson og Bjarni Jónsson.

I.

1. gr.

Stjórnarfyrirkomulagið er þingbundin konungsstjórn; hefir Ísland konung sameiginlegan við Danmörk, og skal skipun sú, er nú gildir í Danmörku um ríkiserfðir, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn, er konungur er sjúkur eða fjarstaddur, einnig gilda að því, er til Íslands kemur. Sé konungur ófullveðja, gilda einnig hin sömu ákvæði og nú í Danmörku, þangað til löggjafarvald Íslands gerir þar um aðra skipan.

2. gr.

Löggjafarvald í öllum málefnum landsins er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands, þegar hann kemur til ríkis, hafi hann eigi þegar unnið þann eið sem ríkisarfi. Af eiðstaf konungs skal gjöra tvö samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu; hitt skal geyma í þjóðskjalasafni Íslands.

4. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald í öllum málefnum Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það.

5. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarathöfnum eftir því sem lög mæla fyrir um það. Alþingi getur kært ráðherrana fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

6. gr.

Konungur skipar ráðherra Íslands og leysir þá frá embætti. Aðsetur ráðherranna skal vera í Reykjavík. Einn þeirra eða fleiri fyrir ráðuneytisins hönd fara svo oft sem nauðsyn krefur á konungsfund, til þess að bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir þær, sem

snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þegar einhver ráðherranna ritar undir þær með honum.

7. gr.

Ráðherrar skulu þrír vera á landi hér, og skiftir konungur störfum með þeim. Einn þeirra skipar hann til forsætis, og stýrir hann ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánar ákveðið í lögunum.

Hver ráðherra undirskrifar með konungi ályktanir um þau málefni, er undir hann liggja sérstaklega, og ber hann ábyrgð á stjórnarathöfnum. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin fram fyrir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber á þann hátt fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því, að málið sé rétt framflutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnarskipulega ábyrgð á efni málsins, með því að setja einnig nafn sitt undir það. Laun ráðherra skulu ákveðin með lögum. Engin hafa ráðherrar lögmælt eftirlaun.

8. gr.

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann á Íslandi nema hann hafi fæðingjarétt *eftir þeim lögum, er alþingi hefir sett og samþykt*, og sé hann eigi Íslendingur, hafi fært sönnur á það með opinberu prófi, að hann skilji til hlítar íslenzku og geti talað hana og skrifað. Sérhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Eftirlaun embættismanna *má afnema með lögum.*

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sé gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin eða þá lausn frá embætti með launum þeim, sem *nánar verður ákveðið um með lögum um slík efni.*

Með lögum má undanskilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 50. gr.

9. gr.

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi *hvert* ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum.

10. gr.

Konungur stefnir alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

11. gr.

Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það, og ekki nema einu sinni á ári.

12. gr.

Konungur getur rofið alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður

en tveir mánuðir eru liðnir frá því er það var rofið, og alþingi stefnt saman áður en *hálft* ár er liðið frá þingrofinu.

13. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

14. gr.

Samþykkis konungs þarf til þess að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefir fallist á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður.

15. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út brágabirgðalög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, *enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eftir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabirgðafjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykt fyrir af alþingi.*

16. gr.

Konungur náðar menn, og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðherrum getur hann þó ekki án samþykkis alþingis gefið upp hegning, er landsdómur hefir dæmt þá til.

17. gr.

Konungur veitir sumpart beinlínis, sumpart með því að fela það hlutaðeigandi stjórnarvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkast hafa eftir reglum þeim, sem farið hefir verið eftir hingað til *eða settar kunna að verða.*

II.

18. gr.

Á alþingi eiga sæti 40 alþingismenn, og séu þeir allir þjóðkjörnir. Kosningarnir gilda venjulega 3 ára tímabil. Tölu þingmanna og lengd kjörtímabils má breyta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, er kosnir eru meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa til þingsetu fyrir það tímabil, sem eftir er af kjörtímanum.

Kjördæmum landsins skal skipa með lögum.

19. gr.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni eiga sæti 14 þingmenn, í neðri deildinni 26. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

20. gr.

Þingmenn til efri deildar kýs alþingi í heild sinni með óbundnum kosningum úr flokki alþingismanna fyrir allan kjörtímann, í fyrsta sinn, er það kem-

ur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði, meðan á kjörtímanum stendur, nokkurt sæti laust í efri þingdeildinni, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið lausa sæti fyrir þann kjörtíma, sem eftir er.

21. gr.

Kosningarrétt til alþingis *hefir hver sá karlmaður, sem orðinn er fulls 21 árs* að aldri, þegar kosningin fer fram, *nýtur óskertra vitsmuna*, hefir óflekkað mannorð og hefir verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Konum, giftum sem ógiftum, má með lögum veita kosningarrétt, fullnægi þær öllum öðrum skilyrðum fyrir kosningarrétti samkvæmt þessari grein.

22. gr.

Kjörgengur til alþingis er hver sá *karlmaður*, sem hefir kosningarrétt samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann;

1. er ekki þegn *í öðru þjóðriki en Íslandi*, né að öðru leyti er í þjónustu *annars ríkis;*
2. hefir að minsta kosti síðustu 5 ár verið *heimilisfastur á Íslandi*, og
3. sé orðinn fullra *25* ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir verið þar skemur en eitt ár.

Veita má konum, giftum sem ógiftum, kjörgengi með lögum, ef þær fullnægja áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrétti.

Undanþegnir kjörgengi eru allir dómarar.

Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

III.

23. gr.

Hið reglulega alþingi skal koma saman *1. júlí hvert ár*, eða, ef hann ber upp á helgan dag, næsta virkan dag þar á eftir, nema konungur hafi tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

24. gr.

Samkomustaður alþingis er Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur konungur þó skipað svo fyrir, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað í landinu.

25. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

26. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir.

27. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið að sjórnarskránni undir eins og viðurkent er, að kosning hans sé gild.

28. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að taka við kosningu, en skyldir eru þeir til að annast um að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, er stjórnin álítur nægja, án kostnaðar fyrir landssjóðinn.

29. gr.

Hvor þingdeild á rétt á að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig og sameinað alþingi senda konungi ávörp.

30. gr.

Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áríðandi tyrir almenning. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt á að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

31. gr.

Engan skatt má á leggja, né breyta, né af taka, nema með lögum; ekki má heldur án lögákvæða taka lán, er skuldbindi Ísland, né selja, eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins.

32. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

33. gr.

Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, skulu, þangað til breyting verður á því gerð með lögum, tilfærð í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

34. gr.

Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins séu þar allar taldar, og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta krafist, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita með lagaboði.

35. gr.

Enginn útlendingur getur öðlast fæðingjarétt nema með lögum, er alþingi hefir sett og samþykt.

36. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykt í. Verði þar breytingar á gerðar, gengur það aftur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hér aftur gerðar breytingar, fer frumvarpið að nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eftir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gerð verði fullnaðarályktun á máli, að meir en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig séu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, þarf aftur á móti að minsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, séu með frumvarpinu.

38. gr.

Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir, né heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefir talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr.

Ef sú breyting, er sviftir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, sem löglega er kosinn, missir hann rétt þann, sem kosningunni fylgir.

40. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa að öðru leyti.

Atkvæðisrétt hafa ráðherrar því að eins, að þeir séu kosnir alþingismenn.

41. gr.

Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr.

Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir það, og beiðast skýrslu um það.

44. gr.

Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings.

45. gr.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðherra.

46. gr.

Fundi beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr.

Þingsköpin handa hinu sameinaða alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lögum.

IV.

48. gr.

Skipun dómsvaldsins verður ekki ákveðin nema með lagaboði.

49. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

50. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana.

V.

51. gr.

Fyrirkomulagi kirkjunnar gagnvart landsstjórn skal skipa með lögum.

52. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

53. gr.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

54. gr.

Réttindi trúarbragðaflokka þeirra, er viðurkendir eru í landinu, skulu ákveðin með lögum.

55. gr.

Enginn má neins í missa af þegnréttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur þeirra vegna skorast undan almennum og lögmæltum félagsskyldum.

VI.

56. gr.

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann þá eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, *og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.*

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einfalt fangelsi.

57. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, né kyrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sérstaklega leyfi.

58. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lög og komi fult verð fyrir.

59. gr.

Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrétti manna til atvinnu og eigi eru bygð á almenningsheillum, skal af taka með lögum.

60. gr.

Sá, sem ekki getur séð fyrir sér og sínum, og sé hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rétt á að fá styrk úr almennum sjóði.

61. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda hins opinbera að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

62. gr.

Hver maður á rétt á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, en þó verð-

ur hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

63. gr.

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert félag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félög um stundarsakir, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess það verði rofið.

64. gr.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

65. gr.

Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eftir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

66. gr.

Rétti sveitarfélaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

67. gr.

Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

68. gr.

Sérréttindi, er bundin séu við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða. *Svo má og enginn maður hér á landi bera neinar orður, sem konungur og landstjórn veiti mönnum.*

VII.

69. gr.

Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi.

Nái frumvarpið samþykki beggja þingdeildanna, skal þá þegar rjúfa alþingi og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfestingu konungs, þá hefir það gildi sem stjórnskipunarlög.

Sömu meðferð skal hafa um sambandslög, er sett kynni að verða milli Íslands og Danmerkur.

70. gr.

Þegar er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest af konungi, gefur hann þau út sem »Stjórnarskrá Íslands«, og öðlast hún þegar gildi, og fellur þá um leið úr gildi stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnarskipunarlög um breyting á henni 3. október 1903.

Nd. **26. Frumvarp**
til hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Flutningsmenn: Magnús Blöndahl og Jón Þorkelsson.

1. gr.

Til hafnarbyggingar í Reykjavík veitast úr landssjóði alt að 800,000 — átta hundruð þúsund — krónur gegn jafnmiklu fjárframlagi úr hafnarsjóði Reykjavíkur. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Reykjavíkur með jafnmikilli upphæð og hafnarsjóður leggur fram, þó ekki yfir 100,000 krónur á ári.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 800,000 króna lán, er bæjarstjórn Reykjavíkur kann að fá til hafnarbyggingar.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til byggingar hafnarinnar eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnarbyggingin hefir í för með sér, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Reykjavíkur. Nú vill annarhvor málsaðila ekki una mati og getur hann heimtað yfirmat, en gjöra skal hann það innan 14 daga frá því að matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Reykjavíkur.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gjöra í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá sem gjöra vill eitthvert slíkt mannvirki skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá sem fengið hefir leyfi til að gjöra slíkt mannvirki skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónur, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórn kýs á sama hátt og aðrar nefndir, eftir því, sem mælt er fyrir í samþykt þeirri, er fyrir bæinn gildir.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fé hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gjöra nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Reykjavíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugjörðinni, og farmi þeirra:

1) Lestagjald.
2) Vitagjald.
3) Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4) Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5) Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Reykjavíkur semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má bæjarfógeta Reykjavíkur innheimtu á þeim.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi.

11. gr.

Nú má álíta að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðar eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórnin, með sérstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir tollgæzlumaður landssjóðs, og fær hann 2% í innheimtulaun. — Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. — Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni sendist síðan stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um

höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara, og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **27. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Sigurði Sigurðssyni, Ólafi Briem og Jóni Jónssyni N.-M.

Neðri deild alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd, til þess að íhuga landbúnaðarmál þjóðarinnar og koma fram með tillögur þar að lútandi.

Nd. **28. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson.

Alþingi ályktar, að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og reglur fyrir úthlutun styrksins, skuli, þangað til alþingi gerir aðrar eða nýjar ráðstafanir, vera á þessa leið.

A. Almenn skilyrði.

1. Að 10 menn eða fleiri í félagi hverju hafi á næsta ári á undan því, er styrkurinn er veittur, unnið að jarðyrkjustörfum þeim, er til greina eru tekin við styrkveitingu, samkvæmt eftirfylgjandi reglum, að minsta kosti 12 dagsverk hver þeirra. Hafi einhver félagsmaður unnið minna en hér segir, eru hans dagsverk ekki talin með til styrkveitingar.
2. Að félagið hafi sett sér lög og stjórn.
3. Að bónarbréf um styrkinn sé stílað og sent til Stjórnarráðsins.
   Skulu því fylgja:
   a. Afrit af lögum félagsins næsta ár eftir, að reglur þessar koma í gildi, og síðan í hvert sinn, er efnisbreyting er gerð á þeim.
   b. Reikningur um tekjur og gjöld félagsins síðastliðið félagsár. Reikningurinn beri einnig með sér, hvað margir menn eru í félaginu.
   c. Skýrsla um unnar jarðabætur í félaginu á síðastliðnu félagsári (almanaksári), útgefin af stjórn félagsins. Skal skýrslan samin eftir formi, er stjórn-

arráðið semur og úthlutar, og tiltaka stærð hverrar jarðarbótar, svo og dagsverkatölu hjá hverjum félagsmanni.

4. Að skoðunarmaður, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir tilnefnt, rannsaki og mæli allar þær jarðabætur, er í skýrslu eru teknar, og votti á skýrslunni, að þær séu þar rétt taldar, vel af hendi leystar, samkvæmt tilgangi sínum, og hliti að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir styrkveitingu. — Skoðunarmenn þessir skulu eigi fleiri vera en 2 í sýslu hverri.

B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar til greina við styrkveitingu:
   a. Túnasléttur og túnútgræðsla (þaksléttur og grónar flagsléttur).
   b. Sáðreitir (kálgarðar) nýyrktir.
   c. Girðingar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi, svo og hestaréttir og girðingar fyrir afrétt.
   d. Varnarskurðir, gripheldir.
   e. Flóðgarðar (uppistöðugarðar).
   f. Stíflugarðar.
   g. Vatnsveituskurðir.
   h. Lokræsi.
   i. Áburðarhús og forir (safnþrór).
   j. Upphleyptir vegir yfir tún.
2. Jarðabætur skulu lagðar í dagsverk þannig:

a. Túnasléttur og túnútgræðsla	50	fer.metra
b. Sáðreitir, byltir og blandaðir	75	——
c. Girðingar gripheldar:		
1. Grjótgarðar einhlaðnir 1,25 met. hæð	6	metra
2. —— tvíhlaðnir 1,25 — —	4	—
3. —— úr höggnu grjóti 1,25 met. hæð	2	—
4. Garðar úr torfi og grjóti 1,25 — —	6	—
5. Gaddavírsgirðing með 5 strengjum, 5 metrum milli stuðla og að minsta kosti 1,10 metra á hæð	7	—
6. Garðar úr torfi eða grjóti 0,65 metri á hæð með 3 gaddavírsstrengjum	7	—
7. Garðar úr torfi eða grjóti, 1 metri á hæð með 2 strengjum	6	—
8. Girðing úr vírneti eða járngrindum, að minsta kosti 1 metri á hæð	6	—
d. Varnarskurðir, 2 metrar á breidd, 1 metri á dýpt og garður hlaðinn á bakkann 1 metri á hæð	8	—
e. Flóðgarðar	6	ten.metrar
f. Stíflugarður	4	——
g. Vatnsveituskurðir:		
1. Einstungnir...	15	——
2. 0,70 metra á dýpt	12	——
3. Frá 0,70—1 meter á dýpt	10	——
4. Frá 1 meter til 1,5 meter á dýpt	8	——

h. Lokræsi.
   1. Með grjóti (malarræsi) ... ... 5 metrar
   2. Með hnaus (holræsi) . ... 6 —
   3. Með pípum (pípuræsi) ... ... 5 —

i. Áburðarhús og forir.
   1. Áburðarhús úr torfi, vegghæð alt að 2 metrum . ... 2 ten.metrar
   2. Áburðarhús úr grjóti, steinlímt eða steinsteypt ... ... 1 ——
   3. Forir steinlímdar eða steinsteyptar með þaki ... ... 1 ——
   4. Forir úr öðru efni ... ... 3 ——

j. Upphleyptur vegur um tún, 2 metrar á breidd ... ... 12 ——

3. Styrkveitingar skal miða við dagsverkatölu þá, er að framangreindum jarðabótum hafa verið unnin í félagi hverju, næsta almanaksár á undan því, sem styrkurinn er veittur.
4. Bónarbréf um styrkinn eiga að vera komin til stjórnarráðsins fyrir 1. ágúst það ár, sem styrkurinn er veittur.

C. Skýringar.

1. Jarðabætur, sem eigi mega fullgerðar teljast, eru meðal annars sáðgarðar, fjárhæli og hestaréttir, ef girðing er eigi komin gripheld á alla vegu.
2. Með tvíhlöðnum grjótgörðum má telja þá garða, er hafa sjálfstæða hleðslu úr grjóti varnarmegin, en upp með henni tryggilega torfhleðslu eða gróna jörð.
3. Úr torfi og grjóti eru þeir garðar taldir, er hafa grjót og torf á víxl.
4. Hestaréttir teljast því að eins til jarðabóta, að þær séu við tún eða bæ og tilheyri heimilinu.
5. Vírgirðingar má því að eins taka gildar, að vírinn sé galvaniseraður, svo og naglar þeir eða kengir, sem vírinn er festur með. Girðing úr sléttum vír, meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, er því að eins leyfilegt að taka á skýrslu, að hún sé með 5 strengjum, vírinn galvaniseraður og 6 mm. gildur. — Gaddavírsgirðing með 4 strengjum er og leyfilegt að telja gilda, ef hnausalagi er raðað undir neðsta strenginn, og girðingin að öðru leyti gerð samkvæmt þessum reglum. Í dagsverkið í slíkri girðingu skulu lagðir 10 metrar.
6. Stíflugarðar teljast allar fyrirhleðslur í ár eða meðfram þeim til að varna skemdum, svo og fyrirhleðslur í læki, farvegu, jarðföll eða siki, enda séu þær meiri á hæð og þykt en venjulegir flóðgarðar.
7. Lokræsi skulu að jafnaði því að eins tekin gild, að þau séu grafin svo djúp, að frost geti eigi náð sjálfu ræsinu.
8. Með rúmmáli áburðarhúsa skal eigi telja risið, né það rúm, sem vera kann ofan við 2 metra vegghæð innanvert.
9. Safnþrór »úr öðru efni« teljast þær, sem hlaðnar eru úr torfi eða þiljaðar innan með við.
10. Upphleyptir vegir yfir tún koma því að eins til greina, að þeir séu mölbornir og akfærir.

Nd. **29. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmenn Jón Þorkelsson, Magnús Blöndal.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga breyting á dómaskipan landsins, og koma fram með tillögur um það efni.

Nd. **30. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Magnús Blöndahl, Jón Þorkelsson og Björn Kristjánsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, til þess að íhuga peningamálefni landsins og koma með tillögur um það mál.

Nd. **31. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Magnús Blöndahl, Jón Þorkelsson og Björn Kristjánsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd

1. til þess að íhuga á hvern hátt að haganlegast mundi að efla svo hag Landsbankans, að hann yrði fær um að styðja nytsöm og nauðsynleg þjóðþrifa fyrirtæki, og koma fram með tillögur þar að lútandi.
2. til þess að íhuga fyrirkomulag veðdeildar Landsbankans og leggja ráð á og tillögur fram um það, hvernig tiltækilegast væri, að lánskjörin gætu orðið hagfeldari fyrir almenning en þau nú eru.

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um lögheiti á nokkrum stofnunum á Íslandi.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Benedikt Sveinsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Stofnanir þær hér á landi, sem nefndar verða í þessari grein, skulu eftirleiðis hafa lögheiti þau, er hér greinir:

Landssjóður Íslands skal heita: Allsherjar fjárhirzla Íslands; svo og skal gjaldkeri landssjóðs hér eftir nefnast: allsherjar féhirðir.

Landsbanki Íslands skal heita: Þjóðbanki Íslands.

Landsbókasafn Íslands skal heita: Þjóðbókasafn Íslands. Slíkt hið sama skal Landsskjalasafn heita: Þjóðskjalasafn Íslands.

Svo og skal Forngripasafnið upp héðan heita: Þjóðmenjasafn Íslands.

Embættisheiti á forstöðumönnum þessara fjögurra stofnana, er síðast voru taldar, skulu hlýða til þessa, er nú hefir mælt verið.

Amtsbókasöfn Vestfirðinga, Norðlendinga og Austfirðinga skulu hér eftir heita fjórðungsbókasöfn, kend til fjórðunga, svo sem verið hefir.

2. gr.

Þar sem svo stendur á, að heiti hafa þegar verið letruð með hinum fyrra hættinum á nokkura af stofnunum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., þá skal þeim heitum breytt samkvæmt því, sem þar er mælt fyrir um.

Nd. **33. Frumvarp**

til laga um prentsmiðjur.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Benedikt Sveinsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Í kaupstöðum og þeim verzlunarstöðum, sem lögreglustjóri er búsettur í, er heimilt hverjum þeim, sem fullráða er fjár síns, og hefir óflekkað mannorð, að setja prentsmiðju og reka prentiðn, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, er til þess þurfa að vera kaupstaðarborgari, og leysi borgarabréf handiðnarmanna, ef hann hefir það eigi áður á þeim stað. Utan kaupstaða þessara og verzlunarstaða þarf leyfi stjórnarráðs Íslands til þessa, en það leyfi veitist ókeypis. Brot gegn þessu varða sektum til allsherjar fjárhirzlu Íslands frá 25—500 kr.

2. gr.

Allar prentsmiðjur þær, er nú eru, eða síðar kunna stofnaðar að verða hér á landi, eru skyldar að láta þjóðbókasafni Íslands í Reykjavík ókeypis í té 5 eintök af hverju því, sem í þeim er prentað, stóru og smáu, öllu til skildu, en engu frá, sem og af endur- og sérprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, jafnt hvort sem það prentaða er haft til sölu eða eigi, og skulu 2 eintökin jafnan vera á skrifpappír.

Þjóðskjalasafninu í Reykjavík skal hver prentsmiðja á landi hér, sem er eða verða kann, láta ókeypis í té eitt eintak á skrifpappír af öllum þeim tímaritum og blöðum, sem út eru gefin hér á landi einu sinni á mánuði eða oftar.

Fjórðungsbókasöfn Norðlendinga, Austfirðinga og Vestfirðinga, svo og bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, skulu fá ókeypis eitt eintak hvert þeirra af öllum þeim ritlingum, bókum, tímaritum og blöðum, sem tveim örkum eru stærri og prentuð eru í prentsmiðjum hér á landi, þeim sem nú eru eða verða kunna. Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er þó undan skilið alt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

3. gr.

Hver prentsmiðja skal tvisvar á ári hverju, í janúar- og júlímánuði, senda lögreglustjóra í því lögregluumdæmi, sem prentsmiðjan er í, alt það prentmál, sem henni ber að standa áðurnefndum söfnum skil á samkvæmt 2. gr. laga þessara. Skrá skal og fylgja um alt það, sem prentað hefir verið á hverju ári og hverju safni um sig ber að fá, en lögreglustjóri annast sending hvorstveggja til safna þeirra, er hlut eiga að máli. Vanskil á prentmáli varða sektum til allsherjar fjárhirzlu Íslands frá 5—500 kr., ef eigi er bætt úr vanræktinni, þegar á-mint er um það.

4. gr.

Prentsmiðju, sem ólöglega er niður sett, má lögreglustjóri loka og leggja löghald á tæki hennar, ef þörf gerist.

5. gr.

Eigandi prentsmiðju ber ábyrgð á brotum gegn lögum þessum. Sé óvíst, hver eigandi er, eða sé hann fjarverandi, ber sá ábyrgðina, er hefir verkstjórn prentsmiðjunnar á hendi.

Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun frá 19. janúar 1821 að því leyti, sem hún tekur til Íslands; lög um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; viðaukalög frá 2. okt. 1895 við lög um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; lög frá 13. sept. 1901 um viðauka við lög um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; lög um breyting á lögum um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; lög frá 30. júlí 1909 um viðauka við lög nr. 80, 22. nóv. 1907. Ennfremur eru úr gildi numin öll önnur eldri og yngri ákvæði, er komið geta í bága við þessi lög.

Nd. **34. Fyrirspurn**

til ráðherra Íslands,

frá Jóni Jónssyni, þingm. N.-Múl.

Hver árangur hefir orðið af tillögu til þingsályktunar á þingskjali 706, 1909 um aðskilnað ríkis og kirkju, er samþykt var í neðri deild alþingis 1909?

Ed. **35. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka gerðir landsstjórnarinnar í Landsbankamálinu m. m.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

Efri deild alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka gerðir landsstjórnarinnar í Landsbankamálinu og fleiri málum. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Ed. **36. Tillaga**

til þingsályktunar

Flutningsmenn: Ari Jónsson, Kristján Jónsson, Sigurður Stefánsson.

Efri deild alþingis ályktar, að lýsa vantrausti á núverandi ráðherra.

Nd. **37. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Jón Jónsson þm. N.-Múl., Skúli Thoroddsen og Jón Sigurðsson þm. Mýram.

Neðri deild alþingis ályktar, að lýsa yfir vantrausti sínu á núverandi ráðherra Íslands.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson frá Vogi og Björn Kristjánsson.

1. gr.

Almennar auglýsingar og auglýsingar um dómsmál, sem um getur í opnu bréfi frá 4. janúar 1861, í skiptalögum frá 12. apríl 1878 og í lögum um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýs-

ingar frá 28. ágúst 1903, skal hér eftir að eins skylt að birta í því blaði, er fara á með opinberar auglýsingar að lögum hér á landi.

2. gr.

Öll ákvæði eldri og yngri, sem koma í bága við þessi lög, eru hér með úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **39. Frumvarp**

til laga um samþyktir um heyásetningseftirlit og heyforðabúr.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt fyrir hvern hrepp innansýslu, sem óskar þess, um heyásetningseftirlit og heyforðabúr.

2. gr.

Sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem vill koma á hjá sér samþykt um heyásetningseftirlit og heyforðabúr, leggur frumvarp til samþyktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppnum, sem samþyktina vill gera, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir hreppsbúar, sem kosningarrétt hafa til alþingis. Oddviti sýslunefndar eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd fallist á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingatillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem ekki hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki koma fram á ný, fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþyktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá

synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa í þeim hreppi, sem hún er gjörð fyrir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt ákveða um:

a. Að kosnir séu á hausthreppskilum ár hvert 2 eftirlitsmenn til þess að hafa eftirlit með heyásetningi og meðferð og hirðingu fénaðar í hreppnum.
b. Að eftirlitsmenn fari þrjár eftirlitsferðir um hreppinn: Um veturnætur til að mæla öll hey og áætla með bændum, hve mikinn fénað þeir megi setja á; um miðjan vetur til að skoða allan fénað, og um sumarmál til að líta eftir heyföngum og hirðingu fénaðar, og gefa einkunnir fyrir útlit hans, hirðing og umgengni.
c. Að eftirlitsmönnum sé ákveðin þóknun af hreppssjóði eftir samkomulagi, alt að 1 kr. til hvors þeirra fyrir hvern búanda í hreppnum.
d. Að eftirlitsmenn semji skýrslu um hverja skoðun, og innfæri í bók, sem hreppurinn leggur til, og til þess er hæf. Senda skal hreppstjóra eftirrit af skýrslu um síðustu skoðunarferð, svo fljótt sem verður.
e. Að heyforðabúri sé komið á fót í hreppnum, með því móti, að hreppsnefndin semji um það við einn eða fleiri bændur að taka að sér að hafa til ákveðinn heyforða af góðu heyi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að verða heyþurfar, eða á annan hátt að tryggja það, að ávalt sé til reiðu heyforði í hreppnum, ef á þarf að halda.
f. Að heyforðabúsbændum sé ákveðin hæfileg borgun úr sveitarsjóði fyrir hver 100 kg. af heyi (töðu eða útheyi), er þeir hafa lofað. Heyið sé ekki eldra en 2—3 vetra, og vel verkað.
g. Að heyið sé selt heyþurfum með fyrirfram ákveðnu verði, sem hreppsnefndin hefir samið um við heyforðabændurna, og borgist við móttöku með peningum eða öðru sem um semst. Sé borgunin greidd í skepnum og beri á milli um verð þeirra, skulu hlutaðeigendur hlíta mati eftirlitsmanna.
h. Að heyforðabúrin séu undir umsjón hreppsnefndar, og að eigi sé látið hey út úr þeim, nema eftir tilvísun hennar.
i. Að sá bóndi, er ekki hlítir ráðum eftirlitsmanna um heyásetning, fyrirgeri rétti sínum til að fá keypt hey úr forðabúrinu, nema eftirlitsmenn sjái, að öllum öðrum hreppsbúum sé borgið. Að öðru leyti hafi allir hreppsbúar jafnan rétt til heykaupa í forðabúrinu, á meðan það endist.
k. Að borgunin til forðabúrsbænda (samanb. stafl. f.) sé greidd þeim ekki síðar en á næstu vorhreppskilum í hreppnum, og samið þá um leið við þá eða aðra um heyforða næsta vetur.

6. gr.

Kostnað þann, sem leiðir af ásetningseftirliti og heyforðabúri greiði hreppssjóður samkvæmt 5. gr. Kostnaðurinn skal síðan endurgreiddur að helmingi úr landssjóði.

7. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert senda sýslumanni skýrslu um ásetningseftirlitið og heyforðabúrið í hreppnum fyrir næstliðið fardaga ár, ásamt reikningi yfir kostnaðinn við hvorttveggja. Skal sýslumaður þá greiða hreppsnefndinni styrk þann úr landssjóði, er hreppnum ber, samkvæmt 6. gr., og sé styrkurinn greiddur fyrir 1. dag októbermánaðar.

8. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð.

9. gr.

Með brot gegn samþykt skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **40. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög um verzlunarbækur.

Flutningsmaður: Jón Ólafsson, 2. þm. Sunnmýlinga.

1. gr.

Brot gegn annari grein laga um verzlunarbækur varða sektum í hvert sinn sem fyrirmælin eru brotin, í fyrsta sinn eigi lægri sektum en kr. 10, og hækki sektirnar í hvert sinn, ef oftar er brotið.

2. gr.

Brot gegn 3. og 5. grein varða sektum eða fangelsi eftir atvikum.

Kveði svo mikið að brotum gegn þessum greinum, að öll bókfærslan sé í þeirri óreiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það fangelsi, og, eftir atvikum, missi verzlunarleyfis eitt ár eður lengur.

3. gr.

Skyldur er dómari að kveðja verzlunarfróðan mann til að rannsaka bókhald kaupmanns, eða gera það sjálfur, ef skilvís og áreiðanlegur viðskiftamaður kaupmanns kærir bókhaldið. En kærandi ber ábyrgð að lögum á kæru sinni og á kaupmaður krófu á hendur kæranda fyrir tjón og traustsspjöll, ef kæran reynist eigi bygð á nægilegu tilefni.

Nd. **41. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 30.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Magnús Blöndahl og Jón Þorkelsson.

Fyrir töluna 5 komi: 7.

Ed. **42. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar samkv. 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka gerðir landstjórnarinnar í Landsbankamálinu m. m.

Flutningsmenn: Sigurður Hjörleifsson, Kristinn Daníelsson, Sig. Stefánsson.

1. Í stað orðanna í fyrirsögninni, rannsaka gerðir . . m. m. Komi: rannsaka landsbankamálið.
2. Fyrri málsgrein tillögunnar orðist svo:
Efri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka landsbankamálið.

Nd. **43. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, 2. þm. Sunnmýlinga, Skúli Thoroddsen og Jón Jónsson þm. N.-M.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að gera nú þegar í stað ráðstöfun til þess að gæzlustjóri sá, sem sæti á að eiga í stjórn Landsbankans samkvæmt kosningu neðri deildar alþingis, geti þegar tekið sæti sem gæzlustjóri við Landsbankann, og sjái um, að honum verði greidd þóknun sú, sem gæzlustjóra er ætluð, frá þeim degi, er honum var vikið frá starfi sínu við bankann.

Nd. **44. Frumvarp**

um breytingar á Stjórnarskipunarlögum Íslands 5. jan. 1874 með áorðnum breytingum samkv. lögum 3. okt. 1903.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson og Jón Jónsson, þingmenn Sunnmýlinga.

1. gr.

Fyrirsögnin verði »Stjórnarskrá Íslands«.

2. gr.

Næst eftir 1. gr. komi ný gr., er verði

2. gr.

»Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands, þá er hann kemur til ríkis, hafi hann eigi þegar unnið þann eið sem ríkisarfi. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og senda alþingi annað þeirra til geymslu; hitt skal geyma í Landsskjalasafninu.«

3. gr.

2. gr. Stj.skl. verði 3. grein, og orðist svo:

»Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sérstaklegu málum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það.

Landssjóður Íslands greiðir laun ráðherrans, svo og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl hans þar«.

4. gr.

3. gr. Stj.skl. fellur burt, en í hennar stað komi svo látandi greinar:

4. grein.

»Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðheilagur. Ráðherra ber ábyrgð á stjórnarathöfnum eftir því sem lög mæla fyrir um það. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál«.

5. grein.

»Konungur skipar ráðherra Íslands og leysir hann frá embætti. Aðsetur ráðherra skal vera í Reykjavík. Hann fer svo oft sem nauðsyn krefur á konungs fund, til þess að bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir, þær er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

Nú deyr ráðherra, eða verður ófær til að gegna ráðherrastörfum, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð þangað til konungur gerir aðra skipun. Breyta má þessu með lögum.

6. grein.

»Með lögum má ákveða, að ráðherrar skuli fleiri vera en einn.

Nú er ráðherrum fjölgað, og skiftir konungur þá störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir hann ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánara ákveðið í lögum.

Hver ráðherra undirskrifar með konungi ályktanir um þau málefni, er undir hann liggja sérstaklega, og ber ábyrgð á stjórnarathöfnum. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber þannig fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því, að málið sé rétt fram fiutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Að öðru leyti gilda um hvern ráðherra um sig þau fyrirmæli, sem sett eru um ráðherra Íslands í stjórnarskrá þessari«.

5. gr.

Í stað »annaðhvort« í 5. gr. [er verði 7. gr.] Stj.skl. komi »annaðhvert«.

6. gr.

8. [= 10.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Konungur getur rofið neðri málstofu og skal þá stofnað til nýrra kosn-

inga áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er hún var rofin og alþingi stefnt saman eigi síðar en næsta ár«.

7. gr.

11. [=13.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir. Samþykki alþingi þau ekki áður en þingi slítur, enda sé neðri málstofa eigi rofin áður en lögmæltur þingtími er úti, falla þau úr gildi. Bráðabirgða-fjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið liggja fyrir samþykt af alþingi«.

8. gr.

14. [= 16.] gr. Stj.skl. orðist svo:

A alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

9. gr.

15. [= 17.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Alþingi er 2 málstofur: efri málstofa og neðri málstofa. Efri málstofu sitja 15 þingmenn, en neðri málstofu 25. Breyta má tölum þessum með lögum.«

10. gr.

Í stað 16., 17. og 18. gr. Stj.skl. komi þessar 4 greinar:

18. gr.

»Þingmenn neðri málstofu skulu kosnir til 6 ára, og fer kosning þeirra allra að jafnaði fram samtímis. — Þingmenn efri málstofu skulu kosnir til 12 ára, þriðjungur þeirra 4. hvert ár. — Deyi þingmaður neðri málstofu meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, skal kjósa þingmann í stað hans, en að eins fyrir það tímabil, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti í efri málstofu, tekur sæti hans varaþingmaður, sá er í hlut á«.

19. gr.

»Kosningarrétt til neðri málstofu alþingis hafa allir karlar og konur, sem eru fullveðja að aldri, þó aldrei yngri en 21 árs, þegar kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu 1 ár, sé fjár síns ráðandi og hafi ekki þegið sveitarstyrk síðustu 2 ár, nema hann sé endurgoldinn.

Kosningarrétt til efri málstofu hafa allir þeir sem eru fullra 35 ára, þegar kosningin fer fram, og fullnægja að öðru leyti kosningarréttar-skilyrðum til neðri málstofu.

Með lögum má binda kosningarrétt til alþingis við þekkingarskilyrði«.

20. gr.

»Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrétt til neðri málstofu samkvæmt því sem nú er sagt, ef hann er ekki þegn annars ríkis eða að

öðru leyti í þjónustu þess, enda hafi verið heimilisfastur 2 síðustu ár í veldi Danakonungs.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir verið þar skemur en eitt ár«.

21. gr.

»Þingmenn efri málstofu og jafnmarga varamenn skal kjósa með hlutfallskosningu í einu lagi fyrir land alt. Að öðru leyti setja kosningarlög nákvæmari reglur um kosningarnar«.

11. gr.

19. [= 22.] gr. Stj.skl. orðist þannig:

»Hið reglulega alþingi skal koma saman lögmæltan dag annaðhvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það sama ár.

Breyta má þessu með lögum«.

12. gr.

Eftir 20. [= 23.] gr. Stj.skl. komi ný gr. svolátandi:

»Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi«.

13. gr.

1. málsgr. 25. [= 28.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Fyrir hvert reglulegt alþingi skal undir eins og það er samankomið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland, fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja gjald, það er greitt er úr ríkissjóði Danmerkur til hinna sérstaklegu gjalda Íslands«.

Aftan við greinina bætist:

»Breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, sem hafa í för með sér ný og aukin útgjöld, má enginn bera fram á alþingi, nema ráðherra eða umboðsmaður hans«.

14. gr.

26. [= 29.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Sameinað alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningum. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins séu þar allar taldar og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig eða hverir tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði«.

15. gr.

29. [= 32.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Hvor málstofa alþingis sker sjálf úr, hvort þingmenn hennar séu löglega kosnir«.

16. gr.

33. [= 36.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Breytist hagur þess sem löglega er kosinn, þannig, að það svifti hann kjörgengi, missir hann rétt, þann sem kosningunni fylgir«.

17. gr.

Á undan 42. [= 45.] gr. Stj.skl. komi ný grein, er svo hljóðar:

45. gr.

»Konungur getur með samþykki alþingis kært menn fyrir Landsdómi fyrir þess konar glæpi, er honum virðast einkar háskalegir fyrir Ísland«.

18. gr.

45. [= 49.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum«.

19. gr.

48. [= 52.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Hvern þann sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann þá eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi«.

20. gr.

55. [= 59.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert félag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess það verði rofið«.

21. gr.

62. [= 66.] gr. Stj.skl. orðist svo:

»Þegar er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest af konungi, skal færa breytingarnar inn í textann og breyta greinatölu samkvæmt þeim. Hvervetna þar sem í lögunum stendur nú: »neðri deild«, »efri deild«, »þingdeildirnar«, »deildarmenn«, komi: »efri málstofa«, »neðri málstofa«, »málstofurnar«, »málstofumenn«, Lög þessi öðlast þegar gildi, og koma þau í staðinn fyrir Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, og stjórnarskipunarlög um breyting á henni 3. október 1903.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Í fyrsta sinn sem kosið er til efri málstofu samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, skal kjósa 15 menn og 15 varamenn fyrir land allt. Á fyrsta reglulega þingi eftir kosninguna skal ákveða með hlutkesti, hverir fari frá eftir 4 ár og hverir eftir 8 ár.

2. Umboð konungkjörinna þingmanna falla úr gildi, þá er kosið hefir verið til Alþingis í fyrsta sinn eftir að þessi stjórnarskrá hefir öðlast gildi.

Nd. **45. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 31.

Flutningsmaður: Magnús Blöndahl.

Fyrir töluna 5 komi: 7.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sóknargjöld frá 30. júlí 1909.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson og Jón Jónsson, þm. N.-M.

Í stað 2. greinar, 7. gr. og 8. gr. komi:

1. gr.

Gjald til prests skal nema á hvern mann, karl og konu, og í hvaða stöðu sem er, á aldrinum frá 16—66 ára, 1 kr. 50 aurum, er greiðist í prestslaunasjóð. Gjaldi þessu skal jafnað niður þannig, að helming þess, 75 aura, greiði hver maður, en hinum hluta þess skal sóknarnefnd jafna niður á alla gjaldskylda menn í sókninni eftir efnum og ástæðum.

Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem ekki eru í þjóðkirkjunni. — Enn fremur eru undanþegnir gjaldinu heyrnar- og málleysingjar og sjúklingar, sem eingöngu eru framfærðir af almannafé.

2. gr.

Hver maður, sem er 16—66 ára, hvort heldur er karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, sem hann á sókn að, 75 aura á ári.

Undanþegnir þessu kirkjugjaldi eru allir þeir hinir sömu, sem samkvæmt 1. gr. eru undanþegnir prestsgjaldi.

Nú hefur söfnuður á hendi umsjón og fjárhald kirkju, og má sóknarnefnd þá með jákvæði lögmæts safnaðarfundar og samþykki héraðsfundar hækka kirkjugjald fyrir eitt ár í senn eða um tiltekið árabil.

Ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, sem sóknarnefnd hefir

ákveðið og safnaðarfundur samþykt, nægir ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, er sóknarnefnd heimilt að jafna niður því, sem á vantar, á alla gjaldskylda safnaðarlimi eftir efnum og ástæðum.

3. gr.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er landsstjórninni veitt heimild til að ákveða kirkjugjald þannig, að það, miðað við tölu allra gjaldskyldra safnaðarlima, á aldrinum 16—66 ára, nemi jafnmikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið að meðaltali um næstliðin 10 ár.

Ákvörðun þessi skal þó því að eins gilda, að kirkjuforráðandi eða söfnuður hafi beiðst þess. Auglýsing um hið ákveðna kirkjugjald í hverri sókn skal birt í A-deild stjórnartíðindanna.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær, sem með þeim eru gerðar, inn í lögin frá 30. júlí 1909 um sóknargjöld.

Nd. **47. Tillaga**

til þingsályktunar um, að skipa nefnd samkv. 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka Landsbankamálið.

Flutningsmenn: Hálfdan Guðjónsson, Sigurður Gunnarsson og Björn Sigfússon.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka Landsbankamálið. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Ed. **48. Frumvarp**

til laga um skoðun á síld.

Flutningsmaður: Sigurður Hjörleifsson.

1. gr.

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings og veidd er í herpinót eða í reknet og söltuð er í landi eða við land.

Auk þess skal öllum gefast kostur á, að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

2. gr.

Skoðun þessi skal framkvæmd af matsmönnum, yfirmatsmönnum eða undirmatsmönnum.

3. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert, skulu skipstjórar á þeim síldveiðaskipum, er veiða með herpinót eða reknetum, skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann segja fyrir um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sé fyrir geymslu síldarinnar, og skulu skipstjórar eða útgerðarmenn skyldir til þess að hlíta fyrirmælum hans.

4. gr.

Landsstjórnin sér um að til séu eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

5. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi, sem veitt hefir síld sína með þeim veiðarfærum, er um getur í 1. gr. Skal flytja hana þangað, sem einhver matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra að tilkynna honum þegar um komu sína; má ekki byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaður hefi skoðað hana og metið. Meðan á söltuninni stendur, ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kynni að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda í lagarheldum tunnum.

6. gr.

Sé veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana á skipinu, eða án þess hún sé sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna síldveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi, þar sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem ræðir um í þessari grein, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar í lagarheldum tunnum.

7. gr.

Þegar skoðun fer fram á saltaðri síld og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í, ef þess er krafist. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum, má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sé áður af máð.

8. gr.

Yfirmatsmenn séu tveir, skipaðir af ráðherra. Annar þeirra hafi aðsetur á Akureyri, hinn á Siglufirði. Stjórnarráðið ákveður starfsvið þeirra og gefur þeim erindisbréf. Laun þeirra hvors um sig séu 1000 kr. árlega.

En auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og tvær krónur í fæðis-

peninga, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns. Laun, ferðakostnaðar og fæðispeningar greiðist úr landssjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráðið gefur þeim erindisbréf, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn og skal það greitt af útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—2000 kr. sekt, sem renna í landssjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1911.

Nd. **49. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 37.

Frá Benedikt Sveinssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Jóni Jónssyni, þm. N.-M. og Skúla Thoroddsen.

Aftan við tillöguna bætist:

og skorar á hann að beiðast lausnar þegar í stað.

Nd. **50. Frumvarp**

til laga um búpeningsskoðun og heyásetning.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Hreppstjórar skulu á hausthreppskilum ár hvert annast um, að kosnir séu 2—4 menn til þess að skoða búpening hreppsbúa og hafa eftirlit með fóðurbirgðum þeirra og heyásetningi.

Um kosningarrétt, kjörgengi og skyldur til þess að takast þennan starfa á hendur gilda sömu ákvæði og um kosningu til hreppsnefndar.

2. gr.

Skoðunarmenn, er getur um í 1. gr., skulu fara tvær skoðunar- og eftirlitsferðir um hreppinn. Fyrri skoðunarferðin skal gjörð á timabilinu frá 20.

oktbr. til 30. nóvbr., en hin seinni frá 1. apríl til 15. maí. Hreppsnefnd ákveður nánara hvenær á þessum tímabilum skoðanirnar skuli fram fara.

Í fyrri skoðuninni skulu skoðunarmenn skyldir til að líta eftir heybirgðum hreppsbúa og áminna þá um að ætla öllum fénaði, er þeir setja á vetur, nóg fóður, og leiðbeina þeim í öllu, er lýtur að heyásetningi. Í seinni skoðunarferðinni skulu skoðunarmenn athuga um, hvað heybirgðum búenda líður og líta eftir allri meðferð búpenings. Verði þeir þess þá varir, að fénaður einhvers í hreppnum sé illa hirtur eða vanfóðraður, skulu þeir áminna þann, er í hlut á.

3. gr.

Hafi skoðunarmenn ástæðu til að ætla, að fénaði einhvers hreppsbúa sé horfellir búinn vegna fóðurskorts, illrar hirðingar eða harðýðgi, þá skulu þeir brýna fyrir honum þá ábyrgð, er hann baki sér með því að láta fénað sinn verða horaðan eða horfalla. Jafnframt skulu þeir, með ráði beztu manna í hreppnum, gjöra ráðstafanir til að bætt verði úr fóðurskortinum eða vanhirðingunni á kostnað þess, sem hlut á að máli.

4. gr.

Nú verður fénaður horaður eða fellur úr hor, og er að áliti skoðunarmanna um að kenna fóðurleysi, hirðuleysi eða harðýðgi þess, sem fénaðinn hefir undir hendi, og skal þá tafarlaust skýra hreppstjóra frá því, en hann tilkynnir það sýslumanni, ásamt öllum málavöxtum. Tekur hann þá málið fyrir, og skal sá, sem sekur er, sæta sektum 10—100 kr., er renna í sveitarsjóð, eða einföldu fangelsi.

5. gr.

Skoðunarmenn skulu að aflokinni seinni skoðunarferð sinni senda hreppstjóra skýrslu um skoðanirnar. Í skýrslunni skal hverjum fjáreiganda gefin einkunn fyrir hirðingu og alla meðferð búpeningsins. Hreppstjóri skal halda bók, er hann ritar í skýrslur skoðunarmanna; en skýrslurnar skal hann senda sýslumanni, og skulu þær lagðar fyrir sýslunefnd til eftirlits og athugunar. Skýrslur þessar skal hreppstjóri lesa upp á vorhreppskilum ár hvert. Skýrslurnar skulu samdar eftir fyrirmynd, sem stjórnarráðið semur.

6. gr.

Fyrir skoðunargerðir þær, sem ræðir um í lögum þessum, skal greiða skoðunarmönnum borgun eftir samkomulagi við hreppsbúa, alt að 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að skoðun. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

7. gr.

Sýslumaður skal á manntalsþingum grenslast nákvæmlega eftir því, hvort lögum þessum hafi verið hlýtt, eða brot framin gegn þeim.

8. gr.

Undanþegin ákvæðum 1. og 2. greinar þessara laga, að því er hinar fyrirskipuðu búpeningsskoðanir snertir, eru þau hreppsfélög, er komið hafa á hjá sér löggiltri samþykt um heyásetningseftirlit, samkvæmt lögum um samþyktir um heyásetningseftirlit og heyforðabúr, á meðan slík samþykt er í gildi.

9. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög 9. febrúarmán. 1900 um horfelli á skepnum o. fl.

Nd. **51. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 28.

Frá Pétri Jónssyni þingm. S.-Þ.

1. Við A 1.—3. Þessi kafli orðist svo:
   1. Að 10 menn eða fleiri séu í félagi hverju, og hafi helmingur félagsmanna að minsta kosti unnið 15 dagsverk hver eða meira að jarðabótum þeim, sem til greina eru teknar við styrkveitingu samkvæmt eftirfylgjandi reglum.
   2. Að félagið hafi sett sér lög og stjórn, og að hver félagsmaður greiði í félagssjóð að minsta kosti 2 krónur sem árstillag.
   3. Að stjórn félagsins sendi stjórnarráðinu árlega skýrslu um unnar jarðabætur í félaginu, eftir formi er stjórnarráðið semur og úthlutar, samda af skipuðum skoðunarmanni. Skal henni fylgja:
      a. reikningur um tekjur og gjöld félagsins það ár, sem skýrslan tekur yfir, endurskoðaður. Skal hann sýna tölu félagsmanna;
      b. eintak af lögum félagsins það ár, sem fyrst er gefin skýrsla um samkvæmt reglum þessum, og síðan hvert ár, er ártalið stendur á hálfum eða heilum tug.
2. Við A 4. Fyrir orðin: »er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir til nefnt« komi: skipaður af sýslunefnd eða bæjarstjórn — samkvæmt tillögum búnaðarsambands í þeim héruðum, þar sem það er til —
3. Eftir A 4. komi ný málsgrein:
   Eftir árið 1915 má skoðunarmaður eigi taka upp í skýrsluna túnasléttur, túnútgræðslu né sáðreit á þeim sveitabæjum, þar sem ekki er til salerni og áburðarhús.
4. Við B 1. a. »og túnútgræðsla« falli burt.
5. — — 1. b. Túnútgræðsla (óbylt land) [nýr liður]
6. — — 1. b. [verður c, o. s. frv.]: Fyrir »(kálgarðar)« komi: (matjurtagarðar).
7. — — 1. c. Fyrir: »og girðingar fyrir afrétti« komi: girðingar búfjárhaga og fyrir afréttarlönd.
8. — — 1. i. Fyrir: »forir (safnþrór)« komi: safnþrór.

9. Við B 1. j. — »tún« komi: tún og engjavegir.
10. — — 2. a. . . . »og túnútgræðsla« falli burt.
11. — — 2. b. [nýr]: Túnútgræðsla (óbylt land) 100 metra.
12. — — 2. b. [verður c, o. s. frv.]. Fyrir: »blandaðir« komi: jarðvegsblandaðir.
13. — — 2. c. 5. orðist svo:
Gaddavírsgirðing að minsta kosti 1,10 metra á hæð með alt að 6 metra bili milli stuðla:
α með 5 strengjum eða fl. . . . . 8 metra
β — 4 —»— og undirhleðslu . . . 10 —
γ — 2—3 —»— án —»— . . . 25 —
14. — - - c. 6. [nýr]: Slétt vírsgirðing með 5 eða fleiri strengjum . . . . . 10 —
15. — - - g. 1. . . . . Fyrir: »15« komi: . . . . . 16 —
16. — - - h. 2. . . . . — »6« — . . . . . 8 —
17. — - - i. 2. . . . . — »1« — . . . . . 0,5 ten.metr.
18. — - - - 3. F.: »forir« k.: steinþrór; fyrir; »1« komi: . . 0,5 ——
19. — - - i. 4. Fyrir: »Forir úr öðru efni . . . . . 3 ten.metr.« komi: Safnþrór úr öðru efni með þaki . . 2 ——
20. — - - j. Fyrir: »tún, 2 metrar á breidd . . . . . 12 —— komi: tún og engjavegir, minst 2 metrar á breidd . . . . . 10 metrar
21. — - 4. Fyrir: »Bónarbréf um styrkinn . . . komin . . . . ágúst«, komi: Skýrslurnar . . . komnar . . . . september.
22. — C 1. Fyrir: »sáðgarðar« komi: sáðreitir.
23. — - 3. Liðurinn falli burt.
24. — - 5. Fyrir: »vírinn galvaniseraður og« komi: og vírinn.
— - - Fyrir: »og er leyfilegt að« komi: má.
— - - Fyrir: »hnausalagi« komi: steinalagi eða hnausa.
— - - »Í dagsverkið — metrar« falli burt.
25. — - 7. »að jafnaði« falli burt.
26. — - 8. [nýr málsliður]: Hús, með vatnsheldu þaki, til að geyma í efni til áburðardrýginda, séu lögð í dagsverk eins og áburðarhús, og öll hæðin innanmáls tekin til greina.
27. — - 10. Eftir »tún« komi: og engjavegir. Fyrir: »akfærir« komi: færir fullhlestum vögnum.

Nd. **52. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Jón Jónsson N.-M., Benedikt Sveinsson og Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa í eftirlaun 1200 kr. á ári í jafnmörg ár, sem hann hefir þjónað því embætti, en eigi lengur.

2. gr.

Hér með er úr lögum numin 3. gr. laga um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **53. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sóttgæzluskírteini skipa.

Nefnd sú er kosin var af háttv. Ed. til þess að athuga frumvarp þetta, hefir, eftir að hafa athugað ástæðurnar fyrir frumvarpinu, komist að raun um, að það sé til bóta, með því að það létti af siglingum hingað til lands allsendis ónauðsynlegu gjaldi, og leggur því til að þingdeildin samþykki frumvarpið óbreytt.

Efri deild alþingis 21. febrúar 1911.

J. Havsteen formaður. Aug. Flygenring skrifari og framsögum. Sigurður Hjörleifsson.

Sigurður Stefánsson. Gunnar Ólafsson.

Ed. **54. Nefndarálit**

um Frumvarp til laga um vita, sjómerki o. fl.

Fyrrum, áður en landið átti nokkurn vita, og eins meðan Reykjanesvitinn var hinn eini, er kostaður var af landsfé, voru allvíða umhverfis landið smávitar eða leiðarljós og voru þau oftast kostuð af einstökum hreppum eður sýslufélögum. Stöku sinnum voru þó ljósker þessi kostuð af einstökum mönnum. Önnur sjómerki voru varla teljandi, nema fyrir bátalendingar og grunnleiðir þeirra. Flest þeirra eru ýmist vörður, hlaðnar úr grjóti, eða uppreistir staurar með tréspjöldum eða þ. u. l. Flest þessara síðartöldu merkja má víst telja meinlaus og gagnslaus fyrir siglingarnar alment. Öll hafa merki þessi verið sett upp, feld niður eða breytt án verulegs eftirlits frá hálfu þess opinbera. Hefir því starfræksla öll og viðhald, að því er leiðarljósin snertir, verið í hinu mesta ólagi. Ljósin hafa oftast logað svo dauft að ekki hefir verið fyrir ókunnuga hægt að aðgreina þau frá öðrum almennum ljósum í húsum eða á

skipum; það hefir verið illa um þau búið, svo þau hafa oft sloknað, og oft og tíðum hafa þau verið lögð niður eða færð úr stað án fyrirvara eða auglýsinga um það.

Af þessu hefir leitt, að skip sem í myrkri hafa leitað lands, hafa ýmist ekki þorað að treysta þeim, eða þeirra vegna afvegaleiðst og jafnvel dæmi til borist á.

Við þessa óreglu er nú ekki unandi lengur, og það því síður, sem á síðari árum hefir verið lagt stórfé í bygging nýrra vita umhverfis landið, auk þess sem búist er við að þeim á næstu árum verði enn fjölgað nokkuð.

Frumvarpi því til laga um vita, sjómerki o. fl., sem hér er um að ræða, er ætlað að ráða bót á þessari óreglu. auk þess sem það inniheldur ákvæði um heimild, sem landsstjórninni er gefin til þess að setja hafnarnefndum skilyrði fyrir samþykt hafnarreglugerða að því er snertir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðanna. Jafnvel þó þetta ákvæði muni þykja allhart í garð hafnarsjóðanna, finnur þó nefndin ekki ástæðu til að leggja á móti því, þar sem í lögunum er tekið fram að kröfum í þessa átt skuli hagað eftir tekjum og efnahag hafnarsjóðanna. En þar sem í sömu grein (7. gr.) hafnarnefndum er gert að skyldu, að láta á kostnað hafnarsjóðs nema burt úr höfnum og af leiðum inn á þær, skipsflök eða annað, er hefir sokkið þar, þá álítur nefndin, að slíkt geti orðið ofvaxið efnahag sjóðanna. Sökkvi skip inni á höfn eða hafnarleið og eigendur þess teldu frágangssök að ná því upp, enda ekki hægt að skylda þá til þess, þá gæti svo farið, að kostnaður við að sprengja slíkan skipsskrokk og flytja burt yrði mikils til ofvaxinn efnahag viðkomandi sjóðs. Vér lítum einnig svo á, að það sé landsins í heild sinni og þar með landssjóðs að standa straum af þeim kostnaði, er óhjákvæmilegur kann að þykja til þess að greið og örugg umferð geti átt sér stað á öllum aðal-farleiðum inn og út af höfnum, eins og umhverfis landið, og því eigi landssjóður að bera það mesta af kostnaðinum, þegar óhöpp af líku tægi og þetta eigi sér stað, sem mikinn kostnað hafa í för með sér. Vér leggjum því til að að eins viss hluti kostnaðarins í slíkum tilfellum skuli greiddur af hafnarsjóði, en það sem fram yfir er af landssjóði.

Önnur smábreyting leggur nefndin til að gerð verði á frumvarpinu.

Þar sem stjórninni er veitt synjunarvald um uppsetning leiðbeiningarmerkja, ef þau eru talin gagnslaus, álítum vér of langt farið. Nægilegt virðist að binda synjunarheimildina við það, ef merkið mætti álíta skaðlegt eða villandi; enda óskiljanlegt, að nokkur biðji um að setja upp merki og halda því við, sem er alveg gagnslaust. Vér þekkjum fjölda leiðarmerkja, sem reist hafa verið í ýmsum verstöðum fyrir einstakar bátalendingar og grunnleiðir, sem bátum eru færar. Þessi merki mætti telja gagnslaus fyrir siglingar alment umhverfis landið, enda þótt þau kæmi að góðum notum fyrir sérstakar lendingar, og viljum vér því ekki aftra því með lögum þessum að þau fái að standa, séu þau að öðru leyti talin skaðlaus.

Nefndin leyfir sér því að koma fram með eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. við 1. gr.:
   Orðin »gagnslaust eða« í enda greinarinnar, falli burt.

2. við 7. gr.:
2. málsgrein orðist svo: Hafnarnefndum er skylt að láta nema burt úr höfnum eða leiðum inn á þær skipsflök eða annað, er hefir sokkið þar eða rekið þangað og getur valdið skaða skipum, er þangað leita eða þar liggja, eða leggja þar út dufli til viðvörunar, að minsta kosti til bráðabirgða.
Kostnað þann sem af þessu leiðir greiðir hafnarsjóður. Fari kostnaðurinn fram úr 300 krónum, greiðir þó landsjóður það sem umfram er, eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Kostnað af duflum ber þó hafnarsjóður einn.
Að öðru leyti leggjum vér til að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Ed. alþingis 23. febrúar 1911.

J. Havsteen form. | Aug. Flygenring skrifari og framsögum. | Gunnar Ólafsson.

Sigurður Stefánsson. | Sigurður Hjörleifsson.

Nd. **55. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um samþyktir um heyásetningseftirlit og heyforðabúr.

Flutningsmaður: Pétur Jónsson.

1. Úr fyrirsögninni falli orðin: heyásetningseftirlit og
2. Við 2. gr. »Heyásetningseftirlit og«: falli burt.
3. — 2. — Á eftir orðinu «leggur», komi: »með samráði við lögmætan sveitarfund«.
4. 5. gr. orðist svo:
Í samþykt má ákveða:
   a. Um heyásetningseftirlit.
   b. Um stofnun heyforðabúrs, svo sem með því, að hreppsnefndin semji við einn eða fleiri menn að þeir hafi til ákveðinn forða af góðu heyi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að lenda í heyþroti, ellegar á annan hátt tryggja það, að ákveðinn heyforði sé til í hreppnum til hjálpar í heyþroti.
   c. Um ákvæðisgreiðslu úr sveitarsjóði fyrir hver 100 kg. af heyi (töðu eða útheyi) til þeirra er heyforðann ábyrgjast.
   d. Um verð fyrirfram ákveðið á heyi úr heyforðanum og innheimtu þess og gjalddaga.
   e. Um umsjón heyforðans, enda sé hann jafnan undir eftirliti sveitarstjórnar.
5. 6. gr. orðist svo:
Árskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði, svo sem vexti höfuðstólsins, kostnað við fyrningu heys og endurnýjun, svo og umsjónarkostnað. Vextir og fyrning-

argjald eða endurnýjunarkostnaður á þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, endurgreiðist síðan úr landssjóði, þó eigi yfir 40 au. fyrir hvern hest (100 kgr.) í þessum hluta forðans.

6. Við 7. gr. Fyrir »sýslumanni« á 2 stöðum komi: stjórnarráði.
7. — - — — »hvorttveggja« komi: heyforðabúrið.
8. — - — Orðin: »áseturingseftirlitið og« falli burt.
9. — - — Á eftir greininni komi ný grein:
Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.
10. 8.—9. gr. verði ein grein (8. gr.).

Nd. **56. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson, Ólafur Briem og Einar Jónsson.

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningsbrautarinnar frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt, að Ytri-Rangá, ásamt viðhaldi og gæzlu brúnna yfir Þjórsá og Ölfusá.

2. gr.

Þegar flutningabraut er fullgerð, getur stjórnarráðið afhent hana sýslu eða sýslum til viðhalds, að aflokinni úttekt á brautinni. Skulu úttektarmenn vera tveir, en verkfræðingur sá, er stjórnar vegagerð landsins, er sjálfkjörinn oddamaður. Stjórnarráðið útnefnir annan úttektarmanninn, og skal hann vera búsettur í héraði því, er brautin liggur um og viðhaldsskyldan hvílir á. Hinn úttektarmanninn skipar sýslunefnd þeirrar sýslu eða sýslna, er eiga að taka að sér viðhaldið. Úttektarmönnum skulu greiddar 4 kr. á dag úr landssjóði, meðan þeir eru að úttekt.

Afhending flutningabrauta má þó aldrei fara fram fyrri en tveimur árum eftir að lokið var að byggja hana, enda hafi verið bættar á landssjóðskostnað allar skemdir, sem orðið hafa þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð. Skulu bæturnar vera svo fullkomnar, að svo miklu leyti, sem unt er, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

3. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald 1 kr. 25 aura fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hvaða stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna,

skulu samdar í október ár hvert. Samrit af verkfæraskránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té, og eftir skrá þessari er vegagjaldið ákveðið.

4. gr.

Til vegagerða má ekki verja meiru fé úr sveitarsjóði en hreppsvegargjaldinu nemur. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar úr sveitarsjóði, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin stafliður a, 8. gr.: Landssjóður til Ölfusi; stafliður d. sömu gr.; 10. gr.; 24. gr.; 26. gr.; fyrri liður 27. gr.; 54. og 55. gr. í lögum frá 22. nóvember 1907 um vegi.

Nd. **57. Frumvarp**

til laga um skógrækt.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Ólafur Briem.

1. gr.

Skógrækt skal hefja og framkvæma með því að friða og bæta skóga þá og skógarleifar, sem enn eru hér á landi, rækta nýjan skóg og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógs og gróðursetning. Leggja skal og stund á varnir gegn uppblæstri lands og sandfoki, þar sem því verður við komið.

Landsstjórnin hefir yfirstjórn skógræktarmála og sandgræðslumála.

2. gr.

Skipa skal skógræktarstjóra, og hefir hann á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gerðar verða til skógræktar og sandgræðslu. Hann skal hafa stundað skógrækt, og int af hendi próf, er landsstjórnin tekur gilt. Skógræktarstjóri hefir að launum 2400 kr.

3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði. Skulu þeir vera fyrst um sinn tveir. Laun þeirra skulu ákveðin á fjárlögum. Þeir skulu hafa aflað sér sérstakrar þekkingar í skógrækt, og staðist próf, sem stjórn skógræktarmálanna tekur gilt. Skógarverðir skulu settir yfir skógræktarjarðir landssjóðs, og hafa umsjón með trjáræktarsvæðum hans, líta eftir meðferð skóga og kjarrs, og annast framkvæmdir á skógræktarstörfum. Fela má og skógvörðum athugun sandfokssvæða og eftirlit með framkvæmd sandgræðsluráðstafana, er gerðar kunna að vera.

4. gr.

Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal nánara ákveða með reglugerð, sem stjórnarráðið setur.

5. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva tré eða hrís öðruvísi en svo, að höggvið sé innanúr, eða skógurinn eða kjarrið að eins grisjað. Ekkert svæði má berhöggva nema landið sé tekið til ræktunar. Birkirunnum í skógum og kjörrum má ekki kippa upp. Ekki má heldur án samþykkis skógræktarstjóra eða skógarvarða taka beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng né mel. Mosa má og ekki taka nema í skóg- og kjarrlausu mýrlendi. Ennfremur er skógræktarstjóra og skógarvörðum heimilt að banna að rífa fjalldrapa og víði á þeim svæðum, er ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum.

6. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur er eða kjarr.

7. gr.

Skógræktarstjórinn og skógarverðirnir skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir, samkvæmt reglum þeim, er getur um í 5. gr. skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á alt að 300 ferhyrnigsmetra svæði í skógnum eða kjarrinu til þess að sýna, hvernig höggva skal.

8. gr.

Eigendur og notendur skóga og kjarrs geta eigi bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum eða öðrum þeim, sem eftirlitið kynni að vera falið, umferð um land sitt, hvort sem það er girt eða ógirt.

9. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra að taka alt að 25 hektara lands í skógar eða kjarrsvæðum á jörðum einstakra manna til friðunar, og skal svæðið vera girt. Kostnaðurinn, er af friðuninni leiðir, greiðist af fé því, er veitt er til skógræktar úr landssjóði. — Á þessu svæði skal ekkert höggva, nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það, eftir mati óvilhallra manna.

10. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og

kjarrlendi. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sérstakar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit, og ef einhversstaðar horfir til stór-skemda eða auðnar af þessum völdum, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til varnar eyðileggingu.

11. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum, og skógræktarstjóri og skógarverðir í umdæmum sínum, hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs, og hvort brotið sé mót friðunar-ákvæðunum í 5. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um það til stjórnarráðsins, og ákveður það svo í samráði við skógræktarstjóra, hvað gera skuli í málinu.

12. gr.

Brot á móti lögum þessum og ákvæðum þeirra um meðferð skóga og kjarrs varða sektum frá 5—100 kr., er renna í landssjóð. Um mál út af brotum á lögunum fer sem um almenn lögreglumál.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands frá 22. nóvbr. 1907, og lög um meðferð skóga og kjarrs, og riðun á lyngi o. fl. frá 30. júlí 1909.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um afnám fóðurskyldu svo nefndra Maríu- og Péturslamba.

Flutningsmenn: Þingmenn Norðmýlinga.

Fóðurskylda svo nefndra Maríu- og Péturslamba skal afnumin frá fardögum 1911 að telja, í þeim sóknum á landinu, þar sem hún hefir átt sér stað.

Frá sama tíma greiðist hlutaðeigandi prestaköllum uppbót úr prestlaunasjóði til presta þeirra, sem nú eru og tekna þessara njóta, er sé jöfn meðaltali þeirra eftir verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í þeim síðustu 5 árin.

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.

Heimild sú, er ráðherra Íslands er veitt í lögum nr. 50, 16. nóv. 1907 til til þess að selja ábúendum kirkjujarða ábýlisjarðir sínar, skal einnig ná til hjáleigna prestssetra, ef þær eru sérstakt býli, og hafa sérstök ummerki á engjum og túni.

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, H. Hafstein.

Víxilmál, sem rísa út af víxlum, sem samkvæmt ákvæði á víxlinum sjálfum eiga að greiðast á tilteknum stað, má höfða og sækja í þeirri þinghá, þar sem víxillinn á að greiðast, eins og þar væri varnarþing varnaraðila. Stefnu skal birta á lögheimili hans með venjulegum fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis, sem fyrirtökustaðurinn, með 4 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með 6 vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Ákvæði þessi ná ekki til víxilmála, er rísa af víxlum, sem dagsettir eru áður en lög þessi öðlast gildi.

Nd. **61. Frumvarp**

til laga um sóttgæzluskírteini skipa.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Skylda sú, sem hvílir á skipum samkvæmt 2. gr. laga nr. 34, 6. nóvbr. 1902, sbr. 8. gr. laga 15. apríl 1854, um að hafa meðferðis sóttgæzluskírteini staðfest af dönskum verzlunarfulltrúa á brottfararstað, fellur niður, og er sóttgæzluskírteini löglegt, ef það er staðfest eða gefið út af yfirvaldinu þar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd.

62. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmála-auglýsingar. (Þingskjal 38).

Við frumvarp þetta, sem vísað hefir verið til athugunar vorrar og álits, höfum vér ekki að athuga annað en það, að vér leggjum til, að aftan við 1. gr. sé bætt svolátandi málsgrein:

Slíkt hið sama skal eigi lögskylt að auglýsa á annan hátt en nú var mælt um ónýting verðbréfa (veðdeildarbréfa, bankavaxtabréfa), þeirra er út gefin kunna að verða hér eftir.

Alþingi 27. febrúar 1911.

Bjarni Jónsson, frá Vogi, formaður.	Jón Þorkelsson, skrifari.	Jón Ólafsson, framsögumaður.

Ed.

63. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 46, 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta

Lagafrumvarp þetta miðar til þess, að bæta úr ójöfnuði, er leitt geti af ákvæðum 1. gr. í lögum 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta, þar sem fyrir geti það komið og hafi þegar fyrir komið, að af mörgum prestum, sem á sama tíma eru vígðir, verði sumir fluttir upp í hærri launaflokk, en aðrir verði að bíða jafnvel nokkur ár í lægra launaflokki.

Að vísu mun þessi misjafni flutningur á samtímis vígðum prestum úr lægra í hærra launaflokk ekki vera gerður með nákvæmlega réttum skilningi á 1. gr. nefndra laga, þar sem eftir henni á enginn þeirra að flytjast upp í hærri launaflokk fyrr en hann er orðinn »*eldri* að embættisaldri en *fullur* þriðjungur eða *fullir* tveir þriðjungar af sóknarprestum landsins«, en eldri en það geta ekki sumir þeirra orðið fyrr en þeir verða það allir, þar sem þeir allir eru vígðir jafnsnemma.

Sé þess vegna ákvæði greinarinnar nákvæmlega fylgt, þá á ekki misrétti að geta komið fram milli þessara presta. En af því leiðir þá það, að þeir geta allir þurft að bíða nokkur ár í lægra launaflokki, og þá ekki að bættara, þótt misrétti milli þeirra sé útrýmt á þann hátt, að þeir allir bíði halla af.

Fyrir því telur nefndin rétt og sanngjarnt, að ráða bót á þessu með því, að breyta nefndri lagagrein í þá átt, sem frumvarp þetta fer fram á, að í stað þriðjunga-flokkunarinnar komi ákveðinn embættisaldur.

En þegar að því kemur, að ákveða aldurs-takmörkin, svo að kostnaður landssjóðs fari sem næst því, er hin gildandi lög hafa í för með sér eða ekki til muna fram úr því, svo sem einnig frumvarpið ætlast til og nefndin telur rétt, að halda sér við, þá hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að víkja lítið

eitt frá þeirri þjónustu-áratölu, sem í frumvarpinu stendur, þannig, að í stað 10 ára í yngsta flokki komi 12 ár og 22 ára í miðflokki í stað 20 ára.

Eftir þeirri aldursröð prestanna, sem nú er farið eftir og væntanlega verður í næstu fardögum, eru af þeim presttum, sem laun taka eftir lögunum, 14 í elzta flokki, 18 í miðflokki og 21 í yngsta flokki, en með því aldursmarki, sem hér er stungið upp á, verða 24 í elzta flokki, 15 í miðflokki og 14 í yngsta flokki, og flyttust þá nú þegar 7 upp í miðflokk og 10 upp í elzta flokk. Að svo margir flytjast þannig upp stafar af því, að árið 1886 vígðust 10 prestar og aftur árið 1888 12 prestar, en það er eins dæmi, sem vænta má, að aldrei aftur komi fyrir.

Með þeirri þjónustuára tölu, sem nefndin stingur upp á, verður útgjaldahækkunin, sem af breytingunni stafar, nokkru minni en eftir frumvarpinu, en þó svo veruleg, að nefndinni þykir hæpið að vænta, að þingið vilji ganga að meiri hækkun. Þessi hækkun mundi þó brátt hverfa aftur vegna þess að eftir lögunum fækka prestaköllin og úr elzta flokkinum, sem nú yrði fjölmennastur, ganga margir burt, sem engir koma í staðinn fyrir, og yngsti flokkurinn hlyti innan skamms að verða jafnfjölmennur hinum og koma sem næst út það hlutfall, sem lögin, eins og þau nú eru, hafa í för með sér og ætlast til.

Samkvæmt framanskráðu telur nefndin nauðsynlegt að ráða bót á ójöfnuði og nokkru handahófi, sem lögin óbreytt mundu hafa í för með sér, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarp það, er fyrir liggur, með þessari einni breytingu á frumvarpsgreininni:

Í stað: »10 þjónustuár« komi: 12 þjónustuár.
Í stað: »20 þjónustuár« komi: 22 þjónustuár.

Efri deild alþingis, 27. febr. 1911.

Eiríkur Briem, form.	Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Hjörleifsson. Sigurður Stefánsson. Steingrímur Jónsson.

Nd.

64. Frumvarp

til laga um ráðstafanir til að eyða rottum með eitri.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

1. gr.

Sveitarstjórn hefur heimild til að verja árlega úr sveitarsjóði nægilegu fé til að eyða rottum með eitri, og skal það eitur brúka sem landsstjórn með ráði dýralæknis telur heppilegast.

2. gr.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem vart verður við rottur, skal sveitarstjórn láta bera eitur út fyrir rottur tvisvar til þrisvar á ári. Og skal aðalreglan vera sú að gera það fyrri hluta vetrar eða þegar harðnar að fyrir frost og snjóa.

Eitrið skal bera í öll hús í sveitinni, úthýsi jafnt sem íbúðarhús, og alstaðar sama daginn.

3. gr.

Nú liggja saman 2 sveitarfélög eða fleiri, svo að hvorki skilja fjöll né vötn, er rottur fá ekki yfir komist. Skulu þá sveitarstjórnir hafa samtök um að láta útburð fara fram sama daginn í báðum eða öllum sveitarfélögunum.

4. gr.

Sveitarstjórnir skulu árlega senda því stjórnarvaldi, er þær standa undir, nákvæma skýrslu um, hvort vart hafi orðið við rottur, og ef svo er, hvenær og hversu víða eitur hafi verið borið út, og hvern árangur það hafi borið.

5. gr.

Lög þessi gilda um 6 ár eða frá 1. október 1911 til 1. október 1917. Á alþingi 1917 verður að endurskoða þau.

Nd. **65. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 28.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

1. Við A. 1.
   Í stað tölunnar »10« komi: 5.
2. Við A. 4.
   Í stað tölunnar »2« komi: 3.

Nd. **66. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Flutningsm.: Ólafur Briem.

Sauðárkróks læknishéraði í Skagafjarðarsýslu skal skift í þessi tvö læknishéruð.

Sauðárkrókshérað: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkróks-hreppur, Staðarhreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki.

Reykjahérað: Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Akrahreppur.

Nd.

67. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samþyktir um heyásetningseftirlit og heyforðabúr. (Þingskjal 39).

Frá landbúnaðarnefndinni.

Nefndin ræður háttvirtri deild til þess, að samþykkja frumvarp þetta með þeim breytingum, sem hún hefir orðið sammála um, og eru hérumbil samhljóða breytingartillögum á þingskjali 55.

Vér játum, að eðlilegast væri, að sveitirnar bæru allan árskostnað við forðabúrið án endurgreiðslu úr landssjóði. En með því að tillag nokkurt úr landssjóði mundi fremur hvetja menn til að koma á heyforðabúrum, viljum vér að það sé 40 aurar fyrir hvern heyhest. Mun það ekki verða landssjóði tilfinnanlegt, því að ekki þarf að gera ráð fyrir almennum samþyktum um heyforðabúr um land alt. Þeirra er mest þörfin í útkjálka og harðindasveitum, þar sem óhægt er að ná í fóðurkorn. Hér er um þarft mál að ræða. Má því ekki horfa í lítilsháttar kostnað.

Breytingar þær, er nefndin leggur til að gerðar séu við frumvarpið eru þessar:

1. Úr fyrirsögninni falli orðin: »heyásetningseftirlit og«
2. Við 1. gr. »heyásetningseftirlit og« falli burt.
3. — 2. — »heyásetningseftirlit og« falli burt.
4. — 2. — Á eftir orðinu »leggur« komi: með samþykki lögmæts sveitafundar.
5. — 3. — Á eftir orðunum: »óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða« komi: þeirra búenda, er atkvæðisrétt eiga.
6. 5. gr. orðist svo:
   Í samþykt má ákveða:
   a. Um heyásetningseftirlit.
   b. Um stofnun heyforðabúrs, svo sem með því, að hreppsnefndin semji við einn eða fleiri menn, að þeir hafi til ákveðinn forða af góðu heyi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að lenda í heyþroti, ellegar á annan hátt tryggja það, að ákveðinn heyforði sé til í hreppnum til hjálpar í heyþroti.
   c. Um ákvæðisgreiðslu úr sveitarsjóði fyrir hver 100 kg. af heyi (töðu eða útheyi) til þeirra er heyforðann ábyrgjast.
   d. Um verð, fyrirfram ákveðið, á heyi úr heyforðanum og innheimtu þess og gjalddaga.
   e. Um umsjón heyforðans, enda sé hann jafnan undir eftirliti sveitarstjórnar.
7. 6. gr. orðist svo:
   Árskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði, svo sem vexti höfuðstólsins, kostnað við fyrningu heys og endurnýjun, svo og umsjónarkostnað. Vextir og fyrningargjald eða endurnýjunarkostnaður á þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, endurgreiðist síðan úr landssjóði, þó eigi yfir 40 au. fyrir hvern hest (100 kg.) í þessum hluta forðans.

8. Við 7. gr. Fyrir »sýslumanni« á tveim stöðum komi: stjórnarráði.
9. — 7. — Orðin: »heyásetningseftirlit og« falli burt.
10. — 7. — Í stað »hvorttveggja« komi: það.
11. Á eftir 7. gr. komi ný grein:
Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki, samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.
12. 8. og 9. gr verði ein grein, 9. grein.

Neðri deild alþingis, 1. marz 1911.

Sigurður Sigurðsson, formaður og framsögum. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M. skrifari.

Björn Sigfússon. Einar Jónsson. Stefán Stefánsson.

Nd. **68. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðar í Gerðum í Gullbringusýslu.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Hin löggilta höfn og lóð fyrir Gerðakauptún í Gullbringusýslu skal ná inn að Rafnkellsstaðabergi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905 ákveðið stærð og takmörk verzlunarlóðarinnar að öðru leyti milli hinnar núverandi verzlunarlóðar og Rafnkellsstaðabergs.

Nd. **69. Breytingartillaga**

við þingskjal 52.

Frá: Jóni Þorkelssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Jóni Jónssyni, þm. N.-M. og Benedikt Sveinssyni.

Fyrir: (í 1. gr.) »1200« komi: 1000.
Orðin: (í 1. gr.) »í jafnmörg ár . . . . . eigi lengur« falli niður.

Nd. **70. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum frá 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun frá 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson og Magnús Blöndahl.

1. gr.

Borgarstjóri skal kosinn til 6 ára í senn, af öllum atkvæðisbærum kjósendum, sem kosningarrétt eiga til bæjarstjórnar, og hefir hann að launum úr bæjarsjóði 4500 kr. á ári, auk 1500 kr. í skrifstofufé.

2. gr.

Hér með er úr gildi numin 2. málsgrein 1. gr. laga nr. 86, frá 22. nóv. 1907.

Ed. **71. Frumvarp**

til laga um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Efri deild).

1. gr.

Vita, leiðarljós, sjómerki, dufl eða önnur leiðbeiningarmerki fyrir skip má ekki setja upp nema með leyfi stjórnarráðsins. Sá, sem óskar að koma upp einhverju þesskonar leiðbeiningarmerki, hvort sem það er hafnarnefnd, sýslunefnd, hreppsnefnd eða einstakur maður, verður að senda stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða merki, legu þess og tilgangi.

Stjórnarráðið bindur leyfið þeim skilyrðum, er þurfa þykir, eða neitar um það, ef merkið telst skaðlegt.

2. gr.

Eigandi eða umráðandi leiðbeiningarmerkis ber ábyrgð á því, að merkinu sé ávalt haldið í góðu standi og það fullnægi skilyrðum þeim, sem sett voru, þá er leyfið var veitt. Vanræki hann þetta, má stjórnarráðið eftir atvikum láta taka merkið burt á hans kostnað.

3. gr.

Leiðbeiningarmerkjum má ekki breyta nema með leyfi stjórnarráðsins og verður því umráðamaður, sem breyta vill merki, að leita til þess leyfis stjórnarráðsins að minsta kosti 2 mánuðum áður en hann ætlar að koma breytingunni á, og ef hann vill leggja merki niður, þá ber honum að tilkynna stjórnarráðinu það með 2 mánaða fyrirvara, enda sé honum ekki skylt að halda merkinu við

áfram. En skyldur er hann þá að nema merkið svo rækilega burt, að á því verði ekki vilst á eftir.

4. gr.

Nú bilar leiðbeiningarmerki, og skal þá eigandi eða umráðandi senda tafarlaust stjórnarráðinu tilkynning um bilunina með símskeyti og hraðboða eftir atvikum, og ber honum að koma merkinu í lag sem allra fyrst. Þegar merkið er komið í lag, skal hann senda stjórnarráðinu tilkynning um það.

5. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald og niðurlagning leiðbeiningarmerkja ná einnig til merkja þeirra, sem til eru, er lögin öðlast gildi.

6. gr.

Auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu allar breytingar, er verða á vitum og öðrum leiðbeiningarmerkjum fyrir skip, og ennfremur gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þær verði auglýstar utanlands eftir því sem með þarf og á þann hátt, sem tíðkast hefir hingað til.

7. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfesting hafnarreglugerða, að sett séu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sé kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Hafnarnefndum er skylt að láta nema burt úr höfnum eða leiðum inn á þær skipsflök eða annað, er hefir sokkið þar eða rekið þangað og getur valdið skaða skipum, er þangað leita eða þar liggja, eða leggja þar út dufli til viðvörunar, að minsta kosti til bráðabirgða.

Kostnað þann, sem af þessu leiðir, greiðir hafnarsjóður. Fari kostnaður fram úr 300 krónum, greiðir þó landssjóður það, sem umfram er, eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Kostnað af duflum ber þó hafnarsjóður einn.

Nú verður ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða leiðar á höfn, og sker stjórnarráðið þá úr.

8. gr.

Þegar hafnsögumenn verða þess varir, að leiðbeiningarmerki á því svæði, þar sem þeir eru hafnsögumenn, eru í ólagi, ber þeim að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra viðvart um það tafarlaust.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr., og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Ed. **72. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

(Eftir 2. umræðu í efri deild.).

1. gr. laganna orðist þannig:

Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1300 kr. á ári. Eftir 12 þjónustuár fær hann í laun 1500 kr. á ári og eftir 22 þjónustuár fær hann í laun 1700 kr. á ári.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1911.

Nd. **73. Frumvarp**

til laga um lögskráning mannanafna.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Bjarni Jónsson frá Vogi og Benedikt Sveinsson

1. gr.

Sú ein skal lögmæt skrásetning mannanafna á landi hér, sé skrárnar ætlaðar til opinberrar starfrækslu og stjórnarathafna, að jafnan skal skírnarnafn eða skírnarnöfn látin standa á undan föðurnafni, þar er menn eiga ekki ættarnafn.

Nú eiga menn ættarnafn, og er þá jafnrétt, að ættarnafn sé talið fyrri en skírnarheiti, en gæta skal þar um samræmis á skrá hverri.

Jafnan skal ættarheiti í nöfnum útlendra manna sett á skrár á undan skírnarheiti.

2. gr.

Nú er maður krafinn gjalds eða skuldar með riti eða reikningi, og er enginn skyldur að sinna þeirri kröfu, nema skírnarheiti hans sé tilfært á kröfuskjalinu á undan föðurnafni eða ættarnafni.

Nd. **Frumvarp 74.**

til laga um viðauka við lög um bændaskóla 10. Nóv. 1905.

Flutningsm.: Þingmenn Múlasýslna beggja.

1. gr.

Auk skólanna á Hólum og Hvanneyri, skal þriðji bændaskólinn vera á

Eiðum á Fljótsdalshéraði, og gilda öll sömu lagaákvæði um skóla þennan eins og skólana á Hólum og Hvanneyri.

2. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er sýslunefndirnar í Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu hafa afhent landstjórninni, sem móttakanda fyrir landsins hönd, Eiða-skólaeignina alla í föstu og lausu, til fullrar eignar og umráða með öllum skyldum og réttindum.

Nd. **75. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hámundarstöðum við Nýpsfjörð.

Flutningsm.: Jón Jónsson þm. N.-M.

1. gr.

Að Hámundarstöðum við Nýpsfjörð í Norður-Múlasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **76. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Ólafur Briem.

1. gr.

Ákvæði 63. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 um, að dvalarsveit eigi ekki heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er dvalarsveit hefir veitt þurfalingi, skal eigi gilda um kostnað við dvöl þurfalings á sjúkrahúsi eftir fyrirskipun læknis, að meðtöldum kostnaði við lyf og læknishjálp. Framfærslusveit ber því að greiða allan slíkan kostnað að fullu, með þeirri einu undanþágu, sem veitt er í 77. gr. fátækralaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **77. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. október 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Upphæð sú, 7,500 krónur, er 3. grein í lögum nr. 29, 20. október 1905, gerir Landsbankanum að greiða árlega í byggingarsjóð, skal frá 1. janúar 1911 greiðast úr landssjóði.

Ed. **78. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vita, sjómerki o. fl.

Frá Aug. Flygenring og Sigurði Stefánssyni.

Á eftir 7. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Nákvæmari ákvæði um starfrækslu vita og sjómerkja, og um ráðstafanir til að afstýra hættum og farartálmum á höfnum og skipaleiðum umhverfis landið, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Og breytist greinatalan eftir því.

Nd. **79. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum (þingskj. nr. 60).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson, H. Hafstein.

1. Fyrir: »viðauka við lög 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum« í fyrirsögninni komi: sérstakt varnarþing í víxilmálum.
2. Á eftir orðunum; »má höfða og sækja« komi: fyrir gestarétti.

Nd. **80. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sóttgæzluskírteini skipa.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Orðin í 1. gr.: »og er sóttgæzluskírteini . . . .« til enda greinarinnar, falli niður.

Nd. **81. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Hvalneskrók í Austur-Skaftafellssýslu.

Flutningsmaður Þorleifur Jónsson þm. A.-Sk.

1. gr.

Hvalneskrókur í Austur-Skaftafellssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B.-deild stjórnartíðindanna.

Ed. **82. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta (þingskj. 72).

Flutningsm.: Jósef Björnsson.

Í stað: »22 þjónustuár« komi: 24 þjónustuár.

Nd. **83. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Kvíabryggju í Eyrarsveit.

Flutningsm.: Sigurður Gunnarsson.

1. gr.

Á Kvíabryggju í Eyrarsveit skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **84. Frumvarp**

til laga um eftirlaun handa skólastjóra Torfa Bjarnasyni.

Frá fjárlaganefndinni.

Torfa skólastjóra Bjarnasyni skal veita í eftirlaun úr landssjóði 1500 kr. á ári frá 1. janúar 1912.

Nd. **85. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða rottum með eitri (þskj. 64.).

Nefnd sú, er kosin var til að íhuga frumvarp þetta, ræður deildinni til að samþykkja það með þeim breytingum, er hér skal greina:

1. Við 1. gr. í stað »Sveitarstjórn« komi: Bæjarstjórn eða sveitarstjórn.
2. — 1. — í stað »úr sveitarsjóði« komi: úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði.
3. — 2. — í stað »sveitarfélagi« komi: bæjarfélagi eða sveitarfélagi.
4. — 2. — í stað »sveitarstjórn« komi: bæjarstjórn eða sveitarstjórn.
5. — 2. — í stað »aðalreglan sú að« komi: jafnan.
6. — 2. — í stað »í sveitinni« komi: í bænum eða sveitinni.
7. — 3. — í stað »2 sveitarfélög eða fleiri« komi: kaupstaður og sveit, eða sveitir, tvær eða fleiri.
8. — 3. — í stað »skulu þá« komi: og skal þá bæjarstjórn og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir.
9. — 4. — í stað »sveitarstjórnir« komi: bæjarstjórnir eða sveitarstjórnir.
10. Ný grein bætist inn í sem 5. gr., svo hljóðandi: Landsstjórn setur með ráði dýralæknis reglur um meðferð á eitri.
11. 5. gr. verður 6. gr.
12. Við 6. gr. í stað »verður« komi: ber.

Alþingi, 3. mars 1911.

Ólafur Briem	Björn Þorláksson
formaður.	skrifari og framsögumaður.

Jón Þorkelsson.

Nd. **86. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vitagjald.

Frumvarp þetta, sem hv. neðri deild fékk okkur til athugunar, höfum við íhugað allrækilega, og ráðum við hv. deild til að samþykkja það með

nokkrum breytingum. Eru þær að sumu leyti orðabreytingar eða setninga, er við ætlum að geri lögin greinilegri og ótvíræðari; en efnisbreytingar eru tvær ekki óverulegar.

Önnur þeirra er sú, að við leggjum til, að undanþegin vitagjaldinu séu ekki önnur skip en herskip, en ekki skemtiskip, svo sem frumv. ætlast til. — Nefndin lítur svo á, að eigi sé ástæða til að undanþiggja skemtiskip, þar sem sú undanþága mun ekki styðjast við alþjóðareglu, en það getur annarsvegar gefið ekki óverulegar tekjur.

Hin efnisbreytingin, er að kveður, er sú, að við leggjum til að 20% af vitagjaldi útlendra fiskiskipa beri að eins umboðsmönnum lögreglastjóra á þeim stöðum, þar sem lögreglustjóri ekki er búsettur, en að vitagjaldið renni óskert í landssjóð, þar sem lögreglustjóri býr og getur innheimt gjaldið sjálfur. Nefndin lítur svo á, að skipin muni sjaldan koma svo á hina stærri staði, þar sem lögreglustjóri býr, að þau hafi ekki samband við landsmenn af sjálfsdáðum, og verði því tiltölulega létt að innheimta gjaldið; en aftur á móti verður innheimtumaður oft að setja fram bát og róa út í skipin á hinum smærri stöðum, til þess að ná gjaldinu; ber og á það að líta, að þeir innheimtumenn eru að mestu launalausir menn.

Neðri deild, 2. marz 1911.

Ólafur Briem, form. og framsögum.	Jón Jónsson, þm. S.-Múl. skrifari.

Benedikt Sveinsson. H. Hafstein. Sigurður Gunnarsson.

Jón Sigurðsson. Magnús Blöndahl.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um vitagjald.

1. Fyrsta grein orðist svo:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þannig að hálf smálest, eða þar yfir, telst sem heil, en minna broti sé slept. Herskip eru undanþegin gjaldi þessu.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er út til fiskjar hér við land, og aldrei fara utan á veiðitímanum, greiða vitagjaldið einu sinni á ári, þó aldrei minna en 5 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hér við land.

2. Við 2. grein:

Setningin: »Af útlendum fiskiskipum — gjaldi þessu« falli burtu; í

stað þess komi: Þegar vitagjald af útlendum fiskiskipum er innheimt af umboðsmanni lögreglustjóra á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Nd. **87. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl. (þingskjal 66).

Frá Eggert Pálssyni og Einari Jónssyni.

Sérstakt læknishérað, er nefnist Eyjafjallahérað skal og vera: Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur ásamt svonefndum Bakkabæjum. Læknissetur sem næst Markarfljóti öðru hvoru megin.

Nd. **88. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl.

Flutningsmenn: Þingmenn Suður-Múlasýslu.

Milli Seyðisfjarðarhéraðs og Reyðarfjarðarhéraðs skal stofna nýtt læknishérað, er nefnist Norðfjarðarhérað: Norðfjarðarhreppur og Mjóafjarðarhreppur. Læknissetur í Norðfirði.

Nd. **89. Frumvarp**

til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur jörðina Skálholt í Biskupstungum.

Flutningsmaður Jón Þorkelsson.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til, að kaupa landssjóði til eignar hið forna biskupssetur Skálholt í Biskupstungum, jafnskjótt, sem jörð sú fæst til kaups, fyrir það verð, er þá semur um.

2. gr.

Þegar kaup þessi eru fullgerð, setur landsstjórnin reglur um afnot og ábúð jarðarinnar.

Nd. **90. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 16. nóvbr. 1907 um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Flutningsmaður: Jón Magnússon,

3 ára frestur sá, er veittur er lögfræðisnemendum við Kaupmannahafnarháskóla í 4. gr. laga nr. 38, 16. nóvember 1907, lengist um $1^1/_2$ ár, þannig að hann verði alls $4^1/_2$ ár.

Nd. **91. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaða.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Þessir staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:
Við Gunnarsstaða-ey í Hvammsfirði í Dalasýslu og
við Hjálmarsvík í Þistilfirði í Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um lækningaleyfi.

Flutningsmaður Jón Magnússon.

1. gr.

Rétt til að fást við lækningar hér á landi hafa þeir, er staðist hafa próf í læknaskólanum í Reykjavík eða háskólanum í Kaupmannahöfn.

Þó mega þeir eigi gera sér að atvinnu að hjálpa konum í barnsnauð, fyr en þeir hafa lokið námsskeiði í fæðingarhúsinu í Kaupmannahöfn, eða fæðingarhúsi hér á landi, ef það kemst á fót.

2. gr.

Ráðherra Íslands getur veitt mönnum, er eigi hafa staðist þau próf, sem nefnd eru í 1. gr., ótakmarkað eða takmarkað lækningaleyfi, ef þeir sanna, að þeir hafi nægа kunnáttu og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

3. gr.

Allir þeir, er hafa lækningaleyfi, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess, að þeir haldi öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins, og má hann heimta af þeim þær sjúkdómsskýrslur, er hann telur nauðsynlegar, þótt þeir hafi ekkert embætti á hendi.

4. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að einhver læknir vanrækir læknisskyldur sínar, gerir sig sekan í einhverri óhæfu, er við kemur lækningastarfi hans, eða breytir út af fyrirmælum heilbrigðislaga landsins, þá skal hann áminna þann lækni um að bæta hegðun sína.

Nú er lækni veitt áminning og kemur ekki að haldi, má þá landlæknir svifta hann lækningaleyfi, en skýra skal hann jafnframt stjórnarráðinu frá öllum málavöxtum.

5. gr.

Ef einhver sá, er hefir takmarkað lækningaleyfi, samkvæmt 2. gr., tekst á hendur lækningu á öðrum sjúkdómum en þeim, sem honum er leyft að fást við, eða beitir öðrum lækningaaðferðum en þeim, sem hann hefir leyfi til að iðka, og verður hann uppvís að því, að hafa gert sjúklingi mein, þá skal hann sæta sektum, eða fangelsi og hafa fyrirgert lækningaleyfi sínu.

6. gr.

Ef einhver sá, er hefir ekkert lækningaleyfi, tekur sjúklinga til meðferðar og auk þess kallar sig lækni, eða notar lyf, sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, eða flakkar sveit úr sveit, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi.

Ef einhver, sem hefir ekki ótakmarkað lækningaleyfi, sbr. 1. og 2. gr., tekur til meðferðar sjúkling með næmum sjúkdóm, sem lög skipa varnir við, varðar sektum eða fangelsi.

7. gr.

Þær hegningar, sem ákveðnar eru í þessum lögum, koma ekki til greina, ef brotið er þannig vaxið, að harðari refsing liggur við í öðrum lögum.

8. gr.

Lög 29. febrúar 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794, og sú tilskipun, eru úr gildi numin.

(Athugasemdir við frumvarp þetta er að finna í Alþingistíðindum 1909, A. bls. 406).

Nd.

93. Frumvarp

til laga um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir 3. umr. í efri deild).

1. gr.

Vita, leiðarljós, sjómerki, dufl eða önnur leiðbeiningarmerki fyrir skip má ekki setja upp nema með leyfi stjórnarráðsins. Sá, sem óskar að koma upp einhverju þesskonar leiðbeiningarmerki, hvort sem það er hafnarnefnd, sýslunefnd, hreppsnefnd eða einstakur maður, verður að senda stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða merki, legu þess og tilgangi.

Stjórnarráðið bindur leyfið þeim skilyrðum, er þurfa þykir, eða neitar um það, ef merkið telst skaðlegt.

2. gr.

Eigandi eða umráðandi leiðbeiningarmerkis ber ábyrgð á því, að merkinu sé ávalt haldið í góðu standi og það fullnægi skilyrðum þeim, sem sett voru, þá er leyfið var veitt. Vanræki hann þetta, má stjórnarráðið eftir atvikum láta taka merkið burt á hans kostnað.

3. gr.

Leiðbeiningarmerkjum má ekki breyta nema með leyfi stjórnarráðsins og verður því umráðamaður, sem breyta vill merki, að leita til þess leyfis stjórnarráðsins að minsta kosti 2 mánuðum áður en hann ætlar að koma breytingunni á, og ef hann vill leggja merki niður, þá ber honum að tilkynna stjórnarráðinu það með 2 mánaða fyrirvara, enda sé honum ekki skylt að halda merkinu við áfram. En skyldur er hann þá að nema merkið svo rækilega burt, að á því verði ekki vilst á eftir.

4. gr.

Nú bilar leiðbeiningarmerki, og skal þá eigandi eða umráðandi senda tafarlaust stjórnarráðinu tilkynning um bilunina með símskeyti og hraðboða eftir atvikum, og ber honum að koma merkinu í lag sem allra fyrst. Þegar merkið er komið í lag, skal hann senda stjórnarráðinu tilkynning um það.

5. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald og niðurlagning leiðbeiningarmerkja ná einnig til merkja þeirra, sem til eru, er lögin öðlast gildi.

6. gr.

Auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu allar breytingar, er verða á vitum og öðrum leiðbeiningarmerkjum fyrir skip, og ennfremur gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þær verði auglýstar utanlands eftir því sem með þarf og á þann hátt, sem tíðkast hefir hingað til.

7. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir

staðfesting hafnarreglugerða, að sett séu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sé kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Hafnarnefndum er skylt að láta nema burt úr höfnum eða leiðum inn á þær skipsflök eða annað, er hefir sokkið þar eða rekið þangað og getur valdið skaða skipum, er þangað leita eða þar liggja, eða leggja þar út dufli til viðvörunar, að minsta kosti til bráðabirgða.

Kostnað þann, sem af þessu leiðir, greiðir hafnarsjóður. Fari kostnaður fram úr 300 krónum, greiðir þó landssjóður það, sem umfram er, eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Kostnað af duflum ber þó hafnarsjóður einn.

Nú verður ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða leiðar á höfn, og sker stjórnarráðið þá úr.

8. gr.

Nákvæmari ákvæði um starfrækslu vita og sjómerkja, og um ráðstafanir til að afstýra hættum og farartálmum á höfnum og skipaleiðum umhverfis landið, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

9. gr.

Þegar hafnsögumenn verða þess varir, að leiðbeiningarmerki á því svæði, þar sem þeir eru hafnsögumenn, eru í ólagi, ber þeim að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra viðvart um það tafarlaust.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr., og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Nd. **94. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

(Eftir 3. umræðu í efri deild).

1. gr. laganna orðist þannig: Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1300 kr. á ári. Eftir 12 þjónustuár fær hann í laun 1500 kr. á ári og eftir 22 þjónustuár fær hann í laun 1700 kr. á ári.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1911.

Ed. **95. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að frumvarp þetta sé til bóta, miðað við það sem nú er, og hefir hún því orðið ásátt um að mæla með því við háttvirta deild.

Frumvarpið er sniðið upp úr lögum nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, og er efni þess hið sama; en nokkuru nýju bætt við og prófskilyrðunum breytt í þá átt, að heimta nokkuð meiri og fullkomnari þekkingu, en hingað til hefir átt sér stað, og er það að finna í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Nefndin lítur svo á, að þessar auknu kröfur um kunnáttu séu nauðsynlegar, eigi sízt við minna prófið, því að enn sem komið er stýra þeir flestum skipum hér við land, er að eins hafa lokið því prófi, og mun svo enn verða um langan tíma.

En þar sem nefndin er þeirrar skoðunar, að handhægra sé og öllu réttara, að hafa ein lög um stýrimannaskólann og próf þau, er þar geta farið fram, þá leyfir hún sér að koma hér fram með uppástungu um það, að taka lögin nr. 4, 13. sept. 1901, um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík, upp í frumvarp þetta, með þeim minniháttar breytingum, er nefndin telur nauðsynlegar, og úrfellingum, er leiða af samsteypu laganna, og er það á þessa leið:

Á eftir 4. gr. frumv. komi 3 nýjar greinar sem verði 5., 6. og 7. gr. svo hljóðandi:

5. gr.

Hver sá, sem staðist hefir hið meira stýrimannapróf, samkvæmt 3. gr. laga þessara, getur krafist þess, að hann sé reyndur í gufuvélafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

6. gr.

Til prófs þess, er getur um í 5. gr., útheimtist þekking á því, sem nú skal greina:

Undirstöðuatriðum aflfræðinnar og hitafræðinnar, sérstaklega um eðli vatnsgufunnar og hagnýting hennar til vinnu; gufuvélum þeim sem nú tíðkast mest ásamt kötlum og því, er þeim fylgir, hestafli gufuvéla, meðferð gufuvéla, framknýingu og kolaeyðslu, helztu hlutum skips og skiftingu þess í vatnsheld hólf, tæmingaráhöldum og slökkvitólum, ryði og vörnum gegn því, hjálparvélum á skipum og lagaákvæðum um gufuskip, er snerta tryggingu á lífi manna og góssi.

7. gr.

Prófið er að eins munnlegt og skal það haldið opinberlega af prófnefnd; fyrir því stendur sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita. Í prófnefndinni er forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

5. gr. frumvarpsins verði 8. gr. með þeim breytingum:
   1. Í stað orðsins »prófinu« í niðurlagi fyrstu málsgreinar komi: prófunum.
   2. Í stað orðsins »prófið« í fyrstu línu annarar málsgreinar komi: próf.

6. gr. frumvarpsins verði 9. gr.

10. gr. verði ný grein svohljóðandi:

Hver sá, sem staðist hefir próf í gufuvélafræði, samkvæmt lögum þess-

um, á kost á, að fá viðaukaskírteini það, um þekkingu á gufuvélum, sem getið er um í 14. gr. laga 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar.

Í stað 7. gr. frumvarpsins komi ný grein, sem verði 11. gr., þannig:

Lög nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, lög nr. 58, 10. nóvember 1905, um breytingu á 6. gr. í nefndum lögum, og lög nr. 4, 13. sept. 1901, um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík, eru úr gildi feld.

Alþingi 3. marz 1911.

Eiríkur Briem, formaður.
Gunnar Ólafsson, skrifari og framsögumaður.
Ari Jónsson.

Ed. **96. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um dánarskýrslur.

Nefndin, sem háttvirt efri deild fól, að íhuga frumvarp þetta, hefir yfirfarið það, og er sammála um, að það sé vel sniðið eftir þörfum og staðháttum, og að það bæti til mikilla muna úr þeirri vöntun, sem nú er á áreiðanlegum skýrslum um það, úr hverju menn deyja hér á landi.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1909, með þeirri einu breytingu, sem um getur í athugasemdum stjórnarinnar. Þessa breytingu telur nefndin til bóta og ræður því háttvirtri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1911.

Jósef Björnsson.
Sigurður Hjörleifsson, skrifari og framsögumaður.
Steingrímur Jónsson.

Nd. **97. Nefndarálit**

við frumvarp til laga um búpeningsskoðun og heyásetning (þingskjal 50).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndarinnar.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta all-rækilega, og borið það saman við gildandi lög um horfelli á skepnum, en ekki getað orðið sammála. Meiri hlutinn aðhyllist frumvarpið með nokkrum breytingum.

Eins og breytingartillögur okkar bera með sér, leggjum við til, að

sektar-ákvæðin fyrir horfelli falli niður. Í stað þess viljum við, að skoðun fari fram að haustinu eða snemma vetrar og önnur að vorinu. Haustskoðunin á aðallega að vera til þess, að ráða megi í tíma bót á forsjálleysi þeirra manna, er gálauslega setja á. Virðist okkur mestu máli skifta, að fyrirbyggja horfellishættuna, enda er það nú orðin skoðun manna, að réttara og notadrýgra sé, að taka vægilega á yfirsjónunum, en reyna heldur að fyrirbyggja hættur og misfellur og efnatjón með hyggilegum ráðstöfunum. Það miðar ekki til efnalegs sjálfstæðis og góðrar afkomu, að sekta þá menn, sem hafa orðið fyrir tjóni á skepnum sínum sökum fóðurskorts eða hirðuleysis, enda er sektarákvæðum gildandi laga alls ekki beitt. Og þó að skoðanirnar kosti nokkuð, geta þær orðið að mörgu leyti til góðs, ef vel hæfir og góðir fjármenn skoða, svo ekki er horfandi í þann kostnað.

Við ráðum því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Á eftir »heyásetningi« komi: og meðferð búfjár.
2. — 2. — »Er getur um í 1. gr.«, falli burt.
3. — — — Fyrir »skoðunarferðin« komi: skoðun.
4. — — — Fyrir »30. nóv.« komi: 20. des.
5. — — — Fyrir »fram fara« komi: fara fram.
6. — — — Fyrir »í seinni skoðunarferðinni« komi: í seinni skoðuninni.
7. — — — Fyrir »athuga um« komi: athuga.
8. — 4. — Greinin falli burt. Greinatalan breytist eftir því.
9. — 5. — Fyrir »skoðunarferð« komi: skoðun.
10. — — — Fyrir »einkun« komi: einkunn.
11. — — — Fyrir »vorhreppskilum« komi: vorhreppsskilum.
12. — 6. — Fyrir orðin: »skal greiða skoðunarmönnum borgun eftir samkomulagi við hreppsbúa« komi: má greiða skoðunarmönnum.
13. Við 8. gr. Greinin falli burt. Greinatalan breytist eftir því.
14. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp
til laga um búfjárskoðun.

Alþingi 3. marz 1911.

Sigurður Sigurðsson, formaður. Jón Jónsson 1. þm. N.-M. skrifari og framsm.

Einar Jónsson, með fyrirvara.

Við höfum ekki getað fallist á að breytingar þær, sem frumvarpið »um búpeningsskoðun og heyásetning« gerir á gildandi lögum um það efni, séu til bóta.

Hinar helztu breytingar eru þessar: Að bæta einni haustskoðun við. Að okkar áliti mundi sú skoðun aðeins verða til þess að auka kostnað á

sveitarsjóðunum, en gerði lítið eða ekkert gagn. Á þeim tíma er lítt mögulegt að gera sér fulla grein fyrir fóðurbirgðunum, sérstaklega hvað fóðurgildi þeirra snertir, fóðureyðsla mjög mismunandi, hjá þeim er hirða um búpeninginn, fjárbeit komin undir tíðarfari, landkostum og landsháttum, og fóðurbirgða aflað í sjávarhéruðum fram eftir vetri. Það mundi því í mörgum tilfellum alls ómögulegt fyrir skoðunarmenn að segja með nokkurri vissu, hvort fóðurbirgðir væru nægilegar. Mundi því sú raun á verða, að lítið yrði farið eftir tillögum þeirra. Eftir núgildandi lögum er það skylda hinna kosnu skoðunarmanna, að áminna þá, er setja fénað sinn gálauslega á vetur, og þarf því ekki ný ákvæði um það.

Þá má telja aðra aðalbreytinguna, að nema burt sektarákvæði gildandi laga. Að vísu er okkur ekkert kappsmál að halda þeim, en vitum þó, að þau tilfelli hafa komið fyrir, og geta komið fyrir, að sektaákvæði séu réttmæt. Reynslan sýnir, að ekki er hætt við, að þeim sé beitt að óþörfu. Að öllu athuguðu teljum við því betra að halda þeim en að fella þau burtu.

Samkvæmt framansögðu sjáum við ekki að frumv. sé til bóta, og ráðum því til að það sé felt.

Alþingi 3. marz 1911.

Stefán Stefánsson, Eyf., Björn Sigfússon.

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, og lögum um breytingar á þeim lögum 9. júlí 1909.

Flutningsm. Björn Kristjánsson.

1. gr.

Starfssvið bankans Landsbanki Íslands hefir þessi störf á hendi:

1. að taka við peningum sem innláni, eða með sparisjóðskjörum, á dálk eða hlaupareikning.
2. að selja og kaupa verðbréf, víxla, tékk, og ávísanir, hvort sem eiga að greiðast hér á landi eða erlendis, og hvort sem útgefið er af bankanum sjálfum eða öðrum; útlenda peninga, bankaseðla, bréfpeninga og arðberandi verðbréf.
3. að lána fé gegn tryggingu í fasteign.
4. að lána fé gegn handveði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. að veita lán sveitum, sýslum og bæjarfélögum hér á landi, gegn ábyrgð sveita, sýslu, eða bæjarfélaga.
6. að veita lánstraust gegn handveði, sjálfskuldarábyrgð, fasteignaveði eða víxlum.
7. að innheimta skuldir, víxla, tékka, ávísanir og þesskonar.

2. gr.

Bankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs sín eignum.

Fyrirmæli um tilhögun á starfsemi bankans

3. gr.

Nákvæmari reglur og fyrirmæli um alla tilhögun á störfum bankans verða ákveðin með reglugerð, er ráðherra setur.

4. gr.

Útibú bankans

Auk útibúa þeirra, sem Landsbankinn þegar hefir sett á stofn, má hann með samþykki ráðherra setja á stofn aukabanka eða framkvæmdarstofur innanlands og erlendis.

5. gr.

Ónýting glataðra banka-vaxtabréfa

Nú glatast viðtökuseðill gefinn fyrir innláni, eða viðskiftabók veitt fyrir sparisjóðsinnlagi, og getur þá stjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuseðils eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvalda auglýsingar hér á landi, og ef enginn hefir sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuseðilinn eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuseðillinn eða viðskiftabókin kann að hafa verið afsöluð, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

6. gr.

Fé ófullráða manna má ávaxta í bankanum

Fé ófullráða manna og almannastofnana má um stundarsakir setja á vöxtu í bankann, þangað til því verður komið á vöxtu gegn veði í fasteignum eða á annan lögmætan hátt.

7. gr.

Undanþága frá kyrsetning og löghaldi

Fé það er lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning og löghaldi meðan það stendur þar.

8. gr.

Heimild til að beita lögum 18. febr. 1847

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabréf sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847 10. gr. um fé ómyndugra á Íslandi.

9. gr.

Um glötuð veð

Eigi missir bankinn kröfu sína þó veðið glatist fyrir óhapp.

10. gr.

Sala handveðs

Bankinn hefir rétt til að láta eigin þjóna sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara.

Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita eigi um heimili hans, þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara, til að leysa

út veðið með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvalda-auglýsingar.

Undanþága frá skattgreiðslu

11. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum sköttum, útsvari og stimpilgjaldi.

Gjaldgengi seðla og víxlun þeirra

12. gr.

Seðlar bankans skulu vera gjaldgengir í landssjóð, banka, sparisjóði og aðra almenna sjóði hér á landi, og eru manna á milli löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði.

Í bankanum má fá seðlunum skift mót öðrum seðlum hans, en gegn smápeningum eftir því sem tök eru á.

Bankastjórnin

13. gr.

Í stjórn bankans eru 3 bankastjórar, er ráðherra skipar.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýna nauðsyn tilbera, og að fullu og öllu, ef miklar eru sakir, en gera skal hann grein fyrir skriflega hvað veldur.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast, eða sæti hans verður óskipað að sinni. Eigi telst þó til forfalla, eða að sæti sé óskipað, þó bankastjóri sé fjarverandi í erindum bankans, eða fái hvíldartíma.

Aðsetur bankans

14. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

Hver annist dagleg störf

15. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans.

Nákvæmari fyrirmæli um samband milli bankastjóranna sín í milli verða ákveðin í reglugerð þeirri er ráðherra setur.

Bókari, féhirðir, starfsmenn

16. gr.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnarinnar. Aðra starfsmenn skipar bankastjórnin, og víkur þeim frá; hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv.

Undirskrift bankastjóra

Minst 2 úr bankastjórninni skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, tékk eða ávísanir, önnur verðbréf, eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir bankans og útborgunar skilyrði

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær, og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar.

Féhirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki stjórnarinnar þarf til, nema að minsta kosti 1 úr bankastjórninni samþykki.

17. gr.

Laun

Fyrsti og annar bankastjóri hafa í árslaun 6000 kr. hvor og þriðji bankastjóri 4000 krónur.

Bókari hefir að launum 3500 kr., og féhirðir 5000 kr., og ber hann alla ábyrgð á mistalningu peninga. Núverandi féhirðir fái 1800 kr. persónulega launaviðbót meðan hann heldur starfinu.

Féhirði ber að setja hæfilegt veð, er ráðherra tiltekur.

Fyrverandi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson fær 4000 krónur árlega sem ellistyrk.

18. gr.

Bankastjórar mega eigi skulda bankanum, né hafa aðra atvinnu

Eigi mega bankastjórar bankans vera skuldskeyttir bankanum, hvorki sem skuldunautar eða ábyrgðarmenn annarra, og eigi mega þeir heldur hafa embættisstörf á hendi né aðra atvinnu.

19. gr.

Eftirlitið með bankanum

Stjórn bankans er ávalt skyld að veita ráðherra þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. Svo skal ráðherra láta rannsaka allan hag bankans, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, og ber landssjóður þann kostnað.

20. gr.

Starfsár bankans og reikningslok

Starfsár bankans er almanaksár. Ársreikning bankans skal semja svo snemma, að hann í síðasta lagi sé birtur 4 mánuðum eftir árslok, í helztu blöðum landsins.

21. gr.

Birting banka-reikningsins

Útdrátt úr hinum úrskurðaða bankareikningi skal birta í B. deild Stjórnartíðindanna.

Þar að auki gefur stjórn bankans, eftir hvern ársfjórðung, ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, sem og skal birtast þar.

22. gr.

Varasjóður og skifting taps á fleiri ár

Leggja skal í varasjóð árlega tekjuafgang bankans, að svo miklu leyti sem hagurinn ekki er færður yfir á næsta árs reikning. Ef reikningsskilin bera með sér, að bankinn hafi tapað, ber varasjóður tapið, og er bankastjórninni heimilt að skifta tapi, hvort heldur er beint tap af útlánum, útgjöld við lántökur, eða kostnaður við endurnýjun seðla, niður á 2 eða fleiri ár, ef slík útgjöld á einu ári fara fram úr helmingi ágóða bankans það ár.

23. gr.

Ef bankinn legst niður.

Ef svo skyldi fara að bankinn yrði lagður niður, eða framkvæmdir bankans hætta að fullu, skal fyrst greiða öllum lánssölum bankans allar skuldakröfur þeirra, að undanskildum landssjóði sem lánssala að seðlaupphæð þeirri er hann hefir lánað bankanum. Þær eignir, sem þá

eru eftir, renna í landssjóð, og leysir hann síðan til sín hina útgefnu seðla með fullu ákvæðisverði.

24. gr.

Með lögum þessum er II., III., IV., V. og VI. kafli í lögum nr. 14, 18. september 1885, svo og lög nr. 12, 9. júlí 1909, úr gildi numin.

Ed.

99. Frumvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

1. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár og að því leyti, sem fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eða hafa þar samfleytta dvöl eigi skemur en fjórar vikur til arðsams atvinnureksturs. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, sem ekki hafa líka á gjaldárinu haft fast aðsetur eða samfleytta dvöl til atvinnureksturs annarstaðar og goldið þar útsvar. Sé svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvarar þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur eða samfleytta dvöl í hreppnum. Sömuleiðis má leggja útsvar á verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er séu rekin að minsta kosti 4 vikur af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi eigi haft þar fast aðsetur. Einnig má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, sé þessi afnot rekin ekki skemur en 4 vikur, þótt leiguliði eða notandi eigi heimili annarstaðar. — Ennfremur má leggja aukaútsvar á kaupfélög og pöntunarfélög, ef þau hafa leyst borgarabréf, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild félagsins.

2. gr.

Á aðkomumann, sem stundar bátfiski, má leggja aukaútsvar hæfilegt í samanburði við innansveitarmenn, þó því að eins, að hann rói á útveg annara en þarsveitarmanna eða sé formaður eða taki hlut sinn sjálfur. Útsvarinu skal formaður lúka fyrir sig og þá sem á báti hans róa og útsvarsskyldir eru eftir þessari grein og getur tekið fyrir því af óskiftum afla, ef ekki greiðist á annan hátt. Skemmri tími en 4 vikur kemur ekki til greina. — Sá sem útsvar er á lagt eftir þessari grein getur kært það skriflega fyrir hreppsnefnd, er tekur kæruna til meðferðar og úrskurðar hana, sé hún komin til nefndarinnar innan frests, sem hún telur hæfilegan eftir því sem á stendur í hvert skifti. Nú er gjaldþegn ekki ánægður með úrskurð hreppsnefndar og má hann þá skjóta kæru sinni undir úrskurð sýslunefndar, sem leggur á hana fullnaðarúrskurð, ef hún telur áfrýjun á

úrskurði hreppsnefndar koma fram á hæfilegum fresti. Að öðrum kosti skal kærunni ekki sint.

3. gr.

36. og 37. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 eru numdar úr gildi.

Nd. **100. Frumvarp**

til laga um sóttgæzluskírteini skipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylda sú, sem hvílir á skipum samkvæmt 2. gr. laga nr. 34, 6. nóvbr. 1902, sbr. 8. gr. laga 15. apríl 1854, um að hafa meðferðis sóttgæzluskírteini staðfest af dönskum verzlunarfulltrúa á brottfararstað, fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **101. Frumvarp**

til laga um sérstakt varnarþing í víxilmálum

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Víxilmál, sem rísa út af víxlum, sem samkvæmt ákvæði á víxlinum sjálfum eiga að greiðast á tilteknum stað, má höfða og sækja fyrir gestarétti í þeirri þinghá, þar sem víxillinn á að greiðast, eins og þar væri varnarþing varnaraðila. Stefnu skal birta á lögheimili hans með venjulegum fresti, ef það er innan sama lögsagnar umdæmis, sem fyrirtökustaðurinn, með 4 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með 6 vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Ákvæði þessi ná ekki til víxilmála, er rísa af víxlum, sem dagsettir eru áður en lög þessi öðlast gildi.

Nd. **102. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík 12. janúar 1900.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Ákvæði síðari málsliðs 11. greinar í lögum um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík 12. janúar 1900 um að greiða megi þar um ræddar auka-afborganir og skuldir með bankavaxtabréfum deildarinnar eftir ákvæðisverði, svo og tilvitnanir síðari veðdeildarlaga í ákvæði þetta, skulu úr gildi numin.

Nd. **103. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn símaleiða.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um, að rannsakað verði, hvað kosta mundi símalína frá Arngerðareyri í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu út á Snæfjallaströnd í sömu sýslu, sem og símalína þaðan norður í Grunnavíkurhrepp.

Nd. **104. Tillaga**

til þingsályktunar um strandgæzlu.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að hlutast til um, að strandgæzlan verði betri en verið hefir, að því er til Vestfjarða kemur, einkum á tímabilinu frá 1. sept. til febrúarloka.

Nd. **105. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landstjórnina, að hlutast til um:

1. Að bréfhirðingunni í Bolungarvíkurverzlunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu verði breytt í póstafgreiðslu.

2. Að aukapóstur verði látinn ganga úr Bolungarvíkurverzlunarstað til Ísafjarðarkaupstaðar degi áður en landpóstinum er ætlað að leggja af stað frá Ísafirði í aðalpóstferðina suður.
3. Að pósturinn, sem gengur frá Arngerðareyri að Snæfjöllum, verði látinn fara þessa ferð í hvert skifti, er aðalpósturinn kemur að sunnan, og komi þá við í Unaðsdal, sem og að bréfhirðing verði stofnuð að Melgraseyri á Langadalsströnd.
4. Að aukapósturinn, sem gengur til Hesteyrar í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu verði framvegis látinn koma við í báðum leiðum að Dynjanda í Grunnavíkurhreppi.

Nd. **106. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn brúarstæðis.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að láta rannsaka, hvar hentugast sé brúarstæði á Langadalsá í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem og að gera áætlun um, hvað brúargerðin mundi kosta.

Nd. **107. Þingsályktunartillaga**

um strandferðir.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm N.-Ísf.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um:

1. Að strandbáturinn komi við í Bolungarvíkur-verzlunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu í hverri ferð sinni fram og aftur.
2. Að strandbáturinn verði látinn koma við á Arngerðareyri í Norður-Ísafjarðarsýslu í fyrstu ferð á árinu, er hann kemur að sunnan, og í síðustu ferð að haustinu, þegar hann kemur að norðan.
3. Að strandferðaskipin verði látin koma við í Bolungarvíkur-verzlunarstað í suðurleið í sept.- og marz-mánuðum ár hvert, áður en þau koma til Ísafjarðarkaupstaðar.

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vátrygging fyrir sjómenn frá 30. júlí 1909.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson, Sigurður Gunnarsson og Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Skylt er að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélabátum eða róðrarbátum, fjórrónum eða stærri, minst eina vertíð á ári. Vertíð telst sá tími eða hluti árs, sem sjómaður er lögskráður fyrir í hvert sinn.

2. gr.

Þegar farmaður á vélarbát eða róðrarbát hefir ráðið háseta sína og þeir eru lögskráðir, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn gengur, skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur ásamt gjaldi því, er greiða ber, eftir 3. gr.; en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns sem skráningarstjóra. Skráningarstjóri skal senda skrá þessa vátryggingarstjórn þeirri, er ræðir um í 4. gr. laga 30. júlí 1909, um vátrygging fyrir sjómenn.

3. gr.

Hver sá sjómaður á vélarbát eða róðrarbát, sem vátrygður er, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er ræðir um í lögum frá 30. júlí 1909 um vátrygging fyrir sjómenn, gjald, er nemi 10 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skipsrúm, og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða degi þeim, er hann kom í skipsrúm. Formaður bátsins greiðir gjaldið fyrir skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum hásetanna. Gjald þetta má taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð áður 2 mánuðir eru liðnir frá vertíðarlokum að frádreguum 4% innheimtulaunum.

4. gr.

Nú druknar sjómaður á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., eða deyr af slysförum, og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina, 100 kr. á ári í 4 ár. Séu engir slíkir vandamenn á lífi, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðruvísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 5. gr. í lögum um vátrygging fyrir sjómenn frá 30. júlí 1909, um vátrygging þeirra sjómanna, er stunda fiskiveiðar á vélarbátum og róðrarbátum.

Nd. **109. Breytingartillaga**

við frv. til laga um eftirlaun handa skólastjóra Torfa Bjarnasyni.

Frá Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Í stað orðanna í fyrirsögn frv. »um eftirlaun« komi: um heiðurslaun.
Í stað orðanna: »í eftirlaun úr landssjóði 1500 kr.« komi: heiðurslaun úr landssjóði 1200 kr.

Nd. **110. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 67.

Frá Landbúnaðarnefndinni.

Við 7. lið: Á eftir orðunum: »endurgreiðist síðan úr landssjóði« bætist: að helmingi.

Nd. **111. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að gefa út íslenzk frímerki með mynd Jóns Sigurðssonar fyrir 17. júní næstkomandi.

Nd. **112. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

1. gr.

Lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög, og samþyktir samkvæmt lögum þessum, skulu einnig ná til þiljaðra mótorbáta, séu þeir eigi stærri en fimtán smálestir.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr lögum numin lög 9. júlí 1909 (um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög).

Ed.

113. Frumvarp

til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Almennar auglýsingar og auglýsingar um dómsmál, sem um getur í opnu bréfi frá 4. janúar 1861, í skiptalögum frá 12. apríl 1878 og í lögum um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar frá 28. ágúst 1903, skal hér eftir að eins skylt að birta í því blaði, er fara á með opinberar auglýsingar að lögum hér á landi.

2. gr.

Öll ákvæði eldri og yngri, sem koma í bága við þessi lög, eru hér með úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed.

114. Frumvarp

til laga um sóttgæzluskírteini skipa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylda sú, sem hvílir á skipum samkvæmt 2. gr. laga nr. 34, 6. nóvbr. 1902, sbr. 8. gr. laga 15. apríl 1834, um að hafa meðferðis sóttgæzluskírteini staðfest af dönskum verzlunarfulltrúa á brottfararstað, fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed.

115. Frumvarp

til laga um sérstakt varnarþing í víxilmálum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Víxilmál, sem rísa út af víxlum, sem samkvæmt ákvæði á víxlinum sjálfum eiga að greiðast á tilteknum stað, má höfða og sækja fyrir gestarétti í þeirri þinghá, þar sem víxillinn á að greiðast, eins og þar væri varnarþing varnaraðila. Stefnu skal birta á lögheimili hans með venjulegum fresti, ef það er innan sama lögsagnar umdæmis, sem fyrirtökustaðurinn, með 4 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með 6 vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Ákvæði þessi ná ekki til víxilmála, er rísa af víxlum, sem dagsettir eru áður en lög þessi öðlast gildi.

Nd.

116. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Nefndarmenn eru allir á eitt mál sáttir um það, að ráðherra eigi engin eftirlaun að fá. Raunar býst hún við að svo verði fyrirmælt í stjórnarskrárbreytingum þeim, er telja má víst að samþyktar verði á þessu þingi, en hún leggur þó til að þetta frumv. nái fram að ganga. Vel geta orðið fleiri en ein ráðherraskifti áður en stjórnarskrárbreytingin kemst á, og er þá rétt að draga svo mikið úr þessum eftirlauna austri til fráfarinna ráðherra, sem verða má, án þess að menn telji það brot á stjórnarskrá þeirri sem vér eigum nú við að búa, eða gabb gert að fyrirmælum hennar. Þessvegna leggur nefndin til að samþyktar verði breytingartillögur á þingskjali 69, svo að launin verði eigi hærri en 1000 krónur á ári, en maðurinn njóti þeirra ævilangt, af því að hitt má eigi samrýmast stjórnarskránni.

Frumvarpið gerir ekki grein fyrir því, hversu með skal fara, ef ráðherra hefir áður verið embættismaður og á þaðan rétt til hærri eftirlauna, en frumvarpið ákveður ráðherra til handa. En flutningsmenn höfðu þó ekki ætlast til að ráðherra misti neins í af þeim réttindum, sem hann ætti eftir öðrum lögum en þessum. Því að þá mundi embættismaður eigi fást til þess að taka að sér starfann, hversu fær sem hann væri til þess og hversu vinsæll sem hann væri. Til að bæta úr þessu leggur nefndin til að bætt sé aftan við fyrstu grein með áorðinni breytingu:

Nú á ráðherra rétt til hærri eftirlauna, en hér er mælt, fyrir þjónustu í öðru embætti, er hann hefir áður gegnt, og skal hann þá njóta þeirra eftirlauna einna.

Sá hængur er á þessu, að það gæti valdið því að embættismaður kæm-

ist fyr á eftirlaun en þörf væri. Nefndin gerir þó eigi mikið úr því fyrir þá sök, að væntanlega verða eigi fleiri en einn eða tveir ráðherrar, sem taka eftirlaun eftir þessum lögum.

Alþingi 4. marz 1911.

Björn Sigfússon formaður. Bjarni Jónsson, frá Vogi skrifari og framsögumaður.

Jón Þorkelsson.

Nd. **117. Frumvarp**

til laga um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

1. gr.

Verzlunarlóðin í Vestmannaeyjum takmarkast þannig: Að norðan Heimaklettur þannig, að takmörkin séu standbergið frá og með Hafnareyri vestur í sjó fyrir norðan dranga fyrir vestan Eiði. Að vestan með sjó í norðanvert Klif, þaðan með fjallsrótum Klifs í Hástein. Að sunnan frá Hásteini beïn lína rétt fyrir sunnan Landakirkju, og þaðan bein lína austur í sjó um hól í Vilborgarstaðatúni, er frá kirkjunni ber rétt fyrir sunnan Bjarnarey.

Lög 20. oktbr. 1905 um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Vestmannaeyjum eru úr gildi feld.

Nd. **118. Viðaukatillaga**

við þingsályktunartillögu um strandferðir (þ.skj. 107).

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

Á eftir 3. lið tillögunnar komi nýr liður, er verður 4.:

Að strandbáturinn verði látinn koma við í hverri ferð, fram og aftur, á Búðum, Hellissandi, Ólafsvík og Grundarfirði.

Nd. **119. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Herdísarvík.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Herdísarvík í Árnessýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, frá 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Hér með leyfi eg mér í umboði hreppsnefndarinnar í Selvogshreppi og eftir ósk ábúandans í Herdísarvík, að skora á hið háttvirta Alþingi Íslendinga, sem nú stendur yfir, að löggilda verzlunarstað í Herdísarvík.

Mér er það vel kunnugt, að höfn er þar góð, eftir því sem getur verið að ræða hér austanfjalls, haldgóður akkerisbotn og inn- og útsigling engum annmörkum bundin, enda leita nú orðið fiskiskip oft hafnar í Herdísarvíkurleir á vetrum í norðanveðrum.

Stakkavík 2. marz 1911.
Fyrir hönd hreppsnefndarinnar.
Virðingarfyllst
Gísli G. Scheving.

Ed. **120. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu prestsetrið Húsavík, að undanskildu túni og húsum, og kirkjujörðina Þorvaldsstaði, fyrir það verð, er dómkvaddir, óvilhallir menn meta, þó með því skilyrði, að verðið má eigi lægra vera en 22,000 kr.

Landsstjórnin kveður á um alla söluskilmála, og skal salan eigi fara fram fyr en Húsavíkurkauptún er orðið sérstakt sveitarfélag. Skulu þá jarðirnar fylgja kauptúninu.

Nd. **121. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. alþingis 6. marz (Frv. til laga um eftirlaun handa skólastjóra Torfa Bjarnasyni, þskj. 84).

Í trausti þess, að alþingi veiti skólastjóra Torfa Bjarnasyni viðunanleg heiðurslaun á fjárlögunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **122. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsm: Sigurður Gunnarsson.

1. gr.

Breytingar á lögum um skipun prestakalla eru þær, er nú skal greina:

1. Staðastaður: Staðastaðar- og Búðasóknir.
2. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
3. Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir.

2. gr.

Prestakallaskipun þessi kemur í stað þeirrar, er sett er með lögum um skipun prestakalla nr 45, 16. nóv. 1907, 1. gr. IX. 47 og X. 48.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þær, er ræðir um í þeim, inn í lög nr. 45, frá 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Nd. **123. Frumvarp**

til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

Flutningsmenn: Magnús Blöndahl og Jón Þorkelsson.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón bæjarverkfræðingsins, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Má í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsið. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum.

Lóðareigendur skulu greiða:

A. 2‰ af brunabótarvirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra. Sama gjald skal greiða af húsum þeim, sem síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sé eldra hús rifið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.

B. 45 aura fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu, þó því að eins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist, þegar búið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsi hafa verið lögð í áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni.

3. gr.

Steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir skulu kostaðar að $^2/_3$ úr bæjarsjóði en að $^1/_3$ af þeim, sem lóðir eiga, er teljast til götunnar þeim megin, sem gangstéttin er.

Kostnaði þeim, sem lóðareigendum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstétt hefir verið lögð í, að helmingi eftir lengd lóðanna meðfram götunni og að helmingi eftir brunabótavirðingarverði húseigna þeirra, er á lóðunum standa.

4. gr.

Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðaeigendum og húseigendum samkvæmt 1., 2. og 3. gr., eru tryggðar með veðrétti í húseignunum og hefir sá veðréttur forgangsrétt fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt alt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá vexti.

5. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir látið gera steinlímda, hellulagða eða aðra jafnvandaða gangstétt, skal sérhverjum lóðareiganda skylt að láta hreinsa stéttina daglega fyrir lóð sinni, samkvæmt reglum, er gefnar verða í lögreglusamþykt bæjarins. Sé þetta vanrækt, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað lóðareiganda og sæti hann að auki í almennu lögreglumáli 5—10 kr. sekt fyrir vanræksluna, er renni í bæjarsjóð.

6. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sér sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans og má fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma það í umboði sínu.

Til þess að standast straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, má leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir. Húseigandi greiðir gjaldið.

7. gr.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá staðfestingardegi.

Nd. **124. Frumvarp**

til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta.

Flutningsmaður: H. Hafstein.

1. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlmenn til að njóta kenslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum mentastofnunum landsins.

2. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlmenn til hlutdeildar í styrktarfé því, sem veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri mentastofnanir landsins.

3. gr.

Til allra embætta hafa konur sama rétt og karlmenn, enda hafa þær og í öllum greinum, er að embættisrekstri lúta, sömu skyldur og karlmenn.

4. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi tilskipun 4. desbr. 1886 um rétt kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík, prestaskólans og læknaskólans og til þess að njóta kenslu í þessum síðasttöldu skólum.

Nd. **125. Frumvarp**

til laga um gerðardóm í brunabótamálum.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Magnús Blöndahl, Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Ágreining um það, hvort eða að hve miklu leyti og hvenær brunabótafélagi skuli skylt að greiða brunabætur, skal leggja í gerð, ef vátryggjandi krefst þess eða aðrir, sem öðlast hafa rétt hans til brunabótafjárins.

Í gerðardóminn kveður hvor málsaðila einn mann, en landsyfirréttur

þrjá, og skal sá þeirra, sem landsyfirréttur jafnframt ákveður, vera oddviti gerðardómsins. Oddviti skal vera lögfróður maður.

2. gr.

Nú vill vátryggjandi leggja mál undir úrskurð gerðardóms og skal hann þá senda landsyfirrétti þríritað kröfubréf um það, að gerðardómur sé skipaður, og taka skýrt fram, hvert málsefnið er. Jafnframt skal hann skýra frá því, hvern hann kveður í gerðardóminn af sinni hendi, og láta fylgja yfirlýsing þess manns um, að hann taki að sér starfa þenna. Enn fremur skal fylgja kröfubréfinu eftirrit af vátryggingarskírteininu, svo og 300 kr. til tryggingar greiðslu kostnaðar við gerðardóminn.

Landsyfirréttur skipar síðan menn í gerðardóminn samkvæmt 1. gr. og tilkynnir það þeim þeirra, sem skipaður er oddviti, og sendir honum jafnframt tryggingarféð og öll skjöl málsins að undanteknu einu eintaki kröfubréfsins, sem legst við skjalasafn landsyfirréttarins. Oddviti skal síðan tafarlaust senda stjórn brunabótafélagsins til þess staðar, þar sem vátryggingarskírteinið er gefið út, eitt eintak kröfubréfsins og skora á félagið að kveðja mann í gerðardóminn og senda sér tilkynning um það innan þriggja mánaða frá dagsetning áskorunarbréfsins. Áskorun þessi skal rituð á máli þess lands, þar sem vátryggingarskírteinið er gefið út. Nú hefir vátryggingarskírteini eigi verið gefið út af félaginu, heldur að eins bráðabirgðarskírteini útgefið af umboðsmanni félagsins og þar eigi tekið fram, hvar stjórn félagsins hafi aðsetur sitt, og má þá senda áskorunarbréfið til umboðsmannsins, sem undirritað hefir bráðabirgðarskírteinið.

Nú hefir oddviti eigi innan umgetins frests fengið tilkynning frá félaginu um það, hvern það kveðji í gerðardóminn, og skal hann þá kveðja til fundar hina aðra gerðardómsmenn, sem landsyfirréttur skipaði í gerðardóminn, og skipa þeir þrír þá mann í dóminn af hendi brunabótafélagsins. Ræður um það afl atkvæða.

3. gr.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Innan tveggja vikna frá því að gerðardómur er fullskipaður skal oddviti kveðja gerðardómsmenn til fundar með þeim fyrirvara, sem honum virðist hæfilegur og ákveður hann nánara fundarstaðinn, svo og hvenær fundinn skuli halda, en þeir gerðardómsmenn, sem kvaddir eru af hendi málsaðila, skulu hvor um sig sjá um, að sá málsaðili, sem kvaddi þá, fái vitneskju um fundinn, svo þeir geti gætt þar réttar síns.

Gerðardómurinn ákveður því næst sjálfur með atkvæðamagni, hvernig meðferð málsins skuli hagað.

4. gr.

Í gerðardómi ræður afl atkvæða úrslitum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Oddviti ritar gerðabók gerðardómsins.

5. gr.

Fyrir gerðardómi má leiða vitni og stýrir oddviti vitnaleiðslunni. Um

vitnastefnur, vitnaskyldu, vitnaleiðsluna sjálfa og hegningarábyrgð fyrir rangan framburð gilda sömu reglur sem um vitni fyrir hinum almennu dómstólum.

6. gr.

Úrskurð sinn skal gerðardómur kveða upp innan 10 vikna frá því að málið var tekið til úrskurðar að málfærslu lokinni.

Nú vanrækir gerðardómsmaður störf sín eða forföll banna honum að leysa þau af hendi, og geta þá hinir gerðardómsmenn — þó eigi færri en þrír og þar af tveir útnefndir af yfirrétti — farið með málið og útkljáð það.

7. gr.

Í gerðardómnum skal það ákveðið, hve mikinn málskostnað skuli greiða, þar á meðal, hverja þóknun gerðardómsmenn skuli fá fyrir starf sitt, og hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila eða hvernig skuli skifta honum milli beggja málsaðila.

8. gr.

Gerðardómur, uppkveðinn samkvæmt lögum þessum, gildir skilyrðislaust fyrir báða aðila sem dómur, er ekki verður áfrýjað.

9. gr.

Að gerðardómi loknum afhendir oddviti gerðardóms dómsmálaritara landsyfirréttar gerðabók og málsskjöl. Dómsmálaritari gefur staðfest eftirrit af gerðabók og skjölum gegn venjulegri borgun.

10. gr.

Lög þessi gilda eigi um brunabætur fyrir tjón, sem hefir orðið eða verður fyrir árslok 1911.

Nd. **126. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar á þingskjali 28.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Vér höfum orðið sammála um, að þörf sé á að endurskoða reglur þær, er nú gilda fyrir úthlutun styrks úr landssjóði til búnaðarfélaga fyrir unnar jarðabætur og ákveða dagsverk eftir hinu nýja metramáli. Höfum vér að miklu leyti fallist á breytingartillögur á þingskjali 51 og gert nokkrar fleiri. Verður gerð grein fyrir breytingartillögunum við framsögu málsins.

Breytingar þær, er vér leggjum til að gerðar séu við tillöguna, eru þessar:

1. Við A. 1. Í stað tölunnar 10 í fyrstu línu komi: 8.
2. — — — Í stað »12 dagsverk« komi: 10 dagsverk.
3. — A. 3. Liðurinn orðist svo:

Að stjórn fjelagsins sendi stjórnarráðinu árlega skýrslu um unnar jarðabætur í félaginu, eftir formi, er stjórnarráðið semur og úthlutar, samda af skipuðum skoðunarmanni. Skal henni fylgja:

a. Reikningur um tekjur og gjöld félagsins það ár, sem skýrslan tekur yfir, endurskoðaður. Skal hann sýna tölu félagsmanna.

b. Eintak af lögum félagsins það ár, sem fyrst er gefin skýrsla um samkvæmt reglum þessum, og síðan hvert ár, er ártalið stendur á hálfum eða heilum tug.

4. — A. 4. Fyrir orðin: »er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir tilnefnt« komi: skipaður af sýslunefnd eða bæjarstjórn, samkvæmt tillögum búnáðarsambands í þeim héruðum, þar sem það er til.
5. — A. 4. Aftan við liðinn komi ný málsgrein:

Eftir árið 1915 má skoðunarmaður eigi taka upp í skýrsluna túnasléttur, túnútgræðslu eða sáðreiti á þeim heimilum, þar sem ekki er til salerni.

6. — B. 1. a. Orðin »og túnútgræðslu« falli burt.
7. — B. Á eftir B. 1. a. komi nýr liður, er verði b.: Túnútgræðsla (óbylt land). Stafliðirnir breytast samkvæmt því.
8. — B. 1. b. (sem verður c.). Fyrir: (»kálgarðar«) komi — innan sviga — matjurtagarðar.
9. — B. c. (sem verður d). Fyrir orðin: »og girðingar fyrir afrétti« komi: girðingar búfjárhaga og fyrir afréttarlönd.
10. — B. i. (sem verður j.). Fyrir: »forir (safnþrór«) komi: Safnþrór.
11. — B. j. (sem verður k.). Fyrir: »tún« komi: tún og engjavegir.
12. — B. 2. a. Orðin: »og túnútgræðslu« falli burt.
13. — B. Á eftir B. 2. a. komi nýr liður, er verði b: Túnútgræðsla (óbylt land) ..... 100 metra. Stafliðirnir breytast samkvæmt því.
14. — B. 2. c. (verður d.) 5. Liðurinn orðist svo: Gaddavírsgirðing að minsta kosti $1{,}_{10}$ metra á hæð með alt að 6 metra bili milli stuðla:

a. með 5 strengjum eða fleiri ..... 8 metra
b. — 4 — og undirhleðslu ..... 10 —
c. — 3 — án undirhleðslu ..... 20 —

15. — B. 2. c. (verður d.). Komi nýr liður, sem verður 6. liður:

Vírgirðing úr sléttum vír með 5 eða fleiri strengjum 10 metrar.

Töluliðirnir breytast samkvæmt því.

16. — B. 2. h. 2. Fyrir: »6« komi: ... ... 8 —
17. — B. 2. i. 2. Fyrir: »1« komi: ... ... 0,5 ten. m.
18. — B. 2. i. 3. Fyrir: »forir« komi: safnþrór.
19. — B. 2. i. 3. Fyrir: »1« komi: ... ... 0,5 — —
20. — B. 2. i. 4. Fyrir: »forir« komi: safnþrór.
21. — B. 2. i. 4. Fyrir: »3« komi: ... ... 2 — —

22. — B. 2. j. Fyrir: »tún, 2 metrar á breidd« komi: tún og engjavegir, minst 2 metrar á breidd.
23. — B. 2. j. Fyrir: »12 ten. metra« komi: ... ... 10 metrar.
24. — B. 4. Fyrir: »Bónarbréf um styrkinn eiga að vera komin til stjórnarráðsins fyrir 1. ágúst«
komi: Skýrslurnar eiga að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. september.
25. — C. 1. Fyrir: »Sáðgarðar«
komi: Sáðreitir.
26. — C. 3. Liðurinn falli burt.
27. — C. 5. Í fjórðu línu ofanfrá:
Fyrir: »vírinn galvaniseraður og«
komi: og vírinn.
28. — C. 5. Fyrir: »er og leyfilegt að telja gilda, ef hnausalagi«
komi: má telja gilda, ef steinalagi eða hnausa.
29. — C. 5. »Í dagsverkið — metrar« falli burt.
30. — C. 8. Ný málsgrein bætist við:
Hús ný eða stæðileg með þaki, til að geyma í efni til áburðardrýginda, séu lögð í dagsverk eins og áburðarhús, og öll hæðin innanmáls tekin til greina.
31. — C. 9. Aftan við liðinn bætist:
Allar safnþrór skulu vera með þaki.
32. — C. 10. Á eftir: »upphleyptir vegir yfir tún« bætist: og engjavegir.

Alþingi 7. marz 1911.

Sigurður Sigurðsson, (form. og framsögumaður).
Jón Jónsson, N.-M. (skrifari).

Einar Jónsson. Björn Sigfússon. Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd.

127. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38, 16. nóv. 1907, um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Bjarni Jónsson frá Vogi, Sigurður Sigurðsson og Jón Ólafsson.

Í stað orðanna: »1½ ár« komi: 3 ár.

Ed.

128. Frumvarp

til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Eftir 2. umr. í Ed.

1. gr.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og undirbýr lærisveina skólans undir íslenzk stýrimannspróf, hið meira og hið minna.

Við skóla þennan skipar stjórnarráðið forstöðumann með 2000 kr. árslaunum og aukakennara með 1200 kr. árslaunum.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugerð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður við skólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til hins íslenzka minna stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun logarithma, í grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar, og útreikningi hins rétthyrnda þríhyrnings eftir þríhyrningafræðinni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvisun, inklination og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar.
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefir borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu til og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrétta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðréttingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun við athugun sólar;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar;
14. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;

16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sérstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:

1. þekking á veldi og rót, á logarithmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjóúr og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóúrsins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlínum, bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
6. að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
7. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri réttritun;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku, að geta gert léttan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sé;
9. að hafa lesið kafla í enskri hók, eigi minna en 100 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku;
10. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

4. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita; eru í henni forstöðumaður skólans og tveir aðrir menn, er stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefnin; verkefnin til skriflega prófsins í stærðfræði og siglingafræði við hið meira stýrimannspróf skal þó stýrimannakensluforstjórinn í Kaupmannahöfn búa til og senda stjórnarráðinu í umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

5. gr.

Hver sá, sem staðist hefir hið meira stýrimannapróf, samkvæmt 3. gr. laga þessara, getur krafist þess, að hann sé reyndur í gufuvélafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

6. gr.

Til prófs þess, er getur um í 5. gr., útheimtist þekking á því, sem nú skal greina:

Undirstöðuatriðum aflfræðinnar og hitafræðinnar, sérstaklega um eðli vatnsgufunnar og hagnýting hennar til vinnu; gufuvélum þeim sem nú tíðkast mest ásamt kötlum og því, er þeim fylgir, hestafli gufuvéla, meðferð gufuvéla, framknýingu og kolaeyðslu, helztu hlutum skips og skiftingu þess í vatnsheld hólf, tæmingaráhöldum og slökkvitólum, ryði og vörnum gegn því, hjálparvélum á skipum og lagaákvæðum um gufuskip, er snerta tryggingu á lífi manna og góssi.

7. gr.

Prófið er að eins munnlegt og skal það haldið opinberlega af prófnefnd; fyrir því stendur sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita. Í prófnefndinni er forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

8. gr.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvikjandi tilhögun á prófunum.

Þeim, sem próf hefir tekið, skal veitt skírteini um það, og skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð, og sem stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

9. gr.

Rétt til þess að ganga undir hin íslenzku stýrimannspróf eftir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar stýrimannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið sendir til stjórnarráðsins beiðni um að mega ganga undir próf, og skal fylgja henni vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kent honum siglingafræði. Enginn getur gengið undir prófin nema hann hafi verið háseti á þilskipi 12 mánuði að minsta kosti eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10. gr.

Hver sá, sem staðist hefir próf í gufuvélafræði, samkvæmt lögum þessum, á kost á, að fá viðaukaskírteini það, um þekkingu á gufuvélum, sem getið er um í 14. gr. laga 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar.

11. gr.

Lög nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, lög nr. 58, 10. nóvember 1905, um breytingu á 6. gr. í nefndum lögum, og lög nr. 4, 13. sept. 1901, um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík, eru úr gildi feld.

Ed. **129. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við gildandi lagafyrirmæli um utanþjóðkirkjumenn.

Í 3. gr. laga 4. marz 1904 (sbr. lög 30. júlí 1909 um sóknargjöld 2. og 7. gr.) eru allir, sem eru í löggiltu kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar leystir undan gjöldum til prests og kirkju.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er viðauki við þau lög og ætlast til, að einnig þeir utanþjóðkirkjumenn, sem eigi teljast til neins kirkjufélags, séu undanþegnir gjaldskyldunni, þó með þeirri kvöð, að greiða álika gjald til kenslumála. Og í sambandi við þetta og vegna þess, sem af því kynni að leiða, ef svo margir, að um munaði, kynnu að ganga úr þjóðkirkjusöfnuði, þar sem kirkjan væri í skuld, er stofnuð væri í trausti þess gjaldþols, er söfnuðurinn hafði upphaflega og óríðður, er svo í 5. gr. frumvarpsins ákvæði um, að þeir, sem ganga úr kirkjunni greiði tiltölulegan hluta af skuld kirkjunnar og inni þannig af höndum að sínu leyti þá trygging og skuldbinding, sem löglega var á þá lögð ekki síður en aðra safnaðarlimi, þá er skuldin var stofnuð.

Nefnd sú, er háttvirt efri deild kaus til að athuga frumvarp þetta, hefir eftir vandlega íhugun komist að þeirri niðurstöðu, að hún geti ekki ráðið til að samþykt sé að svo stöddu hið fyrra af framantöldum tveim atriðum, að rýmka gjaldfrelsið meira en gert er í tilvitnuðum lögum 4. marz 1904.

Að vísu kannast nefndin við, að fyllilega réttmætur sé sá tilgangur frumvarpsins, að stuðla að því, að fyrirmælum stjórnarskrárinnar um trúarbragðafrelsi sé fullnægt, og teldi það út af fyrir sig æskilegast, að gjaldskyldunni einnig væri þar rutt úr vegi, þó að í sjálfu sér sé hún engin fyrirmunun á trúarbragðafrelsi, því að svo getur verið um viðhald hvers þess, sem alment er talið þjóðþarfa mál, að einnig þeir verði að styðja það sköttum og skyldum, sem hafa aðra skoðun um nytsemi og nauðsyn þess.

Einnig kannast nefndin við, að með frumvarpinu gæti fengist glöggara yfirlit yfir þá, er vilja teljast til þjóðkirkjunnar og hina, sem vilja vera utan hennar, og gæti það verið að ýmsu leyti æskilegt, meðal annars, ef frumvarpið um eiðatökur, sem fyrir þinginu liggur, nær fram að ganga, til þess að ákveðnara verði skorið úr, hverjir séu utan þjóðkirkjunnar, er til þess kæmi að taka drengskaparorð af þeim mönnum í stað eiðs. Þó telur nefndin, að eftir þegar gildandi laga-ákvæðum sé ekki verulegum vankvæðum bundið að skera úr þessu.

Þá telur og nefndin, að með frumvarpinu væri stigið spor í áttina til að verða við þeim óskum, er fram komu í tillögu þeirri til þingsályktunar um aðskilnað ríkis og kirkju, er samþykt var á síðasta alþingi, en þykir það spor þó ná of skamt til að fullnægja ósk þingsins, til þess að hikandi sé við, að láta það enn um stund óstigið, ef það — sem nefndinni virðist — að öðru leiti er óhagfelt fyrir hag kirkjunnar eins og nú á stendur, og um leið fyrir hagsmuni almennings og ósamrýmanlegt við þá vernd, sem löggjöfin einnig samkvæmt stjórnarskránni á að veita þjóðkirkjunni.

En þrátt fyrir þau atriði, sem gera það æskilegt, að umrædd ákvæði frumvarpsins yrðu að lögum, þá telur nefndin víst, að vandkvæðin á því séu svo mikil, að þau verði óhjákvæmilega þyngri á metum.

Skal fyrst bent á það vandkvæðið, sem erfiðast er viðfangs eða jafnvel óviðráðanlegt og það er afstaða bændakirkna og eigenda þeirra, þegar lög þessi væru á komin. Kirkjur eru 275 á landinu, þar af í umsjón safnaða 131, lénskirkjur 55 og bændakirkjur 89, þar með taldar þó 3 landssjóðskirkjur. — Eins og kunnugt er, ber eigendum bændakirknanna skylda til, að viðhalda kirkjum sínum og endurreisa, þegar svo stendur á. En samfara því hafa þeir og rétt til, að njóta þeirra tekna, sem slík skylda að fornu og fullkomlega löglega byggist á, og löggjöfin getur ekki svift þá nema á þann hátt, að setja annað jafngildi í þeirra stað, sem gert var með lögunum um sóknargjöld. En yrði ákvæði þetta að lögum, þá er bersýnilegt, að eigendur bændakirkna gætu á hverri stundu orðið sviftir þeim fjárstuðningi, sem á að gera þeim unt að viðhalda kirkju sinni, að miklu eða jafnvel mestu leyti. Er þá tvent til, að kirkjueigandi sé leystur undan skyldu sinni, eða — þar sem þetta væri orðið að tilhlutun löggjafarinnar — að landssjóður bætti þeim hallann. Gerir nefndin ráð fyrir, að ef dómur gengi um slíkt mál, mundi hann falla á annan hvorn þann veg, og er auðsætt hve alvarlegar og óaðgengilegar þær afleiðingar væru, hvort sem litið er til safnaðar eða safnaðarbrots, sem yrði svift viðhaldi sóknarkirkju sinnar, þótt það vilji inna af hendi að sínu leyti lögboðin gjöld, eða litið er til hins, kostnaðarins, sem á landssjóð yrði lagður.

Nauðsynlegur undirbúningur undir þetta væri sá, að bændakirkjurnar kæmust í hendur safnaðanna, en fyrir þeim undirbúningi mundi lagasetning þessi fremur tefja, þar sem hún annars vegar gerði söfnuðum öllu óaðgengilegra að taka að sér kirkjurnar, en ýtti hins vegar ekki undir kirkjueigendur, ef þeir ættu von á uppbót úr landssjóði, að láta þær af hendi, fremur það gagnstæða.

Til þess að leita allra ráða til að ganga ekki á móti umræddu ákvæði frumvarpsins, tók nefndin til athugunar, hvort ekki væri tiltækilegt, að knýja með lögum kirkjueigendur til að láta kirkjur af hendi og söfnuði til að taka við þeim, en þar sem ekki hafa komið fram frá þjóðinni kröfur um eða samþykki á slíka lagasetning, varð nefndin að falla frá að koma með frumvarp í þá átt, og þótti sú lagaþvingun að svo stöddu enn óaðgengilegri en hin, sem með því ætti úr að bæta.

Í annan stað vill nefndin benda á, að auk þessara vandkvæða með bændakirkjurnar og hvað sem þeim líður og kostnaði, sem af þeim kynni að leiða fyrir landssjóð, þá er óhjákvæmilegt, að sá kostnaður gæti orðið allverulegur, er til landssjóðs- og lénskirknanna kemur. Um hinar fyrrnefndu leiðir þetta af sjálfu sér, þar sem þær eru beint í eign og umsjón landssjóðs, og um lénskirkjurnar má segja, að þær eru það einnig, þótt á annan hátt sé, svo að ekki gæti komið til mála, að umræddur kostnaður vegna tekjumissis kirknanna gæti hvílt á lénshöldurunum. Og þar sem ekki er auðið að gera neina ábyggilega áætlun um, hve mikill þessi kostnaður gæti orðið, þá styrkir það mjög það álit nefndarinnar, að eins og nú er ástatt sé það enn eigi orðið tímabært að fallast á ákvæði nefndarinnar.

Ennfremur má minnast á þann kostnað fyrir landssjóð, er 6. gr. frumvarpsins ræðir um, að prestar þeir, er komnir eru í embætti áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhallann endurgoldinn, sem þeir kunna að bíða við það. Í fljótu bragði gæti virzt að ákvæði þessu væri ofaukið, þar sem þeir prestar, sem komnir eru undir lögin 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta, að

sjálfsögðu taka ákveðin laun sín úr prestlaunasjóði, og hinir, sem enn taka laun eftir eldri ákvæðum, eiga samkv. lögunum um sóknargjöld 30. júlí 1909 að fá uppbót úr prestlaunasjóði svo að jafngildi sóknartekjunum eftir meðaltali þeirra síðustu 5 ár. En um þessa síðarnefndu presta getur komið fyrir, að sóknartekjur þeirra vaxi drjúgum fram úr þessu meðaltali og hafa þeir þá rétt til að njóta þess. En færu þær svo aftur rýrnandi af völdum laga þessara, bæri samkvæmt ákvæði þessu að bæta þeim það. Af öllu þessu getur stafað allmikill kostnaður, uppsprettur prestlaunasjóðsins tilfinnanlega þorrið, sem er sama sem útgjöld fyrir landssjóð.

Hér í móti má nú halda fram, að þetta sé landssjóði ekki tapað fé, þar sem frumvarpið ætlast til, að í stað hins niðurfelda gjalds komi annað álíka gjald einnig til þjóðþarfa, til kenslumála. En þess er að gæta, að einmitt fyrir það ákvæði ná lögin síður hinum eiginlega tilgangi sínum, mundu valda óánægju og ekki ósennilegt að innan skamms yrði ekki komist hjá að breyta því.

Hið annað aðalatriði, sem frumvarpið hefir að geyma og felst í 5. gr. þess, að maður, sem gengur úr þjóðkirkjunni, án þess að breyta um bústað sinn, skuli um leið greiða sinn tiltölulega hluta af skuld, sem sóknarkirkja hans kann að vera í og stofnuð hefir verið með samþykki lögmæts safnaðarfundar, nær að eins til þeirra safnaða, er tekið hafa við umsjón og fjárhaldi kirkju sinnar. Nefndin sér fulla nauðsyn á, að aðhyllast þetta ákvæði til að tryggja rétt safnaðarins og að hann fyrir þá trygging geti fengið lán, sem honum getur verið óhjákvæmilegt að taka, en hann getur ekki fengið öðruvísi en gegn þeirri tryggingu, sem felst í lögmætu samþykki og skuldbinding safnaðarins, þar sem hver einstakur safnaðarmeðlimur er að upphafi skuldbundinn til að inna af hendi sinn tiltölulegan hluta af skuldinni, og má ekki síðan, þegar svo býður við að horfa, geta varpað af sér þeirri skyldu, með því að svo gæti farið, að brot af söfnuðinum stæði uppi með mikla skuld, er honum væri algerlega um megn að greiða, og kröfueigandi, sem venjulegast er hinn almenni kirkjusjóður, hefði litla trygging fyrir skuld sinni og ef til vill tapaði henni, og yrði fyrir þessa sök neyddur til að kippa að sér hendinni með lán til stórbaga fyrir kirkjur og söfnuði. Annarsvegar er því hér að líta á brýna nauðsyn safnaðanna sjálfra og hins almenna kirkjusjóðs, sem varðveitir fé fyrir kirkjur landsins og verður að sjá um, að því sé borgið, og hins vegar á það, að þar sem slík safnaðarskuld er til orðin á fullkomlega löglegan hátt, verður það og að vera sæmilega lögtrygt að trygging sú, sem hún byggist á, geti ekki svo að kalla fyrirstöðulaust að engu orðið, og er það nauðsynlegt hér, sem í öðrum samvinnufélagsskap, að enginn meðlimur geti leyst sig undan kvöð, sem hann hefir tekið á sig í samfélagi við söfnuðinn, hvort heldur hann hefir gert það með atkvæði sínu á safnaðarfundi eða að eins með því að standa í lögbundnu sambandi við söfnuðinn.

Nefndin sér því ekki að hjá því verði komist, að setja lagaákvæði um þetta og samþykkja 5. gr. frumvarpsins með þeirri einni breytingu, sem af því leiðir, að hún leggur til að gjaldfrelsið sé ekki að svo stöddu rýmkað, svo að miða verður við það ástand sem nú er.

Enn fremur vill nefndin athuga um ákvæðið í 7. gr. að heppilegra sé að nefna fardaga í stað 6. júní.

Samkvæmt því er hér hefir nú verið ritað, leggur nefndin fram fyrir háttvirta deild eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Fjórar fyrstu greinar frumvarpsins falli burt.
2. 5. grein verði 1. grein og orðist svo:

Gangi þjóðkirkjumaður í utanþjóðkirkjusöfnuð, og sóknarkirkja hans, sú er síðast var, sé í skuld fyrir láni, samþyktu af lögmætum safnaðarfundi, þá ber þeim manni, sé hann áfram á sóknarsvæðinu, í þeim fardögum, er hann gengur úr þjóðkirkjunni, að greiða til sóknarkirkju sinnar það brot af þáverandi skuld kirkjunnar, er á hann kemur eftir tölu gjaldenda síðastliðið ár.

Gjald þetta má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

3. 6. gr. falli burtu.
4. 7. gr. verði 2. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1911.

Efri deild alþingis, 7. marz 1911.

Eiríkur Briem, formaður. Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum. Sigurður Stefánsson.

Steingrímur Jónsson. Sigurður Hjörleifsson.

Nd. **130. Frumvarp**

til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Eftir að háskóli Íslands er tekinn til starfa, hafa þeir einir rétt til embætta hér á landi, er tekið hafa embættispróf við háskólann, að því leyti sem sú námsgrein er þar kend, er sá verður að hafa lokið prófi í, sem hlut á að máli.

2. gr.

Undanþágu frá fyrirmælum 1. gr. má landsstjórnin eftir tillögum háskólaráðs veita, að því er tekur til kennaraembætta við háskólann sjálfan.

3. gr.

Læknisfræðingum, er sanna, að þeir hafi aflað sér nægrar þekkingar í læknisfræði á erlendum háskólum eða öðrum slíkum mentastofnunum má og landsstjórnin veita leyfi til þess að stunda hér lækningar, en leitað skal tillagna læknadeildar háskólans í hvert skifti áður slíkt leyfi sé veitt.

4. gr.

Þeir, er lokið hafa embættisprófi við Kaupmannahafnarháskóla í fræðigreinum þeim, sem hér eru kendar á háskólanum, 5 árum eftir að hann tekur til starfa, skulu hér embættisgengir eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt. Þó má engum lögfræðiskandídat frá Kaupmannahafnarháskóla veita hér embætti, er lagapróf þarf til, nema hann hafi lokið þar prófi eigi síðar en 5 árum eftir að lagaskólinn tók til starfa.

Nd. **131. Frumvarp**

til laga um stofnun fasteignaveðbanka.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Stofnun bankans og tilgangur hans.

Fasteignaveðbanka skal stofna í Reykjavík og kallast hann »Fasteignaveðbanki Íslands«.

Tilgangur hans er að veita lán um langt árabil með venjulegum vaxtakjörum, gegn veði í fasteignum, og að kaupa og selja veðskuldabréf með 1. veðrétti í fasteign, og önnur trygg verðbréf.

2. gr.

Bankavaxtabréf og upphæð þeirra.

Bankinn gefur út bankaskuldabréf, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en sem má nafnskrá í bankanum.

Ráðherra Íslands ákveður í reglugerð fyrir bankann um lögun og útlit skuldabréfanna. Upphæð skuldabréfa þessara, sem í umferð eru, má aldrei yfirstíga 15 miljónir króna.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum, en sem nemur fjárhæð þeirri, er bankinn á í veðskuldabréfum.

Í reglugerðinni fyrir bankann skal gera fyrirmæli um alla aðra tilhögun hans.

3. gr.

Starfsfé bankans og trygging.

Til þess að koma bankanum á fót, leggur landssjóður 10 þúsund krónur til, og til starfrækslu hans $^1/_2$ miljón króna lán, sem veitist honum með sömu vaxtakjörum og landssjóður nýtur.

Landssjóður Íslands leggur til tryggingar fé fyrir fasteignaveðbankanum, og skal það aldrei nema minni upphæð en $^1/_6$ af upphæð bankavaxtabréfa bankans, sem óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarféð skal vera að helmingi í ríkisskuldabréfum og að helmingi í innlendum tryggum verðbréfum, og skal upphæð tryggingarfjárins miðast við nafnverð nefndra verðbréfa.

Þessi verðbréf landssjóðs, veltuféð $^1/_2$ miljón ásamt veðbréfum þeim, er bankinn fær hjá lánþegum sínum og öðrum eignum hans, skal vera til tryggingar því, að bankinn standi í skilum.

4. gr.

Aðsetur bankans.

Fasteignaveðbankinn hefir aðsetur sitt í Reykjavík.

5. gr.

Undirskrift og fjárhæð bankavaxtabréfa.

Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skal ráðherra Íslands og 2 úr stjórn bankans rita undir þau.

Fjárhæð þeirra skal ákveðin í reglugerð fyrir fasteignabankann, svo og vextir og gjalddagi vaxtanna.

6. gr.

Bankavaxtabréf bankans skal gefa út í deildum (Serier) og skal þá merkja hverja deild með ártali og deildartölu.

Ráðherra Íslands skal í hvert skifti, sem bankinn vill stofna nýja deild, ákveða, hvort hún skuli stofnuð og hve stór hún skuli vera.

7. gr.

Varasjóðir veðdeilda Landsbankans.

Jafnótt og fyrsta, önnur og þriðja veðdeild Landsbankans leggjast niður, skal varasjóður þeirra og aðrar eignir, renna í varasjóð fasteignaveðbankans.

8. gr.

Undanþága frá sköttum og stimpilgjaldi.

Bankinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari og stimpilgjaldi.

9. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr fasteignabankanum og vátrygging.

Fé bankans má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum, verzlunarstöðum og sjóþorpum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda.

Þegar bankinn tekur jarðir að veði, skal virða jarðarhúsin sér, og gerist þess eigi þörf, að þau séu vátrygð, ef verð þeirra eigi nemur $^1/_4$ af virðingarverði jarðarinnar. Öll önnur hús skal einnig virða sérstaklega og vátryggjast, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni.

Bankinn getur séð um vátrygging.

Heimilt er bankanum, á kostnað lántakanda, að annast vátryggingu á húsum utan Reykjavíkur, sem veðsett eru bankanum, að svo miklu leyti, sem hús í sveitum eru eigi í innlendri brunaábyrgð, sem bankastjórnin tekur gilda.

10. gr.

Lánsupphæðin.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Lánsupphæðin út á einstaka fasteign má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar. En séu minst 10 fasteignir settar að veði fyrir einu láni, má veita út á þær alt að 60 % af samanlögðu virðingarverði þeirra.

11. gr.

Virðing fasteigna, skoðunargjörðir eftir á, og annað eftirlit.

Eignir þær, er bankinn tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugerðinni fyrir bankann. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn bankansmegi nefna til þá menn, er virða skuli veðin. Ennfremur má ákveða í reglugerðinni, að þegar bankastjórnin krefst þess, skuli sýslunefndir segja álit sitt um verð fasteigna í sýslufélaginu, svo og að

bæjarfógetar og hreppstjórar, fyrir hæfilega þóknun, er ráðherra ákveður og fasteignabankinn borgar, hafi eftirlit með þeim eignum, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar fasteignabankanum.

Svo má og í nefndri reglugerð heimila bankastjórninni að láta skoðunargerð fara fram á fasteignum þeim er bankinn hefir að veði, að minsta kosti á hverjum 5 ára fresti, á kostnað lántakanda.

12. gr.

Að lánin megi greiða í bankavaxtabréfum.

Lán þau, er bankinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að krefjast að bankinn annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, en borga verður hann kostnað þann sem af því leiðir og verðfall.

13. gr.

Uppsögn lána.

Lánum þeim, er bankinn veitir, má hann eigi segja upp meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim sem hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi, sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, (sbr. 8. gr.) eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður gjöldum, er ganga fyrir kröfu bankans, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins, án uppsagnar.

14. gr.

Afborganir og tillag til kostnaðar og varasjóðs. Lánstíminn.

Skuldunautar bankans skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við bankann, og til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga.

Tillagið til að borga kostnað við bankann og gjaldið til varasjóðs er $^1/_2$ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunin má eigi vera minni en svo, að lánunum sé lokið á 50 árum, þegar veðið er jarðeign, á 35 árum, sé veðið nýtt steinhús eða steinsteypuhús, og á 25 árum, sé veðið nýtt timburhús.

Sé lánið bæjar- sýslu- eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

Hver lántakandi má án undangenginnar uppsagnar greiða afborganir af skuld sinni, þegar hann vill, þó svo, að afborgunin sé eigi minni en heils árs afborgun í einu. Einnig má hann endurborga skuldina að öllu leyti, og skal hann þá auk áfallinna vaxta greiða tillagið til kostnaðar og varasjóðs, til næsta gjalddaga.

15. gr.

Útdráttur bankavaxtabréfa bankans.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru, skal varið árlega til að innleysa skuldabréf þau er bankinn hefir gefið út eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram-

fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherrann til þessa, hinn bankastjórnin.

Þá er hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara númerin á bankavaxtabréfum þeim er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð bankans.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

16. gr.

Greiðslumáti útdreginna bankavaxtabréfa.

Handhafar eða eigendur skuldabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er bankinn eigi skyldur til að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

17. gr.

Óskilafé og meðferð þess.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð bankans, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

18. gr.

Glötuð bankavaxtabréf og ógilding þeirra.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Svo skal og birta þessa auglýsingu á öðrum hentugum stöðum í útlöndum, ef bankastjórnin álítur þess þörf. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf, með sömu upphæð og það er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Ónýting útdreginna bankavaxtabréfa.

Skuldabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt með vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í sjóð bankans, og skal svo við lok reikningsársins brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt með vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

20. gr.

Hvar innleysa skuli vaxtamiða og útdregin bankavaxtabréf.

Vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í fasteignaveðbankanum í Reykjavík, svo skulu og gjaldheimtumenn landssjóðs taka á móti þeim til borgunar á sköttum

og öðrum gjöldum til landssjóðs, og innleysa vaxtamiðana og skuldabréfin eftir því sem þeir hafa fyrir hendi fé, sem á að borga í landssjóð. Í reglugjörðinni fyrir bankann skal ákveða, hvar borga skuli út erlendis vaxtamiða og skuldabréf, sem komin eru í gjalddaga.

21. gr.

Nauðungarsala.

Þegar lán eru komin í gjalddaga (sbr. 12. gr.), hefir bankinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febrúar 1847, 10. gr., eða láta leggja það bankanum út til eignar, ef þörf er á.

Bankinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómsskoti.

Bankinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt, og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Bankinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

22. gr.

Ómyndugrafé og opinberra sjóða má standa í bankavaxtabréfum með skilyrðum.

Fé ómyndugra manna, og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til kaupa á bankavaxtabréfum bankans, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverð þeirra, eða séu skuldabréfin verðlögð í erlendum kauphöllum, þá eigi hærra verði, en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

23. gr.

Stjórn fasteignaveðbankans.

Í stjórn bankans skal vera bankastjórn Landsbanka Íslands.

24. gr.

Hverjir annast dagleg störf.

Bankastjórar Landsbankans annast dagleg störf fasteignaveðbankans.

25. gr.

Skipun bókara, féhirðis og annara starfsmanna.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnarinnar. Aðra starfsmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Féhirðir skal setja hæfilegt veð, er ráðherra ákveður.

Minst 2 úr bankastjórninni skulu undirskrifa, er veita skal lán, selja verðbréf, eða gera aðrar skriflegar skuldbindingar.

Lögmætar kvittanir bankans og greiðslur féhirðis.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær, og að þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum nema með samþykki 2 manna úr bankastjórninni.

26. gr.

Endurskoðendur og rannsókn bankans.

Endurskoðunarmenn bankans skulu vera þeir sömu og skipaðir eru til að endurskoða reikninga Landsbankans.

Auk þess skal ráðherra árlega láta rannsaka allan hag bankans, og skal kostnaðurinn við slíkar rannsóknir greiðast úr landssjóði.

27. gr,

Laun bankastjórnar, endurskoðenda og starfsmanna.

Á meðan stjórn Landsbankans stjórnar bankanum, skal fasteignaveðbankinn bera 1/3 af launum og eftirlaunum bankastjórnarinnar.

Laun endurskoðenda, bókara og féhirðis ákveður ráðherra eftir tillögum bankastjórnarinnar.

Laun annara starfsmanna bankans ákveður bankastjórnin.

28. gr.

Úrskurður ársreiknings. Birting bankareikninganna.

Ráðherra Íslands úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða bankareikning, og skal birta hann í B. deild Stjórnartíðindanna.

Auk hins árlega reiknings gefur stjórn bankans eftir hvern ársfjórðung ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, sem og skal birta. Ársreikning bankáns skal semja svo snemma, að hann verði í síðasta lagi birtur fjórum mánuðum eftir árslok.

29. gr.

Varasjóður.

Leggja skal í varasjóð ágóða þann er verða kann við árleg reikningsskil bankans, að svo miklu leyti, sem eigi þykir þurfa að færa ágóðann yfir á næsta ársreikning.

Ef reikningsskilin bera með sér, að bankinn hafi tapað, ber varasjóður tapið.

30. gr.

Hvernig með skuli fara, ef bankinn legst niður.

Ef svo skyldi fara, að bankinn yrði lagður niður, eða framkvæmdir hans hætta að fullu, skal fyrst greiða öllum lánssölum bankans allar skuldakröfur þeirra, og þar næst landssjóði 1/2 miljón kr. lánið samkv. 1. gr. Þær eignir, sem þá eru eftir, renna í varasjóð Landsbankans.

Ed. **132. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að hlutast til um, að í hverri póstferð sé látinn ganga aukapóstur frá Mýrum í Dýrafirði, að Hrauni á Ingjaldssandi.

Ed. **133. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Efri deild alþingis skorar á landsstjórnina, að hlutast til um:

1. Að viðkomur gufuskipanna verði fleiri en að undanförnu á Vestfjörðum, sérstaklega á Flateyri, og
2. Að strandbátur komi við á Suðureyri í Súgandafirði í apríl eða maí og í októbermánuði.

Ed. **134. Nefndarálit**

um innsetning gæzlustjóra Ed. við Landsbankann.

Frá rannsóknarnefnd Ed. um gerðir landsstjórnarinnar í Landsbankamálinu m. m.

Með bréfi, dags. 15. f. m., hefir Kristján Jónsson háyfirdómari borið sig upp undan því við háttv. efri deild, að ráðherra hafi 22. nóv. 1909 vikið sér úr gæzlustjórasæti því við Landsbankann, er deildin hafði hvað eftir annað kosið hann í, allar götur frá 1. júlí 1898 til 30. júní 1914, sem og yfir því að ráðherra haldi því sæti enn ólöglega undir annan mann. Jafnframt hefir hr. Kr. J. skorað á deildina, að gera ráðstöfun til þess, *að* tekið verði við honum sem gæzlustjóra í bankanum, *að* honum verði greidd gæzlustjóralaun hans óskert, og *að* honum verði endurgoldinn kostnaður sá, er hann hefir lagt fram til að halda uppi rétti sínum og deildarinnar gagnvart landsstjórninni.

Eins og kunnugt er orðið, innan lands og utan, vék ráðherra eigi að eins hinum *stjórn*kjörna framkvæmdarstjóra Landsbankans úr sýslan hans áðurnefndan dag, 22. nóvbr. 1909, heldur og báðum hinum *þing*kjörnu gæzlustjórum.

Bankastjórunum var vikið frá **fyrirvaralaust.** Þeim var ekki gefið til kynna, hvað þeir hefðu unnið til saka, og því síður veittur kostur á að verja sig. Ráðherra bannaði jafnvel útsendingamanni stjórnartíðindanna, er tók við öllu upplaginu af Landsbankarannsóknarnefndarskýrslunni, að láta nokkuð eintak af henni til bæjarmanna, fyr en hann hefði sent hana með landpóstum út um landið, enda fengu hinir afsettu bankastjórar skýrsluna ekki fyr en hún hafði verið send með póstum út um land, og urðu þá að kaupa hana sjálfir. Bankanum var **lokað,** að ráðstöfun landsstjórnarinnar, í **miðjum starfstíma** og bankastjórnin **samstundis** látin skila sjóðum bankans, bókum og lyklum í hendur bankastjórn þeirri, er ráðherra hafði skipað um leið og hann vék hinni frá.

Ráðherra lét birta ráðstöfun þessa með **götuauglýsingum** víðsvegar um *bæinn* og lét auk þess **síma** hana bæði til **út***landa* og víðsvegar **innan***lands*, þar á meðal til stjórnarþingmanna og heldri ritsímastöðva, er aftur voru látnar birta hana með uppfestum auglýsingum. Stjórnarblaðið »Ísafold«, XXXVI. árg. 77. tölublað, er, eitt meðal margra annara gagna, sönnun þess, að þann veg var þessari minnisstæðu stjórnarráðstöfun háttað.

Ráðherra gaf gæzlustjórunum að sök, að þeir hefðu sýnt af sér »margvíslega, megna og óafsakanlega óreglu . . . og frámunalega lélegt eftirlit« með bankanum, og skaut sér jafnframt undir heimild 20. gr. bankalaganna frá 18. sept. 1885.

Áður en ráðherra vék bankastjórninni frá, hafði hann látið *3 manna nefnd* »*rannsaka allan hag Landsbankans*«. Nefndin var skipuð 26. apríl 1909 2 mönnum úr stjórnarráðinu og 1 reikningslærðum kandídat, en allir voru nefndarmennirnir ófróðir menn um bankastarfsemi. Það er sannað með framburði bæði hins stjórnkjörna og þingkjörna endurskoðara, að ráðherra hafði **ekki** *leitað upplýsinga hjá þeim um hag bankans*, áður en hann skipaði nefndina. Og enn er það sannað með framburði landritara og skrifstofustjóra þess í stjórnarráðinu, er bankinn heyrir undir, að landsstjórninni hafi **ekki** *borist neinar* **kærur** *yfir bankastjórninni*, áður en nefndin var skipuð, enda er því óbeinlínis játað í bréfi ráðherra til nefndarinnar 3. þ. m. —

Loks er það sannað með framburði landritara og fyrnefnds skrifstofustjóra, að ráðherra *hafi* **eigi borið nefndarskipunina undir þá**, enda hafði skipunarbréf nefndarmannanna *ekki verið samið í stjórnarráðinu*. Landritari hefir auk þess borið það fyrir nefndinni, »að hann hafi minst á það við ráðherra, að sér fyndist undarlegt, að gengið væri fram hjá stjórnarráðinu í slíku máli, og hefði þá ráðherra sagt eitthvað á þá leið, að það væri samþykt á flokksfundi og væri því **pólitík**[1]) og því stjórnarráðinu óviðkomandi«. Landritari kveðst og »hafa lagt á móti einum nefndarmanni, og kvaðst vita til, að ráðherra hefði viljað taka tillögu hans til greina, þótt ekki hefði úr því orðið«. En það má telja sannað, að engin slík samþykt hafi verið gerð á flokksfundi og landritari hefir eftir ráðherra. Um mánaðamótin sept. og okt. 1909 gengu 2 af nefndarmönnum úr nefndinni og skipaði ráðherra þá í þeirra stað 2 nýja menn, er jafnvel munu hafa verið enn ófróðari um bankamál, en þeir er úr gengu. Fyrri formaður Landsbankarannsóknarnefndarinnar hefir *þó* borið »að þeir (ɔ: hann og meðnefndarmenn hans) hafi mikið til verið búnir með endurskoðunina, þegar hann lét af starfinu, 2. okt. 1909«, eða »að rannsókninni hafi aðallega verið lokið, þegar hann vék úr nefndinni«, eins og bókað er eftir honum í öðru sambandi.

Um **frávikningarbréfið** *22. nóv. 1909* gegnir líku máli og um nefndarskipunarbréfið, að því leyti til, að vitni landritara og skrifstofustjóra, að það var undir **hvorugan borið** og hafði *ekki verið samið í stjórnarráðinu*. Hvorugur vissi um þá ráðstöfun fyr en nokkrum mínútum áður en þeir voru sendir ofan í Landsbankann til að fullnægja frávikningunni. Landritari kvaðst »hafa gert sitt ýtrasta til, að fá breytt orðalaginu á bréfunum til gæzlustjóra, en ekki fengið því framgengt, því að ráðherra hefði sagt, að þau væru nákvæmlega yfirveguð«. — Og *hvorugur* þeirra, landritari eða skrifstofustjóri, *vissi til, að landsbankastjórnin hefði verið* **kærð** *á undan afsetningunni* af öðrum en rannsóknarnefndinni, enda er því óbeinlínis *játað í fyrnefndu bréfi ráðherra* til nefndarinnar 3. þ. m., að honum hafi eigi borist *aðrar* kærur, en frá rannsóknarnefndinni.

Rannsóknarnefndin lauk ekki starfi sínu fyr en *21. janúar 1910*. Þann dag sendi hún, samkvæmt eftirriti úr stjórnarráðinu af bréfi nefndarinnar, stjórnarráðinu skýrslu um starf sitt, en hins vegar sendi hún því hvorki gjörðabók sína eða bók þá um mat á útistandandi skuldum bankans, er nefnd er á bls. 17 í hinni prentuðu nefndarskýrslu, enda voru þær bækur hvorki til í stjórnarráðinu né í bankanum í byrjun þessa mánaðar.

1) Auðkent af oss.

Eins og tekið er fram að framan, bar ráðherra 20. gr. bankalaganna frá 1885 fyrir sig, sem heimild til frávikningarinnar. Því verður nú og að játa, að ráðherra hafði **að forminu til** heimild til að víkja bankastjórninni frá, en *gæzlu*stjórunum gat hann þó að eins vikið frá »**um stundarsakir**«.

En nú, þó að nefnd lagagrein hafi heimilað ráðherra vald þetta í orði kveðnu, þá er það sjálfgefið, að önnur eins ráðstöfun og frávikning allrar bankastjórnarinnar getur því að eins talist forsvaranleg, að **mjög ríkar ástæður hafi verið fyrir hendi.** Og er þá á þær að líta. Hér verða þær ástæður þó ekki krufðar til fullnaðar, sérstaklega vegna þess, að nefndin hefir afráðið að gera að svo stöddu **að eins tillögu um innsetningu** hr. **Kr. J.** sem gæzlustjóra Ed. við Landsbankann, enda hefir e. d. og n. d. nefndin skipt svo verkum með sér, að hin síðarnefnda rannsaki sérstaklega hag bankans, þar á meðal hið svokallaða mat á tapi hans. Þó skal þess getið, að **ekki getur verið að ræða um aðrar bréffestar skýrslur** *frávikningunni til stuðnings*, en þær sem komu frá rannsóknarnefndinni og *prentaðar eru í skýrslu nefndarinnar*. Þetta er sannað bæði með *framburði landritara og margnefnds skrifstofustjóra*. Því er *játað af nefndarmönnum þeim 2*, sem náðst hefir til, og því er loks *óbeinlínis játað af ráðherra sjálfum* í oftnefndu bréfi hans 3. þ. m. En sakir þær, sem nefndin *sérstaklega* skýrði ráðherra frá, má sjá af bréfi nefndarinnar til ráðherra frá 21. júní 1909, Rannsóknarnefndarskýrslan bls. 71—73, og af bréfi frá 16. nóv. samæris Rsnsk. bls. 54—57.

Með fyrra bréfinu er bankastjórninni fundið það til foráttu, að hún hafi *eigi haldið* **gjörðabók**. Í lögum bankans er hvergi gert ráð fyrir gjörðabók, en í 8. gr. reglugjörðar bankans frá 8. apr. 1894 er svo ákveðið, að hver bankastjóranna geti heimtað »ágreiningsatkvæði sitt ritað í gjörðabók«. Bankastjórarnir hafa skýrt svo frá, að slík krafa hafi aldrei komið fram af hendi nokkurs þeirra, og hafi því gjörðabók sú, er reglugjörðargreinin *ein* gerir ráð fyrir, aldrei verið haldin af þeim. En þó að skipun stjórnarráðsins í bréfi til bankastjórnarinnar 1. okt. 1909, Rannsóknarnefndarskýrslan bls. 73 neðst, um að halda gjörðabók frá þeim degi væri talin lögleg, þá gæti það atvik, að bankastjórnin mæltist um stund undan fyrirskipuðu gjörðabókarhaldi **með engu móti réttlætt annað eins örþrifaráð** og frávikninguna 22. nóv. 1909, enda sést það á bréfi stjórnarráðsins til bankastjórnarinnar 13. okt. 1909, Rannsóknarnefndarskýrslan bls. 76—77, að bankastjórnin hefir sent stjórnarráðinu gjörðabókareftirrit frá 7. okt. Hér má og geta þess, að ráðherra félst á það 15. nóv. 1909, að við svo búið mætti standa um gjörðabókarhaldið, að því er þeir Kristján Jónsson og Eiríkur Briem hafa haft eftir honum, enda minnist ráðherra ekki á gjörðabókarhaldið eftir þann dag.

Og víkur þá máli að hinni ástæðunni, **aðal***ástæðunni*, sem virðist hafa verið til frávikningarinnar í augum ráðherra, »**víxlakaupum starfsmanna Landsbankans**«, er nefndin kallaði hana og lagði svo mikið upp úr, að hún þóttist tilneydd að gefa ráðherra sérstaka skýrslu um það áður en rannsókninni var lokið, sbr. áður nefnt bréf 16. nóv. Þar er bankastjórninni gefið það að sök, að vantað hafi »*skriflega útgjaldaskipun*« af hennar hendi fyrir rúmum 250 víxlum, alls að upphæð yfir 140,000 kr. Bankastarfsmennirnir eru í skýrslunni taldir hafa »keypt« þessa víxla, sumpart samkvæmt fyrirframgefnu sérstöku leyfi þáverandi framkvæmdarstjóra og sumpart í heimildarleysi bankastjórnarinnar. Og er þetta kallað bæði »ríða í bága við lög og reglugerð bankans og hættulegt fyrir bankann«. Það er nú að vísu svo, að tíðkast hefir í bankanum lengst af, síðan hann komst á fót, að láta skriflega útgjaldaskipun fylgja tilkynning um kaup eða framlenging á

víxli, eftir því sem fram hefir verið borið fyrir nefndinni, bæði vegna herbergjaskipunar í bankahúsinu og til tryggingar því, að sá hluti hins keypta víxils, er renna hafi átt aftur inn í bankann til greiðslu annara lána, lenti á réttum stað.

En »skrifleg útgjaldaskipun« er hinsvegar *hvorki fyrirskipuð í lögum bankans né reglugerð*, enda ekki tíðkuð annarsstaðar. Annað mál er það, að starfsmenn bankans mega ekki *upp á sitt eindæmi* kaupa víxla. En það hafa þeir heldur ekki gert eftir því sem upplýst er fyrir nefndinni. Starfsmönnum þeim, sem sakaðir eru um víxlakaupin, bankagjaldkeranum og bankabókaranum, *hefir borið saman við fyrverandi framkvæmdarstjórn um það*, að þeir hafi haft »**umboð**[1]) *framkvæmdarstjóra* til þess að kaupa (framlengja) víxla, án sérstakrar nýrrar útgjaldaskipunar, *þegar ekki næðist til bankastjórnarinnar, en víxli lægi við afsögn, er víxillinn væri lægri en hinn eldri víxill og trygging eigi minni*[1])«. Þeir bæta því við, að þeir hafi þó »oftast spurst fyrir um það (ɔ: víxlakaupin) hjá framkvæmdarstjóra eða þeim gæzlustjóra, er til náðist í síma, og hafi á þann hátt fengið munnlega útgjaldaskipun ætíð þegar til þeirra náðist«. Þá hafa þeir og fortekið, að þeir hafi »nokkru sinni keypt víxil, sem **ekki** *var til greiðslu* **annars** *víxils, án skriflegrar útgjaldaskipunar*[1]) og framkvæmdarstjórinn hefir fullyrt »að hann hafi aldrei orðið var við, að bankastarfsmennirnir hafi keypt nýjan víxil«.

Samkv. 22. gr. bankalaganna 1885 annast framkvæmdarstjóri »dagleg störf bankans og stýrir þeim undir umsjón gæzlustjóranna og með aðstoð þeirra«. Til »daglegra starfa« virðist flestu fremur mega telja víxlakaup bankans, enda *hefir* **það** *viðgengist frá því að bankinn komst á fót, að framkvæmdarstjóri keypti* **einn** *víxla* án íhlutunar gæzlustjóra, um aðra víxla en þá, er keyptir voru að þeim viðstöddum eða framkvæmdarstjóri bar sérstaklega undir þá. Að öðru leyti hefir umsjón þeirra með víxlaeign bankans aðallega verið fólgin í rannsókn á henni við og við. Hinsvegar mundi framkvæmdarstjóri ekki lögum samkvæmt hafa getað falið bankastarfsmönnum sínum að kaupa víxla *yfirleitt*. Og því verður ekki neitað, að misbrúka hefði *mátt* aðferð þá um framlenging víxla, er lýst er hér að framan. En þegar litið er á öll atvik, sérstaklega hve stuttur starfstími bankans var daglega, og til áreiðanlegleika og kunnugleika hlutaðeigandi bankastarfsmanna, þykir hér um rædd aðferð ekki óforsvaranleg, *enda er það upplýst með framburði 2 manna fyrir nefndinni*, að *allir* þeir víxlar, er hér um ræðir, séu nú annaðhvort *borgaðir* með peningum eða *framlengdir af* **núverandi** *bankastjórn*, og hefir bankinn þannig **ekkert** *tjón beðið af hér umræddum víxlum, er* **fráfarinni** *bankastjórn verði um kent.*

Um **önnur** *atriði* en þau, sem talin eru að framan og máli skifta, hafði rannsóknarnefndin **ekki** *látið ráðherra í té skriflega skýrslu*, er frávikningin fór fram. Sérstaklega athugast, að nefndin *hafði þá* **ekki** *sent ráðherra neina skýrslu* um svokallað *mat sitt á* »**tapi**« *bankans*, enda hafði nefndin þá hvergi nærri fullrannsakað það. Hin svokölluðu víxlakaup starfsmanna bankans hafa því, eftir því sem á undan er gengið, eftir öllum líkindum verið **einka***ástæða* ráðherra til frávikningarinnar. Því að eftir **munnlegu** *skrafi* nefndarmanna eða annara má búast við, að jafnvel ráðherra hafi eigi farið. En víxlakaupakæran **réttlætir með engu móti** fremur en gjörðarbókarkæran **stjórnarráðstöfunina 22. nóv. 1909.**

Og yfirleitt mun mega segja, að *hún mundi hafa verið óréttlætanleg*, **svo sem henni** *var háttað*, **hvernig** sem á hefði staðið, því að jafnvel þó að um

1) Auðkent af oss.

glæpi hefði verið að ræða af hendi bankastjórnarinnar, hefði þó **vegna bankans og almennings** *átt* að haga bankastjóraskiftunum og öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum með sem mestri varúð og að minsta kosti hvelllaust.

En hvað sem þessum og öðrum »ástæðum« til frávikningarinnar líður, *þá gat ráðherra* **ekki lögum samkvæmt** *varnað hinum* **þing***kjörnu gæzlustjórum að taka sæti í stjórn Landsbankans* **eftir 1. janúar 1910.** Samkvæmt hlutarins eðli getur sá einn leyst mann frá starfi, hvort heldur til fulls eða um stund, er setti manninn til starfsins. Gæzlustjórarnir við Landsbankann eru kjörnir sinn af hvorri þingdeild. Deildirnar eru því *einar* þess megnugar, að taka starfið af gæzlustjórunum *nema sérstök heimild verði sýnd fyrir.* Samkv. 20. gr. bankalaganna 1885 var landshöfðingja, nú ráðherra, heimilað að víkja gæzlustjórunum frá, en **einungis „um stundarsakir“.** *Sú heimild* **féll niður** *1. janúar 1910,* er hin nýju bankalög frá 9. júlí 1909 gengu í gildi. Með 8. gr. nýnefndra laga er sá kafli bankalaganna frá 1885, er 20. gr. þeirra stendur í, numinn úr gildi með *berum orðum.* Auk þess sést það ljóslega af 1. gr. laganna frá 1909, að ráðherra hefir ekki verið ætlað vald til að víkja gæzlustjórunum frá um stundarsakir. Honum er þar fengið vald til að víkja »bankastjórunum, öðrum eða báðum« frá, hvort heldur til fulls eða um stund, en á svipað vald honum til handa yfir »gæzlustjórunum« er ekki minst og er þeirra þó getið í greininni. Yfirleitt gera lögin alstaðar mun á hinum stjórnskipuðu bankastjórum og hinum þingkjörnu gæzlustjórum, svo sem í 4. og 5. gr. En úr því að ráðherra brestur heimild til að víkja gæzlustjórunum frá eftir 1. janúar 1910, *hlaut og frávikning hans 22. nóvember 1909,* þótt um stundarsakir hefði verið gerð, svo sem ráðherra nú heldur fram, þvert ofan í málsreyfingu sína fyrir landsyfirdómi, *að falla úr gildi 1. janúar 1910.* Hafi frávikningin átt að vera um stundarsakir, hlaut hún að enda 1. janúar 1910, en hafi hún átt að vera til fulls, var hún, að því er gæzlustjórana snerti, ógild eftir þágildandi lögum. Því er og slegið föstu með 2 óröskuðum landsyfirréttardómum, gengnum 25. apríl og 11. júlí 1910, að frávikningin hafi verið ólögmæt. Hér má og minna á það, að illa hélzt á hinum stjórnkjörnu »gæzlustjórum«. Þeir voru skipaðir 7 á tæpum 3 mánuðum. Ráðherra hefir og nýlega kannast við það í þingræðu, að hann hafi verið að hugsa um að heimila gæzlustjórunum sæti þeirra í stjórn Landsbankans eftir 1. janúar 1910, en tjáðist hafa hætt við það, af því að dönsku bankamennirnir, er »Landmandsbanken« í Kaupmannahöfn sendi hingað til að skoða hag Landsbankans í desbr. 1909, tjáðust mundu leggja það til við forstöðumenn »Landmandsbankens« að slíta viðskiftasambandi við Landsbankann, er þá skuldaði fyrnefndum banka 803,751 kr. 53 aura. En þessi ástæða er, þótt sönn væri, ekki annað en **fyrirsláttur**. *Fyrst og fremst* hefir ráðherra aldrei grenslast eftir því hjá stjórn Landmandsbankens, hvort hún mundi áskilja það til framhalds viðskiftum við Landsbankann, að hinum þingkjörnu gæzlustjórum yrði haldið utan bankans, *svo sem stjórn Landmandsbankens hefir síðar nefndinni.* — Í *annan* stað hefði Landsbankinn óhægðarlaust eða óhægðarlítið getað svarað allri skuldinni út, ef á hefði þurft að halda, því að 3. janúar 1910 greiddi hann Landmandsbanken upp í nefndar ... ... 803,751 kr. 53

487,500 — »

Og stóðu þá ekki eftir nema ... ... 316,251 kr. 53

En upp í það átti Landsbankinn í vörzlum »Landmandsbankens« 229.000 kr. í dönskum verðbréfum, talin að gangverði í efnahagsreikningi bankans 1909 að upphæð 202,617 kr. 50 aur., Stjt. 1910 B. bls. 153, er selja mátti samstundis í

dönsku kauphöllinni og loks 587,000 kr. í bankavaxtabréfum hjá »Landmandsbanken« er selja hefði mátt landssjóði, og hann átti ærið fé til að borga með, þar sem hann átti þá í bönkum 756,000 kr., sbr. Landsreikninginn 1909. — Og í *þriðja* lagi hefði það **ekki** *verið nægileg ástæða til að* **brjóta skýlaus lög,** þó að »Landmandsbanken« hefði hótað viðskiftaslitum og Landsbankinn komist í kröggur fyrir það.

Af því sem á undan er gengið er það bert, að nefndin ræður deildinni til að hlutast til um, að tekið verði tafarlaust við hr. Kr. J. sem gæzlustjóra við Landsbankann, en af því leiðir aftur, að greiða verður honum lögákveðin gæzlustjóralaun frá 1. jan. 1910. Fyrir desembermán. 1909 ætti hann aftur á móti, samkv. venju um menn, er vikið er frá um stundarsakir, að eins að hafa hálf laun. Og til bóta fyrir útlagðan kostnað, til að sækja rétt sinn (og deildarinnar), gagnvart landsstjórn og bankastjórn Landsbankans, á hann tæplega heimtingu að lögum. En af því að öll framkoma landsstjórnarinnar hér að lútandi er *fullkomið einsdæmi,* leggur nefndin þó til, að deildin hlutist til um að öllum kröfum hr. Kr. J. verði tafarlaust fullnægt.

Áður en nefndin skilst við málsatriði þetta, getur hún ekki leitt hjá sér að skýra deildinni frá framkomu ráðherra gagnvart nefndinni, um leið og hún geymir sér rétt til, þegar loka-tillögur hennar verða frambornar, eða eftir atvikum fyr, að gera þaraðlútandi tillögu til deildarinnar.

Daginn eftir að nefndin var skipuð eða 23. f. m., æskti nefndin skýrslu ráðherra um það, hvort hann hefði spurst fyrir um það, hvort stjórn »Landmandsbankens« mundi slíta viðskiftasambandi við Landsbankann ef gæzlustjórarnir væru látnir taka við sætum sínum, svo sem ráðherra hafði gefið í skyn að mundi verða. 27. febr. var skrifara nefndarinnar og þm. Akureyringa falið, að minna ráðherra á, að senda eftiræsktar upplýsingar og sérstaklega skýrslu dönsku bankaskoðunarmannanna, er hann hafði heitið að senda nefndinni í þingræðu 24. s. m. Þeir gerðu það, en það kom fyrir ekki. 1. þ. m. endurnýjaði nefndin kröfu sína bréflega. Með bréfi 2. s. m. býðst ráðherra til að lesa álit dönsku bankaskoðunarmannanna fyrir nefndinni eða beggja deilda nefndum í sameiningu. Með bréfi dags. daginn eftir, endurnýjaði nefndin fyrnefnda kröfu um upplýsingar og kvaðst jafnframt viðbúin að kynnast álitsskjalinu kl. 6 þá um kvöldið, en ráðherra tjáðist þá forfallaður en sagðist verða »viðlátinn í fyrramálið á morgun«. Nefndin reit þá ráðherra samdægurs, og kvaðst mundu halda fund með honum kl. 9 árdegis daginn eftir. Ráðherra kom ekki á fundinn fyr en kl. 9¼ og skírskotast um framkomu hans þar til neðanprentaðs eftirrits af fundargerðinni.

Að svo mæltu leyfir meiri hluti nefndarinnar sér að ráða háttv. deild til að samþykkja eftirfarandi

TILLÖGU

til þingsályktunar.

Efri deild alþingis ályktar, að skora á ráðherra, að hlutast tafarlaust til um það, *að* tekið verði nú þegar við Kristjáni Jónssyni háyfirdómara sem gæzlustjóra í Landsbankanum, *að* honum verði greidd lögmælt gæzlustjóralaun frá 1.

desbr. 1909 og *að* honum verði endurgoldinn útlagður kostnaður hans til að sækja rétt hans og deildarinnar gagnvart ráðherra og bankastjórn Landsbankans.

Efri deild alþingis, 6. marz 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður, framsögum. meiri hl.	Stefán Stefánsson, skrifari.
Sigurður Stefánsson.	Aug. Flygenring.

Ár 1911, 4. marz átti nefndin fund með sér á sama stað kl. 9 árdegis.
Allir á fundi.

Fundurinn er aukafundur, haldinn til þess að taka við framboðinni skýrslu ráðherra um skoðun dönsku bankamannanna, samkvæmt bréfi hans 2. marz og áritun hans á bréfi nefndarinnar 3. þ. m., sem og til að taka við áður umkröfðum upplýsingum af hans hendi. Ráðherra kom á fundinn kl. 9¼.

Formaður nefndarinnar bað hæstvirtan ráðherra þrisvar, að gera svo vel og fá sér sæti og tjáði honum, að nú væri nefndin, eins og hann hefði spurt um í bréfi 2. þ. m., viðlátin að hlýða til »er skjalið er lesið fyrir henni« o: »yrði lesið fyrir henni«, en ætlaði sér jafnframt að spyrja hana ýmsra spurninga. Ráðherra fékst ekki til að taka sér sæti, og heldur ekki til þess að tala við, eða víkja máli sínu að formanni eða neinum nefndarmanna, en stóð við borðshornið hjá Sigurði lækni Hjörleifssyni, nefndarmanni, sneri sér frá nefndinni, og talaði við hann nokkur orð í lágum róm. Formaður minti ráðherra þá með hógværum orðum á það, að hann bakaði sér ábyrgð samkvæmt ráðherraábyrgðarlögunum með því að verða ekki við fyrirmælum 22. gr. stjórnarskrárinnar, um að svara nefndinni, en ráðherra gekk þá af fundi.

Formaður nefndarinnar bar bókun þessa sérstaklega undir hvern nefndarmanna, og tjáðu þeir skrifari nefndarinnar, Sigurður prestur Stefánsson og Augúst kaupm. Flygenring, *hana rétta í öllum greinum, en* Sigurður læknir Hjörleifsson óskaði fyrir sitt leyti eftirfarandi bókað: »Að ráðherra hafi að vísu snúið sér til sín, en lýst yfir því, að hann vildi eigi svara munnlegum fyrirspurnum, en vildi gefa skrifleg svör. Beiddist hann þess, að eftir þessu væri tekið, og beindi þá orðum sínum jafnframt til nefndarmannsins Sigurðar Stefánssonar. Sigurður Hjörleifsson benti honum þá á, að nefndarmenn væru saman komnir til þess að hlýða á skýrslu dönsku bankastjóranna, og kvaðst ráðherra ekki láta á því standa að hún yrði lesin upp. Skildi Sigurður Hjörleifsson svo, að form. nefndarinnar mótmælti því að annar læsi skjalið upp en ráðherra sjálfur«.

Formaður lætur þess getið, að hann hafi ekkert í þá átt sagt.

Nefndarmaðurinn Sigurður Stefánsson sat næstur Sig. Hjörleifssyni og gegnt ráðherra, en á hlið við hann, og kveðst eigi hafa orðið var við, að hann nokkru sinni snéri *máli sínu til sín í* viðtali hans við Sigurð Hjörleifsson.

Rétt eftirrit staðfestir

Lárus H. Bjarnason. Stefán Stefánsson.

Álit minni hlutans.

Eg hef að mjög litlu leyti getað orðið samferða háttvirtum samnefndarmönnum mínum um rannsókn þess máls, er deildin fól oss að athuga, enda nær engu getað um hana ráðið. Skoðanir mínar og annara nefndarmanna á því, hvernig þann dóm ætti að byggja, er hér ræðir um, hafa verið gagnólíkar. Ég hefi litið svo á, að hin svonefnda formshlið málsins yrði ekki metin réttilega, nema áður væri rannsakað vandlega, hverju áfátt hefði verið í stjórn bankans, og þá hliðina verð ég að telja enn mjög lítið rannsakaða af háttvirtum meiri hluta nefndarinnar.

Eg er honum líka fullkomlega ósammála um þá tillögu til þingsályktunar, er hann flytur hér til háttvirtrar deildar og þær ástæður, er hann færir fyrir tillögu sinni.

Að því er snertir heimild ráðherra til þess að víkja hinum þingkosnu gæzlustjórum frá, þá eru allir samdóma um að hann hafi haft fulla heimild til þess að víkja þeim frá um stundarsakir, og virðist þá eðlilegt að líta svo á, að hann hafi að minsta kosti haft heimild til þess að víkja þeim frá, þangað til þing kæmi saman, sá málsaðilinn er sett hafði gæzlustjórana til starfsins og að sjálfsögðu átti að rannsaka alla málavöxtu. Eg get ekki fallist á, að hin nýju bankalög frá 9. júlí 1909 geti felt úr gildi þá frávikningu, sem gerð er samkvæmt skýlausri heimild eldri þá gildandi laga, en einmitt þetta atriði og annað, er lýtur að formshlið þessa máls, á á sínum tíma að úrskurðast af æðsta dómstóli landsins. Eg verð að telja það alt annað en vel við eigandi, ef hin háttvirta deild fer að taka fram fyrir hendur æðsta dómsvaldsins í þessu máli, fer að byggja ályktanir sínar á lagaskýringum. sem þegar hafa verið bornar undir hæstarétt, en hann enn ekki haft tækifæri til að skera úr.

Nokkuð öðru máli hefði verið að skifta, ef það hefði verið lagt til við deildina, að *kjósa* nú þegar gæzlustjóra fyrir þann tíma, sem enn er eftir af þeim 4 árum, sem gæzlustjóri deildarinnar er kosinn fyrir, eða öllu heldur fram til þess tíma, er dómur fellur um það í hæstarétti, hvort hinn þingkosni gæzlustjóri deildarinnar sé löglegur gæzlustjóri, þrátt fyrir frávikninguna. Sú ráðstöfun tæki að engu leyti fram fyrir hendur dómsvaldsins og væri því miklu betur við eigandi en sú ráðstöfun, sem háttvirtur meiri hluti nefndarinnar fer fram á. Öllum er það augljóst, að nú er enginn þingkosinn gæzlustjóri við Landsbankann og hefir því deildin eflaust fult vald til bess að fylla þar í skarðið fyrir sitt leyti. En jafnframt verður að játa það, að ekki liggur svo mjög á að flýta þessari ráðstöfun, að hún geti ekki og eigi ekki að bíða eftir fullri rannsókn málsins hér í þinginu, og af þeirri ástæðu þykir mér hún of snemma framborin í þetta sinn.

Þeir menn, sem ráðið hafa fyrir nefndarstarfinu, hafa varið miklum tíma og fyrirhöfn til þess að leiða það í ljós, að ráðherra hafi framkvæmt skipun rannsóknarnefndar og frávikningu bankastjórnar, án þess að bera það undir stjórnarráðið, endurskoðunarmenn bankans o. s. frv. Þetta skiftir þó ekki miklu máli. Þessar ráðstafanir eru að sjálfsögðu gerðar á ábyrgð ráðherra og engra annara. Það eitt skiftir máli, hvort ráðstöfunin hafi verið réttmæt eða ekki, hvort þær misfellur hafi verið á stjórn bankans, sem gerðu þessar ráðstafanir forsvaranlegar eða nauðsynlegar, en fram hjá þeirri hlið málsins virðist meiri hlutinn hafa farið að mestu, og það með ráðnum hug.

Slíkri »rannsókn« verð eg að mótmæla og læt þess jafnframt getið, að eg hygg að þjóðin hafi ætlast til ítarlegri rannsóknar á þessu máli, er hún hefir látið sig svo miklu skifta,

Það hefir og næsta lítið sönnunargildi um þetta mál, að stjórnarráðinu hafi ekki borist kæra yfir Landsbankanum, áður en rannsóknarnefnd var skipuð. Fyrir því gat ráðherra haft fulla ástæðu til þess að skipa nefndina, og ein af þeim ástæðum hefir sennilega verið grein í 48. bl. 9. árs blaðsins »Reykjavík« frá 20. okt. 1908. Þar er skýrt frá því, að verzlunarfélag, sem blaðið bendlar við féglæfra, með mjög svæsnum orðum, hafi skuldað Landsbankanum þá um sumarið 54 þús. kr., en hann haft »litla eða enga« tryggingu fyrir, en svo hafi Landsbankinn engu að síður lánað þessu félagi eða forstöðumanni þess »35 þúsund kr., án nokkurs veðs, eða nokkurrar frekari tryggingar«. Slíkt er voðaleg ákæra gegn bankastjórninni, og sýnilega borin fram fyrir þjóðina í því skyni, að vekja eftirtekt hennar og stjórnarvaldanna á slíkum misfellum í lánveitingum.

Jafnvel þótt það verði að álítast að skýrsla rannsóknarnefndarinnar 16. nóv. 1908 um víxlakaup starfsmanna bankans og undanfærsla bankastjórnar undan því að halda fyrirskipaða gerðabók, hafi verið nægileg ástæða til afsetningarinnar, verður þó að telja það engum vafa bundið, að ráðherra hafi verið kunnugt um fleiri ávirðingar bankastjórnarinnar, er hann vék henni frá, þar á meðal um það, að mikið tap vofði yfir bankanum fyrir vanhirðingu á lánum og að víxlar væru horfnir úr bankanum og hefðu verið horfnir um langan tíma, en þó bókfærðir sem eign bankans, enda viðurkent fyrir nefndinni af tveim endurskoðendum bankans, að þeir hafi vitað óljóst um þetta »síðustu árin«; þá er það upplýst fyrir nefndinni af yfirdómslögmanni Magnúsi Sigurðssyni »að ráðherra hafi fengið lánaða gerðabókina (rannsóknarnefndarinnar) og við og við átt tal við nefndina og einstaka nefndarmenn um rannsóknina« og hefir hinn nefndarmannanna, sem hér er staddur, Ólafur G. Eyjólfsson verzlunarskólastjóri, staðfest þann framburð hans fyrir sitt leyti.

Um víxlakaup ábyrgðarlausra starfsmanna bankans er það að segja meðal annars:

1. Með þessu er sú óregla leidd inn í bankann, sem er eign allrar þjóðarinnar, að bankastjórarnir hafa afhent það vald, er þeim ber einum, til ábyrgðarlausra starfsmanna bankans. Sýnist þá lítil trygging vera fyrir því, að hinn ábyrgðarlausi starfsmaður afhendi ekki aftur þetta vald til annars ábyrgðarlauss starfsmanns, og þannig gæti gengið koll af kolli.
2. Af þessu leiðir, að skyldumeðvitund starfsmanna bankans er hætta búin.
3. Enn þá er það óupplýst, hvort starfsmenn bankans hafa ekki keypt nýja víxla, enda ekkert enn gert af hálfu nefndarinnar til þess að upplýsa þetta, að eins þeir mennirnir um það spurðir, sem sjálfir eru málsaðilar, sem sé gjaldkeri, bókari og framkvæmdarstjóri.
4. Sömuleiðis verður enn að telja það óupplýst, hvort þessi aðferð hafi ekki valdið bankanum meira eða minna tjóns, því framburður málsaðila sjálfra, um að númer víxlanna séu afmáð í bókum bankans, sannar ekkert. Víxlarnir geta enn verið til undir öðru númeri, þar sem nauðsynin, vegna vondra trygginga, getur hafa knúð bankastjórana til framlengingar á þessum víxlum.

Örðugt verður að fá um þessi efni ábyggilegt sönnunargagn öðru vísi en með eiðfestri skýrslu þeirra manna, er víxlana hefðu selt, ef í þá næðist, og enn

gæti komið til greina eiðfest skýrsla þeirra starfsmanna bankans, er fengist hafa við þessi víxlakaup.

En til skýringar hugsanlegri meðferð á þannig löguðum víxli mætti setja eftirfarandi dæmi: Maður kemur með illa tryggðan víxil til bankastjórnarinnar. Bankastjórn neitar kaupi á honum, af því að hún lítur svo á, að með því stofni hún fé bankans í hættu, telur að sér bjóðist næg trygg tækifæri til þess að koma þessu fé út og hún þurfi því ekki að tefla á tvær hættur með þetta fé. Kaupi þá starfsmaður bankans víxilinn engu að síður, leggi hann með öðrum víxlum í víxlakassana og innfæri hann í víxlabók, annaðhvort strax eða síðar, þá verður ekki heimtað af bankastjóra, við álíka stóran banka og Landsbankann, að hann mörgum mánuðum seinna, muni eftir, hvort hann hefir keypt þenna víxil eða ekki. Þegar því maðurinn kemur næst til bankastjóra, til þess að óska eftir framlenging á víxli þessum, vakir alt önnur hugsun fyrir honum en í fyrra skiftið. Nú hlýtur hann að hugsa sérstaklega um það, að bjarga sem mestu af þessari upphæð, og séu eigandi og ábyrgðarmenn efnalausir menn, framlengir hann í lengstu lög, meðan rentur og má ske lítilfjörlegustu afborganir eru greiddar. Endirinn gæti að sjálfsögðu orðið sá, að upphæðin tapist að miklu eða öllu leyti.

En þá er að minnast á það, að ráðherra setti ekki gæzlustjórana inn í stöður sínar í bankanum eftir 1. jan. 1010. Ráðherra hefir skýrt svo frá, að hann hafi verið að hugsa um að setja gæzlustjórana aftur inn um áramótin, en að hann hafi hætt við það vegna yfirlýsingar dönsku bankastjóranna. En jafnframt ber að sjálfsögðu að líta svo á, sem sú yfirlýsing hafi ekki verið eina ástæðan til þess að hann gerði það ekki. Miklu fremur verður að líta svo á, sem ráðherra hafi verið í nokkrum vafa um þetta atriði, vegna þeirra meinbuga, er hann taldi vera á bankastjórninni, en að þessi yfirlýsing hafi riðið af baggamuninn.

En svo vill meirihluti nefndarinnar gera lítið úr þeirri ástæðu, að sendimenn Landmandsbankans lýstu því yfir við ráðherra, að ef hinir gömlu gæzlustjórar yrðu látnir taka við starfi sínu aftur eftir áramótin, »þá teldu þeir, hinir dönsku erindrekar, sér skylt að leggja það til við sína umbjóðendur, stjórn Landbandsbankans, að slitið væri þegar í stað viðskiftasambandi hans, Landmandsbankans, við Landsbankann í Reykjavík«.

Þeir, sem gera lítið úr þessari yfirlýsingu, virðast satt að segja tala nokkuð ógætilega. Yfirlýsing þessi er gefin í margra votta viðurvist og hafði verið þrítekin í eyru sumra vottanna. Engin vafi er því á því, að rétt sé með hana farið, enda hefir enginn þorað að neita því að svo væri. Yfirlýsingu þessa gefa trúnaðarmenn Landmandsbankans, og verða engar sennilegar líkur fyrir því færðar, að stjórn Landmandsbankans hefði ekki tekið tillögur þeirra að öllu leyti til greina. Samt er verið að rengja það að svo hefði verið og ráðherra gefið að sök, að hann hefði ekki spurst fyrir um það hjá bankastjórninni, hvort hún stæði við orð umboðsmanna sinna. En því hefði svo sem stjórn bankans ekki átt að gera það? Á hverju öðru hafði hún að byggja en sögusögn sendimanna sinna um óregluna í bankanum? Má ekki ganga að því alveg vísu, að hún hefði engu öðru svarað og engu öðru getað svarað en því, sem þeir höfðu sagt, að minsta kosti á þeim tíma, sem mestu máli skifti um þetta fyrir ráðherra, en það var á þeim tíma, er gæzlustjórinn, háyfirdómari Kristján Jónsson, krafðist þess að fógeti setti sig inn í bankann, og það gerðist 3. jan. 1910?

Dönsku bankastjórarnir munu þá hafa verið staddir í Leith á Skotlandi,

eða að eins verið nýfarnir þaðan, en alls ekki komnir heim til Kaupmannahafnar til viðtals við stjórn Landmandsbankans.

Úrslita atriði málsins, fógetagerðin í Laudsbankanum, gerist því áður en *hugsanlegt* gat verið að Landmandsbankastjórnin gæti nokkru öðru svarað en einmitt því einu, sem sendimenn hennar höfðu lýst yfir við ráðherra. Frá þeirri stundu var málið komið í hendur dómstólanna, eingöngu fyrir tilverknað gæzlustjórans sjálfs, til endilegs úrskurðar, og virðist ekki viðeigandi að taka fram fyrir hendur þeirra.

Þá er því haldið fram af háttvirtum meiri hluta nefndarinnar, að Landsbankanum hefði verið »óhægðarlaust eða óhægðarlítið« að svara í einu þeim kr. 803,751,53, er Landsbankinn skuldaði Landmandsbankanum við árslok 1900. Þetta virðist þó fjarri öllum sanni, og þau rök, sem fyrir þessu eru færð, geta ekki orðið tekin til greina, ef rétt er á litið. Að vísu áttu kr. 487,500 að borgast inn í Landmandsbankann 2. jan. fyrir bankaskuldabréf, og hugsanlegt var líka, að selja þau verðbréf, að gangverði kr. 202,617,50, er Landsbankinn hafði veðsett Landmandsbankanum, en hitt er með öllu rangt að landssjóður hefði getað keypt bankavaxtabréf af Landsbankanum að einhverju leyti fyrir þær 756,000, er landssjóður átti hjá bönkum í Reykjavík og óeyddar áttu að vera af 3. flokks veðdeildarláni landssjóðsins, því að því fé mátti að eins verja til þess að kaupa fyrir þau 3. flokks veðdeildarbréf jafnóðum og tryggingar fengust fyrir þeim lánum í veðdeildinni. Þetta hefði því ekki orðið gert, nema með skýlausu lagabroti. En auk þess er vert að gæta þess, að einmitt við árslokin var sjóðeign Landsbankans í Reykjavík að eins kr. 159,899, en sjóðeign Íslandsbanka meira en hálfu minni. Það virðist því sem þeim hefði orðið alt annað en greitt um fjárgreiðsluna til landssjóðs á þessum tíma.

En auk þess er þess ekki gætt í þessu sambandi af háttvitum meiri hluta nefndarinnar, sem þó þyrfti að vera, að 2. jan. 1910 og næstu daga þar á eftir þurfti Landsbankinn að greiða stórfé fyrir útdregin vaxtabréf og vaxtamiða veðdeildanna og fl. Landmandsbankinn annast þá greiðslu fyrir hönd Landsbankans í útlöndum og nam sú útborgun Landmandsbankans frá $^{2}/_{1}$—$^{1}/_{7}$ 1910 kr. 135,646,52. Það mundi hafa þótt laglega af sér vikið af ráðherra, ef hann hefði orðið þess valdandi, með því að setja gæzlustjórana inn aftur 3. jan. 1910, að Landmandsbankinn hefði slitið viðskiftunum þá þegar og óorð hefði komið á veðdeildirnar fyrir vangreiðslu á útdregnum bréfum og vaxtamiðum. Veðdeildarbréf bankans hefðu orðið óseljanleg, landssjóðsseðlar hefðu fallið í verði og heiðri og fjárhag landsins hefði verið hætta búin. Mikið átti að leggja í sölurnar fyrir gæzlustjórana.

Eg þykist þá hafa leitt nokkur rök að því, að því hafi alls ekki verið svo varið, að það hefði verið »óhægðarlítið« hvað þá »óhægðarlaust« fyrir Landsbankann að borga upp skuld sína við Landsmandsbankann. Miklu nær sanni að það hefði mátt heita ómögulegt eftir atvikum, og sízt máttu bankarnir missa af sjóði sínum frá öðrum þörfum sínum. En þó er hér enn ótalið það, sem mestu skiftir í þessu máli og þýðingarmest gat orðið, en það var það, að öll sambönd Landsbankans við útlenda banka hefir hann fyrir milligöngu Landmandsbanka. Sá banki er þeim trygging fyrir áreiðanleik Landsbankans. Á þeirri stund, er Landmandsbankinn hefði sagt upp viðskiftum við Landsbankann, var ótrú vakin til bankans hvervetna um heim og lítt hugsanlegt að útvega honum viðskiftasambönd í svipinn með símskeytasamböndum. Fyrir það hefðu öll viðskifti við

útlönd orðið að hætta að mestu leyti í svip, skorið hefði verið á lífæð bankans, en viðskiftin að sjálfsögðu fluzt til keppinautsins, Landsbankanum til stórkostlegs hnekkis. Það er alt annað en geðfelt, að þurfa að viðurkenna þetta, en þó var svona ástatt. Sannlega er ráðherra ekki sök á því gefandi, og sé um sök að ræða, getur hún ekki annarsstaðar verið en hjá fyrverandi stjórn Landsbankans.

Eins og eg hefi áður tekið skýrt fram, er óregla sú, er á var í bankanum, mjög lítið rannsökuð af nefnd háttvirtrar efri deildar, en hana verður fyrst að rannsaka, áður en nokkur dómur verður feldur um gjörðir ráðherra í þessu máli, eða verðleika gæzlustjóranna. Það væri móðgun bæði við þing og þjóð, að fella nokkurn úrskurð eins og stendur. Háttvirt neðri deild hefir skipað nefnd til þess, að rannsaka Landsbankamálið, og er hún nýtekin til starfa. Það sýnist blátt áfram vera kurteisisskylda við neðri deild, að gera ekki tillögur um þetta mál fyr en hún hefir líka íhugað það, og óneitanlega liti einkennilega út, ef önnur deildin krefðist þess, að gæzlustjóri sinn væri settur inn aftur, en hin deildin gerði það ekki, eða legði á móti því.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru hér að framan, hlýt eg að leggja það til við hina háttvirtu deild, að hún felli þær tillögur, er hér eru fram bornar af meiri hluta nefndarinnar.

Alþingi, 7. marz 1911.

Sigurður Hjörleifsson.

Nd. **135. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fóðurskyldu svonefndra Maríu- og Péturslamba.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin, sem skipuð var til að athuga þetta frumvarp, hefir ekki orðið sammála. Minni hlutinn hefir ekki getað orðið oss meirihlutamönnum samferða, er vér nú leggjum eindregið til, að það sé samþykt.

Það er alment álit manna á Asturlandi, prestanna líka, að það sé með öllu orðið úrelt og ranglátt, að í 5 söknum á landinu skuli nokkrir bændur verða enn þá að fóðra lömb, sem kend eru við Maríu mey og Pétur postula, enda finst hvergi stafur fyrir því, að þetta sé skyldukvöð. Menn vita ekki hvernig eða hvenær þessi fóðurkvöð hefir komist á. Sumir gizka á, að prestar í söknum þessum hafi þózt fóðra kú fyrir Pétur og Maríu eingöngu í þágu safnaðanna, eða til að gefa kirkjufólki mjólk og hressa líkamann, svo fólkið nyti betur andlegu fæðunnar. Aðrir halda að bændur hafi í harðindum heitið Pétri og Maríu að fóðra þessi lömb fyrir þjóna drottins sér til árs og friðar. Fleiri slíkar getgátur höfum vér heyrt, en ógerla vitum vér hverju trúa skal um þetta mál. Má vel vera að kvöð þessi eigi rót sína að rekja til hjútrúar eða hindurvitna lítilsigldra manna. En ekki verður hún vinsælli að heldur, né kristilegri kirkju til uppbyggingar.

Vér teljum gjald þetta hið mesta ójafnaðargjald, þar sem það hvílir að

eins á örfáum mönnum í landinu. Og úr því að afnumið var heytollsfóður og sóknargjöld lögð jafnt á alla, ber enn þá meira á misréttinu, er kemur niður á þessum fáu mönnum.

Vér viljum benda á, að mikinn mun verður að gera á því, hvers eðlis kvaðir eru. Prestmata hefir verið nefnd í sambandi við þetta mál. En það nær engri átt. Prestmatan greiðist af hinum fornu bændakirkjum í því skyni, að presturinn haldi uppi sérstökum messum á bændakirkjunum og er eigandinn um leið leystur frá að halda sérstakan heimilisprest. Kvöð þessi hvílir því á jörðunum sem endurgjald fyrir unnin verk. En fóðurskylda Maríu- og Péturslamba hvílir á ábúendum jarðanna, en ekki eigendum. Og enginn getur sagt, að hér komi neitt á móti frá prestunum. Þeir taka hér hlut sinn á þurru landi. Eins og áður er sagt, veit enginn heldur með neinni vissu, hvernig á þessum Maríu- og Péturslömbum stendur. Virðist því kominn tími til, að vafagemlingar þessir hverfi úr sögunni.

Hér er um lítilfjörleg útgjöld að ræða fyrir prestlaunasjóð. Getum vér ekki trúað, að slíkir smámunir verði þessu litla og sanngjarna frumvarpi að falli.

Alþingi, 8. marz 1911.

Benedikt Sveinsson.	Jóh. Jóhannesson, framsögum. meiri hlutans.	Jón Jónsson, þm. N.-M., skrifari.

Álit minni hlutans.

Minni hluti nefndarinnar lítur svo á, að fóðurskyldu Maríu og Péturslamba beri að skoða sem kvöð á jörðum þeim, er hún hvílir á, og að ekki sé rétt að afnema hana endurgjaldslaust. Á hinn bóginn þykir hvimleitt, að þessi óvinsæla kvöð þurfi að haldast um aldur og ævi, og er því lagt til, að hlutaðeigendum gefist kostur á, að létta henni af jörðunum gegn hæfilegu gjaldi. Sama regla ætti einnig að gilda um aðrar kvaðir til prestakalla, svo sem prestmötur o. fl.

Það er því tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum.

1. Í stað fyrri málsgreinar komi ný grein, er verður 1. gr., svolátandi:
   Landsstjórninni veitist heimild til að gefa eigendum jarða, þeirra er kvaðir hvíla á til prestakalla, svo sem prestmötur, lambseldi eða þvílíkt, kost á að létta kvöðum þessum af jörðunum, gegn því að greiða í kirkjujarðasjóð endurgjald fyrir afnám kvaðarinnar, er nemi $16^2/_3$ sinnum stærri fjárhæð en kvöðin er reiknuð í krónutali.
2. Í staðinn fyrir upphaf seinni málsgreinar, er verður 2. gr., »Frá sama tíma . . . njóta« komi:

Frá þeim tíma, er kvaðir falla niður samkvæmt 1. gr., greiðist prestum, þeim sem nú eru og njóta tekna af þeim, uppbót úr prestlaunasjóði,

3. Orðin í síðustu línu greinarinnar »í þeim« falli burt.
4. Fyrirsögnin verði: Frumvarp til laga um afnám á kvöðum til prestakalla.

Alþingi, 8. marz 1911.

Ólafur Briem, formaður. Stefán Stefánsson, Eyf.

Ed. **136. Tillaga**

til þingsályktunar um að setja 5 manna nefnd til að íhuga stjórnarskipunarlög landsins.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson, Lárus H. Bjarnason, Stefán Stefánsson.

Efri deild alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd til að íhuga stjórnarskipunarlög landsins.

Nd. **137. Frumvarp**

til laga um samþyktir um heyforðabúr.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt fyrir hvern hrepp innansýslu, sem óskar þess, um heyforðabúr.

2. gr.

Sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem vill koma á hjá sér samþykt um heyforðabúr, leggur með samþykki lögmæts sveitarfundar frumvarp til samþyktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppnum, sem samþyktina vill gera, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir hreppsbúar, sem kosningarrétt hafa til alþingis. Oddviti sýslunefndar eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra búenda, er atkvæðisrétt eiga, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins

fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd fallist á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingatillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem ekki hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki koma fram á ný, fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþyktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa í þeim hreppi, sem hún er gerð fyrir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt má ákveða:

a. Um beyásetningseftirlit.

b. Um stofnun heyforðabúrs, svo sem með því, að hreppsnefndin semji við einn eða fleiri menn, að þeir hafi til ákveðinn forða af góðu heyi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að lenda í heyþroti, ellegar á annan hátt tryggja það, að ákveðinn heyforði sé til í hreppnum til hjálpar í heyþroti.

c. Um ákvæðisgreiðslu úr sveitarsjóði fyrir hver 100 kg. af heyi (töðu eða útheyi) til þeirra, er heyforðann ábyrgjast.

d. Um verð, fyrirfram ákveðið, á heyi úr heyforðanum og innheimtu þess og gjalddaga.

e. Um umsjón heyforðans, enda sé hann jafnan undir eftirliti sveitarstjórnar.

6. gr.

Árskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði, svo sem vexti höfuðstólsins, kostnað við fyrningu heys og endurnýjun, svo og umsjónarkostnað. Vextir og fyrningargjald eða endurnýjunarkostnaður á þeim hluta forðast, sem eigi er notaður, endurgreiðist síðan úr landssjóði að helmingi, þó eigi yfir 40 au. fyrir hvern hest (100 kg.) í þessum hluta forðans.

7. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert senda stjórnarráði skýrslu um heyforðabúrið í hreppnum fyrir næstlið fardaga ár, ásamt reikningi yfir kostnaðinn við það. Skal stjórnarráðið þá greiða hreppsnefndinni styrk þann úr

landssjóði, er hreppnum ber, samkvæmt 6. gr., og sé styrkurinn greiddur fyrir 1. dag októbermánaðar.

8. gr.

Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögfaki, samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

9. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð.

Með brot gegn samþykt skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **138. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sóttgæzluskirteini skipa. Þingskjal 114.

Frumvarp þetta hefir tekið þeim breytingum í háttv. Nd., að numin á að vera burt skyldan um, að hafa meðferðis sóttgæzluskírteini, en með því að þetta er þó að voru áliti ekki svo glögt orðað sem skyldi, þá leggjum vér til að frumvarpið verði samþykt með eftirfylgjandi b r e y t i n g a r t i l l ö g u:

Orðin í síðustu línu 1. greinar frumvarpsins: »Staðfest af dönskum verzlunarfulltrúa á brottfararstað«, falli burtu.

Ed. Alþingis, 8. marz 1911.

Aug. Flygenring, skrifari og framsm. Sigurður Stefánsson. Sigurður Hjörleifsson.

Gunnar Ólafsson.

Nd. **139. Þingsályktunartillaga**

um skipaafgreiðslumenn.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson, Eyf.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um, að hvert það félag, er nýtur styrks úr landssjóði til strandferða eða milli landa, hafi afgreiðslumann á hverri höfn hér við land, sem er viðkomustaður á ferðaáætlun skipanna.

Ed. **140. Tillaga**

til þingsályktunar um gufuskipaferðir.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson. Lárus H. Bjarnason og Stefán Stefánsson.

Efri deild alþingis ályktar, að skipa 5 manna nefnd, til að athuga ferðaáætlanir Sameinaða gufuskipafélagsins og Thore-félagsins, og koma fram með tillögur um haganlegra fyrirkomulag á þeim en nú er.

Ed. **141. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sóttgæzluskírteini skipa (þgskj. 114).

Frá ráðherra.

Aftan við 1. grein (á eftir orðunum: »fellur niður«) bætist: og er sóttgæzluskírteini löglegt, ef það er staðfest eða gefið út af yfirvaldinu þar.

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um horfelli á skepnum o. fl., 9. febr. 1900.

Flutningsmenn: Jón Jónsson, N.-Múl., Sigurður Sigurðsson og Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Ef einhverjir, er fé hafa á fóðrum, setja mjög ógætilega á eða fara illa með fénað sinn, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða harðýðgi, má hreppsnefnd hve nær sem er fela skoðunarmönnum eða þeim, er hún kveður til, að skoða hjá þeim mönnum og áminna þá að bæta ráð sitt. Ef brýn þörf er, geta skoðunarmenn þessir gert ráðstafanir til, að bætt verði úr fóðurskortinum eða meðferð fjárins á kostnað þeirra, er hlut eiga að máli.

2. gr.

Óhlýðni gegn 1. gr. varðar sektum.

3. gr.

5. gr. laga 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. er úr lögum numin.

Nd. **143. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun lækishéraða o. fl.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Dalalæknishéraði skal skift í tvö læknishéruð svo sem hér segir:

Suðurdalahérað: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur og Hvammsveit. Læknissetur í Búðardal.

Vesturdalahérað: Fellsstrandarhreppur, Skarðstrandarhreppur og Saurbæjarhreppur. Læknissetur milli Skarðsár og Fagradalsár.

Til Vesturdalahéraðs leggist Rauðseyjar og Rúfeyjar frá Flateyjarhéraði.

Nd. **144. Frumvarp**

til laga um vitagjald.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þannig að hálf smálest, eða þar yfir telst sem heil, en minna broti sé slept. Herskip eru undanþegin gjaldi þessu.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn er skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er út til fiskjar hér við land og aldrei fara utan á veiðitímanum, greiða vitagjaldið einu sinni á ári, þó aldrei minna en 5 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hér við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð. Lögreglustjóri eða sá maður, sem hefir á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum (hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), skal innheimta gjaldið. Þegar vitagjald af útlendum fiskiskipum er innheimt af umboðsmanni lögreglustjóra á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs, að svo miklu leyti sem atferli hans á ekki að sæta þyngri hegningu.

Með mál út af brotum gegn þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Hér með eru úr gildi numin lög 16. nóvbr. 1907, um vitagjald af skipum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Ed. **145. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðir og milllilandaferðir gufuskipafélagsins »Thore«.

Flutningsmaður: Gunnar Ólafsson.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutanst til um:

að í stað strandferðaskipsins »Perwie« komi viðunanlegt skip á næsta vori;

að Suðurlandsbáturinn byrji ferðir sínar í aprílmánuði og hafi rýmri áætlun en undanfarið, svo að hann geti sætt lagi á brimhöfnum, að ferma og afferma;

að Suðurlandsbáturinn verði látinn koma að Skaftárósi í maí, júní og júlí, ef þess er óskað, og

að millilandaskip félagsins hafi fasta áætlun til Vestmannaeyja og komi þar undantekningarlaus við í hverri ferð fram og til baka.

Nd. **146. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 16. nóvbr. 1907, um stofun lagaskóla á Íslandi.

(Eftir 2. umr. Nd,).

3 ára frestur sá, er veittur er lögfræðisnemendum við Kaupmannahafnarháskóla í 4. gr. laga nr. 38, 16. nóvember 1907, lengist um 3 ár, þannig að hann verði alls $4^1/_2$ ár.

Ed. **147. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðar í Gerðum í Gullbringusýslu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hin löggilta höfn og lóð fyrir Gerðakauptún í Gullbringusýslu skal ná inn að Rafnkellsstaðabergi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, ákveðið stærð og takmörk verzlunarlóðarinnar að öðru leyti milli hinnar núverandi verzlunarlóðar og Rafnkellsstaðabergs.

Nd. **148. Frumvarp**

til laga um dánarskýrslur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir á heima í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í té ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gera; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dánardægur, dánarár og dauðamein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og er ekki auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja héraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr., auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum, er gilda um störf héraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir á heima, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardægurs og grefrunardags), rita í kirkjubókina dauðamein hins látna, eftir þeim skýringum, er hann getur beztar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur, og tilgreinir prestur þar dauðameinið, sbr. 2. gr., og getur þess stuttlega, við hvaða sjúkdómseinkenni stuðst sé. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishéraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda héraðslækni sínum, ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Héraðslæknir rannsakar skýrslurnar, er til dauðameinsins kemur, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt héraðið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.

Nd. **149. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir til að eyða rottum með eitri.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn eða sveitarstjórn hefir heimild til að verja árlega úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði nægilegu fé til að eyða rottum með eitri, og skal það eitur brúka, sem landsstjórnin með ráði dýralæknis telur heppilegast.

2. gr.

Í hverju bæjarfélagi eða sveitarfélagi, þar sem vart verður við rottur, skal bæjarstjórn eða sveitarstjórn láta bera eitur út fyrir rottur tvisvar til þrisvar á ári. Og skal jafnan gera það fyrri hluta vetrar eða þegar harðnar að fyrir frost og snjóa. Eitrið skal bera í öll hús í bænum eða sveitinni, úthýsi jafnt sem íbúðarhús, og alstaðar sama daginn.

3. gr.

Nú liggja saman kaupstaður og sveit, eða sveitir, tvær eða fleiri, svo að hvorki skilja fjöll né vötn, er rottur fá ekki yfir komist, og skal þá bæjarstjórn og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir hafa samtök um, að láta útburð fara fram sama daginn í báðum eða öllum sveitarfélögunum.

4. gr.

Bæjarstjórnir eða sveitarstjórnir skulu árlega senda því stjórnarvaldi, er þær standa undir, nákvæma skýrslu um, hvort vart hafi orðið við rottur, og ef svo er, hvenær og hversu víða eitur hafi verið borið út, og hvern árangur það hafi borið.

5. gr.

Landstjórnin setur með ráði dýralæknis reglur um meðferð á eitri.

6. gr.

Lög þessi gilda um 6 ár eða frá 1. október 1911 til 1. október 1917. Á alþingi 1917 ber að endurskoða þau.

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um sóttgæzluskírteini skipa.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Skylda sú, sem hvílir á skipum samkvæmt 2. gr. laga nr. 34, 6. nóvbr.

1901, sbr. 8. gr. laga 15. apríl 1854, um að hafa meðferðis sóttgæzlusktrteini, fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **151. Breytingar- og viðaukatillögur**

við breytingatillögur á þingskjali 135.

Flutningsm.: Ólafur Briem og Stefán Stefánsson, Eyf.

1. Við 1. tölu. Fyrir »16³/₃« o. s. frv. til enda komi:
   a. að því er snertir prestsmötur, 20 sinnum stærri fjárhæð, en kvöðin er reiknuð í krónutali.
   b. að því er snertir lambseldi og aðrar líkar kvaðir, 12 sinnum meiri upphæð, en kvöðinni nemur.
2. Á eftir 1. tulul. komi ný grein svnlátandi:
   Stjórninni er heimilt að veita sama gjaldfrest á greiðslum samkvæmt 1. gr., eins og gildir um andvirði kirkjujarða eftir 13. gr. laga 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða.

Nd. **152. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aukatekjur landssjóðs.

Eins og sést af breytingum þeim, er vér leggjum til að gerðar séu á frv., stefna þær yfirleitt að því, að hækka, og það eigi alllítið, ýms þau gjöld, er frumvarpið ræðir um. Vér hikum eigi við að ráða háv. deild til að samþ. þessar tillögur vorar, og leyfum oss um leið að vekja athygli á því, að þegar titið er til þess, hversu peningaverð hefir breyzt frá því, sem það var á fyrri hluta síðustu aldar, þá eru flest þessi gjöld, þótt tillögur vorar verði samþyktar, í raun og veru miklum mun lægri en þau voru á þeim tíma.

Nýmæli er það hjá oss, er vér leggjum til, að ýms gjöld hækki að sama skapi, sem sú fjárhæð var, sem þau eru miðuð við, en ekki, eins og venja hefir verðið, hækki að eins að vissu, oft tiltölulega lágu, hámarki. Verði þær tillögur vorar samþyktar, mun það gefa ekki alveg óverulegan tekjuauka.

Með tilliti til þess, hve mjög vér ætlumst til að ýms gjöld séu hækkuð, leggjum vér það til, að feld sé burt 70. gr. frumvarpsins, bráðabirgðafyrirmælið, um að hækka um 50% gjöld þau, sem nefnd eru í 3. kap. frv., að undanskildum gjöldum fyrir afnám og aflýsing.

Við framsögu málsins mun verða gerð nánari grein fyrir breytingartillögum þessum, sem og öðrum breytingartillögum, er vér komum fram með.

Neðri deild, 9. marz 1911.

Ólafur Briem, form. og framsögum. Jón Jónsson, þm. S.-M. skrifari Benedikt Sveinsson

Jón Sigurðssón. H. Hafstein. Sigurður Gunnarsson,

Magnús Blöndahl.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um aukatekjur landsjóðs.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna: »í dæmum þeim«, komi: fyrir gerðir þær.
2. — - — Síðasta málsgrein orðist svo:
   Fyrir frest í dómsmáli skal gjalda 1 krónu.
3. — 5. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir vitnaleiðslu skal gjalda 1 krónu fyrir hvert vitni. Sama gjald skal greiða fyrir gagnspurningar. Fyrir eiðfesting vitnis skal gjalda 1 krónu.
4. — 7. — 7. gr. verði 8. gr. og 8. gr. 7. gr.
5. — 9. — Síðari málsgrein byrji svo:
   Í öðrum einkalögreglumálum skal o. s. frv.
6. — 10. gr. Aftan við greinina bætist: fyrstu málsgrein.
7. — 14. gr. Síðari hluti greinarinnar, eftir orðin: »eins og hér segir«, hljóði svo:

Þegar fjárhæðin er			50 kr.,	eða minni,	1 kr.	
—	——	— frá	50	— til 100 kr.	2	—
—	——	— —	100	— — 200 —	3	—
—	——	— —	200	— — 400 —	4	—
—	——	— —	400	— — 600 —	5	—
—	——	— —	600	— — 800 —	6	—
—	——	— —	800	— — 1000 —	7	—

   og síðan ein króna í viðbót fyrir hvert heilt þúsund af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.
8. — 19. — Fyrir: »eða húsi«, komi: eða úr húsi.
9. — 24. — Orðin: »þegar fjárhæðin er frá 1000 til 2000 kr.« o. s. frv. til enda málsgreinarinnar falli burt og í stað þess komi:
   og sé fjárhæðin meiri, skal gjalda 1 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund, sem fram yfir er.
10. — 24. — Orðið: »einnig« í 2. línu 2. málsgreinar falli burtu.
11. — 24. — Eftir: »minna en 1 kr.« komi: og eigi meira en 6 kr.
12. — 28. — Fyrir: »1 kr.«, komi: 2 kr.

13. Við 33. — Fyrir: »til skiftaloka«, komi: til fullnaðarskifta.
14. — 35. — Fyrir: »4« komi: 5.
15. — 36. — Fyrir: 2%, 1½%, 1%, ½%, komi: 2½%, 2%, 1½%, 1%.
19. — 37. — Fyrir: 3%, 2%, 1%, ½% komi: 4%, 3%, 2%, 1%.
17. — 39. — Fyrrr: »4 kr.» komi: 5 kr,
18. — 43. — Fyrir: »4 kr.» komi: 5 kr.
19. — 44. — Fyrir: »4 kr.» komi: 5 kr.
20. — 46. — Fyrir: »Þegar víxillnn nemur — — 6 kr.», komi:
Þegar víxillnn nemur 500 kr. eða minni fjárhæð 2 kr,
— — — meira en 500 kr. alt að 1000 kr. 3 kr.
og svo einni krónu hærra fyrir hvert þúsund, upp í 10000 kr. og er þá gjaldið 12 kr., enda hækkar ekki úr því
21. — 48. — Greinin orðist svo:
Fyrir að bera eftirrit saman við frumrritið og staðfesta það skal gjalda 50 aura fyrir hverja örk eða minna, sem etirritið nemur, þegar það er ritað, eins og að lögum á að vera.
22. — 52 — Fyrir »50 aura» komi: 1 króna.
23. — 53. — Greinin orðist svo:
Fyrir skipstjóraskírteini skal gjalda 10 kr.
24. — 54. — Fyrir »4 krónur »komi: 5 krórur.
25. — 55. — Orðin í 2. línu: »heilbigðisvottorð og önnur», falli burt.
26. — 66. — Greinin falli burt.
27. — 68 — Orðin: »er löguð sé eins og fyrirmyndin í reglugerð 25. maí 1872, 2. gr.» falli burt.
28. — 70. — Greinin með fyrirsögn falli burt.

Nd. **153 Nefndarálit**

um frumvarp til laga um erfðafjáskatt

Vér leggjum til, að gerðar verði allverulegar breitingar við frv. þetta, einkum að því er snertir stighækkun erfðafjárskattsins. Ætlumst vér til að hann af 1. flokks erfðum geti hækað frá 1% og alt upp í 5%, af 2. flokkserfðum frá 5% og upp í 25% og af 3. flokkserfðum frá 10% upp í 50%. Mun við framsögu málsins verða gerð nánari grein fyrir því, hvað fyrir oss hefir vakað, er vér förum fram á þessa breytingar. — Þá mun og verða gerð grein fyrir þeirri ekki óverulegu breytingu, sem vér leggjum til, að gerð verði við 3. gr. frv., þess efnis, að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af fé því, sem eftirlifandi maður eða kona fær leyfi til að fara með í óskiftu búi. En með nýrri

5. gr. er aftur svo um búið, að landssjóður fái skattinn greiddan, er búið kemur til skifta að lokum.

Aðrar breytingartill. eru fremur óverulegar.

Neðri deild 9. marz 1911.

Ólafur Briem, form og framsm.	Jón Sigurðsson.	Jón Jónsson þm S.-M. skrifari.
H. Hafstein.	Benedikt Sveinsson.	Magnús Blöndahl.

Sigurður Gunnarsson.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um erfðafjárskatt

1. Við 2. gr. A. Í stað 1.—5. tölulið. komi:
   1. Af fyrstu 1000 kr. ... . 1 af hundraði.
   2. — næsta 1000 — ..... $1^1/_{10}$ — —

   og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_{10}$ af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 5 af hundraði.
2. — 2. — B. Í stað 1.—5. tölul. komi:
   1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 5 af hundraði.
   2. — næstu 1000 — ... . $5^1/_2$ — —

   og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_2$ af hundraði á hverju þúsundi alt að 25 af hundraði.
3. — 2. — C. Í stað 1.—5. tölul. komi:
   1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 10 af hundraði.
   2. — næstu 1000 — .....—... 11 — —

   og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.
4. — 2. — D. Í stað »12» komi: 10 (af hundraði).
5. — 3. — Þriðji liður »Nú situr það hjóna..... við síðari skiftin» falli burt.
6. A eftir 4. gr. komi ný grein svolátandi:

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal eigi greiða erfðafjárskatt af fé því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn

hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta, og greiðist skatturinn af erfðafé þeirra erfingja, er þá taka arf, í réttu hlutfalli, eftir skyldleika þeirra við arfleiðanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarað hafði upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meira en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

7. Við 5. gr. Í stað »6« komi: 5 (af hundraði).
8. Við 7. gr. Fyrir: »arfleiðandi« í þriðja lið komi: arfleifandi.
9. Við 7. gr. Í stað orðanna »af óskiftu búi« komi: samkvæmt því, er segir í 5. gr.
10. Við 9. gr. Í stað orðanna »um greiðslu skattsins« komi: í 8. gr.
12. Við 11. gr. Fyrir: »sakamál« komi: lögreglumál, nema mál sé svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

Nd. **154 Breytingartillaga**

við frumv. til laga um samþyktir um heyforðabúr (þskj. 137).

Frá Pétri Jónssyni.

Við 3. gr. A eftir orðunum:

»Fallist fundurinn á frumvarpið«
komi: í heild sinni.

Nd. **155. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi.

Nefndin er á einu máli um það, að eigi beri að raska að neinu leyti frumreglu þeirri, sem fylgt er í gildandi vegalögum um viðhald flutningabrauta, en telur sanngirni mæla með því, að viðhaldsskylda landssjóðs á flutningabrautinni frá Reykjavik austur í Árnessýslu, sem eftir 8. gr. vegalaganua nær að eins til kaflans að Reykjarétt í Ölfusi, sé látinn ná alla leið að vegamótum Grímsnesbrautar við Ingólfsfjall, er munar hér um bil 12 röstum. Í sambandi við þetta leggur nefndin það til, að Rangárvallasýsla sé losuð við að kosta nokkru til viðhalds flutningabrautarinnar milli brúnna á Þjórsá og Ölfusá, en að sá kostnaður komi algerlega niður á Árnessýslu.

Enn fremur er nefndin í aðalatriðum samþykk ákvæðum gildandi

vegalaga um afhending fiutningabrauta í hendur sýslunefndum til viðhalds, en álítur hagkvæmt, að í hvert sinn, sem slík afhending fer fram, séu brautirnar skoðaðar af tilkvöddum mönnum, og að þær skoðunargerðir séu síðan lagðar til grundvallar, þegar dæmt er um, hvernig viðhaldinu skuli haga. Nefndin getur því ekki aðhylst 2. gr. frumvarpsins eins og hún liggur fyrir, en kemur með nýja grein í hennar stað, sem breyting á 10. gr. vegalaganna.

Með því að 3. og 11. gr. frumvarpsins miða að því, að gera hreppsnefndum hægra fyrir um innbeimtu hreppsvegagjalda og reikningsskil, getur nefndin fallist á efni þeirra, en þó með nokkrum breytingum, er meðal annars eiga að vera til tryggingar því, að vegagjaldið komi réttlátlega niður og verði að tilætluðum notum.

Að því leyti sem 5. gr. frumvarpsins fer fram á, að nema úr gildi 55. gr. vegalaganna, er kveður svo á, að verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, geti losast við að greiða sýslusjóðsgjald eftir verkfærra tölu, hlýtur nefndin að viðurkenna, að slík undanþága sé óeðlileg, og að afnám hennar hafi við gild rök að styðjast.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »um Ölfus« o. s. frv. til enda greinarinnar komi: austur um Ölfus að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall.

   Viðhaldsskylda Rangárvallasýslu á fiutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, að einum þriðja, sbr. 8. gr. vegalaganna, stafl. d., skal falla burt.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

   Þá er flutningabraut er fullgerð eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgerður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir; sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun. Skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

   Áður en afhending fer fram, skal framkvæma skoðunargerð á brautinni eða brautarkaflanum, og tilnefnir stjórnarráðið annan skoðunarmanninn, en sýslunefnd þeirrar sýslu, sem vegurinn liggur í, tilnefnir hinn. Skulu þeir semja nákvæma lýsingu á veginum og senda stjórnarráðinu, og úrskurðar stjórnarráðið síðan, hvort vegurinn eða vegarkaflinn sé fullger, eða skemdir bættar, svo sem hér er fyrirmælt.

3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

   Hreppsvegagjald er 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karl-

mann í breppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna, skulu samdar í októbermánuði ár hvert, og sendar sýslumanni fyrir árslok. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein svolátandi:

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærraskrá, skal greiða sýsluvegagjald og hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjöldin af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldanna er 31. desember ár hvert.

5. Við 4. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði. Til vegagerða á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi.

6. Við 4. gr. Í stað orðanna »hreppsvegagjaldið hrökkvi« komi: hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 3. gr., hrökkvi.

7. Við 4. gr. Í stað orðauna »allra gjaldenda . . . . . hreppsnefndar« komi: gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja.

8. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Með lögum þessum er úr gildi numin 10. gr., 24. gr., 26. gr., fyrri liður 27. gr., 54. og 55. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Alþingi 9. marz 1911.

H. Hafstein, form.	Ólafur Briem, skrifari og framsögumaður.

Björn Þorláksson. Einar Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **156. Rökstudd dagskrá**

feld í neðri deild 9. marz (Frumvarp til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur, jörðina Skálholt í Biskupstungum, þskj. 89).

Í trausti þess, að landsstjórnin útvegi upplýsingar um það, hver nauðsyn beri til, að kaupa jörðina Skálholt, sem og hvort jörðin sé fáanleg og fyrir hvaða verð, og leggi allar slíkar upplýsingar fyrir næsta alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **157. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um strandgæzlu (þgskj. 104).

Frá Sigurði Gunnarssyni, þm. Snæf.

1. Í stað orðanna: »að því er til Vestfjarða kemur« komi: »á svæðinu milli Öndverðaness á Snæfellsnesi og Horns á Hornströndum«.
2. Í stað: »1. sept.« komi: »1. ágúst«.

Nd. **158. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta. (Þingskjal 94).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Í stað »22« komi: 24.

Nd. **159. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 49 frá 30. júlí 1909 um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Flutningsm.: Björn Þorláksson.

Síðari liður 2. gr. laga nr. 49 frá 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og sveitarfélaga, sem hljóðar svo: »Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu«, er úr lögum numinn.

Ed. **160. Frumvarp**

til laga um samþyktir um heyforðabúr.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt fyrir hvern hrepp innan sýslu, sem óskar þess, um heyforðabúr.

2. gr.

Sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem vill koma á hjá sér samþykt um hey-

forðabúr, leggur með samþykki lögmæts sveitarfundar frumvarp til samþyktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppnum, sem samþyktina vill gera, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir hreppsbúar, sem kosningarrétt hafa til alþingis. Oddviti sýslunefndar eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra búenda, er atkvæðisrétt eiga, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd fallist á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingatillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið í heild sinni óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem ekki hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki koma fram á ný fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþyktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa í þeim hreppi, sem hún er gerð fyrir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt má ákveða:

a. Um heyásetningseftirlit.
b. Um stofnun heyforðabúrs, svo sem með því, að hreppsnefndin semji við einn eða fleiri menn, að þeir hafi til ákveðinn forða af góðu heyi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að lenda í heyþroti, ellegar á annan hátt tryggja það, að ákveðinn heyforði sé til í hreppnum til hjálpar í heyþroti.
c. Um ákvæðisgreiðslu úr sveitarsjóði fyrir hver 100 kg. af heyi (töðu eða útheyi) til þeirra, er heyforðann ábyrgjast.
d. Um verð, fyrirfram ákveðið, á heyi úr heyforðanum og innheimtu þess og gjalddaga.
e. Um umsjón heyforðans, enda sé hann jafnan undir eftirliti sveitarstjórnar.

6. gr.

Árskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði, svo sem vexti höfuðstólsins, kostnað við fyrningu heys og endurnýjun, svo og umsjónarkostnað. Vextir og fyrningaargjald eða endurnýjunarkostnaður á þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, endurgreiðist síðan úr landssjóði að helmingi, þó eigi yfir 40 au. fyrir hvern hest (100 kg.) í þessum hluta forðans.

7. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert senda stjórnarráði skýrslu um heyforðabúrið í hreppnum fyrir næstliðið fardaga ár, ásamt reikningi yfir kostnaðinn við það. Skal stjórnarráðið þá greiða hreppsnefndinni styrk þann úr landssjóði, er hreppnum ber, samkvæmt 6. gr., og sé styrkurinn greiddur fyrir 1. dag októbermánaðar.

8. gr.

Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki, samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

9. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð.

Með brot gegn samþykt skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **161. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38, 16. nóv. 1907, um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Frá Skúla Thoroddsen.

Orðin: »þannig að hann verði alls 4½«, falli burt.

Nd. **162. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á tíma, þeim er hið reglulega alþing kemur saman.

Nefndin hefir rætt mál þetta, og orðið einhuga í tillögum sínum um það.

Samkomudagur, sá er frumvarpið fer fram á, virðist oss hinn langóhentugasti, er til mála hefir komið. Hafís er hér lang-tíðastur og hættulegastur síðari hluta vetrar og fram að Jónsmessu, og því íshætt mjög um 15. maí. Og þá er sá tími eigi síður einhver hinn allra verst fallni til landferða. Um þann tíma getur ekki viðlit verið að ræða.

Skuli þing heyja að vetri, væri vafalaust 15. nóvember hagkvæmasti samkomudagur. Þá eru haustkauptíðir um garð gengnar og haustönnum lokið, og bæði bændur og jafnvel kaupmenn eiga þá einna helzt heimangengt. En þá yrði þingi ekki lokið fyrir jól, og mundi jólahelgin öll valda verkfalli nokkru og auka kostnað þinghaldsins um þörf fram, auk þess sem mörgum er mjög móti skapi að vera frá heimilum sínum um jólin.

17. júní, sem sumir hafa tilnefnt, hefir þann galla, að í ísárum er þá venjulega ógerningur að ferðast landveg norðan lands og norðaustan, sakir gróðurleysis, og oft einnig heyleysis. Mönnum hefir jafnvel orðið það ferðalag erfitt um miðjan júní, og þá því verra ef fyrri er.

Hins vegar virðist oss, að ef svo nálægt er farið 1. júlí, þá sé rétt að taka tillit til þeirra þingmanna, sem í Reykjavík eiga heima. En þar er prófum skóla allra lokið í júnílok.

Samkvæmt fornri reynslu virðist oss að öllu samtöldu 1. júlí vera heppilegasti tíminn.

Frá því alþingi var fyrst sett hér á landi og þar til, er það ver lagt niður um mót 18. og 19. aldar lék samkomudagur þingsins á dögunum 29. júní, 2. og 9. júlí. Og síðan alþingi var endurreist 1845 og alt fram til 1907 var samkomutíminn 1. júlí.

Þúsund ára reynsla er þung á metum, þegar hún hefir vel gefist, eins og í þessu máli hefir verið.

Það virðist vera orðið viðurkent af flestum, að flutningur þingtímans, sem gerður var 1905, hafi misráðinn verið. Og vér fáum ekki betur séð, en að bezt sé að hverja aftur að 1. júlí.

Menn hafa kviðið því, að þinginu yrði sjaldnast lokið á 8 vikum, og gæti því þingtíminn dregist of langt fram í september.

En þá lítum vér á það, að nú má telja víst að fjölgað verði ráðherrum, svo að þeir verði þrír, og þá ættu málin að verða miklu betur undirbúin undir þing. Bæði fyrir þá sök, og svo við vaxandi þroska þingmanna, ætti mjög að draga úr frumvörpum frá einstökum þingmönnum, en þau eru mjög fátíð hjá öllum öðrum þjóðum, þar sem þinglífið er orðið þroskaðra, enda er það vandræða-óvandi, að mikið kveði að þeim. Mönnum á að lærast smátt og smátt að snúa sér til stjórnarinnar með þau löggjafar-efni, sem mönnum þykir nauðsyn á, og fá hana til að undirbúa frumvörp um þau mál.

Við þetta ættu þingstörfin að ganga greiðara og þingtíminn heldur að styttast.

TILLÖGUR

vorar eru því þessar:

1. að í stað »15. maímán.« komi: 1. júlí.
2. að í stað »annan samkomudag sama ár«, komi: annan samkomudag fyrri sama ár.

Alþingi, 6. marz 1911.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Jón Ólafsson, ritari, framsm.

Þorleifur Jónsson.

Nd. **163. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Eftir 2. umr. í Nd.

1. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa í eftirlaun 1000 kr. á ári.

Nú á ráðherra rétt til hærri eftirlauna en hér er mælt, fyrir þjónustu í öðru embætti, er hann hefir áður gegnt, og skal hann þá njóta þeirra eftirlauna einna.

2. gr.

Hér með er úr lögum numin 3. gr. laga um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **164. Þingsályktunartillaga**

um strandferðir.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Neðri deild alþingis ályktar, að skorar á landsstjórnina að hlutast til um:

1. Að í stað strandferðaskipsins »Perwie« komi viðunanlegt skip hið fyrsta.
2. Að Suðurlandsbáturinn hefji ferðir sínar í miðjum apríl, eins og hinir strandferðabátarnir.
3. Að Suðurlandsbáturinn hafi aðalendastöð að austan á Eskifirði, en fari þó öðru hvoru til Seyðisfjarðar.
4. Að strandbáturinn verði látinn hafa viðkomustað við Ingólfshöfða í 1 eða 2 ferðum um há-sumarið.
5. Að »Austri« komi oftar á Djúpavop en nú er, helzt í hverri ferð.

Ed. **165. Frumvarp**

til laga um sjúkrasamlög.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson. Aug. Flygenring.

1. gr.

Það er sjúkrasamlag, ef menn bindast félagsskap í því skyni, að tryggja hver öðrum gegn tilteknum iðgjöldum uppbót á því fjártjóni, sem veikindi valda.

2. gr.

Sjúkrasamlög eiga heimting á því, að þau séu lögskráð, ef þau fylgja fyrirmælum þessara laga, og ber þeim þá styrkur úr landssjóði, 2 krónur á ári á hvern félaga, sem árlangt hefir greitt iðgjald í samlagssjóð.

Stjórnarráðið ræður lögskráningu sjúkrasamlaga og hefir allar þær gætur á þeim, sem því þykir þurfa.

3. gr.

Þessi eru skilyrðin fyrir því, að sjúkrasamlag geti orðið lögskráð:

1. Samlagið skal taka yfir tiltekið svæði, venjulega einn hrepp eða kaupstað.
2. Það skal veita viðtöku og full félagsréttindi hverjum manni, jafnt karli sem konu, ef hann sannar:
   a. að hann eigi heima í samlagshéraðinu,
   b. sé eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en fertugur, er hann beiðist viðtöku,
   c. hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 1200 kr. að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.
   d. eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meiru en 5000 kr.,
   e. hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er skerði eða geti skert vinnuþol hans, enda sé hann fullhraustur er hann gengur í samlagið.
3. Lögskráð sjúkrasamlög mega og veita viðtöku mönnum, sem eru yfir fertugt, gegn hærri iðgjöldum. Þau mega einnig veita mönnum viðtöku, þó að þá bresti hin önnur skilyrði í 2. staflið þessarar greinar, en ekki skulu slíkir félagar eiga tilkall til neinnar tryggingar eða nokkurs styrks úr samlagssjóði eða landssjóði; þeir eru hlutlausir en hinir hluttækir.
4. Sjúkrasamlag verða því að eins lögskráð, að í því séu að minsta kosti 50 hluttækir félagar.
5. Sjúkrasamlög skulu veita hverjum hluttækum félaga tryggingu fyrir ókeypis læknishjálp, ef sjúkdóm ber að höndum, ókeypis sjúkrahúsvist, hvenær sem þess gerist þörf, og dagpeningum eigi minnum en 50 aurum á dag og eigi meirum en nemi $^2/_3$ af venjulegum dagtekjum sjúklingsins.

   Dagpeningatryggingin tekur þó til þeirra einna, sem eru 18 ára eða eldri. Stjórnarráðið getur og leyft að dagpeningar falli niður, ef um giftar konur er að ræða, eða vistráðin hjú, eða aðra þá, sem halda kaupi sínu, þó að þeir séu frá verki vegna veikinda.
6. Iðgjöld hvers sjúkrasamlags skulu vera svo há, að stjórnarráðið telji þau nægja ásamt landssjóðsstyrknum fyrir þeirri tryggingu, sem samþykt hvers samlags heitir samlagsmönnum.
7. Samlagið skal haga störfum sínum og stjórn eftir reglum, sem stjórnarráðið setur.

4. gr.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd að samþyktum handa sjúkrasamlögnm.

5. gr.

Ef sjúkrasamlag hættir að gegna þeim skilyrðum, sem sett eru í 3. gr., þá fellur niður styrkurinn úr landssjóði og afskifti stjórnarráðsins af sjúkrasamlaginu.

Nd. **166. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá fjárlaganefnd.

Frumvarp þetta hefir nefndin athugað og komið sér saman um, að gera við það talsverðar breytingar. Frá tillögum stjórnarinnar í frumvarpinu er að vísu vikið í fáeinum tilfellum, en aðalbreytingarnar eru nýjar viðbætur. Vér leyfum oss hér að gera grein fyrir tillögum vorum og teljum þær fram eftir greinum stjórnarfrumvarpsins.

3. gr. Stjórnin hefir lagt til ,að til reksturs heilsuhælisins á Vífilsstöðum væri lagt fyrra árið 8333 kr. 34 a. og síðara árið 15000 kr. Vér leggjum til að hvort árið séu veittar 8000 kr., og verður þá fjárveiting þingsins síðara árið alls 18000 kr. Að vísu liggur fyrir þinginu áætlun um árlegan reksturskostnað hælisins, og þar talið að 25,000 kr. vanti til að hælið beri sig, þó að gjafir landsmanna verði 8,000. En bæði er sú áætlun ekki bygð á reynslu, og í annan stað virðast sum útgjöldin áætluð of há, svo sem 900 kr. til vátryggingar, og tekjur eru of lágar: meðgjöf með sjúklingum mætti vera hærri, þannig mundi með 50 a. hækknn á dag fyrir sjúkling fást um 12000 kr. tekjur. Landssjóður hefir ekki enn tekið hælið að sér, og þótt hér sé um mestu nytsemdarstofnun að ræða, verður nefndin að álíta, að ekki sé gerlegt að styrkja hælið meira en hér er farið fram á, né að landssjóður taki það algerlega að sér.

4. gr. Nefndin leggur til, að til Reykjadalsbrautar sé lagt 1911 5000 kr. til þess að sá kafli brautarinnar, sem kominn er, komist til bæja í Aðaldalnum og geti því orðið að fullum notum.

Út af áskorun stjórnarinnar í sérstöku bréfi og meðmælum vegaverkfræðings, leggur nefndin til að veittar sén 7000 kr. til brautarlagningar meðfram Ingólfsfjalli, með því sá vegur er talinn ófær með vagna, og akbrautin báðum megin kæmi annars ekki að fullum notum.

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að leggja til, að orðunum í stjórnarfrumvarpinu: »Til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja 40000 kr.« væri breytt í: Til hraðskeytasambands alt að 40000 kr., og ætlast þá nefndin til, að stjórnin megi velja um,hvort hún vilji heldur loftskeytasamband eða þráðskeytasamband, eftir að hafa aflað sér nægilegra upplýsinga um málið.

Eftir sérstakri áskorun frá stjórninni og meðmælum verkfræðings leggur nefndin til, að 300 kr. séu veittar til að setja rautt horn í Garðskaga- og Reykjanesvita, hvorn um sig.

Vitaverkfræðingur hefir skýrt svo frá, að nauðsyn beri til að hafa hér ýmisleg tæki til vitanna, ef skjótt þurfi til að taka. Fyrir því leggur nefndin til, að stjórnin megi verja til slíkra kaupa á vitatækjum alt að 4000 kr. af því fé (9000 kr.), er ætla má að sparist frá Rifstangavita.

5. gr. Stjórnin hefir viljað veita 1600 kr. til aðgerðar á kennaraskólanum og skólalóðinni (1000 + 600). Nefndin álítur að aðgerð á skólalóðinni megi bíða, og leggur til að veittar séu einungis 600 kr.

Út af erindi frá forstöðumanni stýrimannaskólans leggur nefndin til, að 500 kr. séu veittar til aðgerðar á loftunum í kenslustofum skólans.

6. gr. Stjórnin hefir skýrt svo frá, að jarðskjálftamælirinn sé undirorpinn skemdum sakir galla á herberginu, þar sem hann er geymdur. Til að bæta úr þessum göllum leggur nefndin til, samkvæmt áætlun, að veittar séu 300 kr.

Þá er lagt til að 1000 kr. fjárveiting til Svb. Sveinbjörnssons til að gefa út íslenzka kontrapunktfræði falli burt.

Aftur á móti leggur nefndin til að veittar séu 400 kr., styrkur handa 1 manni í Reykjavíkurdeild Bókmentafélagsins til að sækja boð á 100 ára hátíð háskólans í Kristjaníu á næsta bausti.

7. gr. Nefndin leggur til út af umsókn frá skólastjóranum á Hvanneyri að 2000 kr. séu veittar til að koma þar upp leikfimishúsi, í viðbót við talsvert afgangsefni frá skólahúsinu, sem líklð mundi verða úr, ef það væri selt eða ekki notað þegar á þessu ári.

Nefndin telur það athugavert fordæmi að síldarmatsmanni væru greiddar í ferðakostnað fyrst 540 krónur, er fjárveitingar er óskað á í fjáraukalögum 1908 og 1909, og því næst 396 kr. 25 a., sem hér er óskað fjárveitingar á, eða samtals 936 kr. 25 a., auk þeirrar upphæðar, er honum var greidd samkvæmt heimild í fjárlögunum fyrir 1910 og 1911.

Út af fjárveitingunni við 35. lið: Til fyrirhleðslu við Markarfljót, vill nefndin gera þessa athugasemd: Svo var tilskilið, er stjórnin veitti þetta fé og heitorð var gefið um jafn-mikla upphæð frá Búnaðarfélagi Íslands, að hlutaðeigandi félag og einstaklingar legðu fram jafn-mikið fé. En af þeirra hálfu hefir verið lagt fram 1025 kr. minna. Ætti því að réttu lagi að krefjast endurgreiðslð á helmingi þeirrar upphæðar af hálfu landstjórnar og búnaðarfélags Íslands (kr. 512,50) eða kr. 256,25 af hvoru um sig. Nú hefir búnaðarþingið fallist á, að gefa þessa endurgreiðslu eftir, með því móti, að hlutaðeigandi sveitarfélög stofni þegar að minsta kosti 1000 kr. sjóð til umbóta og viðhalds nefndri fyrirhleðslu. Út af þessu leggur nefndin til, að landsstjórnin sé Búnaðarfélaginu samtaka og getur fallist á téða fjárveitingu 2400 kr. óbreytta.

. Að svo mæltu leggur nefndin til, að frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 verði samþykt með þessum breytingar- og viðaukatillögum:

1. Við 3. gr. 7. l. í stað kr. 8,333,34 komi: 8000 kr.
2. — - — - - í stað kr. 15,000 komi: 8000 kr.
3. — 4. — sé bætt: Til Reykjadalsbrautar 5000 kr.
4. — - — sé bætt: Til brautarlagningar með fram Ingólfsfjalli.. 7000 kr.
5. — - — við D. II. í stað: loftskeytasambands .. .. 40000 —
   komi: hraðskeytasambands, alt að ... ... 40000 —
6. — - — sé bætt: til að setja rautt horn í Garðskaga- og Reykjanesvita .. .. 300 —
7. — - — Stjórninni er heimilt, að verja alt að 4000 kr. af spöruðu fé frá Rifstangavita, til að kaupa nauðsynleg vitatæki.
8. — - — í stað: til aðgerðar .. .. 1600 kr.
   komi: til aðgerðar á kennarskólanum ... ... 600 —

9. Við 4. gr. sé bætt: til aðgerðar á loftum í kenslustofum stýrimannaskólans ... ... 500 kr.
10. — 6. — Til tónskáldsins ... ... 1000 kr. falli burt
11. — - — sé bætt: Til umbóta á herbergi jarðskjálftamælisins.. 300 —
12. — - — sé bætt: Ferðastyrkur handa fulltrúa Bókmentafélagsins til háskólans í Kristjaníu ... ... 400 —
13. — 7. — sé bætt: Til að reisa leikfimishús á Hvanneyri.. ... 2000 —

Samtölurnar breytast samkvæmt þessu.

Alþingi 10. marz 1911.

Skúli Thoroddsen, formaður. Björn Þorláksson, skrifari og framsögumaður.

Björn Sigfússon. Eggert Pálsson. Jóh. Jóhannesson.

Pétur Jónsson. Sigurður Sigurðsson.

Nd. **167. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vitagjald.

Frá skattalaganefndinni.

Aftan við fyrri málsgrein 2. greinar bætist:

Sömu innheimtulaun hafa þeir lögreglustjórar, sem nú eru í embættum, meðan þeir hafa innheimtuna á hendi.

Nd. **168. Rökstudd dagskrá**

samþykt í neðri deild 10. marz. (Tillaga til þingsályktunar um bréfhirðingu og pósta, þskj. 105).

Í því trausti að stjórnin taki það tillit, sem hún telur rétt og sér sér fært, til óska þeirra, sem fram eru bornar með þingsályktunartillögunni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Nd.

169. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðarbætur, sem ekki eru áskildar í byggingarbréfi, og tilkynnir hann það landsdrotni og leitar samkomulags við hann um, hvernig kostnað við verkið skuli greiða. Vilji landsdrottinn ekki kosta jarðarbótina, gerir leiguliði hana á sinn kostnað. Heimilt er þó landsdrotni að líta eftir því, að jarðarbótin sé vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta jarðarbótina til dagsverka samkvæmt gildandi reglum um það efni. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. 50 aurum fyrir hvert dagsverk þeirra jarðarbóta, sem ekki eru áskildar í byggingarskilmálum og styrkhæfar þykja og til fullra nytja hafa komið. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðarbótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 11 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að 1/10 hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðarbótin var unnin.

2. gr.

Ef leiguliði vill breyta bæjarhúsum þeim, er fylgja ábýlisjörðu hans, eða umbæta þau að miklum mun, eða byggja ný jarðarhús, enda sé húsin og umbót þeirra nauðsynleg vegna ábúðar á jörðinni og við hæfi hennar eftir staðháttum, á hann rétt á því, að landsdrottinn leggi fram þrjá fjórðu hluta húsakostnaðarins. Eigi verður með byggingarkostnaði talið efni það, er jörðin sjálf leggur til, né flutningur á því.

Meta skulu úttektarmenn hin gömlu jarðarhús, er niður leggjast eða breytast, til verðs og álags áður en breytingin byrjar; kemur verð þeirra og álag upp í tillag landsdrottins til hinna nýju húsa.

Af tillagi, því er landsdrottinn leggur fram umfram verð hinna niðurlögðu jarðarhúsa, skal leiguliði gjalda 4 af hundraði í ársleigu, auk leigumála þess, er fyr var samningur um, og fer um það gjald að öllu sem önnur jarðargjöld.

3. gr.

Nú leggur landsdrottinn fram húsabótakostnað, samkvæmt 2. gr., og ræður hann þá skipun húsanna og gerð, þó svo, að húsin fullægi þörfum jarðarinnar. Hann á og rétt á að láta framkvæma húsabæturnar eða byggingarnar að sama skapi og hann leggur fram kostnað.

Komi leiguliða og landsdrottni eigi saman um það, hvað sé nauðsynleg jarðarhús eftir hæfi jarðar og staðháttum, eða hvort hús fullnægi þörfum jarðar, skal kveðja úttektarmenn til gerðar um það mál. Greiðir leiguliði úttektarkostnað. Vilji málsaðilar eigi hlíta gjörð úttektarmanna, gelur hvor þeirra um sig skotið henni til yfirúttektar, samkv. 34. gr. laga um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884. Um kostnað við yfirúttekt þá fer eftir sömu grein.

Að lokinni húsabyggingu samkvæmt framansögðu, skal gera úttekt á hinum nýju húsum, og fylgja þau jörðinni upp frá því samkvæmt þeirri úttektargerð.

Ef leiguliði vill byggja heyhlöðu og gera að jarðarhúsi, enda sé þörf á hlöðunni fyrir hey, er á leigujörð hans fellur, fer um það að öllu leyti, sem að framan er fyrir mælt, um bæjarhús.

4. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er, frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin gegn því, að leggja jörðinni til aðra eign jafn-góða:

a. Í húsum, er leiguliði á og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni. þó ekki meir en að þrem fjórðu verðs.
b. Í jarðarbótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð og eru full eign leiguliða eða þeim hluta jarðarbótanna, sem er lögmæt eign hans, samkv. 1. gr. hér að framan.

Tveir dómkvaddir menn og óvilhallir meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin.

Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

5. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti og er honum það heimilt, hvenær er hann vill. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldarhækkun meta tveir dómkvaddir menn og óvilhallir, nema hlutaðeigendur komi sér saman.

6. gr.

Ef engjum, beitilandi eða hlunnindum jarða eða jarðarparta er óskift, getur hver einstakur búandi þeirra jarða eða jarðarparts krafist skifta. Skal þá sýslumaðar kveðja til tvo óvilhalla, dómkvadda menn, er geri skiftin. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir hundraðatali. Þeir er framkvæma skiftin fá 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum. Kostnaðinn greiði hlutaðeigendur að réttri tiltölu.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 6. gr. í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði er koma í bága við lög þessi.

Nd. **170. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir til að eyða rottum með eitri.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn eða sveitarstjórn hefir heimild til að verja árlega úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði nægilegu fé til að eyða rottum með eitri, og skal það eitur brúka, sem landsstjórnin með ráði dýralæknis telur heppilegast.

2. gr.

Í hverju bæjarfélagi eða sveitarfélagi, þar sem vart verður við rottur, skal bæjarstjórn eða sveitarstjórn láta bera eitur út fyrir rottur tvisvar til þrisvar á ári. Og skal jafnan gera það fyrri hluta vetrar eða þegar harðnar að fyrir frost og snjóa. Eitrið skal bera í öll hús í bænum eða sveitinni, úthýsi jafnt sem íbúðarhús, og alstaðar sama daginn.

3. gr.

Nú liggja saman kaupstaður og sveit, eða sveitir, tvær eða fleiri, svo að hvorki skilja fjöll né vötn, er rottur fá ekki yfir komist, og skal þá bæjarstjórn og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir hafa samtök um, að láta útburð fara fram sama daginn í báðum eða öllum sveitarfélögunum.

4. gr.

Bæjarstjórnir eða sveitarstjórnir skulu árlega senda því stjórnarvaldi, er þær standa undir, nákvæma skýrslu um, hvort vart hafi orðið við rottur, og ef svo er, hvenær og hversu víða eitur hafi verið borið út, og hvern árangur það hafi borið.

5. gr.

Landstjórnin setur með ráði dýralæknis reglur um meðferð á eitri.

6. gr.

Lög þessi gilda um 6 ár eða frá 1. október 1911 til 1. október 1917. Á alþingi 1917 ber að endurskoða þau.

Ed. **171. Frumvarp**

til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur jörðina Skálholt í Biskupstungum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til, að kaupa landssjóði til eignar hið forna

biskupssetur Skálholt í Biskupstungum, jafnskjótt sem jörð sú fæst til kaups, fyrir það verð, er þá semur um.

2. gr.

Þegar kaup þessi eru fullgerð, setur landsstjórnin reglur um afnot og ábúð jarðarinnar.

Ed. **172. Frumvarp**

til laga um vitagjald.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gagnvél, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þannig að hálf smálest, eða þar yfir, telst sem heil, en minna broti sé slept. Herskip eru undanþegin gjaldi þessu.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er út til fiskjar hér við land og aldrei fara utan á veiðitímanum, greiða vitagjaldið einu sinni á ári, þó aldrei minna en 5 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hér við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð. Lögreglustjóri eða sá maður, sem hefir á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum (hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), skal innheimta gjaldið. Þegar vitagjald af útlendum fiskiskipum er innheimt af umboðsmanni lögreglustjóra á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Sömu innheimtulaun hafa þeir lögreglustjórar, sem nú eru í embættum, meðan þeir hafa innheimtuna á hendi.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs, að svo miklu leyti sem atferli hans á ekki að sæta þyngri hegningu.

Með mál út af brotum gegn þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Hér með eru úr gildi numin lög 16. nóvbr. 1907, um vitagjald af skipum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Ed. **173. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 16. nóvbr. 1907 um stofnun lagaskóla á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

3 ára frestur sá, er veittur er lögfræðisnemendum við Kaupmannahafnarháskóla í 4. gr. laga nr. 38, 16. nóvember 1907, lengist um 3 ár.

Nd. **174. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skógrækt.

Frumv. þetta sameinar tvenn gildandi lög, sem sé: Lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands frá 22. nóv. 1907 og lög um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. frá 30. júlí 1909, tekur upp öll efnisatriði þeirra og breytir sumum þeirra að nokkru.

Vér höfum athugað breytingar þessar ítarlega og alla málavöxtu þeirra. Oss dylst ekki að fé það, sem stjórnin hefir ætlað til skógræktar samkv. fjárlagafrumvarpi sínu fyrir 1912—1913, nemur *eigi meira* en þarf til starfslauna og ferðakostnaðar skógarvarða þeirra, sem nú eru skipaðir, og enda þótt það væri af þinginu ríkað nokkuð, má búast við, að seint verði það svo mikið, að afgangur starfslauna og ferðakostnaðar skógræktarstjóra og starfsmanna, með sömu tilhögun og verið hefir að undanförnu, gleypi ekki megnið af skógræktarfénu, svo að lítið verði afgangs til skóggirðinga og annara skógræktartilrauna. Mun tilgangur fyrirliggjandi frumvarps vera, að ráða nokkra bót á þessu, með því að fastákveða nokkurnveginn tölu skógarvarða, en hún er ótiltekin í gildandi skógræktarlögum, svo og að lækka laun skógræktarstjóra m. fl.

Á þennan tilgang frumv. hefir nefndin fallist, og sömuleiðis það, úr því breyting er gerð á ofannefndum tvennum lögum, að sameina þau í ein lög.

Eigi að síður vill nefndin gera fáeinar breytingar á fumvarpinu, sem hér skal færa nokkrar ástæður fyrir:

1. Þegar skógarvörðum er fækkað frá því sem nú er, verður skógræktarstjóri að gegna skógvarðarstarfi fyrst um sinn á talsverðu svæði landsins, og verður honum þá ekki *að sjálfsögðu* falin fyrirsögn sandgræðslutilrauna. Þar verður stjórnin að geta hagað sér eftir kringumstæðum.
2. Laun þau, er frumvarpið ætlar skógræktarstjóra, virðast nefndinni helzti lág, nema sem byrjunarlaun, einkum þegar starf hans er fremur aukið. Virðist nefndinni einnig heppilegt að launin fari smáhækkandi, eftir því sem maðurinn er meira reyndur og þarf á meiru að halda til framfæris. Rétt þykir nefndinni í þessu sambandi, að stjórnin geti sagt skógræktarstjóra upp með hæfilegum fyrirvara.

Samkv. ofansögðu, gerir nefndin við frumv. þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Orðin »og sandgræðslu« falli burt.
2. — — Síðasti málsliður orðist svo:
— — Skógræktarstjóri hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. og hækka
— — launin um 200 kr. þriðja hvert ár, alt að 3000 kr. Segja má
— — skógræktarstjóra upp starfinu með hálfs árs fyrirvara.
3. Við 3. gr. Á eftir orðunum: »framkvæmdir á skógræktarstörfum« komi
— — nýr málsliður þannig: Fela má skógræktarstjóra skógvarðar-
— — störf á því svæði, er stjórnin nánar til tekur.
4. Við 5. gr. Fyrir: »Skóg- og« komi: »skóglausu og«.
5. Við 5. gr. Fyrir: »mel« komi: »meltágar«.
6. Við 7. gr. Fyrir: »300« komi: »200«.
7. — 8. — Á eftir orðunum: »að vera falið« komi: »nauðsynlega«.

Alþingi 11. marz 1911.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Pétur Jónsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Sigurðsson, Ólafur Briem,

Stefán Stefánsson Eyf.
með fyrirvara, að því er snertir launahækkun skógræktarstjóra.

Ed. **175. Rökstudd dagskrá**

um tillögu til þingsályktunar um aukapóstferðir (þgsk. 132) Samþykt í Ed. 11. marz 1911.

Í því trausti, að stjórnin telji sér skylt, að taka málaleitun þessa til greina, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **176. Rökstudd dagskrá**

um tillögu til þingsályktunar um viðkomustaði strandferðaskipa (þgsk. 133). Samþ. í Ed. 11. marz 1911.

Í því trausti, að landsstjórnin taki tillögu þessa til athugunar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **177. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík (þingskjal 128.).

Frá Aug. Flygenring.

Við 1. gr.

1. Á eftir orðinu »siglingafræði« í fyrstu línu greinarinnar, komi: og gufuvélafræði.
2. Í viðbót við fyrstu málsgrein, komi: og próf í gufuvélafræði.
3. Í stað orðanna í niðurlagi 2 málsgreinar »og aukakennara með 1200 kr. árslaunum«, komi: og 2 aukakennara með 1200 króna árslaunum hvorn og sé annar þeirra kennari í gufuvélafræði.

Nd. **178. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 5. gr. Á eftir þeim tveim leiðum, sem greinin fer fram á að bætt sé við 14. gr. A í fjárlögum fyrir 1910—1911 komi:

Við B I—III. Til þess að háskóli Íslands geti byrjað 17. júní þ. á. skal veitt svo mikið fé, sem nemur mismuninum á kenslulaunum þeim, sem nú eru goldin kennurum prestaskólans, læknaskólans og lagaskólans, og þeim kenslulaunum, sem gjalda skal kennurum í fjórum deildum háskólans . . . . . Kr. 7,400

Ed. **179. Frumvarp**

til laga um framlenging á friðunartíma hreindýra.

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

Friðunartími hreindýra, sem ákveðinn er með lögum nr. 42, 8. nóvember 1901, skal framlengdur til 1. janúar 1917.

Ed. **180. Frumvarp**

til laga um brúargerð á Jökulsá á Sólheimasandi.

Flutningsmaður: Gunnar Ólafsson.

1. gr.

Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi má verja alt að 78 þúsund krónum úr landssjóði.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar veitt er fé í fjárlögunum til brúargerðarinnar.

Ed. **181. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Eftir 3. umr. í Nd.

1. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa í eftirlaun 1000 kr. á ári.

Nú á ráðherra rétt til hærri eftirlauna, en hér er mælt, fyrir þjónustu í öðru embætti, er hann hefir áður gegnt, og skal hann þá njóta þeirra eftirlauna einna.

2. gr.

Hér með er úr lögum numin 3. gr. laga um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **182. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Magnússyni.

Aftan við frumvarpið komi ný grein:

Viðbót við gjöld þau, er talin eru í 18. gr. fjárl., veitast 1100 kr.:
Eftirlaun ekkjufrúar Þóru Melsteð
fyrir árið 1910 kr. 500,00,
fyrir árið 1911 kr. 600,00

Nd. **183. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Magnússyni.

Aftan við 7. gr. bætist:

Til nánari rannsóknar á hafnarstæði í Vestmannaeyjum og undirbúnings undir hafnargerð þar alt að . . . . . 4000 kr.

Ed. **184. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Flutningsmaður: Aug. Flygenring.

1. gr.

Réttur til að vera vélastjóri á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 75, en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem vélastjóri.

2. gr.

Á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 250, en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal vera að minsta kosti einn yfirvélastjóri og einn undirvélastjóri, sem fullnægja þeim skilyrðum, er lög þessi setja. Ef vél skipsins hefir minna en 250 ákveðin hestöfl, er nægilegt, að á þeim skipum sé einn vélastjóri, sem fullnægir þeim skilyrðum, er lög þessi setja um yfirvélastjóra. Auk vélastjóra skal vera að minsta kosti einn kyndari á skipi hverju. Ekkert íslenzkt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til siglinga utan lands eða innan, nema á því sé það vélalið, sem segir í grein þessari.

3. gr.

Til þess að geta öðlast skírteini sem undirvélastjóri á íslenzku gufuskipi útheimtist:

a. Að hlutaðeigandi hafi nægilega bóklega þekking á bygging og starfsemi gufuvéla, eftir krófum þeim, sem gerðar verða af stjórnarráðinu; kunnátta þessi skal sönnuð með sérstöku prófi við Stýrimannaskólann í Reykjavík.
b. Að hann hafi fengist við járnsmíði í 3 ár og fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.
c. Að hann hafi verið kyndari á gufuskipi í 12 mánuði og hafi meðmæli vélastjóra þess eða þeirra, sem hann hefir verið kyndari hjá, fyrir dugnað, reglusemi og þekking á hirðing gufuvéla.
d. Að hann hafi ekki verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Ennfremur á maður, sem stjórnað hefir á eigin ábyrgð gufuvél á landi

með meira en 25 ákveðnum hestöflum, heimting á að fá skírteini sem undirvélastjóri, ef hann hefir int af hendi það bóklega próf, sem um getur undir staflið a, og hefir vottorð frá 2 vélameisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda, um að hann sé fær um að vera undirvélastjóri á gufuskipi.

4. gr.

Til þess að geta öðlast skírteini sem yfirvélastjóri á íslenzku gufuskipi útheimtist, auk þess sem mælt er fyrir í 3. gr.:

a, að hlutaðeigandi hafi verið undirvélastjóri í 2 ár og hafi meðmæli frá yfirvélastjóra þeim eða yfirvélastjórum, sem hann hefir unnið með, um að hann hafi næga þekking á meðferð og hirðing gufuvéla og sé reglusamur.

b, að hann sé fullra 25 ára gamall.

5. gr.

Skylt er öllum vélastjórum á íslenzkum gufuskipum að láta af hendi vottorð þau um þekking m. m., sem um getur í 3. og 4. grein fyrir þann tíma, sem hlutaðeigandi hefir unnið undir umsjón þeirra. Skal vottorðum þessum fylgja drengskaparyfirlýsing vélastjóra um að þau séu gefin eftir beztu vitund og hlutdrægnislaust.

6. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 3. og 4. grein, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem um getur í nefndum greinum. Svo skulu og þeir Íslendingar, sem eru og hafa verið 1. og 2. vélastjóri á íslenzkum gufuskipum, er lög þessi öðlast gildi, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem um getur í nefndum greinum laga þessara, þótt þeir fullnægi eigi skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum greinum; þó skulu þeir, sem eru undirvélastjórar, því að eins eiga heimting á undirvélastjóraskírteinum, að þeir leggi fram vottorð frá yfirvélastjóra sínum um, að þeir séu færir um að hafa á hendi vélagæzlu sem undirvélastjórar. Ennfremur er stjórnarráðinu heimilt, meðan vöntun er á íslenzkum vélastjórum, að veita þeim mönnum greind skírteini, sem fengið hafa vélastjóraskírteini í Danmörku eða Noregi samkvæmt þar gildandi lögum. Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, sem ráðherra Íslands lætur búa til í samræmi við lög þessi. Skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, sem umsækjandi er heimilisfastur. Skírteinið gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetningu þess, nema skírteinishafi brjóti það af sér, sbr. 8. gr.

7. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins. Við það skerðist þó eigi réttur hans til að leita dómsákvæðis í málinu.

8. gr.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem vélastjóri.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum; ef brotið er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ákvæði um það, hvernig vélakenslunni við Stýrimannaskólann skuli háttað, svo og um próf og prófskilyrði, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið setur um þau atriði.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **185. Viðaukatillaga**

við þingsályktunartillögu um strandferðir (þingskj. 107).

Flutningsm.: Ólafur Briem.

Á eftir 3. lið tillögunnar komi nýr liður:

Að strandbáturinn verði látinn koma við í Selvík á Skaga í þrem ferðum fram og aftur.

Ed. **186. Frumvarp**

til laga um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Verzlunarlóðin í Vestmannaeyjum takmarkast þannig: Að norðan Heimaklettur þannig, að takmörkin séu standbergið frá og með Hafnareyri vestur í sjó fyrir norðan Dranga fyrir vestan Eiði. Að vestan með sjó í norðanvert Klif, þaðan með fjallsrótum Klifs í Hástein. Að sunnan frá Hásteini bein lína rétt fyrir sunnan Landakirkju, og þaðan bein lína austur í sjó um hól í Vilborgarstaðatúni, er frá kirkjunni ber rétt fyrir sunnan Bjarnarey.

Lög 20. oktbr. 1905 um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Vestmannaeyjum eru úr gildi feld.

Ed. **187. Rökstudd dagskrá**

um tillögu til þingsályktunar um innsetning gæzlustjóra efri deildar við Landsbankann (þskj. 134). Feld í Ed. 13. marz 1911.

Með því að deildin lítur svo á, að mál þetta sé enn ekki svo rannsakað af háttvirtri nefnd, að hægt sé að fella um það réttmætan úrskurð, vísar hún því aftur til nefndarinnar og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **188. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Bjarni Jónsson frá Vogi, Sigurður Gunnarsson, Jón Þorkelsson, Jón Jónsson frá Hvanná, Þorleifur Jónsson og Benedikt Sveinsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að lýsa yfir vantrausti sínu á Kristjáni háyfirdómara Jónssyni sem ráðherra.

Nd. **189. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á tíma þeim, er hið reglulega alþingi kemur saman.

Flutningsm.: Jón Jónsson, þm. S.-M.

Í stað »15. maímán.« komi 17. júní.

Nd. **190. Frumvarp**

til laga um að fella úr gildi lög nr. 56, 30. júlí 1909 um undanþágu frá lögum nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Með lögum þessum eru lög nr. 56, 30. júlí 1909 um undanþágu frá lögum nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, úr lögum numin.

Nd.

191. Frumvarp

til laga um eftirlaun.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson og Einar Jónsson.

1. gr.

Hver sá, er fengið hefir konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rétt á að fá eftirlaun samkvæmt lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti sakir aldurs eða heilsulasleika. Eftirlaunin skulu greiðast úr landssjóði.

2. gr.

Eftirlaunin skulu miðast við embættisár, og eru þau 25 kr. fyrir hvert ár, sem embættismaðurinn hefir gegnt embætti með eftirlaunarétti. Eftirlaunin mega þó ekki nema meiru en 1000 kr. á ári. Sá, sem er fullra 70 ára, á rétt á að fá lausn frá embætti og njóta hæstu eftirlauna, ef hann hefir þjónað embætti í 35 ár. Sá embættismaður sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávalt hæstu eftirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á $^1/_2$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun; en er þá undir eins skyldur til að taka aftur við embætti með svipuðum tekjum, sem því embætti fylgdu, er niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eftirlaun, samkvæmt lögum þessum. Þau ár, sem hann hefir notið biðlauna, teljast ekki embættisár.

3. gr.

Ef embættismaður, sem sökum heilsubrests hefir fengið lausn frá embætti með eftirlaunum, kemst aftur til heilsu, er hann skyldur til að taka á móti embætti, sem landsstjórnin álítur við hans hæfi og skipar hann í. Neiti embættismaðurinn að ganga að hinu nýja embætti, missir hann rétt til eftirlauna. Sá, er fyrirgerir embætti sínu, missir einnig rétt til eftirlauna.

4. gr.

Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eftirlaun hans með sérstökum lögum.

5. gr.

Eftirlaun eða biðlaun missast: 1. Þegar hlutaðeigandi fær aftur embætti og laun. 2. Þegar hann, án konungsleyfis, gengur í þjónustu útlendra ríkja. 3. Þegar hann tekur sér bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs. 4. Þegar hann hefir tekið eftirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll. 5. Þegar hann verður dæmdur sekur fyrir athafnir, sem mundu hafa svift hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fékk lausn frá embætti.

6. gr.

Ekkjum embættismanna, er höfðu eftirlaunarétt eða eftirlaun, má ákveða eftirlaun. Þó mega þau eftirlaun aldrei fara fram úr 500 kr.

Eigi má veita þeim embættismannaekkjum eftirlaun, sem hafa gifst eldri manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti með eftirlaunum, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

7. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rétt til eftirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 25—150 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára. Þörf þeirra og verðleika skal árlega sanna fyrir landsstjórninni.

8. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra embættismanna, sem verið hafa eitt ár eða lengur í embætti, þegar þau öðlast gildi.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um eftirlaun nr. 4 frá 4. marz 1904.

Nd. **192. Breytingartillaga**

við breytingartillögu um frumvarp til laga um breyting á tíma þeim, er hið reglulega alþingi kemur saman (þgskj. 162).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Í stað: »1. júlí« komi 15. nóvbr.

Nd. **193. Nefndarálit**

um frumv. til laga um vita, sjómerki o. fl.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og felst hún á þær breytingar á stjórnarfrumvarpinu og viðauka við það, sem gerðar hafa verið í efri deild. En með því að nefndinni virðist orðalag frumvarpsins ekki svo greinilegt sem skyldi á nokkrum stöðum, leyfir hún sér að leggja það til, að háttv. neðri deild samþykki eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Síðari hluti 3. gr. frá og með orðunum: »og ef hann vill leggja merki niður« til enda greinarinnar orðist svo:
   Nú vilja umráðamenn leggja niður merki, sem eigi ber skylda til að halda við áfram, og skal það þá tilkynt stjórnarráðinu með 2 mánaða fyrirvara að minsta kosti, Sé merki þannig burtu numið, skal það gert svo rækilega, að á því verði ekki vilst á eftir.
2. Í staðinn fyrir orðið »og« í 2. línu 4. greinar komi: eða.
3. Í 2. málslið 7. greinar komi í stað orðanna: »eða leggja . . . . bráðabirgða«:
   Jafnan skal hafnarnefnd láta leggja dufl út til viðvörunar, þar er svo er ástatt, þangað til fullnaðarráðstöfun hefir verið gerð.

Neðri deild alþingis, 14. marz 1911.

Magnús Blöndahl, formaður.	H. Hafstein, skrifari.	Bjarni Jónsson frá Vogi.

Jón Magnússon. Björn Kristjánsson.

Nd. **194. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson, Eyf. og H. Hafstein.

Við 4. gr. D. II. á eftir: »Til að fullgera . . . Sauðárkróks (Valla- Sauðárkróks) kr. 17,225,00« komi:
Til að kaupa símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar kr. 7600,00.

Nd. **195. Frumvarp**

til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Eftir 3. umr. í Ed.

1. gr.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og gufuvélafræði og undirbýr lærisveina skólans undir íslenzk stýrimannspróf, hið meira og hið minna, og próf í gufuvélafræði.

Við skóla þennan skipar stjórnarráðið forstöðumann með 2000 kr. árs-

launum og 2 aukakennara með 1200 króna árslaunum hvern og sé annar þeirra kennari í gufuvélafræði.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugerð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður við skólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til hins íslenzka minna stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, notkun logarithma, í grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar, og útreikningi hins réttþyrnda þríhyrnings eftir þríhyrningafræðinni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklination og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar.
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefir borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu til og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrétta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðréttingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun við athugun sólar;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar;
14. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sérstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:

1. þekking á veldi og rót, á logarithmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á

mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjóúr og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóúrsins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlínum, bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
6. að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
7. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri réttritun;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku, að geta gert léttan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sé;
9. að hafa lesið kafla í enskri hók, eigi minna en 100 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku;
10. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

4. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita; eru í henni forstöðumaður skólans og tveir aðrir menn, er stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefnin; verkefnin til skriflega prófsins í stærðfræði og siglingafræði við hið meira stýrimannspróf skal þó stýrimannakensluforstjórinn í Kaupmannahöfn búa til og senda stjórnarráðinu í umslagi, sem innsigli er sett fyrir.

5. gr.

Hver sá, sem staðist hefir hið meira stýrimannapróf, samkvæmt 3. gr. laga þessara, getur krafist þess, að hann sé reyndur í gufuvélafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

6. gr.

Til prófs þess, er getur um í 5. gr., útheimtist þekking á því, sem nú skal greina:

Undirstöðuatriðum aflfræðinnar og hitafræðinnar, sérstaklega um eðli vatnsgufunnar og hagnýting hennar til vinnu; gufuvélum þeim sem nú tíðkast mest ásamt kötlum og því, er þeim fylgir, hestafli gufuvéla, meðferð gufuvéla, framknýingu og kolaeyðslu, helztu hlutum skips og skiftingu þess í vatnsheld hólf, tæmingaráhöldum og slökkvitólum, ryði og vörnum gegn því, hjálparvélum á skipum og lagaákvæðum um gufuskip, er snerta tryggingu á lífi manna og góssi.

7. gr.

Prófið er að eins munnlegt og skal það haldið opinberlega af prófnefnd; fyrir því stendur sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita. Í prófnefndinni er forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

8. gr.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvíkjandi tilhögun á prófunum.

Þeim, sem próf hefir tekið, skal veitt skírteini um það, og skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð, og sem stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

9. gr.

Rétt til þess að ganga undir hin íslenzku stýrimannspróf eftir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar stýrimannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið sendir til stjórnarráðsins beiðni um að mega ganga undir próf, og skal fylgja henni vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kent honum siglingafræði. Enginn getur gengið undir prófin nema hann hafi verið háseti á þilskipi 12 mánuði að minsta kosti eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10. gr.

Hver sá, sem staðist hefir próf í gufuvélafræði, samkvæmt lögum þessum, á kost á, að fá viðaukaskírteini það, um þekkingu á gufuvélum, sem getið er um í 14. gr. laga 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar.

11. gr.

Lög nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, lög nr. 58, 10. nóvember 1905, um breytingu á 6. gr. í nefndum lögum, og lög nr. 4, 13. sept. 1901, um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík, eru úr gildi feld.

Nd. **196. Frumvarp**

til laga um kjördæmaskipan.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson og Magnús Blöndahl.

1. gr.

Þá 40 þjóðkjörna alþingismenn, er sæti skulu eiga á Alþingi, skal kjósa eftir kjördæmum á þann hátt, er hér greinir:

Í Reykjavíkurkaupstað skulu kosnir 5 þingmenn.

Í Árnessþingi, Kjalarnessþingi og Húnavatnsþingi 3 þingmenn í hverju þingi um sig.

Í Norðurmúlaþingi, Suðurmúlaþingi, Rangárþingi, Hegranessþingi og Vaðlaþingi 2 þingmenn í hverju þingi um sig.

En í þessum kjördæmum, er nú verða talin skal kosinn 1 þingmaður í hverju: Seyðisfjarðarkaupstað, Austur-Skaftafellsþingi, Vestur-Skaftafellsþingi (Síðusýslu), Vestmannaeyjum, Borgarfjarðarsýslu (Skeggkarlssýslu), Mýrasýslu, Snæfellsnesssýslu og Hnappadals (Þórsnessþingi hinu syðra), Dalasýslu (Þórsnessþingi hinu nyrðra), Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu (Balasýslu), Akureyrarkaupstað, Suðurþingeyjarþingi og Norðurþingeyjarþingi.

2. gr.

Öll eldri ákvæði, er koma í bága við þessi lög, eru hér með úr gildi numin.

Nd. **197. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga 1910 og 1911.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 18. gr. fjárlaganna fyrir 1910 og 1911 veitist ekkjufrú Ingunni Loftsdóttur á Vopnafirði eftirlaun 200 krónur fyrir árið 1911.

Nd. **198. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Þorleifi Jónssyni.

Aftan við 4. gr. bætist:

Styrkur til véla-bátaferða milli Hornafjarðar og Papóss . . . . 400 kr.

Nd. **199. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 4. gr. sé bætt (á eftir orðunum: Til brautarlagningar með fram Ingólfsfjalli 7000 kr.): »Til brúargerðar á Bakkaá og Síki í Helgafellssveit 3500 kr.«

Nd. **200. Frumvarp.**

til laga um löggilding verzlunarstaðar.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

1. gr.

Kirkjufellsvogur við Grundarfjörð í Eyrarsveit á Snæfellsnesi, skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **201. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl.

Flutningsm.: Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hreppur Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishérað og heita Hnappdælahérað. Í héraði þessu er: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur og Staðarsveit. Læknissetur skal vera í austanverðum Miklaholtshreppi.

2. gr.

Þá er Hnappdælahérað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshéraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólmshéraði, að til þess liggi ekki Miklaholtshreppur, og á Ólafsvíkurhéraði, að það taki ekki lengra austur sunnanfjalls en á mörk Staðarsveitar og Breiðavíkurhrepps.

Nd.

202. Frumvarp

til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 25. júní 1869.

Flutningsmaður: Jón Ólafsson, Sunnmýlinga-þingmaður.

1. gr.

217.—221. gr. XXI. kapítula almennra hegningarlaga 25. júní 1869 er úr lögum numinn.

2. gr.

Að bera manni á brýn glæp, þann er svívirðilegur er í almennings-áliti, varðar sektum alt að 200 kr., eða fangelsi, alt að 6 mánaða.

Sé þetta gert á prenti, svo að áburðurinn berist út, varðar það fangelsi, eigi minna en þriggja mánaða einföldu fangelsi, eða fangelsi við einfalt fangaviðurværi, eigi skemur en mánuð.

Sömu refsing varðar að nefna mann nokkru því nafni, er eigi væri heimild til, nema hann hafi framið slíkan glæp, sem áður er á vikið.

3. gr.

Nú telur maður misgert við sig, samkvæmt 2. gr. þessara laga, í blaði er út kemur mánaðarlega eða tíðar, og á hann þá, áður en sex vikur eru liðnar frá því er hann varð ummælanna áskynja, að snúa sér til þess, sem misgerði, munnlega við votta, eða skriflega í ábyrgðarbréfi og skora á hann að afturkalla meiðyrðin. Verði sá við áskoruninni og afturkalli ummælin hiklaust og afdráttarlaust og tjái með sæmilegum orðum í hins garð, er misgert var við, að sér þyki það mjög svo miður, að hann hafi viðhaft orðin og birti þetta í fyrsta tölublaði, sem út kemur af hinu sama blaði, sem út kemur þar á eftir, með jafnskýru og stóru letri, sem á ummælunum voru, með skýrri fyrirsögn »Afturköllun« á þeim stað í blaðinu, er vel ber á, þá má ekki dæma hann í málskostnað í málinu, ef sá höfðar mál engu að síður, er fyrir ummælum varð, og dómari lítur svo á, að lögsóttur hafi fullnægt ummælum þessarar greinar um afturköllun, og sekt eða refsing skal þá vera helmingi léttari en ella.

4. gr.

Nú er þingmanni, blaðamanni eða öðrum manni, sem fæst við alþjóðleg mál eða almennings-mál, borið á brýn, að hann fylgi málum fyrir eiginna hagsmuna sakir, en eigi af þeim hvötum, er hann lætur í veðri vaka, þá varðar það sömu refsingum, sem væri honum svívirðilegur glæpur á brýn borinn, og fer um það svo sem mælt er í 2. og 3. gr. hér á undan.

Nú er slíkum ummælum beint að stjórnmála-flokki eða öðrum hóp manna eða flokki, þá er hver maður í þeim hóp eða flokki, sá er ætla má að ummælin geti við átt, réttur aðili sakar til sóknar í því máli. En ef höfundur eða ábyrgðarmaður ummælanna fullnægir afturköllunar-áskorun samkv. 3. grein, þá verður hann sýkn saka.

5. gr.

Nú er í blaði skýrt rangt frá orðum manna eða athöfnum í almannamálum, þá varðar það vítum eftir því, sem segir í 2.—4. gr. laga þessara.

6. gr.

Önnur blöð, sem prenta upp eða hafa eftir ummæli, sem vítaverð eru samkvæmt þessum lögum, eru skyld að flytja leiðrétting eður afturköllun ókeypis, þá er gerð er samkv. 3. gr. Beri ella alla ábyrgð, sem væru þau sjálf höfundar ummælanna, og þarf eigi að skora sérstaklega á þau um, að flytja afturköllunina.

7. gr.

Nú er maður dæmdur fyrir ummæli í blaði, og er blaðinu þá skylt að birta dóminn allan í heild sinni í 1. eða öðru tölublaði eftir að hann er fenginn blaðinu til birtingar. Sæti ella dagsektum, og skal þær ákveða í dóminum.

Nú er blað undir lok liðið, er birta skyldi dóm eða afturköllun, og skal sekur þá kosta birtinguna í þeim tveim blöðum, er sóknar-aðili kýs.

8. gr.

Almenn hnjóðs-orð og skammyrði, óvirðingarorð og háðsyrði varða eigi við lög, nema þau sé svo vaxin, að í þeim liggi aðdróttun um eitthvað það, sem vítavert er talið í lögum þessum að bera manni á brýn.

Eigi varðar það við lög að nefna þann mann lygara, er ósatt segir viss vitandi. Nú neitar maður afturköllun samkv. lögum þessum, og skal þá svo á líta, að hann fari vísvitandi með ósannindi, ef hann hefir rangt hermt.

9. gr.

Málum, sem höfðuð eru eftir þessum lögum, verður eigi lengra skotið en til hins æðsta innlenda dómstóls.

Nd. **203. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Ísafjarðarlæknishéraði skal skift í tvö læknishéruð, svo sem hér segir:

1. Ísafjarðarhérað: Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi.
2. Hólshérað: Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Lög þessi koma eigi til framkvæmdar, fyr en sérstakur læknir er skipaður í Hólshérað.

Nd. **204. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Aftan við 4. gr. bætist:

Til brúargerðar á Hölkná í Þistilsfirði . . . . . 4500 kr.

Ed. **205. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lögaldursleyfi.

Á síðasta alþingi samþykti hv. efri deild í *einu* hljóði »að skora á landsstjórnina að rannsaka gildandi lög um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika, og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um alt það efni«.

Við áskorun þessari hefir stjórnin orðið á þá leið, að hún leggur fyrir alþingi frumvarp til laga um lögaldursleyfi. Er þar farið fram á það, *að* veita megi 21 árs gömlum körlum og konum lögaldursleyfi, *að* sýslumenn og bæjarfógetar láti leyfið úti og *að* leyfisbréfið fáist fyrir 10 kr. Fyrsta tillagan er ekki nýmæli, því að umgetið leyfi má veita að núgildandi lögum. Hins vegar lætur stjórnarráðið leyfið nú úti, og það kostar 33 kr. 66 aura.

Breytingartillögurnar frá þeim ákvæðum, sem nú gilda, eru því mjög lítilsverðar, sérstaklega hin fyrri, jafn-hægt og nú er orðið um vik, að ná til stjórnarráðsins. Og lækkunin á gjaldinu fyrir leyfið kemur sára fáum að notum, því að yngri menn en 22 ára hafa alt til þessa afar-sjaldan sótt um lögaldursleyfi. Nefndinni þykir þess vegna ekki taka því, að setja sérstök lög um jafn-óverulegt og óþarft atriði, og ræður hv. deild því til, að fella frumvarpið. Og er þá eitt af tvennu fyrir hendi, annaðhvort að láta þar við sitja og fresta öllum breytingum á lögaldri að sinni, eða þá hitt, að samþykkja samskonar áskorun til landsstjórnarinnar og hv. Ed. samþykti 1909. Og ráðum vér hv. deild til, að hverfa að hinum seinni kostinum af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í nefndaráliti Ed. þá, Alþt. 1909 A., nr. 271, enda er þess meiri nauðsyn nú en þá, að lækka lögaldur manna, þar sem við borð liggur, að kosningarréttur til alþingis verði lækkaður að miklum mun.

Vér ráðum því hv. deild til að samþykkja eftirfarandi

TILLÖGU

til þingsályktunar:

Efri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að rannsaka, eða láta rannsaka, gildandi lög um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika og leggja fyrir næsta reglulega alþingi frumvarp til laga um alt það efni.

Alþingi 14. marz 1911.

Kristján Jónsson, formaður. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Nd. **206. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aukatekjur landssjóðs.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi

Við 55. gr. Aftan af greininni falli orðin: »Af skipum frá öðrum« og til enda greinarinnar.

Ed. **207. Frumvarp**

til laga um viðauka við gildandi lagafyrirmæli um utanþjóðkirkjumenn.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Gangi þjóðkirkjumaður í utanþjóðkirkjusöfnuð, og sóknarkirkja hans, sú er síðast var, sé í skuld fyrir láni, samþyktu af lögmætum safnaðarfundi, þá ber þeim manni, sé hann áfram á sóknarsvæðinu, í þeim fardögum, er hann gengur úr þjóðkirkjunni, að greiða til sóknarkirkju sinnar það brot af þáverandi skuld kirkjunnar, er á hann kemur eftir tölu gjaldenda síðastliðið ár.

Gjald þetta má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1911.

Nd. **208. Frumvarp**

til laga um íslenzkan fána.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Jón Þorkelsson, Skúli Thóroddsen og Jón Jónsson 1. þm. N.-Múl.

1. gr.

Ísland skal hafa sérstakan fána.

2. gr.

Fáni sá, er getur í 1. gr., skal vera blár með hvítum krossi, þvert og endilangt, og nemi breidd krossálmanna $^1/_7$ af breidd fánans; bláu reitirnir nær stönginni skulu vera réttir ferhyrningar, og þeir, er fjær eru stönginni, jafnbreiðir, en tvöfalt lengri.

Opinberar stofnanir noti fána þenna tvíklofinn inn að framan, um krossálmuna, er gangi fram í oddtungu, en lengd fánans sé af því óskerð.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau ákvæði í íslenzkum lögum, er heimila íslenzkum skipum að nota annan fána.

Nd. **209. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

Frá nefndinni í sóknargjaldamálinu.

Nefndin er samhuga í því, að heppilegast sé, að skifting prestanna í launaflokka sé eftir embættisáratölu, á líkan hátt og í frumvarpinu, og felst á frumvarpið að því leyti. En meiri hluti nefndarinnar felst á breytingartillögu þá, sem þingskjal 158 hljóðar um.

Aðrar breytingar leggur nefndin eigi til, að gerðar séu á frumvarpinu, og mun gera nánari grein fyrir áliti sínu við umræðurnar.

Alþingi 15. marz 1911.

Sigurður Sigurðsson, formaður. Þorleifur Jónsson. Pétur Jónsson, framsm.

Hálfdán Guðjónsson. Eggert Pálsson.

Nd. **210. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám fóðurskyldu svonefndra Maríu- og Péturslamba.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

Í stað frumvarpsgreinarinnar komi önnur grein svohljóðandi:

Landsstjórninni veitist heimild til, að gefa eigendum jarða þeirra, er fóðurskylda svonefndra Maríu- og Péturslamba hvílir á, kost á að létta þessari kvöð af jörðunum gegn því að greiða í kirkjujarðasjóð endurgjald fyrir afnám kvaðarinnar, er nemi $16^2/_3$ sinnum stærri fjárhæð en kvöðin er reiknuð í krónutali, eftir meðaltali verðlagsskrárverðs 5 næstu árin á undan.

Frá þeim tíma, er kvöð þessi fellur niður, greiðist prestum þeim, er nú eru og njóta tekna af henni, uppbót úr prestlaunasjóði.

Nd. **211. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar á þingskj. 166.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

Við 3. lið.

Á eftir honum komi nýr liður svo hljóðandi:

Til Borgarfjarðarbrautar 3000 kr.

Nd. **212. Frumvarp**

til laga um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, skal gjalda skatt í landssjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, eða niðja hins látna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. .... 1 af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... $1^1/_{10}$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_{10}$ af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 5 af hundraði.

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 5 af hundraði.
2. — næstu 1000 — .... $5^1/_2$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_2$ af hundraði á hverju þúsundi, alt að 25 af hundraði.

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er heyra eigi undir stafliðina A. og B. eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig.

1. Af fyrstu 1000 kr. .... 10 af hundraði.
2. — næstu 1000 — .. .. 11 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skiln-

ingi, og ennfremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 10. gr.

Ennfremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða réttindum, er við andlát manns hverfa til erfingja eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfé og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Af eigum hér á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til landssjóðs.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefir áskilið sér tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni, að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal eigi greiða erfðafjárskatt af fé því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta, og greiðist skatturinn af erfðafé þeirra erfingja, er þá taka arf, í réttu hlutfalli, eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meira en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi 100 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Stjórnarráðinu er heimilt að undanþiggja erfðafjárskatti handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafé, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

7. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleik þess við hið látna.

Af erfðafé, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðaféð rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni fimmfaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en sé endurgreiðslan miðuð við ákveðna áratölu, skal fjárhæðina margfalda með áratölunni, þó aldrei meira en tuttugu og fimm árum.

8. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sérstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er út runninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafarfi o. s. frv., talið í einu lagi.

Nú hefir arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber úr búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr.

9. gr.

Nú deyr maður, er arf hefir hlotið, áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara, og skal þá að eins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleik erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

10. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þegar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

Erfðafjárskýrslu skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eigum búsins og skuldum þess, og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig féð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gjört, og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

11. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur séu rétt samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sé erfðafjárskýrsla eigi send í réttan tíma, skal skiftaráðandi setja bréflega hlutaðeigendum frest til að gjöra skýrsluna og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sé rétt og send á réttum tíma.

12. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefir leynt verið vísvitandi, eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn lögreglumál, nema mál sé svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

13. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1912, og falla frá sama tíma úr gildi ákvæðin um erfðafjárskatt í tilsk. 12. sept. 1792 og 8. febr. 1810.

Ed. **213. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög, og samþyktir samkvæmt lögum þessum, skulu einnig ná til þiljaðra mótorbáta, séu þeir eigi stærri en fimtán smálestir.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr lögum numin lög 9. júlí 1909 (um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög).

Ed. **214. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um viðauka við gildandi lagafyrirmæli um utanþjóðkirkjumenn.

Flutningsm.: L. H. Bjarnason og Jósef Björnsson.

Aftan við fyrri málsgr. 1. gr. bætist:

Nú á kirkja eignir um skuldir fram, og getur þá sá, er undan sóknarkirkju gengur, heimtað hlutfallslegan hluta af afgangseignum fyrverandi kirkju sinnar.

Ed. **215. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38, 16. nóvbr. 1907 um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Flutningsmenn: Steingrímur Jónsson og Stefán Stefánsson.

Í stað »3 ár« í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar, komi: $1^1/_2$ ár.

Ed. **216. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Í stað orðsins »Styrktarsjóð« í 1. gr. styrktarsjóðslaganna komi: »Eftirlaunasjóð«.

2. gr.

Í stað orðanna í 2. gr: styrktarsjóðslaganna: »$1^1/_2$% séu« o. s. frv. til enda greinarinnar, komi:

»$1^1/_2$% af næstu 500 kr. og 2% af því, sem er yfir 1000 kr.«

3. gr.

Í stað 5. gr. styrktarsjóðslaganna komi ný grein:

»Hver kennari, sem starfað hefir að barnakenslu í 25 ár og goldið tillög til sjóðsins í 5 ár, skal njóta eftirlauna úr sjóðnum, þegar hann hættir kenslustörfum, ef hann tekst ekki aðra arðvænlegri atvinnu á hendur. Veita má þó kennara, sem hætta verður kenslu sakir heilsubilunar, eftirlaun úr sjóðnum, hafi hann stundað barnakenslu í 10 ár og goldið tillög til sjóðsins í 5 ár.

Ekkjur kennara hafa sama rétt til eftirlauna úr sjóðnum, sem kennarar sjálfir.

Nú deyr kennari, sem gegnt hefir kenslu í 10 ár og borgað tillög til sjóðsins í 5 ár, og nýtur þá ekkja hans eftirlauna úr sjóðnum.

4. gr.

6. gr. styrktarsjóðslaganna orðist svo:

»Eigi skal veita eftirlaun úr sjóðnum, fyr en hann er orðinn 20,000 kr., en síðan 4/5 af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðruvísi sé ákveðið af gefanda.

Eftirlaun úr sjóðnum skal miða við starfstíma kennara, þannig, að upphæð þeirri, er verja skal til útbýtingar í hvert sinn, sé deilt með samlögðum starfsárafjölda allra þeirra, sem eftirlauna eiga að njóta, og útkoman margfölduð með starfsárafjölda hvers fyrir sig«.

5. gr.

Orðin »styrktarsjóð« í 4. gr. styrktarsjóðslaganna og »styrkveiting« í 7. gr. breytist í »eftirlaunasjóð« og »útbýting eftirlauna«.

Fyrirsögn laganna verði: »Lög um eftirlaunasjóð handa barnakennurum«.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast samþykki alþingis og staðfesting konungs, skulu breytingar þær, sem þau ræða um, færðar inn í lög um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Nd. **217. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um forgangsrétt kandidata frá háskóla Íslands til embætta.

Vér, sem háttv. neðri deild alþingis kaus í nefnd til þess að íhuga frumvarp til laga um forgangsrétt kandidata frá háskóla Íslands til embætta, höfum yfirfarið frumvarpið og athugað það. Höfum vér orðið ásáttir um, að ráða deildinni til þess að samþykkja það, með þeirri orðabreyting einni, að skýrt sé tekið fram, að kostur skuli embættisprófs í námsgreinum þeim við háskólann, sem forgangsrétturinn er við bundinn. Leggjum vér því til, að samþykt sé eftirfarandi

BREYTINGARTILLAGA:

Í 1. gr. 3. línu komi á eftir orðunum: »námsgrein er þar kend«:
og próf í henni haldið.
Orðin: »prófi í« síðar í línunni falli burt.

Neðri deild alþingis 16. marz 1911.

Bjarni Jónsson frá Vogi, formaður og framsögumaður. Hannes Hafstein, skrifari. Ólafur Briem.

Eggert Pálsson. Jón Þorkelsson.

Ed. **218. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

Tilgangur frumvarps þessa er sá, að fá réttarúrskurð í ýmsum smáum skuldamálum með minni fyrirhöfn og kostnaði, en hingað til hefir átt sér stað hér á landi í þeim málum. Þess gerist og mikil þörf, að greiða fyrir meðferð þeirra mála, einkum þegar þau eru glögg og óbrotin. Það er til mikils hagræðis, bæði fyrir skuldheimtumenn og skuldunauta. Það léttir aðganginn fyrir skuldheimtumenn til að ná rétti sínum; kostnaðurinn við að ná inn með málssókn smáum skuldum er nú oft svo mikill, að menn kynoka sér við að fara í mál. Fyrir skuldunauta er það og oft til mikils gagns, að meðferð málanna sé greið og óbrotin; það getur lent óþægilega á skuldunautunum sjálfum et málaflutningurinn er dýr og fyrirhöfnin mikil áður en úrskurður er feldur í lítilvægum skuldamálum.

Til þess að ná þessum tilgangi, er með frumvarpi þessu sáttanefndum falið úrskurðarvaldið. Það getur verið mikið álitamál í hverra höndum úrskurðarvaldið í þessum málum ætti að vera. — Ákjósanlegast myndi mörgum þykja, að úrskurðarvaldið í smáum skuldamálum væri hjá sérstökum dómstólum — löglærðum dómurum — eins og t. d. fyrirkomulagið er í Kaupmannahöfn (den lille Gældskommission). En slíkt myndi nú trauðla geta komist á enn þá hér á landi fyrir kostnaðar sakir, einkum til sveita. — Hagfelt fyrirkomulag að ýmsu leyti væri það, að fela þessi smáu skuldamál sömu dómurum, — sýslumönnum og bæjarfógetum, — sem dæma önnur mál, en setja sérstakar reglur fyrir flutning þessara mála, er geri hann greiðari og fljótari, — málin leidd til lykta fljótar og meira »summarisk« en önnur mál. Þá skoðun höfum vér, að það myndi að mun bæta úr því, sem nú er. En við nákvæmari íhugun er það auðsætt, að fyrirhöfn og kostnaður gæti samt orðið óhæfilega mikill, einkum til sveita, þar sem langt er til yfirvaldsins, sérstaklega í samanburði við það, að láta sáttanefndir í hverjum hreppi úrskurða um málin. — En það er fullkomlega víst, að varhugavert er að fela öðrum en löglærðum dómurum mál til úrskurðar, sem eru margbrotin og flókin, þessvegna má eigi leggja undir úrskurð sáttanefnda önnur mál en þau, sem eru glögg og óbrotin; og sömuleiðis verður að takmarka svo úrskurðarsvið sáttanefnda, að úrskurðarvald þeirra dragi eigi úr eða rýri áhrif þeirra til sátta. En sé tekið hæfilegt tillit til þessa hvorutveggja, þá virðist eigi vera hættulegt að fela sáttanefndum smá skuldamál til úrskurðar. Og frumvarpið verður svo úr garði búið, eftir því sem nefndin ætlast til.

Fyrst og fremst er eigi ætlast til þess að skuldarhæðin sé hærri en 50 kr., sem lögð sé undir úrskurð sáttanefndanna.

Ennfremur er úrskurðarsvið þeirra takmarkað svo mjög við hin tvö ákvæði í fyrstu grein frumvarpsins.

Þá er ennfremur hið mikilsverða ákvæði í frumvarpinu, að úrskurðirnir hversu lítilfjörlegir sem þeir eru, geta komist fyrir hina almennu dómstóla.

Loks leggur nefndin til, að gagnkröfur sén eigi lagðar undir úrskurð sáttanefnda, og verður því úrskurðarsvið sáttanefnda þar með takmarkað í stórum stíl frá því sem ætlast var til upprunalega með frumvarpinu.

Nefndin er því sammála um að ráða til þess, að frumvarpið verði gert að lögum með eftirfarandi breytingum:

Við 1. gr. Í stað »100 kr.« komi: 50 kr.
Í stað »skylt sé honum« komi: honum sé skylt.
— 2. — Málsgreinin c falli burt.
— 4. — Í stað »Nú telur sáttanefnd . . . til dóms og laga« komi: Nú telur sáttanefnd málið eigi svo vaxið, að úrskurður verði kveðinn upp í því, og vísar hún þá málinu til dóms og laga ef kærandi krefst þess.
— 5. — Í stað »þá forfallaður« komi: getur eigi setið í sáttanefndinni fyrir forföll eða af öðrum ástæðum«.
— 8. — Í stað »það sé gert á 4 vikna fresti« komi: Fullnægingarfrestur skal vera 4 vikur.
— 11. — Á eftir »að sáttatilraun árangurslausri« komi: og hafi málsaðili þá undirskrifað sáttabókina.
Í stað »Eigi verði úrskurði . . . . á 3 mánaða fresti« komi: Áfrýja skal úrskurði sáttanefndar áður en liðnir séu 4 mánuðir.
Orðin: »Rétt er að veitt sé löggeymsla« og greinin út falli burt.
— 12. — Greinin falli burt.
— 13. — Þessi grein verði 12. gr. og orðin »löggeymslugjörð og« falli burt.

Ástæðurnar fyrir þessum breytingum eru svo augljósar, að eigi þykir oss þörf á að fara út í þær fyr en við umræðurnar í deildinni.

Efri deild alþingis, 11. marz 1911.

Kristján Jónsson, formaður	Ari Jónsson, skrifari og framsögum.	J. Havsteen.

Ed. **219. Frumvarp**

til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlmenn til að njóta kenslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum mentastofnunum landsins.

2. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlmenn til hlutdeildar í styrktarfé því, sem veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri mentastofnanir landsins.

3. gr.

Til allra embætta hafa konur sama rétt og karlmenn, enda hafa þær og í öllum greinum, er að embættisrekstri lúta, sömu skyldur og karlmenn.

4. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi tilskipun 4. desbr. 1886 um rétt kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík, prestaskólans og læknaskólans og til þess að njóta kenslu í þessum síðasttöldu skólum.

Ed. **220. Frumvarp**

til laga um afnám fóðurskyldu svo nefndra Maríu- og Péturslamba.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Fóðurskylda svo nefndra Maríu- og Péturslamba skal afnumin frá fardögum 1911 að telja, í þeim sóknum á landinu, þar sem hún hefir átt sér stað.

Frá sama tíma greiðist hlutaðeigandi prestaköllum uppbót úr prestlaunasjóði til presta þeirra, sem nú eru og tekna þessara njóta, er sé jöfn meðaltali þeirra eftir verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í þeim síðustu 5 árin.

Nd. **221. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um prentsmiðjur (þingskjal 33).

Nefnd sú, er fengið varð til athugunar af háttv. deild frumvarp til laga um prentsmiðjur, er á einu máli um það, að nýja löggjöf þurfi um þetta efni, og liggja þar til ýmis rök. Í fyrsta lagi eru lögákvæði þau, er vér nú höfum um þetta mál, mjög slitrótt og á dreif komin. Í annan stað eru fyrirmæli laganna og fyrirkomulag um framkvæmd þeirra ekki örugg til hlítar, svo sem nú er, um það, að allsherjarsöfnum landsins geti ekki brugðist það að fá alt það, sem prentað er árlega hér á landi, og ætlast er til að varðveitist í þessum söfnum æ jafnan á ókomnum tímum. Til þess að gera þetta óbrigðulla höfum vér leyft oss að leggja til, að upp sé tekin ákvæði af nýjum stofni. Enn er það og, að svo virtist nefndinni sem óeðlilegar og óþarfar byrðar væri lagðar á bókaútgefendur hér á landi með löggjöf vorri eins og hún nú er. Tilgangur slíkra laga er eftir eðli sínu, að því er að söfnum landsins veit, sá einn að varðveita bókmentir vorar um ókomna tíma á nokkurum öruggum stað í landinu, þar sem allir geti átt kost á því að kynna sér þær og nota, en ekki sá að íþyngja einstökum mönnum með ókeypis bókaútlátum til lestrarfélaga eða bókasafna, er takmörkuð sé við héruð eða ákveðinn hluta landsins. Þess vegna höfum vér farið fram á það, að feld væri niður ákvæðin um ókeypisbókaútlát af hendi bókaútgefenda til fjórðungsbókasafnanna, og höfum vér talið réttara að ætla þeim í þess stað rífari fjárstyrk af landsfé sem því svarar. Hitt töldum vér einnig sjálfsagt, er og felst í frumvarpinu, að skatti þeim væri nú létt af, er lengi hefir legið á útgefendum bóka og blaða hér á

landi, að láta nokkrum útlendum bókasöfnum ókeypis í té alt, sem hér væri prentað, því að það hefir verið þessu landi til engra nytja.

Þá hefir oss þótt hlýða að koma með tillögur um það, að íslenzkar bækur, sem gefnar eru út erlendis, megi ekki hafa hér á landi á boðstólum nema því að eins að Þjóðbókasafni landsins hafi verið áður í té látið eintak af þeim.

Enn höfum vér talið rétt að gera mönnum greiðara en áður um það að geta tekið upp prentiðn hér á landi.

Að öðru leyti vísum vér til eftirfarandi breytingartillagna, er nefndin er í heild sinni samþykk, þó að einn af oss hafi áskilið sér breytingaratkvæði um einstök atriði.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 1. gr. orðist svo:

Heimilt er hverjum manni að setja prentsmiðju og reka prentiðn, þeim sem fullráða er fjár síns og hefir óflekkað mannorð, en greiða skal hann áður lögreglustjóra 50 króna gjald fyrir atvinnuheimildina, ella útlagur 50—500 kr.

Atvinnugjald og sektir renna til landssjóðs.

2. 1. málsgrein 2. gr. orðist svo:

Allar prentsmiðjur, þær er nú eru eða síðar kunna stofnaðar að verða hér á landi, eru skyldar að láta Þjóðbókasafninu (Landsbókasafninu) í Reykjavík ókeypis í té 2 eintök af hverju því, sem í þeim er prentað, stóru og smáu, eins endurprentunum og sérprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, jafnt hvort sem það prentaða er haft til sölu eða eigi, og skulu þau eintök vera á skrifpappír.

3. Aftan við orðið »Þjóðskjalasafninu« bætist í svigum: (Landsskjalasafninu).

4. 3. málsgrein 2. gr. falli niður.

5. Í stað 3. gr. komi 2 nýjar greinar, sem verða 3. og 4. grein:

3. gr.

Nú er rit prentað í Reykjavík, það er nokkurt verðmæti hefir, og skal þá sá maður, er eignarrétt hefir að hinu samda máli, eða umboðsmaður hans, afhenda Þjóðbókasafninu (Landsbókasafninu) eitt eintak af því á skrifpappír áður en þrjár sólir eru af lofti virkra daga frá því er ritið var afhent úr prentsmiðjunni, og kvittar þjóðbókarvörður fyrir eða annar bókavörður safnsins í hans umboði.

Nú er rit prentað annarstaðar hér á landi, og skal á sama hátt afhenda eitt eintak af því á næsta pósthús fyrir næstu póstferð til flutnings til Þjóðbókasafnsins. Skal það sent í góðum umbúðum og ábyrgðargjald fullvirðis fyrir greitt, en eigi þarf burðargjald fyrir að greiða. Þjóðbókasafnið leysir sendinguna til sín með þjónustufrímerkjum.

Sé móti þessu brotið, greiði eigandi prentréttarins innan þriggja mánaða landssjóði 30 kr. fyrir hverja örk (eða hluta úr örk) af stærð ritsins. Sé það eigi gert í tæka tíð, skal það auglýst í Lögbirtingarblaðinu, og er þá útgáfuréttur að ritinu heimill hverjum sem vill. — Nú er prentréttur að slíku riti áður heim-

ill hverjum manni, og skal þá ráðherra þegar í stað gera ráðstafanir til að ritið sé hvervetna hér á landi upptækt gert, og selt við opinbert uppboð, og rennur andvirði þess í landssjóð. — Stimpla skal á hvert slíkt eintak: »upptækt« með svörtum prentstimpli. Stæli nokkur þann stimpil, varðar það hegningu sem skjalafölsun.

4. gr.

Í lok mánaðanna marz, júní, september og desember ár hvert skal hver prentsmiðjueigandi eða umboðsmaður hans senda lögreglustjóra í umdæmi, því er prentsmiðjan er í, eintök, þau er áðurnefnd söfn eiga að fá, af öllu prentmáli því er í henni hefir prentað verið síðustu 3 mánuðina (hvort heldur heilum bókum eða einstökum örkum eða öðru smærra), en þó má þar frá draga þau eintök, er send hafa verið áður samkvæmt 3. gr. Þessu skal fylgja skrá í 5 samritum um alt, sem prentað hefir verið á því tímabili; fær prentsmiðjueigandi eina skrána aftur með áritaðri kvittun lögreglustjóra, en lögreglustjóri sendir söfnunum með fyrstu hagkvæmri póstferð prentmálið, og sínar tvær skrár hvoru safni. En hvort safnið endursendir lögreglustjóra annað eintakið með áritaðri viðtökukvittun.

Nú hefir lögreglustjóri eigi fengið prentmálssendinguna og skrár frá prentsmiðju áður en 10 sólir eru af loíti eftir eindaga, enda hindri eigi óviðráðanlegar tálmanir *[vis major]*, og skal hann þá úrskurða prentsmiðjueigandanum á hendur 5 króna dagsektir fyrir hvern sólarhring, sem skil dragast eftir að úrskurður er honum birtur.

Nú vantar í prentmál það er senda skal, og varðar það 25—500 kr. sekt er rennur í landssjóð, nema prentsmiðjueigandi bæti úr því þegar, er hann er um það krafinn. Auk þessa er prentsmiðjueigandi skyldur að endurborga safninu, sem í hlut á, það sem safnið kostar til þess að afla sér eintakanna, sem vantar.

Nú verða vanskil á greiðslum fégjalda eftir lögum þessum, og er þá prentsmiðjan með öllum eigum og áhöldum að forgangsveði fyrir þeim.

6. 4. gr. verði 5. grein.

7. Eftir 4. gr. (sem verður 5. gr.) komi ný grein, er verði 6. gr.:

Eigi má hér á landi selja né á boðstólum hafa né auglýsa til sölu rit, sem erlendis er útgefið á íslenzku máli, nema þjóðbókasafninu hafi verið í té látið eitt eintak af ritinu. Ekki nær þetta þó til blaða og tímarita.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar skal bæta og hegna í samræmi við ákvæði 3. greinar.

8. 5. gr. verði 7. gr.

9. Í 6. gr., sem verði 8. gr. fyrir orðin (í 1.—2. línu) »19. janúar 1821 . . . . tekur« komi: 19. janúar 1821 og tilskipun frá 20. janúar 1832 að því leyti sem þær taka.

10. Fyrir orðin (síðast í 4 línu): »lög um breyting« komi: lög nr. 80 frá 22. nóv. 1907 um breyting.

Alþingi 16. marz 1911.

Bjarni Jónsson frá Vogi, formaður og framsögumaður. Jón Þorkelsson, skrifari.

Með skírskotun til minnihlutaálits míns.

Jón Ólafsson.

Álit minnihlutans.

Í öllum aðalatriðum er eg samdóma meðnefndarmönnum mínum.

Eg verð að telja það algerlega rangt, að leggja kvaðir á útgefendur bóka til handa söfnum, sem *ekki eru til.* Landsbókasafn og Landsskjalasafn eru til, en Þjóðbókasafn og Þjóðskjalasafn þekki eg ekki að til séu. — Annað frumv. liggur hér fyrir um að endurskíra þessi söfn. Verði það samþykt, breytast auðvitað nöfnin, og verður því að sjálfsögðu fylgt í öllum lögum, er síðar koma og nefna nöfnin. En hitt er að láta kálfinum andvana fyrir tímann, að fara að nefna söfn, sem enn eru ekki til að lögum.

Þá er það annað atriði, er mig greinir á um við meirihlutann, að eg vil láta gjald og sektir eftir þessu frumvarpi renna til Landsbókasafnsins, en eigi landssjóðs.

Samkvæmt þessu vil eg hvervetna í frumv. láta »Þjóðbókasafninu« og »Þjóðskjalasafninu« falla burt ásamt svigunum um næsta orð á eftir, sömuleiðis breyta »Þjóðbókavörður« í »Landsbókavörður«.

Eg ber því fram þessar

BREYTITILLÖGUR

við breytitillögur meirihl. nefndarinnar í prentsmiðjumálinu á þskj. 161.

1. Hvervetna í frumv. komi »Landsbókasafn« og »Landsskjalasafn« í stað »Þjóðbókasafn« og »Þjóðskjalasafn« og svigarnir utan um næsta orð á eftir falli burt.
2. Í 3. málsgr. 3. gr. í stað: »skal það auglýst« komi: skal landsstjórnin eftir áskorun Landsbókavarðar auglýsa það.
3. Í sömu málsgr. á eftir orðunum: »gera ráðstafanir til« komi: »eftir áskorun Landsbókavarðar«.
4. Í sömu málsgr. »eftir opinbert uppboð« komi: í Reykjavík.
5. Í sömu málsgr. fyrir: »í landssjóð« komi: til Landsbókasafnsins«.
6. Í sömu málsgr.: í stað »upptækt« komi: selt af landsstjórninni.
7. Aftan við 2. málsgr. 4. gr. bætist: Sektirnar renna til Landsbókasafnsins.

Alþingi 16. marz 1911.

Jón Ólafsson.

Nd. **222. Frumvarp**

til laga um aukatekjur landssjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Fyrsti kapítuli.

Um dómsmálagjöld.

1. gr.

Fyrir stefnu skal gjalda 1 krónu, þegar málsaðili, í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil, beiðist þess, að stefna verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr.

Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 2 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir gerðir þær er um getur í 7., 9., og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832. Fyrir frest í dómsmáli skal gjalda 1 krónu.

3. gr.

Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 4 krónur, um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir skriflega frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, skal greiða sama gjald. Fyrir að kveða upp úrskurð meðan á rekstri máls stendur skal gjalda 2 krónur fyrir hvern úrskurð.

4. gr.

Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2. gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr.

Fyrir vitnaleiðslu skal gjalda 1 krónu fyrir hvert vitni. Sama gjald skal greiða fyrir gagnspurningar. Fyrir eiðfesting vitnis skal gjalda 1 krónu.

6. gr.

Fyrir að kveðja menn í rétti til skoðunargjörða eða annara slíkra gjörða skal gjalda 50 aura fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting matsmanna, svo og fyrir sérhverja aðra eiðfestingu, nema um vitni sé að ræða.

Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fé ómyndugra, og þegar eiðfesta skal menn þessa.

7. gr.

Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meira en 50 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr.

8. gr.

Fyrir að staðfesta og innsigla réttargjörðir eða önnur eftirrit, sem út eru gefin í gjörðarformi, skal gjalda 1 krónu fyrir hvert.

9. gr.

Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 2 krónur alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í héraði.

Í öðrum einkalögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10. gr.

Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefir verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir réttinum, skal sá, er þess beiðist, greiða 50 aura auk gjalds þess, er getur um í 2. gr., fyrstu málsgrein.

11. gr.

Við landsyfirdóminn skal ávalt greiða tvöfalt gjald á við það, er borga hefði átt í héraði.

12. gr.

Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin réttargjöld greiða, en í gjafsóknarmálum skulu réttargjöld þau, er gjafsóknarhafi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann er skyldaður með dómi til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 17. gr. laga nr. 18, 3. okt. 1903 um kosningar til alþingis, skal engin réttargjöld greiða í héraði.

13. gr.

Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun frá druknun, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fara fram á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kapituli.

Um gjöld fyrir fógetagjörðir.

14. gr.

Fyrir kyrsetningargjörð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks- eða löggeymslugjörð, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi að eins lausafé og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóvbr. 1887 um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gjörðarinnar er beiðst fyrir, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin	er			50 kr.	eða	minni			1 kr.
—	—	-	frá	50 kr.	til	100	kr.		2 —
—	—	-	—	100	—	—	200	—	3 —
—	—	-	—	200	—	—	400	—	4 —
—	—	-	—	400	—	—	600	—	5 —

Þegar fjárhæðin er	frá	600 kr.	til	800 kr.	6 kr.
—	—	800 —	—	1000 —	7 —

og síðan ein króna í viðbót fyrir hvert heilt þúsund af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

15. gr.

Fyrir að kyrsetja mann skal gjalda 10 krónur; séu fjármunir jafnframt kyrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 14. gr.

16. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglesnum veðskuldabréfum (og þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga, nr. 29, 16. desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dóminum, sáttinni eða veðskuldabréfinu hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gjörðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám er gjört í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, séu eigi allir á sama stað.

17. gr.

Fyrir lausnargjörð skal gjalda eftir 14. gr., þegar féð með henni er laust látið, en eftir 15. gr., sé kyrsetning manns með henni niður feld.

18. gr.

Fyrir rannsókn, sem haldin er eftir beiðni einstakra manna, skal gjalda 2 krónur.

19. gr.

Fyrir útburð manns af jörðu eða úr húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 5 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagjörðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr.

Fyrir skoðun á líkamsáverka eftir beiðni einstakra manna skal gjalda 2 krónur. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr.

Þegar hreppstjóri heldur fógetagjörðir, skal fara eftir lögum nr. 3, 13. janúar 1882, 5. gr. sbr. lög nr. 33, 13. desbr. 1895 og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gjörðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gjörðarbeiðnin sé kölluð aftur, eða fógeti neiti að fremja gjörðina, nema svo sé, að hærra gjald hafi greitt verið fyrir fram fyrir gjörðina, en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjár-

náms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefir slitið samvistum við eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða réttargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sé kröfu gjörðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eftir ráðstöfun hins opinbera skal engin gjöld greiða.

3. kapítuli.

Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr.

Fyrir að þinglesa afsalsbréf, veðskuldarbréf, fjárnámsgerð, skiftabréf eða önnur skjöl, sem þinglesin eru svo sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja haft á fasteignir, og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja haft á lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin er kr. 100 eða minni						kr.	1,00
— —— — frá	100	til	500	kr.		—	2,00
— —— — —	500	—	1000	—		—	3,00

og sé fjárhæðin meiri, skal gjalda 1 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund, sem fram yfir er.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 12 kr.; þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka það fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðrum aurum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eftir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda, sem fyrir 25 sinnum stærri fjárhæð, en sé afgjaldið áskilið æfilangt, skal gjaldið að eins talið af fimmfaldri fjárhæðinni; sé ártal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meira gjalda en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði, eða henni makaskift gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

25. gr.

Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða haft á fasteignum eða lausafé, skal gjalda 2 kr. Séu þess konar skjöl þinglesin við landsyfirdóminn, skal gjalda 4 krónur.

26. gr.

Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða bréf um haft á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eftir því, hvort útgefandi þess hefir sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálmun finst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildar-brest hans eða um hið áður lesna heftingarbréf, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 1 kr. og aldrei meira en 3 kr., þegar fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gera hana.

27. gr.

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbréfabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabréfið, skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 1 kr. og eigi meira en 6 kr.; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbréfabókunum um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni liggja, og skal hann gjalda fyrir það 2 kr.

Vottorð þau, er stjórn landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr.

Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hina fyrstu þinglýsing, en fyrir hinar síðari hálft gjald fyrir hverja. — Fyrir skjöl, er þinglesin eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

30. gr.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriftargerðum þeim á eigum þurfalinga og stjórnarráðs-úrskurðum um sviftingu á fjárforræði þeirra, sem greinir um í 56. og 57. gr. fátækralaganna 10. nóvbr. 1905.

4. kapituli.

Um skiftagjöld.

31. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiftaráðandi eða skiftaforstjóri án dómsvalds

fer með og lýkur skiftum í, skal greiða í skiftagjöld 1½ % af öllum eigum búsins án tillits til skulda, er á því liggja.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 100 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:

þegar eigur búsins eru eigi meiri en 1000 kr.... ... . 2 kr.
Séu þær meiri en 1000 kr. . ... 4 —

33. gr.

Nú tekur skiftaráðandi bú til skiftameðferðar, en framselur það síðar erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiftafundi, helming, ef það fer fram seinna, en þó ekki síðar en á fyrsta skiftafundi eftir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til fullnaðarskifta.

34. gr.

Þá er skiftaráðendur eða skiftaforstjórar lúka skiftum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiftalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sé rétt talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskifta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eftir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiftaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, séu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiftalaganna skyldir til, að láta skiftaráðanda í té skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda að drengskap viðlögðum, yfir eigur búsins og skuldir; og má dagsektum beita, komi þeir eigi með hana. Hið sama er, þegar bú hefir verið tekið til opinberrar skiftameðferðar, en er framselt því hjóna, er eftir lifir, til þess að sitja í óskiftu búi. Nú hefir einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu á móti betri vitund landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefir verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kapítuli.

Um gjöld fyrir uppboðsgerðir.

35. gr.

Almenn uppboðslaun, er ávalt skal greiða, nema þar sem eftirfarandi greinir veita heimild til annars, eru 5 af hundraði.

36. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo

og þilskip, — séu þau eigi ósjófær — hlutabréf, skuldabréf og aðrar skuldakröfur, leigumálaréttur og önnur þess konar réttindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af fyrstu 10,000 kr. ... ... $2^1/_2$%
af fjárhæð yfir 10,000 kr. til 20,000 kr. . ... 2 —
af fjárhæð yfir 20,000 kr. til 100,000 kr. ... ... $1^1/_2$—
af fjárhæð, sem er meiri en 100,000 kr. . ... 1 —

Þegar leigumálaréttur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr.

Nú eru verzlunarvörur seldar við uppboð, og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af fjárhæð þeirri, sem uppboðið nemur meira en 1000 kr., en af fyrstu 1000 kr. skal ætíð greiða fult gjald eftir 35. gr., ákveðin eins og hér segir:

af fjárhæð frá 1,000 kr. til fullra 2,000 kr. ... ... 4 %
af fjárhæð meiri en 2,000 kr. til fullra 5,000 kr.... 3 —
af fjárhæð meiri en 5,000 kr. til fullra 10,000 kr. .. 2 —
og af fjárhæð, sem nemur meira en 10,000 kr. ... 1 —

38. gr.

Þegar þess er krafist, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eftir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gera, ef unt er, 8 dögum áður uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið er birt nema í kaupstað þeim eða hreppi, er halda á það í, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleiri næstu hreppum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðs-auglýsingunum er útbýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sé eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeigenda í þessum atriðum, eða séu þeir á skiftum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og hafa tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 2 kr.

39. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 36. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 5 krónur fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sérstakan hlut í einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 10 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

40. gr.

Fyrir uppboð á ertirlátnum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða, og eigi heldur, þegar landsbankinn lætur þjóna sína selja við uppboð verðbréf þau og annað, er hann hefir fengið að handveði.

41. gr.

Þegar hreppstjórar halda lítilfjörleg uppboð í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eftir ákvæðum í lögum nr. 33, 13. desbr. 1895.

42. gr.

Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefir verið við uppboð, skal gjalda 4 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2,000 kr., 8 kr. ef það er meira en 2,000 kr., og fer þó eigi fram úr 6.000 kr., en 12 kr. ef það fer þar fram úr.

43. gr.

Nú hefir uppboðs beiðst verið hjá uppboðshaldara og séð hefir verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aftur, og skal þá að eins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 38. gr.; en sé beiðnin eigi kölluð aftur fyr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 5 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

44. gr.

Fyrir undirboðsþing skal greiða 5 kr. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., í sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, 33. gr., lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 26. gr., lögum s. d. um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, 27. gr.. lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 27. gr., og lögum nr. 75, 22. nóvbr. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirðt, 28. gr.

45. gr.

Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gæta, ef svo ber undir, að kaupanda verður gert að skyldu að greiða hann, að hann sé þá skoðaður svo sem viðbót við boð þau, sem gerð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu, að viðbættum þessum kostnaði.

6. kapituli.

Um nótarialgjöld.

46. gr.

Fyrir afsögn á víxli, er nótarius gerir fyrir samþykkisbrest eða greiðslufall, skal gjalda eins og hér segir:

Þegar víxilinn nemur 500 kr. eða minni fjárhæð .... 2 kr.
— — — meira en 500 kr. alt að 1000 kr. ..... 3 kr.

og svo einni krónu hærra fyrir hvert þúsund upp í 10000 kr. og er þá gjaldið 12 kr., enda hækkar ekki úr því.

Gjald þetta skal greiða, ef gjörðin hefir verið byrjuð, enda þótt gjörðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta.

47. gr.

Fyrir aðrar afsagnargjörðir, svarkröfur, stefnubirting, er nótarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gjörðir skal gjalda 4 krónur.

Nú skal framkvæma einhverja af gjörðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 46. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fult gjald á hinum fyrsta stað, en aðeins 1 krónu fyrir hvern hinna staðanna, sem gjörðin fer fram á eftir kröfu gjörðarbeiðanda.

48. gr.

Fyrir að bera eftirrit saman við frumritið og staðfesta það skal gjalda 50 aura fyrir hverja örk eða minna, sem eftirritið nemur, þegar það er ritað, eins og að lögum á að vera

49. gr.

Þegar gerður er samningur, arfleiðsluskrá, umboðsskjal eða aðrir þess konar gjörningar fyrir nótarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það nótarial-vottorð í lögmætu formi, skal gjalda fyrir það 2 krónur.

50. gr.

Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipskaðabætur, skal gjalda 10 kr.

7. kapituli.

Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

51. gr.

Fyrir að gefa út vegabréf skal gjalda 50 aura fyrir hvern þann, er vegabréfið hljóðar um, en 1 krónu, sé ferðinni heitið til útlanda.

52. gr.

Fyrir sérhvert mál eða kvarða, sem bæjarfógeti eða sýslumaður löggildir og brennimerkir, skal gjalda 1 krónu.

53. gr.

Fyrir skipstjóraskírteini skal gjalda 10 kr.

54. gr.

Fyrir að löggilda og setja innsigli á verzlunarbók skal gjalda 5 krónur, en fyrir að löggilda viðskiftabók 50 aura, hvort sem hún er stór eða lítil.

55. gr.

Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 25 aura af hverri smálest af rúmi skipsins þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Af skipum frá öðrum löndum í veldi Danakonungs, sem koma hingað eingöngu til fiskiveiða, skal gjalda 25 aura af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau koma á.

56. gr.

Fyrir að mæla skip samkvæmt tilskipun 25. júní 1869 skal gjalda:

a) þegar mælingin fer fram eftir fullkomnari aðferðinni, og hefir þó eigi verið við hendina eldra mælingarbréf, er út hefir verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri fyrirmælum ..... 20 aura

b) ætíð endranær ..... 10 —

fyrir hverja smálest skipsins eftir hinu nýja mælingarbréfi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20. gr. laga 13. des. 1895 um skrásetning skipa, skal gjalda 2 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er skýringa um.

57. gr.

Fyrir eftirlit lögreglustjóra með útflutningum samkvæmt lögum nr. 3., 14. janúar 1876, skal gjalda 20 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

58. gr.

Fyrir að löggilda leiðarbók skal gjalda 4 kr., ef rúm í skipi er meira en 100 smálestir; ella 2 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 4. gr. farmannalaga 22. marz 1890 í leiðarbækur, er skilað hefir verið sökum tjóns, er skipið hefir beðið.

Fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 5. gr. sömu laga í leiðarbækur, sem skilað hefir verið að afstaðinni ferð, skal gjalda fyrir skip, sem stærra er en 100 smálestir, 3 kr., ef ferðin hefir eigi staðið missiri lengur, 4 kr. ef hún hefir staðið missiri lengur, en ekki ári lengur; en 5 kr., ef hún hefir staðið ári lengur. Nú er skip minna en áður er mælt, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er til tekið.

59. gr.

Fyrir lögskráning skipshafnar og afskráning skal gjalda 10 aura fyrir hvern mann, er lögskráður er eða afskráður.

60. gr.

Fyrir sjóferðapróf það, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd 14. janúar 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 10 kr.

61. gr.

Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðfluttra vínfanga, sem ræðir um í 6. gr. tollaga 8. nóvember 1901, skal gjalda 2 kr.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í 9. gr. sömu laga, um að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki en á land eru fluttir.

62. gr.

Fyrir að kveðja menn utan réttar til skoðunar- eða annara slíkra gjörða

skal gjalda 50 aura fyrir hvern þann, er kvaddur er. Fyrir skipan tilsjónarmanns skal greiða 1 krónu.

63. gr.

Fyrir að gefa út leyfisbréf til lausamensku eftir lögum nr. 60 22. nóvember 1907, skal gjalda 2 kr.

64. gr.

Fyrir að gefa saman hjón í borgaralegt hjónaband, samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febrúar 1886, og fyrir eftirrit af þeirri athöfn skal greiða 5 krónur.

65. gr.

Fyrir vottorð um hvaðan vörur séu, fyrir áritun á vöruskoðunarvottorð og fyrir önnur þess konar vottorð, er einstakir menn æskja í verzlunar- og atvinnumálum, svo og fyrir áritun í embættis nafni skal gjalda 1 kr., að svo miklu leyti sem eigi er í þessum lögum ákveðið sérstakt gjald fyrir embættisverkið, eða það eftir öðrum lögum á að vera ókeypis.

8. kapítuli.

Almenn fyrirmæli.

66. gr.

Á öll þau skjöl, sem einhvað er goldið fyrir að gefa út eða rita á, eða snerta embættisgjörðir, sem hefir verið greitt fyrir eftir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sé brotið gegn þessu, varðar það sektum til landssjóðs, alt að 100 kr.

67. gr.

Allir embættismenn, sem heimta inn aukatekjur fyrir landssjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók. Skal dagbók þessi vera löggilt af stjórnarráðinu, og skal sá, er af þess hálfu rannsakar embættisfærslu valdsmanna, sérstaklega rannsaka hana og rita um það vottorð í bókina og gefa þess nákvæmar gætur, hvort hún sé rétt rituð, og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

68. gr.

Lög 2. febr. 1894 um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, eru úr gildi numin.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **223. Breytingartillögur**

við frv. til laga um erfðafjárskatt.

Frá Pétri Jónssyni.

1. Við 2. gr. A. 1. lið fyrir »1« komi: $1^{1}/_{10}$.
   2. — — »$1^{1}/_{10}$« komi: $1^{2}/_{10}$.
2. — - — fyrir »5« í enda liðsins komi: 100.
3. — - — B. fyrir »25« í enda liðsins komi: 100.
4. — - — C. 1. lið fyrir »10« komi: 11.
   2. — — »11« — 12.
5. — - — fyrir »50« í enda liðsins komi: 100.

Nd. **224. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Eftirstöðvar af láni til Sogsbrúarinnar, tekið 25. apríl 1906, að upphæð nú kr. 4333,33 og sem hvílir á Grímsneshreppi við sparisjóð Árnessýslu, taki viðlagasjóður að sér að greiða frá 25. apríl 1911.

Nd. **225. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 211.

Frá fjárlaganefndinni.

Fyrir »3000« komi: 2000.

Nd. **226. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um erfðafjárskatt.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 2. gr. A. 1. tölulið: Í stað 1 af hundraði komi: $1^{1}/_{5}$ af hundraði. A. 2. tölulið: í stað $1^{1}/_{10}$ komi: $1^{2}/_{5}$. Fyrir $^{1}/_{10}$ í næstu línu komi: $^{1}/_{5}$, og fyrir 5 í næstu línu þar á eftir komi: 3.

Aftan við bætist síðan: Þaðan upp skal skatturinn aukast um 1/2 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 15 af hundraði, en þaðan af um 1 af hundraði alt að 20 af hundraði.

Við 2. gr. B. 2. tölulið: Fyrir 5 1/2 komi: 6; fyrir 1/2 í næstu línu komi: 1; fyrir 25 í næstu línu þar á eftir komi: 15. Aftan við málsgreinina bætist: Þaðan upp skal skatturinn aukast um 2 af hundraði af hverju þúsundi alt að 30 af hundraði.

Við 2. gr. C.

Fyrir 50 í síðustu línu liðarins komi: 20 Aftan við bætist: Þaðan af skal skatturinn aukast um 2 af hundraði, alt að 60 af hundraði.

Ed.

227. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skoðun á síld.

Á alþingi 1909 var borið fram hér í háttvirtri deild frumvarp til laga um skoðun á síld. Afdrif þess urðu þau, að það var tekið aftur, af því að undirbúningur málsins þótti tæplega nægilegur, en í þess stað samþykti deildin tillögu til þingsályktunar um síldarmatsmenn.

Frumvarp það, sem hér ræðir um, er að vísu að ýmsu leyti breytt frá frumvarpinu 1909 og aðgengilegra en það frá sjónarmiði löggjafarvaldsins. Sérstaklega skal á það bent, að þá var gert ráð fyrir því að kaup undirmatsmanna væri greitt úr landssjóði. Töldu útgerðarmenn það sanngjarnt, af því að þeir greiddu hátt útflutningsgjald í landssjóð, en útvegurinn hinsvegar illa fær um að bæta á sig auknum útgjöldum. Mundi þetta hafa numið allmörgum þúsundum kr. fyrir landssjóðinn. Hér er gert ráð fyrir því að kaup þetta greiðist af útgerðarmönnunum sjálfum.

Auk þess hefir frumvarpinu verði breytt í ýmsum smærri atriðum frá því sem áður var og telja verður til bóta.

Nefndin var samhuga um, að hér sé að ræða um þýðingarmikið atvinnumál, bæði fyrir útgerðarmenn og landssjóðinn, og þá jafnframt um það, að varlega beri að fara í slíkar lagasetningar. Það skiftir hér mestu máli, að ekki séu lögð óeðlileg bönd á atvinnurekstur manna, og að tekjur landssjóðsins af þeim atvinnurekstri fari ekki minkandi.

En að því er þetta síðara atriði snertir, þá er einmitt allmikil hætta á, að tekjurnar fari stórum minkandi, ef ekki verður leitað nýrra ráða til þess, að bæta síldarútveginn og afstýra því óorði, sem komið er á íslenzka síld á útlendum markaði, en það óorð stafar, að dómi útgerðarmanna, mest af því, hve mikið af síldinni er orðið skemd vara áður en hún er söltuð niður. Þetta hefir bakað bæði innlendum og útlendum útgerðarmönnum óþarfa kostnað, og margir þeirra tapað á því stórfé og ýmsir orðið að hætta við útgerðina með öllu.

Úr þessu ætti skoðun á nýveiddri herpinóta- og reknetasíld að bæta, að minsta kosti að einhverju leyti, og þar sem hér er að ræða um almenna ósk út-

gerðarmanna sjálfra, og þeir jafnframt eru fúsir til, að bera þann kostnað, er af því mati leiðir, virðist ekki sanngjarnt, að neita þeim um, að tryggja það með lögum, að alvarleg tilraun verði gerð í þessa átt, og því hefir nefndin aðhylst frumvarpið í öllum aðalatriðum þess.

En þar sem síldveiði með herpinót og reknetum, til útflutnings, fer nú nær eingöngu fram fyrir norðan land, hefir nefndin talið réttast og brotaminst að láta þessi lög aðeins ná til svæðisins milli Horns og Langaness.

Jafnframt þykir henni rétt, að láta lög þessi aðeins gilda um ákveðið árabil, til þess að fá fulla reynslu á því hvað hentast muni vera í þessu efni. Ætíð innanhandar að framlengja lögin, ef þau þykja gefast vel.

Þá þykir nefndinni ekki rétt, að *skylda* útgerðarmenn og skipstjóra til þess að hlíta fyrirmælum matsmanns um útbúning skipanna til síldveiða; telur nóg að hann gefi ráð um þann útbúning, enda eigi útgerðarmenn sjálfir mest á hættu, ef þeir útbúa skip sín ekki hæfilega.

Aðrar breytingar á frumvarpinu mega heita orðabreytingar.

Samkvæmt því sem hér er sagt leggur nefndin til að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið með þeim breytingum er hér segir:

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Á svæðinu milli Horns og Langaness skal skoðun fara fram á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings og veidd er í herpinót eða reknet og söltuð er á landi eða við land.

Auk þess skal öllum á þessu svæði gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

3. gr. orðist svo:

Áður en síldveiði byrjar ár hvert, skulu skipstjórar á þeim síldveiðaskipum, er veiða með herpinót eða reknetum, á nefndu svæði, skyldir til þess að fá matsmenn út á skip sín. Skal hann gefa ráð um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sé fyrir geymslu síldarinnar.

Við 8. gr.

Fyrstu greinarskiftin falli niður.

Í stað orðsins *starfssvið* í 3. lið greinarinnar komi *starfssvæði*.

10 gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1913.

Alþingi 18. marz 1911.

Eiríkur Briem, formaður.	Sig. Hjörleifsson, skrifari og framsögumaður.

Gunnar Ólafsson. Ari Jónsson. Aug. Flygenring.

Nd. **228. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

1. gr.

Síðari hluti 2. gr. stjskr. (1. gr. stj.skl. 3. okt. 1903): »Ráðherra Íslands má eigi ..... falið að veita« falli burt; en í staðinn komi: Landsjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungs fund.

2. gr.

Á eftir 2. gr. stjskr. bætist inn ný grein: Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

3. gr.

3. gr. stj.skr. (stj.skl.) falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti. Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánara ákveðið með lögum.

Hver ráðherra skrifar undir með konungi ályktanir um þau málefni, er undir hann liggja sérstaklega, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra, sá er mál skal flytja fyrir konungi, fer, þá er nauðsyn krefur, á konungs fund, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

4. gr.

Önnur málsgrein 4. gr. stj skr. falli burt, en í staðinn komi: Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Þó skal engum embættismanni vikið frá til fullnaðar, nema honum sé áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

4. málsgr. 4. gr.: »Með lögum má undanskilja« o. s. frv., falli burt.

5. gr.

8. gr. stj.skr. falli burt; en í hennar stað komi: Konungur getur rofið neðri deild alþingis og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er hún var rofin og alþingi stefnt saman eigi síðar en næsta ár.

6. gr.

11. gr. stj.skr. falli burt, en í hennar stað komi: Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir. Samþykki alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi, enda sé neðri deild eigi rofin áður en lögmæltur þingtími er úti. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af alþingi.

7. gr.

14. gr. stj.skr. falli burt, en í hennar stað komi: Á alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

15. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi: Alþingi er 2 deildir: efri deild og neðri deild. Efri deild sitja 15 þingmenn, en neðri deild 25. Breyta má tölum þessum með lögum.

9. gr.

16. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi: Þingmenn neðri deildar skulu kosnir til 6 ára, og fer kosning þeirra allra að jafnaði fram samtímis. Þingmenn efri deildar skulu kosnir til 12 ára, þriðjungur þeirra fjórða hvert ár. — Deyi þingmaður neðri deildar meðan á þingtímanum stendur eða fari frá, skal kjósa þingmann í hans stað, en að eins fyrir það tímabil, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti í efri deild, tekur það sæti varaþingmaður, sá er í hlut á.

10. gr.

17. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi: Kosningarrétt til alþingis hafa allir karlar og konur, sem eru fullveðja að aldri, þó aldrei yngri en 21 árs, þegar kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda hafi eigi þegið sveitarstyrk síðasta árið, nema hann sé endurgoldinn.

Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan þó eigi kosningarrétt fyrir það.

11. gr.

3. töluliður 18. gr. í stj.skr. falli burt.

12. gr.

(Ný grein). Þingmenn efri deildar og jafnmarga varaþingmenn skal kjósa með hlutfallskosningu í einu lagi fyrir land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nákvæmari reglur um kosningarnar.

13. gr.

19. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi: Reglulegt alþingi skal saman koma lögmæltan dag annað hvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaþing sé haldið,

og kveður þá forseti sameinaðs þings alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

Breyta má þessari grein með lögum.

14. gr.

Á eftir 19. gr. stj.skr. komi ný grein svo látandi: Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

15. gr.

1. málsgr. 25. gr. stj.skr. falli burt, en í þess stað komi: Fyrir hvert reglulegt alþingi skal, undireins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

16. gr.

26. gr. Stjskr. falli niður, en í staðinn komi: »Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess að tekjur landsins séu þar allar taldar og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta —, hver um sig eða hverir tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það sem er að líða eða liðið er. Sjái þeir nokkuð að athuga, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. Stjskr. falli niður, en í staðinn komi: »Hvor deild Alþingis um sig sker sjálf úr, hvort þingmenn hennar séu löglega kosnir«.

18. gr.

Aftan við 45. gr. Stjskr. bætist: »Breyta má þessu með lögum«.

19. gr.

Aftan við 47. gr. Stjskr. bætist: »Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar, en þeirrar er hann sjálfur aðhyllist; en gjalda skal hann til skóla hin lögboðnu, persónulegu gjöld þjóðkirkjunnar, ef hann sannar ekki, að hann heyri til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur er í landinu.

20. gr.

48. gr. Stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: »Hvern þann sem tekinn er fastur skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveðið í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi«.

21. gr.

Aftan við 61. gr. Stjskr. bætist: »Nú samþykkir Alþingi sambandslög milli Íslands og Danmerkur, og skal þá rjúfa neðri deild og stofna til nýrra kosninga. Samþykki þá alþingi sambandslögin óbreytt, skal bera þau upp fyrir konungi til staðfestingar, ef löggjafarvald hins ríkisins samþykkir þau að sínu leyti.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Í fyrsta sinn, sem kosið er til efri deildar samkv. þessum stjórnarskipunarlögum, skal kjósa 15 þingmenn og 15 varaþingmenn fyrir land alt. Á fyrsta þingi eftir kosninguna skal ákveða með hlutkesti, hverir fari frá eftir 4 ár og hverir eftir 8 ár.

2. Umboð konungkjörinna þingmanna falla úr gildi, þá er kosið hefir verið til Alþingis í fyrsta sinn eftir að þessi stjórnarskipunarlög hafa öðlast gildi.

Nd. **229. Viðaukatillaga**

við viðaukatillögu á þingskj. 197.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Aftan við tillöguna bætist:

og ennfremur til ekkjufrúar Bjargar Einarsdóttur 100 kr. fyrir hvort árið 1910 og 1911.

Nd. **230. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 188.

Frá: Skúla Thoroddsen, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Benedikt Sveinssyni og Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Aftan við tillöguna bætist:

og skorar á hann að beiðast lausnar þegar í stað.

Ed. **231. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breytingu á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

Flutningsmenn: Sigurður Hjörleifsson og Aug. Flygenring.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Styrk þessum skal úthlutað til útgerða skipa þeirra, sem veiða síldina, enda reki skipið ekki veiði annars staðar en hér við land.

Nd. **232. Nefndarálit**

í hafnarlaga-málinu.

Nefndin er einhuga á því, að það sé hið brýnasta nauðsynjamál fyrir Reykjavík og fyrir alt landið, að trygg og góð höfn verði gerð í Reykjavík, er fullnægi nútíðar-kröfum. Göngum vér að því vísu, eftir því sem fram hefir komið af skýringum um það mál, að með því móti geti flestur útlendur varningur orðið með sama heildsöluverði hingað fluttur, eins og hann er nú í þeim bæjum erlendis, þar sem hann er alment hingað keyptur nú.

Þykir ekki þörf að fjölyrða í nefndaráliti þessu um þann hag, sem að þessu hlýtur að verða fyrir alt Ísland; hversu það verður aðalsporið til að gera verzlun landsins *innlenda,* auk ýmislegs hagræðis, er að því verður að öðru leyti. Þá þyrfti landssjóður engu til millilandaferða að kosta, en að eins styðja standferðir, sem þá yrðu tíðari og reglubundnari en nú. Þá yrði kaupmönnum út um land, sem veltufé hafa af skornum skamti, auðið að birgja sig héðan að vörum smátt og smátt, eftir því sem selst og þörf kallar að.

Hins vegar vex nefndinni í augum að landssjóður leggi fram helming alls kostnaðar, og þykir sanngjarnara að beint tillag landssjóðs verði nokkru minna, en að hann ábyrgist aftur fyrir bæinn þeim mun hærri lántöku.

Lántöku-ábyrgðina teljum vér alveg hættulausa landssjóði, en aðalástæðan til hennar sú, að bærinn getur fengið lánið með betri kjörum, ef landið ábyrgist, heldur en ef bærinn væri neyddur til að taka það á sína ábyrgð.

Vér leggjum því til:

1. að í stað 1. málsliðs 1. gr. komi: »Til hafnargerðar í Reykjavík veitast úr landssjóði 600,000 kr. gegn því að Reykjavíkurbær leggi fram kostnaðinn að öðru leyti, væntanlega 1,000,000 króna.
2. að í 2. gr. komi: »1,000,000« í stað 800,000.

Einn nefndarmanna hefir áskilið sér óbundið atkvæði um breytingartillögu, er fram kynni koma, um tölu-upphæðir þessar.

Til orða kom í nefndinni, að landssjóði væri áskilinn tiltölulegur ágóði (við framlag sitt) af hreinum tekjum bæjarins af höfninni; en flestir voru þó

á því, að ekki bæri fram á það að fara, nema tillagshæð frumvarpsins héldist óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1911.

Björn Kristjánsson, form.	Jón Ólafsson, skrifari.	Magnús Blöndahl, framsögum.
Björn Þorláksson, með fyrirvara samkv. nefndarálitinu.		Jón Magnússon.

Nd. **233. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi. (þingskjal 155).

Frá: Sigurði Sigurðssyni.

Við 1. gr. annarar málsgreinar:
Á eftir orðunum: »skal falla burt» bætist: frá 1. janúar 1914.

Ed. **234. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 16. nóvbr. 1907 um stofnun lagaskóla á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

3 ára frestur sá, er veittur er lögfræðisnemendum við Kaupmannahafnarháskóla í 4. gr. laga nr. 38, 16. nóvember 1907, lengist um $1^1/_2$ ár.

Ed. **235. Frumvarp**

til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 50 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:
a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og

sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann.

b. Þegar sáttanefnd hefir eftir árangurslausa sáttatilraun skorað á skuldunaut, að veita skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann viðurkennir afdráttarlaust að skylt sé honum að greiða hana, en vill þó eigi sættast, eða eigi er auðið að koma á sátt um ýms auka-atriði, svo sem greiðslufrest, vexti og ómaksþóknun til skuldheimtumanns og kostnað.

Sáttanefnd ritar í sáttabók og les fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumanns, svo og viðurkenningar skuldunauts og mótmæli hans.

2. gr.

Fyrirmæli 1. gr. gilda þó ekki:

a. Þegar skuldheimtumaður hefir gert það, til að tryggja kröfu sína, að hann hefir beitt kyrsetningu eða lögbanni, sem mótmælt er af skuldunaut.

b. Þegar fleiri en einn hafa kærðir verið við sáttanefnd um sömu skuld, og allir kannast eigi við að hún sé rétt.

3. gr.

Nú kemur kærandi eigi á sáttafund, og sáttanefnd hefir eigi ástæðu til að ætla, að lögleg forföll hamli, en kærði kemur þar og krefst þóknunar fyrir ómak sitt, og skal sáttanefnd þá ákveða honum með úrskurði hæfilega þóknun fyrir ómakið.

4. gr.

Úrskurð eftir lögum þessum ber sáttanefnd að kveða upp þegar á staðnum, ef auðið er, ella eigi síðar en á 14 daga fresti. Taka skal fram í úrskurðinum berum orðum, ef hann er upp kveðinn í viðurvist málsaðila.

Nú telur sáttanefndin málið eigi svo vaxið, að úrskurður verði kveðinn upp í því, og vísar hún þá málinu til dóms og laga ef kærandi krefst þess.

5. gr.

Skipa skal varasáttanefndarmann í hvert sáttahérað, og sezt sá í mál, ef annarhvor sáttanefndarmanna er við það riðinn, eða getur eigi setið í sáttanefndinni fyrir forföll eða af öðrum ástæðum, svo og er sáttanefndarmenn skilur á um málalok; þá ræður þeim afl atkvæða.

6. gr.

Nú telur sáttanefnd skuldheimtumann hafa rétt fyrir sér, og skal hún þá tiltaka í úrskurði sínum aðalfjárhæð þá, er greiða ber, og vexti, ef þeim ber og að svara, svo og ómakslaun til skuldheimtumanns og kostnað, að meðtalinni þóknun fyrir að koma á sáttafund, og skal þá meðal annars hafa hliðsjón á því, hvort skuldheimtumaður hefir átt fleiri málum en einu þar að gegna samtímis. Sama er og þegar þóknun er úrskurðuð eftir 3. gr.

7. gr.

Rita skal í sáttabók úrskurð sáttanefndar, og það er hún vísar máli til dóms og laga eftir 4. gr.

8. gr.

Úrskurði sáttanefndar má fullnægja með sama hætti og héraðsdómi, ef eigi er áfrýjað (sbr. 11. gr.). Fullnægingarfrestur skal vera 4 vikur, hafi málsaðilar eigi orðið á annað sáttir við nefndina, og ber að telja frest þann frá þeirri stund, er úrskurður var upp kveðinn, hafi það verið gert að málsaðilum viðstöddum; ella frá því er hann var birtur.

9. gr.

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist 1 króna til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örk hálfa eða þaðan af minna.

10. gr.

Nú er gert eftirrit af úrskurði til þess að áfrýja honum, og skal þá hafa í því öll skjöl, sem fram hafa komið í sáttanefnd, og alt það, er ritað hefir verið um málið í sáttabók.

11. gr.

Skjóta má úrskurði sáttanefndar og aðför eftir honum undir héraðsdóm réttan án nýrrar sáttastefnu, og má þar jafnan koma að nýjum skilríkjum, en mótmælum því að eins, að eigi fari í bág við það, er málsaðilar hafa við kannast frammi fyrir sáttanefnd og hún ritað í sáttabók að sáttatilraun árangurslausri og hafi málsaðili þá undirskrifað sáttabókina.

Áfrýja skal úrskurði sáttanefndar áður en liðnir séu 4 mánuðir frá því er hann var upp kveðinn, hafi málsaðilar verið viðstaddir, en frá birtingu hans ella. Sama er og um aðför eftir úrskurði sáttanefndar, og sé fresturinn talinn frá því er aðför var gerð.

12. gr.

Rétt er að hreppstjóri geri í umboði fógeta aðför og haldi nauðungaruppboð í skuldamálum, ef skuld fer eigi fram úr 100 kr., eftir þeim reglum, er þar eru um settar í lögum, og á hann fyrir gjald eftir 4. gr. í lögum 13. desember 1895, um breyting á 1., 5., 6. og 8. gr. í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annarra, sem gjöra réttarverk.

Ed. **236. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 49 frá 30. júlí 1909 um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Síðari liður 2. gr. laga nr. 49 frá 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og sveitarfélaga, sem hljóðar svo: »Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu«, er úr lögum numinn.

Nd. **237. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911, veitast kr. 147,421,25 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—7. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin voru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við dómgæzluna o. fl., veitast kr. 4,925,00.

Við A. 3. Til að koma upp miðstöðvarhitun í hegningarhúsinu í Reykjavík ... ... kr. 4,800,00

Við A. 5. komi nýr liður h.

Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Vestmanneyjum ... ... kr. 125,00

Kr. 4,925,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast kr. 16,000,00.

		1910	1911
Við 7. lið.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins	kr. 8,000,00	kr. 8,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast kr. 103,500,00.

Við B. II. Til Reykjadalsbrautar ... ... kr. 5,000,00

Til Borgarfjarðarbrautar ... ... — 2,000,00

Til brautarlagningar meðfram Ingólfsfjalli ... — 7,000,00

Við B. XIII. Til brúargerðar á Hölkná í Þistilsfirði ... — 4,500,00

Við D. II. Til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja ... ... kr. 40,000,00

Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Reykjavíkur og Borðeyrar (Sveinatungu — Borðeyrar) — 12,575,00

Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Akureyrar og Sauðárkróks (Valla — Sauðárkróks) — 17,225,00

Til að kaupa símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar ... ... — 7,600,00

Við E. V. Til að byggja hús handa vitaverði á Siglunesi ... ... kr. 3,000,00

Launaviðbót til vitavarðar ... ... kr. 300,00 — 3,300,00

Flyt kr. 99,200,00

Flutt kr. 99,200,00

Við E. VI. Stjórninni er heimilt að verja af spöruðu fé frá Rifstangavita, til að kaupa nauðsynleg vitatæki alt að ... ... — 4,000,00

Við E. XII. Til að setja rautt horn í Garðskaga- og Reykjanesvita ... ... kr. 300,00

Kr. 103,500,00

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast kr. 13,500,00.

Við A. Tveir nýir liðir bætast við:

1. Til að greiða álag á Garpsdalskirkju ... ... kr. 1,200,00
2. — — — — - Rafnseyrarkirkju ... ... kr. 250,00

Kr. 1,450,00

Við B. I—III. Til þess að háskóli Íslands geti byrjað 17. júní þ. á. skal veitt svo mikið fé, sem nemur mismuninum á kenslulaunum þeim, sem nú eru goldin kennurum prestaskólans, læknaskólans og lagaskólans, og þeim kenslulaunum, sem gjalda skal kennurum í fjórum deildum háskólans ... ... — 7,400,00

Við B. V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:
Til að mála skólann, og til annara nauðsynlegra umbóta ... ... kr. 3,550

Við B. VI. Til aðgerðar á kennaraskólanum ... — 600 kr. 4150,00

Við B. VII. Til aðgerðar á loftum í kenslustofum stýrimannaskólans ... ... — 500,00

Kr. 13,500,00

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta veitast kr. 700,00

Til umbóta á herbergi jarðskjálftamælisins ... kr. 300,00

Ferðastyrkur handa fulltrúa Bókmentafélagsins til háskólans í Kristjaníu ... ... — 400,00

Kr. 700,00

7. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitast kr. 8,796,25.

Við 2. lið. Til að reisa leikfimishús á Hvanneyri ... . — 2,000,00

Við 27. lið. Til ferðakostnaðar síldarmatsmanns til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum — 396,25

Við 35. lið. Til fyrirhleðslu við Markarfljót til varnar frekari skemdum .. .. — 2,400,00

— — — Til nánari rannsóknar á hafnarstæði í Vestmannaeyjum og undirbúnings undir hafnargerð þar alt að ... ... — 4,000,00

Kr. 8,796,25

8. gr.

Eftirstöðvar af láni til Sogsbrúarinnar, tekið 25. apríl 1906, að upphæð nú kr. 4,333,33 og sem hvílir á Grímsneshreppi við sparisjóð Árnessýslu, taki viðlagasjóður að sér að greiða frá 25. apríl 1911.

Nd. **238. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. 20. marz (Till. til þingsályktunar um, að neðri deild alþingis álykti, að lýsa yfir vantrausti sínu á Kristjáni háyfirdómara Jónssyni sem ráðherra, þskj. 188, viðaukatill. 230).

Þingdeildin telur ekki rétt, að nokkur sé skipaður í ráðherrasess, ef hann hefir ekki stuðning meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna, nema ekki sé annars kostur, svo að í bili þurfi að skipa mann til að veita umboðsmálunum forstöðu. En í því trausti að núverandi ráðherra framfylgi stjórnarskrárbreytingu á þessu þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **239. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 2. gr. 4. Fyrir: »60,000—60,000« komi: 55,000—55,000.
2. — 2. — 8. Fyrir: »135,000—135,000« komi: 150,000—150,000.
3. — 2. — 9. Fyrir: »Áfengistollur 360,000—360,000 komi: Áfengis- og öltollur 300,000—30,000.
4. — 2. — 13. Fyrir: »Leyfisbréfagjöld og árgjöld ... 11,500—11,500« komi: Árgjöld ... 9,000—9,000.
5. Við 2. — 17. Fyrir: »6,000—6,000« komi: 10,000—10,000.
6. Aftan við 4. gr. 1. bætist: Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.
7. Við 11. gr. A. 3. Fyrir: »4,515—4,515« komi: 4,715—4,715.
   Aftan við liðinn bætist:
   Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.
8. Við 11. gr. B. 6. Fyrir: »500—500« komi: 1,500—1,500.
   Aftan við liðinn bætist:
   Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæzlu og njóta hennar.
9. Við 11. gr. B. 7. Aftan við: »sildveiðatímann« bætist: og til tolleftirlits.
10. Aftan við 11. gr. 9. lið bætist: Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði,

geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er umræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.

11. Við 12. gr. 2. Fyrir: »Styrkur ... 150—150« komi:
Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar 300—300.
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.

12. Við 12. gr. 3 a.—b. Fyrir: »Styrkur til ... alt að 300—300« komi:
a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík 1,000—1,000.
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að 300—300.

13. Aftan við 12. gr. 4. bætist nýr liður 5: Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík 1,000—1,000.

14. Hér bætist við: Þúsund króna styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Féldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum á læknaskólanum til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum ekki sjaldnar en 2 sinnum á mánuði.

15. Við 12. gr. 5 (6). Fyrir: »32,250—31,350« komi: 28,490—27,990, er sundurliðast þannig:

		kr.	kr.
1.	Laun	5,290—	5,390
2.	Viðurværi 67—69 manna ...	12,000—	12,000
3.	Klæðnaður	850—	850
4.	Meðul og sáraumbúðir ...	1,300—	1,300
5.	Eldsneyti	2,700—	2,700
6.	Ljósmeti	550—	550
7.	Húsbúnaður og áhöld ...	1,000—	1,000
8.	Viðhald á húsum	1,800—	1,200
9.	Þvottur og ræsting	600—	600
10.	Greftrunarkostnaður	200—	200
11.	Skemtanir	300—	300
12.	Skattar o. fl.	1,300—	1,300
13.	Ýmisleg útgjöld 1,000 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey	600—	600
		28,490—	27,990

16. Við 12. gr. 6 (7). Aftan við liðinn bætist grein:
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:
A. Laun læknis... 2,400
B. Önnur útgjöld.

1.	Kaup starfsmanna	3,950	
2.	Viðurværi 81 manns 50 a. á dag	14,782	50
3.	Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	1,800	
4.	Meðul og umbúðir	500	
5.	Ljós og hiti	3,600	
6.	Viðhald og áhöld	2,300	
7.	Þvottur og ræsting	800	
8.	Skemtanir	200	
9.	Skattar m. m.	1,000	
10.	Óviss útgjöld	600	
		31,932	50

Þar frá dragast tekjur:

Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag ...	10,585	
Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730	
Tekjur af búinu	1,000	
	12,315	
Mismunur:		19,617,50

17. Við 12. gr. 7 (8). Fyrir: »25,000—25,000« komi: 18,000—18,000

18. Við 12. gr. 8 a. Aftan við »til sjúkrahúsa« bætist: og sjúkraskýla.

19. Við 12. gr. 8 g. Aftan við liðinn bætist: Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

20. Við 13. gr. A. 1. b. 1. Fyrir: »7,000« komi: 6,600.

21. Við 13. gr. A. 2. Aftan við liðinn bætist: Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferða-áætlun.

22. Við 13. gr. A. 3. b. Aftan við liðinn komi: Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.

23. Við 13. gr. B. I. 2. Fyrir: »2,700—2,700« komi: 2,400—2,400.

24. Við 13. gr. B. I. 3. Fyrir: »700—700« komi: 500—500.

25. Við 13. gr. B.II. 1. Fyrir: »10,000—10,000« komi: 10,000—20,000.

26. Við 13. gr. B.II. 4. 10,000 fyrra árið falli burt.

27. Við 13. gr. Eftir B. II. 6. komi nýr liður: Til brúar á Rangá (fyrra árið) 45,000.

Við 13. gr. B. III. 2. Eftir liðinn komi 3 nýir liðir:

28. 3. Til brúar á Hrútafjarðará (fyrra árið) 8,000.

29. 4. Til brúar á Rangá í Tungu (síðara árið) 6,000.

30. 5. Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal (síðara árið) 2,500.

31. Við 13. gr. B. VII. Fyrir: »150—150« komi: 300—300. Eftir þessum lið komi nýr liður:

32. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum (fyrra árið) 2,000.

33. Eftir B. VIII. komi athugasemdin: Fjárveitingin er bundin jafn miklu tillagi annarsstaðar frá.

34. Við 13. gr. C. 2. Fyrir: »40,000—40,000« komi: 39,500—39,500.

35. Aftan við bætist: Þetta sundurliðast þannig hvort árið:

1. Til Faxaflóabáta	12,000.
2. Til Breiðafjarðarbáta	7,000.
3. Til Ísafjarðarbáta...	5,500.
4. Til Eyjafjarðarbáta	12,000.
5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði. ...	1,000.
6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands	1,200.
7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá ..	400.
8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð...	400.

36. Við 13. gr. D. Fyrir: »Ritsímar.....samband« komi: Hraðskeyta og talsímasamband.

37. Við 13. gr. D. II. 1. Aftan við liðinn bætist:
Gegn 3,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.

38. Við 13. gr. D. II. 2. Fyrir: »Frá Borgarnesi.....38,000« komi: Frá Búðardal í Stykkishólm 31,000.

39. Við 13. gr. D. II. 2. Aftan við bætist:
Gegn 7,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.

40. Við 13. gr. D. II. 2. Enn fremur bætist við:
Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.

41. Við 13. gr. D. II. 2. bætist: Tvöfaldur koparþráður milli Borðeyrar og Ísafjarðar (fyrra árið) 66,000.

42. Við 13. gr. D.III. 2. Fyrir: 10,700—11,000« komi: 10,700—10,700.

43. Við 13. gr. D.III. 3. Fyrir: »6,800—6,900« komi: 6,800—6,800.

44. Við 13. gr. D.III. 4. Aftan við liðina bætist:
Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.

45. Við 13. gr. D.III. 8. og 9. Fyrir þessa 2 liði komi einn liður:
Starfræksla hraðskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alt að 6,000—6,000.

46. Við 13. gr. D. VI. Fyrir: »9,000—9,000« komi: 10,000—10,000.

47. Við 13. gr. D. VII. Aftan við bætist nýr liður:
Til rannsóknar símaleiða 2,000—2,000.

48. Við 13. gr. E. IV. Aftan við bætist 2 liðir:
Til Kálfshamarsvita (s. á.) 6,500.

49. Til Skagatáarvita (s. á.) 14,000.

50. Við 13. gr. E. VI. falli burt.

51. Við 13. gr. E. XIV. Fjárveitingin: 3,500 kr. s. á. færist til fyrra árs.

52. Við 14. gr. A. b. 2. Athugasemdin orðist þannig:
Af uppbót þessari má verja 1,000 kr. til húsaleigustyrks handa prestum í lægsta launaflokki, er heima eiga í kauptúnum, þó eigi meir en 100 kr. handa hverjum.

53. Við 14. gr. B. IV. c. 2. Fyrir: »og ljósa« komi: ljósa og vatns.

54. Við 14. gr. B. IV. c. 13. Aftan við bætist almenn athugasemd: Húsaleigustyrk og námsstyrk við prestaskóla, lagaskóla, læknaskóla og mentaskóla, má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk handa mentaskólanemendum, en hinum 250 kr. Húsaleigustyrkur sé að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.
55. Við 14. gr. B. V. b. 4. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.
56. Við 14. gr. B. VI. b. 5. Sama athugasemd og hér á undan bætist aftan við liðinn.
57. Við 14. gr. B. VIII. a. 1—2. Fyrir þessa liði komi: Til kvennaskólans í Reykjavík alt að 7,000—7,000.
Aftan við bætist: Þó ekki yfir $^2/_3$ hluta reksturskostnaðar.
58. Við 14. gr. B. VIII. b. 7. b. Komi nýr liður: Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi 200—200.
59. Við 14. gr. B. VIII. 7. c. Fyrir »7,000—7,000« komi: alt að 6,000—6,000.
Aftan við bætist: Þó ekki yfir $^2/_3$ hluta reksturskostnaðar.
60. Við 14. gr. B. VIII. 7. g. Aftan við liðinn bætist: Til kenslu blindra barna í Danmörku 1000—1000 gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar frá.
61. Aftan við 14. gr. B. VIII. bætist: Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi 400—400.
62. Við 14. gr. IX. a. Aftan við liðinn bætist: Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram, að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.
63. Við 14. gr. IX. b. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.
64. Við 14. gr. IX. b. Aftan við bætist nýr liður: Styrkur til Stefáns Eirikssonar til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík 1,000—1,000.
65. Við 15. gr. 1. Fyrir: »bókavarðar« komi: Landsbókavarðar, fyrir: »aðstoðarmanns« í 2 stöðum komi: bókavarðar.
66. Við 15. gr. 2 b. Fyrir: »1000—1000« komi: 800—800.
67. Við 15. gr. 2 c. Fyrir: »1000—1000« komi: 800—800.
68. Við 15. gr. 3. Fyrir: »Forngripasafn« komi: Fornmenjasafn, og aftan við liðinn bætist: Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. Júní til 15. September 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.
69. Við 15. gr. 3. c. Fyrir: »1500—1500« komi: 1000—1000.
70. Við 15. gr. 4. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.
71. Við 15. gr. 5. Fyrir: »Þjóðmentasafnið« komi: Bókhlaðan.
72. Við 15. gr. 6. Aftan við »bæjarsjóði« bætist: og sýslusjóði.

73. Við 15. gr. 6. Aftan við liðinn bætist nýr liður: Til bókasafnsins á Seyðisfirði til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur fyrra árið 500 kr.
74. Við 15. gr. 7. Fyrir: »bæjarsjóði« komi: sveitarsjóði.
75. Við 15. gr. 8. Aftan við bætist nýr liður: Til Bernarsambandsins til þess að vernda rétt íslenzkra rithöfunda alt að 600—600.
76. Við 15. gr. 10. Aftan við bætist: Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið.
77. Við 15. gr. 12. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.
78. Við 15. gr. Aftan við liðinn bætist tveir nýir liðir: Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi 2000—2000.
79. Til bindindissameiningar Norðurlands, 300—300.
80. Þessi 3 síðarnefndu félög geti stjórnarráðinu reikning fyrir hvernig fénu er varið.
81. Við 15. gr. 27. Fyrir: »2,000—2,000« komi: 1,200—1,200.
82. Við 15. gr. 28. Fyrir: »1,500—1,500« komi: 1,200—1,200.
83. Við 15. gr. 28. Aftan við bætast þessir liðir: Til Jóns Ólafssonar ritstjóra styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk alt að 1,500—1,500.
84. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar 600—600.
85. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina f. árið alt að 600.
86. Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings til þess að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík (f. árið) 200.
87. Til Laufeyjar Valdimarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla 300—300.
88. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur 400—400.
89. Við 16. gr. 1. c. 1. Fyrir: »1,000—1,000« komi 700—700.
90. Við 16. gr. 1 c. 3. Fyrir: »900—900« komi 800—800.
91. Við 16. gr. 3. Fyrir: »til verklegrar búnaðarkenslu 1,500—1,500« komi: 1,200—1,200.
92. Við 16. gr. 6 fyrir: »54,000—54,000« komi: 56,000—56,000.
93. Við 16. gr. 14. Á eftir liðnum komi 2 nýir liðir: Til manns til að læra dýralækningar erlendis 600—600.
94. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri 1,000—1,000.
95. Við 16. gr. 17. fyrir »600—600« komi: 800—800.
96. Við 16. gr. 18. Aftan við liðinn bætist:
Styrkurinn til þessara 4 iðnskóla má þó ekki fara yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar.
97. Við 16. gr. 20. Aftan við »Reykjavík« bætist:
Þó ekki yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar.
98. Við 16. gr. 21. Liðurinn falli burt.
99. Við 16. gr. 33. Liðurinn falli burt.

100. Við 16. gr. 33. Aftan við bætast þessir liðir:
Til bryggjugerðar á Húsavík.
Þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að 3,000 kr. (s. á.)
Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almennings nota.

101. Til »lendingarsjóðs Bolvíkinga 1,000 kr. (f. á.)
Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur sjóðsins.

102. Við 18. gr. Fyrir: »Solveigar Þorkelsdóttur 200« komi: Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100.

103. Við 18. gr. Fyrir: »prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 200« komi: prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300.

104. Við 18. gr. Inn í greinina bætist:
Til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200.

105. Við 19. gr. Síðasta málsgreinin falli burt.

106. Við 22. gr. 4. Aftan við bætist: Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr. til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

107. Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

108. Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið er afborgunarfritt í 4 fyrstu árin, en endurgreiðist þvínæst á 20 árum ásamt ársvöxtum 4%.

109. 23. grein falli burt.

Nd. **240. Frumvarp**

til laga um merking á kjöti.

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. gr.

Alt kjöt, sem lögskipaðir dýralæknar skoða og telja hæft til útflutnings á erlendan markað, skal merkt með bláum jafnarma þríhyrningi með tölunni 1 innan í. Rétt til að nota þetta merki, aðrir en dýralæknar, hafa og þeir menn, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá dýralækni.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp. Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Stjórnarráðið semur nánari reglur um kjötskoðun eftir tillögum dýralækna, til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim sem taldir eru í 1. gr., er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með bláu merki eða þríhyrningi, þótt lögun hans sé önnur en jafnarma, og önnur tala eða auðkenni sé innan í merkinu.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið. Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **241. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910—1911 (þskj. 237).

Frá fjárlaganefndinni.

Við 8. gr. frv. bætist:

Stjórninni veitist heimild að selja Miklaskála á Þingvöllum fyrir 3000 kr. og með þeim skilmálum, sem fram eru teknir í bréfi stjórnarráðsins til fjárlaganefndar 1. marz 1911.

Nd. **242. Nefndarálit**

frá bankarannsóknarnefndinni, um þingsályktunartillögu á þingskj. 43, um innsetning gæzlustjóra Nd.

Til nefndarinnar var vísað tillögu, þeirri er að ofan er getið, til umsagnar.

Nefndin hefir rætt málið og komist að þeirri niðurstöðu, að úrskurð þann og yfirréttardóm, er fallið hefir í máli gæzlustjóra Ed., hljóti að mega að öllu heimfæra til gæzlustjóra Nd., þar sem staða þeirra hvors um sig er alveg hin sama, og *réttur alþingisdeildanna hvorrar um sig allur hinn sami*, og tilfellin því bæði alveg samræmileg.

Nú er svo um fógetaúrskurði, að gildi þeirra verður eigi frestað með áfrýjun, eins og ella á sér stað um dóma, heldur verða þeir óraskaðir að standa að lögum unz þeim er breytt með æðra dómi.

Nú er svo úr skorið, að landsstjórnin hafi eigi haft rétt til að víkja frá gæzlustjóra alþingis við Landsbankann eftir 1. jan. 1910 og að hefði gæzlustjóra verið löglega frá vikið um stund fyrir þann tíma, þá hefði sú frávikning orðið að falla úr gildi 1. jan. f. á., er nýju bankalögin komu í gildi. Yfirdómurinn telur það auk þess sannað bæði með játningu ráðherra í málsskjali þar fyrir rétti, og eins með orðalagi sjálfs afsetningarbréfsins, sem ekki nefnir frávikning

um stundarsakir, að afsetningin hafi þegar 22. nóv. 1909, verið gerð fyrir fult og alt.

En hvað sem því líður, þá stendur fógetaúrskurðurinn um innsetning Kristjáns Jónssonar óraskaður að lögum, og það verðum vér að telja óverjandi, að æðsta framkvæmdarvald landsins sýni ekki hlýðni dómstólunum. En það gerir ráðherra ekki, er hann skipar og heldur *aðra* gæzlustjóra við bankann en þá er dómstólarnir telja löglega.

En alt það sem í þessu máli er úrskurðað löglegt um Kristján Jónsson sem gæzlustjóra Ed., það hlýtur eðlilega jafn-löglegt að metast um gæzlustjóra Nd. Eirík Briem. Réttur alþingis til þess, að umboðsvaldið raski ekki stöðu gæzlustjóra þess, verður því að standa óhaggaður.

Minni hluti nefndarinnar vill halda því fram, að síður sé ástæða til að skora nú á landsstjórnina að hlýða úrskurði dómstólanna, þar sem ætla megi, að hinn nýi ráðherra muni sjálfkrafa setja gæzlustjóra Nd. inn í stöðu þá, er þingdeildin hefir kosið hann í. En vér getum eigi verið vissir um það, nema ráðherra, eins og nú horfir við, gæti ef til vill álitið viðsjárvert að gera nokkuð í þessu máli fyrri en deildin hefir látið í ljósi álit sitt um tillögu þessa, sem fyrir henni liggur.

Auk þess lítum vér svo á, að það sé skylda vor að segja álit vort um málið, úr því að því var til vor vísað.

Því er það *tillaga* vor:

að þingdeildin samþykki þingsályktunartillöguna á þingskj. 43.

En jafnframt lætur nefndin í ljósi, að það er ásetningur hennar, að rannsaka, að svo miklu leyti sem henni verður kostur á, allar þær aðfinningar, sem fram eru komnar yfir gæzlustjórunum, einkum þær er fram eru komnar eftir 22. nóv. 1909, að því leyti sem hennar verkefni er, eftir því, hversu nefndirnar í Ed. og Nd. skifta verkum með sér, og þá sér í lagi lánveitingarnar og matið á áætluðu tapi bankans, og mun nefndin á sinni tíð láta uppi álit sitt um það mál.

Alþingi, 18. marz 1911.

Jóh. Jóhannesson,	Jón Ólafsson,	Jón Jónsson
formaður.	framsögumaður.	frá Hvanná.

Ed.

243. Frumvarp

til laga um erfðafjárskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, skal gjalda skatt í landssjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, eða niðja hins látna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. .... $1^1/_{10}$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... $1^2/_{10}$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_{10}$ af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 5 af hundraði.

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 5 af hundraði.
2. — næstu 1000 — .... $5^1/_2$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_2$ af hundraði á hverju þúsundi, alt að 25 af hundraði.

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er heyra eigi undir stafliðina A. og B. eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig.

1. Af fyrstu 1000 kr. .... 11 af hundraði.
2. — næstu 1000 — .. .. 12 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skilningi, og ennfremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 10. gr.

Ennfremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða réttindum, er við andlát manns hverfa til erfingja eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfé og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Af eigum hér á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til landssjóðs.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefir áskilið sér tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni, að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal

eigi greiða erfðafjárskatt af fé því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta, og greiðist skatturinn af erfðafé þeirra erfingja, er þá taka arf, í réttu hlutfalli, eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meira en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi 100 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Stjórnarráðinu er heimilt að undanþiggja erfðafjárskatti handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripi, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafé, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

7. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleik þess við hið látna.

Af erfðafé, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðaféð rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni fimmfaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en sé endurgreiðslan miðuð við ákveðna áratölu, skal fjárhæðina margfalda með áratölunni, þó aldrei meira en tuttugu og fimm árum.

8. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sérstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er út runninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafarfi o. s. frv., talið í einu lagi.

Nú hefir arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja

svo mikið, að það, er honum ber úr búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr.

9. gr.

Nú deyr maður, er arf hefir hlotið, áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara, og skal þá að eins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleik erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

10. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þegar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

Erfðafjárskýrslu skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eigum búsins og skuldum þess, og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig féð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gjört, og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

11. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur séu rétt samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sé erfðafjárskýrsla eigi send í réttan tíma, skal skiftaráðandi setja bréflega hlutaðeigendum frest til að gjöra skýrsluna og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sé rétt og send á réttum tíma.

12. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefir leynt verið vísvitandi, eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn lögreglumál, nema mál sé svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

13. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1912, og falla frá sama tíma úr gildi ákvæðin um erfðafjárskatt í tilsk. 12. sept. 1792 og 8. febr. 1810.

Nd. **244. Frumvarp**

til laga um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Vita, leiðarljós, sjómerki, dufl eða önnur leiðbeiningarmerki fyrir skip má ekki setja upp nema með leyfi stjórnarráðsins. Sá, sem óskar að koma upp einhverju þesskonar leiðbeiningarmerki, hvort sem það er hafnarnefnd, sýslunefnd, hreppsnefnd eða einstakur maður, verður að senda stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða merki, legu þess og tilgangi.

Stjórnarráðið bindur leyfið þeim skilyrðum, er þurfa þykir, eða neitar um það, ef merkið telst skaðlegt.

2. gr.

Eigandi eða umráðandi leiðbeiningarmerkis ber ábyrgð á því, að merkinu sé ávalt haldið í góðu standi og það fullnægi skilyrðum þeim, sem sett voru, þá er leyfið var veitt. Vanræki hann þetta, má stjórnarráðið eftir atvikum láta taka merkið burt á hans kostnað.

3. gr.

Leiðbeiningarmerkjum má ekki breyta nema með leyfi stjórnarráðsins og verður því umráðamaður, sem breyta vill merki, að leita til þess leyfis stjórnarráðsins að minsta kosti 2 mánuðum áður en hann ætlar að koma breytingunni á.

Nú vilja umráðamenn leggja niður merki, sem eigi ber skylda til að halda við áfram, og skal það þá tilkynt stjórnarráðinu með tveggja mánaða fyrirvara að minsta kosti. Sé merki þannig burtu numið, skal það gert svo rækilega, að á því verði ekki vilst á eftir.

4. gr.

Nú bilar leiðbeiningarmerki, og skal þá eigandi eða umráðandi senda tafarlaust stjórnarráðinu tilkynning um bilunina með símskeyti eða hraðboða eftir atvikum, og ber honum að koma merkinu í lag sem allra fyrst. Þegar merkið er komið í lag, skal hann senda stjórnarráðinu tilkynning um það.

5. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald og niðurlagning leiðbeiningarmerkja ná einnig til merkja þeirra, sem til eru, er lögin öðlast gildi.

6. gr.

Auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu allar breytingar, er verða á vitum og öðrum leiðbeiningarmerkjum fyrir skip, og ennfremur gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þær verði auglýstar utanlands eftir því sem með þarf og á þann hátt, sem tíðkast hefir hingað til.

7. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir

staðfesting hafnarreglugerða, að sett séu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sé kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Hafnarnefndum er skylt að láta nema burt úr höfnum eða leiðum inn á þær skipsflök eða annað, er hefir sokkið þar eða rekið þangað og getur valdið skaða skipum, er þangað leita eða þar liggja.

Jafnan skal hafnarnefnd láta leggja dufl út til viðvörunar, þar er svo er ástatt, þangað til fullnaðarráðstöfun hefir verið gerð.

Kostnað þann, sem af þessu leiðir, greiðir hafnarsjóður. Fari kostnaður fram úr 300 krónum, greiðir þó landssjóður það, sem umfram er, eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Kostnað af duflum ber þó hafnarsjóður einn.

Nú verður ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða leiðar á höfn, og sker stjórnarráðið þá úr.

8. gr.

Nákvæmari ákvæði um starfrækslu vita og sjómerkja, og um ráðstafanir til að afstýra hættum og farartálmum á höfnum og skipaleiðum umhverfis landið, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

9. gr.

Þegar hafnsögumenn verða þess varir, að leiðbeiningarmerki á því svæði, þar sem þeir eru hafnsögumenn, eru í ólagi, ber þeim að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra viðvart um það tafarlaust.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr., og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Ed. **245. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um úrskurðarvald sáttanefnda (þingskj. 235).

Frá Ara Jónssyni þingm. Strandamanna.

Aftan við 2. gr. bætist:

c. Þegar kæröi hefir gagnkröfu á hendur kæranda.

Nd. **246. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Eins og skilja gefur, hefir frumvarpið orðið fyrir all-miklum breytingum í höndum vorum. Gildir það bæði um tekjur og útgjöld. Skulum vér stuttlega gera grein fyrir þeim breytingum, er vér leggjum til, að gerðar verði, og teljum vér þær þá upp eftir greinum frumvarpsins.

Koma þá fyrst tekjurnar.

1. gr.

Um 1. grein verður að svo stöddu ekkert sagt.

2. gr.

Aukatekjur áætlum vér 5000 kr. lægri hvort árið en í stjórnarfrumvarpinu er gert. Miðum við árið 1909. (1).

Aftur á móti teljum vér að útflutningsgjald megi hækka hvort árið um 15000 kr. eða upp í 150 þúsund kr. Slíkar tekjur urðu um 200 þúsund kr. árið 1909. (2).

Áfengis og öltollurinn er lækkaður um 30 þús. kr. fyrir alt fjárhagstímabilið. Fyrra árið úr 360 þús. kr. niður í 300 þús. kr. En síðara árið teljum vér þenna toll 30 þús. kr., og verður það aðallega tollur af óáfengu öli (3).

Árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja áætlum vér 5000 þús. kr. lægri bæði árin saman. Vínsölumenn hljóta að fækka, þar sem engir nýir geta bætst við (4).

Óvissar tekjur áætlum vér 8000 kr. hærri um fjárhagstímabilið. Hér er að ræða um sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og um andvirði upptæks afla og veiðarfæra, sem vér leggjum til, að renni alt í landssjóð. (5).

Tekjuliðirnir í 2. grein 8—12 eru taldir fram að frádregnum innheimtulaunum $2^0/_0$.

Eftir áætlun vorri verða þá tekjurnar í 2. gr. 7000 kr. lægri fyrir fjárhagstímabilið, en í frumvarpi stjórnarinnar.

3. gr.

Nefndin hefir athugað samning nýjan um silfurbergsnámurnar í Helgustaðafjalli, og í sambandi við það vill hún lýsa þeirri skoðun, að tryggilegra hefði verið fyrir landssjóð, að ákveða í samningnum fast árgjald um 2000 kr., sem nú er ekkert, auk ákveðins hluta af andvirði hins selda silfurbergs.

4. gr.

Í sambandi við 4. gr. og aftan við hana vill nefndin geta þess, að hún leggur til, að ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri verði gefnar upp 6000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_1$ 1908 til $^{18}/_1$ 1911. (6).

11. gr.

Umsjónarmanni hegningarhússins í Reykjavík eru ætlaðar 200 kr. sem

persónuleg launaviðbót fyrir hann sjálfan; 1000 kr. er hann hefir haft auk 3 málsverða á dag talin óviðunanleg laun nú orðið. (7).

Út af áskorunum úr fleiri héruðum um styrk til strandgæzlu úr landi hefir slík fjárveiting verið hækkuð um 1000 kr. hvort árið gegn jafn-miklu fjárframlagi frá þeim, er óska kynnu strandgæzlunnar og njóta hennar. (8).

Nefndin ætlast til, að röggsamur og duglegur maður verði sendur til Siglufjarðar, til að hafa þar á hendi löggæzlu um síldveiðitímann, og jafnframt tolleftirlit. (9).

12. gr.

Nefndin hefir lagt til, að styrkur til Öræfinga, til að leita sér læknishjálpar, sé hækkaður úr 150 kr. upp í 300 kr. Er það lagt til með tilliti til þess, að prestur Öræfinga, sem hefir fengist með heppni við lækningar, hefir sótt til þingsins um fjárstyrk, en nefndin treystir sér þó ekki að leggja til, að honum sjálfum sé veittur styrkur til lækninga, heldur felur hlutaðeigandi hreppsnefnd að ráðstafa honum. (11).

Styrkurinn til augnlæknis Andrésar Féldsteds er lagt til að lækki úr 2000 kr. niður í 1000 kr. Fyrirrennari hans Björn heitinn Ólafsson hafði að vísu sem augnlæknir 2000 kr., en sú upphæð var honum veitt með tilliti til þess, að hann var fenginn til að yfirgefa embætti sitt á Skipaskaga og taka hér við eftirlaunalausu starfi. Styrkurinn til núverandi augnlæknis verður þá jafn styrk tannlæknisins og þeim styrk, er lagt er til að háls- og neflæknir Ólafur Þorsteinsson samkvæmt umsókn sinni fái. Verður þá samræmi í styrkveitingunni, enda er hún bundin sama skilyrði, að þeir allir veiti tilsögn við læknaskólann í sérfræði sinni, og hafi ókeypis klinik handa fátæklingum tvisvar á mánuði (12—14).

Holdsveikraspítalanum er ætlað fyrir fjárhagstímabilið um 7000 kr. minni upphæð en í frumvarpi stjórnarinnar. Nefndin sér ekki að neinar líkur séu til þess að sjúklingar verði fleiri á spítalanum eftirleiðis en t. d. 1909, né heldur annað mannahald þar meira. Miðar hún því áætlun sína um kostnaðinn við það ár aðallega (15).

Þá er lagt til að styrkurinn til heilsuhælisins á Vífilsstöðum verði um árið 18000 kr. en ekki 25000 eins og stjórnin lagði til. Bera til þessarar lækkunar ýmsar ástæður og eru þær helztu nefndar í nefndaráliti um frumvarp til fjáraukalaga 1910 og 1911.

13. gr.

Laun póstafgreiðslumanns Þorleifs Jónssonar, sem er orðinn roskinn maður og hefir lengi gegnt starfinu, eru í stjórnarfrumvarpinu hækkuð úr 2000 kr. upp í 2400 kr. og telur nefndin það ekki óverðugt, en þá sé þó líka komið að hámarki launanna fyrir þetta starf. Aftur á móti hefir nefndin lagt til, að laun 2 póstafgreiðslumanna, Óla Blöndals og Páls Steingrímssonar, verði aðeins 1600 kr. hvors um sig, og eru þau þá hækkuð um 200 kr. úr því sem áður var. Annars voru laun þessara 3 manna hækkuð á síðasta þingi, hins fyrsta úr 1600 upp í 2000 og hinna úr 1200 í 1400 (20).

Laun aðstoðarverkfræðings eru lækkuð um 300 kr. Mannaskifti verða um þessar mundir, og nefndin álítur að vel hæfan mann megi fá fyrir þessi laun, enda minna að gera sökum minni vegabóta og brúargerða en stundum áður (23).

Skrifstofukostnaður vegaverkfræðings er lækkaður úr 700 niður í 500 kr. (24), og er það jafnt og á gildandi fjárlögum.

Tillagi til flutningabrauta er nokkuð breytt frá stjórnarfrumvarpinu, nefndin farið meir eftir tillögum verkfræðings um þetta. Þannig er þá tillag til Borgarfjarðarbrautar síðara árið hækkað úr 10000 í 20000 kr., og er það sakir brúar, er þá þarf að reisa og áætlað er að kosti alt að 20000 kr. (25).

Þá þykir og eigi mega lengur bíða að byggja Rangárbrúna, en til hennar þarf 45000 kr. (27).

Enn fremur eru 3 nýjar brýr teknar upp: brú á Hrútafjarðará, á Rangá í Tungu austur og á Austurá í Sökkólfsdal. Eru allar þessar ár viðsjálar yfirferðar og á þjóðvegi, enda virðist nefndinni nauðsyn að flýta brúargerðum á þjóðvegum (28—30).

Lagt er til, að styrkur til dragferju á Lagarfljóti sé hækkaður úr 150 kr. árlega upp í 300 kr. Maðurinn, sem sýslunefndin hefir samið við um ferjuhaldið, hefir borgunarupphæð þessa eftir samningi, sem ekki verður breytt um hans tíð (31).

Nefndin hefir orðið þess áskynja, að vegagerðir, sem framkvæmdar eru með ákvæðisvinnu, mundu vera lakar af hendi leystar en með daglaunavinnu, þó þeim skili meira áfram. Nefndin leggur því áherzlu á, að nægilegt eftirlit sé haft á slíkum vegagerðum.

Þá hefir fallið úr á undan að geta þess, að til Hvammstangavegarins vill nefndin leggja 2300 kr.; alveg nauðsynleg fjárveiting til þess að tengja þenna stutta veg við þjóðveginn (32).

Styrkurinn til gufubátaferða og mótorbátaferða er sundurliðaður. Og leggur nefndin til að tillaginu til gufubáts á Breiðafirði fylgi heimild til Breiðfirðinga, eins og þeir hafa óskað eftir, til að gera samning um ferðir til alt að 10 ára, í þeirri von að tillagið héldist. Haldið fram að með því mundi nást betri samningur við gufubátseiganda.

Styrkurinn til Eyjafjarðarbáts er bundinn því skilyrði, að 3 ferðir verði farnar á Húnaflóa á 3 staði að minsta kosti í hverri ferð, þar á meðal Hvammstanga.

Allar gufubátaferðirnar verður að fara eftir fastákveðnum, áður auglýstum áætlunum.

Eftir tillögum símastjóra hefir nefndin lagt til að Stykkishólmur kæmist í símabandið gegn um Búðardal og Borðeyri, en ekki gegn um Borgarnes. Sambandið á þann hátt ódýrara að mun og notabetra (38—39).

Eftir samráði við vitaverkfræðing er lagt til að 2 vitar nýir verði reistir: Skagatáarviti og Kálfhamarsviti, með fram til að greiða fyrir siglingu á Húnaflóa. En af því leiddi að fella varð burtu Flateyjarvita og var það gert með samþykki sama verkfræðings, sem taldi hann ekki jafnbráðnauðsynlegan sem hina tvo (48—50).

Þess hefði átt að geta hér á undan, að tvöfaldur koparþráður milli Borðeyrar og Ísafjarðar að upphæð 66,000 kr. var settur inn í frumvarpið með meiri hluta atkvæða í nefndinni. Í framsögunni mun verða gerð nánari grein fyrir þessu (38).

Af því að símarnir fjölga smásaman, áleit nefndin samkvæmt tillögum símastjóra að hækka þyrfti fjárveitinguna til viðhalds landsímanna. Auk þess mundi fjölgun símastaura og nauðsynleg tjörgun á hinum eldri staurum gera 1000 kr. hækkun óumflýjanlega (46).

Í stjórnarfrumvarpinu var alls engin fjárveiting til rannsókna símaleiða. Nefndin álítur að eitthvert fé þurfi að vera handbært til þvílíkrar rannsóknar, svo framarlega sem til er hugsað að halda áfram í líka átt og undanfarið (47).

Sótt hefir verið um 9—10,000 kr. styrk til kvennaskóla í Reykjavík. Leggur nefndin til, að hann fái alt að 7000 kr., þó ekki yfir $^2/_3$ hluta reksturskostnaðar, og er þá ætlast til að þriðjungur komi annarsstaðar frá, enda hér um prívatskóla að gera, sem Reykjavík og umhérað hefir mest gagn af, þó skólinn sé reyndar sóttur úr flestum sýslum landsins meira og minna (57).

Sama ákvæði er sett um fjárveitingu til Flensborgarskóla og hún lækkuð um að minsta kosti 1000 kr. frá styrk þeim, er skólinn nú hefir. Af 80 nemendum á þessum skóla veturinn 1909—10 voru alt að 50 úr Hafnarfirði og Gullbringusýslu, og virðist því liggja beint við, að skólinn nyti talsverðs styrks þaðan (59).

Nefndin felst á, að til kenslu heyrnar- og málleysingja sé varið 7000 kr., ef svo mikið fé þarf. Í tilskipun um kenslu heyrnar- og málleysingja frá $^{26}/_2$—1872, 2. gr. er svo kveðið að orði, að hlutaðeigandi amtssjóður, nú landssjóður, eigi að bera allan kostnað af kenslu þessara manna, *ef þeir geta ekki sjálfir borgað, eða þeir, sem standa eiga straum af þeim.* Kona sú, er nú stendur fyrir kenslunni í Reykjavík, hefir skýrt svo frá, að aðstandendur barnanna greiði ekkert með þeim nú. Virðist því vera ástæða til að vekja athygli stjórnarinnar á nefndri grein tilskipunarinnar, og óska þess að fyrirmælum hennar verði beitt framvegis.

Þá er tekinn upp 1000 kr. styrkur til kenslu blindra barna í Danmörku gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá. Enginn mannvinur ætti að vera gegn slíkri fjárveitingu (60).

Þá er og tekinn upp 400 kr. styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, til að kenna ókeypis utanbæjarstúlkum leikfimi. Ætti enginn að amast við því. Leikfimin miðar til þess að gera líkamann hraustan. Og hraust sál í hraustum líkama (61).

Venjulegur styrkur til Stefáns Eirikssonar oddhaga, til að halda uppi ókeypis tilsögn í tréskurði í Reykjavík er tekinn upp, þó hann hafi fallið úr frumvarpi stjórnarinnar (64).

Þá hefði átt að geta þess hér á undan, að nefndin leggur til að fræðslumálastjóra séu veittar 200 kr. til aðstoðar við samningu skýrslna (58).

15. gr.

Nefndinni virtist ekki fjárhagur leyfa að hækka styrk til forngripakaupa. Og leggur því til, að til þessa sé lögð jafnmikil upphæð sem í gildandi fjárlögum (69).

Orða og nafnabreytingar á landsbókasafninu eru gerðar eftir tillögum landsbókavarðar (65 og 71).

Eftir tillögum stjórnarráðsins leggur nefndin til að alt að 600 kr. séu veittar til Bernarsambandsins, til að vernda rétt íslenzkra rithöfunda, sem eiga það á hættu að rit þeirra verði, að þeim fornspurðum, þýdd og útgefin erlendis endurgjaldslaust (75).

Styrkurinn til stórstúku Good-Templara og til Bindindissameiningar Norðurlands, hvors um sig, er tekinn upp af nefndinni með sömu upphæðum, sem í gildandi fjárlögum standa, og staðið hafa í fjárlögunum nokkur ár, og með sömu skilyrðum (78—79).

Nefndin leggur til að bókasafninu á Seyðisfirði séu fyrra árið veittar 500 kr. til að kaupa eldri íslenzkar bækur. Bókasafnið er ekki gamalt og hefir eignast lítið af íslenzkum bókum nema þeim, er út hafa komið allra seinustu árin (73).

Nefndin kom sér saman um að leggja til að styrkur til Helga Péturssonar og til Helga Jónssonar hvors um sig yrði 1200 kr. Er það að vísu nokkru lægra en í stjórnarfrumvarpinu og í gildandi fjárlögum. En með því fjárhagurinn er erfiður og í mörg horn að líta, sér nefndin sér ekki fært að fara hærra. (81 og 82).

Þá leggur nefndin til að Jóni Ólafssyni sé veittur sami styrkur sem í núgildandi fjárlögum og með sömu skilyrðum (83).

Ennfremur leggur nefndin til að Bjarna Sæmundssyni skólakennara, Ágúst Bjarnasyni mag. art. og Sighvati Grímssyni Borgfirðing séu hvorum um sig veittir sömu styrkir og þeim eru veittir fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil (84—86).

Nefndinni hefir komið saman um að leggja til að Laufeyju Valdemarsdóttur, stúdent frá mentaskólanum, séu veittar 300 kr. til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla, þar sem konur eru útilokaðar frá venjulegum styrk (87).

Þá er Guðmundur Hjaltason tekinn upp með 400 kr. styrk til að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur, og ætlast nefndin til að fyrirlesarinn ferðist í þessum erindum líka um Norður- og Austurland (88).

16. gr.

Styrkurinn til verklegrar kenslu á Hólum er lagt til að lækki úr 1000 kr. niður í 700 kr., eða sömu upphæð, er stjórnarfrumvarpið ætlar Hvanneyrarskóla. Virðist ekki ástæða til að gera mun á skólunum í þessu eða öðru efni, nema sérstakar orsakir séu til (89).

Styrkurinn til Torfa Bjarnasonar er ætlast til að sé 1200 kr. um árið án nokkurrar skuldbindingar fyrir hann. Vill nefndin að þessi styrkur sé skoðaður sem viðurkenning fyrir mikið og gagnlegt starf unnið í þarfir landsmanna (91).

Sakir þess að Búnaðarþingið hefir ákveðið að veita 2000 kr. árlega um nokkur ár til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri, hefir stjórn félagsins sótt um að fjárveitingin úr landssjóði til Búnaðarfélagsins verði hækkuð að sama skapi. Nefndin leggur til að þessi umsókn sé tekin til greina og fjárveitingin færð úr 54000 upp í 56000 (92).

Undanfarið hefir í fjárlögum staðið 600 kr. styrkur á ári til manns til að nema dýralækningar. Nefndin leggur til að þessi styrkur sé nú tekinn upp, þar sem nú eru að eins 2 dýralæknar á landinu (93).

Nefndin leggur til að styrkur Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri verði hinn sami sem í núgildandi fjárlögum nl. 1000 kr. (94).

Styrkur til kvöldskólahalds iðnaðarmanna á Ísafirði er lagt til að hækki um 200 kr. (95).

Nefndin leggur til að styrkur til 4 iðnskóla í 4 kaupstöðum landsins og til verzlunarskóla í Reykjavík sé bundinn sömu skilyrðum sem styrkur til kvennaskóla í Reykjavík og til Flensborgarskóla, nl. þeim að hann fari ekki yfir $^2/_3$ hluta reksturskostnaðar (96—97).

Upphæð sú er stjórnarfrumvarpið ætlar til viðskiftaráðunauta alt að 12000 kr., féll burtu hjá nefndinni (98).

Nefndin leggur til að alt að 3000 kr. styrkur sé veittur síðara árið ilt

bryggjugerðar á Húsavík, gegn $^2/_3$ hlutum alls kostnaðar annarsstaðar frá og ábyrgð sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu fyrir því að bryggjan verði til almenningsnota (100).

Þá leggur nefndin og til, að 1000 kr. styrkur sé fyrra árið veittur lendingarsjóði Bolvíkinga, eins og gert var í fjárlögum 1910, en vill áskilja að stjórnarráðinu sé árlega sendur reikningur þessa sjóðs (101).

18. gr.

Þar setur nefndin leiðrétting á nafni Sólveigar Þórðardóttur, sem er misprentað í fjárlögunum. Þar að auki leggur nefndin til, að styrkurinn til hennar lækki um helming, með því að eldri sonur hennar er nú upp kominn (102).

Nefndin vill veita Ingunni Loftsdóttur, ekkju séra Einars Þórðarsonar alþingism., 300 kr. ekkjustyrk. Hörmulegur sjúkdómur lagðist á heimili þeirra hjóna, eyddi efnum þeirra og dró mann hennar loks til dauða. Þá hefir nefndin og fallist á að veita ekkju Björns augnlæknis Ólafssonar ekkjustyrk, sem svarar því, er hún hefði haft, ef maður hennar hefði haft eftirlaunarétt sem héraðslæknir (103—104).

22. gr.

Jafnvel þótt nefndin geti eigi bent á hvar landssjóðnr muni geta gripið fé til lánveitinga, svipaðra og tiðkast hafa að undanförnu, ber hún þó fram í tillögum sínum 3 lánsheimildir, sem hún mælir með og nema alls 72,000 kr. Mun með þeim mælt nánar í umræðunum. Að sjálfsögðu verða engin lán veitt nema eftir því sem stjórninni sýnist fært fjárhagsins vegna (106—108).

Læknirinn í Hróarstunguhéraði hefir sótt til þingsins um styrk til læknisbústaðar, og læknirinn í Höfðahverfishéraði hefir sótt um lán úr landssjóði í sama skyni. Nefndin getur ekki mælt með beinum styrk til læknisbústaðar, en þar á móti með því, að það haldist áfram, sem átt hefir sér stað áður nokkrum sinnum, að stjórnin veiti *lán* til læknisbústaðar á ábyrgð sýslunefndar, án þess sérstök heimild hafi um það staðið í fjárlögum. En sjálfsagt telur nefndin, að stuðningur þessi komi þar niður einungis, sem brýn þörf er til, og læknissetur er trygt til frambúðar.

Nefndin hefir þá gert grein fyrir flestum breytingum og viðaukatillögum sínum. Fyrir þeim, sem slept hefir verið að minnast á hér, mun verða grein gerð í framsögu málsins, ef þurfa þykir.

Til sumra fjárveitinga í stjórnarfrumvarpinu svo sem styrks kvennaskóla á Blönduósi, styrks til gufuskipaferða Thorefélags, styrks til fræðslumála (14. VIII, b. 1—6) og styrks til skógræktar hefir nefndin enn enga afstöðu tekið, og hefir þar óbundnar hendur. Fyrir þessum málum mun seinna verða grein gerð með ákveðnum tillögum. —

Mikill fjöldi fjárbóna hefir borist til nefndarinnar. Fæstum þeirra hefir hún séð sér fært að sinna. Ber til þess hinn þröngi fjárhagur.

Breytingar og viðaukatillögurnar látum vér prenta á sérstöku blaði.

Neðri deild alþingis, 20. marz 1911.

Skúli Thoroddsen,	Björn Þorláksson,
formaður.	skrifari og framsögumaður.
Björn Sigfússon.	Pétur Jónsson. Sigurður Sigurðsson.
Eggert Pálsson.	Jóh. Jóhannesson.

Nd. **247. Nefndarálit**

í stjórnarskrármálinu.

Sú sjö manna nefnd, sem Nd. kaus í máli þessu, bætti við sig, með leyfi þingdeildarinnar, tveim mönnum: bæjarfógeta Jóh. Jóhannessyni (2. þm. Norðmýlinga) og fyrv. bæjarfógeta Skúla Thoroddsen (þm. Norður-Ísfirðinga).

Nefndin hefir rætt málið á 12 fundum.

Nefndin var upphaflega kosin til að íhuga *frumvarp til Stjórnarskrár Íslands* á þingsk. 25. Þegar á fyrsta fundi lögðu þingmenn Sunnmýlinga fram í nefndinni prentað *frumvarp til breytinga á stjórnarskipunarlögum Íslands 5. jan. 1874 með áorðnum breytingum samkvæmt lögum 3. okt. 1903*, á þskj. 44, en það vissu menn, að því mundi næsta dag verða vísað til nefndarinnar eins og raun varð á.

Frumv. á þingskj. 25 var frumv. til algerlega nýrrar stjórnarskrár og jafnframt ýmis sambandslaga-atriði, er vænta má að mundu verða Stj.skr.frv. að falli, eins og við horfir.

Frumv. á þingskj. 44 kom fram sem frumv. *til breytinga* á einstökum greinum þeirra stjórnarskipunarlaga, sem nú eru í gildi.

Skýrðu flutningsmenn frá því, að þeir hefðu upphaflega samið frumv. til algerlega nýrrar Stjórnarskrár, en horfið frá því aftur fyrir þá sök, að þeim hefði reynst ókleift að orða svo 1. grein og aðrar greinar í sambandi við hana, að komist yrði hjá, að nefna stöðulögin; en þeir álitu, að margir þingmenn mundu eigi vilja staðfesta þá tilvitnun með atkvæðagreiðslu sinni. Þeir hefðu reynt, að taka upp í 1. grein upptalning sérmála vorra án tilvitnunar til stöðulaganna, en þar væri sá hængur á, að þá yrði að greiða atkvæði um hana, og með því yrði samþykt umgerð stöðulaganna eða takmörkun þeirra á sérmálasviði voru, en þetta væri óbein staðfesting stöðulaganna af alþingis hálfu, en til þess vildu þeir eigi ráða. Af þessum orsökum hefðu þeir valið þá aðferðina, að láta frumv. sitt að eins ná til breytinga á þeim atriðum stjórnarskrárinnar, sem mönnum væri mest hugleikið, að fá breytt.

Meiri hluti nefndarinnar félst á, að það væri svo almennur vilji þjóðarinnar, eftir því sem í ljós hefði komið, að fá framgengt nokkrum verulegum breytingum á stj.skr., svo sem um afnám konungskosninga til þings, um rýmkun kosningarréttar o. fl., að nefndin yrði, að álíta sér skylt, að koma þessum breytingum fram á þinginu í ár. En ef menn vildu vera vissir um framgang málsins, þá yrðu menn að sneiða hjá öllum þeim breytingum, sem auðsætt væri, að hefta mundi staðfesting frumv. eða tefla henni á tvær hættur.

Nefndinni kom því saman um, að fallast á frumreglu eða aðferð frumv. á þskj. 44, en hafna öllum þeim breytingum, sem fælu í sér þau atriði, er álitist gætu sambandslaga-atriði. Því lagði nefndin aðallega frumv. á þskj. 44 ásamt stj.skr. tilgrundvallar í meðferð sinni á málinu.

Flutningsmenn frv. á þskj. 25 gátu þess, að þeir hefðu aðallega borið það frv. fram sem stefnuskrá sína.

Annar flutningsmaðurinn, Jón Þorkelsson, gat eigi orðið meðnefndarmönnum sínum samdóma um, að láta 1. gr. stj.skr. óhaggaða ásamt þeim atriðum, er stæðu í sambandi við hana; kvaðst hann mundi gera ágreiningsálit um þetta efni.

Síðan tók nefndin frumvarpið til umræðu og bráðabirgða-atkvæðagreiðslu grein fyrir grein. Lét síðan hreinrita frumv. eins og það þá var orðið, með breytingum þeim, er nefndin hafði á því gert.

Því næst tók nefndin frumv. til nýrrar yfirferðar á tveimur ræki legum fundum, og gerði enn nokkrar breytingar, og gerði fullnaðarúrslit á nokkrum atriðum, sem höfðu verið látin liggja á milli hluta við fyrri yfirferð.

Þó að breytingar nefndarinnar séu ekki ýkja langar né tiltakanlega margar, þá valdi nefndin þó heldur þann veg, að setja breytingarnar og viðaukana inn í sjálft frumvarpið, heldur en að bera þær fram, sem breytingartillögur, og væntir hún, að það nýja frumv., að forminu til, sem hún leggur nú fyrir deildina hér með á þskj. 228, verði yfirlitsgleggra fyrir þingmenn, að átta sig á, heldur en flóknar breytingartillögur, einkum af því, að frumvarpið sjálft er að nokkru leyti í breytingartillögu-formi við sjálfa stjórnarskrána.

Þess ber að geta, að vér höfum tekið einstök atriði upp úr frv. á þskj. 25, þau er annað hvort vantaði í hitt frumv. eða oss þótti betur orðuð á þskj. 25.

Nú skal víkja fám orðum að nokkrum einstökum atriðum.

Nefndinni hefir þótt rétt, að ákveða í stj.skr. sjálfri, að ráðherrar *skuli* vera þrír, í stað þess, að heimila ráðherra-fjölgunina með einföldum lögum. — Með því móti er auðveldara að skipa ráðherra fyrir sérstaka flokka mála eftir því, sem þeir eru bezt til fallnir. Í annan stað er þá síður hætt við, að örlyndur eða framhleypinn ráðherra réðist í nokkur þau einræðisverk, er þjóðinni gæti stafað háski að; hinir ráðherrarnir mundu þá hafa hemil á honum, og jafnvel snúa sér til konungs um, að taka í taumana, ef þeim þætti bráð nauðsyn til bera. Í þriðja lagi er það nú að tíðkast æ meir á löggjafarþingum þjóða, að þjóðin, og þar með fulltrúar hennar á þingi, skiftist ekki í 2 flokka að eins, heldur fleiri, og verður það þá oft á þingum, að enginn einn flokkur er nógu fjölmennur til, að stýra meiri hluta atkvæða. Þá verða tveir flokkar, eða jafnvel þrír, þeir sem líkástir eru að stefnum, að slá sér saman til að styðja stjórn eða mynda, svo að hún hafi meiri hluta á þingi; en þá er auðsætt, hve eðlilegt og hentugt það er, að ráðherrar sé fleiri en einn og séu teknir úr þeim flokkum, er stjórninni veita stuðning. Þá er það og oft, að ein eða fleiri athafnir einhvers ráðherra verða svo óþokkaðar, að hann verður að fara frá völdum. En af því leiðir ekki, að algerð stjórnarskifting þurfi að verða, þótt mannaskifti verði á einum, En mjög tíð alger stjórnarskifti eru að því leyti óheppileg, að þau draga úr þeirri stefnufestu, sem æskilegt er, að sé í stjórnarframkvæmdunum.

Eitt helzta nýmælið í frumvarpinu er afnám konungkjörinna þingmanna og önnur þau atriði, er þar standa í nánu sambandi við. Mikill meiri hluti nefndarmanna var á því, að halda bæri tveim deildum þings, þó að allir þingmenn yrðu þjóðkjörnir, en þar sem farið er fram á mikla rýmkun kosningarréttar, svo mikla, að fjöldi kjósenda mun í einum svip vaxa meir en um helming, þar sem konum öllum verður veittur kosningarréttur jafnt sem körlum, auk annarar rýmkunar, þá virðist meirihlutanum, að ei eigi á að verða fífldirfska að auka þannig seglin, þá beri brýna nauðsyn til að auka líka að einhverju leyti kjölfestuna, ef þjóðin á ekki að kollsigla sig.

Af þessum rökum er mikill meiri hluti nefndarinnar á því, að svo beri að koma fyrir efri deild alþingis, að nokkur trygging sé fyrir, að hún verði skipuð hinum mikilhæfari mönnum þjóðarinnar. Vér viljum þó halda sömu kjörgengisskilyrðum til beggja deilda, en leggjum til, að þingmenn efri deildar séu kosnir

sér í lagi með hlutfallskosningum, þannig að landið sé alt eitt kjördæmi. Einnig viljum vér að kjörtími efri deildar manna sé helmingi lengri en neðri deildar manna, en leggjum jafnframt til, að þriðjungur hennar sé kosin 4. hvert ár. Verður þá kjörtími efri deildar manna 12 ár.

Með þessu ætti það að vinnast, að meira verði mannval reyndra manna í efri deild, heldur en við má búast, þegar þingmenn eru kosnir í kjördæmum. Við það að kjörtímabilið er lengra ætti það að vinnast, að efri deild gæti orðið eins konar stilfla fyrir hverjum þeim uppþotsólgustraum, sem oft getur þotið skyndilega yfir landið. Þjóð vor er enn þá barn í lögum í því að stjórna sjálfri sér; henni er stundum hætt við að þjóta eftir tilfinningum sínum með talsverðum ofsa í svipinn, þó að hún átti sig stundum aftur á tiltölulega stuttum tíma. Þegar þetta kemur fyrir, getur það oft afstýrt miklu illu, að til sé eitthvert afl, sem haldi aftur af framhleypnis eða ofstækisöldum æstra tilfinninga og veiti þeim tóm til að jafna sig. Þetta íhaldsafl ætlumst vér til að efri deild geti verið með því skipulagi, sem vér leggjum til að á henni verði. Hins vegar ætlumst vér til að við því sé séð, að hún geti ekki nema rétt um stundarsakir heft framrás nýrra strauma, sem ná þeirri festu hjá þjóðinni, að þeir hjaðna ekki niður á 4—8 árum.

Það munu flestir þingmenn játa, að það geti komið fyrir meðan svo langt er milli lögmæltra þinga sem nú er, að þjóðinni þyki svo ískyggilegt eitthvað það, sem stjórnin er að gera eða ógert láta, að hún rísi upp nálega sem einn maður og óski þess að fulltrúaþing hennar taki í taumana eða fái að minsta kosti færi á að kynna sér þegar í stað rækilega það sem fram er að fara. En þá getur hugsast að stjórnin vilji sízt af öllu fá þingið yfir höfuð sér til að gagnrýna gerðir sínar. En það getur þó oft verið hollast eigi síður stjórninni sjálfri, heldur en þjóðinni, að þingið eigi kost á að koma saman þegar svo á stendur. Því höfum vér sett ákvæðin í 13. gr. Vér vonum, að með því að ákveða, að eigi þurfi að eins meiri hluta alls Alþingis, heldur og meiri hluta þingmanna í hvorri þingdeildinni um sig, til að krefjast aukaþings, svo að forseta sameinaðs þings sé skylt að kveðja hingið saman, þá sé nægileg trygging fyrir því fengin, að eigi verði til þessa úrræðis tekið, nema full brýn ástæða sé til.

Ákvæði 16. greinar um yfirskoðunarmenn Alþingis hafa verið rædd og rökstudd af einum nefndarmanna í blöðunum síðastliðið sumar, og munu rökin vera kunn öllum þingdeildarmönnum, enda hafa þingmálafundir í kjördæmum þingmanna af báðum flokkum heimtað það, að þessi nýbreytni verði upp tekin, að hafa yfirskoðunarmenn 3 og kjósa þá hlutfallskosningu í sameinuðu þingi.

Flestar aðrar breytingar í frumvarpinu voru, þær er miklu máli skifta, standa í sambandi við þær breytingar sem nú hefir verið sérstaklega minst á.

Þess ber að geta, að auk Dr. Jóns Þorkelssonar, sem mun rita sérstakt minnihluta-álitsskjal, hafa nefndarmennirnir Bjarni Jónsson og Skúli Thóroddsen áskilið sér að bera fram breytingartillögur um nokkur veruleg atriði, sem þeir eru oss hinum nefndarmönnum sínum ósamdóma um. Um nokkur einstök atriði hefir einstaka nefndarmenn greint á og mun það koma fram í breytingartillögum eða atkvæðagreiðslunni.

Þykir svo eigi þörf að fjölyrða meir um frumvarpið í þessu nefndaráliti, þar eð fyllri grein mun verða gerð fyrir breytingunum í framsögu málsins.

Alþingi, 20. marz 1911.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Jón Ólafsson, ritari, framsögum.	Ólafur Briem.
H. Hafstein.	Jóh. Jóhannesson.	Jón Jónsson.

Með skírskotun til breytingartillagna minna

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Undirritaður er sumum atriðum í frumvarpinu, og í rökfærslunni í nefndarálitinu o. fl., ósamþykkur, og geymir sér rétt til að bera fram breytingartillögur, að því er sumar greinarnar í frumvarpinu snertir.

Alþingi, 20. marz 1911

Skúli Thoroddsen.

Ósamþykkur í ýmsum verulegnm atriðum, og mun gera grein fyrir því með sérstökum breytingatillögum og á annan hátt.

Jón Þorkelsson.

Nd. **248. Tillaga**

til þingsályktunar.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og reglur fyrir úthlutun styrksins, skuli, þangað til alþingi gerir aðrar eða nýjar ráðstafanir, vera á þessa leið.

A. Almenn skilyrði.

1. Að 5 menn eða fleiri í félagi hverju hafi á næsta ári á undan því, er styrkurinn er veittur, unnið að jarðyrkjustörfum þeim, er til greina eru tekin við styrkveitingu, samkvæmt eftirfylgjandi reglum, að minsta kosti 10 dagsverk hver þeirra. Hafi einhver félagsmaður unnið minna en hér segir, eru hans dagsverk ekki talin með til styrkveitingar.

2. Að félagið hafi sett sér lög og stjórn.
3. Að stjórn félagsins sendi stjórnarráðinu árlega skýrslu um unnar jarðabætur í félaginu, eftir formi, er stjórnarráðið semur og úthlutar, samda af skipuðum skoðunarmanni. Skal henni fylgja:
   a. Reikningur um tekjur og gjöld félagsins það ár, sem skýrslan tekur yfir, endurskoðaður. Skal hann sýna tölu félagsmanna.
   b. Eintak af lögum félagsins það ár, sem fyrst er gefin skýrsla um samkvæmt reglum þessum, og síðan hvert ár, er ártalið stendur á hálfum eða heilum tug.
4. Að skoðunarmaður, skipaður af bæjarstjórn eða sýslunefnd, samkvæmt tillögum búnaðarsambands í þeim héruðum, þar sem það er til, rannsaki og mæli allar þær jarðabætur, er í skýrslu eru teknar, og votti á skýrslunni, að þær séu þar rétt taldar, vel af hendi leystar, samkvæmt tilgangi sínum, og hlíti að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir styrkveitingu. — Skoðunarmenn þessir skulu eigi fleiri vera en 3 í sýslu hverri.

Eftir árið 1915 má skoðunarmaður eigi taka upp í skýrsluna túnasléttur, túnútgræðslu eða sáðreiti á þeim heimilum, þar sem ekki er til salerni.

B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar til greina við styrkveitingu:
   a. Túnasléttur (þaksléttur og grónar flagsléttur).
   b. Túnútgræðsla (óbylt land).
   c. Sáðreitir (matjurtagarðar) nýyrktir.
   d. Girðingar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi, svo og hestaréttir, girðingar um búfjárhaga og fyrir afréttarlönd.
   e. Varnarskurðir, gripheldir.
   f. Flóðgarðar (uppistöðugarðar).
   g. Stíflugarðar.
   h. Vatnsveituskurðir.
   i. Lokræsi.
   j. Áburðarhús og safnþrór.
   k. Upphleyptir vegir yfir tún og engjavegir.
2. Jarðabætur skulu lagðar í dagsverk þannig:

a. Túnasléttur	50	fer.metra
b. Túnútgræðsla (óbylt land)	100	——
c. Sáðreitir, byltir og blandaðir	75	——
d. Girðingar gripheldar:		
1. Grjótgarðar einhlaðnir 1,25 met. hæð	6	metra
2. —— tvíhlaðnir 1,25 — —	4	—
3. —— úr höggnu grjóti 1,25 met. hæð	2	—
4. Garðar úr torfi og grjóti 1,25 — —	6	—
5. Gaddavírsgirðing að minsta kosti 1,10 metra á hæð með alt að 6 metra bili milli stuðla:		
a. með 5 strengjum eða fleiri	8	metra
b. — 4 —— og undirhleðslu	10	—
c. — 3 —— án undirhleðslu	20	—

6. Vírgirðing úr sléttum vír með 5 eða fleiri strengjum .	10	metra
7. Garðar úr torfi eða grjóti 0,65 metri á hæð með 3 gaddavírsstrengjum	7	--
8. Garðar úr torfi eða grjóti, 1 metri á hæð með 2 strengjum	6	—
9. Girðing úr vírneti eða járngrindum, að minsta kosti 1 metri á hæð	6	—
e. Varnarskurðir, 2 metrar á breidd, 1 metri á dýpt og garður hlaðinn á bakkann 1 metri á hæð	8	—
f. Flóðgarðar...	6	ten.metrar
g. Stíflugarður	4	——
h. Vatnsveituskurðir:		
1. Einstungnir...	15	-- —
2. 0,70 metra á dýpt	12	—--
3. Frá 0,70—1 meter á dýpt	10	——
4. Frá 1 meter til 1,5 meter á dýpt...	8	——
i. Lokræsi.		
1. Með grjóti (malarræsi)	5	metrar
2. Með hnaus (holræsi)	8	—
3. Með pípum (pípuræsi)	5	—
j. Áburðarhús og forir.		
1. Áburðarhús úr torfi, vegghæð alt að 2 metrum	2	ten.metrar
2. Áburðarhús úr grjóti, steinlímt eða steinsteypt	0,5	——
3. Safnþrór steinlímdar eða steinsteyptar með þaki ...	0,5	——
4. Safnþrór úr öðru efni	2	——
k. Upphleyptur vegur um tún og engjavegir, minst 2 metrar á breidd	10	metrar

3. Styrkveitingar skal miða við dagsverkatölu þá, er að framangreindum jarðabótum hafa verið unnin í félagi hverju, næsta almanaksár á undan því, sem styrkurinn er veittur.
4. Skýrslurnar eiga að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. september það ár, sem styrkurinn er veittur.

C. Skýringar.

1. Jarðabætur, sem eigi mega fullgerðar teljast, eru meðal annars sáðreitir, fjárbæli og hestaréttir, ef girðing er eigi komin gripheld á alla vegu.
2. Með tvíhlöðnum grjótgörðum má telja þá garða, er hafa sjálfstæða hleðslu úr grjóti varnarmegin, en upp með henni tryggilega torfhleðslu eða gróna jörð.
3. Hestaréttir teljast því að eins til jarðabóta, að þær séu við tún eða bæ og tilheyri heimilinu.
4. Vírgirðingar má því að eins taka gildar, að vírinn sé galvaníseraður, svo og naglar þeir eða kengir, sem vírinn er festur með. Girðing úr sléttum vír, meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, er því að eins leyfilegt að taka á skýrslu, að hún sé með 5 strengjum og vírinn 6 mm. gildur. — Gaddavírsgirðing með 4 strengjum má telja gilda, ef steinlagi eða hnausa er raðað und-

ir neðsta strenginn, og girðingin að öðru leyti gerð samkvæmt þessum reglum.

5. Stíflugarðar teljast allar fyrirhleðslur í ár eða meðfram þeim til að varna skemdum, svo og fyrirhleðslur í læki, farvegu, jarðföll eða síki, enda séu þær meiri á hæð og þykt en venjulegir flóðgarðar.
6. Lokræsi skulu að jafnaði því að eins tekin gild, að þau séu grafin svo djúp, að frost geti eigi náð sjálfu ræsinu.
7. Með rúmmáli áburðarhúsa skal eigi telja risið, né það rúm, sem vera kann ofan við 2 metra vegghæð innanvert.

   Hús ný eða stæðileg með þaki, til að geyma í efni til áburðardrýginda, séu lögð í dagsverk eins og áburðarhús, og öll hæðin innanmáls tekin til greina.
8. Safnþrór »úr öðru efni« teljast þær, sem hlaðnar eru úr torfi eða þiljaðar innan með við. Allar safnþrór skulu vera með þaki.
9. Upphleyptir vegir yfir tún og engjavegir koma því að eins til greina, að þeir séu mölbornir og akfærir.

Nd. **249. Frumvarp.**

til laga um löggilding verzlunarstaða.

Frá löggildingarnefndinni.

1. gr.

Eftirfylgjandi staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

1. Hvalneskrókur í Austur-Skaftafellssýslu.
2. Herdísarvík í Árnessýslu.
3. Kvíabryggja undir Stöð á Snæfellsnesi.
4. Gunnarsstaðaey í Hvammsfirði, Dalasýslu.
5. Hjálmarsvík í Þistilfirði, Norður-Þingeyjarsýslu.
6. Hámundarstaðir við Nýpsfjörð í Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar á hverjum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905 og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd. **250. Nefndarálit**

um löggildingar á höfnum.

Nefndinni bárust 6 frumvörp um löggildingar á höfnum viðsveger með ströndum landsins:

1. Á þingskj. 81 um löggilding á Hvalnesskrók í Austur-Skaftafellssýslu.
2. Á þingskj. 83 um löggilding á Kvíabryggju í Eyrarsveit í Snæfellenessýslu.
3. Á þingskj. 91 um löggilding á Gunnarsstaðaey í Hvammsfirði í Dalasýslu og Hjálmarsvík í Þistilfirði.
4. Á þingskj. 119 um löggilding á Herdísarvík í Árnessýslu.
5. Á þingskj. 200 um löggilding á Kirkjufellsvogi í Grundarfirði í Snæfellsnessýslu.
6. Á þingskj. 75 um löggilding verzlunarstaðar á Hámundarstöðum við Nýpsfjörð í Norður-Múlasýslu.

Nefndin leggur til að löggiltar verði hafnir þær, sem þingskj. 81, 83, 91, 119 og 75 fjalla um. Hefir hún safnað öllum þessum frv. í eitt, er hún ber fram á þingskj. 249.

Alþingi $^{20}/_{8}$ 1911.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Stefán Stefánsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi,
skrifari og framsögum.

Þorleifur Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nd. **251. Álit**

minni hluta bankarannsóknarnefndarinnar.

Við höfum ekki getað orðið samdóma háttv. meðnefndarmönnum okkar um þingsályktunartillögu á þingskjali 43 um innsetning gæzlustjóra.

Tillaga þessi var borin fram snemma á þingi, en flutningsmenn tóku hana þá út af dagskrá. Nokkru síðar var henni vísað til bankarannsóknarnefndar Nd. — Þessi dráttur á því að taka till. til meðferðar og úrslita í deildinni teljum við að stafi af því, að heppilegra hafi þótt, að rannsókninni, sem nefndin hefir með höndum, væri lengra komið áður en deildin greiddi atkvæði um tillöguna. Við lítum svo á, að afdrif till. í deildinni standi í svo nánu sambandi við rannsókn þessa, að réttara sé að fresta atkvæðagreiðslu um hana að svo stöddu, *ef* tillögumenn vilja ekki taka hana aftur. En það þætti okkur eðlilegast eftir því, sem skipast hefir um æðstu stjórn landsins á síðustu dögum. Við lítum svo á, að nú sé gersamlega ástæðulaust að bera þessa tillögu fram. Núverandi ráðherra hefir krafist þess, áður en hann tók við ráðherraembættinu, að stjórnarráðið setti gæzlustjóra Landsbankans, er frá var vikið, inn í störf þeirra aftur. Hefir hann sótt það mál fast utan þings og innan. Getur því engum dulist, hvað hann muni telja stjórnarráðinu skylt að gera í því efni. En þá virðist okkur aftur einkenni-

legt og ástæðulaust og meira að segja óviðfeldið að skora á hann að gera það, sem hann mun telja skýlausa skyldu sína, hvað sem háttv. Nd. kynni að vilja leggja til þeirra mála.

Í annan stað viljum vér benda á, að það er ekki rétt hermt í áliti meiri hlutans, að stjórnin hafi ekki sýnt dómstólunum hlýðni í því að gegna fógetaúrskurðinum, því að þeim úrskurði hefir einmitt verið fullnægt. Gæzlustjóri Ed. lét með fógetagerð veita sér aðgang að húsum, bókum og skjölum bankans, og þeirri fógetagerð hefir verið hlýtt.

Enn er þess að gæta, að spurningin um það, hvort ráðherra hafi haft vald til þess að víkja gæzlustjórunum frá, liggur enn fyrir dómstólunum. Jafnframt hefir annar gæzlustjórinn höfðað mál gegn Landsbankanum til greiðslu á launum sínum.

Mál þessi hafa að vísu bæði verið dæmd í undir- og yfirrétti á þá leið, að ráðherra hafi ekki haft vald til að víkja gæzlustjórunum frá, lengur en til 1. jan. f. á, en málin eru nú fyrir hæstarétti og sýnist því sjálfsagt að bíða þess dóms með frekari aðgerðir. Því að ef deildin úrskurðar nú, að ráðherra hafi ekki haft vald til þessar stjórnarathafnar, þá á hún á hættu, að þeim úrskurði verði hrundið af hæstarétti. Og ef hæstaréttardómurinn gengur í þá átt, að frávikningin hafi verið lögmæt — en þingið hefir úrskurðað gagnstætt því — þá teljum vér virðingu þingsins stofnað í stórhættu.

Okkur sýnist það því fjarstæða, að byggja áskorun um innsetning gæzlustjóranna á því, að frávikningin hafi ekki átt við lög að styðjast, þar sem það mál er einmitt óútkljáð fyrir dómstólunum.

En um réttmæti frávikningarinnar að öðru leyti verður ekkert sagt að svo komnu, með því að málið má heita alveg órannsakað af nefndinni.

Þessvegna er það okkar tillaga, að flutningsmenn taki tillögu sína aftur.

Alþingi, 20. marz 1911.

Hálfdán Guðjónsson. Benedikt Sveinsson.

Nd. **252. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aukatekjur landssjóðs.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 55. gr. Aftan af greininni falli orðin: »Af skipum frá öðrum« og til enda greinarinnar.

Ed.

253. Frumvarp

til laga um aukatekjur landssjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Fyrsti kapituli.

Um dómsmálagjöld.

1. gr.

Fyrir stefnu skal gjalda 1 krónu, þegar málsaðili, í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil, beiðist þess, að stefna verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr.

Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 2 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir gerðir þær er um getur í 7., 9., og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832. Fyrir frest í dómsmáli skal gjalda 1 krónu.

3. gr.

Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 4 krónur, um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir skriflega frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, skal greiða sama gjald. Fyrir að kveða upp úrskurð meðan á rekstri máls stendur skal gjalda 2 krónur fyrir hvern úrskurð.

4. gr.

Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2. gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr.

Fyrir vitnaleiðslu skal gjalda 1 krónu fyrir hvert vitni. Sama gjald skal greiða fyrir gagnspurningar. Fyrir eiðfesting vitnis skal gjalda 1 krónu.

6. gr.

Fyrir að kveðja menn í rétti til skoðunargjörða eða annara slíkra gjörða skal gjalda 50 aura fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting matsmanna, svo og fyrir sérhverja aðra eiðfestingu, nema um vitni sé að ræða.

Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fé ómyndugra, og þegar eiðfesta skal menn þessa.

7. gr.

Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meira en 50 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr.

8. gr.

Fyrir að staðfesta og innsigla réttargjörðir eða önnur eftirrit, sem út eru gefin í gjörðarformi, skal gjalda 1 krónu fyrir hvert.

9. gr.

Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 2 krónur alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í héraði.

Í öðrum einkalögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10. gr.

Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefir verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir réttinum, skal sá, er þess beiðist, greiða 50 aura auk gjalds þess, er getur um í 2. gr., fyrstu málsgrein.

11. gr.

Við landsyfirdóminn skal ávalt greiða tvöfalt gjald á við það, er borga hefði átt í héraði.

12. gr.

Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin réttargjöld greiða, en í gjafsóknarmálum skulu réttargjöld þau, er gjafsóknarhafi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann er skyldaður með dómi til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 17. gr. laga nr. 18, 3. okt. 1903 um kosningar til alþingis, skal engin réttargjöld greiða í héraði.

13. gr.

Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun frá druknun, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fara fram á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kapituli.

Um gjöld fyrir fógetagjörðir.

14. gr.

Fyrir kyrsetningargjörð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks- eða löggeymslugjörð, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi að eins lausafé og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóvbr. 1887 um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gjörðarinnar er beiðst fyrir, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin	er		50 kr.	eða	minni		1	kr.
—	—	-	frá	50 kr.	til	100 kr.	2	—
—	—	-	—	100 —	—	200 —	3	—
—	—	-	—	200 —	—	400 —	4	—
—	—	-	—	400 —	—	600 —	5	—

Þegar fjárhæðin er	frá	600 kr.	til	800 kr.	6 kr.
—	—	—	800	—	—	1000 — 7 —

og síðan ein króna í viðbót fyrir hvert heilt þúsund af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

15. gr.

Fyrir að kyrsetja mann skal gjalda 10 krónur; séu fjármunir jafnframt kyrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 14. gr.

16. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglesnum veðskuldabréfum (og þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga, nr. 29, 16. desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dóminum, sáttinni eða veðskuldabréfinu hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gjörðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám er gjört í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, séu eigi allir á sama stað.

17. gr.

Fyrir lausnargjörð skal gjalda eftir 14. gr., þegar fé með henni er laust látið, en eftir 15. gr., sé kyrsetning manns með henni niður feld.

18. gr.

Fyrir rannsókn, sem haldin er eftir beiðni einstakra manna, skal gjalda 2 krónur.

19. gr.

Fyrir útburð manns af jörðu eða úr húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 5 krónur. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagjörðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr.

Fyrir skoðun á líkamsáverka eftir beiðni einstakra manna skal gjalda 2 krónur. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr.

Þegar hreppstjóri heldur fógetagjörðir, skal fara eftir lögum nr. 3, 13. janúar 1882, 5. gr. sbr. lög nr. 33, 13. desbr. 1895 og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gjörðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gjörðarbeiðnin sé kölluð aftur, eða fógeti neiti að fremja gjörðina, nema svo sé, að hærra gjald hafi greitt verið fyrir fram fyrir gjörðina, en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjár-

náms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefir slitið samvistum við eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða réttargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sé kröfu gjörðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eftir ráðstöfun hins opinbera skal engin gjöld greiða.

3. kapituli.

Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr.

Fyrir að þinglesa afsalsbréf, veðskuldarbréf, fjárnámsgerð, skiftabréf eða önnur skjöl, sem þinglesin eru svo sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja haft á fasteignir, og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja haft á lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin er kr. 100 eða minni						kr.	1,00
—	——	—	frá	100	til 500 kr.	—	2,00
—	——	—	—	500	— 1000 —	—	3,00

og sé fjárhæðin meiri, skal gjalda 1 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund, sem fram yfir er.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 12 kr.; þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka það fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðrum aurum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eftir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda, sem fyrir 25 sinnum stærri fjárhæð, en sé afgjaldið áskilið æfilangt, skal gjaldið að eins talið af fimmfaldri fjárhæðinni; sé ártal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meira gjalda en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði, eða henni makaskift gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

25. gr.

Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða haft á fasteignum eða lausafé, skal gjalda 2 kr. Séu þess konar skjöl þinglesin við landsyfirdóminn, skal gjalda 4 krónur.

26. gr.

Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða bréf um haft á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eftir því, hvort útgefandi þess hefir sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálmun finst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildar-brest hans eða um hið áður lesna heftingarbréf, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 1 kr. og aldrei meira en 3 kr., þegar fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gera hana.

27. gr.

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbréfabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabréfið, skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 1 kr. og eigi meira en 6 kr.; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbréfabókunum um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni liggja, og skal hann gjalda fyrir það 2 kr.

Vottorð þau, er stjórn landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr.

Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hina fyrstu þinglýsing, en fyrir hinar síðari hálft gjald fyrir hverja. — Fyrir skjöl, er þinglesin eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

30. gr.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriftargerðum þeim á eigum þurfalinga og stjórnarráðs-úrskurðum um sviftingu á fjárforræði þeirra, sem greinir um í 56. og 57. gr. fátækralaganna 10. nóvbr. 1905.

4. kapituli.

Um skiftagjöld.

31. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiftaráðandi eða skiftaforstjóri án dómsvalds

fer með og lýkur skiftum í, skal greiða í skiftagjöld 1½ % af öllum eigum búsins án tillits til skulda, er á því liggja.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 100 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:

þegar eigur búsins eru eigi meiri en 1000 kr.... ... . 2 kr.
Séu þær meiri en 1000 kr. . ... 4 —

33. gr.

Nú tekur skiftaráðandi bú til skiftameðferðar, en framselur það síðar erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiftafundi, helming, ef það fer fram seinna, en þó ekki síðar en á fyrsta skiftafundi eftir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til fullnaðarskifta.

34. gr.

Þá er skiftaráðendur eða skiftaforstjórar lúka skiftum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiftalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sé rétt talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskifta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eftir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiftaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, séu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiftalaganna skyldir til, að láta skiftaráðanda í té skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda að drengskap viðlögðum, yfir eigur búsins og skuldir; og má dagsektum beita, komi þeir eigi með hana. Hið sama er, þegar bú hefir verið tekið til opinberrar skiftameðferðar, en er framselt því hjóna, er eftir lifir, til þess að sitja í óskiftu búi. Nú hefir einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu á móti betri vitund landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefir verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kapituli.

Um gjöld fyrir uppboðsgerðir.

35. gr.

Almenn uppboðslaun, er ávalt skal greiða, nema þar sem eftirfarandi greinir veita heimild til annars, eru 5 af hundraði.

36. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo

og þilskip, — séu þau eigi ósjófær — hlutabréf, skuldabréf og aðrar skuldakröfur, leigumálaréttur og önnur þess konar réttindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af fyrstu 10,000 kr.	$2^1/_2$%
af fjárhæð yfir 10,000 kr. til 20,000 kr.	2 —
af fjárhæð yfir 20,000 kr. til 100,000 kr.	$1^1/_2$—
af fjárhæð, sem er meiri en 100,000 kr.	1 —

Þegar leigumálaréttur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr.

Nú eru verzlunarvörur seldar við uppboð, og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af fjárhæð þeirri, sem uppboðið nemur meira en 1000 kr., en af fyrstu 1000 kr. skal ætíð greiða fult gjald eftir 35. gr., ákveðin eins og hér segir:

af fjárhæð frá 1,000 kr. til fullra 2,000 kr.	4 %
af fjárhæð meiri en 2,000 kr. til fullra 5,000 kr....	3 —
af fjárhæð meiri en 5,000 kr. til fullra 10,000 kr. ..	2 —
og af fjárhæð, sem nemur meira en 10,000 kr. ...	1 —

38. gr.

Þegar þess er krafist, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eftir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gera, ef unt er, 8 dögum áður uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið er birt nema í kaupstað þeim eða hreppi, er halda á það í, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleiri næstu hreppum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðs-auglýsingunum er útbýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sé eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeiganda í þessum atriðum, eða séu þeir á skiftum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og hafa tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 2 kr.

39. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 36. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 5 krónur fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sérstakan hlut i einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 10 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

40. gr.

Fyrir uppboð á ertirlátnum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða, og eigi heldur, þegar landsbankinn lætur þjóna sína selja við uppboð verðbréf þau og annað, er hann hefir fengið að handveði.

41. gr.

Þegar hreppstjórar halda lítilfjörleg uppboð í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eftir ákvæðum í lögum nr. 33, 13. desbr. 1895.

42. gr.

Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefir verið við uppboð, skal gjalda 4 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2,000 kr., 8 kr. ef það er meira en 2,000 kr., og fer þó eigi fram úr 6.000 kr., en 12 kr. ef það fer þar fram úr.

43. gr.

Nú hefir uppboðs beiðst verið hjá uppboðshaldara og séð hefir verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aftur, og skal þá að eins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 38. gr.; en sé beiðnin eigi kölluð aftur fyr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 5 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

44. gr.

Fyrir undirboðsþing skal greiða 5 kr. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., í sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, 33. gr., lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 26. gr., lögum s. d. um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað, 27. gr.. lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 27. gr., og lögum nr. 75, 22. nóvbr. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 28. gr.

45. gr.

Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gæta, ef svo ber undir, að kaupanda verður gert að skyldu að greiða hann, að hann sé þá skoðaður svo sem viðbót við boð þau, sem gerð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu, að viðbættum þessum kostnaði.

6. kapituli.

Um nótarialgjöld.

46. gr.

Fyrir afsögn á víxli, er nótarius gerir fyrir samþykkisbrest eða greiðslufall, skal gjalda eins og hér segir:

Þegar víxilinn nemur 500 kr. eða minni fjárhæð .... 2 kr.
— — — meira en 500 kr. alt að 1000 kr. .... 3 kr.

og svo einni krónu hærra fyrir hvert þúsund upp í 10000 kr. og er þá gjaldið 12 kr., enda hækkar ekki úr því.

Gjald þetta skal greiða, ef gjörðin hefir verið byrjuð, enda þótt gjörðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta.

47. gr.

Fyrir aðrar afsagnargjörðir, svarkröfur, stefnubirting, er nótarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gjörðir skal gjalda 4 krónur.

Nú skal framkvæma einhverja af gjörðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 46. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fult gjald á hinum fyrsta stað, en aðeins 1 krónu fyrir hvern hinna staðanna, sem gjörðin fer fram á eftir kröfu gjörðarbeiðanda.

48. gr.

Fyrir að bera eftirrit saman við frumritið og staðfesta það skal gjalda 50 aura fyrir hverja örk eða minna, sem eftirritið nemur, þegar það er ritað, eins og að lögum á að vera

49. gr.

Þegar gerður er samningur, arfleiðsluskrá, umboðsskjal eða aðrir þess konar gjörningar fyrir nótarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það nótarial-vottorð í lögmætu formi, skal gjalda fyrir það 2 krónur.

50. gr.

Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipskaðabætur, skal gjalda 10 kr.

7. kapituli.

Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

51. gr.

Fyrir að gefa út vegabréf skal gjalda 50 aura fyrir hvern þann, er vegabréfið hljóðar um, en 1 krónu, sé ferðinni heitið til útlanda.

52. gr.

Fyrir sérhvert mál eða kvarða, sem bæjarfógeti eða sýslumaður löggildir og brennimerkir, skal gjalda 1 krónu.

53. gr.

Fyrir skipstjóraskírteini skal gjalda 10 kr.

54. gr.

Fyrir að löggilda og setja innsigli á verzlunarbók skal gjalda 5 krónur, en fyrir að löggilda viðskiftabók 50 aura, hvort sem hún er stór eða lítil.

55. gr.

Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 25 aura af hverri smálest af rúmi skipsins þannig að $^1/_2$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því sem minna er en $^1/_2$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Af skipum frá öðrum löndum í veldi Danakonungs, sem koma hingað eingöngu til fiskiveiða, skal gjalda 25 aura af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau koma á.

56. gr.

Fyrir að mæla skip samkvæmt tilskipun 25. júní 1869 skal gjalda:

a) þegar mælingin fer fram eftir fullkomnari aðferðinni, og hefir þó eigi verið við hendina eldra mælingarbréf, er út hefir verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri fyrirmælum ..... 20 aura
b) ætíð endranær ..... 10 —

fyrir hverja smálest skipsins eftir hinu nýja mælingarbréfi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20. gr. laga 13. des. 1895 um skrásetning skipa, skal gjalda 2 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er skýringa um.

57. gr.

Fyrir eftirlit lögreglustjóra með útflutningum samkvæmt lögum nr. 3., 14. janúar 1876, skal gjalda 20 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

58. gr.

Fyrir að löggilda leiðarbók skal gjalda 4 kr., ef rúm í skipi er meira en 100 smálestir; ella 2 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 4. gr. farmannalaga 22. marz 1890 í leiðarbækur, er skilað hefir verið sökum tjóns, er skipið hefir beðið.

Fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 5. gr. sömu laga í leiðarbækur, sem skilað hefir verið að afstaðinni ferð, skal gjalda fyrir skip, sem stærra er en 100 smálestir, 3 kr., ef ferðin hefir eigi staðið missiri lengur, 4 kr. ef hún hefir staðið missiri lengur, en ekki ári lengur; en 5 kr., ef hún hefir staðið ári lengur. Nú er skip minna en áður er mælt, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er til tekið.

59. gr.

Fyrir lögskráning skipshafnar og afskráning skal gjalda 10 aura fyrir hvern mann, er lögskráður er eða afskráður.

60. gr.

Fyrir sjóferðapróf það, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd 14. janúar 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 10 kr.

61. gr.

Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðfluttra vínfanga, sem ræðir um í 6. gr. tollaga 8. nóvember 1901, skal gjalda 2 kr.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í 9. gr. sömu laga, um að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki en á land eru fluttir.

62. gr.

Fyrir að kveðja menn utan réttar til skoðunar- eða annara slíkra gjörða

skal gjalda 50 aura fyrir hvern þanu, er kvaddur er. Fyrir skipan tilsjónarmanns skal greiða 1 krónu.

63. gr.

Fyrir að gefa út leyfisbréf til lausamensku eftir lögum nr. 60 22. nóvember 1907, skal gjalda 2 kr.

64. gr.

Fyrir að gefa saman hjón í borgaralegt hjónaband, samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febrúar 1886, og fyrir eftirrit af þeirri athöfn skal greiða 5 krónur.

65. gr.

Fyrir vottorð um hvaðan vörur séu, fyrir áritun á vöruskoðunarvottorð og fyrir önnur þess konar vottorð, er einstakir menn æskja í verzlunar- og atvinnumálum, svo og fyrir áritun í embættis nafni skal gjalda 1 kr., að svo miklu leyti sem eigi er í þessum lögum ákveðið sérstakt gjald fyrir embættisverkið, eða það eftir öðrum lögum á að vera ókeypis.

8. kapituli.

Almenn fyrirmæli.

66. gr.

Á öll þau skjöl, sem eiunvað er goldið fyrir að gefa út eða rita á, eða snerta embættisgjörðir, sem hefir verið greitt fyrir eftir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sé brotið gegn þessu, varðar það sektum til landssjóðs, alt að 100 kr.

67. gr.

Allir embættismenn, sem heimta inn aukatekjur fyrir landssjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók. Skal dagbók þessi vera löggilt af stjórnarráðinu, og skal sá, er af þess hálfu rannsakar embættisfærslu valdsmanna, sérstaklega rannsaka hana og rita um það vottorð í bókina og gefa þess nákvæmar gætur, hvort hún sé rétt rituð, og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

68. gr.

Lög 2. febr. 1894 um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, eru úr gildi numin.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **254. Frumvarp**

til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í skuldamálum, þar sem skuldarhæðin nemur eigi meira en 50 kr., skal sáttanefnd kveða upp úrskurð, ef skuldheimtumaður krefst þess:

a. Þegar kærði kemur eigi á sáttafund, þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins, og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er meini honum það eða manni fyrir hann.
b. Þegar sáttanefnd hefir eftir árangurslausa sáttatilraun skorað á skuldunaut, að veita skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann viðurkennir afdráttarlaust að skylt sé honum að greiða hana, en vill þó eigi sættast, eða eigi er auðið að koma á sátt um ýms auka-atriði, svo sem greiðslufrest, vexti og ómaksþóknun til skuldheimtumanns og kostnað.

Sáttanefnd ritar í sáttabók og les fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumanns, svo og viðurkenningar skuldunauts og mótmæli hans.

2. gr.

Fyrirmæli 1. gr. gilda þó ekki:

a. Þegar skuldheimtumaður hefir gert það, til að tryggja kröfu sína, að hann hefir beitt kyrsetningu eða lögbanni, sem mótmælt er af skuldunaut.
b. Þegar fleiri en einn hafa kærðir verið við sáttanefnd um sömu skuld, og allir kannast eigi við að hún sé rétt.

3. gr.

Nú kemur kærandi eigi á sáttafund, og sáttanefnd hefir eigi ástæðu til að ætla, að lögleg forföll hamli, en kærði kemur þar og krefst þóknunar fyrir ómak sitt, og skal sáttanefnd þá ákveða honum með úrskurði hæfilega þóknun fyrir ómakið.

4. gr.

Úrskurð eftir lögum þessum ber sáttanefnd að kveða upp þegar á staðnum, ef auðið er, ella eigi síðar en á 14 daga fresti. Taka skal fram í úrskurðinum berum orðum, ef hann er upp kveðinn í viðurvist málsaðila.

Nú telur sáttanefndin málið eigi svo vaxið, að úrskurður verði kveðinn upp í því, og vísar hún þá málinu til dóms og laga ef kærandi krefst þess.

5. gr.

Skipa skal varasáttanefndarmann í hvert sáttahérað, og sezt sá í mál, ef annarhvor sáttanefndarmanna er við það riðinn, eða getur eigi setið í sáttanefndinni fyrir forföll eða af öðrum ástæðum, svo og er sáttanefndarmenn skilur á um málalok; þá ræður þeim afl atkvæða.

6. gr.

Nú telur sáttanefnd skuldheimtumann hafa rétt fyrir sér, og skal hún þá tiltaka í úrskurði sínum aðalfjárhæð þá, er greiða ber, og vexti, ef þeim ber og að svara, svo og ómakslaun til skuldheimtumanns og kostnað, að meðtalinni þóknun fyrir að koma á sáttafund, og skal þá meðal annars hafa hliðsjón á því, hvort skuldheimtumaður hefir átt fleiri málum en einu þar að gegna samtímis. Sama er og þegar þóknun er úrskurðuð eftir 3. gr.

7. gr.

Rita skal í sáttabók úrskurð sáttanefndar, og það er hún vísar máli til dóms og laga eftir 4. gr.

8. gr.

Úrskurði sáttanefndar má fullnægja með sama hætti og héraðsdómi, ef eigi er áfrýjað (sbr. 11. gr.). Fullnægingarfrestur skal vera 4 vikur, hafi málsaðilar eigi orðið á annað sáttir við nefndina, og ber að telja frest þann frá þeirri stund, er úrskurður var upp kveðinn, hafi það verið gert að málsaðilum viðstöddum; ella frá því er hann var birtur.

9. gr.

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist 1 króna til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örk hálfa eða þaðan af minna.

10. gr.

Nú er gert eftirrit af úrskurði til þess að áfrýja honum, og skal þá hafa í því öll skjöl, sem fram hafa komið í sáttanefnd, og alt það, er ritað hefir verið um málið í sáttabók.

11. gr.

Skjóta má úrskurði sáttanefndar og aðför eftir honum undir héraðsdóm réttan án nýrrar sáttastefnu, og má þar jafnan koma að nýjum skilríkjum, en mótmælum því að eins, að eigi fari í bág við það, er málsaðilar hafa við kannast frammi fyrir sáttanefnd og hún ritað í sáttabók að sáttatilraun árangurslausri og hafi málsaðili þá undirskrifað sáttabókina.

Áfrýja skal úrskurði sáttanefndar áður en liðnir séu 4 mánuðir frá því er hann var upp kveðinn, hafi málsaðilar verið viðstaddir, en frá birtingu hans ella. Sama er og um aðför eftir úrskurði sáttanefndar, og sé fresturinn talinn frá því er aðför var gerð.

12. gr.

Rétt er að hreppstjóri geri í umboði fógeta aðför og haldi nauðungaruppboð í skuldamálum, ef skuld fer eigi fram úr 100 kr., eftir þeim reglum, er þar eru um settar í lögum, og á hann fyrir gjald eftir 4. gr. í lögum 13. desember 1895, um breyting á 1., 5., 6. og 8. gr. í lögum 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annarra, sem gjöra réttarverk.

Nd. **255. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á fátækralögunum 10. nóvbr. 1905.

Nefndin hefir fallist á frumvarpið með þeirri einni takmörkun, að ekki sé vikið frá hinni almennu reglu fátækralaganna um skifting kostnaðar við framfærslu þurfamanna milli framfærslusveitar og dvalarsveitar, þegar um er að ræða kostnað við dvöl sjúklings í sjúkrahúsi eða hæli, fyr en sjúklingurinn hefir verið fulla tvo mánuði þar. Með því móti hyggur nefndin fyrirbygt, að dvalarsveit verði of ör á að koma þurfalingum fyrir á slíkum stöðum á kostnað framfærslusveitar.

Það hefir orkað tvímælis, hvort dvalarsveit væri rétt, að koma fyrir þurfaling á kostnað framfærslusveitar í sjúkrahús eða hæli utan dvalarsveitar. Jafnvel þótt nefndin telji þetta heimilt eftir fátækralögunum, hefir henni þótt rétt að koma fram með tillögu um lagafyrirmæli, er taki af allan efa í þessu efni. En til þess að fyrirbyggja það, að framfærslusveit verði um of íþyngt með þessu, þá er hér lagt til, að dvalarsveit beri þá sjálf kostnaðinn við flutning sjúklingsins á hælið eða sjúkrahúsið.

Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með þessum breytingum:

Við 1. gr.

1. Á eftir »sjúkrahúsi« bætist við: eða hæli.
2. Á eftir »læknishjálp« bætist við: fram yfir tveggja mánaða tíma.

Á eftir 1. gr. bætist við ný grein (2. gr.) þannig:

Jafnt er dvalarsveit heimilt, gegn endurgjaldi frá framfærslusveit, að koma þurfalingi í sjúkrahús eða hæli, þótt ekki sé það í dvalarsveitinni, en ekki á dvalarsveitin þá kröfu endurgjalds á kostnaði við flutning þurfalings á sjúkrahúsið eða hælið.

2. gr. verður 3. gr.

Alþingi, 21. marz 1911.

Ólafur Briem, formaður. Jón Magnússon, skrifari og framsm. Björn Kristjánsson.

Hálfdán Guðjónsson. Einar Jónsson.

Nd. **256. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóvbr. 1907, um vegi.

Frá Pétri Jónssyni.

1. gr. falli burt og greinartalan breytist eftir því.
5. gr. Orðin: »Stafliður a. . . . sömu gr.« falli burt.

Ed.

257. Frumvarp

til laga um skoðun á síld.

(Eftir 2. umr í Ed.).

1. gr.

Á svæðinu milli Horns og Langaness skal skoðun fara fram á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings og veidd er í herpinót eða reknet og söltuð er á landi eða við land.

Auk þess skal öllum á þessu svæði gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

2. gr.

Skoðun þessi skal framkvæmd af matsmönnum, yfirmatsmönnum eða undirmatsmönnum.

3. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert, skulu skipstjórar á þeim síldveiðaskipum, er veiða með herpinót eða reknetum á nefndu svæði, skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sé fyrir geymslu síldarinnar.

4. gr.

Landsstjórnin sér um að til séu eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

5. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi, sem veitt hefir síld sína með þeim veiðarfærum, er um getur í 1. gr. Skal flytja hana þangað, sem einhver matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra að tilkynna honum þegar um komu sína; má ekki byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaður hefir skoðað hana og metið. Meðan á söltuninni stendur, ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kynni að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda í lagarheldum tunnum.

6. gr.

Sé veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana á skipinu, eða án þess hún sé sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna síldveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi, þar sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem ræðir um í þessari grein, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar í lagarheldum tunnum.

7. gr.

Þegar skoðun fer fram á saltaðri síld og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í, ef þess er krafist. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum, má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sé áður af máð.

8. gr.

Yfirmatsmenn séu tveir, skipaðir af ráðherra. Annar þeirra hafi aðsetur á Akureyri, hinn á Siglufirði. Stjórnarráðið ákveður starfsvið þeirra og gefur þeim erindisbréf. Laun þeirra hvors um sig séu 1000 kr. árlega. En auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og tvær krónur í fæðispeninga, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns. Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr landssjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráðið gefur þeim erindisbréf, en yfirmatsmenn ákveða starfsvæði þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn og skal það greitt af útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—2000 kr. sekt, sem renna í landssjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1913.

Ed. **258. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sjúkrasamlög.

Eins og tekið var fram við flutning máls þessa fyrir háttvirti efri deild, er frumvarp þetta samið af landlækni Guðmundi Björnssyni, sem um undanfarin ár hefir lagt lofsvert kapp á það að veita þjóðinni haldgóðan fróðleik um fyrirkomulag sjúkrasamlaga og hvetja hana til þess að koma þeim upp. Hefir hann og samið með frumvarpinu ítarlegar athugasemdir og hefir nefndin orðið sammála um að birta þær hér, til fróðleiks og leiðbeiningar fyrir þá, er vilja kynna sér þetta mál, er eflaust horfir til mikilla heilla fyrir þjóðfélagið. Er því síður þörf á að fjölyrða um málið af hálfu nefndarinnar. En eftir nákvæma íhugun hefir hún fallist á flest atriði frumvarpsins og ræður því háttvirtri deild til þess að samþykkja það.

Þó eru nokkur atriði, er nefndin ræður til breytinga á.

Að svo stöddu þykir of langt farið að landssjóður leggi fram 2 krónur

fyrir hvern félaga í sjúkrasamlagi. Lang-sennilegast að slík samlög stofnist fyrst um sinn helzt í kaupstöðum landsins og þeim kauptúnum, sem læknar búa í, og nytu þá þessi kauptún og kaupstaðir allmikils fjárstyrks umfram landsveitirnar. Hins vegar er sjúkrakostnaður að öðru jöfnu lang-tilfinnanlegastur í landsveitum, vegna þess hve örðugt og kostnaðarsamt er að leita læknis. Af þessum ástæðum hefir nefndin orðið þeirrar skoðunar, að rétt sé að gera nokkurn greinarmun á landsveitum annarsvegar og kaupstöðum og kauptúnum hins vegar og leggja sjúkrasamlögum landsveitanna nokkuð hærri styrk fyrir hvern félaga en sjúkrasamlögum bæjanna.

Þá þykir það vafasamt, hvort rétt sé að láta ákvæðið um ákveðnar árstekjur ná til landsveita, ekki sízt vegna þess, hve örðugt þar er að ákveða árstekjur manna, enda nokkur hætta á því í fámenninu, að sjúkrasamlögin fái ekki hæfilega forstöðumenn, ef skilyrðin eru mjög þröng fyrir rétti manna til þess að vera í slíkum félögum. Þykir því réttara að skilyrðin nái að þessu leyti aðeins til kaupstaða og kauptúna þeirra sem læknir er búsettur í.

Þá virðist netndinni að rétt sé að heimila stjórnarráðinu að lögskrá sjúkrasamlög í sveitum, þótt eigi sé ákveðið í lögum þeirra að dagpeninga skuli greiða.

Samkvæmt þessu ræður nefndin til eftirfarandi breytinga:

1. Fyrri liður 2. gr. orðist svo:

Sjúkrasamlög eiga heimting á því, að þau séu lögskráð, ef þau fylgja fyrirmælum þessara laga, og ber þeim þá styrkur úr landssjóði, í kaupstöðum og kauptúnum, sem læknir er búsettur í, 1 króna, en annarsstaðar 1 króna 50 aurar árlega fyrir hvern félaga, sem árlangt hefir greitt iðgjald í samlagssjóð.

2. Við 3. gr.

2. liður c. orðist svo:

Sé hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 1200 kr. að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn, innan 15 ára, sem hann framfleytir.

3. Við 5. grein.

Síðari liður annarar greinar orðist svo:

Utan kaupstaða og kauptúna, sem læknir er búsettur í, getur og stjórnarráðið leyft að dagpeningar falli niður með öllu, og einnig í kaupstöðum og kauptúnum, ef um giftar konur er ræða, eða vistráðin hjú, eða aðra þá, sem halda kaupi sínu, þó að þeir séu frá verki vegna veikinda.

Efri deild alþingis, 21. marz 1911.

Eiríkur Briem.	Sigurður Hjörleifsson,
formaður.	skrifari og framsm.

Stefán Stefánsson.

Athugasemdir landlæknis við frumvarp til laga um sjúkrasamlög.

Eg skal ekki fjölyrða um nauðsynina á sjúkrasamlögum, en leyfi mér að vísa til ritgerðar minnar »Um sjúkrasamlög«, sem hér með fylgir (fskj. 1); þar hefi eg gert ljósa grein fyrir þessari nauðsyn og skýrt frá því, *á* hvern rekspöl sjúkrasamlög eru komin í öðrum löndum; þar hefi eg fært rök fyrir því, að hér á landi er engu minni þörf á sjúkdómstryggingu og engu minni líkur fyrir því, að hún gæti þrifist.

Eg hefi kynt mér lög annara þjóða um sjúkrasamlög, sérstaklega dönsku lögin, »Lov af 12. April 1892 om anerkendte Sygekasser«, og svo hin nýju norsku lög, »Lov om sykeforsikring av 18. september 1909«.

En eg tel óráðlegt að setja hér að svo komnu svo flókin og margbrotin lög sem þessi eru. Bæði í Danmörku og Noregi voru sjúkrasamlög komin á stofn löngu á undan lögunum og höfðu náð miklu fylgi, þegar þessi lög voru sett um eftirlit með þeim og styrkveitingu úr ríkissjóði. Þar var fengin mikil reynsla og orðnar til margar venjur, sem lögin urðu að taka tillit til og laga sig eftir.

Hér á landi eru sjúkrasamlög óþekt, að heita má, lítil sem engin reynsla fengin og áhugi alþýðu á þessu nauðsynjamáli mjög daufur.

Hér er því sú þörfin brýnust, að hvetja alþýðu manna til þess að koma á fót sjúkrasamlögum með loforði um styrk til þeirra, en hins vegar réttast, að mínu áliti, að hafa lögin um þvílíkan styrk sem allra rýmst, til þess að samlögin geti þroskast fullum og frjálsum fetum með vaxandi reynslu.

En tvö eru þau mikilsverð atriði, sem eg verð að minnast á nánar.

Meðal þeirra fáu manna hér á landi, sem hafa íhugað þetta mál, eru ýmsir þeirrar skoðunar, að réttast sé að gera allri alþýðu manna að skyldu að tryggja heilsu sína.

Þessum mönnum get eg ekki verið samdóma.

Alstaðar í öðrum löndum hefir alþýða manna skapað sjúkrasamlögin í fyrstu af frjálsum vilja, af umhyggju fyrir hagsmunum sínum og sjálfstæði, af forsjálni og fyrirhyggju. Þar sem þessi frjálsu sjúkrasamlög hafa náð miklum viðgangi, hefir ríkið tekið að styrkja þau. Einar tvær þjóðir eru komnar svo langt að lögskipa efnalitlum mönnum sjúkdómstrygginguna. Það eru Þjóðverjar og Norðmenn. En þar hefir þessi lögskipun ekki komið almenningi á óvart, heldur verið eðlilegt spor á löngu förnum framfaravegi. Hér mundu þvílík lög koma þjóðinni öldungis á óvart, líklega valda miklum vandræðum, vekja mikla óánægju, vegna vanþekkingar þjóðarinnar á þörf og gagnsemi sjúkrasamlaga, og efalaust verður mjög erfitt að koma í verk allsherjar sjúkdómstryggingu í einni svipan.

Eg tel því miklu réttara og hollara að vekja alþýðu til umhugsunar um þetta mál með loforði um riflegan styrk. Það mun eflaust takast. Og þá munu sjúkrasamlögin rísa upp smámsaman og taka jöfnum og eðlilegum þroska.

Öðru máli er að gegna við þá menn, sem óttast að sjúkrasamlögin muni íþyngja landssjóði um of.

Þeim er því að svara, að engar minstu líkur eru til þess, að sjúkrasamlögum mundi fjölga mjög ótt, þó að þeim væri heitið riflegum styrk, og þó svo færi, þá er ekki um stórfé að ræða, miðað við þessa miklu þjóðarnauðsyn. Í Danmörku og Þýzkalandi eru sjúkrasamlög í beztu gengi. Þar eru þó ekki í sjúkrasamlögum nema um 30% þeirra manna, karla og kvenna, sem eru eldri en 15 ára. Hér á landi eru, árið 1908, taldar 51447 manneskjur eldri en 15 ára. 30% af þeim fjölda er 16334. Ef sjúkrasamlög yrðu bráðlega hér á landi jafn-algeng og þar sem þau eru algengust utanlands, og styrkurinn úr landssjóði 2 kr. á hvern hluttækan samlagsmann, þá yrði þessi styrkur þó ekki nema rúm 30 þúsund krónur á ári.

Þess mun langt að bíða. En ef þar að kæmi, þá mundu líka margfalt færri verða ósjálfbjarga en nú gerist, þá mundu sveitaþyngslin margfalt minni en nú og allur hagur þjóðarinnar miklu betri.

Við 1. gr.

Það er höfuðeinkenni sjúkrasamlaga að þau eru tryggingarfélög, eða ábyrgðar, líkt og lífsábyrgðarfélög o. þ. u. l. Hver hluttækur félagi greiðir tiltekið iðgjald og öðlast tiltekin réttindi. Fyrir þá sök eru þau miklu geðfeldari alþýðu manna en styrktarsjóðir,

þar sem allir greiða sama iðgjald, en þeir einir njóta hlunnindanna, sem bágstaddastir eru, og verða að sækja um þau líkt og sveitarstyrk.

Við 2. gr.

Styrkur úr landssjóði til sjúkrasamlaga verður að vera skilyrðum bundinn, því til tryggingar, að hann komi að tilætluðum notum. Það er tilefni laganna að setja þessi skilyrði, ella mætti veita styrkinn í fjárlögum.

Stjórnarráðið verður að sjálfsögðu að skera úr því, hvort sjúkrasamlag er styrks vert.

Það er vandamál og íhugunarefni, hvernig bezt verður háttað yfirstjórn sjúkrasamlaga og aðgæzlu á þeim.

Í Danmörku er skipaður sérstakur embættismaður til að hafa þennan starfa á hendi og nefndur »Sygekasseinspektör«. Í Noregi er »Riksforsikringsanstalten« sett yfir sjúkrasamlögin.

Hér á landi getur ekki komið til mála fyrst um sinn að gera þennan starfa að sérstöku embætti, heldur verður að reyna að koma eftirlitinu fyrir á annan ódýrari hátt. Mér virðist þá um tvent að velja: Stjórnarráðið (3. skrifstofa) eða landlæknir. Landlæknir hefir nú tvö erfið embætti á hendi; hann er landlæknir og hann er forstöðumaður læknaskólans. Á hann er engu bætandi. Þess vegna verður að snúa sér að stjórnarráðinu.

Við 3. gr. Við 1. staflið.

Í öðrum löndum er hverju samlagi jafnan markað svæði; en þar er hverri atvinnustétt t. d. steinsmiðum, trésmiðum, prenturum o. s. frv., leyft að hafa samlag fyrir sig. Þessi stéttasamlög eru þó óðum að fækka og mér virðist engin ástæða til að gera ráð fyrir þeim hér á landi.

Það má vera, að sumir telji ráðlegra að sjúkrasamlög nái yfir stór svæði, t. d. heila sýslu, og það er satt, að samlögin verða þeim mun máttarmeiri sem þau eru fjölmennari. En aftur er þess að gæta, að ábyrgðartilfinning og umhyggja hvers einstaks manns verður þeim mun meiri, sem félagsskapurinn er minni um sig, og nauðsynlegar gætur félagsmanna hvers á öðrum miklu auðveldari. Í öðrum löndum er reynsla fengin fyrir því, að hollast er að hafa hvern hrepp fyrir samlagshérað, þó svo að stórum hreppum geti orðið skift í 2 eða fleiri samlagshéruð, eða mjög litlir hreppar sameinaðir.

Eg hygg að þetta mundi einnig gefast bezt hér á landi og eiga bezt við landsháttu og hugsunarhátt alþýðu.

Þegar fjölgar sjúkrasamlögum, verður nauðsyn að koma þeim í eitt allsherjar samband, eins og gert hefir verið í öðrum löndum, í því skyni, að hver samlagsmaður, sem flytur í annað samlagshérað, geti umsvifalaust orðið hluttækur félagi samlagsins í því héraði, sem hann flytur í.

Við 2. staflið.

Það er eitt nauðsynlegt skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði að sjúkrasamlögin geri sér ekki mannamun, heldur taki við öllum, sem þess eru verðir, bægi engum frá, sem hefir þörf á að tryggja heilsu sína og brestur ekki skilyrði til að njóta styrksins úr landssjóði.

Þá er það allsherjar reynsla, að krankfeldni manna eykst með aldrinum. Þess vegna er illgerlegt að s k y l d a ung og fámenn sjúkrasamlög til þess, að taka við mjög rosknum mönnum. Að því lýtur 2. stafliður, b, í 3. gr. En ekkert er því til fyrirstöðu að sjúkrasamlög, ef þau sjá sér fært, megi taka roskna menn, og það því fremur ef iðgjaldið er haft hærra fyrir þá (sbr. 3. staflið).

Menn hafa fært í tal hér á landi að öllum eigi að vera frjálst að ganga í sjúkrasamlög, jafnt ríkum sem fátækum.

Það er nú auðvitað mál, að öllum mönnum er frjálst að tryggja sig gegn sjúkdómum og stofna félög í því skyni, að setja sjúkdómstryggingu. Og þar sem jafnan er hætt við að efnalitlir menn verði upp á aðra komnir, ef þeir sýkjast, þá er það auðsær hagur fyrir þjóðfélagið, að styrkja þá til þess, að kaupa sér ábyrgð á því tjóni, sem veikindi valda. Hins vegar er engin nnuðsyn á því, að efnuðum mönnum sé veittur styrkur af almanna fé til að standast veikindakostnað sinn, eða kaupa sér sjúkdómstryggingu.

Þess vegna er sjálfsagt að styrkja ekki önnur sjúkrasamlög en þau, sem eingöngu eru ætluð efnalitlum mönnum, og þeirri reglu er þá líka fylgt alstaðar í öðrum löndum.

Hverjir eru efnalitlir, svo að þeir séu þessa styrks þurfandi?

Það er álitamál.

Í Danmörku er mönnum leyft að vera í lögskráðum, styrkþiggjandi sjúkrasamlögum, ef árstekjur þeirra fara ekki fram úr:

Í Kaupmannahöfn 1800 kr., að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára;

í öðrum bæjum 1200—1400 kr. með sömu viðbót;

í sveitum 800—1000 kr. með sömu viðbót.

Þar er mönnum ekki leyft að vera í lögskráðum sjúkrasamlögum, ef skuldlausar eignir þeirra nema meiru en 5000 kr. (Sygekasseinspektoratets Skrivelse af 5. Febr. 1900).

Í Noregi er vinnufólk og starfsfólk skyldugt að tryggja sig gegn sjúkdómum, ef árstekjur fara ekki fram úr 1200 kr. til sveita, eða 1400 kr. í bæjum. Þar er og öðrum frjálst að vera í lögskráðum sjúkrasamlögum, ef árstekjur nema ekki meiru en 800 kr. til sveita og 1000 kr. í bæjum, og eigur ekki meiru en 7000 kr. til sveita, eða 10000 kr. í bæjum (Lov om Sykeforsikring av 18. sept. 1909).

Í Þýzkalandi er tekjutakmarkið 1800 kr.

Það er nú álitamál, hver efnahagstakmörk eru hentust og sanngjörnust hér á landi. Í frumvarpinu er farið bil beggja, þess sem tíðkast í Danmörku og Noregi.

Sjúkrasamlög eru aldrei eins kröfuhörð um heilbrigði manna eins og lífsábyrgðarfélög, en ekki hlýðir að taka í sjúkrasamlög menn, sem eru heilsulausir, eða heilsa þeirra á fallanda fæti, eða bráðveikir af einhverri farsótt, er þeir beiðast viðtöku. Það er mjög áríðandi fyrir sjúkrasamlög að verjast því, að menn sæki þá fyrst og komist í þau, er þeir hafa tekið einhvern sjúkdóm, svo að þeir verða samlaginu þegar að þungri byrði.

Við 3. staflið.

Um 3. staflið í 3. gr. er það að segja í viðbót, að sjúkrasamlögum getur verið mikill styrkur í að fá fyrir félaga menn, sem greiða einhver árstillög, þó lág séu, en engrar tryggingar njóta. Í útlendum samlögum hefir aldrei orðið margt um þessa hlutlausu félaga. En það hefir oft borið við, að efnaðir menn og mikilsmegandi hafa gerst hlutlausir félagar í sjúkrasamlögum í því skyni, að efla vöxt þeirra og viðgang.

Við 4. staflið.

Sjúkrasamlög eru ekki á viti bygð, ef þau eru mjög fámenn. Þau eru þeim hinum sömu lögum háð og öll önnur ábyrgðarfélög, að því minni sem þau eru, þeim mun valtari er tryggingin, þeim mun hættara við gjaldþroti.

Í Noregi þykir ekki hlýða að færri séu saman í samlagi en 100. Í Danmörku hafa verið lögskráð sjúkrasamlög með 50 hluttækum félögum. Eg tel ekki hættulaust að lækka þá tölu.

Við 5. staflið.

Í 5. staflið 3. gr. er tekið til hver hlunnindi sjúkrasamlög skuli veita hluttækum félögum.

Venjulegur kostnaður, sem af veikindum hlýzt, er þessi: 1) lækniskostnaður, 2) lyf, 3) sjúkrahúsvist, 4) atvinnutjón.

Þar sem sjúkrasamlög njóta styrks af almannafé, er jafnan heimtað að þau veiti tryggingu fyrir ókeypis læknishjálp og sjúkrahúsvist, ef þörf gerist, og það jafnt handa hinum hluttæka fjelaga sjálfum, sem og börnum hans innan 15 ára, ef þau eru heima hjá honum og á hans vegum. En efnalausum manni er þetta ekki nóg, sízt ef hann á fyrir öðrum að sjá. Þess vegna er tryggingin ekki talin fullnæg, nema henni fylgi dagpeningar til handa hluttækum samlagsmönnum, er falla frá vinnu vegna veikinda.

Um lyfjakostnað er það að segja, að víðast er samlögunum í sjálfsvald sett, hvort hann skal felast í tryggingunni að öllu, eða einhverju, eða engu leyti.

Hér er nú margs að gæta.

Það þykir ekki nauðsynlegt að heimta dagpeningatryggingu handa unglingum milli 15 og 18 ára. Þeir eiga sjaldan fyrir öðrum að sjá og þeir fá að jafnaði lægra kaup en fullorðnir menn, eiga því erfiðara um vik að greiða há iðgjöld. Yfir höfuð er þörfin á

dagpeningum mjög misjöfn og því nauðsynlegt að binda ekki kröfuna um þá of föstum skilyrðum.

Þeir sem þurfa dagpeninga hafa og ekki allir jafnmikla þörf á þeim.

Þess vegna er hentast að menn ráði því sjálfir, hversu háa þeir hafa þessa tryggingu. Er þá sett lágmark og hámark eins og hér er gert, lágmarkið af því, að margur mundi verða ósjálfbjarga þrátt fyrir heilsutrygginguna, ef henni fylgdu engir dagpeningar, en hámarkið til þess, að enginn sjái sér hag í því að vera veikur.

Það er að vísu eðlilegast að lyfjakostnaður sé í tryggingunni, en reynsla er fyrir því annarsstaðar, að lyfjakostnaður samlaga verður miklu mestur, ef samlagið borgar hann allan, og mun minni, ef sjúklingarnir eiga sjálfir að greiða einhvern hlut af honum, t. d. 1/4 eða 1/5. Réttast þykir að láta hvert samlag ráða þessu.

Þá er enn eitt og það er aðalatriði: Sjúkrasamlög eiga að veita sjúkdómstryggingu, en ekki öryrkjatryggingu eða ellitryggingu. Það er því sjálfsagður hlutur, að setja verður tímatakmörk fyrir tryggingarskyldu hvers samlags, og jafnaðsætt, að því lengri sem tryggingartíminn er fyrir áframhaldandi veikindi, þeim mun hærri verða iðgjöldin að vera,' [sbr. fskj. I, bls. 7 og 12; fskj. II, bls. 11].

Það gæti komið til mála að setja í þessa grein ákvæði um það, hvað tryggingartíminn megi vera styztur, en eg tel þess ekki þörf, því að ungum sjúkrasamlögum hættir jafnan að við reisa sér hurðarás um öxl, hafa tryggingartímann fremur of langan en of stuttan.

Við 6. tölulið.

Í 6. tölulið 3. greinar er ráð séð fyrir því, að samlögin fari sér ekki að voða, hafi ekki tryggingunа hærri eða til lengri tíma en svo, að iðgjöld félagsmanna geti jafnast á við útgjöldin.

Við 4. gr.

Þar er gert ráð fyrir að stjórnarráðið semji fyrirmynd að samþyktum handa sjúkrasamlögum. Þess konar fyrirmyndarsamþyktir hafa verið gefnar út í öðrum löndum alstaðar þar sem sjúkrasamlögin njóta styrks úr ríkissjóði Þær eru mjög nauðsynlegar og gagnlegar. Þessar útlendu samþyktir eiga þó ekki að öllu leyti við íslenzka þjóðarhætti og landshætti. Eg leyfi mjer þar að vísa á ritgerð mína »Um starf og stjórn sjúkrasamlaga«, sem kom út í »Skirni« í fyrra, og læt hana fylgja [fskj. II.]. Enn fremur eru hér með lög nýstofnaðs sjúkrasamlags í Reykjavík, sem eg hefi unnið að [fskj. III.].

Við 5. gr.

Eg tel nauðsynlegt að láta þess getið, að styrkurinn sé bundinn því skilyrði að hvert samlag sé allajafnan í samræmi við lögin.

Að lokum vil eg vekja athygli á því, að víða í öðrum löndum er vinnuveitendum og sveitasjóðum gert að skyldu að styrkja lögskráð sjúkrasamlög. Á þetta er drepið í ritgerð minni »Um sjúkrasamlög« [fskj. I, bls. 5—8].

Norsku lögin, sem nefnd hafa verið, eru yngri en þessi ritgerð.

Í þeim (31. gr.) er ákveðið að iðgjöld þeirra samlagsmanna, sem skyldir eru að vera í sjúkrasamlögum, skuli skiftast þannig, að hver samlagsmaður (vinnumaður, starfsmaður) greiði sjálfur 6/10 af iðgjaldi sínu, vinnuveitandi 1/10, sveitarsjóður 1/10 og ríkissjóður 2/10. Um iðgjöld þeirra sem m e g a vera í sjúkrasamlögum þar, en eru ekki lögskyldir til þess, (sbr. aths. við 3. gr.), er ákveðið, að samlagsmaður sjálfur greiði 7/10 iðgjalds síns, sveitarsjóður 1/10 og ríkissjóður 2/10.

Þetta eru skynsöm ákvæði. Það er sannarlega réttmætt að heimta tillög úr sveitasjóðum til lögskráðra sjúkrasamlaga, því að alstaðar létta samlögin stórum sveitarbyrðina.

En eg er í vafa um, hvort það mundi gefast vel, að lögleiða tillag úr sveitarsjóðum þegar í stað.

Það er íhugunarefni.

Eg hefi lagt til að byrjað sé að veita tiltekinn styrk úr landssjóði, af því að mér

virðist það ráðið vænlegast til að vekja áhuga alþýðunnar. Ef ekkert tillag er heimtað úr sveitasjóðum, þá ætti, finst mér, að fella úr gildi þann landssjóðsstyrk, sem veittur er með 77. gr. fátækralaga 10. nóvember 1905.

Sjúkrasamlög eru vandasamt mál. En það er bót í máli fyrir oss Íslendinga, að mikil reynsla er þegar fengin hjá frændþjóðum vorum, sem oss eru líkar um alla hluti.

Þá reynslu verðum vér um fram alt að reyna að færa oss í nyt, ef vel á að fara.

Reykjavík 4. nóv. 1910.

G. Björnsson,
landlæknir.

Nd. **259. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884. (þingskj. 169).

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum í fyrstu málsgrein: »fjórðu hlutum kostnaðarins« komi: Sé jörðin þjóðeign, svarar umboðssjóður til húsabóta en kirkjujarðasjóður á kirkjujörðum.
2. Við 6. gr. Í staðinn fyrir málsliðina: »Ef engjum . . . . . er gera skiftin« komi:

Ef tveir eða fleiri ábúendur eiga saman til afnota engi eða slægjur í bithaga, getur hver þeirra um sig krafist skifta á þeim til slægna. Sama er og um þann hluta bithaga, sem taka á til ræktunar, enda sé hann í samhengi við tún jarðarinnar eða girtur gripheldri girðing. Einnig getur ábúandi krafist skifta á sameiginlegu beitilandi gegn því, að hann girði landið innan tveggja ára. Til skifta þessara skal sýslumaður dómkveðja tvo menn óvilhalla.

Nd. **260. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skógrækt (þgskj. 57).

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. Fyrirsögnin verði: Frumvarp til laga um skógrækt og sandgræðslu.
2. Við 1. gr.: Effir orðið »skógarleifar« í 2. línu komi inn í: og kjörr.
   Fyrir »skógs« í 3. línu komi: skógar.
3. Við 2. gr.: Eftir »skógrækt« í 3. línu bætist: og sandgræðslu.
   Fyrir: »2400« komi: 3000.
4. Við 3. gr.: Fyrir: »tveir« í 1. línu komi: fjórir.
5. Við 5. gr.: Greinina skal svo orða:

Nú vill maður höggva skóg eður kjarr, og skal hann þá höggva

innan úr á við og dreif, svo að grisjist að eins skógurinn eða kjarrið. Ekki má berhöggva, nema landið sé tekið til ræktunar, eða til engis, með leyfi skógræktarstjóra. Hrísrif er bannað. Ekki má heldur taka lyngtegundir, mosa né meltágar án samþykkis skógræktarstjóra eða skógarvarðar. Banna má skógræktarstjóri og skógarverðir að rífa eða höggva fjalldrapa og víði, ef ætla má að það valdi uppblæstri lands eða venjulegum skemdum.

6. Við 7. gr.: Fyrir: »ferhyrningsmetra« komi: ferstikur.
7. Eftir 7. gr. komi ný grein:

8. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna sér fyrirskipanir þeirra um meðferð á skógi og kjarri og um sandgræðslu. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 4 krónur um daginn, er greiða skal úr landssjóði.

8. 8. gr. verður 9.
9. Við 9. gr., sem verður 10. gr.: Fyrir »hektara« í 2. línu komi teigur. Orðið »vera« í 3. línu falli niður.
10. 10. gr. verður 11. gr.
11. Ný gr., sem verður 12. gr.:

Skylt er skógræktarstjóra og skógarvörðum að láta mönnum í té leiðbeiningar um, hversu hefta skal landbrot, jarðfok eða sandfok. Ábúendum jarða er skylt að segja skógarvörðum eða skógræktarstjóra til um ný landspjöll, en þeir skulu gefa stjórnarráðinu skýrslu um þau, svo að ráðstafanir megi gera til þess að hefta þau eða bæta, ef uggvænt þykir að þau séu héraðshætta.

12. 11. gr. verður 13. gr.
13. 12. gr. verður 14. gr.
14. 13. gr. verður 15. gr.
15. 14. gr. verður 16. gr.

Ed. **261. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.

Frá Gunnari Ólafssyni.

1. Í stað orðanna: »Að norðan Heimaklettur . . . . . í Hástein« komi: Að norðan Hörgseyri, vestur og norður með Heimakletti í Dranga fyrir norðan Eiði, þaðan í norðanvert Klif og með fjallsrótum Klifs í Hástein.
2. Seinni málsgrein frumvarpsins verði 2. gr.

Nd. **262. Frumvarp**

til laga um framlenging á friðunartíma hreindýra.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Friðunartími hreindýra, sem ákveðinn er með lögum nr. 42, 8. nóvember 1901, skal framlengdur til 1. janúar 1917.

Nd. **263. Breytingartillaga**

við frumvarp til hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

Fyrsta grein frumvarpsins orðist þannig:

Til hafnargerðar í Reykjavík veitast úr landssjóði 600,000 krónur, gegn því, að Reykjavíkurbær leggi fram kostnaðinn að öðru leyti, væntanlega 1,000,000 krona, og að 1/4 hluti ágóðans af hreinum tekjum af höfninni renni í landssjóð. En þessar 600,000 krónur greiðast bæjarstjórn Reykjavíkur smámsaman, þó ekki yfir 60,000 kr. á ári.

Nd. **264. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga á þingskjali 228.

Flutningsm.: Jón Jónsson þm. S.-M.

a. Orðin: »og konur« í 2. línu 10. gr. falli burtu.
b. Milli fyrri og síðari málsgreinar 10. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:
   Allar konur skulu og fá kosningarrétt með sömu skilyrðum og karlar.
c. Aftan við Ákvæði um stundarsakir bætist nýr 3. töluliður svohljóðandi:
   3. Þegar stjórnarskipunarlög þessi eru gengin í gildi, skal, þegar alþingiskjörskrá er samin næsta sinn, setja á hana allar konur, sem eru orðnar 40 ára að aldri, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum kosningarréttur, sbr. 10. gr. Næsta ár skal á sama hátt bæta við þeim konum, sem eru 39 ára, og svo framvegis lækka aldursmarkið um eitt ár á hverju ári, til þess er allar konur hafa náð kosningarrétti, jafnt sem karlar.

Nd. **265. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910—1911.

Frá Sigurði Sigurðssyni, Einar Jónssyni og Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 5. gr. B. I—III. Liðurinn orðist þannig:

Til þess að háskóli Íslands geti tekið til starfa 1. október þ. á., skal veitt svo mikið fé, sem nemur mismuninum á kenslulaunum þeim, sem nú eru greidd kennurum prestaskólans, læknaskólans og lagaskólans, og þeim kenslulaunum, sem gjalda skal kennurunum í fjórum deildum háskólans alt að 3,500 kr.

Nd. **266. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þskj. 221.

Frá meiri hluta prentsmiðjunefndarinnar.

1. Við 1. breyttill.: »Atvinnugjald — landssjóðs« falli niður.
2. Við 3. gr.: »landssjóði« í 2. línu í 3. kafla 3. gr. falli niður.
3. — - — »og rennur — landssjóð« í 6.—7. línu sama kafla sömu gr. falli niður.
4. Við 4. gr.: Orðin »er rennur í landssjóð« í 3. kafla 4. gr. falli niður.
5. Aftan við 4. gr. komi ný málsgrein:

Atvinnugjald og sektir samkvæmt lögum þessum renna í »Háskólasjóð».

Ed. **267. Frumvarp**

til laga um vita, sjómerki o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Vita, leiðarljós, sjómerki, dufl eða önnur leiðbeiningarmerki fyrir skip má ekki setja upp nema með leyfi stjórnarráðsins. Sá, sem óskar að koma upp einhverju þesskonar leiðbeiningarmerki, hvort sem það er hafnarnefnd, sýslunefnd, hreppsnefnd eða einstakur maður, verður að senda stjórnarráðinu beiðni um leyfi til þess, ásamt nákvæmri lýsingu á hinu fyrirhugaða merki, legu þess og tilgangi.

Stjórnarráðið bindur leyfið þeim skilyrðum, er þurfa þykir, eða neitar um það, ef merkið telst skaðlegt.

2. gr.

Eigandi eða umráðandi leiðbeiningarmerkis ber ábyrgð á því, að merkinu

sé ávalt haldið í góðu standi og það fullnægi skilyrðum þeim, sem sett voru, þá er leyfið var veitt. Vanræki hann þetta, má stjórnarráðið eftir atvikum láta taka merkið burt á hans kostnað.

3. gr.

Leiðbeiningarmerkjum má ekki breyta nema með leyfi stjórnarráðsins og verður því umráðamaður, sem breyta vill merki, að leita til þess leyfis stjórnarráðsins að minsta kosti 2 mánuðum áður en hann ætlar að koma breytingunni á.

Nú vilja umráðamenn leggja niður merki, sem eigi ber skylda til að halda við áfram, og skal það þá tilkynt stjórnarráðinu með tveggja mánaða fyrirvara að minsta kosti. Sé merki þannig burtu numið, skal það gert svo rækilega, að á því verði ekki vilst á eftir.

4. gr.

Nú bilar leiðbeiningarmerki, og skal þá eigandi eða umráðandi senda tafarlaust stjórnarráðinu tilkynning um bilunina með símskeyti eða hraðboða eftir atvikum, og ber honum að koma merkinu í lag sem allra fyrst. Þegar merkið er komið í lag, skal hann senda stjórnarráðinu tilkynning um það.

5. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald og niðurlagning leiðbeiningarmerkja ná einnig til merkja þeirra, sem til eru, er lögin öðlast gildi.

6. gr.

Auglýsa skal í Lögbirtingablaðinu allar breytingar, er verða á vitum og öðrum leiðbeiningarmerkjum fyrir skip, og ennfremur gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þær verði auglýstar utanlands eftir því sem með þarf og á þann hátt, sem tíðkast hefir hingað til.

7. gr.

Stjórnarráðinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfesting hafnarreglugerða, að sett séu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sé kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Hafnarnefndum er skylt að láta nema burt úr höfnum eða leiðum inn á þær skipsflök eða annað, er hefir sokkið þar eða rekið þangað og getur valdið skaða skipum, er þangað leita eða þar liggja.

Jafnan skal hafnarnefnd láta leggja dufl út til viðvörunar, þar er svo er ástatt, þangað til fullnaðarráðstöfun hefir verið gerð.

Kostnað þann, sem af þessu leiðir, greiðir hafnarsjóður. Fari kostnaður fram úr 300 krónum, greiðir þó landssjóður það, sem umfram er, eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar. Kostnað af duflum ber þó hafnarsjóður einn.

Nú verður ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða leiðar á höfn, og sker stjórnarráðið þá úr.

8. gr.

Nákvæmari ákvæði um starfrækslu vita og sjómerkja, og um ráðstafanir

til að afstýra hættum og farartálmum á höfnum og skipaleiðum umhverfis landið, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

9. gr.

Þegar hafnsögumenn verða þess varir, að leiðbeiningarmerki á því svæði, þar sem þeir eru hafnsögumenn, eru í ólagi, ber þeim að gera hlutaðeigandi lögreglustjóra viðvart um það tafarlaust.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 kr., og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Ed. **268. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um heyforðabúr.

Það er alllangt síðan, að alþingi reyndi með lagasetningu að reisa skorður við því, að búpeningur landsmanna félli sökum fóðurskorts. En lagasetning sú hefir reynst örðug viðfangs. Horfellislögin, sem nú eru í gildi, munu að vísu hafa þokað nokkru áleiðis um betri meðferð á búpeningi, en áður tíðkaðist. En vaxandi menning, búhyggni og mannúð mun og nú upp á síðkastið allmiklu hafa þar um valdið. Ólíkt ljósara en fyrrum mun landsmönnum það nú orðið, hvílíkt tjón landbúnaðurinn bíður af því óvitaæði, að ætla búpeningi sínum ekki nægilegt fóður á hverju ári, þótt allhart sé.

Samt sem áður skortir mikið á, að bændum vorum sé þetta svo ljóst, sem skyldi, og því heyrast næstum árlega þær raddir, er telja fulla þörf á, að leita frekari tryggingar gegn fóðurskorti búpenings en þegar hefir gert verið.

Af þeim rótum eru runnin lögin um kornforðabúr, er samþykt voru á síðasta þingi, og sama er að segja um frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Frumvarp þetta veitir sveitarstjórnunum heimild til að setja samþyktir um heyforðabúr.

Þótt nefndin efist um, að lög um þetta efni geti komið að verulegum notum, telur hún samþyktarleiðina hina einu tiltækilegu leið í þessari lagasetning. Um lögboðinn heyásetning getur að áliti nefndarinnar ekki verið að ræða; slík lög gengju of nærri atvinnu- og persónufrelsi manna. Heyforðabúrin geta sjálfsagt komið að gagni og þörfin á þeim er mest í heyskaparlitlum og afskektum útkjálkahéruðum, þar sem örðugt er til fóðurfanga úr kaupstað, en þar eru líka mestir örðugleikarnir á að koma þeim á fót og því hætt við, að það tefji fyrir samþyktunum.

Frumvarpið mælir svo fyrir, að landssjóður skuli greiða að helmingi vexti og fyrningargjald af þeim hluta heyforðans, sem ekki er notaður. Þetta ákvæði telur nefndin að vísu varhugavert, ekki ugglaust um, að gengið verði þar frekara á hlut landssjóðs en rétt sé, en hins vegar mun þetta ákvæði þó helzt ýta

undir góða bændur til að taka að sér að ábyrgjast sveitungum sínum heyforða, ef á þarf að halda. Sé því þessu ákvæði burtu kipt, telur nefndin enn minni líkur til að samþyktir kæmust á. Kostnaður landssjóðs af þessu mun og að öllum líkindum ekki verða mikill fyrst um sinn.

Þótt nefndin geti ekki búist við, að lög þessi verði veigamikið ráð til að sporna við búpeningsfelli hér á landi, getur hún eftir atvikum fallist á, að rétt sé að veita bændum heimild til þessara samþykta. Það er þó heldur spor í áttina að því takmarki, sem allir þrá að ná. Geti þessi heimildarlög orðið að gagni, þótt ekki sé nema örfáum sveitum, þá er töluvert unnið, einkum þar sem víst má telja, að af þeim geti hvergi hlotist neitt tjón fyrir landbúnaðinn.

Síðasta búnaðarþing hafði mál þetta til meðferðar og er frumvarpið þar samið og rækilega rætt og athugað. Háttv. neðri deild athugaði það í nefnd og gerði nokkrar breytingar á því; hefir það því fengið all-rækilegan undirbúning, enda sér nefndin ekki verulega þörf á neinum breytingum við það og ræður eftir atvikum hv. efri deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi 22. marz 1911.

Stefán Stefánsson, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður

Steingrímur Jónsson.

Nd. **269. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga á þingskjali 228.

Flutningsm.: Ólafur Briem.

Við	7. gr.	Fyrir:	»40«	komi:	36
—	8. —	—	»15«	—	12
—	- —	—	»25«	—	24

Nd. **270. Viðaukatillaga**

við frumv. til stjórnarskipunarlaga, þingskjal 228.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson og Jón Jónsson S.-M.

Aftan við 15. gr. bætist:

Aftan við sömu (25.) gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, sem hafa í för með sér ný eða aukin útgjöld, má enginn bera fram á alþingi, nema ráðherra.

Nd. **271. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um merking á kjöti (þingskj. 240).

Frá landbúnaðarnefndinni.

Í stað orðsins »merkinu« síðast í 3. gr. komi: þríhyrningnum.

Ed. **272. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög 14. desbr. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

Frá Sigurði Stefánssyni.

2. grein frumvarpsins orðist svo:
Með lögum þessum eru úr lögum numin lög 9. júlí 1909, nr. 23.

Ed. **273. Nefndarálit**

um frumv. til laga um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Undirrituð nefnd, sem háttv. Ed. fékk mál þetta til íhugunar, hefir nú kynt sér það og leyfir sér hér með að leggja tillögur sínar í því fyrir háttvirta deild með fám orðum.

Sú ósk Húsavíkurbúa, sem felst í frumvarpinu, að fá keypt landið, er kauptúnið stendur á, lá einnig fyrir síðasta þingi í frumvarpi, sem þá var borið fram. Frumvarpið féll þá og var það aðallega fyrir þá sök, að fyrir atvik voru ekki handbær þau skjöl og skýrslur, er nauðsynlegt og sjálfsagt þótti að hafa í málinu til undirbúnings. Nú hefir nefndin haft þau skjöl í höndum og telur með þeim málið vera nægilega upplýst og undirbúið til þess að þingið geti tekið fullnaðarályktun um það. Hefir það orðið niðurstaðan hjá henni, að meiri hlutinn telur mál þetta horfa til svo mikils þrifnaðar fyrir kauptúnið, að ekki beri að synja hinni þannig framkomnu ósk, heldur samþykkja frumvarpið. Þá telur hún, að fengnum þeim skýrslum, sem nú voru nefndar, að verðið sé of lágt sett 22,000 kr. og megi ekki lægra vera en 25,000 kr., þar sem jarðeignir þessar nú þegar gefa það af sér í afgjöldum, sem svarar vöxtum af þeirri upphæð.

Hins vegar vill meðundirritaður skrifari nefndarinnar taka fram, að þrátt fyrir það að hann kannast við það sem að framan er sagt að miklu leyti, býst hann þó ekki við, að geta greitt atkvæði með málinu fyrir þá sök, að sú er skoðun hans, að of langt sé þegar gengið á þeirri braut að selja opinberar jarðeignir

og vill láta nema staðar á henni sem fyrst af ástæðum, sem hér yrði of langt að greina, enda hafa af öðrum oft verið framteknar. Um slíkar jarðeignir sem þessa sem hér ræðir um, þar sem blómleg kauptún eru að rísa upp, vill hann sérstaklega benda á, að þegar framlíða stundir, má telja víst, að verður um verulegan tekjumissi að ræða, sem bitnar á landssjóði eins þótt um kirkjueignir sé að ræða. Hitt telur hann, að kauptúnið geti dafnað að mannfjölgun samfara umbótum á atvinnuvegum eins þótt hið opinbera eigi landið, ef séð er um, að þeir sem bygð festa á slíkum stöðum eigi kost á að fá lóðir til húsa og ræktunar með aðgengilegum kjörum. Væri ákjósanlegt að landið ætti sem flesta slíka staði, en hitt miklu síður að láta svo verðmiklar eignir af hendi.

Samkvæmt framanrituðu fer að vísu meiri og minni hluti nefndarinnar sína götu hvor í aðalmálinu, en leggja fyrir deildina þessa

BREYTINGARTILLÖGU:

Í stað »22,000« komi: 25,000.

Efri deild alþingis 22. marz 1911.

Eiríkur Briem, formaður. Steingrímur Jónsson, framsögumaður. Sigurður Hjörleifsson.

Kristinn Daníelsson, skrifari. Sigurður Stefánsson.

Ed. **274. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðarbætur, sem ekki eru áskildar í byggingarbréfi, og tilkynnir hann það landsdrotni og leitar samkomulags við hann um, hvernig kostnað við verkið skuli greiða. Vilji landsdrottinn ekki kosta jarðarbótina, gerir leiguliði hana á sinn kostnað. Heimilt er þó landsdrotni að líta eftir því, að jarðarbótin sé vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta jarðarbótina til dagsverka samkvæmt gildandi reglum um það efni. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. 50 aurum fyrir hvert dagsverk þeirra jarðarbóta, sem ekki eru áskildar í byggingarskilmálum og styrkhæfar þykja og til fullra nytja hafa komið. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðarbótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 10 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðarbótin var unnin.

2. gr.

Ef leiguliði vill breyta bæjarhúsum þeim, er fylgja ábýlisjörðu hans, eða umbæta þau að miklum mun, eða byggja ný jarðarhús, enda sé húsin og umbót þeirra nauðsynleg vegna ábúðar á jörðinni og við hæfi hennar aftir staðháttum, á hann rétt á því, að landsdrottinn leggi fram þrjá fjórðu hluta húsakostnaðarins. Sé jörðin þjóðeign, svarar umboðssjóður til húsabóta en kirkjujarðasjóður á kirkjujörðum. Eigi verður með byggingarkostnaði talið efni það, er jörðin sjálf leggur til, né flutningur á því.

Meta skulu úttektarmenn hin gömlu jarðarhús, er niður leggjast eða breytast, til verðs og álags áður en breytingin byrjar; kemur verð þeirra og álag upp í tillag landsdrottins til hinna nýju húsa.

Af tillagi því er landsdrottinn leggur fram umfram verð hinna niðurlögðu jarðarhúsa, skal leiguliði gjalda 4 af hundraði í ársleigu, auk leigumála þess, er fyr var samningur um, og fer um það gjald að öllu sem önnur jarðargjöld.

3. gr.

Nú leggur landsdrottinn fram húsabótakostnað, samkvæmt 2. gr., og ræður hann þá skipun húsanna og gerð, þó svo, að húsin fullnægi þörfum jarðarinnar. Hann á og rétt á að láta framkvæma húsabæturnar eða byggingarnar að sama skapi og hann leggur fram kostnað.

Komi leiguliða og landsdrottni eigi saman um það, hvað sé nauðsynleg jarðarhús eftir hæfi jarðar og staðháttum, eða hvort hús fullnægi þörfum jarðar, skal kveðja úttektarmenn til gerðar um það mál. Greiðir leiguliði úttektarkostnað. Vilji málsaðilar eigi hlíta gjörð úttektarmanna, getur hvor þeirra um sig skotið henni til yfirúttektar, samkv. 34. gr. laga um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884. Um kostnað við yfirúttekt þá fer eftir sömu grein.

Að lokinni húsabyggingu samkvæmt framansögðu, skal gera úttekt á hinum nýju húsum, og fylgja þau jörðinni upp frá því samkvæmt þeirri úttektargerð.

Ef leiguliði vill byggja heyhlöðu og gera að jarðarhúsi, enda sé þörf á hlöðunni fyrir hey, er á leigujörð hans fellur, fer um það að öllu leyti, sem að framan er fyrir mælt um bæjarhús.

4. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er, frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin gegn því, að leggja jörðinni til aðra eign jafn-góða:

a. Í húsum, er leiguliði á og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni, þó ekki meir en að þrem fjórðu verðs.
b. Í jarðabótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð og eru full eign leiguliða eða þeim hluta jarðabótanna, sem er lögmæt eign hans, samkv. 1. gr. hér að framan.

Tveir dómkvaddir menn og óvilhallir meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin.

Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

5. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti og er honum það heimilt, hvenær er hann vill. Fellur þá kúgilda-

leigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldarhækkun meta tveir dómkvaddir menn og óvilhallir, nema hlutaðeigendur komi sér saman.

6. gr.

Ef tveir eða fleiri ábúendur eiga saman til afnota engi eða slægjur í bithaga, getur hver þeirra um sig krafist skifta á þeim til slægna. Sama er og um þann hluta bithaga, sem taka á til ræktunar, enda sé hann í samhengi við tún jarðarinnar eða girtur gripheldri girðing. Einnig getur ábúandi krafist skifta á sameiginlegu beitilandi gegn því, að hann girði landið innan tveggja ára. Til skifta þessara skal sýslumaður dómkveðja tvo menn óvilhalla. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir hundraðatali. Þeir er framkvæma skiftin fá 3 kr. á dag meðan þeir eru að skiftum. Kostnaðinn greiði hlutaðeigendur að réttri tiltölu.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 6. gr. í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði er koma í bága við þessi lög.

Nd. **275. Frumvarp**

til laga um prentsmiðjur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er hverjum manni að setja prentsmiðju og reka prentiðn, þeim sem fullráða er fjár síns og hefir óflekkað mannorð, en greiða skal hann áður lögreglustjóra 50 króna gjald fyrir atvinnuheimildina, ella útlagur 50—500 kr.

Atvinnugjald og sektir renna til landssjóðs.

2. gr.

Allar prentsmiðjur, þær er nú eru eða síðar kunna stofnaðar að verða hér á landi, eru skyldar að láta Landsbókasafninu í Reykjavík ókeypis í té 2 eintök af hverju því, sem í þeim er prentað, stóru og smáu, eins endurprentunum og sérprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, jafnt hvort sem það prentaða er haft til sölu eða eigi, og skulu þau eintök vera á skrifpappír.

Landskjalasafninu í Reykjavík skal hver prentsmiðja á landi hér, sem er eða verða kann, láta ókeypis í té eitt eintak á skrifpappír af öllum þeim tímaritum og blöðum, sem út eru gefin hér á landi einu sinni á mánuði eða oftar.

Fjórðungsbókasöfn Norðlendinga, Austfirðinga og Vestfirðinga, svo og bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, skulu fá ókeypis eitt eintak hvert þeirra af öllum þeim ritlingum, bókum, tímaritum og blöðum, sem tveim örkum eru stærri og prentuð eru í prentsmiðjum hér á landi, þeim sem nú eru eða verða kunna. Frá

ákvæðum þessarar málsgreinar er þó undan skilið alt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

3. gr.

Nú er rit prentað í Reykjavík, það er nokkurt verðmæti hefir, og skal þá sá maður, er eignarrétt hefir að hinu samda máli, eða umboðsmaður hans, afhenda Landsbókasafninu eitt eintak af því á skrifpappír áður en þrjár sólir eru af lofti virkra daga frá því er ritið var afhent úr prentsmiðjunni, og kvittar landsbókavörður fyrir eða annar bókavörður safnsins í hans umboði.

Nú er rit prentað annarstaðar hér á landi, og skal á sama hátt afhenda eitt eintak af því á næsta pósthús fyrir næstu póstferð til flutnings til Landsbókasafnsins. Skal það sent í góðum umbúðum og ábyrgðargjald fullvirðis fyrir greitt, en eigi þarf burðargjald fyrir að greiða. Landsbókasafnið leysir sendinguna til sín með þjónustufrímerkjum.

Sé móti þessu brotið, greiði eigandi prentréttarins innan þriggja mánaða landssjóði 30 kr. fyrir hverja örk (eða hluta úr örk) af stærð ritsins. Sé það eigi gert í tæka tíð, skal það auglýst í Lögbirtingarblaðinu, og er þá útgáfuréttur að ritinu heimill hverjum sem vill. — Nú er prentréttur að slíku riti áður heimill hverjum manni, og skal þá ráðherra þegar í stað gera ráðstafanir til að ritið sé hvervetna hér á landi upptækt gert, og selt við opinbert uppboð í Reykjavík, og rennur andvirði þess í landssjóð. — Stimpla skal á hvert slíkt eintak: »upptækt« með svörtum prentstimpli. Stæli nokkur þann stimpil, varðar það hegningu sem skjalafölsun.

4. gr.

Í lok mánaðanna marz, júní, september og desember ár hvert skal hver prentsmiðjueigandi eða umboðsmaður hans senda lögreglustjóra í umdæmi, því er prentsmiðjan er í, eintök, þau er áðurnefnd söfn eiga að fá, af öllu prentmáli því er í henni hefir prentað verið síðustu 3 mánuðina (hvort heldur heilum bókum eða einstökum örkum eða öðru smærra), en þó má þar frá draga þau eintök, er send hafa verið áður samkvæmt 3. gr. Þessu skal fylgja skrá í 5 samritum um alt, sem prentað hefir verið á því tímabili; fær prentsmiðjueigandi eina skrána aftur með áritaðri kvittun lögreglustjóra, en lögreglustjóri sendir söfnunum með fyrstu hagkvæmri póstferð prentmálið, og sínar tvær skrár hvoru safni. En hvort safnið endursendir lögreglustjóra annað eintakið með áritaðri viðtökukvittun.

Nú hefir lögreglustjóri eigi fengið prentmálssendinguna og skrár frá prentsmiðju áður 10 sólir eru af lofti eftir eindaga, enda hindri eigi óviðráðanlegar tálmanir *(vis major)*, og skal hann þá úrskurða prentsmiðjueigandanum á hendur 5 króna dagsektir fyrir hvern sólarhring, sem skil dragast eftir að úrskurður er honum birtur.

Nú vantar í prentmál það er senda skal, og varðar það 25—500 kr. sekt, er rennur í landssjóð, nema prentsmiðjueigandi bæti úr því þegar, er hann er um það krafinn. Auk þess er prentsmiðjueigandi skyldur að endurborga safninu, sem í hlut á, það sem safnið kostar til þess að afla sér eintakanna, sem vantar.

Nú verða vanskil á greiðslum fégjalda eftir lögum þessum, og er þá prentsmiðjan með öllum eigum og áhöldum að forgangsveði fyrir þeim.

5. gr.

Prentsmiðju, sem ólöglega er niður sett, má lögreglustjóri loka og leggja löghald á tæki hennar, ef þörf gerist.

6. gr.

Eigi má hér á landi selja né á boðstólum hafa né auglýsa til sölu rit, sem erlendis er útgefið á íslenzku máli, nema Landsbókasafninu hafi verið í té látið eitt eintak af ritinu. Ekki nær þetta þó til blaða og tímarita.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar skal bæta og hegna í samræmi við ákvæði 3. greinar.

7. gr.

Eigandi prentsmiðju ber ábyrgð á brotum gegn lögum þessum. Sé óvíst, hver eigandi er, eða sé hann fjarverandi, ber sá ábyrgðina, er hefir verkstjórn prentsmiðjunnar á hendi.

Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun frá 19. janúar 1821 og tilskipun frá 20. janúar 1832 að því leyti sem þær taka til Íslands; lög um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; viðaukalög frá 2. okt. 1895 við lög um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; lög frá 13. sept. 1901 um viðauka við lög um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; lög nr. 80 frá 22. nóv. 1907 um breyting á lögum um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; lög frá 30. júlí 1909 um viðauka við lög nr. 80, 22. nóv. 1907. Ennfremur eru úr gildi numin öll önnur eldri og yngri ákvæði, er komið geta í bága við þessi lög.

Ed. **276. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skoðun á síld.

Frá nefndinni.

Við 10. gr.

Í stað orðanna »þegar í stað« komi: 20. júlí 1911.

Nd. **277. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga 1910 og 1911.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 4. gr.

B. XIII. Fyrir: »4,500,00« komi: alt að 3,000,00. Þó ekki yfir $^2/_3$ hluta alls brúarkostnaðarins.

Nd. **278. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga 1910 og 1911.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 18. gr. fjárlaganna fyrir 1910 og 1911 veitist ekkjufrú Þóru Melsted eftirlaun 600 krónur fyrir síðara árið.

Nd. **279. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

Aftan við 4. gr. bætist:
Styrkur til vélarbátaferða í Austur-Skaftafellssýslu 350 kr.

Nd. **280. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um vátrygging fyrir sjómenn (þskj. 108).

Vér sem kosnir vorum til þess að athuga og koma fram með tillögur snertandi frv. til laga um breyting á lögum um vátrygging fyrir sjómenn, frá 30. júlí 1909, höfum að fengnum upplýsingum um málið frá stjórn Vátryggingarsjóðs sjómanna, rætt allítarlega breytingar þær, sem frumvarpið leggur til að gerðar sé á gildandi lögum um vélarbáta og róðrarbáta.

Hinar helztu breytingar frumvarpsins eru:

Að vátryggingargjaldið sé 10 au. á viku frá hverjum skipverja, í stað 18 au.

Að útgerðarmaður greiði ekkert vátryggingargjald í stað 6 aura fyrir hvern skipverja vikulega, og

Að vátryggingarféð sé greitt, þótt sjómaður deyi af slysum á landi, sé það á þeim tíma, sem iðgjaldið er greitt fyrir.

Þessar breytingar stefna allar að því, að draga úr viðgangi sjóðsins, og þarafleiðandi úr tryggingargildi hans framvegis, sem nefndin verður að telja mjög misráðið.

Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn nefndarinnar til stjórnenda sjóðsins, hvort tiltækilegt mundi, að gera þá breytingu, að vátryggingin gildi fyrir alt árið, án tillits til vertíða, gegn ákveðnu iðgjaldi, svarar stjórnin því, að það sé »mjög óheppilegt, og óhyggilegt að fara nú strax að breyta lögum þessum, eftir að þau hafa verið í gildi rúml. 1 ár, og því áður en hægt er að mynda sér nokkra ákveðna skoðun um, hvort iðgjaldið sé hærra en svo, að sjóðurinn geti staðist«. Á þessa röksemdaleiðslu telst meiri hluti nefndarinnar.

Þá kom það fram í nefndinni, að ekki væri vel ljóst í lögunum ákvæðið um »fjórróna báta«, þar sem þriggja manna för og jafnvel tveggja manna för eru alloft fjórróin, og því mundi ákveðin stærð bátsins vera betri skýring á því, til hverra báta lögin næði. Að svo stöddu felst nefndin þó á, að leggja ekki til breytinga í þessa átt.

Samkvæmt því, sem þegar er tekið fram, ræður meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið sé felt.

Alþingi, 22. marz 1911.

Stefán Stefánsson Eyf., skrifari og framsögumaður. Pétur Jónsson.

Bjarni Jónsson frá Vogi. Magnús Blöndahl.

Eg hefi, því miður, ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum í þessu máli. Frumvarpið tel eg mikla bót á ónúgildandi lögum um þetta efni. Hinsvegar kannast eg við, að eigi sé fengin nægileg reynsla um sjóðinn eða hvernig hann muni standast gagnvart útgjöldum þeim, er kunna að lenda á honum næstu árin. Eigi að síður hljóta allir að kannast við það, að iðgjöldin eru geysihá í samanburði við vátryggingarupphæðina. Auk þessa eru ýms önnur atriði í lögunum, sem valdið hafa óánægju og þörf er á að breyta.

Æskilegast hefði verið, að mínu áliti, að breyta lögunum í þá átt, að menn, er stunda sjó flesta tíma árs, gætu átt kost á því, að vátryggja sig fyrir alt árið gegn ákveðnu ársiðgjaldi, er greiddist sjóðnum með $^1/_4$ á ársfjórðungi hverjum; en eg hefi þó eigi séð mér fært, fremur en meiri hluti nefndarinnar, að koma fram með ákveðnar tillögur þar að lútandi.

Að öllu athuguðu verð eg að telja frumvarpið réttarbót. Það bætir úr þeim göllum á lögunum um vátrygging fyrir sjómenn, er valdið hafa mestri óánægju. Ræð eg því til, að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum, er eg áskil mér rétt til að koma fram með við 2. umræðu málsins.

Alþingi, 22. marz 1911.

Sigurður Sigurðsson.

Nd. **281. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910—1911.

Flutningsmenn: Hálfán Guðjónsson og Björn Sigfússon.

Aftan við 5. gr. B. VII. bætist nýr liður.

Byggingarstyrkur til kvennaskólans á Blönduósi 6,000 krónur.

Nd. **282. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 278.

Frá fjárlaganefnd.

Fyrir: »600« komi: 400.

Nd. **283. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga á þingskjali 228.

Flutningsm.: Ólafur Briem.

1. A eftir 20. gr. komi ný grein svolátandi:
Ef eigi færri en fjögur þúsund alþingiskjósendur æskja þess, skal lögum þeim, er alþingi samþykkir, skotið til beinnar atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um land alt (alþýðuatkvæði), annaðhvort til samþykkis eða synjunar. Nánari reglur um atkvæðagreiðslu þessa skal setja í sérstökum lögum.
Undanþegin alþýðuatkvæði eru fjárlög og fjáraukalög, svo og þau lög, er öðlast skulu gildi þegar í stað. Önnur þau lög, er alþingi hefir samþykt, verða eigi lögð fyrir konung til staðfestingar, nema þau hafi verið samþykt með alþýðuatkvæði, eða lögmæltur frestur sé liðinn, án þess að lögfull beiðni um atkvæðagreiðslu hafi fram komið.

2. Í stað 21. gr. komi ný grein svolátandi:
61. gr. stj.skr. falli burt, en í staðinn komi:
Frumvarp til laga um breyting eða viðauka á stjórnarskránni má bera upp bæði á reglulegu alþingi og aukaþingi. Nái frumvarpið samþykki þingsins og stjórnin sé því meðmælt, er skylt að bera það undir alþýðuatkvæði. Verði þá frumvarpið samþykt með meiri hluta atkvæða og nái það staðfestingu konungs, hefir það gildi sem stjórnarskipunarlög.
Samþykki alþingi breytingar á sambandi Íslands og Danmerkur, skal bera þær undir alþýðuatkvæði með sama hætti og stjórnarskrárbreytingar.

Nd. **284. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 265.

Flutningsm.: Björn Sigfússon og Magnús Blöndahl.

Orðin: »og þeim kenslulaunum ..... deildum háskólans« falli burt.

Nd. **285. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 248.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi og Þorleifur Jónsson.

1. Allstaðar þar er »meter« stendur í þingskjalinu komi: stika (í réttum föllum).
2. Fyrir: »fer-meter« komi: fer-stika (í réttum föllum).
3. Fyrir: »ten.meter« komi: rúm-stika.
4. Fyrir: »m. m.« komi: rd.

Nd. **286. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 265.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Liðurinn orðist þannig:

Háskóli Íslands skal settur 17. júní þ. á., en laun háskólakennaranna samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909 reiknist þó ekki fyr en frá 1. október þ. á.

Nd. **287. Viðauka- og breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga o. s. frv. á þingskj. 228.

Frá Jóni Þorkelssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi..

1. Á undan 1. gr. á þingskj. 228 komi ný grein, er verði

1. gr.

1. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Málefni þau, er stjórnarskrá þessi tekur yfir, eru þau, er nú greinir:

1. Borgaralög, refsilög og dómsmálefni, er að þeim málum hníga.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kenslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál beinlínis og óbeinlínis.
9. Þjóðeignir, almenningsstofnanir og sjóðir.

Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendum.

Hæstarétti Danmerkurríkis er falið æðsta dómsvald í framangreindum málum, þar til önnur skipan verður þar á gerð.

(Greinatalan breytist samkvæmt þessu).

2. 1. gr. á þingskjali 228 falli niður, en í staðinn komi svolátandi grein, sem verði

2. gr.

Í stað 1. gr. í stjórnarskipunarlögum frá 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskr.) komi:

Konungur hefir hið æðsta vald yfir málefnum þeim öllum, er talin eru í 1.—9. lið 1. gr., með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra Íslands framkvæma það. Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungsfund.

3. Framan við 4. gr. á þingskjali 228 komi:

Fyrir orðin. »Engan má skipa ... innborinna manna« komi: Engan má skipa embættismann á Íslandi annan en Íslending, nema hann hafi fæðingjarétt eftir þeim lögum, er alþingi hefir sett og samþykt.

4. Fyrir orðin: »Önnur málsgrein 4. gr.« í upphafi 4. gr. á þingskj. 228 komi: Önnur og þriðja málsgrein 4. gr.

5. Fyrir orðin: »neðri deild alþingis« í 2. l. 5. gr. á þingskj. 228 komi: alþingi.

6. Fyrir orðin: »er hún var rofin« í 3. l. sömu greinar komi: er það var rofið.

7. 7.—9. gr. á þingskjali 228 falli niður, en í þeirra stað komi svo látandi 3 nýjar greinar, sem verði 8., 9. og 10. gr. (samkv. áður breyttri greinatölu),

8. gr.

Á alþingi eiga sæti 40 alþingismenn, og séu þeir allir þjóðkjörnir. Kosningarnar gilda venjulega 6 ára tímabil. Tölu þingmanna og lengd kjörtímabils má breyta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, er kosnir eru meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa til þingsetu fyrir það tímabil, sem eftir er af kjörtímanum.

Kjördæmum landsins skal skipa með lögum.

9. gr.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni eiga sæti 14 þingmenn, í neðri deildinni 26. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

10. gr.

Þingmenn til efri deildar kýs alþingi í heild sinni með óbundnum kosningum úr flokki alþingismanna fyrir allan kjörtímann, í fyrsta sinn, er það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði, meðan á kjörtímanum stendur, nokkurt sæti laust í efri þingdeildinni, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið lausa sæti fyrir þann kjörtíma, sem eftir er.

8. Orðin »og sé fjár síns . . . . endurgoldin« í niðurlagi fyrri hluta 10. gr. á þingskj. 228 falli niður.
9. Framan við 11. gr. á þingskjali 228 bætist ný málsgrein:
   2. töluliður 18. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:
   2. hefir að minsta kosti í síðustu 2 ár verið heimilisfastur á Íslandi.
10. Aftan við 11. gr. á þingskj. 228 bætist ný málsgrein:
   Dómendur í æðsta dómstóli hér á landi eru ekki kjörgengir.
11. 12. gr. á þingskj. 228 falli niður.
12. Fyrir orðið »forseti« í annari málsgr. 13. gr. á þingskj. 228 komi: »konungur«.
13. 17. gr. á þingskjali 228 falli niður.
14. 10. gr. stjórnarskipunarlaga frá 3. okt. 1903 falli niður, en í staðinn komi svo látandi ný grein (á undan 18. gr. á þingskj. 228):
   Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og rétt eiga þeir á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt hafa ráðherrar því að eins, að þeir sé jafnframt þingmenn.
15. Orðin: »en gjalda skal hann . . . í landinu« í 19. gr. á þingskj. 228 falli niður.
16. 60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:
   Sérréttindi, er bundin sé við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða. Svo og má enginn maður hér á landi bera neinar orður né titla, er konungur og landsstjórn veiti mönnum,
17. 21. gr. frumv. á þskj. 228 orðist svo:
   Nú samþykkir Alþingi að gera breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.
18. Fyrir: »Ákvæði um stundarsakir« á þingskj. 228 komi svo látandi bráðabirgðaákvæði:
   Þegar er stjórnarskipunarlög þessi hafa verið staðfest af konungi, fellur niður umboð allra þingmanna, og skal þá stofna til nýrra almennra kosninga, samkvæmt þeim lögum, sem sett hafa þá verið um nýja kjördæmaskipan.

Fylgiskjöl.

I.

Skoðun A. F. Kriegers dómsmálaráðherra Dana á merking hinna svo nefndu stöðulaga frá 2. jan. 1871.

[Rigsdagstidende. Forhandlinger paa Landstinget, 1870—1871, 825.—826. dálkur].

Under disse Omstændigheder vil det sees, hvormeget jeg maa paaskjönne, at Sagen er bleven taget, som den blev tagen af det ærede kongevalgte Medlem[1]), idet den her foreslaaede Lov betragtes som en rigtig og naturlig Afslutning af hele den Række af Forhand-

1) P. e. J. C. H. Fischer.

linger, der have fundet Sted. Naar jeg siger: Afslutning, mener jeg dog naturligviis kun en relativ Afslutning af de her omhandlede Forhold, hvis endelige Afgjörelse jo ikke kan finde Sted blot ved en Lov, vedtagen af Kongen og Rigsdagen.

II.

Mótmæli Alþingis 1871 gegn stöðulögunum svo nefndu.

[Alþingistíðindi 1871, II, 556—558, 634].

1. Þingið getur ekki viðurkent, að lög 2. janúar 1871 séu bindandi fyrir Ísland eins og þau liggja fyrir.
2. Þingið tekur fyrir Íslands hönd á móti þeim 30,000 + 20,000 rd., sem eftir lögum 2. janúar 1871 eiga að greiðast úr ríkissjóði Danmerkur í hinn íslenzka landssjóð, en getur þar á móti ekki viðurkent, að öll skuldaskifti milli ríkissjóðsins og Íslands séu þar með á enda kljáð.
3. Jafnframt og þingið þannig geymir Íslandi rétt þess óskertan um framan greind atriði, ræður það allra þegnsamlegast til, að um þau verði leitað (eftir nauðsynlegan undirbúning) samkomulags við Íslendinga á sérstöku þingi hér á landi, er hafi fult samþyktaratkvæði fyrir þjóðarinnar hönd.

Ed. **288. Frumvarp**

til laga um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Verzlunarlóðin í Vestmannaeyjum takmarkast þannig: Að norðan Hörgseyri, vestur og norður með Heimakletti í Dranga fyrir norðan Eiði, þaðan í norðanvert Klif og með fjallsrótum Klifs í Hástein. Að sunnan frá Hásteini bein lína rétt fyrir sunnan Landakirkju, og þaðan bein lína austur í sjó um hól í Vilborgarstaðatúni, er frá kirkjunni ber rétt fyrir sunnan Bjarnarey.

2. gr.

Lög 20. oktbr. 1905 um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Vestmannaeyjum eru úr gildi feld.

Nd. **289. Frumvarp**

til laga um skoðun á síld.

(Eftir 3. umr í Ed.).

1. gr.

Á svæðinu milli Horns og Langaness skal skoðun fara fram á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings og veidd er í herpinót eða reknet og söltuð er á landi eða við land.

Auk þess skal öllum á þessu svæði gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

2. gr.

Skoðun þessi skal framkvæmd af matsmönnum, yfirmatsmönnum eða undirmatsmönnum.

3. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert, skulu skipstjórar á þeim síldveiðaskipum, er veiða með herpinót eða reknetum á nefndu svæði, skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sé fyrir geymslu síldarinnar.

4. gr.

Landsstjórnin sér um að til séu eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

5. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi, sem veitt hefir síld sína með þeim veiðarfærum, er um getur í 1. gr. Skal flytja hana þangað, sem einhver matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra að tilkynna honum þegar um komu sína; má ekki byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaður hefir skoðað hana og metið. Meðan á söltuninni stendur, ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta síldarinnar, sem matsmaður kynni að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda í lagarheldum tunnum.

6. gr.

Sé veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana á skipinu, eða án þess hún sé sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig, ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna síldveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi, þar sem matsmaður er fyrir. Síld þá, sem ræðir um í þessari grein, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar í lagarheldum tunnum.

7. gr.

Þegar skoðun fer fram á saltaðri síld og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í, ef þess er krafist. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkja skuli.

Síldarílát með hinum ákveðnu vörumerkjum, má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sé áður af máð.

8. gr.

Yfirmatsmenn séu tveir, skipaðir af ráðherra. Annar þeirra hafi aðsetur á Akureyri, hinn á Siglufirði. Stjórnarráðið ákveður starfsvið þeirra og gefur þeim erindisbréf. Laun þeirra hvors um sig séu 1000 kr. árlega. En auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og tvær krónur í fæðispeninga, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns. Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr landssjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráðið gefur þeim erindisbréf, en yfirmatsmenn ákveða starfsvæði þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn og skal það greitt af útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—2000 kr. sekt, sem renna í landssjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 20. júlí 1911 og gilda til ársloka 1913.

Nd. **290. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

(Eftir. 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur um Ölfus að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall.

Viðhaldsskylda Rangárvallasýslu á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, að einum þriðja, sbr. 8. gr. vegalaganna stafl. d., skal falla burt frá 1. janúar 1914.

2. gr.

Þá er flutningabraut er fullgerð eða nokkur hluti hennar, skal stjórnar-

ráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgerður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun. Skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

Áður en afhending fer fram, skal framkvæma skoðunargerð á brautinni eða brautarkaflanum, og tilnefnir stjórnarráðið annan skoðunarmanninn, en sýslunefnd þeirrar sýslu, sem vegurinn liggur í, tilnefnir hinn. Skulu þeir semja nákvæma lýsingu á veginum og senda stjórnarráðinu, og úrskurðar stjórnarráðið síðan, hvort vegurinn eða vegarkaflinn sé fullger, eða skemdir bættar, svo sem hér er fyrirmælt.

3. gr.

Hreppsvegagjald er 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna, skulu samdar í októbermánuði ár hvert, og sendar sýslumanni fyrir árslok. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

4. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærraskrá, skal greiða sýsluvegagjald og hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjöldin af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldanna er 31. desember ár hvert.

5. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði. Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 3. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 10. gr., 24. gr., 26. gr., fyrri liður 27. gr., 54. gr. og 55. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Ed.

291. Tillaga

til þingsályktunar.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og reglur fyrir úthlutun styrksins, skuli, þangað til alþingi gerir aðrar eða nýjar ráðstafanir, vera á þessa leið.

A. Almenn skilyrði.

1. Að 5 menn eða fleiri í félagi hverju hafi á næsta ári á undan því, er styrkurinn er veittur, unnið að jarðyrkjustörfum þeim, er til greina eru tekin við styrkveitingu, samkvæmt eftirfylgjandi reglum, að minsta kosti 10 dagsverk hver þeirra. Hafi einhver félagsmaður unnið minna en hér segir, eru hans dagsverk ekki talin með til styrkveitingar.
2. Að félagið hafi sett sér lög og stjórn.
3. Að stjórn félagsins sendi stjórnarráðinu árlega skýrslu um unnar jarðabætur í félaginu, eftir formi, er stjórnarráðið semur og úthlutar, samda af skipuðum skoðunarmanni. Skal henni fylgja:
   a. Reikningur um tekjur og gjöld félagsins það ár, sem skýrslan tekur yfir, endurskoðaður. Skal hann sýna tölu félagsmanna.
   b. Eintak af lögum félagsins það ár, sem fyrst er gefin skýrsla um samkvæmt reglum þessum, og síðan hvert ár, er ártalið stendur á hálfum eða heilum tug.
4. Að skoðunarmaður, skipaður af bæjarstjórn eða sýslunefnd, samkvæmt tillögum búnaðarsambands í þeim héruðum, þar sem það er til, rannsaki og mæli allar þær jarðabætur, er í skýrslu eru teknar, og votti á skýrslunni, að þær séu þar rétt taldar, vel af hendi leystar, samkvæmt tilgangi sínum, og hliti að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir styrkveitingu. — Skoðunarmenn þessir skulu eigi fleiri vera en 3 í sýslu hverri.

   Eftir árið 1915 má skoðunarmaður eigi taka upp í skýrsluna túnasléttur, túnútgræðslu eða sáðreiti á þeim heimilum, þar sem ekki er til salerni.

B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar til greina við styrkveitingu:
   a. Túnasléttur (þaksléttur og grónar flagsléttur).
   b. Túnútgræðsla (óbylt land).
   c. Sáðreitir (matjurtagarðar) nýyrktir.
   d. Girðingar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi, svo og hestaréttir, girðingar um búfjárhaga og fyrir afréttarlönd.
   e. Varnarskurðir, gripheldir.
   f. Flóðgarðar (uppistöðugarðar).
   g. Stíflugarðar.
   h. Vatnsveituskurðir.

i. Lokræsi.
j. Áburðarhús og safnþrór.
k. Upphleyptir vegir yfir tún og engjavegir.

2. Jarðabætur skulu lagðar í dagsverk þannig:

a. Túnasléttur	50	ferstikur
b. Túnútgræðsla (óbylt land)	100	——
c. Sáðreitir, byltir og blandaðir	75	——
d. Girðingar gripheldar:		
1. Grjótgarðar einhlaðnir 1,25 stika á hæð	6	stikur
2. —— tvíhlaðnir 1,25 — —	4	—
3. —— úr höggnu grjóti 1,25 stika á hæð	2	—
4. Garðar úr torfi og grjóti 1,25 — —	6	—
5. Gaddavírsgirðing að minsta kosti 1,10 stika á hæð með alt að 6 stikna bili milli stuðla:		
a. með 5 strengjum eða fleiri	8	stikur
b. — 4 —— og undirhleðslu	10	—
c. — 3 —— án undirhleðslu	20	—
6. Vírgirðing úr sléttum vír með 5 eða fleiri strengjum .	10	—
7. Garðar úr torfi eða grjóti 0,65 stiku á hæð með 3 gaddavírsstrengjum	7	--
8. Garðar úr torfi eða grjóti, 1 stika á hæð með 2 strengjum	6	—
9. Girðing úr vírneti eða járngrindum, að minsta kosti 1 stika á hæð	6	—
e. Varnarskurðir, 2 stikur á breidd, 1 stika á dýpt og garður hlaðinn á bakkann 1 stika á hæð	8	—
f. Flóðgarðar...	6	rúmstikur
g. Stíflugarður	4	——
h. Vatnsveituskurðir:		
1. Einstungnir...	15	——
2. 0,70 stiku á dýpt	12	——
3. Frá 0,70—1 stika á dýpt	10	——
4. Frá 1 stiku til 1,5 stiku á dýpt	8	——
i. Lokræsi.		
1. Með grjóti (malarræsi)	5	stikur
2. Með hnaus (holræsi)	8	—
3. Með pípum (pípuræsi)	5	—
j. Áburðarhús og forir.		
1. Áburðarhús úr torfi, vegghæð alt að 2 stikum	2	rúmstikur
2. Áburðarhús úr grjóti, steinlímt eða steinsteypt	0,5	——
3. Safnþrór steinlímdar eða steinsteyptar með þaki ...	0,5	——
4. Safnþrór úr öðru efni	2	——
k. Upphleyptur vegur um tún og engjavegir, minst 2 stikur á breidd	10	stikur

3. Styrkveitingar skal miða við dagsverkatölu þá, er að framangreindum jarðabótum hafa verið unnin í félagi hverju, næsta almanaksár á undan því, sem styrkurinn er veittur.

4. Skýrslurnar eiga að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. september það ár, sem styrkurinn er veittur.

C. Skýringar.

1. Jarðabætur, sem eigi mega fullgerðar teljast, eru meðal annars sáðreitir, fjárbæli og hestaréttir, ef girðing er eigi komin gripheld á alla vegu.
2. Með tvíhlöðnum grjótgörðum má telja þá garða, er hafa sjálfstæða hleðslu úr grjóti varnarmegin, en upp með henni tryggilega torfhleðslu eða gróna jörð.
3. Hestaréttir teljast því að eins til jarðabóta, að þær séu við tún eða bæ og tilheyri heimilinu.
4. Vírgirðingar má því að eins taka gildar, að vírinn sé galvaníseraður, svo og naglar þeir eða kengir, sem vírinn er festur með. Girðing úr sléttum vír, meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, er því að eins leyfilegt að taka á skýrslu, að hún sé með 5 strengjum og vírinn 6 mm. gildur. — Gaddavírsgirðing með 4 strengjum má telja gilda, ef steinlagi eða hnausa er raðað undir neðsta strenginn, og girðingin að öðru leyti gerð samkvæmt þessum reglum.
5. Stíflugarðar teljast allar fyrirhleðslur í ár eða meðfram þeim til að varna skemdum, svo og fyrirhleðslur í læki, farvegu, jarðföll eða síki, enda séu þær meiri á hæð og þykt en venjulegir flóðgarðar.
6. Lokræsi skulu að jafnaði því að eins tekin gild, að þau séu grafin svo djúp, að frost geti eigi náð sjálfu ræsinu.
7. Með rúmmáli áburðarhúsa skal eigi telja risið, né það rúm, sem vera kann ofan við 2 stikna vegghæð innanvert.

   Hús ný eða stæðileg með þaki, til að geyma í efni til áburðardrýginda, séu lögð í dagsverk eins og áburðarhús, og öll hæðin innanmáls tekin til greina.
8. Safnþrór »úr öðru efni« teljast þær, sem hlaðnar eru úr torfi eða þiljaðar innan með við. Allar safnþrór skulu vera með þaki.
9. Upphleyptir vegir yfir tún og engjavegir koma því að eins til greina, að þeir séu mölbornir og akfærir.

Ed. **292. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um brú á Jökulsá á Sólheimasandi.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í sjálfu sér ekki mikilvægt eins og nú stendur; það fer að eins fram á það, að til brúarinnar megi verja tiltekinni fjárhæð, alt að 78 þús. kr., þegar alþingi hefir veitt þær í fjárlögunum. Hér er því eigi að ræða um fjárútlát úr landssjóði fyrst um sinn, og alls ekki fyrri en þingið sér landssjóð þess megnugan, að láta fé þetta af hendi. Það er því eigi að ræða um annað en lög, sem benda í áttina til framkvæmda,

eða leyfa, að verk þetta megi vinna, þegar efnin að dómi þingsins leyfa það, en fyr ekki.

Nefndin gengur að því vísu, að þingið veiti fé til þessarar brúar, þegar það hefir fjárráð þar til, og því lítur hún svo á, eftir framkomnum upplýsingum, að frumvarpið eigi fram að ganga.

Nefndin er í engum efa um það, að hér er um stór-nauðsynjamál að ræða fyrir hlutaðeigandi héruð. Áin er, svo sem kunnugt er, eitthvert versta vatnsfall á landinu og mannskæðust allra áa, sem nú eru óbrúaðar, en sem þó er hægt að brúa. Hún er þannig sett, að hún skilur blómleg og fjölbygð héruð, sem hafa mjög mikil skifti saman, en það eru: Rangárvalla- og Skaftafellssýslur. Ferðir yfir ána eru því afar tíðar bæði vetur og sumar, því að auk þess, sem Skaftfellingar komast hvorki inn í sýsluna né út úr henni nema þeir fari yfir Jökulsá, þá sækja Rangæingar þeir er undir Eyjafjöllum búa o. fl. mest allar nauðsynjar sínar yfir hana til Víkur. Auk þess eru Eyjafjöllin og Mýrdalurinn eitt læknishérað, og mundi það eitt ærin ástæða til, að flýta fyrir brú á ána, eftir því sem kostur er, því að oft og einatt hefir það við borið, að læknir hefir tefst tilfinnanlega við ána, auk þess, sem lífi hans og þeirra, er hans vitja, hefir oft verið stórkostleg hætta búin.

Það verður ekki rakið hér hve mörgum mönnum á þessi hefir stytt aldur. Fróðir menn þar eystra segja, að á síðastliðinni öld hafi druknað í henni um 20 menn, og mun það ekki of talið; og víst er það að á síðastliðnum 28 árum hefir hún orðið 6 mönnum að bana, og er það all-mikið manntjón, eða svo mikið, að þing og stjórn virðist ekki geta látið það með öllu afskiftalaust lengur.

Það var lengi frameftir álit manna, að þess væri enginn kostur, að brúa Jökulsá, en nú er sú skoðun horfin. Verktræðingur landsins hefir rannsakað brúarstæðið og gert teikningu af brúnni og áætlun um kostnaðinn, sem hann telur að verði um 78 þús. krónur. Þetta er að vísu all-stór fjárhæð, einkum nú, þar svo er talið, að búskapur landssjóðs sé ekki sem beztur. — En sé þess gætt hver vágestur áin er og farartálmi, þá virðist það of mikil sparsemi eða deyfð, að láta þetta mál afskiftalaust til lengdar.

Það er svo ljóst hve ervitt þessi héruð eiga um alla aðdrætti og samgöngur, einkum Skaftfellingar, bæði á sjó og landi, að hér verður eitthvað að gera áður langt um líður. Úr samgöngunum á sjó verður ekki bætt til muna fram yfir það sem nú er, sakir hafnleysi, og má því svo heita að Skaftafellssýsla sé lokuð, því að það er óneitanlegt, að hún er umgirt á alla vegu af jöklum, brimi og jökulvötnum. En verði Jökulsá brúuð þá opnast þar dyr til út- og inngöngu, sem nærliggjandi héruðum verður til ómetanlegs gagns og hagsældar. Og ekki einungis yrði það þessum héruðum til gagns, heldur og landinu öllu í heild sinni, því að jafnskjótt sem þessi á væri brúuð, mundu ferðamenn, bæði útlendir og innlendir, leggja leið sína um Skaftafellssýslu til að skoða þær fögru og blómlegu sveitir, er þar getur að líta, að flestra áliti fremur en annarstaðar á landinu.

Nefndin hefir átt tal um brúna við verkfræðing landsins og spurt hann ítarlega um hve traust hann áliti það verk er þarna yrði unnið, og segir hann það hiklaust, að brúin mundi standast öll hlaup í ánni, nema ef svo færi að verulegt gos kæmi úr jöklinum, svo sem líkast því er Katla hefir gosið. En þar sem Kötlugos geta aldrei náð þangað vestur, og þar sem engar sennileg-

ar líkur eru til þess að Mýrdalsjökull gjósi, frekar en átt hefir sér stað áður, þá virðist ekki ástæða til að gera ráð fyrir slíku eða láta það sérstaklega hindra framgang þessa frumvarps.

Þess er áður getið, að menn hafi áður fyr trúað því, að Jökulsá yrði aldrei brúuð, og bjuggust menn þá við að verða að una því um aldur og æfi. En nú eftir að það upplýstist, að hægt væri að brúa ána, er héraðsbúum beggja megin árinnar orðið þetta hið mesta áhugamál.

Nefnin leyfir sér því samkvæmt framansögðu að leggja það til, að háttv. deild samþykki þetta frumvarp.

Alþingi, 23. marz 1911.

Stefán Stefánsson, formaður.	Gunnar Ólafsson, skrifari og framsögum.	Eiríkur Briem.

Ed.

293. Nefndarálit

um frumvarp til laga um vita, sjómerki o. fl.

Háttvirt neðri deild hefir gert lítilfjörlegar breytingar á frumvarpinu, en þar sem þær aðeins eru orðabreytingar, ræður nefndin til að deildin samþykki það óbreytt.

Efri deild alþingis, 23. marz 1911.

J. Havsteen, formaður.	Aug. Flygenring, skrifari og framsögum.	Sigurður Hjörleifsson.

Sigurður Stefánsson. Gunnar Ólafsson.

Ed.

294. Nefndarálit

um frumvarp til laga um vitagjald.

Nefndin, sem háttvirt deild fól að íhuga þetta mál, ræður til að samþykkja frumvarpið, en vill þó gera á því eina breytingu.

Lágmark vitagjaldsins telur nefndin sett nokkuð hátt og þykir rétt að það sé ekki hærra en 4 krónur.

Samkvæmt því leggur nefndin til að háttvirt deild samþykki eftirfarandi breytingu.

Við 2. málsgrein 1. greinar.
Í stað orðanna »5 krónur« komi 4 krónur.

Efri deild alþingis, 23. marz 1911.

J. Havsteen, formaður. Aug. Flygenring, skrifari og framsögum. Sigurður Stefánsson.

Gunnar Ólafsson. Sigurður Hjörleifsson.

Ed. **295. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911, veitast kr. 142,621,25 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—8. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin voru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við dómgæzluna o. fl., veitast kr. 4,925,00.

Við A. 3. Til að koma upp miðstöðvarhitun í hegningarhúsinu í Reykjavík ... ... kr. 4,800,00
Við A. 5. komi nýr liður h.
Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum ... ... kr. 125,00
Kr. 4,925,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast kr. 16,000,00.

		1910	1911
Við 7. lið.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins	kr. 8,000,00	kr. 8,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast kr. 99,500,00.

Við B. II. Til Reykjadalsbrautar ... ... kr. 5,000,00
Til Borgarfjarðarbrautar ... ... — 2,000,00
Til brautarlagningar meðfram Ingólfsfjalli ... — 7,000,00
Flyt kr. 14,000,00

		Flutt kr.	14,000,00
Við B. XIII.	Til brúargerðar á Hölkná í Þistilsfirði ...	—	4,500,00
Við D. II.	Til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja	kr.	40,000,00
	Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Reykjavíkur og Borðeyrar (Sveinatungu — Borðeyrar)	—	12,575,00
	Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Akureyrar og Sauðárkróks (Valla — Sauðárkróks)	—	17,225,00
	Til að kaupa símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar	—	7,600,00
Við E. V.	Til að byggja hús handa vitaverði á Siglunesi ... ... kr. 3,000,00		
	Launaviðbót til vitavarðar ... ... kr. 300,00	—	3,300,00
Við E. VI.	Stjórninni er heimilt að verja af spöruðu fé frá Rifstangavita til að kaupa nauðsynleg vitatæki alt að 4,000,00.		
Við E. XII.	Til að setja rautt horn í Garðskaga- og Reykjanesvita...	kr.	300,00
			Kr. 99,500,00

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast kr. 12,100,00.

Við A.	Tveir nýir liðir bætast við:		
	1. Til að greiða álag á Garpsdalskirkju	kr.	1,200,00
	2. — — — — - Rafnseyrarkirkju	kr.	250,00
			Kr. 1,450,00
Við B. I – III.	Háskóli Íslands skal settur 17. júní þ. á., en laun háskólakennaranna samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909, reiknist þó ekki fyr en frá 1. október þ. á.		
Við B. V.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til að mála skólann, og til annara nauðsynlegra umbóta ... ... kr. 3,550		
Við B. VI.	Til aðgerðar á kennaraskólanum ... — 600	kr.	4,150,00
Við B. VII.	Til aðgerðar á loftum í kenslustofum stýrimannaskólans	—	500,00
	Byggingarstyrkur til kvennaskólans á Blönduósi	—	6,000,00
			Kr. 12,100,00

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta veitast kr. 700,00.

	Til umbóta á herbergi jarðskjálftamælisins ...	kr.	300,00
	Ferðastyrkur handa fulltrúa Bókmentafélagsins til háskólans í Kristjaníu	—	400,00
			Kr. 700,00

7. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitast kr. 8,796,25.

Við 2. lið.	Til að reisa leikfimishús á Hvanneyri	— 2,000,00
Við 27. lið.	Til ferðakostnaðar síldarmatsmanns til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum	— 396,25
Við 35. lið.	Til fyrirhleðslu við Markarfljót til varnar frekari skemdum	— 2,400,00
— — —	Til nánari rannsóknar á hafnarstæði í Vestmannaeyjum og undirbúnings undir hafnargerð þar alt að	— 4,000,00
		Kr. 8,796,25

8. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 18. gr. fjárlaganna fyrir 1910 og 1911, veitist ekkjufrú Þóru Melsted eftirlaun 600 krónur fyrir síðara árið.

9. gr.

Eftirstöðvar af láni til Sogsbrúarinnar, tekið 25. apríl 1906, að upphæð nú kr. 4,333,33 og sem hvílir á Grímsneshreppi við sparisjóð Árnessýslu, taki viðlagasjóður að sér að greiða frá 25. apríl 1911.

Stjórninni veitist heimild að selja Miklaskála á Þingvöllum fyrir 3000 kr. og með þeim skilmálum, sem fram eru teknir í bréfi stjórnarráðsins til fjárlaganefndar 1. marz 1911.

Nd. **296. Breytingartillögur**

við frv. til laga um merking á kjöti á þgskj. 240.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Fyrirsögnin verði: Frumvarp til laga um verndun á kjötstimplum dýralækna.

1. Við 1. gr.: Eftir »lögskipaðir dýralæknar« komi: eða aðrir dýralæknar.
2. Við 1. gr.: »Rétt til — dýralækni« falli niður.
3. Við 1. gr.: Í öðrum kafla greinarinnar falli niður orðin »Stjórnarráðinu— kindarkropp«.
4. Við 2. gr.: Greinin falli niður.
5. Við 3. gr.: 3. gr. verði 2. gr.
6. Við 4. gr.: 4. gr. verði 3. gr.
7. Við 4. gr.: Í stað »Brot gegn 3. gr.« komi: Brot gegn 2. gr«.

Nd. **297. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 283.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Við 1. tölul.: Á eftir orðunum »til samþykkis eða synjunar« bætist inn: Slík ósk um alþýðuatkvæði skal vera kominn í hendur landsstjórninni innan þriggja mánaða frá því er lögin eru afgreidd frá alþingi.

Nd. **298. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á fátækralögum 10. nóvember 1905.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson og Pétur Jónsson.

1. Fyrsta grein frumvarpsins hljóði þannig:
   Ef samþykt er með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum sveitarfundi, að veita einhverjum manni eða mönnum styrk úr sveitarsjóði til að leita sér eða sínum heilsubótar eða til að borga fæðiskostnað með barni, er skólaskylda hvílir á, og hreppsnefndin að því búnu veitir slíkan styrk, þá skal hann ekki talinn veittur framfærslumanni sem reglulegur sveitarstyrkur og ekki koma honum að neinu leyti til baga.
2. 1. gr. verður 2. gr.
3. 2. gr. verður 3. gr.

Nd. **299. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

Álit meiri hlutans.

Vér meiri hluti nefndarinnar leggjum til, að frumvarpið verði samþykt með þeim viðauka, að úthagar hjáleiganna séu með ákveðnum ummerkjum, og í öðru lagi, að álits umráðamanns og hreppstjóra skuli leitað um söluna.

Hvað hið fyrra atriði snertir, þá virðist oss það til glöggvunar við matsgerðina, að matsmönnum sé það vel ljóst, hve víðáttumikið landið er, sem meta skal og hvernig því er háttað. Auk þess fyrirbyggir það misklíð, sem annars gæti orðið á merkjagerð beitilands síðar. Að vísu er oss það ljóst, að jafnvel þótt merki séu sett um úthaga, þá verði notin samt sem áður sameiginleg allvíðast, en þrátt fyrir það teljum vér réttara, að þessi aðgreining sé gerð á landi því er fylgir sölunni.

Að álits umráðamanns og hreppstjóra sé leitað í hverju einstöku tilfelli,

álítum vér að tryggi það, að sala fari ekki fram, geti hún álitist bagaleg fyrir prestssetrið. Sjái hvorugur þeirra nein tormerki á sölunni, verður að líta svo á, að ekki sé neitt henni til fyrirstöðu, þegar þess er einnig gætt, að sýslunefnd sú er í hlut á, skýrir frá áliti sínu um, hvort jörðin er hentug til almenningsnota.

Að svo mæltu leggjum vér til, að frumvarpið sé samþykt með þessari breytingu og viðauka:

Í stað orðanna: »og hafa sérstök ummerki á engjum og túni« komi: enda séu gerð ummerki á túni, engjum og högum, þegar matið fer fram.

Enn fremur bætist við ný málsgrein svohljóðandi: Álits umráðamanns og hreppstjóra skal jafnan leitað um söluna.

Alþingi, 23. marz 1911.

Björn Sigfússon, formaður.	Stefán Stefánsson, Eyf. framsögumaður.	Eggert Pálsson.

Álit minni hlutans.

Við getum ekki ráðið hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Það er að okkar áliti mjög athugavert að selja hjáleigur frá prestssetrunum hér á landi út af fyrir sig, einkum með almennum heimildarlögum, því það virðist sem hæglega muni á þann hátt geta farið svo, að höfuðbólin sjálf yrði þar með að ógirnilegum, líttbyggilegum og illseljanlegum örreitiskotum, þó að við hins vegar könnumst við, að misjafnlega kunni að haga til í þessum efnum. Annað mál væri það að selja hjáleigur og höfuðból og engum jörðum sé haldið óseldum til að vera prestssetur. Þó getum við ekki ýtt undir landsstjórnina í því efni, né ráðið til, að farið sé örara í kirkjujarðasöluna en gert hefir verið síðan lög um sölu kirkjujarða frá 16. nóv. 1907 voru gefin út. Höfum við rannsakað nokkuð skjöl þau, er að því efni lúta og stjórnarráðið hefir léð nefndinni til athugunar. Verður ekki annað af þeim ráðið, en að fremur beri að gæta allrar varúðar við jarðasöluna eftirleiðis, eftir því verði að dæma, sem þær hafa verið seldar fyrir. Jafnframt því höfum við og farið yfir öll skjöl um þjóðjarðasölu í landinu síðan lög um sölu þjóðjarða frá 20. okt. 1905. Látum við fylgja nefndaráliti þessu skrár (I.—IV.) um hvoratveggja þessa jarðasölu fram til þess, sem nú er komið, til athugunar fyrir hina háttvirtu deild.

Af skrám þessum er ýmsan lærdóm að taka, og meðal annars þann, að meðalverð kirkjujarða þeirra, sem seldar hafa verið, er 121 kr. fyrir hvert jarðarhundrað og kúgilda, og er það töluvert fyrir neðan það, sem talið hefir verið meðalverð jarða hér á landi, en það er 130—140 kr. Af þeim 74 kirkjujörðum, sem seldar hafa verið, hefir jarðarhundraðið í 18 þeirra ekki náð nema sem svarar 100 kr. eða minna, og er það víðsvegar um land: í Árnessþingi 2 (IV, 6, 8), í Þverárþingi 4 (IV, 14, 15,20, 21), í Þórsnessþingi 3 (IV, 35, 36, 37), í Dalasýslu 1 (IV, 47), í Barðastrandarsýslu 3 (IV, 49, 51, 53), í Strandasýslu 1 (IV, 62), í Húnavatnsþingi 3 (IV, 64, 65, 67) og í Hegranessþingi 1 (IV, 69). Auk þessa virðist svo sem sum höfuðbólin hafi verið seld nær óskiljanlega ódýrt, svo sem önnur eins jörð og Gilsbakki (IV, 16). Þó ber þess að geta að kirkja fylgdi þar með kaupunum.

Þegar litið er til þjóðjarðanna, þá hefir salan þar ekki orðið glæsilegri, því að þar hefir meðalverðið verið ennþá lægra en á kirkjujörðunum og þó jafnan farið lækkandi alt til þessa. Meðalverð á jörðum þeim, sem seldar hafa verið fram til þings 1907, hefir verið 117 kr. og 50 aurar fyrir jarðarhundraðið, frá 1907—1909 lækkaði það ofan í 116 kr. 67 aura, og frá 1909—1911 kemst það ofan í 108 kr. Alls hefir verið seld 131 þjóðjörð síðan sölulögin 20. okt. 1905, og í 32 af þeim hefir jarðarhundraðið ekki náð 100 kr. Eru 14 af þeim í Vaðlaþingi (I, 22, 23, 28, 36; II. 27, 28, 29, 30. 31, 33, 34; III, 1, 3, 6), 11 í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (II, 5, 7, 9; III, 21, 22, 23, 25, 27, 28, 29, 31), 3 í Skaftafellssýslu (II, 12, 14, 15), 2 í Skagafirði (II, 37, 38), 1 í Strandasýslu (III, 20) og 1 í Húnavatnsþingi (I, 41). Athugaverð sýnist salan á Stórahrauni (III, 31) vera í meira lagi. Þess ber hins vegar að geta að víða eru fráskilin í sölunni ýms hlunnindi.

Við játum, að til þess að gera sér fullkomlega rétta grein fyrir því, hvert verð sé sanngjarnt á hverri jörð, þarf oft sérstakan kunnugleika, og að verð jarðanna hlýtur að fara eftir því, hvar þær eru á landinu, hvernig þeim er í sveit komið og mörgu fleira. En eigi að síður má ráða svo mikið af skýrslum þeim, sem fyrir liggja, að verð þeirra þjóðjarða, sem seldar hafa verið, er býsna langt undir því, sem talið er meðalverð jarða í landinu. Teljum við því ekki vert að selja fasteignir landssjóðs örara en gert hefir verið, og að vandlega beri að hafa gætur á því að fult verð komi fyrir þær. Og það ekki síður af þeim sökum, að ekki er loku skotið fyrir það, að ríkir menn noti fátæka ábúendur landsjóðsjarða til þess að kaupa jarðirnar fyrir sig undir þeirra nafni, og þá er illa náð sjálfsábúðar tilgangi laganna.

Fylgiskjölin geta gefið tilefni til ýmsra hugleiðinga fleiri, en við yfirlátum þær til þeirra, sem girnast að gera þær.

Alþingi, 23. marz 1911.

Hálfdán Guðjónsson. Jón Þorkelsson, skrifari.

Fylgiskjöl.

I.

Seldar þjóðjarðir fram til Alþingis 1907. (Sbr. lög 20. okt. 1905).

Austfirðir.

1.	Berunes í Fáskrúðsfirði (11,4; 1½ kúg.) 23/5 1907 . . .	2280 kr.
2.	Torfastaðir í Jökulsárhlíð (29,72; 2 kúg.) 23/5 1907 . .	4000 —

Norðursýsla.

3.	Rauðá í Ljósavatnshreppi (17,1; 4 kúg.) 15/7 1907 . . .	2430 —

Vaðlaþing.

4.	Reykhús (8,6; 2 kúg.) 12/4 1907	1500 —
5.	Teigur (14 hdr.; 2 kúg.) 2/7 1907	2100 —
6.	á Vöglum (10 hdr.; 1 kúg.) 12/4 1907	1300 —
7.	Háhamar (4 hdr.; 1 kúg.) 2/7 1907	1025 —
8.	Munkaþverá (61,11; 4 kúg.) 2/7 1907	7000 —
9.	Litlahamar (22,2; 3 kúg.) 2/7 1907	2950 —
10.	Rifkelsstaðir (18,9; 2 kúg.) 2/7 1907	2000 —
11.	Sigtún (19,8; 2 kúg.) 2/7 1907	2160 —
12.	Grýta (18,1; 2 kúg.) 2/7 1907	2550 —
13.	Uppsalir (24 hdr.; 2 kúg.) 2/7 1907	2650 —
14.	Klauf (8 hdr.; 1 kúg.) 2/7 1907	1100 —
15.	Ytra-Laugaland (21,8; 2 kúg.) 2/7 1907	3350 —
16.	Syðra-Laugaland (30,1; 2 kúg.) 2/7 1907	4100 —
17.	Hóll í Kaupangssveit (10 hdr. 1 kúg.) 2/7 1907	1500 —
18.	Syðra-Tjarnarkot (10 hdr.; 1 kúg.) 2/7 1907	1150 —
19.	Stórahamar (18 hdr. 2½ kúg.) 2/7 1907	3100 —
20.	Hraukbæjarkot (5 hdr.; 2 kúg.) 12/7 1907	1800 —
21.	Djúpárbakki (16,1; 2 kúg.) 12/7 1907	1800 —
22.	Tré(gref)staðir (18 hdr.; 2½ kúg.) 15/7 1907	1900 —
23.	Kjarni (út) (25,5; 2 kúg.) 15/7 1907	2550 —
24.	Bragholt (17,3); 15/7 1907	2300 —
25.	Hrís í Svarfaðardal (15,6; 2 kúg.) 12/7 1907	2250 —
26.	Skeggstaðir (5. hdr.; 1 kúg.) 12/7 1907	900 —
27.	Hofsá (15 hdr.; 2 kúg.) 12/7 1907	2150 —
28.	Þverá í Skíðadal (17,3; 1 kúg.) 12/7 1907	1400 —
29.	Syðra-Garðshorn (20,3; 3½ kúg.) 12/7 1907	2700 —
30.	Ytra-Garðshorn (12 hdr.; 2 kúg.) 12/7 1907	2050 —
31.	Grund í Svarfaðardal (26,8; 2 kúg.) 12/7 1907.	3000 —
32.	Ytra-Holt (18,5; 3 kúg.) 12/7 1907	2500 —
33.	Hrappstaðakot (9,4; 2 kúg.) 12/7 1907	1700 —
34.	Tjarnargarðshorn (17,7; 2 kúg.) 12/7 1907	2100 —
	Flyt	78,745 kr.

Flutt 78,745 kr.

Hegranessþing.

35. Páfastaðir (17,1; 2 kúg.) $^{2}/_{7}$ 1907 . . . . . 2400 —
36. Þrömur (12. hdr.; $1^{1}/_{2}$ kúg.) $^{2}/_{7}$ 1907 . . . . . 1200 —

Húnavatnsþing.

37. Kringla (12,2; $1^{1}/_{2}$ kúg.) $^{16}/_{8}$ 1907 . . . . . 2200 —
38. Hæli (15,3; $1^{1}/_{2}$ kúg.) $^{23}/_{8}$ 1907 . . . . . 1850 —
39. Hrossakot (6,1; 1 kúg.) $^{16}/_{7}$ 1907 . . . . . 850 —
40. Hagi (18,3; 2 kúg.) $^{16}/_{7}$ 1907 . . . . . 2050 —
41. Holt á Kólkumýrum (31,6; 2 kúg.) $^{16}/_{7}$ 1907 . . . . . 3250 —

92,545 kr.

Alls 708 hdr. hundraða 95 ál. + $87^{1}/_{2}$ kúgildum = 787 hdr. hundraða 35 ál.

Meðalverð jarðarhundraðs og kúgilda 117 kr. 50 aur.

II.

Seldar þjóðjarðir frá Alþingi 1907 og fram til Alþingis 1909.

Arnarstapa og Skógarstrandar jarðir.

1. Ytra-Skógarnes (19,6; 3 kúg.) $^{2}/_{10}$ 1908 . . . . . 2550 kr.
2. Laugarbrekka (eyðijörð; 5,9) $^{13}/_{6}$ 1908 . . . . . 125 —
3. Hrossholt (7,5; 3 kúg.) $^{27}/_{5}$ 1908 . . . . . 1100 —
4. Dalsmynni (11,7; 2 kúg.) $^{27}/_{5}$ 1908 . . . . . 1530 —
5. Elliði (18,4; 3 kúg.) $^{23}/_{5}$ 1908 . . . . . 1700 —
6. Rif (6,9) $^{12}/_{5}$ 1908 . . . . . 1940 —
7. Lágafell ytra (15,3; 3 kúg.) $^{12}/_{5}$ 1908 . . . . . 1425 —
8. Gvendareyjar (14,7; 2 kúg.) $^{12}/_{5}$ 1908 . . . . . 2400 —
9. Svelgsá (20,7; 5 kúg.) $^{29}/_{5}$ 1908 . . . . . 1900 —

Kjalarnessþing.

10. Valdastaðir í Kjós (17,4; 5 kúg.) $^{4}/_{7}$ 1907 . . . . . 6632 —

Skaftafellsþing.

11. Kirkjubæjarklaustur (24,5) $^{20}/_{11}$ 1908 . . . . . 4500 —
12. Efri-Fljót (12.6; 1 kúg,) $^{10}/_{10}$ 1908. . . . . 1200 —
13. Syðri-Fljót (3,9; 1 kúg.) $^{13}/_{6}$ 1908 . . . . . 800 —
14. Skammadalur (13,8; 3 kúg.) $^{15}/_{10}$ 1907 . . . . . 1475 —
15. Fagradalur (16,9, 3 kúg.) $^{9}/_{11}$ 1907 . . . . . 1875 —
16. Geirland (28,5; $5^{1}/_{3}$ kúg.) $^{26}/_{11}$ 1907 . . . . . 4100 —
17. Hunkubakkar (10,7; 2 kúg.) $^{15}/_{10}$ 1907 . . . . . 1100 —

Austfirðir.

18. Vað í Skriðdal (14,9; 2 kúg.) $^{4}/_{9}$ 1908 . . . . . 2400 —
19. Litla-Sauðafell í Skriðdal (6,5; 2 kúg.) $^{22}/_{6}$ 1908. . . . 1500 —

Flyt 40,252 kr.

Flutt 40,252 kr.

Norðursýsla.

20. Leirhöfn (15,2; 1 kúg.) $^{11}/_{11}$ 1908 . . . . . 2500 —
21. Sandfellshagi (12,8; 1½ kúg.) $^{15}/_{10}$ 1908 . . . . . 1500 —
22. Ormarslón (8,8; 1 kúg.) $^{21}/_{8}$ 1908 . . . . . 1300 —
23. Belgsá (9 hdr.; 1½ kúg.) $^{7}/_{9}$ 1908. . . . . 1200 —
24. Ærlækjarsel (16 hdr.; 2 kúg.) $^{21}/_{8}$ 1908 . . . . . 2525 —
25. Skógar í Öxarfirði (32 hdr.; 3 kúg.) $^{21}/_{8}$ 1908 . . . . . 4475 —

Vaðlaþing.

26. Litla-Dunhagi (16,1: 2 kúg.) $^{7}/_{9}$ 1908. . . . . 2100 —
27. Fæeggstaðir (13,62; 2 kúg.) $^{3}/_{9}$ 1908 . . . . . 1100 —
28. Baugasel (18,58; 2 kúg.) $^{3}/_{9}$ 1908 . . . . . 1300 —
29. Moldhaugar (19,8; 3 kúg.) $^{5}/_{8}$ 1908 . . . . . 2000 —
30. Hallgilsstaðir (23,1; 2 kúg.) $^{30}/_{6}$ 1808. . . . . 2250 —
31. Bás (14 hdr.; 1½ kúg.) $^{8}/_{5}$ 1908 . . . . . 1350 —
32. Garðshorn (14 hdr.; 2 kúg.) $^{2}/_{5}$ 1908 . . . . . 1800 —
33. Syðri-Tjarnir (20 hdr.; 1½ kúg.) $^{24}/_{9}$ 1907. . . . . 2000 —
34. Öxnhóll (34,6; 4 kúg.) $^{11}/_{2}$ 1909 . . . . . 3350 —

Hegranesþing.

35. Reykjarhóll (22,8; 2 kúg.) $^{22}/_{10}$ 1908 . . . . . 2664 —
36. Dæli (9,9; 1 kúg.) $^{30}/_{6}$ 1908 . . . . . 1100 —
37. Hamar í Hegranesi (11,4; 1½ kúg.) $^{6}/_{6}$ 1908 . . . . . 1200 —
38. Dúkur (19,9; 2 kúg.) $^{9}/_{5}$ 1908 . . . . . 1850 —

Húnavatnsþing.

39. Kornsá (36 hdr.; 2 kúg.) $^{11}/_{2}$ 1909 . . . . . 4500 —
40. Sveinsstaðir (26,5; 3 kúg.) $^{27}/_{5}$ 1908 . . . . . 3400 —
41. Brúsastaðir (19,3; 3 kúg.) $^{27}/_{5}$ 1908 . . . . . 2500 —

Strandasýsla.

42. Bjarnanes (8,4; 2 kúg.) $^{5}/_{6}$ 1908 . . . . . 1225 —
43. Naustvíkur (1,8) $^{17}/_{8}$ 1908 . . . . . 175 —

89,616 —

Alls 675 hdr. hundraða 116 ál. + 91 kúgildum 96 al. = 767 hdr. hundraða 92 ál.

Meðalverð jarðarhundraðs og kúgilda 116 kr. 67 aurar.

III.

Seldar þjóðjarðir frá Alþingi 1909 til Alþingis 1911.

Vaðlaþing.

1. Þórustaðir í Öngulstaðahreppi $^{7}/_{7}$ 1909 (26,4; 2 kúg.) . . 2625 kr.
2. Ytri-Tjarnir og Ytri-Tjarnakot $^{28}/_{8}$ 1909 (32,2; 3 kúg.) . 4275 —

Flyt 6,900 kr.

	Flutt	6,900 kr.
3.	Torfur í Hrafnagilshrepp $^{8}/_{6}$ 1909 (12,2; 1 kúg.) . . .	1250 —
4.	Hvassafell (39,2; $3^{1}/_{2}$ kúg.) 1910 $^{15}/_{6}$	4750 —
5.	Hraukbær (22 hdr.) $^{4}/_{11}$ 1910	2375 —
6.	Flaga í Hörgárdal (28,9; 3 kúg.) $^{18}/_{11}$ 1910	2400 —

Húnavatnsþing.

7.	Helgavatn (20,4; 3 kúg.) $^{18}/_{6}$ 1910.	2800 kr.
8.	Umsvalir (9,1; 1 kúg.) $^{21}/_{6}$ 1910	1150 —
9.	Vatnsdalshólar (10,7; $1^{1}/_{2}$ kúg.) $^{18}/_{6}$ 1910	1500 —
10.	Sauðanes (28,5; 2 kúg.) $^{20}/_{6}$ 1910	3750 —
11.	Skinnastaðir (12,2; $2^{1}/_{2}$ kúg.) $^{10}/_{9}$ 1910	2150 —
12.	Kurfur (3,2; 1 kúg.) $^{19}/_{7}$ 1910	800 —
13.	Böðvarshólar (20,4; 2 kúg.) $^{8}/_{10}$ 1910	2200 —
14.	Ósar (16,3; $1^{1}/_{2}$ kúg.) $^{10}/_{12}$ 1910	2665 —

Strandasýsla.

15.	Veiðileysa (8,4; 1 kúg.) $^{21}/_{8}$ 1909	950 kr.
16.	Kjós (3,6; $^{1}/_{2}$ kúg.) $^{21}/_{8}$ 1909	400 —
17.	Reykjavík (5,6; 1 kúg.) $^{30}/_{10}$ 1909.	650 —
18.	Hlaðhamar (12,6; 1 kúg.) $^{18}/_{8}$ 1910	1425 —
19.	Litla-Hvalsá (7 hdr.; 1 kúg.) $^{27}/_{8}$ 1910	900 —
20.	Bræðrabrekka (7,4; 1 kúg.) $^{27}/_{8}$ 1910	800 —

Arnarstapaumboð.

21.	Hrís í Helgafellssveit (22,12; 5 kúg.) $^{18}/_{6}$ 1910	2325 kr.
22.	Akureyjar í Helgafellssveit (34,5; 3 kúg.) $^{29}/_{6}$ 1910 . . .	3000 —
23.	Berserkseyri (17,5; $1^{1}/_{2}$ kúg.) $^{29}/_{6}$ 1910	1200 —
24.	Sveinsstaðir undir Jökli (16,59; $2^{1}/_{2}$ kúg.) $^{25}/_{6}$ 1910 . .	1900 —
25.	Brekkubær á Hellisvöllum (5,9) $^{11}/_{6}$ 1910	500 —
26.	Öxl í Breiðavík (7,3; 2 kúg.) $^{4}/_{6}$ 1910	1000 —
27.	Bjarnarfoss og Bjarnarfosskot (11,5; 3 kúg.) $^{8}/_{8}$ 1910 . .	1100 —
28.	Blákeldur (16,5; 2 kúg.) $^{8}/_{8}$ 1910	1400 —
29.	Kálfárvellir og Kálfárvallakot (21,8; 3 kúg.) $^{16}/_{8}$ 1910 . .	2000 —
30.	Miðhraun (17,7; 4 kúg.) $^{30}/_{6}$ 1910	2200 —
31.	Stórahraun (35 hdr.; 4 kúg.) $^{29}/_{7}$ 1910	3500 —

Páll Sigurðsson í Haukatungu býður 16. jan. 1909 6000 kr. fyrir Stórahraun:

»Haukatungu, dag 16. janúar 1909.

Til stjórnarráðsins yfir Íslandi.

Eg undirskrifaður leyfi mér hér með, að fara þess á leit við hið háttvirta Stjórnarráð Íslands, að fá keypta þjóðjörðina Stórahraun í Kolbeinsstaðahreppi. Boð mitt í jörðina er 6000 kr. — sex þúsund krónur —, sem eg óska, að greiðast mættu með sömu borgunarskilmálum og landsetar á þjóðjörðum fá þær keyptar fyrir, samkvæmt lögum 20. október 1905, 13. gr., um sölu þjóðjarða, og að eg þá jafnframt geti fengið jörðina til ábúðar.

Virðingarfylst

Páll Sigurðsson«.

32.	Söðulsholt (12,6; 3 kúg.) $^{19}/_{2}$ 1910	1800 —
	Flyt	61,740 kr.

Flutt 61,740 kr.

Borgarfjarðarsýsla

33. Belgsholt og Belgsholtskot (29 hdr.; 5 kúg.) $^{11}/_{5}$ 1910 . . 3500 kr.

Kjalarnesþing.

34. Meiðastaðir (12,5; 1 kúg.) $^{9}/_{7}$ 1910 . . . . . 3300 kr.
35. Gaukstaðir (13 hdr.; 1 kúg.) $^{19}/_{12}$ 1910 . . . . . 2800 —

Skaftafellsþing.

36. Norður-Götur (9,2; 2 kúg.) $^{19}/_{10}$ 1909 . . . . . 1300 kr.
37. Suður-Götur (8,9; 2 kúg.) $^{18}/_{7}$ 1910 . . . . . 1150 —
38. Gil í Mýrdal (13,8; 3 kúg.) $^{23}/_{11}$ 1909 . . . . . 2100 —
39. Hörgsdalur (25,8; 5 kúg.) $^{12}/_{10}$ 1910 . . . . . 4000 —
40. Ytri-Tunga í Landbroti (6,7; $^{1}/_{2}$ kúg.) $^{27}/_{10}$ 1909 . . . . 900 —
41. Eystri-Tunga (3 hdr.; $^{1}/_{2}$ kúg.) $^{18}/_{7}$ 1910 . . . . . 690 —
42. Kárstaðir og Refstaðir (3 hdr.; 1 kúg.) $^{25}/_{10}$ 1910 . . . 880 —
43. Ásgarður (2 hdr.) $^{25}/_{10}$ 1910 . . . . . 250 —

Austfirðir.

44. Sandvíkurpartur í Norðfirði (5,5) $^{28}/_{10}$ 1909 . . . . . 700 —
45. Haugar í Skriðdal (4,9; 1 kúg.) $^{31}/_{1}$ 1910 . . . . . 1100 —
46. Sellátrar (10,50; 2 kúg.) $^{5}/_{7}$ 1910 1969,50

Norðursýsla.

47. Brimnes á Langanesi (6,4) $^{19}/_{7}$ 1910 . . . . . 650 —

85,029,50

Alls 699 hdr. hundraða + $89^{1}/_{2}$ kúgildi = 788 hundruð hundraða og 97 álnir betur.

Meðalverð jarðarhundraða og kúgilda 108 kr.

Alls seld kúgildi með þjóðjörðum $275^{50}/_{10}$.

IV.

Kirkjujarðir seldar fram til Alþingis 1911.

(Sbr. lög um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907).

Norðurmúlasýsla.

1. Höfn í Borgarfirði (19,7; 2 kúg.) $^{30}/_{9}$ 1909 . . . . . 3400 kr.
2. Fjallsel í Fellum (11,5; 1 kúg.) $^{16}/_{9}$ 1910. . . . . 2400 —
3. Ás í Fellum (32,9; 3 kúg.) $^{12}/_{4}$ 1910 . . . . . 3800 —

Suðurmúlasýsla.

4. Mýrar í Skriðdal (14,7; $1^{1}/_{2}$ kúg.) $^{11}/_{5}$ 1909 . . . . . 3300 —
5. Ormsstaðir í Norðfirði (10,5; $1^{1}/_{2}$ kúg.) $^{9}/_{11}$ 1910. . . . 1900 —

Flyt 14,800 kr.

Flutt 14,800 kr.

Árnessþing.

6. Stíflisdalur í Þingvallasveit (30,19; 2 kúg.) $^{6}/_{10}$ 1908. . . 2800 —
7. Syðri-Brú í Grímsnesi (19,8; 4 kúg.) $^{7}/_{12}$ 1908. . . . . 3000 —
8. Arnarbæli hálft í Grímsnesi (17,1; 3 kúg.) $^{6}/_{8}$ 1909 . . . 2000 —
9. Hrepphólar (29,79; 2 kúg.) $^{20}/_{7}$ 1909 . . . . . 3512 —

Kjalarnessping.

10. Sogn í Kjós (8,7; 3 kúg.) $^{27}/_{8}$ 1908 . . . . . 2500 —
11. Neðri-Háls í Kjós (29,6; 5 kúg.) $^{20}/_{5}$ 1910 . . . . . 5000 —
12. Flekkuvík (öll) á Vatnsleysuströnd (13,70; 3 kúg.). . . . 4400 —

Þverárþing (hvorttveggja).

13. Húsafell (22,6; 4 kúg.) $^{21}/_{10}$ 1909 . . . . . 3200 —
14. Lundur í Lundarreykjadal (43,5; 9 kúg.) $^{12}/_{8}$ 1909 . . . 5000 —
15. Hvassafell í Norðurárdal (25,7; 5 kúg.) í júlí 1909 . . . 3000 —
16. Gilsbakki (48,1; 5 kúg. $^{18}/_{5}$ 1909 . . . . . 5500 —
(laxveiði jarðarinnar í Kjarrá leigð Englendingi fyrir 300 kr. á ári. Lambatungur leigðar fyrir 30 kr. á ári).
17. Norður-Reykir í Hólasveit (10,8; 2 kúg.) $^{23}/_{6}$ 1909 . . . 1450 —
18. Kjalvararstaðir í Reykholtsdal (18.1; 3 kúg.) $^{28}/_{6}$ 1909 . . 2500 —
19. Hraunsás (14,5; 3 kúg.) $^{28}/_{9}$ 1910 . . . . . 1900 —
20. Þursstaðir (9,4; 3 kúg.) $^{19}/_{11}$ 1909. . . . . 1064 —
21. Kárastaðir (11,7; 3 kúg.) $^{6}/_{6}$ 1910. . . . . 1228 —
22. Skorrholt hvorttveggja (14,4; 4 kúg.) $^{24}/_{8}$ 1909 og $^{2}/_{4}$ 1910. 2400 —
23. Fornahvammur (2,6; 1 kúg.) $^{3}/_{9}$ 1909 . . . . . 900 —
24. Kleppstía (Klettstía) (7,9; 2 kúg.) $^{6}/_{6}$ 1910 . . . . . 1200 —
25. Hárekssstaðir (13 hdr.; 3 kúg.) í júlí 1909 . . . . . 1750 —
26. Hóll í Norðurárdal (11,1; 3 kúg.) í júlí 1909. . . . . 1500 —
27. Neðranes í Stafholtstungum (15,5; 3 kúg.) $^{18}/_{5}$ 1909. . . 2500 —
28. Vatnshamrar í Andakýl (17,4; 2 kúg.) $^{6}/_{6}$ 1910 . . . . 2000 —
29. Hægindiskot (með Kirkjutungu) (11,6; 2 kúg.) $^{23}/_{6}$ 1909 . 1500 —
30. Brúarreykir (14,6; 3 kúg.) $^{3}/_{6}$ 1909 . . . . . 1700 —
31. Kollsstaðir (11,3; 3 kúg.) $^{17}/_{5}$ 1909 . . . . . 1700 —
32. Bjarnastaðir (19,1; 4 kúg.) $^{17}/_{5}$ 1909 . . . . . 3000 —
33. Kirkjuból (8,1; 2 kúg.) $^{17}/_{5}$ 1909 . . . . . 1020 —
34. Breiðabólsstaður í Reykholtsdal (19,2; 4 kúg.) $^{13}/_{5}$ 1909 . 2700 —

Snæfellsnessýsla og Hnappadals.

35. Helgafell (alls 86,89; með Skákarey 40 hdr. og að auk [Skjöldur og] Undirtún 2,97; $4^{1}/_{2}$ kúg.) $^{3}/_{5}$ 1910 . . . . 4200 —
36. Dældarkot (8,98; 2 kúg.) $^{8}/_{7}$ 1910. . . . . 1050 —
37. Arnarstaðir (10,3; 2 kúg.) $^{30}/_{7}$ 1910 . . . . . 1050 —
38. Valabjörg (eyðijörð; 10,3) $^{9}/_{7}$ 1910 . . . . . 200 —
39. Kinn í Staðarsveit (0,9) $^{25}/_{11}$ 1910 . . . . . 65 —
40. Valshamar á Skógarströnd (13,2; 4 kúg.) $^{17}/_{6}$ 1910 . . . 2000 —
41. Krossar syðri og ytri í Staðarsveit (7,7; 2 kúg.) $^{13}/_{8}$ 1910. 1800 —

Dalasýsla.

42. Spágilsstaðir (8,33; $2^{1}/_{2}$ kúg.) $^{10}/_{12}$ 1910 . . . . . 1750 —
43. Hjarðarholt í Laxárdal með Hrappsstöðum (29,78+8,33; $2^{1}/_{2}$ kúg,) $^{20}/_{4}$ 1910 . . . . . 7150 —

Flyt 105,989 kr.

	Flutt	105,989 kr.
44.	Sauðhús í Laxárdal (17,8; 4 kúg.) $^{13}/_{7}$ 1909	2700 —
45.	Skerðingsstaðir (17,4; 4 kúg.) $^{17}/_{4}$ 1909	2500 —
46.	Skógarkot syðra í Miðdölum (10,3; $2^{1}/_{2}$ kúg.) $^{5}/_{10}$ 1910. .	1825 —
47.	Skorravík (19 hdr.; 4 kúg.) $^{24}/_{8}$ 1908	2200 —

Barðastrandarsýsla.

48.	Ingunnarstaðir í Geiradal (15,9; 4 kúg.) $^{28}/_{9}$ 1909 . . .	2200 —
49.	Arnarstapi í Tálknafirði (5,7; $1^{1}/_{2}$ kúg.) $^{17}/_{9}$ 1909. . . .	600 —
50.	Miðjanes (16,5; 4 kúg.) $^{1}/_{5}$ 1909	2500 —
51.	Brekka í Gufudalssveit (18,1; 4 kúg,) $^{8}/_{10}$ 1909	2000 —
52.	Hvalsker (8,1; 3 kúg.) $^{1}/_{6}$ 1910.	2000 —
53.	Geitagil (24,8; 6 kúg.) $^{16}/_{6}$ 1910	2200 —

Ísafjarðarsýsla.

54.	Kleifar í Súðavíkurhreppi (13,8; 2 kúg.) $^{2}/_{4}$ 1910 . . .	2125 —
55.	Kvíar (7,9; 1 kúg.) $^{6}/_{5}$ 1910	830 —
56.	Hafrafell (6,8; 2 kúg.) $^{16}/_{7}$ 1910	2500 —
57.	Engidalur hálfur (10,7; $2^{1}/_{2}$ kúg.) $^{8}/_{10}$ 1910	2000 —

Strandasýsla.

58.	Drangar (19,7) $^{16}/_{11}$ 1909	4000 —
59.	Kirkjuból (10,7; 3 kúg.) $^{30}/_{10}$ 1909.	1600 —
60.	Fjarðarhorn (21,1; 4 kúg.) $^{8}/_{9}$ 1909	3000 —
61.	Hólar í Hrófbergshrepp (7 hdr.; 2 kúg.) $^{24}/_{8}$ 1910 . . .	1150 —
62.	Ljótunarstaðir (14 hdr.; 2 kúg.) $^{22}/_{9}$ 1910	1200 —

Húnavatnsþing.

63.	Brekkulækur ytri (14,2; 3 kúg.) $^{29}/_{10}$ 1908	2200 —
64.	Grímstunga (42,8; 5 kúg.) $^{16}/_{9}$ 1909	4000 —
65.	Staðarbakki (33,1; 3 kúg.) $^{26}/_{1}$ 1911	3400 —
66.	Sveðjustaðir (24,4; $2^{1}/_{2}$ kúg.) $^{21}/_{4}$ 1910	3200 —
67.	Brandagil (15,6; $2^{1}/_{6}$ kúg.) $^{19}/_{7}$ 1910	1500 —

Hegranesþing.

68.	Tunguháls (19,9; 2 kúg.) $^{6}/_{6}$ 1910	2800 —
69.	Haldórsstaðir í Seyluhrepp (17,1; 1 kúg.) $^{30}/_{8}$	1700 —

Þingeyjarþing.

70.	Ytra-Lón á Langanesi (15,8; 1 kúg.) $^{19}/_{7}$ 1910.	3500 —
71.	Klömbrur (12,6; 3 kúg.) $^{8}/_{7}$ 1910	2440 —
72.	Hafurstaðir (8 hdr.; 1 kúg.) $^{14}/_{8}$ 1910	1800 —
73.	Grund á Langanesi (5 hdr.; 1 kúg.) $^{19}/_{7}$ 1910	1100 —
74.	Brimnes hálft á Langanesi (6,4) $^{19}/_{7}$ 1910	650 —
		173,409 kr.

Alls 1228 hdr. hundraða og 63 al. + 203 kúg. 84 al. = 1432 hdr. hundraða og 30 ál.

Meðalverð á jarðarhundraðinu að kúgildum meðreiknuðum 121 kr.

Nd. **300. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skógrækt (þingskj. 57).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Fyrsta málsgrein 5. greinar orðist þannig:

Nú vill maður höggva skóg eða kjarr, og skal hann þá höggva innan úr á við og dreif svo að skógurinn eða kjarrið grisjist.

Nd. **301. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um vátrygging fyrir sjómenn. (Þingskjal 108).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Síðari málsgreinin orðist svo:
   Vertíð telst sá tími, eða hluti árs, sem sjómaður er ráðinn í skiprúm í hvert sinn.
2. Við 2. gr. Orðin: »og þeir eru lögskráðir« falli burt.
3. Við 3. gr. Fyrir: »10 aurum« komi: 12 aurum.
4. Við 3. gr. Orðin: »lögskráður fyrir eða« falli burt.
5. Við 4. gr. Á eftir orðunum: »deyr af slysförum« bætist: sem orsakast af atvinnurekstrinum á útveginum.

Nd. **302. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um dánarskýrslur.

Nefndin, sem kosin var af neðri deild til þess að íhuga »Frumvarp til laga um dánarskýrslur«, er háttv. efri deild hefir samþykt, hefir nú athugað frumv. þetta. Telur hún betur fara, að breyta því að nokkru, því að bæði er það vafasamt, hvernig skilja eigi frumvarpið á nokkrum stöðum, og auk þess geta ákvæði þess bakað landssjóði all-veruleg útgjöld, ekki sízt ef læknishéruðum fjölgar að mun.

Nefndin hefir leitað álits landlæknis á breytingartillögum sínum. Hefir hann lýst yfir því, að hann geti fallist á þær. Nefndin hikar því ekki við, að ráða háttvirtri neðri deild, að samþykkja þessar breytingartillögur við frumvarpið:

1. Fyrsta málsgrein 1. gr. orðist svo:
Prestur má ekki jarðsetja lík neins manns, er dáið hefir í kauptúni, sem er læknissetur, fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans o. s. frv.
2. Í stað orðanna: »kirkjusókn, er læknir situr í« í 3. málsgr. 1. gr. komi: kauptúni, sem er læknissetur.
3. Orðin: »auk ferðakostnaðar . . . . . störf héraðslækna« í 1. gr. falli burt.
4. 2. gr. orðist svo: Þá er prestur jarðsetur lík manns, sem dáið hefir utan kauptúns, sem er læknissetur, skal hann o. s. frv.
5. Í stað orðanna: »við hvaða sjúkdómseinkenni« í 1. málsgrein 3. gr. komi: við hvað.
6. Á eftir orðunum: »ef nokkur eru« í 2. lið 3. gr. komi: svo og útdrátt úr manntalsskýrslu sóknarinnar um manntal kauptúnsins.

Alþingi, 23. marz 1911.

Ólafur Briem, formaður.	Hálfdán Guðjónsson, skrifari og framsögum.	Jón Magnússon.

Nd. **303. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seríu) bankavaxtabréfa.

Frá peningamálanefndinni.

Landssjóður leggur fram helming af tryggingarfé því, sem landsbankanum er gert að leggja fram í 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans, til að gefa út 3. flokk bankavaxtabréfa, í ríkisskuldabréfum og bankavaxtabréfum fyrsta og annars flokks, eftir því hlutfalli, er greinin tiltekur. Vextir af þeim hluta tryggingarfjárins, er landssjóður leggur fram, renna í landssjóð.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **304. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun fasteignaveðbanka. (Þskj. 131).

Nefndin hefir nú á nokkrum fundum athugað þetta mál, og komizt að þeirri niðurstöðu, að mjög hæpið sé, hvort fasteignaveðbanka-frumvarp geti orðið samþykt á þessu þingi. Nefndin felst þó á það, að það mundi þrengja of mikið að Landsbankanum ef hann ætti að halda áfram að setja tryggingarfé það, sem veðdeildarlög 3. veðdeildarinnar áskilja, sem sé $^1/_6$ á móti því, sem lánað er

úr veðdeildinni, að helmingi í ríkisskuldabréfum og að helmingi í veðdeildarbréfum, og leggur því til, að landssjóður leggi nokkuð af þessari tryggingu fram, eða fyrir hálfri veðdeild þessari. Vér hyggjum að Landsbankinn með þessu móti geti haldið áfram að veita veðdeildarlán til næsta þings ef landsstjórnin getur fengið þá $^1/_2$ milljón að láni, til að kaupa fyrir bankavaxtabréf veðdeildarinnar, sem enn er ótekin samkvæmt lántökuheimildinni í lögum nr. 14., 9. júlí 1909.

Ef Landsbankinn sæi sér fært að lána alla upphæð 3. veðdeildar, mundi landssjóður þurfa að leggja fram í verðbréfum samtals 250 þúsund krónur, og með því að hann á nú meira en nóg til þess í innlendum 3. flokks veðdeildarbréfum, sem Landsbankinn mundi skifta um fyrir 2. flokks bréf, þá ætti honum eigi að verða um megn að styrkja bankann í bráð á þennan hátt.

Vér leyfum oss því að koma fram með sérstakt frumvarp, sem heimilar landsstjórninni að leggja fram þetta tryggingarfé. Ennfremur mun nefndin koma síðar fram með þingsályktunartillögu, um að skora á stjórnina að undirbúa fasteignaveðbanka-frumvarp fyrir næsta þing.

Neðri deild Alþingis, 24. marz 1911.

Magnús Blöndahl, formaður.	Björn Kristjánsson, skrifari og framsögum.
H. Hafstein.	Þorleifur Jónsson.
Jóh. Jóhannesson.	Jón Magnússon.
Bjarni Jónsson frá Vogi.	

Ed. **305. Frumvarp**

til laga um sjúkrasamlög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Það er sjúkrasamlag, ef menn bindast félagsskap í því skyni, að tryggja hver öðrum gegn tilteknum iðgjöldum uppbót á því fjártjóni, sem veikindi valda.

2. gr.

Sjúkrasamlög eiga heimting á því, að þau séu lögskráð, ef þau fylgja fyrirmælum þessara laga, og ber þeim þá styrkur úr landssjóði, í kaupstöðum og kauptúnum, sem læknir er búsettur í, 1 króna, en annarstaðar 1 króna 50 aurar árlega fyrir hvern félaga, sem árlangt hefir greitt iðgjald í samlagssjóð.

Stjórnarráðið ræður lögskráningu sjúkrasamlaga og hefir allar þær gætur á þeim, sem því þykir þurfa.

3. gr.

Þessi eru skilyrðin fyrir því, að sjúkrasamlag geti orðið lögskráð:

1. Samlagið skal taka yfir tiltekið svæði, venjulega einn hrepp eða kaupstað.
2. Það skal veita viðtöku og full félagsréttindi hverjum manni, jafnt karli sem konu, ef hann sannar,
   a. að hann eigi heima í samlagshéraðinu,
   b. sé eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en fertugur, er hann beiðist viðtöku,
   c. sé hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 1200 kr. að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.
   d. eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meiru en 5000 kr.,
   e. hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er skerði eða geti skert vinnuþol hans, enda sé hann fullhraustur er hann gengur í samlagið.
3. Lögskráð sjúkrasamlög mega og veita viðtöku mönnum, sem eru yfir fertugt, gegn hærri iðgjöldum. Þau mega einnig veita mönnum viðtöku, þó að þá bresti hin önnur skilyrði í 2. tölulið þessarar greinar, en ekki skulu slíkir félagar eiga tilkall til neinnar tryggingar eða nokkurs styrks úr samlagssjóði eða landssjóði; þeir eru hlutlausir en hinir hluttækir.
4. Sjúkrasamlag verður því að eins lögskráð, að í því séu að minsta kosti 50 hluttækir félagar.
5. Sjúkrasamlög skulu veita hverjum hluttækum félaga tryggingu fyrir ókeypis læknishjálp, ef sjúkdóm ber að höndum, ókeypis sjúkrahúsvist, hvenær sem þess gerist þörf, og dagpeningum eigi minnum en 50 aurum á dag og eigi meirum en nemi $^2/_3$ af venjulegum dagtekjum sjúklingsins.

   Dagpeningatryggingin tekur þó til þeirra einna, sem eru 18 ára eða eldri.

   Utan kaupstaða og kauptúna, sem læknir er búsettur í, getur og stjórnarráðið leyft að dagpeningar falli niður með öllu, og einnig í kaupstöðum og kauptúnum, ef um giftar konur er að ræða, eða vistráðin hjú, eða aðra þá, sem halda kaupi sínu, þó að þeir séu frá verki vegna veikinda.
6. Iðgjöld hvers sjúkrasamlags skulu vera svo há, að stjórnarráðið telji þau nægja ásamt landssjóðsstyrknum fyrir þeirri tryggingu, sem samþykt hvers samlags heitir samlagsmönnum.
7. Samlagið skal haga störfum sínum og stjórn eftir reglum, sem stjórnarráðið setur.

4. gr.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd að samþyktum handa sjúkrasamlögum.

5. gr.

Ef sjúkrasamlag hættir að gegna þeim skilyrðum, sem sett eru í 3. gr., þá fellur niður styrkurinn úr landssjóði og afskifti stjórnarráðsins af sjúkrasamlaginu.

Ed.

306. Frumvarp

til laga um samþyktir um heyforðabúr.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt fyrir hvern hrepp innansýslu, sem óskar þess, um heyforðabúr.

2. gr.

Sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem vill koma á hjá sér samþykt um heyforðabúr, leggur með samþykki lögmæts sveitarfundar frumvarp til samþyktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppnum, sem samþyktina vill gera, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir hreppsbúar, sem kosningarrétt hafa til alþingis. Oddviti sýslunefndar eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra búenda, er atkvæðisrétt eiga, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd fallist á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingatillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið í heild sinni óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem ekki hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki koma fram á ný, fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþyktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa í þeim hreppi, sem hún er gerð fyrir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt má ákveða:

a. Um heyásetningseftirlit.

b. Um stofnun heyforðabúrs, svo sem með því, að hreppsnefndin semji við einn eða fleiri menn, að þeir hafi til ákveðinn forða af góðu heyi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að lenda í heyþroti, ellegar á annan hátt tryggja það, að ákveðinn heyforði sé til í hreppnum til hjálpar í heyþroti.
c. Um ákvæðisgreiðslu úr sveitarsjóði fyrir hver 100 kg. af heyi (töðu eða útheyi) til þeirra er heyforðann ábyrgjast.
d. Um verð, fyrirfram ákveðið, á heyi úr heyforðanum og innheimtu þess og gjalddaga.
e. Um umsjón heyforðans, enda sé hann jafnan undir eftirliti sveitarstjórnar.

6. gr.

Árskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði, svo sem vexti höfuðstólsins, kostnað við fyrningu heys og endurnýjun, svo og umsjónarkostnað. Vextir og fyrningargjald eða endurnýjunarkostnaður á þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, endurgreiðist síðan úr landssjóði að helmingi, þó eigi yfir 40 au. fyrir hvern hest (100 kg.) í þessum hluta forðans.

7. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert senda stjórnarráði skýrslu um heyforðabúrið í hreppnum fyrir næstliðið fardaga ár, ásamt reikningi yfir kostnaðinn við það. Skal stjórnarráðið þá greiða hreppsnefndinni styrk þann úr landssjóði, er hreppnum ber, samkvæmt 6. gr., og sé styrkurinn greiddur fyrir 1. dag októbermánaðar.

8. gr.

Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki, samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

9. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð.

Með brot gegn samþykt skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **307. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um samþyktir um heyforðabúr.

Frá nefndinni.

1. 1. gr. orðist svo:
Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um heyforðabúr fyrir hvern hrepp innan sýslu, sem óskar þess.
2. Við 3. gr. Orðið: »búenda« í 3. línu falli burt.
3. — - — fyrir: »fallist« í 6. línu, komi: felst.

4. 6. gr. orðist svo:

Árskostnað við forðabúrið þann, er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði. Vextir af þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, sem og fyrningargjald eða endurnýjunarkostnaður á honum, endurgreiðist sveitarsjóði úr landssjóði að helmingi, þó eigi yfir 40 aura fyrir hvern hest (100 kg.) í þessum hluta forðans.

Nd. **308. Frumvarp**

til laga um skógrækt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skógrækt skal hefja og framkvæma með því að friða og bæta skóga þá og skógarleifar, sem enn eru hér á landi, rækta nýjan skóg og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógar og gróðursetning. Leggja skal og stund á varnir gegn uppblæstri lands og sandfoki, þar sem því verður við komið.

Landsstjórnin hefir yfirstjórn skógræktarmála og sandgræðslumála.

2. gr.

Skipa skal skógræktarstjóra, og hefir hann á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gerðar verða til skógræktar. Hann skal hafa stundað skógrækt og int af hendi próf, er landsstjórnin tekur gilt. Skógræktarstjóri hefir að launum 2400 kr.

3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði. Skulu þeir vera fyrst um sinn tveir. Laun þeirra skulu ákveðin á fjárlögum. Þeir skulu hafa aflað sér sérstakrar þekkingar í skógrækt, og staðist próf, sem stjórn skógræktarmálanna tekur gilt. Skógarverðir skulu settir yfir skógræktarjarðir landssjóðs, og hafa umsjón með trjáræktarsvæðum hans, líta eftir meðferð skóga og kjarrs, og annast framkvæmdir á skógræktarstörfum. Fela má skógræktarstjóra skógvarðarstörf á því svæði er stjórnin nánar til tekur. Fela má og skógvörðum athugun sandfokssvæða og eftirlit með framkvæmd sandgræðsluráðstafana, er gerðar kunna að vera.

4. gr.

Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal nánara ákveða með reglugerð, sem stjórnarráðið setur.

5. gr.

Nú vill maður höggva skóg eða kjarr, og skal hann þá höggva innan úr á við og dreif svo að skógurinn eða kjarrið grisjist. Ekkert svæði má berhöggva nema landið sé tekið til ræktunar. Birkirunnum í skógum og kjörrum má ekki kippa upp. Ekki má heldur án samþykkis skógræktarstjóra eða skógar-

varða taka beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng né meltágar. Mosa má og ekki taka nema í skóglausu og kjarrlausu mýrlendi. Ennfremur er skógræktarstjóra og skógarvörðum heimilt að banna að rífa fjalldrapa og víði á þeim svæðum, er ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum.

6. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur er eða kjarr.

7. gr.

Skógræktarstjórinn og skógarverðirnir skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir, samkvæmt reglum þeim, er getur um í 5. gr. skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á alt að 200 ferstikna svæði í skógnum eða kjarrinu til þess að sýna, hvernig höggva skal.

8. gr.

Eigendur og notendur skóga og kjarrs geta eigi bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum eða öðrum þeim, sem eftirlitið ákynni að vera falið, nauðsynlega umferð um land sitt, hvort sem það er girt eða ógirt.

9. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra að taka alt að 25 teiga lands í skógar eða kjarrsvæðum á jörðum einstakra manna til friðunar, og skal svæðið girt. Kostnaðurinn, er af friðuninni leiðir, greiðist af fé því, er veitt er til skógræktar úr landssjóði. — Á þessu svæði skal ekkert höggva, nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það, eftir mati óvilhallra manna.

10. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og kjarrlendi. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sérstakar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit, og ef einhversstaðar horfir til stór-skemda eða auðnar af þessum völdum, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til varnar eyðileggingu.

11. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum, og skógræktarstjóri og skógarverðir í umdæmum sínum, hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs, og hvort brotið sé mót friðunar-ákvæð-

unum í 5. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um það til stjórnarráðsins, og ákveður það svo í samráði við skógræktarstjóra, hvað gera skuli í málinu.

12. gr.

Skylt er skógræktarstjóra og skógarvörðum að láta mönnum í té leiðbeiningar um, hversu hefta skal landbrot, jarðfok eða sandfok. Ábúendum jarða er skylt að segja skógarvörðum eða skógræktarstjóra til um ný landspjöll, en þeir skulu gefa stjórnarráðinu skýrslu um þau, svo að ráðstafanir megi gera til þess að hefta þau eða bæta, ef uggvænt þykir að þau séu héraðshætta.

13. gr.

Brot á móti lögum þessum og ákvæðum þeirra um meðferð skóga og kjarrs varða sektum frá 5—100 kr., er renna í landssjóð. Um mál út af brotum á lögunum fer sem um almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands frá 22. nóvbr. 1907, og lög um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl. frá 30. júlí 1909.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Ed. **309. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu prestsetrið Húsavík, að undanskildu túni og húsum, og kirkjujörðina Þorvaldsstaði, fyrir það verð, er dómkvaddir, óvilhallir menn meta, þó með því skilyrði, að verðið má eigi lægra vera en 25,000 kr.

Landsstjórnin kveður á um alla söluskilmála, og skal salan eigi fara fram fyr en Húsavíkurkauptún er orðið sérstakt sveitarfélag. Skulu þá jarðirnar fylgja kauptúninu.

Nd. **310. Breytingartillaga**

við frumvarp til hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Flutningsm.: Pjetur Jónsson, Eggert Pálsson og Stef. Stefánsson Eyf.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Til hafnarbyggingar í Reykjavík veitast úr landssjóði allt að 400,000 — fjögurhundruð þúsund — krónur gegn þreföldu 1,200,000 kr. fjárframlagi úr hafnarsjóði Reykjavíkur. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Reykjavíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.
2. Við 2. gr. í stað: »800,000« komi: 1,200,000.

Nd. **311. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. 24. marz (Till. til þingsályktunar um innsetning gæzlustjóra Landsbankans, þskj. 43).

Með því að nefnd sú, er neðri deild Alþingis skipaði til þess að rannsaka landsbankamálið, hefir enn ekki lokið störfum sínum, og ekki sízt þar sem máli þessu víkur nú, eftir ráðherraskiftin, alt öðruvísi við en þegar þingsályktunartillagan var borin fram, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Nd. **312. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu við frumvarp til stjórnarskipunarlaga á þingskjali 270.

Frá Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Í staðinn fyrir: »Má enginn bera fram á alþingi nema ráðherra« komi: Mega ekki aðrir bera fram á alþingi en ráðherrar og fjárlaganefndirnar í heild sinni í hvorri þingdeild um sig.

Ed. **313. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

(Eftir. 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur um Ölfus að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall.

Viðhaldsskylda Rangárvallasýslu á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, að einum þriðja, sbr. 8. gr. vegalaganna stafl. d., skal falla burt frá 1. janúar 1914.

2. gr.

Þá er flutningabraut er fullgerð eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgerður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun. Skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

Áður en afhending fer fram, skal framkvæma skoðunargerð á brautinni eða brautarkaflanum, og tilnefnir stjórnarráðið annan skoðunarmanninn, en sýslunefnd þeirrar sýslu, sem vegurinn liggur í, tilnefnir hinn. Skulu þeir semja nákvæma lýsingu á veginum og senda stjórnarráðinu, og úrskurðar stjórnarráðið síðan, hvort vegurinn eða vegarkaflinn sé fullger, eða skemdir bættar, svo sem hér er fyrirmælt.

3. gr.

Hreppsvegagjald er 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna, skulu samdar í októbermánuði ár hvert, og sendar sýslumanni fyrir árslok. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

4. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærraskrá, skal greiða sýsluvegagjald og hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjöldin af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldanna er 31. desember ár hvert.

5. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði. Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 3. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 10. gr., 24. gr., 26. gr., fyrri liður 27. gr., 54. gr. og 55. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Nd. **314. Frumvarp**

til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir að háskóli Íslands er tekinn til starfa, hafa þeir einir rétt til embætta hér á landi, er tekið hafa embættispróf við háskólann, að því leyti sem sú námsgrein er þar kend og próf í henni haldið, er sá verður að hafa lokið, sem hlut á að máli.

2. gr.

Undanþágu frá fyrirmælum 1. gr. má landsstjórnin eftir tillögum háskólaráðs veita, að því er tekur til kennaraembætta við háskólann sjálfan.

3. gr.

Læknisfræðingum, er sanna, að þeir hafi aflað sér nægrar þekkingar í læknisfræði á erlendum háskólum eða öðrum slíkum mentastofnunum má og landsstjórnin veita leyfi til þess að stunda hér lækningar, en leitað skal tillagna læknadeildar háskólans í hvert skifti áður slíkt leyfi sé veitt.

4. gr.

Þeir, er lokið hafa embættisprófi við Kaupmannahafnarháskóla í fræðigreinum þeim, sem hér eru kendar á háskólanum, 5 árum eftir að hann tekur til starfa, skulu hér embættisgengir eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt. Þó má engum lögfræðiskandídat frá Kaupmannahafnarháskóla veita hér embætti, er lagapróf þarf til, nema hann hafi lokið þar prófi eigi síðar en 5 árum eftir að lagaskólinn tók til starfa.

Nd. **315. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um skógrækt (308).

Frá nefndinni.

Við 12. gr. Fyrsta málsgrein falli burt.
— — — Á eftir »landspjöll« bætist inn: svo sem landbrot, jarðfok eða sandfok.

Ed. **316. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (291) um styrkveitingu til búnaðarfélaga.

Frá Eiríki Briem og Stefáni Stefánssyni.

Í staðinn fyrir »stika«, »stiku«, »stikur« og »stikna« komi hvervetna í frumvarpinu m.

Í staðinn fyrir »ferstikur« komi m^2.

Í staðinn fyrir »rúmstikur« á tveim stöðum komi m^3.

Nd. **317. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Við 16. gr. 3 bætist.

Til bryggjugerðar í Vestmannaeyjum 5000 kr.

Nd. **318. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Við 22. gr. 4. Aftan við bætist:

Úr viðlagasjóði má lána Vestmannaeyjasýslu alt að 60000 krónur til hafnargerðar í Vestmannaeyjum. Lánið ávaxtast með 4% árlega, er afborgunarlaust fyrstu 4 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 25 árum.

Nd. **319. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. október 1905, um stofnun byggingarsjóðs og opinberra bygginga.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og finst mikið mæla með því, að létta þessu gjaldi af Landsbankanum, þar sem veðdeildarlöggjöfin hefir lagt honum svo afarþungar byrðar á herðar, með því að skylda Landsbankann til þess

að leggja svo mikið fé í verðbréf, sem gefur bankanum miklu minni arð, en ef hann gæti haft fé sitt í veltu.

Meiri hluti nefndarinnar vill þó ekki beint létta þessu gjaldi af bankanum með sérstökum lögum, en hefir komið sér saman um, að koma fram með breytingartillögu við fjárlögin þess efnis, að gjald það, 7,500 kr. fyrir seðlalán Landsbankans, verði ekki innheimt fyrir það fyrsta á fjárhagstímabili því er í hönd fer.

Neðri deild Alþingis, 24. marz 1911.

Magnús Blöndahl, formaður. Björn Kristjánsson, skrifari og framsögumaður.

H. Hafstein. Þorleifur Jónsson. Jóh. Jóhannesson.

Jón Magnússon.

Nd. **320. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 38, 16. nóvbr. 1907 um stofnun lagaskóla á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

3 ára frestur sá, er veittur er lögfræðisnemendum við Kaupmannahafnarháskóla í 4. gr. laga nr. 38, 16. nóvember 1907, lengist um $1^1/_2$ ár.

Nd. **321. Frumvarp**

til laga um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Verzlunarlóðin í Vestmannaeyjum takmarkast þannig: Að norðan Hörgseyri, vestur og norður með Heimakletti í Dranga fyrir norðan Eiði, þaðan í norðanvert Klif og með fjallsrótum Klifs í Hástein. Að sunnan frá Hásteini bein lína rétt fyrir sunnan Landakirkju, og þaðan bein lína austur í sjó um hól í Vilborgarstaðatúni, er frá kirkjunni ber rétt fyrir sunnan Bjarnarey.

2. gr.

Lög 20. oktbr. 1905 um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Vestmannaeyjum eru úr gildi feld.

Nd. **322. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög, og samþyktir samkvæmt lögum þessum, skulu einnig ná til þiljaðra mótorbáta, séu þeir eigi stærri en fimtán smálestir.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr lögum numin lög 9. júlí 1909 nr. 23.

Nd. **323. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnarbyggingar í Reykjavík veitast úr landssjóði alt að 400,000 — fjögur hundruð þúsund — krónur gegn þreföldu — 1,200,000 kr. — fjárframlagi úr hafnarsjóði Reykjavíkur. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Reykjavíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 1,200,000 króna lán, er bæjarstjórn Reykjavíkur kann að fá til hafnarbyggingar.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til byggingar hafnarinnar eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnarbyggingin hefir í för með sér, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Reykjavíkur. Nú vill annarhvor málsaðila ekki una mati og getur hann heimtað yfirmat, en gjöra skal hann það innan 14 daga frá því að matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verð-

ur ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Reykjavíkur.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gjöra í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá sem gjöra vill eitthvert slíkt mannvirki skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá sem fengið hefir leyfi til að gjöra slíkt mannvirki skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónur, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórn kýs á sama hátt og aðrar nefndir, eftir því, sem mælt er fyrir í samþykt þeirri, er fyrir bæinn gildir.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fé hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd,

né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gjöra nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Reykjavíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugjörðinni, og farmi þeirra:

1) Lestagjald.
2) Vitagjald.
3) Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4) Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5) Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Reykjavíkur semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má bæjarfógeta Reykjavíkur innheimtu á þeim.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi.

11. gr.

Nú má álíta að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðar eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórnin, með sérstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir tollgæzlumaður landssjóðs, og fær hann 2% í innheimtulaun. — Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. — Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það

gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni sendist síðan stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara, og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **324. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 312.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Aftan við málsgreinina bætist:

Breyta má þó þessu ákvæði með lögum.

Nd. **325. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 283.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 1. Fyrir orðin: »Nánari reglur . . . . . lögum« (í fyrri kafla greinarinnar) komi: Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg, og skal setja nánari reglur um hana með sérstökum lögum.

Nd. **326. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 283.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Ad. 1. Orðin: »svo og þau lög, er öðlast skulu gildi þegar í stað«, falli burt.

Nd. **327. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu á þingskjali 297.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Í stað »þriggja« komi: tveggja.

Nd. **328. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands (þingskjal 228).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 10. gr.

17. gr. stjórnarskr. falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrétt til alþingis hafa allir karlmenn, sem eru fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda hafi eigi þegið sveitarstyrk síðasta árið, nema hann sé endurgoldinn.

Konum, giftum sem ógiftum, má veita kosningarétt til alþingis með sérstökum lögum, ef þær fullnægja áðurgreindum ákvæðum fyrir kosningarrétti.

2. Við 11. gr.

18. gr. stjórnarskr. falli burt, en í staðinn komi:

Kjörgengur til neðri deildar alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrétt, samkvæmt 17. gr., ef hann er ekki þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu annara ríkja, og hefir að minsta kosti síðustu 2 ár verið heimilisfastur á Íslandi.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmisins, ef hann hefir verið þar skemur en eitt ár.

Kjörgengur til efri deildar alþingis er hver sá, sem kjörgengur er til neðri deildar, ef hann er fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Konum, giftum sem ógiftum, má með sérstökum lögum veita kjörgengi, enda fullnægi þær að öðru leyti ákvæðum þessarar greinar um kjörgengi.

Undanþegnir kjörgengi eru allir dómarar landsins.

Nákvæmari reglur um kosningar til alþingis verða settar í kosningarlögunum.

Nd. **329. Breytingartillögur**

við frumvarp til hafnarlaga fyrir Reykjavíkur kaupstað.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 1. gr. Fyrir: »hafnarbyggingar« komi: hafnargerðar.
2. Við 2. gr. Fyrir: »hafnarbyggingar« komi; hafnargerðar.
3. Við 3. gr. Fyrir: »byggingar hafnarinnar« í 2. línu komi: að gera höfnina.
4. Við 3. gr. Fyrir: »hafnarbyggingar« í 4. línu komi: hafnargerðin.
5. Við 4. gr. Eftir »öðru« í 3. línu í 2. lið gr. komi: eintakinu af hvoru.
6. Við 18. gr. Greinina skal orða svo:

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Nd. **330. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga o. s. frv. (þingskjal 228).

Futningsm.: Jón Ólafsson og Jón Jónsson S.-M.

Aftan við 10. gr. bætist.

Með lögum má binda kosningarrétt til alþingis við þekkingarskilyrði.

Nd. **331. Breytingartillaga**

við viðauka- og breytingartillögur (á þingskjali 287).

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Við 10. gr. 9. Fyrir orðin: »í síðustu 2 ár« komi: síðasta árið.

Nd. **332. Breytingatillögur**

við frumvarp ttl stjórnskipunarlaga (á þingskjali 228).

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna: »skrifar undir með konungi ályktanir um þau málefni, er undir hann liggja sjerstaklega« komi: skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni, er honum eru sérstaklega falin.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna: »neðri deild alþingis« komi: alþingi, er átta vikna þingsetutíminn er liðinn.
   Í stað orðanna: »hún var rofin« komi: það var rofið.
3. Við 6. gr. Orðin: »enda sé neðri deild eigi rofin, áður en lögmæltur þingtími er úti«, falli burt.
4. — 8. — Aftan við greinina bætist: sé tölu alþingismanna breytt.
5. — 9. — Í stað orðanna: »til 6 ára« komi: til 3 ára.
   Í stað orðanna: »til 12 ára, þriðjungur þeirra fjórða hvert ár«, komi: til 6 ára.
6. Við 10. gr. Orðin: »og sé fjár síns ráðandi«, falli burt.
   Orðin: »enda hafi eigi þegið sveitarstyrk síðasta árið, nema hann sé endurgoldinn«, falli burt.
7. Við 19. gr. Orðin: »endurgjalda skal hann til skóla hin lögboðnu, persónulegu gjöld þjóðkirkjunnar, ef hann sannar ekki, að hann heyri til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur er í landinu«, falli burt.
8. Við 20. gr. Orðið: »einföldu« í síðasta málslið greinarinnar, falli burt.
9. Í stað 21. gr. komi svo látandi grein:
   Nú samþykkir alþingi sambandslög milli Íslands og Danmerkur, og skal alþingi þá rofið, ef stjórnin vill styðja málið, og efnt til nýrra kosninga. Samþykki þá alþingi sambandslögin óbreytt, skal bera þau upp fyrir konungi til staðfestingar.
10. Í ákvæðum um stundarsakir falli burt orðin: »Á fyrsta þingi eftir kosninguna« o. s. frv. til enda málsgreinarinnar.

Nd. **333. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga á þingskjali 228.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Við 13. gr. Í stað orðanna: »annað hvert ár« komi: ár hvert.

Nd. **334. Tillaga**

til þingsályktunar um gæzlu á guðsþakkafjám.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að skipa nefnd til þess:

1. að rannsaka, að hve miklu leyti fjám þeim, er gefin hafa verið til guðsþakka hér á landi, sé nú varið samkvæmt sannarlegum tilgangi,
2. að hve miklu leyti fé þessi sé tryggilega varðveitt, og
3. að koma fram með tillögur um þetta efni.

Nd. **335. Breytingartillaga**

við frv. til Stjórnskipunarlaga á þskj. 228.

Frá Jóni Ólafssyni.

Við 19. gr. »en gjalda skal hann . . . .« (til enda greinarinnar) falli burt.

Nd. **336. Breytingartillögur**

við stjórnskipunarlaga-frumvarpið á þskj. 228.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr. Í stað: 2. gr. stj.skr. (1. gr. stj.skl. 3. okt. 1903)« komi: »1. gr. stj.skl. 3. okt. 1903«.
2. — 3. — Upphaf greinarinnar orðist svo: »2. gr. stjórnskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt« o. s. frv.

3. — 7. — Framan við greinina bætist: »4. gr. stjórnskipunarl. 3. okt. 1903 og«
4. — 7. — Í stað »hennar« komi »þeirra«.
5. Við 8. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: »5. gr. stjórnskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt« o. s. frv.
6. Við 10. gr. Upphaf gr. orðist svo: »6. gr. stjórnskipunarlaganna 3. okt. 1908 falli burt« o. s. frv.
7. Við 13. gr. Upphafsorð greinarinnar verði: »7. gr. stj.skl. 3. okt. 1903« o. s. frv. og í stað »For. sam. þings« komi: konungur.
8. Við 15. gr. Upphafið orðist svo: »8. gr. stj.skl. 3. okt. 1903« o. s. frv.
9. Viðaukatill. (Ný grein). »Hvar sem »ráðherra« er nefndur í eintölu í Stjórnarskránni eða stj.skl. 3. okt. 1903, skal svo skilja, þar sem það á við, sem orðið væri í fleirtölu«.

Nd. **337. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsm.: Pétur Jónsson.

Við 16. gr. Aftan við 4. lið bætist nýr liður:

Til »Sambands íslenzkra samvinnufélaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfélagsskap og öðrum samvinnufélagsskap 500—500.

Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að.

Nd. **338. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 283.

Flutningsm.: Björn Þorláksson.

1. Fyrsta málsgrein 1. tölul. orðist þannig:

Lögum þeim, er alþingi samþykkir, getur landstjórnin skotið til beinnar atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um land alt, annaðhvort til samþykkis eða synjunar. Svo er og skylt að leita þjóðaratkvæðis ef eigi færri en 12 alþingismenn og 4000 alþingiskjósendur krefjast þess, enda sé krafan komin í hendur stjórninni innan 60 daga eftir að lögin eru afgreidd frá alþingi.

2. Fyrir: »alþýðuatkvæði« á þrem stöðum komi: þjóðaratkvæði.

Nd. **339. Breytingartillaga**

við stjórnarskipunarlagafrv. á þskj. 228.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Sig. Gunnarsson, Eggert Pálsson, Hálfdan Guðjónsson og Björn Sigfússon.

Við 13. gr.: Í stað »lögmæltan dag annaðhvort ár« komi: »17. júní annaðhvort ár«.

Nd. **340. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Við 13. gr. B. III. Eftir töluliðinn 2. komi:
Til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu 2500—2500.

Nd. **341. Breytingartillaga**

við breytingartillögu fjárlaganefndar á þingskjali 239.

Flutningsmaður: Þorl. Jónsson.

Við 35. lið við 13. gr. C. 2. Á eftir 8 komi:
Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu 400 (hvort árið).
Aðalupphæðin í C. 2 breytist samkv. því.

Nd. **342. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Jón Jónsson S.-M. og H. Hafstein.

Við 2. gr. 9. Fyrir: »360,000« komi: 200,000—20,000.

Nd. **343. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Jón Jónsson S.-M. og Jón Ólafsson.

Við 13. gr. B. III. Eftir tölul. 2 komi nýr liður svo hljóðandi:
Til brúar á Hamarsá í Geithellahreppi fyrra árið alt að ... ... 10,000.

Við 13. gr. B. VII. Aftan við komi nýr liður svo hljóðandi:
Styrkur til akvegarins í Eiðaþinghá gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá... 1000—1000.

Nd. **344. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Jón Jónsson S.-M.

Við 14. gr. VIII. Milli stafliðanna c. og d. komi nýr liður svohljóðandi:

d. 1.	Til lýðskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði	1500
2.	Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemenda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að	600

Nd. **345. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Jón Jónsson S.-M. og H. Hafstein.

Við 15. gr. Eftir 13. tölulið komi nýr töluliður:
Heiðursþóknun til Jóns sagnaskálds Stefánssonar 1200

Nd. **346. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: H. Hafstein og Jón Jónsson S.-M.

Við 15. gr. 17. Í stað »800 — 800« komi: 1000 — 1000.

Nd. **347. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Jón Jónsson S.-M. og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 15. gr. Milli 19. og 20. tölul. komi nýr tölul. svolátandi.
Styrkur til Jóhanns skálds Sigurjónssonar 600—600.

Nd. **348. Breytingartillaga**

við frumvarp tit fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Jón Jónsson S.-M. og H. Hafstein.

Við 15. gr. Milli 25. og 26. tölul. komi nýr tölul.:
Til cand. mag. Boga Melsteds til að semja sögu Íslands 1000—1000.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að höfundurinn sanni, að hann hafi til framhald af Íslandssögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minst 8 örkum prentuðum á ári.

Ed. **349. Tillaga**

til þingsályktunar um bæjarfógetaembættið á Akureyri og sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsmenn: Sigurður Hjörleifsson og Stefán Stefánsson.

Með því sýslumanns- og bæjarfógetaembættin á Akureyri eru orðin svo umfangsmikil að það virðist lítt kleift einum manni að gegna þeim svo vel sé, og með því mjög eindregnar kröfur hafa komið fram í bænum og héraðinu um að aðgreina þessi embætti, skorar deildin á stjórnina að rannsaka, hvort ekki sé þörf á breytingu á embættunum og leggja málið fyrir næsta þing.

Ed. **350. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum (þskj. 216).

Hin háttvirta efri deild hefir falið oss undirskrifuðum að íhuga frum-

varp til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Frumvarp þetta fer meðal annars fram á að færa niður tillög þau sem kennarar eiga að greiða til styrktarsjóðsins, en aðalefni þess er að breyta sjóðnum úr styrktarsjóð, sem styrkur sé veittur úr þeim, er verið hafa barnakennarar og hans eru helzt þurfandi, í eftirlaunasjóð þar sem sérhver, er fullnægi ákveðnum skilyrðum, hafi rétt til eftirlauna úr sjóðnum.

Vér erum samdóma þeirri hugmynd, að æskilegt væri að slík breyting, sem hér er átt við, gæti orðið á sjóðnum síðar meir, en eins og nú stendur sjáum vér engan veg til þess; þegar allir, er rétt hafa til eftirlauna, eiga að njóta þeirra jafnt, mundi styrkurinn, er sjóðurinn gæti veitt, verða svo lítill, er margir væru komnir á eftirlaun, að hann yrði langt frá því að vera fullnægjandi fyrir þá, sem í raun og veru þyrftu hans við, nema því að eins að beðið væri með að veita eftirlaunin þangað til sjóðurinn væri orðinn margfalt stærri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu; en þá mundu margir þeir, sem styrksins væru þurfandi og eftir gildandi lagaákvæðum geta gert sér von um hann, um langan aldur fara á mis við allan styrk og þar á meðal menn, sem þegar eru farnir að tá styrk úr sjóðnum.

Þegar ræða er um lögákveðinn rétt til eftirlauna, er þörf á nákvæmum ákvæðum um hverjir og hverjir ekki eiga að hafa þennan rétt. Ákvæði frumvarpsins um að hver kennari, sem starfað hafi að barnakenslu í 25 ár, auk þess að gjalda tillög til sjóðsins í 5 ár, eru svo óákveðin, að á þeim er ómögulegt að byggja, því fremur sem hann missir réttinn ef hann hættir kenslustörfum og tekst aðra arðvænlegri atvinnu á hendur. Hvað sé »arðvænlegri« atvinna er svo mikið álitamál, að úr því getur verið ómögulegt að að skera t. d. ef kenslukona giftist. Að því er þetta snertir, sjáum vér ekki annað, en að nauðsyn beri til að miða, eins og við gjaldskylduna, réttinn til eftirlaunanna við það, að maður hafi verið ráðinn til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907. En þau lög eru enn búinn að vera svo stuttan tíma í gildi, að við þau verður þó ekki að svo stöddu miðað.

Að ekkjur kennara hafi sama rétt til eftirlauna úr sjóðnum sem kennarar sjálfir, er í fullu ósamræmi við þær reglur, sem annars gilda hvervetna um eftirlaun ekkna og þess utan er mikið álitamál, hvort þær eiga nokkurn slíkan rétt að hafa, þar sem hér er um atvinnu að ræða, er kvenmenn stunda eigi síður en karlmenn, enda mundi það mjög draga úr þeim styrk, er kennarar, kvenmenn sem karlmenn, munu geta fengið úr sjóðnum.

Þar sem rétturinn til eftirlaunanna er enn fremur miðaður við starfsárafjölda kennaranna, er engin ákvörðun um, hvað skuli teljast »starfsár«, enda erfitt að ákveða það að svo stöddu. En auðsætt er, að ekki er eðlilegt að sá, sem starfað hefir að barnakenslu að eins nokkrar vikur árlega, þegar hann hefir ekki haft annað að gera, hafi sama rétt og sá, sem að henni hefir starfað 6 mánuði á hverju ári eða þaðan af lengur og haft það fyrir atvinnu sína.

Samkvæmt því, sem hér hefir verið tekið fram, treystum vér oss eigi til að ráða hinni háttvirtu deild til þess að fallast á aðalefni frumvarpsins, en hinsvegar teljum vér rétt að taka tillit til þeirra óska, er komið hafa fram frá mörgum kennurum um að færa tillagið til styrktarsjóðsins niður og leggjum því til að önnur grein frumvarpsins verði samþykt.

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar eru því þessar:

1. Að 1. gr. frumvarpsins verði feld.
2. Að 2. gr. verði eina grein frumvarpsins.
3. Að 3. gr., 4. gr., 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins verði feldar.

Alþingi, 27. marz 1911.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Eiríkur Briem, skrifari og framsögumaður.	Stefán Stefánsson.

Ed.

351. Nefndarálit

um frumvarp til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Í öllum siðuðum löndum eru settar fastar reglur um kunnáttu þeirra manna, sem trúað er fyrir eftirliti vélanna í gufuskipunum. Kunnáttan, bæði hin bóklega og verklega, sem til þessa útheimtist, er talin fult eins þung að læra eins og sjómannafræðin, enda er krafist í nágrannalöndunum eins langs námstíma, að því er verklega lærdóminn snertir, fyrir vélamenn eins og sjómenn. — Alment mun litið svo á í heiminum, og það með réttu, að gott eftirlit með gufuvélinni — bygt á sérþekkingu — hafi tvennskonar þýðingu: fyrst, firri vélina óþarfa sliti og skemdum, er haft getur í för með sér óbærilega töf fyrir skipið og kostnað, ef eftirlitið er lélegt, og því næst er gott eftirlit með gangvél skipsins að nokkru leyti öryggi fyrir lífi þeirra manna sem um borð eru.

En sé nú svo, að hér sé um mjög þýðingarmikla atvinnugrein að ræða, sem á að njóta stuðnings af opinberu fé, þá virðist sjálfsagt að sett séu lög um þessa atvinnu, engu síður en t. d. um atvinnu við siglingar, og leggjum vér því til að frumvarp það hér að lútandi, er vér höfum haft til athugunar, verði samþykt með nokkrum breytingum, sem hér fara á eftir.

Í frumvarpi þessu er gert svo ráð fyrir, í 3. gr., að þeir sem ætla sér að verða vélstjórar skuli sanna kunnáttu sína við stýrimannaskólann í Reykjavík. Þetta gildi þó aðeins bóklega þekkingu. Í sömu grein er ákveðinn 3 ára tími til iðnnáms í járnsmíði, og er það sjálfsagt. En ótiltekið er, hvar eða hverskonar járnsmíði nema skuli. En með því að afar-áríðandi er að iðnnám þetta sé einkum, eða sem mest, fólgið í þesskonar járnsmíði, sem vélstjórar síðar þurfa á að halda að kunna, svo sem aðgerð ýmsra hluta í eða tilheyrandi vélum, — þá liggur í augum uppi að nauðsynlegt er að binda nám þetta við vissa staði, þ. e. þau verkstæði hér á landi, sem vitanlegt er, eða ætla má að sérstaklega hafi með höndum aðgerðir á ýmiskonar vélum og öðrum stærri tækjum, sem notuð eru í sambandi við þær. Ætlumst vér því til, með breytingartillögu við fyr áminsta 3. gr. að landsstjórnin tiltaki, hver þessi verkstæði skuli vera.

Um hinar breytingartillögurnar við frumvarpið álítum vér ekki þörf að fjölyrða fyr en við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr.

Stafliður b. orðist svo:

Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hér á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, og hafi fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.

2. Í fyrstu línu síðustu málsgreinar, á eftir orðunum »gufuvél á landi«, bætist inn í: minst 2ja ára tíma.

3. Við 6. gr.

6. grein orðist svo:

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 3. og 4. gr., eiga heimting á, að fá skírteini þau, sem þar um getur. Svo skulu og þeir Íslendingar, sem eru og hafa verið 1. og 2. vélastjóri á ísl. gufuskipum, er lög þessi öðlast gildi, eiga heimting á, að fá skírteini þau, sem um getur í 3. og 4. gr. laga þessara, þótt þeir fullnægi eigi að öllu skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum greinum. Þeir, sem eru undirvélastjórar, skulu þó því að eins eiga heimting á undirvélastjóraskírteinum, að þeir leggi fram vottorð frá vélstjórum sínum um, að þeir séu færir um að hafa á hendi vélagæzlu, sem undirvélstjórar. Skírteini þau, sem hér ræðir um, skal rita eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands lætur búa til í samræmi við lög þessi. Skírteinin skulu gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, sem umsækjandi er heimilisfastur, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetningu þess, nema skírteinshafi brjóti það af sér sbr. 8. gr.

Meðan vöntun er á ísl. vélstjórum, er Stjórnarráðinu heimilt, að veita þeim mönnum skírteini þau, sem umræðir í þessari gr., er fengið hafa vélstjóraskírteini í öðrum löndum samkv. þar gildandi lögum.

Efri deild alþingis 27. marz 1911.

Gunnar Ólafsson, formaður.	Aug. Flygenring, skrifari og framsm.	Jósef Björnsson.

Ed. **352. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breytingu á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

Í lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald er kveðið svo á, að útflutningsgjald af hverri síldartunnu skuli vera 20 aurar. En með lögum nr. 11, 31. júlí 1907 var gjald þetta fært upp í 50 aura. Jafnframt var þó kveðið svo á að 10% af þessu útflutningsgjaldi skyldi greiða í Fiskiveiðasjóð og skuli »því fé varið til eflingar síldarútveg innlendra manna«.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir deildinni, gerir enga breytingu á þessu síðarnefnda lagaboði. Tilgangur þess aðeins sá, að setja nokkuð nánari reglur um, hvernig þessum styrk beri að úthluta og tryggja það að lögin nái upprunalegum tilgangi sínum.

En enginn vafi er á því, að sá var hinn upprunalegi tilgangur laganna,

að þessum 10% úr fiskiveiðasjóði skyldi skifta upp á milli innlendra útgerðarmanna, til þess að gera þeim léttara fyrir að bera hin auknu útgjöld, eða að sá var aðaltilgangur hér að lútandi ákvæðis laganna.

Úthlutun stjórnarráðsins mun undanfarið hafa að öðru leyti verið miðuð við síldarútflutning innlendra síldveiðimanna, án þess að tillit hafi verið tekið til þess, hvort þeir hefðu sjálfir veitt eða látið veiða síldina á skip sín, eða þeir höfðu keypt hana af öðrum mönnum, innlendum eða útlendum.

Með slíkri úthlutun ná lögin ekki tilgangi sínum. Styrkurinn verður þá verðlaun fyrir að verzla með síld, fult eins mikið og hann verður til eflingar síldarútveg innlendra manna.

Annað er það varhugavert við þessi ónákvæmu ákvæði laganna frá 31. júlí 1907, að þeirra vegna hafa útlendingar náð í þenna styrk, ef þeir aðeins höfðu keypt sér borgarabréf hér á landi, þó þeir dveldu ekki í landinu nema 2—3 mánuði, veiddu síldina á útlendum skipum og með útlendum mönnum. Stjórnarráðið mun þó ekki hafa talið sér heimilt að synja þeim um hluta af styrknum af því að þeir töldust innlendir menn.

En með þessu er þó farið fram hjá tilgangi löggjafarvaldsins og virðist því brýn þörf á að bæta við lögin skýringu um þessa úthlutun styrksins úr Fskiveiðasjóði.

Virðist nefndinni sem frumvarp þetta bæti úr því sem helzt þarf að lagfæra í þessu efni og að ekki sé ástæða til að breyta því.

Samkvæmt því ræður nefndin deildinni til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Eiríkur Briem, formaður. Sigurður Hjörleifsson, skrifari og framsögumaður. Aug. Flygenring.

Ari Jónsson. Gunnar Ólafsson.

Ed. **353. Frumvarp**

til laga um viðauka við tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. febr. 1872, lög 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland og lög 31. júlí 1907 um breyting á þeim lögum.

Flutningsmaður: Sigurður Hjörleifsson.

Nú hittist útlent síldarveiðaskip í landhelgi og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 200—2000 kr. sektum til landssjóðs, nema nætur séu hafðar í búlka innanborðs þann tíma allan, sem skipið er í landhelgi, og nótabátar á skipi uppi á venjulegum stað.

Leggja má löghald á skip, afla og veiðarfæri og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði.

Ed. **354. Nefndarálit**

um frumv. til laga um sérstakt varnarþing í víxilmálum.

Frumvarpið er ekki óaðgengilegt, og ráðum vér því hv. deild til að samþykkja það.

Alþingi 27. marz 1911.

J. Havsteen, formaður. Lárus Bjarnason, skrifari og frsm. Jósef Björnsson.

Gunnar Ólafsson. Ágúst Flygenring.

Ed. **355. Nefndarálit**

um frumv. til almennra viðskiftalaga.

Frumvarp þetta má heita orði til orðs þýðing úr dönskum lögum frá 6. apríl 1906. Það var borið fram á alþingi 1909 af þingmanna hálfu og hefir nú verið borið fram á ný af stjórninni. Dönsku lögin, er nefnast »Lov om Köb«, eru, svo sem sænsk lög um sama efni frá 20. júní 1905 og norsk lög frá 24. maí 1907, árangur af áralöngu nefndarstarfi danskra, norskra og sænskra lögfræðinga og verzlunarfræðinga enda eru lögin vönduð í alla staði.

Frumvarpið er aðallega lögfesting venjureglna, sem farið hefir verið eftir einnig meðal vor. Og með því að æskilegt er, að hafa allar þar að lútandi reglur á einum stað, þá leyfum vér oss, að ráða hv. deild til, að samþykkja frumvarpið, en þó með nokkrum breytingum, og eru það sumpart orðabreytingar og sumpart efnisbreytingar. Efnisbreytingarnar eru sérstaklega á 39. gr. Þar er ranglega gert ráð fyrir því, að »nauðungarsamningar« (Trangsakkord) og greiðslustöðvun (Betalingsstandsning) séu til að vorum lögum, en svo er ekki. Í athugas. um 38. gr. er einnig ranglega sagt, að hér á landi gildi eigi um dráttarvexti nein ákvæði, er líkist dönsku lögunum frá 6. apríl 1855. Þau lög eru lögleidd hér með breytingum með tilsk. 27. maí 1859. En sú villa er ekki bagaleg, svo sem orðalagi frumvarpsgreinarinnar er háttað. Þó þykir réttara, að geta þar nýnefndrar tilskipunar. Í 40. gr. er gerður munur á þarnefndum yfirlýsingarfresti eftir því, hvort um innlend eða millilanda viðskifti er að ræða. Það þykir eftir atvikum óþarft, og réttara, að láta lengri frestinn gilda um hvorutveggju viðskiftin.

Aðrar breytingar þurfa tæplega skýringar við.

Breytingartillögur vorar eru svo hljóðandi:

1. Við 10. gr. í stað: »framflytjanda« komi: farmflytjanda.
2. — 17. gr. í stað: »ber þá« komi: þá ber.
3. Aftan við greinina bætist: af hendingu.
4. Við 30. gr., 2. mgr. eftir: »brakun« komi: eða.
5. Í stað: »þann« komi: tilsvarandi.

6. Í stað: »er« komi: og
7. Við 38. gr., í stað: »eldri venju eða lagaákvæði« komi: ákvæði 2. gr. í tilsk. 27. maí 1859.
8. Við 39. gr. 1. mgr., orðin: »eða tilraun er hafin um nauðungarsamning fyrir hann« falli burt.
9. Við 39. gr., 2. mgr., orðin: »eða hann hefir hætt greiðslum, enda sé hann kaupmaður«, falli burt.
10. Við 40. gr.: orðin: »þriggja vikna eða« og orðin: »ef um innlend viðskifti er að tefla«, falli burt.
11. Við 44. gr. Orðið: »skal« eftir: »úr því«, falli burt,
12. Við 51. gr.: Orðið: »tilraunar« falli framan af: »tilraunar-sýnishorn«.

Alþingi 27. marz 1911.

J. Havsteen, formaður. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum. Gunnar Ólafsson.

Jósef Björnsson. Ágúst Flygenring.

Ed. **356. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á gildandi ákvæðum, um almennar auglýsingar og dómsmála-auglýsingar.

Vér teljum nauðsynlegt, að stjórnarvöld þau og aðrir, er fara eiga eftir ákvæðum frumvarpsins, fái ráðrúm til þess, en það fá þeir ekki, ef lögin eiga »þegar« að ganga í gildi. Hinsvegar mundi hinn venjulegi frestur (12 vikur) hrökkva til. 3. gr. ætti því að falla burt. Auk þess teljum vér æskilegt, að 1. og 2. gr. verði færðar til betra máls.

Vér ráðum því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi breytingum:

1, 1. gr. orðist svo:

Almennar auglýsingar og auglýsingar um dómsmál, sem opið bréf frá 4. janúar 1861, lög nr. 3 frá 12. apríl 1878 og lög nr. 12 frá 28. ágúst 1903 ræða um, skal að eins birta í blaði því er fer með stjórnvalda-auglýsingar hér á landi að lögum.

2, 2. gr. orðist svo:

Öll ákvæði, sem fara í bága við 1. gr., eru numin úr gildi.

3, 3. gr. falli burt.

Alþingi, 27. marz 1911.

Júlíus Havsteen formaður. Lárus H. Bjarnason skrifari og framsögumaður.

Gunnar Ólafsson. Jósef Björnsson.

Ágúst Flygenring.

Nd. **357. Viðaukatillaga.**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson og Sigurður Sigurðsson.

Við 22. gr. Aftan við liðinn 4. komi nýr liður svohljóðandi:

Úr viðlagasjóði má lána Sigmundi Sveinssyni á Brúsastöðum alt að 12,000 krónur, til þess að kaupa húsið »Valhöll« og »Miklaskála« á Þingvöllum, og til þess að byggja og bæta húsakynni þar fyrir ferðamenn, gegn 1. veðrétti í húseignum þeim, er hann byggir og kaupir. Lána má alt að 75% af virðingarverðinu og skal lánið ávaxast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

Nd. **358. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 2913.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 16. gr. Á eftir 33. lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði alt að 25,000 kr. fyrra árið. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að annars staðar frá komi að minsta kosti $^3/_4$ hlutar kostnaðarins, og að bryggjan verði byggð undir umsjón verkfræðings landsins.

Nd. **359. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 12. gr. Aftan við 8. lið bætist nýr stafliður h. svo hljóðandi:
Til greiðslu upp í lækningakostnað unglingsins Önnu Magnúsdóttur á ljóslækningastofnun N. Finsens í Kaupmannahöfn 3000 kr. fyrra árið.

Nd. **360. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar á þingskjali 239, við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við staflið 8 við 11. gr. fjárlaganna B—6.

1. Fyrir »1500—1500« komi: 3000—3000.
2. Athugasemdin falli burt.

Nd. **361. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 9. gr. tölulið 6. Fyrir: »2500 — 2500« komi: 5000 — 5000.

Nd. **362. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsm.: Magnús Blöndahl og Jón Þorkelsson.

Við 22. gr. 4. Aftan við bætist:

Úr viðlagasjóði má lána klæðaversmiðjunni »Iðunn« í Reykjavík alt að 45,000 krónu viðbótarlán gegn 1. veðrétti í öllum fasteignum félagsins, vélum, verkefni og vörubirgðum. Lánið ávaxtast með 4% árlega, er afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. **363. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsm.: Magnús Blöndahl og Jón Þorkelsson.

Við 16. gr. 3. Bætist.:

Til framhalds rannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árnes- og Rangárvallasýslu 3000 krónur.

Við 16. gr. 6. Bætist:

Til »Fiskifélags Íslands« 6000 krónur hvort árið.

Nd. **364. Breytingartillögur**

við frumvarp til hafnarlaga fyrir Reykjavíkur kaupstað (þgskj. 323).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Til hafnargerðar í Reykjavík veitist úr landssjóði alt að 400,000 — fjögur hundruð þúsund — krónur gegn þreföldu — 1,200,000 kr., — fjárframlagi úr hafnarsjóði Reykjavíkur.
Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Reykjavíkur með 100,000 kr. á hverju fjárhagstímabili næstu 8 árin, enda leggi hafnarsjóður fram að tiltölu til fyrirtækisins árlega.
2. Við 2. gr. Í stað: »1,200,000« komi: 800,000.
3. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
gegn veði eða þeirri ábyrgð, sem stjórnin tekur gilda og alþingi samþykkir.

Nd. **365. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson Eyf. og H. Hafstein.

Við 13. gr. B. II. Á eftir 5. lið komi nýr liður, sem verði 6. liður:
Eyjafjarðarbraut (síðara árið) 10,000 kr.
6. liður verður 7. liður.
Við 13. gr. B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður sem verður IX. liður:
Til akvegar í Svarfaðardal 2,000 kr. (fyrra árið), þó ekki yfir $^1/_3$ af fé því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu.

Nd. **366. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu prestsetrið Húsavík, að undanskildu túni og húsum, og kirkjujörðina Þorvaldsstaði, fyrir það verð, er dómkvaddir, óvilhallir menn meta, þó með því skilyrði, að verðið má eigi lægra vera en 25,000 kr.

Landsstjórnin kveður á um alla söluskilmála, og skal salan eigi fara fram fyr en Húsavíkurkauptún er orðið sérstakt sveitarfélag. Skulu þá jarðirnar fylgja kauptúninu.

Nd. **367. Frumvarp**

til laga um samþyktir um heyforðabúr.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um heyforðabúr fyrir hvern hrepp innansýslu, sem óskar þess.

2. gr.

Sveitarstjórnin í þeim hreppi, sem vill koma á hjá sér samþykt um heyforðabúr, leggur með samþykki lögmæts sveitarfundar frumvarp til samþyktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til íhugunar og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppnum, sem samþyktina vill gera, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir hreppsbúar, sem kosningarrétt hafa til alþingis. Oddviti sýslunefndar eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra er atkvæðisrétt eiga, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingatillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið í heild sinni óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem ekki hefir náð $^2/_3$ hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki koma fram á ný, fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþyktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa í þeim hreppi, sem hún er gerð fyrir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt má ákveða:

a. Um heyásetningseftirlit.

b. Um stofnun heyforðabúrs, svo sem með því, að hreppsnefndin semji við einn eða fleiri menn, að þeir hafi til ákveðinn forða af góðu heyi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að lenda í heyþroti, ellegar á annan hátt tryggja það, að ákveðinn heyforði sé til í hreppnum til hjálpar í heyþroti.
c. Um ákvæðisgreiðslu úr sveitarsjóði fyrir hver 100 kg. af heyi (töðu eða útheyi) til þeirra er heyforðann ábyrgjast.
d. Um verð, fyrirfram ákveðið, á heyi úr heyforðanum og innheimtu þess og gjalddaga.
e. Um umsjón heyforðans, enda sé hann jafnan undir eftirliti sveitarstjórnar.

6. gr.

Árskostnað við forðabúrið þann, er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði. Vextir af þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, sem og fyrningargjald eða endurnýjunarkostnaður á honum, endurgreiðist sveitarsjóði úr landssjóði að helmingi, þó eigi yfir 40 au. fyrir hvern hest (100 kg.) í þessum hluta forðans.

7. gr.

Hreppsnefndin skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert senda stjórnarráði skýrslu um heyforðabúrið í hreppnum fyrir næstliðið fardaga ár, ásamt reikningi yfir kostnaðinn við það. Skal stjórnarráðið þá greiða hreppsnefndinni styrk þann úr landssjóði, er hreppnum ber, samkvæmt 6. gr., og sé styrkurinn greiddur fyrir 1. dag októbermánaðar.

8. gr.

Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki, samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

9. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð.

Með brot gegn samþykt skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **368. Frumvarp**

til laga um sjúkrasamlög.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Það er sjúkrasamlag, ef menn bindast félagsskap í því skyni, að tryggja hver öðrum gegn tilteknum iðgjöldum uppbót á því fjártjóni, sem veikindi valda.

2. gr.

Sjúkrasamlög eiga heimting á því, að þau séu lögskráð, ef þau fylgja

fyrirmælum þessara laga, og ber þeim þá styrkur úr landssjóði, í kaupstöðum og kauptúnum, sem læknir er búsettur í, 1 króna, en annarstaðar 1 króna 50 aurar árlega fyrir hvern félaga, sem árlangt hefir greitt iðgjald í samlagssjóð.

Stjórnarráðið ræður lögskráningu sjúkrasamlaga og hefir allar þær gætur á þeim, sem því þykir þurfa.

3. gr.

Þessi eru skilyrðin fyrir því, að sjúkrasamlag geti orðið lögskráð:

1. Samlagið skal taka yfir tiltekið svæði, venjulega einn hrepp eða kaupstað.
2. Það skal veita viðtöku og full félagsréttindi hverjum manni, jafnt karli sem konu, ef hann sannar,
   a. að hann eigi heima í samlagshéraðinu,
   b. sé eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en fertugur, er hann beiðist viðtöku,
   c. sé hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 1200 kr. að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir.
   d. eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meiru en 5000 kr.,
   e. hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er skerði eða geti skert vinnuþol hans, enda sé hann fullhraustur er hann gengur í samlagið.
3. Lögskráð sjúkrasamlög mega og veita viðtöku mönnum, sem eru yfir fertugt, gegn hærri iðgjöldum. Þau mega einnig veita mönnum viðtöku, þó að þá bresti hin önnur skilyrði í 2. tölulið þessarar greinar, en ekki skulu slíkir félagar eiga tilkall til neinnar tryggingar eða nokkurs styrks úr samlagssjóði eða landssjóði; þeir eru hlutlausir en hinir hluttækir.
4. Sjúkrasamlag verður því að eins lögskráð, að í því séu að minsta kosti 50 hluttækir félagar.
5. Sjúkrasamlög skulu veita hverjum hluttækum félaga tryggingu fyrir ókeypis læknishjálp, ef sjúkdóm ber að höndum, ókeypis sjúkrahúsvist, hvenær sem þess gerist þörf, og dagpeningum eigi minnum en 50 aurum á dag og eigi meirum en nemi $^2/_3$ af venjulegum dagtekjum sjúklingsins.

   Dagpeningatryggingin tekur þó til þeirra einna, sem eru 18 ára eða eldri.

   Utan kaupstaða og kauptúna, sem læknir er búsettur í, getur og stjórnarráðið leyft að dagpeningar falli niður með öllu, og einnig í kaupstöðum og kauptúnum, ef um giftar konur er að ræða, eða vistráðin hjú, eða aðra þá, sem halda kaupi sínu, þó að þeir séu frá verki vegna veikinda.
6. Iðgjöld hvers sjúkrasamlags skulu vera svo há, að stjórnarráðið telji þau nægja ásamt landssjóðsstyrknum fyrir þeirri tryggingu, sem samþykt hvers samlags heitir samlagsmönnum.
7. Samlagið skal haga störfum sínum og stjórn eftir reglum, sem stjórnarráðið setur.

4. gr.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd að samþyktum handa sjúkrasamlögum.

5. gr.

Ef sjúkrasamlag hættir að gegna þeim skilyrðum, sem sett eru í 3. gr., þá fellur niður styrkurinn úr landssjóði og afskifti stjórnarráðsins af sjúkrasamlaginu.

Nd. **369. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Peningamálanefndinni.

Við 16. grein. Aftan við síðasta lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Til Landsbankans 7,500 — 7,500 sem er eftirgjöf á leigum af láni til bankans, samkv. 4. gr.

Nd. **370. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson, þm. Mýram.

Við 15. gr., 17. Í stað »800 — 800«
komi: 1200 — 1200.

Nd. **371. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Við 16. gr. 19. Aftan við bætist nýr (20.) liður svo látandi: Til Vilh. Finsens loftskeytafræðings til rannsókna á síðustu framförum þráðlausra firðtalstækja, fyrra árið kr. 1,500.
Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

Nd. **372. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Ólafur Briem.

Aftan við 16. gr. bætist nýr liður:

Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að 3000 kr. (fyrra árið).

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota.

Nd. **373. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga á þingskjali 228.

Frá Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Aftan við 15. gr. bætist:

Breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, sem hafa í för með sér ný eða aukin útgjöld, mega ekki aðrir bera fram á alþingi en ráðherrar og fjárlaganefndirnar í heild sinni í hvorri þingdeild um sig.

Nd. **374. Frumvarp**

til laga um toll af póstsendingum, sem koma til Íslands frá útlöndum.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson, Bjarni Jónsson frá Vogi og Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Greiða skal í landssjóð, auk venjulegs burðargjalds, toll af hverjum póstbögli, sem kemur til landsins frá útlöndum, sem hér segir:

1. Af böglum, sem vega alt að 5 pundum, 10 aura.
2. Af böglum, sem vega yfir 5 pund að 10 pundum, 20 aura.

2. gr.

Toll þennan greiðir viðtakandi með frímerkjum um leið og hann tekur við böglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á böggulinn og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstkröfusendingum, sem eru endursendar til útlanda, skal engan toll greiða, né af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **375. Frumvarp**

til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson, Bjarni Jónsson frá Vogi og Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands, skal greiða farmgjald í landssjóð eftir vigt hverrar vörutegundar með umbúðum eftir teningsmáli, sem hér segir:

1. flokkur.

Af gipsi, glerílátum, gluggagleri, hverfisteinum og brýnum, kókólit, kartöflum, leirvörum, línsterkju, netakúlum, sápu alls konar, sápuspónum, sápulút, sóda, spegilgleri, stálbiki og tjöru, — 10 aurar af hverjum 100 pd.

2. flokkur.

Af ávaxtavínum, eplum og öðrum aldinum, baðlyfjum, eggjum, ediki, fernisolíu, gosdrykkjum, húsafarfa, hampgjörðum, kálmeti, legsteinum, línoleumdúk, plöntufeiti, pappír alls konar, ritföngum, vélaolíu og öðrum oliutegundum að undanskildri steinolíu, sekkjum utan um ull, smjöri, smjörlíki, svínafeiti, plöntufeiti, tólk, veggjapappa alls konar, vaxdúk og þakpappa, — 25 aurar af hverjum 100 pd.

3. flokkur.

Af akkerum, akkerisfestum, ávaxtasafa, bitum úr járni, blikki, bátum, sem koma til landsins sem farmur, eldavélum, gufukötlum, gufuvélum, flutningavögnum og vagnhlutum, herfum, málmum óunnum, öðrum en járni, mótorum alls konar, ofnum, peningaskápum, plógum, rennibekkjum, rakstursvélum, smíðajárni og stáli í stöngum og plötum, sjóklæðum (olíufötum), sláttuvélum og þakjárni, — 50 aurar af hverjum 100 pd.

4. flokkur.

Af brauði alls konar, blikkvörum, eldspýtum, hljóðfærum, hampi, köðlum alls konar, járnvörum, sem eigi eru taldar í 3. flokki, lömpum og lampapörtum, matvælum alls konar og nýlenduvörum, sem eigi hvílir nú sérstakur tollur á, og eigi eru sérstaklega tilteknar í þessari grein, netum, osti, stofugögnum, skotfærum og seglgarni, — 1 kr. af hverjum 100 pd.

5. flokkur.

Af baðmullargarni, fatnaði alls konar, nema sjóklæðum, gólfmottum, glysvarningi alls konar, leðri sútuðu, litunarefnum, skinnum sútuðum, stundaklukkum, skófatnaði alls konar, tvinna, ullarbandi og vefnaðarvörum alls konar, — 2 kr. af hverjum 100 pd.

6. flokkur.

Af trégluggum, hurðum, húsalistum og alls konar trjáviði — 3 aurar af hverju teningsfeti.

7. flokkur.

Af öllum öðrum vörum, er eigi geta talist með neinum flokki hér að framan og eigi eru undanþegnar farmgjaldi samkvæmt 8. flokki, greiðist 1 kr. af hverjum 100 pd.

Ef tilgreindar eru á farmskrá fleiri vörutegundir en ein í sömu umbúðum skal reikna farmgjaldið eftir þeirri vörutegundinni, sem á hvílir hæsta farmgjaldið. Ef vörusending er minni en 100 pd., skal greiða gjaldið fyrir hver 10 pd. að réttri tiltölu, brot úr 10 pundum reiknast sem full 10 pund.

8. flokkur

Af áburði tilbúnum, bókum prentuðum, gólfplötum úr leir og steini, húðum ósútuðum, heyi, járni óunnu í klumpum, kornvörum allskonar, kalki, kokes, kolum, leir, salti, sementi og líkum steinbindingsefnum, steinolíu. saltketi íslenzku í tunnum, skinnum ósútuðum, tunnum tómum, tunnustöfum, tígulsteinum allskonar, vörum sem keyptar eru og sendar í nafni landssjóðs, og vörum sem sérstaklega er lagður tollur á, skal ekkert farmgjald greiða.

2. gr.

Farmgjaldið skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stíluðri upp á borgun við sýningu á banka eða aðrar peningastofnanir í Reykjavík, eða áreiðanleg verzlunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Farmgjald skal ákveða eftir farmskrá skipsins.

3. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu á því. Sé uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 100 kr.

4. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr. á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hefir fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Farmgjaldið fellur í gjalddaga þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

5. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla að fái gjaldskyldar

vörur frá útlöndum, æru og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í bréfi til viðtakanda.

6. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina vigt á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trégluggum, hurðum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðar senda stjórnarráðinu samrit af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sé ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja að rétt sé skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast réttar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur á þá, er við vörum taka.

Það varðar sektum alt að 1000 kr., ef farmskrár fylga eigi skipi, samdar eins og hér er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

7. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga skýrslu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskyldum vörum er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 kr. og gialdi auk þess þrefalda upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sérstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

8. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rétt til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gerð samkv. 4. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að

greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir farmgjaldi og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

9. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýzt eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í farmgjald, að kostnaði frádregnum.

10. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Sektir allar eftir 3. og 4. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 5., 6. og 7. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögu sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

12. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr., svo og af sektum, fær lögreglustjóri 3 af hundraði í innheimtulaun.

13. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. í lögum nr. 16, 9. júlí 1909 um hagfræðisskýrslur úr gildi numin.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **376. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Við 22. gr. Aftan við greinina bætist:

Til stofnunar sláturhúss á Austurlandi (Reyðarfirði) má lána úr viðlagasjóði 8000 kr. með 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 15 árum gegn ábyrgð sýslunefnda Múlasýslna.

Nd. **377. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913

Frá Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Við 16. gr. 11

Fyrir: »Styrkur til samvinnusmjörbúa — lögum nr. 49, 10. nóv. 1905 12,000—10,000«.

Komi: 11. Til að koma á fót nýjum samvinnusmjörbúum 5000—5000.

Stjórnarráðið úthlutar þessum styrk til stofnunar smjörbúa eftir því sem hæfa þykir til hvers bús um sig.

Nd. **378. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Við 13. gr. B. III. Eftir tölulið 2 komi:

Til þjóðvegarins frá Lagarfljótsbrú að Fossvöllum 5000 kr. fyrra árið.

Nd. **379. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Við 12. gr. Aftan við bætist: Byggingarstyrkur til læknisbústaðar með sjúkrastofum í Hróarstunguhéraði 3000 kr. fyrra árið.

Nd. **380. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar á þingskjali 239.

Frá Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Við 35. tölul. Við 13. gr. C. 2.

A eftir 8. tölulið komi: Til mótorbátsferða á Lagarfljóti 400 kr. (hvort árið).

Nd. **381. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar á þingskjali 239.

Frá Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Við 107. tölul. við 22. gr. 4:

Á eftir: »Sýslunefndum Húnavatnsssýslu má lána úr viðlagasjóði« komi: »6000« í stað »12,000«.

Nd. **382. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga á þingskj. 228.

Frá H. Hafstein.

Við 10. gr. í 2. línu.

Í stað »21 árs« komi: 25 ára.

Nd. **383. Viðauka- og breytingartillögur.**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913 og breytingartillögur við viðauka- og breytingartillögur fjárlaganefndar á þingskj. 239.

Frá Sigurði Gunnarssyni.

1. Við 13. gr. B. III. (fjárl.frv.). Á eftir »1. Mosfellssveitarvegur . . . 6000« komi: 2. Stykkishólmsvegur (með brú á Haffjarðará) kr. 8000 — 8000 innan stryks.

2. Við 13. gr. D. II. 2. (á þingskj. 239, 38. tölul.). Í staðinn fyrir, »Fyrir: Frá Borgarnesi . . . Stykkishólm 31,000«, komi: Frá Búð-

ardal um Stykkishólm, Hjarðarfell, Búðir til Ólafsvíkur 63,000.

3. Við 13. gr. D. II. 2. (á þingskj. 239, 39. tölul. Í staðinn fyrir: Aftan við bætist: »Gegn . . . frá hlutaðeigandi héruðum«, komi: Gegn 12,000 króna tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.

4. Við 13. gr. D. II. 2. (þingskj. 239, 41. tölul.). »Við 13. gr. D. II. 2. bætist: Tvöfaldur koparþráður . . . 66,000« falli niður.

5. Við 13. gr. E. III. (fjárl.frv.). Í stað: »1. Laun vitavarðar 400«, komi: 1. Laun vitavarðar 500.

Nd. **384. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Einari Jónssyni.

1. Við 15. gr. 14. Fyrir: 1200—1200 komi: 800—800.
2. Við 15. gr. 15. Fyrir: 1200—1200 komi: 600—600.

Nd. **385. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr. 31. Aftan við bætist nýr liður:
Til Jóhannesar S. Kjarvals til þess að fullkomnast í málaralist 1200 krónur hvort árið.

Nd. **386. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Jóni Jónssyni S.-M.

1. Við 15. gr. 29. Fyrir: 500—500 komi: 550—550.
2. — — — Eftir 31. lið komi:
   32. Til Guðmundar heimspekings Finnbogasonar til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína 600 kr. hvort árið.

Nd. **387. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 14. gr. B. IV. c. 4: Fyrir 1600—1600 komi: 1800—1800.

Nd. **388. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni, frá Vogi.

Við 13. gr. A.: Eftir 3. b. bætist nýr liður.

c. Til póststimpla . . . . . kr. 200.

Samtalan breytist samkvæmt þessu.

Nd. **389. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 16. gr. 21. Liðurinn orðist svo:

Til viðskiftaráðunauts		1912	1913	
a. Laun hans	kr.	4000	4000	
b. Ferðakostnaður	—	2000	2000	
c. Skrifstofufé	—	1000	1000	
d. Til viðskiftafulltrúa alt að ...	—	8000	8000	kr. 15000—15000

Nd. **390. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 19. gr. Þriðji liður greinarinnar »Fjárhæð, — eftirlitsskipið«, falli niður.

Nd. **391. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 2. gr.: Aftan við greinina bætist:
Tekjur af farmgjaldi 180000—180000.
Samtalan breytist eftir þessu.

Nd. **392. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 14. gr. B. VIII. 7: Eftir staflið c. komi nýr liður svo látandi:
Til Ólafs prófasts Ólafssonar í Hjarðarholti í Dölum til lýðskólahalds kr. 2000—2000.

Nd. **393. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 22. gr. 4. Aftan við bætist:
Úr viðlagasjóði má lána Ólafi Jónssyni myndamótara 6000 kr. til þess að koma á fót myndmótunarsmiðju í Reykjavík gegn 1. veðrétti í áhöldum og öðrum eigum smiðjunnar. Lánið ávaxtast með 4% árlega, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en greiðist síðan á 15 árum með jöfnum afborgunum.

Nd. **394. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Flutningsm.: Þorl. Jónsson og Jón Ólafsson.

Við 14. gr. B. VIII. b. 6.

Nýr liður bætist aftan við þennan lið:

Styrkur til Jörundar Brynjólfssonar kennara, til að stunda nám við kennaraskólann í Kaupmannahöfn . . . . . 600 kr. f. á.

Liðatalan breytist eftir þessu.

Nd. **395. Viðaukatillaga**

við viðauka- og breytingartillögur fjárlaganefndar (þgsk. 239).

Frá Jóni Sigurðsson þm. Mýr.

Við 35. tölulið. (7). Við 13. gr. C. 2. Til mótorbátaferða upp eftir Hvítá að Langholtsvaði 800—800.

Nd. **396. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912—1913.

Frá Jóni Sigurðssyni þm. Mýr.

Við 16. gr. Eftir 30. tölulið komi nýr liður:
Til Davíðs Stefánssonar bónda í Fornahvammi, styrkur til að koma upp viðunanlegu gistihæli fyrir ferðamenn fyrra árið 500 kr.

Nd. **397. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu við frv. til fjárlaga 1912—1913 á þingskjali 377.

Frá Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Aftan við niðurlagsorð breytingartillögunnar »hvers bús um sig« bætist: Þó ekki yfir 1000 kr. til hvers.

Ed. **398. Frumvarp**

til laga um vitagjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél, og tekur höfn á

Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þannig að hálf smálest, eða þar yfir, telst sem heil, en minna broti sé slept. Herskip eru undanþegin gjaldi þessu.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er út til fiskjar hér við land og aldrei fara utan á veiðitímanum, greiða vitagjaldið einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annarra ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hér við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð. Lögreglustjóri eða sá maður, sem hefir á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum (hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), skal innheimta gjaldið. Þegar vitagjald af útlendum fiskiskipum er innheimt af umboðsmanni lögreglustjóra á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Sömu innheimtulaun hafa þeir lögreglustjórar, sem nú eru í embættum, meðan þeir hafa innheimtuna á hendi.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs, að svo miklu leyti sem atferli hans á ekki að sæta þyngri hegningu.

Með mál út af brotum gegn þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Hér með eru úr gildi numin lög 16. nóvbr. 1907, um vitagjald af skipum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Ed. **399. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir og háttv. efri deild hefir falið oss til íhugunar, fer fram á, að eftirlaun ráðherra séu lækkuð að miklum mun frá því, sem þau eru eftir gildandi lögum.

Frumvarpið er komið hér í deildina frá háttv. neðri deild. Þegar það í fyrstu kom fram í þeirri deild nú á þinginu fóru ákvæði þess í aðra átt, en frumvarpið nú fer. Þá var ætlast til, að ráðherra hefði nokkru hærri eftirlaun, sem sé 1200 kr. í stað 1000 kr., en að eins fyrir jafn-langan tíma og

hann hefði verið í embætti. Að þeim tíma liðnum áttu eftirlaunin að verða engin. Í sömu átt og þetta fór frumvarp það, er samþykt var í neðri deild á alþingi 1909 (Alþ.tíð. A. 1909, þingskj. 242, bls. 386). Þar voru eftirlaunin ákveðin 2000 kr. á ári í jafn-mörg ár og ráðherrann hefði þjónað embætti, en síðan engin.

Við meðferð málsins í neðri deild hefir sú breyting verið gerð á stefnu frumvarpsins, að eftirlaunin skuli ekki hverfa eftir nokkurn tíma, heldur haldast æfi-langt. En jafnframt þessu hefir upphæðin verið lækkuð og þau sett 1000 kr.

Nefnd sú, er hafði málið til meðferðar í neðri deild, tekur það réttilega fram í nefndaráliti sínu, þótt málið sé þar annars lítt rakið, að ekki sé hægt að nema eftirlaunin burtu með öllu af því það samrýmist ekki stjórnarskránni. En að láta þau ná yfir takmarkað árabil, þó ekki æfilangt, verðum vér að álíta að fari á snið við anda stjórnarskrárinnar og sé því heldur ekki gerlegt.

En þá kemur til álita, hvort ástæða sé til að færa eftirlaunin niður, eins og frumvarpið fer fram á, eða ekki.

Um þetta hefir nefndin ekki getað orðið sammála, þótt svo virtist að vísu, sem nefndarmenn hefðu allir getað orðið sammála um að afnema ráðherraeftirlaunin með öllu, ef um það hefði getað verið að ræða og viss skilyrði jafnframt verið uppfylt, svo sem hækkun ráðherralaunanna frá því, sem nú er.

Meiri hluti nefndarinnar vill aðhyllast frumvarpið, en minni hlutinn er því mótfallinn.

Hinar helztu af ástæðum þeim, er meiri hlutinn telur mæla með frumvarpinu eru þessar:

1. Að telja má mjög líklegt, að séu eftirlaun ráðherra látin halda sér eins og þau eru nú, þá líði ekki á löngu áður en kostnaður sá, sem af þeim leiðir fyrir landssjóð, verði mjög mikill og landinu tilfinnanlegur; en þá ber líka nauðsyn til að draga úr þessu í tíma.

2. Að eftirlaun þau, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, séu viðunandi, þótt laun ráðherra séu ekki hækkuð. Því verði sá maður ráðherra, sem áður var embættismaður, þá hefir hann rétt til þeirra eftirlauna, er því embætti fylgdu, og því geta eftirlaunin orðið mun hærri en 1000 kr. þegar embættið hefir verið vel launað. En hafi ráðherrann ekki verið embættismaður áður hann varð ráðherra, má telja líklegt, að hann geti að öllum jafnaði gengið að þeirri atvinnu aftur, er hann áður hafði, og sé því ekki þörf fyrir að fá há eftirlaun.

3. Að þjóðin hefir víða óskað þess á þingmálafundum að ráðherraeftirlaunin yrði afnumin. Og þó að alþingi beri að sjálfsögðu sú skylda að gæta þess, að láta ekki slíkar óskir leiða sig til neins þess, er það álítur þjóðinni til verra, þá ber þinginu þó hins vegar að taka alt það tillit til slíkra óska, sem það sér fært. Því er það, að sjálfsagt virðist að þingið lækki eftirlaunin. Tæplega mun verða sýnt fram á það með fullgildum rökum, að af því geti nokkur minsta hætta stafað. Niðurfærslan er spor í sömu átt og afnám eftirlaunanna. Með niðurfærslunni er dregið úr byrði landssjóðs til ráðherraeftirlauna í framtíðinni, en það telur meiri hluti nefndarinnar skyldu þingsins að gera, úr því það, að svo stöddu, eigi getur létt henni af til fulls.

Af þessum og fleiri ástæðum, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu málsins, leyfir meiri hluti nefndarinnar sér að leggja til við háttv. efri deild, að hún samþykki frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Efri deild alþingis, 27. marz 1911.

J. Havsteen,	Jósef Björnsson,
formaður.	skrifari og framsögum.

Eg get ekki verið meðnefndarmönnum mínum samdóma um frumvarp þetta, og ræð háttv. deild til að fella það. Mun eg við umræður málsins gera grein fyrir ástæðum mínum.

Efri deild alþingis, 28. marz 1911.

Steingrímur Jónsson.

Nd. **400. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr.

Eftir tölulið 12 komi svolátandi nýr töluliður:

Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800 og vinna að útgáfu þeirra 1000—1000.

Fylgiskjal.

Af öllum þeim grundvallarritum að sögu Íslands, sem enn eru óprentuð, er ekkert, sem merkilegra sé í öllum greinum en Alþingisbækurnar frá tímum Alþingis hins forna, og ekkert, sem eins bráða nauðsyn beri til að fá komið á prent og þær. Á meðan það er ekki orðið, er hvorki hægt að rannsaka til neinnar hlítar almenna sögu landsins né heldur réttarsöguna, sem alt til þessa hefir svo sem enginn gaumur verið gefinn. Af bókum þessum var að vísu fyrrum prentað töluvert jafnóðum frá því 1696, og þó ekki óslitið í samfellu. En þessar prentuðu bækur eru auk þess orðnar svo torgætar sem handrit væri. Þar með hafa Alþingisbækurnar ekki altaf verið prentaðar í heilu lagi, heldur aðeins kaflar úr þeim. Þær bækurnar, sem aðeins eru til skrifaðar, eru miklu fleiri og með ýmsu móti, hleypt úr þeim alla vega á víxl, og það þótt til sé fleiri afskriftir með hendi landsþingsskrifaranna sjálfra af sömu bókinni, mismunar þeim oft stórum. Kemur það af því, að þegar sýslumennirnir fengu sér afskriftir af bókunum, hafa þeir ekki kært sig um annað en það sem þeim hentaði hverjum fyrir sig, svo að einn sýslumaðurinn lét skrifa handa sér þessa kaflana, en hinn aðra. Af þessu kemur það, að í engu einu safni, hvorki opinberu né einstakra manna, eru Alþingisbækurnar nú til fullar, þótt öll árin sé þar að nafn-

inu til, og þó að menn ætli þær allar vera. Verður því til þess að fá fulla heild af Alþingisbókum að bera alt saman, hvað við annað og fylla hvað eftir öðru. Á þann hátt verður að vinna verk þetta alt fram til 1766. Þá taka við »Alþingisprótókollarnir« í frumriti, og má fylgja þeim úr því þar sem ekki vantar í þá.

Reglulegt Alþingisbókahald var eiginlega hafið fyrst hér á landi 1631. Þó eru til Alþingisbækur frá eldri tímum, sem lögmennirnir hafa haldið sjálfir. Yfir árin 1570—1606 tekur Alþingisbók Þórðar lögmanns Guðmundarsonar, og jafnframt henni er til ágrip úr Þingbók Jóns lögmanns Jónssonar 1573—1601, sem gott er til fyllingar og samanburðar. Frá árunum 1606—1617 er til mikið úr þingbók Jóns lögmanns Sigurðssonar, og frá árunum 1622—1630 eru einnig til óslitnar þingbækur. Að eins árabilið 1618—1621 er bókalaust, en upp í það skarð má fylla býsnamikið með sérstökum Alþingisdómum. Með sérstökum dómum má og fylla mikið og auka allar Þingbækurnar alt fram að 1631. Það má þess vegna gefa út að kalla óslitnar:

Alþingisbækur Íslands 1570—1800, eða um 230 ár. — Hefir verið svo áætlað, að þetta verk alt mundi verða 10 hæfilega stór bindi í stóru 8 blaða broti, ellegar þá svipuðu broti og hinar prentuðu Alþingisbækur til 1796.

Fyrir sögu landsins er það svo afaráríðandi að fá þetta rit gefið út á sem fylstan hátt, og það efni er svo auðsætt, að engum orðum þarf þar um að eyða til þess að sannfæra hið háa stjórnarráð um nauðsyn þess, enda hefir landsstjórnin kannast við það í fylsta máta fyrir nokkrum árum. Árið 1894 var þess farið á leit við stjórnina, að taka upp á frumvarp til næstu fjárlaga fjárveiting til útgáfu Alþingisbókanna. Tók stjórnin undir það hið bezta, og ætlaði á fjárlagafrumvarpi því, sem lagt var fyrir Alþingi 1895 2000 kr. hvort árið þá á næsta fjárhagstímabili til útgáfu bókanna, og lét því fylgja góð meðmæli (Alþt. 1895, C, bls. 16, 35). En af einhverjum ástæðum náði þessi fjárveiting ekki samþykki þingsins í það sinn. Síðan hefir því máli ekki verið hreyft þar til nú 27. ágúst á aðalfundi Sögufélagsins, að félagsmenn skoruðu í einu hljóði á stjórn félagsins, að fara þess á leit við hið háa stjórnarráð, að tekin yrði upp á næsta frumvarp til fjárlaga byrjun á fjárveiting til útgáfu Alþingisbókanna, sem ekki þótti mega dragast úr þessu, að nú þegar væri gerð öflug gangskör að.

Af öllu framantöldu leyfum vér oss því að fara þess á leit við hið háa stjórnarráð, að því mætti þóknast að ætla fjárveiting til útgáfu Alþingisbókanna á frumvarpi því til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913, er lagt verður fyrir Alþingi 1911. Landsstjórnin hefir áður álitið, að hæfilegt væri að byrja með 2000 kr. á ári, og förum vér því fram á, að sú upphæð mætti nú og verða til þessa ætluð.

Það teljum vér auðvitað mál, að landsstjórnin, þegar þar að kemur, sjái svo um í samráði við þá menn, sem þar til álítast hæfastir, að gerðar verði allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að útgáfan verði leyst svo vel af hendi og útgáfunni fyrirkomið svo haganlega kostnaðarins vegna, sem föng verða á.

Stjórn Sögufélagsins, 20. sept. 1910.

Jón Þorkelsson. Hannes Þorsteinsson. Kl. Jónsson.

Einar Arnórsson. J. Jónsson.

Nd. **401. Frumvarp**

til laga um sölu á kirkjujörðinni Sigurðarstöðum í Presthólahreppt.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Presthólahreppi í Þingeyjarsýslu kirkjujörðina Sigurðarstaði þar í hreppi, fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó ekki lægra en 6,600 kr., og með þeim öðrum skildögum, sem ákveðnir eru í lögum um sölu kirkjujarða.

Nd. **402. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 6. gr. Fyrir: »ríkissjóði« komi: ríkissjóði Danmerkur.

Nd. **403. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi og Benedikt Sveinsson.

Við 15. gr.: Milli 13. og 14. tölulíðs komi nýr liður svolátandi.

Til Jóns Ófeigssonar til að semja og búa undir prentun þýsk-íslenzka orðabók 80 krónur fyrir það, sem svarar prentaðri örk alt að . . . 1500—1500.

Nd. **404. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 13. gr. B. III. Eftir 2. tölulið komi nýr liður:
Til brúargerðar á Ljá í Dalasýslu 3000 krónur fyrra árið.

Nd. **405. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 14. gr. A. b. 4. Aftan við bætist nýr liður:
Til prestsins í Suðurdalaþingum til þess að byggja upp bæjarhúsin á prestsetrinu Kvennabrekku alt að 2000 krónur fyrra árið.

Nd. **406. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 13. gr. B. VIII: Nýr liður bætist við svo látandi:
Til brúargerðar á Kjarlaksstaðaá á Fellsströnd í Dalasýslu 4666,66 kr. fyrra árið, $^2/_3$ af kostnaðinum gegn $^1/_3$ annarstaðar að.

Nd. **407. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og leyfir sér að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja það með eftirfarandi breytingum:

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr. Í fyrstu línu, á eftir orðunum: »í götu« komi: á kostnað bæjarsjóðs.

Við 2. gr. A. Málsgreinin orðist þannig:
$2^1/_2$‰ af fyrstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra.
2‰ af næstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverðinu.
1‰ af þeirri upphæð er brunabótavirðingarverðið fer yfir 20,000 krónur.
Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sé eldra hús rifið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.

Við 3. gr. Orðin: »að helmingi« í annari línu annarar málsgreinar falli burt.
Niðurlag annarar málsgreinar, frá orðinu »götunni« og til enda falli burt.

Við 4. gr. Í síðustu línu, á eftir orðunum: »Skuldunautur þá« komi alt að 5% ársvexti.

Við 5. gr. Í staðinn fyrir orðin: »skal sérhverjum lóðareiganda skylt að láta hreinsa stéttina daglega fyrir lóð sinni« komi: skal sérhverjum lóðareiganda skylt að láta daglega hreinsa af stéttinni fyrir lóð sinni út á götuna.
Aftan við sömu grein bætist:
Enda hafi hann áður tvívegis sætt aðvörun fyrir vanrækslu á því almanaksári.

Við 6. gr. Fyrri málsgr. Orðin: »í umboði sínu« falli burt. Síðari málsgr. Á eftir orðunum: »Stjórnarráðið staðfestir« komi: og sé hún miðuð við það hve oft er hreinsað.

Neðri deild alþingis, 28. marz 1911.

Jón Jónsson, form. Magnús Blöndahl, skrifari og framsm. Skúli Thóroddsen.

Jón Magnússon. Jón Jónsson frá Hvanná.

Nd. **408. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Við 12. gr. Á eftir 12. gr. 2 komi nýr liður svo hljóðandi:
Styrkur til hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að útvega lækni, til að setjast að í Bolungarvíkurverzlunarstað . . . 500 kr. 500 kr.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að lækninum verði greiddur að minsta kosti 800 kr. á ári annarstaðar frá.

Nd. **409. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 1. gr. fyrstu málsgrein. Fyrir orðið »eftir« á undan orðinu teningsmáli komi: eða.

Við 1. gr. 4. flokk. Fyrir orðin »þessari grein« komi: öðrum flokkum.

Við 2. gr. Orðin: »í Reykjavík« falli burt.

Við 9. gr. Fyrir orðið: »farmgjald« í síðari málsgrein komi: landssjóð.

Nd. **410. Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur við frv. til fjárlaga 1912 og 1913 á þgsk. 239.

Flutningsmenn: H. Hafstein og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 87. lið:
Við 15. gr. 28: Fyrir: »300—300« komi: 500—500.

Nd. **411. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Björn Sigfússon og Hálfdán Guðjónsson.

Við 13. gr. B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður sem verði IX. liður.

Til vegagerðar í Svínavatnshreppi 1,000 kr. (fyrra árið) með því skilyrði að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til vegarins annars staðar frá á fjárhagsárinu.

Nd. **412. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Eggert Pálssyni og Einari Jónssyni.

Við 22. gr. 4. Úr viðlagasjóði má lána Ásahreppi í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins alt að 30,000 kr. til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og lands þess er að henni liggur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Nd. **413. Breytingartillögur og viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Sigurði Gunnarssyni.

1. Við 16. gr. 5. Í stað: »Til búnaðarfélaga 22,000—22,000« komi. 26,000—26,000.

2. Við 16. gr. 6. Í stað: »Til búnaðarfélags Íslands . . . . . 54,000—54,000« komi: Til búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr., hvort árið, . . . 50.000—50,000.

3. Við 16. gr. 13. Aftan við b. »Launaviðbót . . . . . í Reykjavík« komi: c. Styrkur til að semja dýralækningabók alt að kr. 400.

Nd, **414. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Sunnm., þm. og Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 12. gr. 3. b. komi nýr liður, er verði c:

Til Þorvalds læknis Pálssonar til þess að leggja stund á lækningar á sjúkdómum á maga og þörmum alt að 2000 krónum hvort árið.

Nd. **415. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Björn Jónsson.

Við 22. gr. 4. Aftan við bætist:

5. Sýslusjóði Vestur-Barðastrandarsýslu veitist uppgjöf á eftirstöðvum:
   a) símaláns (10,000 kr.) 8888 kr. 88 a.
   b) sýsluvegaláns (5000 kr.) 1750 kr.

Nd. **416. Viðaukatillaga**

við fjárlagafrv. 1912—1913.

Flutningsmaður: Björn Jónsson

Við 13. gr. D. II. 2. komi tveir nýir liðir:

3. Talsími frá Bíldudal til Brjánslækjar fyrra árið 15,000 kr.

4. Talsími frá Hólmavík til Staðar á Reykjanesi fyrra árið 20,000 kr.

Liðatalan færist til eftir þessu.

Nd. **417. Viðaukatillaga**

við fjárlagafrv. 1912 og 1913.

Flutningsm.: Björn Jónsson.

Við 13. gr. E. VI.
Aftan við bætist nýr VII. liður:
Til að reisa vita á Bjargtöngum síðara árið 14,000 kr.

Nd. **418. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson og Magnús Blöndahl.

Við 15. gr. 31. Aftan við bætist nýr liður:
Til Einars Jónssonar til þess að fullkomnast í málaralist 500 krónur hvort árið.

Nd. **419. Breytingartillaga**

við frnmvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Magnús Blöndahl og Jón Þorkelsson.

Við 16. gr. 19.

Nýr liður bætist aftan við þennan lið:

Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til að geta haldið áfram námi við Listaháskólann í Kaupmannahöfn, 600 krónur hvort árið.

Ed. **420. Frumvarp**

til laga um breyting á 20. og 29. grein laga nr. 22, 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri.

Flutningsmaður: Sigurður Hjörleifsson.

1. gr.

Sjö menn skulu framvegis eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins.

2. gr.

Endurskoðunarmenn reikninga bæjarins skulu vera tveir. Skulu þeir skyldir að endurskoða alla reikninga bæjarfélagsins.

Nd. **421. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Jón Ólafsson S.-M.-þm.

Við 15. gr. 21. Aftan við þann lið komi nýr liður:
Til Jónasar Jónssonar til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng (Hymnologi) frá 1550 til 1900, hvort árið kr. 600,00.
Liðir breytast svo sem tala rennur til.

Nd. **422. Tillaga**

til þingsályktunar um hin svo nefndu lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. jan. 1871.

Frá Jóni Þorkelssyni, Benedikt Sveinssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi og Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Neðri deild alþingis ályktar, að lýsa yfir því, að svo nefnd lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. jan. 1871, geti ekki viðurkenst skuldbindandi fyrir Ísland.

Nd. **423. Frumvarp**

til laga um brúargerð á Jökulsá á Sólheimasandi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi má verja alt að 78 þúsund krónum úr landssjóði.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar veitt er fé í fjárlögunum til brúargerðarinnar.

Ed. **424. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Í stað orðanna í 2. gr. styrktarsjóðslaganna: »1½% séu« o. s. frv. til enda greinarinnar, komi:

»1½% af næstu 500 kr. og 2% af því, sem er yfir 1000 kr.«

Ed. **425. Frumvarp**

til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Almennar auglýsingar og auglýsingar um dómsmál, sem opið bréf frá 4. janúar 1861, lög nr. 3 frá 12. apríl 1878 og lög nr. 12 frá 28. ágúst 1903 ræða um, skal að eins birta í blaði því, er fer með stjórnvalda-auglýsingar hér á landi að lögum.

2. gr.

Öll ákvæði, sem fara í bága við 1. gr., eru numin úr gildi.

Ed. **426. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eiða og drengskaparorð.

Nefndin hefir íhugað frumvarp þetta og er sammála um að ráða til þess að frumvarpið verði gert að lögum, þó með þessari breytingu:

Við 8. gr:

3. liður breytist og orðist svo:

Mönnum, sem uppvísir hafa orðið að röngum framburði eða meinsæri, eða eru undir ákæru fyrir slík brot.

Efri deild Alþingis, 29. marz 1911.

Gunnar Ólafsson,	Ari Jónsson,	J. Havsteen.
formaður.	skrifari og framsögum.	

Ed.

427. Frumvarp

til hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Reykjavík veitast úr landssjóði alt að 400,000 — fjögur hundruð þúsund — krónur gegn þreföldu — 1,200,000 kr. — fjárframlagi úr hafnarsjóði Reykjavíkur. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Reykjavíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 1,200,000 króna lán, er bæjarstjórn Reykjavíkur kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Reykjavíkur. Nú vill annarhvor málsaðila ekki una mati og getur hann heimtað yfirmat, en gjöra skal hann það innan 14 daga frá því að matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Reykjavíkur.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gjöra í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema samþykki bæjarstjórnar komi til.

Sá sem gjöra vill eitthvert slíkt mannvirki skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá sem fengið hefir leyfi til að gjöra slíkt mannvirki skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónur, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár

samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórn kýs á sama hátt og aðrar nefndir, eftir því, sem mælt er fyrir í samþykt þeirri, er fyrir bæinn gildir.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 bæjarfulltrúar og 2 utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fé hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma, en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gjöra nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Reykjavíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugjörðinni, og farmi þeirra:

1) Lestagjald.
2) Vitagjald.
3) Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4) Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5) Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Reykjavíkur semur og stjórnarráð Ís-

lands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má bæjarfógeta Reykjavíkur innheimtu á þeim.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi.

11. gr.

Nú má álíta að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðar eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórnin, með sérstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir tollgæzlumaður landssjóðs, og fær hann 2% í innheimtulaun. — Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. — Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþyktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúar skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni sendist síðan stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Nd. **428. Nefndarálit**

um breytingar á skipun læknishéraða. (Þingskjöl: 66, 87, 88, 143, 201 og 203).

Auk frumv. þess (þingskj. 66), sem oss í fyrstu var falið til athugunar, hefir síðan verið vísað til nefndarinnar 4 samskonar frumvörpum, sem hvert um sig fer fram á að fjölga læknishéruðunum um eitt, og þar við bætist ein viðaukatillaga (þingskj. 87) við hið fyrsta frumv., og er þar enn farið fram á hið sama, að fjölga læknishéruðunum um eitt.

Það eru því alls 6 læknishéruð, sem farið er fram á, að við sé bætt í öllum þessum tillögum til samans.

Nefndin öll lítur svo á, að þótt mjög hafi verið fjölgað læknishéruðum á síðari árum, þá séu kröfur manna um enn fleiri lækna á ýmsum stöðum á allgildum rökum bygðar, svo að varla verði hjá því komist að fjölga læknishéruðum enn nokkuð, þótt á hinn bóginn verði að játa, að ýmislegt geri það athugavert; má til þess nefna, auk allverulegs útgjaldaauka fyrir landssjóðinn, það, að í mjög fámennum læknishéruðum verður æfing sú, er læknirinn fær, næsta lítil, og er þá hætt við, að bæði áhugi læknisins og hæfileiki til starfsins minki með tímanum, en vaxi ekki, eins og oft mun verða, þar sem læknirinn hefir nóg að starfa.

Vér lítum svo á, að allmikið mæli með því, að sérstakur læknir fáist á alla staði þá, sem hér er um að ræða. En vér viljum þó ekki ráða til, að öll þessi 6 læknishéruð verði lögskipuð í þetta sinn. Enda mundi það að litlu haldi koma, þeim er hlut eiga að máli, þegar af þeirri ástæðu, að enn skortir allmjög lækna, og viðkoman er ekki svo ör, að von sé um að fá lækna í mörg ný læknishéruð fyrst um sinn. En vér viljum leggja það til, að læknahéruðunum sé fjölgað um tvö í bráð og gerum ráð fyrir, að öðrum tveim verði viðbætt á næsta reglulegu alþingi 1913 og svo áfram, til þess er bætt er úr brýnustu þörfunum.

Þau 2 læknahéruð, sem vér leggjum til, að tekin sé upp í þetta sinn, eru Norðfjarðarhérað (þingskj. 88) og Hnappdælahérað (þingskj. 201). Mælir með því fyrnefnda löng og afar-örðug leið bæði á sjó og landi til lækna þeirra, sem svæði þetta nú heyrir til, og auk þess í Norðfirði margt

fólk saman komið á litlu svæði, og á sumrum afarfjöldi hvalveiðamanna og annara aðkomandi sjómanna í báðum fjörðunum, Norðfirði og Mjóafirði. Má og minna á ummæli framsögum. læknaskipunarnefndarinnar á síðasta þingi um þetta mál. En í hinu héraðinu, Hnappdælahéraði, er vegalengdin afarmikil milli þeirra lækna, sem nú sitja næstir því svæði, sem hér ræðir um, annars vegar í Borgarnesi, en hinu megin í Stykkishólmi og Ólafsvík. Auk þess er um erfiðan fjallveg að sækja til hinna síðarnefndu staða, fyrir alla þá, er sunnan fjalls búa.

Vér viljum svo fara nokkrum orðum um hin önnur læknishéruð, sem hér hefir verið farið fram á að stofna.

Um nýtt læknahérað í Bolungarvík er það að segja, að þótt vegalengdin frá Ísafjarðarkaupstað sé eigi mikil, þá er annars vegar leiðin á landi all-ill, og eins og kunnugt er, þá er oft ómögulegt að lenda í Bolungarvík, og verður af þeim sökum sjóleiðin oft eigi notuð.

Það er all-margt manna í Bolungarvík, auk þess sem mesti fjöldi manna er þar til sjósókna á sumum tímum árs, svo að auðvitað er þar mikið með lækni að gera. Nefndin hefir og fengið að vita, að Bolvíkingum er þetta svo mikið áhugamál, að þeir eru fúsir til, að verja allmiklu fé, til að launa lækni, ef hann fengist þangað. Þetta mál sýnist oss því, að ráðlegast sé, að styðja á þann hátt, að Bolvíkingum sé heitið dálitlum fjárstyrk úr landssjóði, til þess að styðja viðleitni þeirra til að fá lækni, sem þeir að öðru leyti kosti sjálfir, svo sem þeir hafa tjáð sig fúsa til.

Um nýtt læknishérað í Rangárvallasýslu er það að segja, að nú er svo háttað, að bæði þau læknishéruð, sem hér er gert ráð fyrir að minka, eru með sama annmarkanum, þeim sem sé, að ill vötn falla í gegnum þau, og gera oft torvelt og stundum ómögulegt að ná til læknis. Þessi vötn eru annarsvegar Jökulsá á Sólheimasandi og hinum megin Þverá. Væri nú bætt úr þessu, og vötnin gerð fær, þá mundi nauðsyn læknafölgunarinnar á því svæði hverfa. Og nú er farið alvarlega að ræða um að brúa Jökulsá, og þótt það mál eigi, hætt við, nokkuð langt í land, þá vonum vér hins vegar að landssjóður sjái sér fært að framkvæma það nauðsynjaverk áður mörg ár líða. En um Þverá er það að segja, að tiltækilegt mun vera að nota þar dragferju, og er þar um ekki meiri fjárhæð að ræða en svo, að vér teljum rétt, að það verði framkvæmt hið bráðasta. Mundi það bæta mjög úr annmörkunum sem nú eru á með tilliti til læknisnota, og auk þess verða til mikils hagræðis bæði fyrir þá, er mest þurfa að fara yfir um ána, og sömuleiðis koma í veg fyrir hrakninga á póstum og öðrum langferðamönnum.

Þar eð enginn nefndarmanna var nægilega kunnugur staðháttum í Dalasýslu né öðru því, er áhrif geti haft á þetta mál, þá höfum vér leitað álits kunnugs manns, þingmanns Dalamanna, um það efni. Kveður hann þetta vera hið mesta áhugamál Vestur-Dalamanna; enda eigi allir, sem búa á norðurhlið skagans milli Hvammsfjarðar og Gilsfjarðar, erfiða sókn til læknis, sem búsettur er í Miðdölum eða Laxárdal. Úr Saurbænum sé að minsta kosti 7—9 stunda reið að sumarlagi, yfir Svínadal eða Sælingsdalsheiði, og mjög vond leið á vetrum. Víðast hvar annarstaðar af því svæði sé full dagleið eða meira til læknis að sumarlagi, en á vetrum verði eigi náð til hans á minna en hálfum öðrum degi.

Samkvæmt þessari lýsingu virðist allbrýn ástæða til að láta eigi drag-

ast lengi að bæta úr þörfum héraðsbúa, þegar þess er ennfremur gætt, að til Dalalæknishéraðs heyra nú eyjar, t. d. Akureyjar, og verða því erfiðleikarnir, sem hlutaðeigendur, er þar búa, verða að sæta, þá er þeir þurfa að vitja læknis, því meiri.

Nauðsyn nýs læknishéraðs í Skagafirði stafar einkum af því að héraðið er mjög víðlent og mannmargt. Er á Sauðárkróki, þar sem læknirinn situr, nokkuð mannmargt. En það sem einkum mælir með því, að bæta lækni við í Skagafirði, er það, að á Sauðárkróki er sjúkrahús, og liggur í augum uppi, að not þess verða ærið hæpin og mjög minni en ella, þegar læknirinn verður, hvenær sem er, og hvernig sem á stendur, að stökkva burtu, máske mjög langan veg, og yfirgefa jafnvel svo dögum skiftir, sjúklinga á sjúkrahúsinu, sjúklinga, sem oft mega ekki án læknis vera einni eykt lengur. Þetta er svo alvarlegt efni, að vér teljum ekki mega dragast lengi að bæta úr því.

Loks skal þess getið, að vér viljum að það sé framtekið í lögunum, að þau komi eigi fyr til framkvæmda, en sérstakur læknir verður skipaður í hvort hinna nýju læknishéraða, og berum því fram viðaukatillögu um Norðfjarðarhérað, er að því lýtur.

Samkvæmt framanskráðu leggjum vér til, að frumvarpið á þingskj. 88 um stofnun nýs læknishéraðs í Norðfirði og frv. um stofnun nýs læknishéraðs í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á þingskjali 201 verði samþykkt. Frv. á þingskjali 66 ásamt viðaukatillögu (þingskj. 87), á þingskjali 143 og á þingskjali 203 ráðum vér til að feld sé í þetta sinn, ef flutningsmenn taka þau eigi aftur.

Neðri deild alþingis, 29. marz 1911.

Ólafur Briem formaður.	Skúli Thoroddsen.	Jón Jónsson þm. S.-M. skrifari og framsögum.

Eggert Pálsson. Sigurður Gunnarsson.

VIÐAUKATILLAGA

við frv. til laga o. s. frv. á þingskjali 88.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:

Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyr en sérstakur læknir er skipaður í Norðfjarðarhéraði.

Nd. **429. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefnd.

Við 13. gr.

Eftir D. III. 10 komi þessi athugasemd:

Þegar sú ábyrgð er liðin, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landsímastöðvar hefir gefið fyrir þátt-töku í reksturskostnaðinum, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar, eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.

Nd. **430. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Heimild sú, er ráðherra Islands er veitt í lögum nr. 50, 16. nóv. 1907 til til þess að selja ábúendum kirkjujarða ábýlisjarðir sínar, skal einnig ná til hjáleigna prestssetra, ef þær eru sérstakt býli, enda séu gerð ummerki á túni, engjum og högum, þegar matið fer fram.

Álits umráðamanns og hreppstjóra sé jafnan leitað um söluna.

Ed. **431. Frumvarp**

til laga um skógrækt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skógrækt skal hefja og framkvæma með því að friða og bæta skóga þá og skógarleifar, sem enn eru hér á landi, rækta nýjan skóg og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógar og gróðursetning. Leggja skal og stund á varnir gegn uppblæstri lands og sandfoki, þar sem því verður við komið.

Landsstjórnin hefir yfirstjórn skógræktarmála og sandgræðslumála.

2. gr.

Skipa skal skógræktarstjóra, og hefir hann á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gerðar verða til skógræktar. Hann skal hafa stundað skóg-

rækt og int af hendi próf, er landsstjórnin tekur gilt. Skógræktarstjóri hefir að launum 2400 kr.

3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði. Skulu þeir vera fyrst um sinn tveir. Laun þeirra skulu ákveðin á fjárlögum. Þeir skulu hafa aflað sér sérstakrar þekkingar í skógrækt, og staðist próf, sem stjórn skógræktarmálanna tekur gilt. Skógarverðir skulu settir yfir skógræktarjarðir landssjóðs, og hafa umsjón með trjáræktarsvæðum hans, líta eftir meðferð skóga og kjarrs, og annast framkvæmdir á skógræktarstörfum. Fela má skógræktarstjóra skógvarðarstörf á því svæði er stjórnin nánar til tekur. Fela má og skógvörðum athugun sandfokssvæða og eftirlit með framkvæmd sandgræðsluráðstafana, er gerðar kunna að vera.

4. gr.

Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal nánara ákveða með reglugerð, sem stjórnarráðið setur.

5. gr.

Nú vill maður höggva skóg eða kjarr, og skal hann þá höggva innan úr á við og dreif svo að skógurinn eða kjarrið grisjist. Ekkert svæði má berhöggva nema landið sé tekið til ræktunar. Birkirunnum í skógum og kjörrum má ekki kippa upp. Ekki má heldur án samþykkis skógræktarstjóra eða skógarvarða taka beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng né meltágar. Mosa má og ekki taka nema í skóglausu og kjarrlausu mýrlendi. Ennfremur er skógræktarstjóra og skógarvörðum heimilt að banna að rífa fjalldrapa og við á þeim svæðum, er ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum.

6. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur er eða kjarr.

7. gr.

Skógræktarstjórinn og skógarverðirnir skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir, samkvæmt reglum þeim, er getur um í 5. gr. skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á alt að 200 ferstikna svæði í skógnum eða kjarrinu til þess að sýna, hvernig höggva skal.

8. gr.

Eigendur og notendur skóga og kjarrs geta eigi bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum eða öðrum þeim, sem eftirlitið kynni að vera falið, nauðsynlega umferð um land sitt, hvort sem það er girt eða ógirt.

9. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra að taka alt að 25 teiga lands í skógar eða kjarrsvæðum á jörðum einstakra manna til friðunar, og skal svæðið girt. Kostnaðurinn, er af friðuninni leiðir, greiðist af fé því, er veitt er til skógræktar úr landssjóði. — Á þessu svæði skal ekkert höggva, nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það, eftir mati óvilhallra manna.

10. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og kjarrlendi. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sérstakar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit, og ef einhversstaðar horfir til stór-skemda eða auðnar af þessum völdum, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til varnar eyðileggingu.

11. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum, og skógræktarstjóri og skógarverðir í umdæmum sínum, hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs, og hvort brotið sé mót friðunar-ákvæðunum í 5. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um það til stjórnarráðsins, og ákveður það svo í samráði við skógræktarstjóra, hvað gera skuli í málinu.

12. gr.

Ábúendum jarða er skylt að segja skógarvörðum eða skógræktarstjóra til um ný landspjöll, svo sem landbrot, jarðfok eða sandfok, en þeir skulu gefa stjórnarráðinu skýrslu um þau, svo að ráðstafanir megi gera til þess að hefta þau eða bæta, ef uggvænt þykir að þau séu héraðshættu.

13. gr.

Brot á móti lögum þessum og ákvæðum þeirra um meðferð skóga og kjarrs varða sektum frá 5—100 kr., er renna í landssjóð. Um mál út af brotum á lögunum fer sem um almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands frá 22. nóvbr. 1907, og lög um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl. frá 30. júlí 1909.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Ed. **432. Frumvarp**

til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir að háskóli Íslands er tekinn til starfa, hafa þeir einir rétt til embætta hér á landi, er tekið hafa embættispróf við háskólann, að því leyti sem sú námsgrein er þar kend og próf í henni haldið, er sá verður að hafa lokið, sem hlut á að máli.

2. gr.

Undanþágu frá fyrirmælum 1. gr. má landsstjórnin eftir tillögum háskólaráðs veita, að því er tekur til kennaraembætta við háskólann sjálfan.

3. gr.

Læknisfræðingum, er sanna, að þeir hafi aflað sér nægrar þekkingar í læknisfræði á erlendum háskólum eða öðrum slíkum mentastofnunum má og landsstjórnin veita leyfi til þess að stunda hér lækningar, en leitað skal tillagna læknadeildar háskólans í hvert skifti áður slíkt leyfi sé veitt.

4. gr.

Þeir, er lokið hafa embættisprófi við Kaupmannahafnarháskóla í fræðigreinum þeim, sem hér eru kendar á háskólanum, 5 árum eftir að hann tekur til starfa, skulu hér embættisgengir eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt. Þó má engum lögfræðiskandídat frá Kaupmannahafnarháskóla veita hér embætti, er lagapróf þarf til, nema hann hafi lokið þar prófi eigi síðar en 5 árum eftir að lagaskólinn tók til starfa.

Nd. **433. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 361.

Frá fjárlaganefnd.

Fyrir: »5000—5000« komi:

Eftir reikningi alt að 5000—5000.

Nd. **434. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu á þingskjali 380.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 35. tölul. Við 13. gr. C. 2.

Í stað: »400 kr. hvort árið«

komi: 250 kr. hvort árið.

Nd. **435. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913 á þingskj. 359.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. Varatillaga, að fyrir 3000 komi: 2000.
2. Til þrautavara, að fyrir 3000 komi: 1500.

Nd. **436. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 8. gr. 1. lið. Fyrir: »úr ríkissjóði» komi: ríkissjóði Danmerkur.

Nd. **437. Frumvarp**

til laga um sölu á kirkjujörðinni Presthólum í Presthólahreppi.

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Landstjórninni veitist heimild til að selja Halldóri prófasti Bjarnarsyni í Presthólum kirkjujörðina Presthóla fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta og með þeim öðrum skildögum, sem ákveðnir eru í lögum um sölu kirkjujarða.

Nd.

438. Nefndarálit

um frv. til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Nefndin telur lögin góð, og rétt að færa saman í eina heild öll lög um þenna skóla. Þó hefir hún orðið ásátt um, að leggja til nokkrar breytingar, svo sem sést á eftirfarandi breytingartillögum. Skulu hér raktar ástæður til þeirra í fám orðum.

Kenna verður mönnum nokkuð um veldi og rót áður en þeim er kent að nota tugvitatöflur (logaritma), ef þeir eiga að fá nokkurn skilning á því. Áður en þeim eru kendar grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar, verða þeir að hafa fengið ljósan skilning á neitandi og játandi stærðum, en þessar grundvallarsetningar þurfa menn að kunna áður en þeir geta lært að reikna út réttþyrnda þríhyrninga. Svo mun og hafa verið til hagað kenslunni í þessum skóla og svo mun henni enn vera hagað. Þykir nefndinni því réttara, að þessi atriði séu og prófskilyrði við hið minna próf.

En rétt telur nefndin að til meira prófsins sé krafist nokkru ítarlegri þekkingar í þessum atriðum.

Víðast hvar um heim eða alstaðar munu hafnsögumenn kunna ensku, en við dönsku má bjargast á Norðurlöndum einum. Fyrir því telur nefndin það sjálfsagt að eigi sé minna krafist í ensku en í dönsku.

Nefndin telur stýrimannakensluforstjórann í Kaupmannahöfn eigi heyra undir íslenzkt löggjafarsvið, og hyggur prófdómendur þá, er stjórn vor skipar, einfæra um að taka til verkefni til prófs í skólum vorum. Mun og það ákvæði í 4. gr. sem hér er átt við, vera leifar frá fyrri árum, þegar sjómannafræði var hér lítt kunn.

Hér voru í stuttu máli taldar ástæður til þess að nefndin ber fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumv. til laga um stýrimannaskóla í Reykjavík.

1. Við 2. gr. 1. Liðurinn orðist svo:
   Kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningsfræðinnar og útreikning réttþyrndra þríhyrninga eftir henni.
2. Við 3. gr. 1. Framanvið liðinn bætist: ítarlegri.
3. Við 3. gr. Í 2. línu eftir »— — stærðum«, komi: þekking.
4. Við 3. gr. 9. Liðurinn orðist svo: sama kunnátta í ensku sem í dönsku.
5. Við 4. gr. Síðasta málsgrein 4. gr. orðist svo:

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefni til munnlegs og skriflegs prófs; verkefnin til

skriflega prófsins skulu þeir afhenda stjórnarráðinu á undan prófinu í innsigluðu umslagi.

Alþingi $^{30}/_{8}$ 1911.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari og framsögumaður.

Eggert Pálsson. Jón Sigurðsson. Björn Kristjánsson.

Ed. **439. Frumvarp**

til almennra viðskiftalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæðum laga þessara skal þá að eins beita, er ekkert annað er um samið eða verður álitið fólgið í samningi eða leiðir af verzlunartízku eða annari venju.

Lög þessi gilda ekki um fasteignakaup.

2. gr.

Nú eru hlutir pantaðir, þeir er búa þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn býr til, þá skal pöntunin talin kaup. Þó gilda lög þessi ekki um húsgerð og önnur mannvirki á fasteign.

Alt það, sem í lögum þessum er ákveðið um kaup, á einnig við um vöruskifti.

3. gr.

Þegar í lögum þessum er talað um kaup á hlutum, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki að eins átt við tiltekna mergð hluta af tilgreindri tegund, heldur einnig átt við kaup á tilgreindum hóp eða magni vöru.

4. gr.

Þá er talað er í lögum þessum um kaupmanna-viðskifti, er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í atvinnu þeirra eða í hennar þágu.

Kaupmaður er hver sá talinn, sem hefir atvinnu af því: að selja vörur, sem hann hefir í því skyni keypt; að reka víxlarastarf eða bankastarf, vátryggingarstarf, umboðsverzlun, forlagsverzlun, lyfsölu, veitingar, handiðn eða verksmiðjuiðnað; að takast á hendur að reisa hús eða gera önnur mannvirki eða að flytja fólk, muni eða orðsendingar. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, sem rekur veitingar, handiðn, flutninga, eða þess kyns smásölu, sem ekki þarf borgarabréf til eða annað sérstakt leyfi, svo framarlega sem ekki vinna aðrir að þeirri atvinnu með honum en konan með manni sínum eða maðurinn með konu sinni, börn atvinnurekanda innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

Um ákvæði kaupverðs.

5. gr.

Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um hæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að telja það ósanngjart.

6. gr.

Nú er í kaupmanna-viðskiftum reikningur sendur kaupanda og hann mótmælir ekki verði því, sem tilgreint er í reikningnum, svo fljótt sem hann fær því við komið, og er hann þá skyldur til að gjalda það verð, sem í reikningnum stendur, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið, eða reikningurinn er bersýnilega ósanngjarn.

7. gr.

Nú á að reikna kaupverð eftir tölu, máli eða þyngd, og skal þá leggja til grundvallar þá tölu, mál eða þyngd, sem varningurinn hafði á þeirri stund, er hættan við, að varan farist, flyzt yfir á kaupanda.

8. gr.

Ef kaupverð er miðað við þunga vöru, skal svo meta sem umbúðir beri frá að draga.

Um staðinn, þar sem skila ber seldum hlut (afhendingarstaðinn).

9. gr.

Seljandinn á að skila af sér seldum hlut á þeim stað, þar sem hann átti heima þegar kaupin gerðust. Ef hann rak þá atvinnu og salan stóð í sambandi við hana, þá á hann að skila hlutnum af sér á atvinnustöð sinni.

Ef hluturinn var á öðrum stað á þeim tíma, er kaupin gerðust, og vissu báðir samningsaðilar um það eða áttu að vita, þá skal svo á líta, að hlutnum eigi þar að skila, sem hann þá var.

10. gr.

Ef seljandi á að senda seldan hlut frá einum stað til annars, til að skila honum þar í hendur kaupanda, þá er svo á litið, að hann hafi skilað hlutnum, þá er hann hefir afhent hann í hendur farmflytjanda þess, er tekist hefir á hendur að flytja hlutinn þaðan, sem hann tekur við honum. Eigi að senda hlutinn á skipi, þá skal telja honum skilað, er hann er kominn á skipsfjöl.

11. gr.

Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kauptúni eða þorpi, og er þá ekki talið, að hinum selda hlut sé skilað fyr en hann er kominn í vörzlur kaupanda.

Um eindaga samninga.

12. gr.

Ef enginn samningur hefir um það verið gerður, hve nær kaupverð eigi að greiða eða keyptum hlut eigi að skila í hendur kaupanda, og atvik liggja ekki svo til, að af þeim verði ráðið, að þetta skuli gera hið allra bráðasta, þá skal svo á líta, að andvirði beri að greiða eða hlut að afhenda hve nær sem krafist er.

13. gr.

Nú er frestur á kveðinn fyrir því, hve nær seldum hlut skuli skila, og er þá seljanda rétt að skila hlutnum á hverjum þeim tíma, er hann kýs, innan þess frests, nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var tiltekinn kaupanda í hag.

Um rétt til að krefjast, að hönd selji hendi á báðar hliðar.

14. gr.

Ef enginn frestur hefir veittur verið af hendi hvorugs aðila, þá er seljandi ekki skyldur að láta af hendi seldan hlut, nema kaupverðið sé samtímis greitt, enda er kaupandi ekki skyldur að greiða kaupverðið nema hann fái samstundis hlutinn til umráða.

15. gr.

Nú hefir svo verið um samið, að hlutinn skuli senda frá afhendingarstað, og heimila þá ummæli næstu greinar hér á undan seljanda ekki að láta vera að senda hlutinn, en varna má hann því, að kaupandi fái hlutinn í sínar vörzlur meðan kaupverðið er ógreitt.

16. gr.

Nú er um kaupmanna-viðskifti að tefla, og er hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, en hleðsluskírteini það, sem notað er, er svo lagað, að seljandi missir umráð yfir hlutnum þá er hleðsluskírteinið er afhent kaupanda, og skal kaupandi þá greiða andvirðið um leið og hann tekur við hleðsluskírteininu samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 71. gr. hér á eftir.

Um ábyrgð á hættu fyrir seldan hlut.

17. gr.

Hættan á því, að seldur hlutur farist af tilviljun, skemmist eða rýrni, er á ábyrgð seljanda, þar til er hann hefir skilað hlutnum af sér eða afhent hann (sbr. 9.—11. gr.)

Ef það er ákveðinn hlutur, sem seldur var, og kaupandi átti að sækja hann, enda kominn sá tími, er sækja mátti hlutinn, og hann er á reiðum höndum, þá ber kaupandi ábyrgð á hættunni og verður því að gjalda kaupverðið, þó að svo atvikist, að hluturinn farist eða skemmist af hendingu.

Um arð af seldum hlut.

18. gr.

Nú ber seldur hlutur arð áður en afhendingartími er kominn, og á þá seljandi þann ágóða, nema ástæða hafi verið til að ætla, að sá ágóði mundi ekki falla til fyr en síðar.

Þann ágóða, sem af seldum hlut fæst eftir að afhendingartími er kominn, eignast kaupandi, nema að ástæða hafi verið að ætla, að sá ágóði mundi fyrri til falla.

19. gr.

Ef maður kaupir hlutabréf, þá er í kaupinu sá arður, sem ekki var í gjalddaga fallinn þegar kaup gerðust.

Nú fylgir hlutabréfinu réttur til að skrifa sig fyrir nýju hlutabréfi, eða hlutabréfið fær þann rétt síðar, þá nýtur kaupandi þeirra hagsmuna.

20. gr.

Ef maður kaupir skriflega skuldakröfu, sem ber vöxtu, þá eru í kaupinu vextir þeir, sem á voru fallnir, en ekki komnir í gjalddaga, þá er kaup gerðust, eða á afhendingardegi, ef afhending á síðar að fara fram en kaup. Ef það sést ekki af atvikum, að krafan hafi verið seld sem óvís krafa, þá á kaupandi að greiða umfram kaupverðið og samtímis því svo mikið fé, sem vöxtunum svarar.

Um drátt af hendi seljanda.

21. gr.

Nú afhendir seljandi ekki seldan hlut á réttum tíma, enda sé þetta ekki kaupanda að kenna eða neinum ósjálfráðum atburði, sem kaupandi ber ábyrgð af hættunni við, og á þá kaupandi kost að kjósa, hvort hann vill heldur heimta hlutinn eða rifta kaupið.

Hafi drátturinn haft lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda, eða seljandi hlaut að álíta að svo væri, þá getur kaupandi ekki rift kaupið, nema hann hafi áskilið sér, að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma.

Í kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur metinn verulegur, nema það sé að eins lítill hluti hins selda, sem afhending hefir dregist á.

22. gr.

Nú er svo um samið, að seljandi skuli afhenda smátt og smátt, og ber svo til, að ein sérstök afhending dregst, þá á kaupandi samkvæmt næstu grein á undan að eins rétt á að rifta kaupin að því er til þeirrar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig riftað kaup að því er til síðari afhendinga kemur, ef vænta má, að drætti á afhendingum muni halda áfram, og hann getur jafnvel rift alt kaupið í heild sinni, ef það samband er í milli afhendinganna, að það veiti tilefni til þess.

23. gr.

Nú er kaup er gert um ákveðinn hlut, en hann ekki afhentur á áskildum tíma, og á þá seljandi að svara skaðabótum, nema það sannist, að drátturinn var ekki honum að kenna.

24. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er seljandi skyldur að svara skaðabótum, enda þótt drátturinn sé ekki honum að kenna, nema hann hafi áskilið sér að vera undan þessari skyldu þeginn, eða telja verður, að atvik, sem ekki voru þess eðlis, að seljandi hefði átt að hafa þau í huga, er kaupin gerðust, hafi valdið því, að honum var alls eigi auðið að efna það, sem hann hafði um samið, og má til slíkra atvika telja það, er svo ber undir, að allir hlutir af hinni tilteknu tegund eða þeim vöruhóp, er kaup er um gert, hafa af óviðráðanlegum orsökum farist; svo er og ef styrjöld tekur fyrir efndir, eða aðflutningsbann eða því um líkt.

25. gr.

Nú hefir kaup verið rift og svara ber skaðabótum samkvæmt 23. og 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því, sem verð hluta af sömu tegund og gæðum sem hinir seldu hlutir, er hærra, þá er afhending átti fram að fara, heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sé, að annað meira tjón hafi af hlotist. Nú dregur kaupandi ekki að nauðsynjalausu að kaupa aðra hluti í stað þeirra, sem kaup var á rift, og kaupir hlutina þar sem viðunanlegur markaður er þeirrar vöru, enda sannar hann, ef hann hefir eigi átt kost á að nota milligöngu brakúns, að hann keypti fyrir það verð, er þá var títt þar á staðnum, og getur seljandi þá eigi neitað því, að verð það, sem kaupandi greiddi, verði matið verð hlutanna.

26. gr.

Nú er afhendingarfrestur út runninn, en hinn seldi hlutur hefir eigi verið afhentur, og verður kaupandi þá, ef hann vill halda fast á kaupinu og eigi rifta það, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta frá seljanda. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að heimta hlutinn sér afhentan. Sama er og þótt hann hafi enga fyrirspurn fengið, ef hann skýrir ekki frá því innan sennilegs tíma, að hann æski að kaupið haldist.

27. gr.

Nú hefir seld vara verið afhent eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vís, þá er varan kemur honum í hendur: eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að varan hefir verið síðar afhent en áskilið var, og verður hann þá, ef um kaupmanna-viðskifti er að tefla, að skýra seljanda frá þegar í stað eða án óþarfrar tafar, að hann ætli sér að neyta réttar síns út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að koma síðar fram með nokkura kröfu af því tilefni. Ætli kaupandi sér að neyta réttar síns til að rifta kaupið, þá verður hann að skýra seljanda frá þessu án óþarfs dráttar; ella missir hann þann rétt sinn.

Um drátt af kaupanda hendi.

28. gr.

Ef kaupverð er ekki greitt í ákveðna tíð, eða kaupandi gerir ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins er undir komin, þá má seljandi gera hvort er hann vill, halda upp á hann kaupinu eða rifta það. Sé drátturinn ó-

verulegur, verður kaupið þó ekki rift. Í kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur talinn verulegur.

Nú er það, sem selt var, þegar komið í vörzlur kaupanda, og getur seljandi þá ekki rift kaupið, nema annaðhvort sé, að álíta verður, að hann hafi áskilið sér þenna rétt, eða þá kaupandi neitar að taka við hlutnum.

29. gr.

Sé svo um samið, að seljandi afhendi smátt og smátt, og andvirði skuli greitt við hverja afhendingu, en svo verður dráttur á greiðslu andvirðis, sá, er meta má verulegan eftir fyrri málsgr. 28. greinar, þá á seljandi rétt á að rifta kaupin á öllu, því er síðar skyldi afhent, nema engin ástæða sé til að óttast, að dráttur muni aftur að höndum bera. Þetta á sér stað, þó að seljandi geti ekki samkvæmt síðari hluta 28. gr. rift kaupið er kemur til þeirrar sendingar, sem andvirði dróst fyrir.

30. gr.

Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 28. og 29. gr., og á hann þá rétt til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo meta, að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð vörunnar á þeim tíma, er drátturinn varð, nema sannað verði, að seljandi hafi annað meira tjón af hlotið.

Ef vara er seld af löggiltum brakún eða á tilsvarandi hátt, og um getur í 25. gr., þá getur kaupandi eigi mótmælt því, að það verð, er við þá sölu fekst, verði talið verð vörunnar.

31. gr.

Nú er kaupverð ekki greitt, þó að gjalddagi sé liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá líða að gera slíka ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en hinn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að skýra kaupanda frá því án óþarfrar tafar innan sennilegs tíma, hvort sem kaupandi hefir sent honum fyrirspurn um það eða ekki.

32. gr.

Nú er kaupverðið greitt of seint eða ráðstöfun sú, sem um er getið í 28. gr., gerð of seint, og verður seljandi þá, ef hann vill rifta kaupið af þeirri ástæðu, að skýra kaupanda frá því þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að tefla, en annars án óþarfs dráttar. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að rifta kaupin.

33. gr.

Nú lætur kaupandi hjá líða að vitja hins keypta hlutar eða veita honum viðtöku á réttum tíma, eða hann er þess valdandi á annan hátt, að hluturinn er ekki afhentur í hans hendur í ákveðna tíð, og skal þá seljandi annast hlutinn á kaupanda kostnað þar til er drætti þessum lýkur, eða seljandi neytir þess réttar, sem 28. gr. kann að veita honum til að rifta kaupið. Nú er hluturinn sendur og kominn á viðtökustað, og eiga þá fyrirmæli þessi því að eins við, að þar sé einhver, sem fyrir seljanda hönd getur tekið hlutinn til varðveizlu, enda valdi það seljanda eigi verulegum kostnaði eða óþægindum.

34. gr.

Geti seljandi ekki haldið áfram að annast hlutinn, án verulegs kostnaðar eða óþæginda eða ráðstafi kaupandi honum ekki innan sennilegs tíma eftir að hann hefir fengið áskorun um það, þá er seljanda rétt að selja hlutinn fyrir kaupanda reikning; en gera skal hann kaupanda viðvart áður í tæka tíð, ef auðið er. Ef löggiltur brakún, sem fengið hefir vitneskju um tegund sölunnar, er látinn selja hana á viðunanlegum stað, þar sem markaður er fyrir þá vöru, eða hluturinn er seldur á uppboði, sem auglýst er og haldið á viðunanlegan hátt, þá getur kaupandi ekki mótmælt því verði, sem við söluna fæst. Ef eigi er auðið að selja hlutinn, eða það er sýnilegt, að söluverðið muni eigi hrökkva fyrir sölukostnaði, þá er seljanda rétt að flytja hlutinn burt, ef hann vill.

35. gr.

Nú er hlutnum hætt við bráðum skemdum eða geymsla hans hefir í för með sér ýkjumikinn kostnað tiltölulega, og er þá seljanda skylt að selja hann, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af niðurlagi 34. gr. Sé eigi auðið að selja hlutinn skaðlaust á neinn þann hátt, sem þar er sagt, skal selja hann eins og bezt verður.

36. gr.

Nú hefir dráttur af kaupanda hálfu valdið seljanda útgjöldum til varðveizlu hlutarins eða öðrum auknum kostnaði, og á seljandi þá rétt á skaðabótum, og getur hann haldið hlutnum til tryggingar fyrir þeim.

37. gr.

Ef seldur hlutur er í ábyrgð seljanda, en kaupandi hefir gerst þess valdur, að hluturinn verður ekki afhentur á réttum tíma, þá flyzt ábyrgðin yfir á kaupanda, ef um þá hluti er að tefla, sem ákveðnir eru eftir tegund, þó ekki fyr en ákveðnum hlutum hefir verið af skift og þeir til teknir handa kaupanda.

Um vöxtu af kaupverði.

38. gr.

Ef gjalddagi er ákveðinn í kaupmanna-viðskiftum og andvirði eigi greitt í ákveðna tíð, þá á kaupandi að svara 6% ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga. Hafi enginn gjalddagi verið ákveðinn, á kaupandi að svara þessum vöxtum frá þeim degi, er varan var afhent, eða, hafi kaupandi verið þess valdur, að dráttur varð á afhendingunni, þá frá þeim degi, er sá dráttur hófst.

Í öðrum viðskiftum á kaupandi að svara 5% ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga, hvort sem gjalddagi var ákveðinn eða ekki. Nú fær kaupandi reikning frá seljanda á þeim tíma, er kaupverðið var gjaldkræft orðið, og falla þá vextir á frá viðtöku reikningsins, án þess aðra kröfu þurfi um að gera.

Ákvæði 2. gr. í tilskipun 27. maí 1859 um vaxtahækkun frá þeim degi, er kröfuhafi leitar réttar síns, skulu eigi gild vera framar, þá er vextir eru taldir samkvæmt þessari grein.

Um það er kaupandi getur eigi staðið í skilum.

39. gr.

Nú verður kaupandi gjaldþrota eftir að kaup voru gerð, þá er seljanda rétt að halda hinum selda hlut, þó að gjaldfrestur hafi áskilinn verið, og sé hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, þá má seljandi varna því, að hann sé afhentur búinu, unz nægileg trygging er sett fyrir greiðslu kaupverðsins í gjalddaga. Ef afhendingartími er kominn og búið hefir ekki sett slíka tryggingu, þó að seljandi hafi á það skorað, þá má hann rifta kaup, ef hann vill.

Þessum fyrirmælum skal einnig beita, ef það kemur fram við fjárnám eftir að kaup eru gerð, að kaupandi hefir eigi efni á að greiða skuld sína, eða fjárhagur hans að öðru leyti reynist slíkur, að ætla má, að hann geti eigi greitt kaupverðið, þá er það fellur í gjalddaga.

40. gr.

Ef bú kaupanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskifta, en hvorki er kominn sá tími, er seldan hlut átti að afhenda, eða gjalddagi kaupverðsins, þá getur seljandi skorað á búið að lýsa yfir því, hvort það vill ganga í kaupin, og lýsi búið þá ekki yfir því svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan fjögra vikna, eða þá á afhendingardegi eða gjalddaga, ef það tímamark ber fyr að höndum, að það vilji í kaupið ganga, þá má seljandi rifta kaupið.

41. gr.

Hafi hinn seldi hlutur verið afhentur þrotabúinu eftir að búið var framselt til gjaldþrotameðferðar, en kaupverðið er eigi greitt, á seljandi rétt á að heimta hlut sinn aftur, nema búið lýsi yfir því, að það vilji í kaupið ganga, enda greiði þá kaupverðið eða setji tryggingu fyrir greiðslu þess í gjalddaga, ef krafist er. Hafi búið látið hlutinn af hendi eða á annan hátt ráðstafað honum þannig fyrir sinn reikning, að eigi er auðið að skila hlutnum aftur í verulega óbreyttu ástandi, þá er seljanda rétt að líta svo á, sem búið hafi gengið í kaupið.

Um það er seldum hlut er áfátt.

42. gr.

Nú er ákveðinn hlutur seldur og er honum áfátt eða galli á honum, þá má kaupandi rifta kaupin eða heimta afslátt af kaupverði að tiltölu. Ef gallinn verður að teljast óverulegur, getur kaupandi ekki riftað kaupið, nema seljandi hafi svik í frammi haft.

Nú skortir hluti, þá er kaup gerðust, einhverja þá kosti, er ætla má að áskildir væru, eða það, sem hlutnum er áfátt, hefir gerst fyrir vanrækt seljanda eftir að kaup voru gerð, eða seljandi hefir haft svik í frammi, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta.

43. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem til teknir eru eftir tegund, og þeir reynast gallaðir þá er þeim er skilað, getur kaupandi rift kaupið eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað, eða heimtað tiltölulegan afslátt af kaupverði.

Ef telja verður það óverulegt, sem að hlutunum er, þá verður ekki kaup rift né annara hluta krafist í staðinn, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða vitað um það, sem áfátt var svo tímanlega, að hann hefði getað útvegað aðra hluti ógallaða án ósanngjarns kostnaðar.

Enda þótt seljanda sé ekki um að kenna það, sem að söluhlutunum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir fyrirmælum 24. gr. eftir því sem við á.

44. gr.

Nú skal úr því skera, hvort söluhlut sé áfátt, og verður þá að miða við það tímamark, er hluturinn fluttist yfir í ábyrgð kaupanda, nema því að eins, að vanhirðu seljanda sé um að kenna, það sem áfátt er.

45. gr.

Nú er kaup rift sakir þess, að söluhlut er áfátt, og skal þá einnig fara eftir fyrirmælum 25. gr., er skaðabætur eru ákveðnar.

46. gr.

Hafi svo verið um samið, að seljandi afhendi hina seldu muni smátt og smátt, og reynist einni sérstakri afhendingu áfátt, þá getur kaupandi samkvæmt 42. og 43. gr. að eins rift kaup að því, er til þessarar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup á því, sem eftir er að afhenda, ef við má búast, að þeim muni einnig áfátt verða; og hann getur jafnvel rift alt kaupið, ef atvik liggja svo til í sambandi afhendinganna hverrar við aðra.

47. gr.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlutinn áður en kaup gerðust eða látið fyrir farast án sennilegrar ástæðu að rannsaka hlutinn, þó að seljandi skoraði á hann um það, eða honum var færi á gefið að rannsaka sýnishorn af söluhlutnum áður en kaup gerðust, getur hann ekki borið fyrir sig neina þá galla á söluhlutnum, sem hann hefði átt að sjá við þá rannsókn, nema seljandi hafi haft svik í frammi.

48. gr.

Ef hlutur er seldur á uppboði, getur kaupandi ekki borið fyrir sig neinn galla á hlutnum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var auðkendur með við söluna, eða seljandi hafi haft svik í frammi. Þessi ákvæði gilda þó ekki þá er kaupmaður selur varning sinn á uppboði.

49. gr.

Nú býðst seljandi til að bæta úr göllum, sem eru á seldum hlut, eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, og verður kaupandi þá að sætta sig við það, ef það verður gert áður en sá frestur er úti, sem hann var skyldur til að bíða afhendingar (sbr. 21. gr.), enda sé það augljóst, að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu.

Þessi fyrirmæli hafa engin áhrif á rétt kaupanda til skaðabóta.

50. gr.

Fyrirmæli laga þessara um galla á söluhlut eiga einnig við að sínu leyti þá er mergð, stærð eða þungi þess, sem selt var, er minni en áskilið er, ef kaupandi má ganga að því vísu, að ætlast sé til, að það, sem afhent er, séu fullar efndir þess, sem um var samið. þá er þannig stendur á, getur kaupandi ekki samkvæmt 43. gr. krafist annara hluta í stað þeirra, sem afhentir voru, en í stað þess getur hann heimtað, að sér sé afhent það, sem upp á vantar, hvort sem þetta er meiri eða minni hluti þess, sem afhenda átti.

51. gr.

Sé um kaupmanna-viðskifti að tefla, og sé söluhluturinn afhentur og kominn kaupanda í hendur eða sýnishorn, sem um var samið, er komið honum í hendur, þá er hann skyldur til að rannsaka hlutinn svo sem góð verzlunartízka heimtar. Eigi að senda hlutinn úr einum stað í annan, er kaupandi þó ekki skyldur að rannsaka hann fyrri en hluturinn er þangað kominn, sem hann á að fara, og kaupanda hefir verið gerður kostur á að veita honum viðtöku á þann hátt, að honum hefði verið skylt að annast hlutinn samkvæmt 56. gr.

52. gr.

Komi það í ljós, að söluhlut er ábótavant og kaupandi vill bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að tefla, en ella án ástæðulauss dráttur. Nú hefir kaupandi orðið þess var, að hlutnum var áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var, og skýrir hann eigi seljanda frá, svo sem hér er fyrir mælt, þá getur hann ekki síðar borið það fyrir sig, að hlutnum hafi áfátt verið.

Ef kaupandi vill rifta kaup eða krefjast viðbótar eða nýrra hluta í stað þeirra, sem hann hefir fengið, skal hann skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar; ella missi hann rétt sinn til þess að hafna hlutnum eða krefjast viðbótar.

53. gr.

Ákvæði 52. gr. um það, að kaupandi missi rétt sínn til þess að bera fyrir sig, að söluhlut hafi áfátt verið, gilda þó ekki, ef seljandi hefir haft svik í frammi eða sýnt af sér vítaverða vanhirðu, sem hefir í för með sér talsvert tjón fyrir kaupanda.

54. gr.

Nú er ár liðið frá því er kaupandi fekk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn langan tíma eða haft svik í frammi.

Fyrirmæli um það, er sölumunum er neitað viðtöku, og um rifting kaupa.

55. gr.

Hafi kaupandi fengið hlut í hendur, þann er hann vill neita viðtöku, þá er hann skyldur að annast um hlutinn, en krafið getur hann seljanda endurgjalds

á þeim kostnaði, er af þessu leiðir. Fyrirmæli 34. og 35. gr. eiga við um þetta eftir því sem á stendur.

56. gr.

Nú hefir hluturinn verið sendur svo, að kaupandi á kost á að taka hann til varðveizlu á staðnum, sem hann átti til að fara, en hann vill synja honum viðtöku, og er hann þó skyldugur að taka við honum til varðveizlu á kostnað seljanda.

Þetta á þó ekki við, ef seljandi er sjálfur á viðtökustaðnum eða þar er handhafi hleðsluskírteinis eða annar, sá er fyrir seljanda hönd getur annast um hlutinn. Sama er og ef kaupandi getur ekki fengið hlutinn í sínar vörslur án þess að greiða andvirði hans eða baka sér annan verulegan kostnað eða óþægindi.

Hafi kaupandi tekið hlutinn í sínar vörzlur, eiga við fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

57. gr.

Sé kaup rift, á seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aptur, nema hann skili aftur því, er hann hefir fengið af andvirði hans, og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt, nema hann skili aptur því, er hann hafði við tekið, í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu, sem það var í, er hann tók við því.

Nú riftir kaupandi kaup eða krefst skifta á hlutum, og á hann þá rétt á að halda þeim hlut, er hann hefir fengið, þar til er seljandi svarar skaðabótum, þeim, er honum ber, eða setur nægilega trygging fyrir þeim.

58. gr.

Jafnvel þótt hluturinn sé forgörðum farinn eða breyttur, getur kaupandi þó rift kaupið, þrátt fyrir ákvæðin í næstu grein hér á undan, ef það, að hluturinn fór forgörðum eða breyttist, er ósjálfráðri tilviljun að kenna eða ásigkomulagi hlutarins sjálfs eða ráðstöfunum, sem nauðsynlegar voru til að rannsaka hann, eða voru gerðar áður en það kom í ljós eða hefði átt að koma í ljós, að hlutnum var svo ábótavant, að af því leiddi rétt til að rifta kaupin.

Um vanheimild.

59. gr.

Nú kemur það fram, að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gerðust, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta af seljanda, og það þótt seljandi hafi eigi betur vitað en að hann ætti hlutinn. Ef kaupandi hafði fullan grun eða vitneskju um vanheimild seljanda, þá er kaupin gerðust, þá á hann engan rétt til skaðabóta.

Um kaup til reynslu.

60. gr.

Ef hlutur er keyptur til reynslu eða með því skilyrði, að kaupandi megi skoða hlutinn áður en kaupið er fullgert, og hluturinn hefir verið afhentur, þá er kaupandi þó bundinn við kaupin, nema hann skýri seljanda frá innan til tekins

tíma, eða innan hæfilegs frests, ef enginn tími var fastákveðinn, að hann vilji eigi hlutinn hafa.

Meðan hluturinn er hjá kaupanda til reynslu eða skoðunar, er hann í ábyrgð kaupanda.

Um tilkynningar eftir lögum þessum.

61. gr.

Ef slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52. og 54. gr., er afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, missir tilkynnandi engan rétt við það, að tilkynningunni seinkar eða að hún kemur eigi til skila.

Hið sama gildir um tilkynningar frá seljanda, sem um er rætt í 31. og 32. gr.

Um þýðingu ýmsra söluskilyrða.

62. gr.

Ef varningur er seldur »frítt á skipsfjöl« (fob) á tilteknum stað, verður kaupandi að hafa þar til skip eða áskilið skipsrúm til að flytja varninginn þaðan.

Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, sem lög áskilja á þeim stað eða viðskiptatízka er til.

Nú er varningur kominn á skipsfjöl, og er hann þá úr ábyrgð seljanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eptir ástandi því, sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd og stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó kaupandi hafi skip til taks eða skiprúm til að taka við varningnum leiðir ekki af því, að kaupandi sé skyldur til að rannsaka varninginn fyrri en hann er kominn á viðtökustað; ekki hamlar þetta heldur seljanda frá að neyta þess réttar, sem honum er áskilinn í 15., 28. og 39. gr.

Kaupandi er skyldur að greiða andvirði gegn móttöku hleðsluskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr., þó að ekki sé svo sérstaklega um samið.

63. gr.

Ef varningur er seldur »flutnings-frítt« (Cost and freight, c & f, c f) skal seljandi annast og kosta sending hans til viðtökustaðar.

Nú er varningur afhentur farmflytjanda eða honum komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr., og er hann úr því í ábyrgð kaupanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, sem seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó að ekki sé sérstaklega svo um samið, er kaupandi skyldur til að greiða andvirði gegn móttöku hleðsluskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr.

Þótt andvirði sé ekki í gjalddaga komið, þá er varningur kemur til

kaupanda, er kaupandi þó skyldur til að greiða það flutningsgjald, er seljandi hefir eigi greitt, en draga má hann það frá kaupverðinu, án þess að reikna sér þó vöxtu af því.

64. gr.

Nú er varningur seldur »cif« (cost, insurance, freight) eða »caf« (coût, assurance, fret), og gilda þá fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

Auk þess á seljandi að annast venjulega vátrygging fyrir kaupanda hönd fyrir þann hluta sendingar, sem hann ber ekki sjálfur ábyrgð á. Láti seljandi hjá líða að vátryggja þannig varninginn, enda sé kaup eigi fyrir þá skuld rift, þá getur kaupandi heimtað bætur fyrir það tjón, er hann kynni að hafa beðið af vanhirðu seljanda, eða hann getur sjálfur vátrygt varninginn og dregið þann kostnað frá andvirði varningsins.

65. gr.

Nú er varningur seldur »afhentur« eða »frítt« (franko) á til tekinn stað, og telst hann þá ekki afhentur fyr en hann er á þann stað kominn. Seljandi á þá að annast um og kosta sending varnings þangað, og ber hann ábyrgð á honum meðan á sendingunni stendur.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann kom til skila. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Sé orðið »afhent« notað í sambandi við »flutningsfrítt« »c og f« «cf«, »cif« eða »caf«, þá hefir merking orðsins »afhent« engin áhrif á téð söluskilyrði.

66. gr.

Ef varningur er keyptur með þeim ákvæðum, er gefa nokkurt svigrúm um mergð hans, þyngd eða stærð, t. d. »cirka«, »frá — til« eða því um líkt, þá veitir það seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna.

Ef orðið »cirka« er notað eða »hér um bil«, þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að tefla, en 5% ella.

67. gr.

Nú er seldur »farmur«, og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rétt á skaðabótum.

68. gr.

Ef svo er til skilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka »í byrjun« (»primo«), í »miðju« (»medio«) eða »í lok« (»ultimo«) mánaðar, er það að skilja, eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum.

Þá er verðskjöl eru seld, merkir »primo« fyrsta virkan dag í mánuði, »medio« fimtánda dag í mánuði, eða næsta virkan dag, ef sá dagur er heilagur, »ultimo« síðasta virkan dag í mánuði.

69. gr.

Hafi seljandi skuldbundið sig til að senda frá sér varning á ákveðnum fresti, skal svo á líta, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, ef henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur þau flutningstæki, er við henni skyldu taka, á þeim tíma.

Sé hleðsluskírteini gert um sendinguna og beri það ekki með sér, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, getur kaupandi hafnað vörunni.

70. gr.

Ef áskilin er »borgun út í hönd«, er kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhluturinn er boðinn honum til umráða (sbr. 14. og 15. gr.)

71. gr.

Hafi kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirði við meðtöku hleðsluskírteinis, eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent hleðsluskírteini, má hann ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sé ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann.

Þá er greiðslu er krafist eða víxil-samþykkis gegn afhendingu hleðsluskírteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að vátryggja varninginn, verður vátryggingarskírteini að fylgja hleðsluskírteini.

Það, sem hér er mælt, á einnig við þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við meðtöku slíks hleðsluskírteinis, sem um er getið í 16. gr.

Ed.

440. Frumvarp

til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Eftir 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Réttur til að vera vélastjóri á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 75, en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem vélastjóri.

2. gr.

Á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 250, en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal vera að minsta kosti einn yfirvélastjóri og einn undirvélastjóri, sem fullnægja þeim skilyrðum, er lög þessi setja. Ef vél skipsins hefir minna en 250 ákveðin hestöfl, er nægilegt, að á þeim skipum sé einn vélastjóri, sem fullnægir þeim skilyrðum, er lög þessi setja um yfirvélastjóra. Auk vélastjóra skal vera að minsta kosti einn kyndari á skipi hverju. Ekkert íslenzkt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til siglinga utan lands eða innan, nema á því sé það vélalið, sem segir í grein þessari.

3. gr.

Til þess að geta öðlast skírteini sem undirvélastjóri á íslenzku gufuskipi útheimtist:

a. Að hlutaðeigandi hafi nægilega bóklega þekking á bygging og starfsemi gufuvéla, eftir kröfum þeim, sem gerðar verða af stjórnarráðinu; kunnátta þessi skal sönnuð með sérstöku prófi við Stýrimannaskólann í Reykjavík.
b. Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hér á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, og hafi fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.
c. Að hann hafi verið kyndari á gufuskipi í 12 mánuði og hafi meðmæli vélastjóra þess eða þeirra, sem hann hefir verið kyndari hjá, fyrir dugnað, reglusemi og þekking á hirðing gufuvéla.
d. Að hann hafi ekki verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Ennfremur á maður, sem stjórnað hefir á eigin ábyrgð gufuvél á landi minst tveggja ára tíma með meira en 25 ákveðnum hestöflum, heimting á að fá skírteini sem undirvélastjóri, ef hann hefir int af hendi það bóklega próf, sem um getur undir staflið a, og hefir vottorð frá 2 vélameisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda, um að hannsé fær um að vera undirvélastjóri á gufuskipi.

4. gr.

Til þess að geta öðlast skírteini sem yfirvélastjóri á íslenzku gufuskipi útheimtist, auk þess sem mælt er fyrir í 3. gr.:

a, að hlutaðeigandi hafi verið undirvélastjóri í 2 ár og hafi meðmæli frá yfirvélastjóra þeim eða yfirvélastjórum, sem hann hefir unnið með, um að hann hafi næga þekking á meðferð og hirðing gufuvéla og sé reglusamur.

b, að hann sé fullra 25 ára gamall.

5. gr.

Skylt er öllum vélastjórum á íslenzkum gufuskipum að láta af hendi vottorð þau um þekking m. m., sem um getur í 3. og 4. grein fyrir þann tíma, sem hlutaðeigandi hefir unnið undir umsjón þeirra. Skal vottorðum þessum fylgja drengskaparyfirlýsing vélastjóra um að þau séu gefin eftir beztu vitund og hlutdrægnislaust.

6. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 3. og 4. grein, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur. Svo skulu og þeir Íslendingar, sem eru og hafa verið 1. og 2. vélastjóri á íslenzkum gufuskipum, er lög þessi öðlast gildi, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem um getur í 3. og 4. gr. laga þessara, þótt þeir fullnægi eigi að öllu skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum greinum; þeir, sem eru undirvélastjórar, skulu þó því að eins eiga heimting á undirvélastjóraskírteinum, að þeir leggi fram vottorð frá vélastjórum sínum um, að þeir séu færir um að hafa á hendi vélagæzlu sem undirvélastjórar. Skírteini þau sem hér ræðir um skal rita eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands lætur búa til í samræmi við lög þessi. Skírteinin skulu gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, sem umsækjandi er heimilisfastur og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetningu þess, nema skírteinishafi brjóti það af sér, sbr. 8. gr.

Meðan vöntun er á ísl. vélstjórum, er Stjórnarráðinu heimilt að veita þeim mönnum skírteini þau, sem umræðir í þessari gr., er fengið hafa vélstjóraskírteini í öðrum löndum samkv. þar gildandi lögum.

7. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins. Við það skerðist þó eigi réttur hans til að leita dómsákvæðis í málinu.

8. gr.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem vélastjóri.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum; ef brotið er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ákvæði um það, hvernig vélakenslunni við Stýrimannaskólann skuli háttað, svo og um próf og prófskilyrði, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið setur um þau atriði.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **441. Nefndarálit**

um frv. til viðauka við lög um verzlunarbækur (þskj. 40).

Nefndin hefir íhugað frv. — Þessar br.till. hefir hún orðið ásátt um að bera fram, og ráða til að frv. verði samþykt með þeim:

Við 1. gr., 1. Í stað: »10 kr.« komi: 5 kr.
2. Aftan við greinina bætist: Þó ekki yfir 100 kr.

Við 2. gr. Á undan »fangelsi« komi: sektum eða.

3. gr. falli burt.

Á eftir 2. gr. komi ný gr. (er verði 3. gr.) svo látandi:

Í stað: »innan eins árs« í upphafi 8. gr. í lögunum um verzlunarbækur 30. júlí 1909, komi: þriggja missira, og næst síðasta málsgrein 8. gr. í sömu lögum orðist svo:

Að þeim fresti sem að ofan er nefndur, missir lögskipuð frumbók það sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, o. s. frv.

Við bætist ný gr. (4. gr.):

Þá er þessi lög eru staðfest, skal stjórnin fella þau saman við L. 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, þannig, að 1. og 2. gr. þessara laga færist inn milli 9. og 10. gr. laganna um verzlunarbækur, og gefa þau út sem endurskoðuð lög um verzlunarbækur.

Neðri deild Alþingis, 30. marz 1911.

Ólafur Briem, formaður. Jón Ólafsson, ritari og framsögumaður.

Jón Magnússon. Bjarni Jónsson frá Vogi. Björn Kristjánsson, með fyrirvara.

Ed.

442. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar á þingsk. 291.

Tillögu þessa, sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði, höfum vér undirritaðir athugað, og finnum ástæðu til að ráða háttvirtri deild til að samþykkja allmargar breytingar á henni.

Breytingar þær, sem vér leggjum til að gerðar verði, eru allmargar fremur smávægilegar, með því að það eru annaðhvort orðabreytingar einar eða lítilfjörlegar efnisbreytingar. Á hinn bóginn eru þó sumar breytingarnar verulegri sérstaklega sumar af þeim breytingum, er snertu það, hvernig leggja skal í dagsverk.

Við framsögu málsins verður grein gerð fyrir ástæðum þeim, er vér byggjum breytingartillögurnar á.

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar eru:

1. Við B. 1. a. Orðin: »og grónar flagsléttur« falli burt.
2. Við B. 1. b. Stafliðurinn verði svohljóðandi:
   Túnútgræðsla (nýrækt):
   1. Óbylt land.
   2. Plægt land og herfað (flagsléttur og sáðsléttur).
3. Við B. 1. j. Í stað orðsins: »safnþrór« komi: safngryfjur.
4. Við B. 1. k. Í stað orðanna: »vegir yfir tún og engjavegir« komi: tún — og engjavegir.

5. Við B. 2. a. Í stað: »ferstikur« komi: m^3, og í samræmi við þetta breytist hvarvetna í tillögunni orðin: »stika« (stika, stikur, stikna) »ferstika« og »rúmstika« svo að í þeirra stað komi: m í stað »stika«.
m^2 í stað »ferstika«.
m^3 í stað »rúmstika«.

6. Við B. 2. b. Stafliðurinn verði:
Túnútgræðsla (nýrækt):
1. Óbylt land 100
2. Plægt land og herfað (flagsléttur og sáðsléttur) ... 50

7. Við B. 2. c. Í stað »75« komi: 50.

8. — B. 2. d. 6. Í stað »5 eða fleiri strengjum . . . 10« komi:
3 eða fleiri strengjum . . . 12.

9. — B. 2. c. Aftan við »á hæð« bætist:
eða garðar 0.65 m. á hæð með 1 gaddavírsstreng.

10. Við B. 2. i. 2. Í stað »8« komi: 10.

11. — B. 2. i. 3. Í stað »5« komi: 6.

12. — B. 2. j. Í stað orðsins »forir« komi: safngryfjur.

13. — B. 2. k. Í stað orðanna: »Upphleyptur vegur um tún«
komi: upphleyptir tún —.

14. — C. 2. Orðin: »eða gróna jörð« falli burt.

15. — C. 4. Aftan við orðin »festur með« í 2. línu bætist:
og máttarstólpar úr tré séu minst 10×10 cm að gildleika.
Enn fremur í stað »5« í 4. línu komi: 3.

16. Við C. 8. Orðin »safnþrór« breytist á báðum stöðum og verði:
safngryfjur.

17. — C. 9. Í stað orðanna »vegir yfir tún« komi: tún —.

Efri deild alþingis, 30. marz 1911.

Eiríkur Briem.	Jósef Björnsson.	Sigurður Stefánsson.
formaður	skrifari og framsögum.	

Nd. **443. Breytingartillögur**

við breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga á þingskjali 239.

Frá fjárlaganefnd.

Við 37. br.till. við 13. gr. D. II. 1. Fyrir: »3,000« komi: 4,000.

Við 38. br.till. við 13. gr. D. II. 2. Fyrir: »31,000« komi: og að Hjarðarfelli 38,000.

Við 39. br.till. við 13. gr. D. II. 2. Fyrir: »7,000« komi: 8,000.

Nd. **444. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 410.

Frá fjárlaganefnd.

Við 15. gr. 28. Fyrir »500—500« komi: 400—400.

Ed. **445. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Frá nefndinni.

1. gr.

Frumvarpsgreinin, sem verður 1. gr. orðist þannig:
Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907, greiðir í sjóðinn á ári hverju 1% af kennaralaunum sínum upp að 500 kr., 1½% af næstu 500 kr. og 2% af því, sem er yfir 1000 kr.

2. gr.

2. gr. laga nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum er hér með úr lögum numin.

Nd. **446. Frumvarp**

til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Almennar auglýsingar og auglýsingar um dómsmál, sem opið bréf frá 4. janúar 1861, lög nr. 3 frá 12. apríl 1878 og lög nr. 12 frá 28. ágúst 1903

ræða um, skal að eins birta í blaði því, er fer með stjórnvalda-auglýsingar hér á landi að lögum.

2. gr.

Öll ákvæði, sem fara í bága við 1. gr., eru numin úr gildi.

Nd. **447. Frumvarp**

til laga um vitagjald.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þannig að hálf smálest, eða þar yfir, telst sem heil, en minna broti sé slept. Herskip eru undanþegin gjaldi þessu.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er út til fiskjar hér við land og aldrei fara utan á veiðitímanum, greiða vitagjaldið einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annarra ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hér við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð. Lögreglustjóri eða sá maður, sem hefir á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum (hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), skal innheimta gjaldið. Þegar vitagjald af útlendum fiskiskipum er innheimt af umboðsmanni lögreglustjóra á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Sömu innheimtulaun hafa þeir lögreglustjórar, sem nú eru í embættum, meðan þeir hafa innheimtuna á hendi.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs, að svo miklu leyti sem atferli hans á ekki að sæta þyngri hegningu.

Með mál út af brotum gegn þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Hér með eru úr gildi numin lög 16. nóvbr. 1907, um vitagjald af skipum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **448. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um viðauka við lög um verzlunarbækur (þingskj. 40).

Frá Pétri Jónssyni.

A undan 1. gr., sem síðan verði 2. gr., komi ný grein þannig:

Upphæð verzlunarviðskifta, sem skylt er að bókfæra og gefa frumbókarsamrit af, á þann hátt, sem 2. gr. í lögum um verzlunarbækur mælir fyrir um, skal nema 2 krónum eða þar yfir.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Ed. **449. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fræðslu æskulýðsins.

Nefnd sú, er skipuð var til þess að athuga frumvarp þetta, hefir rætt það á allmörgum fundum og komist að þeirri niðurstöðu, að hún gæti ekki ráðið hinni háttvirtu deild til að samþykkja það.

Í frumvarpi þessu felst gagngger breyting á þeirri tilhögun barna- og ungmennafræðslu í landinu, er skipað var fyrir um með hinum nýju fræðslulögum frá 22. nóv. 1907. Til þeirra var vel vandað. Við þá stuttu reynslu, sem fengin er, hafa enn eigi komið fram á þeim þeir gallar, er geri breytingar á þeim bráðnauðsynlegar eða að þau séu svo meingölluð, að ástæða sé til að óreyndu eða líttreyndu að varpa þeim fyrir borð og gera alla þá fyrirhöfn að litlu eða engu, sem varið hefir verið til þess að koma þeim í framkvæmd. Ámælisvert væri það af löggjafarvaldinu að ráðast í slíkt stórræði, nema að mjög rækilega rannsökuðu og vandlega yfirveguðu máli.

Í ástæðunum fyrir frumvarpinu kemst stjórnin svo að orði: »Fræðslulögin frá 22. nóv. 1907 hafa sætt svo mikilli *mótspyrnu* sakir kostnaðar og *óviðráðanlegra örðugleika* að einhverja breytingu *verður* á þeim að gera, heldur en að láta þau vera áfram á pappírnum, en ekki í almennilegri eða jafnvel nokkurri verulegri framkvæmd utan kaupstaða, nema á stöku stað«.

Vér getum ekki leitt hjá oss að athuga þessar ástæður lítið eitt.

Því verður ekki neitað að fræðslulögin hafa sætt nokkurri mótspyrnu, en hún er hverfandi, þegar litið er til þess að hér var um nýmæli að ræða, er hafði í för með sér allmikil bein útgjöld fyrir almenning, og hvergi hefir ný og gagngerð breyting á skipun fræðslumála, að því er vér vitum bezt, mætt eins litilli mótspyrnu og fræðslulögin nýju hér á landi. Þau eru nú á 2—3 árum komin til framkvæmda í 162 hreppum að meiru eða minna leyti. Í 136 hreppum eru farskólar og auk þess 11 fastir skólar, og í 26 hreppum eingöngu fastir skólar. Fræðslusamþyktir og reglugerðir eru að vísu ekki staðfestar af stjórnarráðinu í öllum þessum hreppum, en það er víðast að eins ógert. Það eru því, eða voru í fyrra, einungis um 40 hreppar á öllu landinu, þar sem ekki verður séð að kensla hafi fram farið, en nú í vetur er nokkur

kensla í sumum þessum hreppum umfram það sem heimilin orka. Eftir þessu má vænta þess að lögin verði komin til framkvæmda um land alt fyrir árslok 1912. Veigameiri hefir mótspyrnan ekki verið. Tæplega yrði mótspyrnan minni, ef frumvarp það, sem hér liggur fyrir, yrði að lögum, þar sem öllum opinberum fjárstyrk til fræðslu barna til 12 ára aldurs er burtu kipt, foreldrunum ætlað að annast hana að öllu leyti, nema hvað gert er ráð fyrir í athugasemdunum við frumvarpið einhverjum lítilsháttar styrk úr landssjóði til farkenslu.

Aðalorsakir mótspyrnunnar gegn fræðslulögunum telur stjórnin »kostnaðinn« og »óviðráðanlega örðugleika«. Þeir eru látnir ótaldir, enda skulum vér eigi eyða orðum að þeim, reynslan hefir sýnt að þeir eru eigi óviðráðanlegir. En um kostnaðinn verðum vér að fara nokkrum orðum.

Til þess komið gæti til nokkurra mála að fella fræðslulögin úr gildi 3 ára gömul sakir kostnaðar, og setja önnur lög í staðinn, yrði að gera sér nákvæma grein fyrir því, hver kostnaðurinn væri og gæti orðið, þegar lögin væri komin í fulla framkvæmd. Í öðru lagi þyrfti að semja svo ábyggilegar áætlanir, sem frekast væri unt, um það, hve mikið fræðslutilhögun sú, er hin nýju lögin gerðu ráð fyrir, mundi kosta. Á þennan hátt, og einungis á þennan hátt, er unt að komast að nokkurnveginn réttri niðurstöðu um það, hvort fyrirkomulagið sé kostnaðarsamara.

Varla er þess að vænta að þingnefnd hafi tök á því að safna öllum þeim skýrslum, sem hér að lúta, og gera þær áætlanir, sem þarf.

Vér höfum þó talið oss skylt, að leita þeirra upplýsinga, sem náðst gátu í fljótu bragði, til þess að geta gert oss einhverja hugmynd um kostnaðinn við þetta nýja fyrirkomulag. Höfum vér í þessu notið aðstoðar umsjónarmanns fræðslumálanna, sem vitanlega er allra manna fróðastur í þessum efnum, og fengið til yfirlits skýrslur um barnakenslu veturinn 1909—10.

Þennan vetur gengu í skóla, eða nutu lögskipaðrar fræðslu 6649 nemendur, er skiftust þannig:

Í farskólum	3,657	nemendur.	Kostnaður kr.	50,843,46
Í föstum skólum utan kaupst.	1,614	——	—— —	50,750,46
Í kaupstaðaskólum	1,378	——	—— —	51,903,72
Samtals:	6,649	——	—— —	153,497,64

Kostar þá hvert barn að meðaltali 23 krónur.

Í farskólum kostar barnið um	14 kr.
- föstum skólum utan kaupstaða	31 —
- kaupstaðarskólum	38 —

Eptir reynslu þeirri, sem þegar er fengin, lætur nærri að barnafræðslan í landinu öllu muni verða um 172,000 krónur, þegar fræðslulögin eru að fullu komin í framkvæmd um land alt.

Landssjóðsstyrkur til barnafræðslu er nú 39 þús. kr., 24 þús. til fastra skóla og 15 þús. til farskóla. Umsjónarmaður fræðslumálanna hefir farið fram á að styrkur þessi yrði hækkaður upp í 20 þús. kr. með tilliti til þess, að allar líkur eru til, »að meiri hluti þeirra hreppa, sem enn ekki hafa stofnað farskóla, muni gera það á næstu 2 árum«, segir umsjónarmaðurinn. Ef landssjóður ætti eftirleiðis að leggja jafnmikið til barnafræðslunnar og að undanförnu, hlutfallslega við allan kostnaðinn, yrði það um 48 þús. kr. þegar fræðslulögin væru komin í framkvæmd um land alt.

En nú er að líta á, hve kostnaðarsamt fyrirkomulagið nýja, sem frumvarpið fyrirskipar, mundi verða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir tvennskonar ungmennaskólum, að því er kemur til styrkveitingar úr landssjóði:

1. Barnaskólunum, sem upp eru komnir, og veita »til muna frekari fræðslu en til er skilin alt að 12 ára aldri, og það jafnvel alt að því, er ætlast er til að 18 ára ungmenni hafi orðið aðnjótandi«, og *skulu þeir fá* $^1/_3$ *kostnaðarins* greiddan úr landsjóði — og
2. Ungmennaskólum, er stofna á, einn í hverri sýslu og bæ á landinu, og *eiga þeir að fá* $^2/_3$ *kostnaðar* úr landssjóði.

Eins og áður er á vikið, kosta barnaskólarnir nú rúmar 100 þús. kr. (102,654,18 kr.) og má óhætt fullyrða að kostnaðurinn við þá verði eigi minni eftirleiðis en hingað til; líklegra að hann fari heldur vaxandi með vaxandi kröfum, og ekki síður fyrir þá sök, að þeir munu kosta kapps um að verða í engu síðri, en hinir nýju ungmennaskólar.

Nú er ætlast til að landssjóður styrki þessa skóla að þriðjungi, og ætti þá styrkurinn til þeirra að verða eigi minni en um 34 þús. króna á ári.

Nýju ungmennaskólarnir geta eigi orðið færri en 20 og fjölgar sjálfsagt þegar frá líður. Óhugsandi er að þeir kosti árlega minni en 6000 kr. hver, eða 120 þúsund allir saman, að byggingarkostnaði sleptum. Af þessu á landssjóður að borga $^2/_3$, eða 80 þúsund krónur.

Þegar fræðslulögin 1907 eru komin til fullra framkvæmda hefir oss talist til að árlegi fræðslukostnaðurinn yrði um 172 þús. kr. Af þeirri upphæð gengi enn 70 þús. til farkenslu handa börnum 10—14 ára. Þó lögin séu úr gildi numin og foreldrum sé ætlað að sjá um fræðslu barnanna til fullra 12 ára, hverfur eigi fyrir það kostnaðurinn við kenslu barnanna frá 10—12 ára og er eigi ofhátt að áætla hann helming þeirrar upphæðar, sem ætluð er til 4 ára kenslu, eða 35 þúsund. Í fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir þinginu, fer stjórnin fram á 15 þús. kr. tillag til farkenslu, og er þar miðað við fræðslufrumvarp það, sem hér er um að ræða.

Samkvæmt ofanrituðu verður þá kenslukostnaðurinn sem hér segir:

Til ungmennaskóla	1. kr. c.	102,000	Landssjóðsstyrkur kr.	34,000
— ——	2. — -	120,000	———	— 80,000
— farkenslu	— -	35,000	———	— 15,000
	Samtals	257,000		129,000

Minni en þetta getur kostnaðurinn að voru áliti með engu móti orðið. Teljum miklu fremur líklegt, að hann verði langt um meiri. Eftir þessu ætti hið nýja fyrirkomulag að verða um 85 þús. kr. dýrara yfirleitt og kosta landssjóð um 80 þús. kr. meira, eða um 75 þús. kr., ef fé það, sem nú er veitt til unglingaskóla, er dregið frá. — En hér við bætist svo kostnaður við að reisa um 20 unglingaskóla, sem allir verða að vera heimavistarskólar. Ef gert er ráð fyrir að þeir rúmi 50 nemendur að meðaltali, auk kennara, er óhugsandi að koma þeim upp fyrir minna en 30,000 kr. hverjum, ef nokkur mynd á að vera á þeim, eða samtals 600 þús. kr.

Vér lítum svo á, að skólar þessir ættu að vera myndarlegir og varanlegir að allri gerð, og þá sjálfsagt úr steini eða steinsteypu. Er þá ekki of mikið í lagt að áætla þá 30 þús. kr. Af því fé yrði þá landssjóður að leggja til 10 þús. kr. til hvers skóla, eða samtals 200 þús. kr., en sýslurnar 400 þús. kr.

eftir þeirri reglu, sem sett er í fjárlagafrumvarpinu. Til þess að reisa barnaskóla (eða ungmennaskóla 1) utan kaupstaða mundi ekki fyrst um sinn veita af jafn mikilli upphæð og nú, eða 20 þús. kr.

Vér þykjumst nú hafa sýnt fram á það með tölum, að kostnaðarástæðan fyrir því, að kollsteypa gildandi fræðslulögum og taka upp þá fræðslutilhögun, sem frumvarpið fer fram á, nær engri átt. Þó hér sé að eins um áætlanir að ræða, þá fara þær aldrei svo fjarri lagi, að frumvarpsfyrirkomulagið reynist ekki miklum mun dýrara og þá um leið örðugra framkvæmdar. En það gæti verið svo miklu betra að kostnaðaraukinn margborgaði sig. Um það verður að óreyndu ekkert sagt með vissu.

Þótt ýmislegt megi að sjálfsögðu finna að hinum gildandi fræðslulögum, og reynslan að sjálfsögðu leiði í ljós ýmsa galla á þeim, þá teljum vér engu að síður, að með þeim sé lögð sæmilega góð og traust undirstaða að skipun lýðfræðslumála landsins, er bæta megi eftir bendingum reynslunnar, og byggja ofan á þegar þörf krefur og hentugleikar leyfa. Að svo vöxnu máli mætti telja það miður viturlegt, að rífa upp þessa undirstöðu að óreyndu eða lítt reyndu og leggja aðra miklu dýrari í staðinn, án þess að geta gert sér vissa von um að hún reynist betri eða ábyggilegri.

Nefndin ræður því hinni háttvirtu deild eindregið til þess, að fella þetta frumvarp og telur þess vegna ástæðulaust, að fjölyrða um það frekar eða einstök atriði þess, og þess er því síður þörf, þar sem umsjónarmaður fræðslumálanna hefir ritað mjög ítarlega um frumvarpið í 3. og 4. tölublaði «Skólablaðsins« þ. á., og erum vér honum sammála í öllum höfuðatriðunum. Þó skal þess getið, að oss virðist ekki geta komið til nokkurra mála, að láta barnafræðsluna með öllu óstyrkta af almannafé fram að tólf ára aldri, úr því mönnum á annað borð er gert að skyldu, að veita börnunum allmikla fræðslu innan þess aldursmarks, meiri fræðslu tiltölulega en 14 ára börnum er ætluð samkvæmt gildandi fræðslulögum. Fáir munu vera þeirrar skoðunar, að rétt sé að sleppa öllum kröfum um fræðslu barna fram að 12 ára aldri og öllu eftirliti með henni af hálfu þess opinbera, enda næði það engri átt, eftir því sem högum manna er háttað, að stíga svo stórt skref aftur á bak. Heimafræðslan er víðast horfin, eða er að hverfa, vegna þess, að fólk vantar á heimilin, sem vill, er fært um eða hefir tíma til, að hafa hana á hendi, og almenningur gerir yfirleitt meiri kröfur til kennara nú en áður. Ef barnafræðslan væri látin afskiftalaus yrði því niðurstaðan sú, að fjöldi barna fengi víðast hvar lítla sem enga fræðslu. Svo mundi það verða í bæjum, kauptúnum og sjóþorpum eða yfirleitt í öllum skólahéruðum. Í fræðsluhéruðunum er nokkuð öðru máli að gegna. Þar mætti ef til vill láta barnafræðsluna frjálsa og óstudda af almannafé, þar til börnin eru fullra 12 ára. Við það sparaðist fé, sem gengið gæti til styrktar ungmenna-fræðslu eftir 14 ára aldur. Væri æskilegt, að stjórnin tæki það atriði til yfirvegunar.

Þótt vér ekki getum fallist á frumvarpið, er það álit vor allra, að styrkja beri unglingafræðsluna ríflegar en hingað til, og nauðsynlegt sé, að föstu skipulagi sé komið á unglingafræðslu í landinu í sambandi við barnafræðsluna. Unglingaskólarnir ættu að taka við, þar sem barnaskólunum sleppir. Frá þeim gætu svo þeir, sem vildu og til þess væru hæfir, gengið í gagnfræðaskólana eða sérskólana. Frjálst ætti námið að vera á skólum þessum og sjálfsagt heppilegast, að lofa þeim að rísa upp sjálfkrafa. En setja verður þeim

ákveðin skilyrði fyrir styrk úr landssjóði eins og þegar hefur gert verið við unglingaskóla þá, sem upp eru komnir, en þau þyrftu að vera fyllri og strangari þegar tímar líða. Í vetur starfa eitthvað 15 skólar fastir við þröngan kost, og er því meir og minna ábótavant. Þegar barnafræðslan er komin í það horf, sem henni er ætlað, geta unglingaskólarnir fyrst komið að fullu liði. Þangað til verða þeir lítið eða ekkert annað en barnaskólar.

Unglingaskólarnir eiga ekki og geta ekki komið í staðinn fyrir barnaskólana og barnafræðsluna eins og frumvarpið ætlast til, en þeir eiga að bæta hana upp, byggja á þeirri undirstöðu, sem barnaskólarnir leggja. Þeir eiga að vera og verða þýðingarmikill liður í lýðfræðsluskipun landsins, sem á að verða samstæð, lifræn heild, óslitin keðja, þar sem hver hlekkurinn grípur í annan.

Efri deild alþingis, 27. marz 1911.

Stefán Stefánsson, skrifari og framsögum. Steingrímur Jónsson.

Með skirskotun til eftirfarandi athugasemda.

Kristinn Daníelsson. Sigurður Hjörleifsson, formaður. Jósef Björnsson.

Framanritað nefndarálit, höfum vér 3 síðast undirritaðir nefndarmenn ekki séð oss fært að undirskrifa athugasemdalaust eins og það liggur fyrir, og viljum gera stuttlega grein fyrir því, er á milli ber. Þrátt fyrir það, að vér höfum komist að sömu niðurstöðu í höfuðatriðinu, að ekki sé ráðlegt eftir atvikum, að ráðast á þessu þingi í breytingu þá, sem frumvarpið fer fram á, getum vér ekki að öllu leyti fallist á þá röksemdaleið, sem hér er farin að þeirri niðurstöðu.

Þykir oss það viðurkenningarvert, að stjórnin hefir viljað leitast við, að finna nýjar leiðir í fræðslumálinu, sem leitt gæti til staðbetri fræðslu fyrir alla alþýðu. Dylst oss ekki, að frumvarpið er á réttri leið, þar sem það vill leggja alla áherslu á unglingafræðsluna á þeim aldri, sem alt nám kemur að fyllstum og mestum notum, þó að vér séum samdóma um, að hér vanti enn ábyggilegar skýrslur og áætlanir, sem vér teljum þingnefnd vera ofverk að útvega og safna, svo að vér ekki getum ráðið til, að svo stöddu, að áræða að stíga slíkt eða þvílíkt spor, sem frv. fer fram á, en teljum það mjög æskilegt, að stjórn landsins, áður langt líður, tæki að sér málið og rannsakaði það og undirbyggi, því að því hlýtur að reka — og því betra því fyr sem nokkuð verður til þess gert — að alþýðufræðslan í landinu alment verði annað og meira en fræðsla á barnaskeiði. Mun sú fræðsla — svo góð sem hún getur verið til undirbúnings — jafnan verða ófullnægjandi til að gera alþýðuna sæmilega upplýsta, svo að við megi hlíta eða svari þeim kostnaði, sem í það er lagt.

Fræðslulögin eru ekki annað en barnafræðslulög. En með það fyrir augum, að kostur er ekki alment á unglingafræðslu, og þar sem því ekki er ráð fyrir að gera, að börnunum verði síðar auðið frekari fræðslu, þá hefir verið lagt kapp á að gera þessa fræðslu sem fyllsta og koma inn í börnin sem

mestum námsforða, sem þeim sökum þroskaskorts yfirleitt er ofvaxið að tileinka sér og hafa tilætluð not af, sem komi þeim að gagni í lífinu og geri þau hæfari til nytsemdar sér og öðrum í hverri lífsköllun sem er. Enda mun varla verða að vænta áþreifanlegra framfara í upplýsingu alþýðunnar fyr en hver maður á alment kost á að fást við fræðsluefnin á þroskabezta skeiði æskunnar, er skilyrðin eru mest til að hafa námsins not með fullum skilningi.

Vjer lítum svo á, að núverandi fræðslulög séu bráðabyrgða fyrirkomulag, sem átti eitt að duga þangað til efni og ástæður leyfðu að taka upp annað fyllra og fullkomnara.

Hve nær sem sá tími kemur, þá er kominn tími til að umsteypa fræðslulögunum og þá verður lagt inn á braut, eitthvað líka því, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á. Sá tími nálgast ef til vill, þótt vér af ofangreindum ástæðum getum ekki lagt til að ráða þessu máli til lykta á þessu þingi, og þá er ekki eftirsjón í fræðslulögunum, hvort sem þau hafa átt sér lengri eða skemri aldur, og það ekki þótt kostnaður ætti talsvert að aukast, þegar í aðra hönd kæmi verulegri upplýsing alþýðunnar, sem vér erum í engum efa um, að fengist með líkri nýbreytni því, sem í frumvarpinu felst.

Þar sem vér — ekki sammála að vísu hinum meðnefndarmönnum vorum í ýmsum einstökum atriðum — höfum þó komist að sömu niðurstöðu til bráðabirgða sem þeir um afdrif málsins á þessu þingi, og getum vænzt að háttv. deild fallist á þá niðurstöðu, þá þykir oss ekki ástæða til, að fara um málið fleiri orðum eða fara út í kostnaðaráætlanir, sem ekki gætu verið ábyggilegar af orsökum, sem þegar eru fram teknar.

Ed. **450. Rökstudd dagskrá**

um tillögu til þingsályktunar um bæjarfógetaembættið á Akureyri og sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu. (Þgskj. 349). Feld í Ed. 31. marz 1911.

Í því trausti að landsstjórnin athugi til næsta alþingis, hvort og hvernig skifta eigi störfum bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, og annara bæjarfógeta og sýslumanna, þar sem líkt á stendur, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **451. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Frá nefndinni.

1. Við 3. gr.
   a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
      Sá sem öðlast vill skírteini sem undirvélastjóri á íslenzku gufuskipi skal sanna.

b. Í stað orðsins »hlutaðeigandi« í staflið a. komi: hann.
c. Í stað orðanna í síðustu málsgrein: »sem stjórnað hefir . . . hestöflum« komi: sem hefir minst tveggja ára tíma stjórnað á eigin ábyrgð gufuvél á landi með meira en 25 ákveðnum hestöflum.

2. Við 4. gr.
a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Sá, sem öðlast vill skirteini sem yfirvjelastjóri á íslensku gufuskipi, skal sanna, auk þess sem mælt er fyrir í 3. gr.
b. Í stað orðsins: »hlutaðeigandi í staflið a. komi: hann.

Nd. **452. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefnd.

Við 16. gr. 11. Fyrir: »12,000—10,000« komi: 10,000—8,000.

Ed. **453. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða rottum með eitri. (Þingskjal 170).

Nefndin hefir athugað frumvarpið og er álit hennar á þessa leið:

Rottur munu nú vera í öllum kaupstöðum landsins, í nokkrum hinum stærri kauptúnum og ennfremur í nágrenni þessara staða. Gera þær hér á landi, eins og annarsstaðar, allmikinn usla á eignum manna, og er það því þýðingarmikið mál, að geta fækkað þeim til mikilla muna eða helzt útrýmt þeim algerlega, og það eigi að eins fyrir einstaklingana, heldur einnig fyrir sveitarfélögin og landið alt. En reynsla annara þjóða sýnir, að þetta er örðugt verk og kostar mikið fé.

Vér lítum svo á, að frumvarp þetta leggi helzt til þungar byrðar á hlutaðeigandi sveitarsjóði með því að lögbjóða ákveðnar, dýrar útrýmingartilraunir næstu 6 árin alstaðar, þar sem rottur nú eru, og skella öllum kostnaðinum á þá, enda hefir stærsta sveitarfélag landsins, Reykjavík, mótmælt því, að frumvarpið verði að lögum að því er Reykjavík snertir. Þá álítum vér réttlátara og sanngjarnara að kostnaðurinn skiftist á þá aðila alla, er hag hafa af útrýmingunni, t. d. á þá leið, að húsráðandi greiði $^1/_3$ hluta kostnaðarins, sveitarsjóður $^1/_3$ og landssjóður $^1/_3$. Er þetta í samræmi við lagaákvæði þau, er nú gilda um þetta mál í Danmörku.

Ennfremur er mál þetta lítið undirbúið, þar sem allar áreiðanlegar upplýsingar vantar um hve víða rottur eru hér á landi, og áætlanir um hve mikið gagngerðar útrýmingartilraunir muni kosta.

Þá hefir komið til tals í nefndinni, að breyta frumvarpi þessu í frumvarp til heimildarlaga fyrir sveitarstjórnir til að gera samþyktir um útrýmingu rotta, en nefndin álítur að slíkt muni verða kák. Annarsvegar mundu menn horfa í kostnaðinn, nema allríflegum styrk væri heitið úr landssjóði, en hinsvegar mundi all-víða verða óhjákvæmilegt, að koma á samvinnu milli fleiri sveitarfélaga, til þess útrýmingartilraunirnar yrðu að gagni, en sú samvinna mundi reynast örðug.

Nefndin ræður því háttvirtri deild til að fella frumvarpið, en skorar jafnframt á stjórnina, að leita nákvæmra upplýsinga um útbreiðslu rottanna hér á landi, um eignatjón það, er þær gera, og um kostnað við rækilegar útrýmingartilraunir, en leggja síðan fyrir næsta þing (ef unt er, væntanlegt aukaþing á næsta ári) frumvarp til útrýmingarlaga, þar sem heitið sé hæfilega háum styrk úr landssjóði til útrýmingartilraunanna.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sér að bera fram svohljóðandi

TILLÖGU

til þingsályktunar um ráðstafanir til að útrýma rottum.

> Efri deild alþingis skorar á landsstjórnina, að semja og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir til að útrýma rottum.

Efri deild alþingis, 1. apríl 1911.

Sigurður Hjörleifsson, formaður.	Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.	Jósef Björnsson.

Ed. **454. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 291.

Frá Stefáni Stefánssyni og Sigurði Hjörleifssyni.

1. Við A. 1. Fyrir »5« í upphafi liðsins komi: 8.
2. — — - — »10« síðar í liðnum komi: 12.
3. — — - Aftan af liðnum falli síðasta málsgreinin: »Hafi einhver — styrkveitingar«.
4. — — 4. Fyrir: »Skoðunarmenn — sýslu hverri« komi: Skoðunarmaður skal vera 1 í hverri sýslu. Þó má sýslunefnd skipa 2—3 skoðunarmenn í sýslu með samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands.
5. — — - Í stað síðustu málsgreinar komi: Eftir árið 1919 má skoðunarmaður eigi taka upp í jarðabótaskýrslu túnasléttur, túnútgræðslu eða sáðreiti á þeim heimilum, þar sem eigi er áburðarhús og salerni.

6. — — - Aftan við stafliðinn bætist nýr töluliður, sem verður töluliður 5, svohljóðandi: Eftir árið 1915 skulu eigi önnur búnaðarfélög njóta jarðabótastyrks en þau, sem eru í einhverju búnaðarsambandi.

Nd. **455. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum.

(Eftir 3. umræðu í Ed.).

1. gr.

Réttur til að vera vélastjóri á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 75 en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem vélastjóri.

2. gr.

Á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 250 en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal vera að minsta kosti einn yfirvélastjóri og einn undirvélastjóri, sem fullnægja þeim skilyrðum, er lög þessi setja. Ef vél skipsins hefir minna en 250 ákveðin hestöfl, er nægilegt, að á þeim skipum sé einn vélastjóri, sem fullnægir þeim skilyrðum, er lög þessi setja um yfirvélastjóra. Auk vélastjóra skal vera að minsta kosti einn kyndari á skipi hverju. Ekkert íslenzkt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til siglinga utan lands eða innan, nema á því sé það vélalið, sem segir í grein þessari.

3. gr.

Sá, sem öðlast vill skírteini sem undirvélastjóri á íslenzku gufuskipi skal sanna:

a. Að hann hafi nægilega bóklega þekking á bygging og starfsemi gufuvéla, eftir kröfum þeim, sem gerðar verða af stjórnarráðinu; kunnátta þessi skal sönnuð með sérstöku prófi við Stýrimannaskólann í Reykjavík.
b. Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hér á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, og hafi fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.
c. Að hann hafi verið kyndari á gufuskipi í 12 mánuði og hafi meðmæli vélastjóra þess eða þeirra, sem hann hefir verið kyndari hjá, fyrir dugnað, reglusemi og þekking á hirðing gufuvéla.
d. Að hann hafi ekki verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Ennfremur á maður, sem hefir minst tveggja ára tíma stjórnað á eigin ábyrgð gufuvél á landi með meira en 25 ákveðnum hestöflum, heimting á að fá skírteini sem undirvélastjóri, ef hann hefir int af hendi það bóklega próf, sem um getur undir staflið a, og hefir vottorð frá 2 vélameisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda, um að hann sé fær um að vera undirvélastjóri á gufuskipi.

4. gr.

Sá, sem öðlast vill skírteini sem yfirvélastjóri á íslenzku gufuskipi, skal sanna, auk þess sem mælt er fyrir í 3. gr.:

a, að hann hafi verið undirvélastjóri í 2 ár og hafi meðmæli frá yfirvélastjóra þeim eða yfirvélastjórum, sem hann hefir unnið með, um að hann hafi næga þekking á meðferð og hirðing gufuvéla og sé reglusamur.

b, að hann sé fullra 25 ára gamall.

5. gr.

Skylt er öllum vélastjórum á íslenzkum gufuskipum að láta af hendi vottorð þau um þekking m. m., sem um getur í 3. og 4. grein, fyrir þann tíma, sem hlutaðeigandi hefir unnið undir umsjón þeirra. Skal vottorðum þessum fylgja drengskaparyfirlýsing vélastjóra um að þau séu gefin eftir beztu vitund og hlutdrægnislaust.

6. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 3. og 4. grein, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur. Svo skulu og þeir Íslendingar, sem eru og hafa verið 1. og 2. vélastjóri á íslenzkum gufuskipum, er lög þessi öðlast gildi, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem um getur í 3. og 4. gr. laga þessara, þótt þeir fullnægi eigi að öllu skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum greinum; þeir, sem eru undirvélastjórar, skulu þó því að eins eiga heimting á undirvélastjóraskírteinum, að þeir leggi fram vottorð frá vélastjórum sínum um, að þeir séu færir um að hafa á hendi vélagæzlu sem undirvélastjórar. Skírteini þau, sem hér ræðir um, skal rita eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands lætur búa til í samræmi við lög þessi. Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra á þeim stað, sem umsækjandi er heimilisfastur, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetningu þess, nema skírteinishafi brjóti það af sér, sbr. 8. gr.

Meðan vöntun er á ísl. vélastjórum er Stjórnarráðinu heimilt að veita þeim mönnum skírteini þau, sem umræðir í þessari gr., er fengið hafa vélastjóraskírteini í öðrum löndum samkv. þar gildandi lögum.

7. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins. Við það skerðist þó eigi réttur hans til að leita dómsákvæðis í málinu.

8. gr.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnn fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem vélastjóri.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum; ef brotið er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ákvæði um það, hvernig vélakenslunni við Stýrimannaskólann skuli háttað, svo og um próf og prófskilyrði, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið setur um þau atriði.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **456. Frumvarp**

til almennra viðskiftalaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæðum laga þessara skal þá að eins beita, er ekkert annað er um samið eða verður álitið fólgið í samningi eða leiðir af verzlunartízku eða annari venju.

Lög þessi gilda ekki um fasteignakaup.

2. gr.

Nú eru hlutir pantaðir, þeir er búa þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn býr til, þá skal pöntunin talin kaup. Þó gilda lög þessi ekki um húsgerð og önnur mannvirki á fasteign.

Alt það, sem í lögum þessum er ákveðið um kaup, á einnig við um vöruskifti.

3. gr.

Þegar í lögum þessum er talað um kaup á hlutum, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki að eins átt við tiltekna mergð hluta af tilgreindri tegund, heldur einnig átt við kaup á tilgreindum hóp eða magni vöru.

4. gr.

Þá er talað er í lögum þessum um kaupmanna-viðskifti, er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í atvinnu þeirra eða í hennar þágu.

Kaupmaður er hver sá talinn, sem hefir atvinnu af því: að selja vörur, sem hann hefir í því skyni keypt; að reka víxlarastarf eða bankastarf, vátryggingarstarf, umboðsverzlun, forlagsverzlun, lyfsölu, veitingar, handiðn eða verksmiðjuiðnað; að takast á hendur að reisa hús eða gera önnur mannvirki eða að flytja fólk, muni eða orðsendingar. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, sem rekur veitingar, handiðn, flutninga, eða þess kyns smásölu, sem ekki þarf borgarabréf til eða annað sérstakt leyfi, svo framarlega sem ekki vinna aðrir að þeirri atvinnu með honum en konan með manni sínum eða maðurinn með konu sinni, börn atvinnurekanda innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

Um ákvæði kaupverðs.

5. gr.

Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um hæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að telja það ósanngjart.

6. gr.

Nú er í kaupmanna-viðskiftum reikningur sendur kaupanda og hann mótmælir ekki verði því, sem tilgreint er í reikningnum, svo fljótt sem hann fær því við komið, og er hann þá skyldur til að gjalda það verð, sem í reikningnum stendur, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið, eða reikningurinn er bersýnilega ósanngjarn.

7. gr.

Nú á að reikna kaupverð eftir tölu, máli eða þyngd, og skal þá leggja til grundvallar þá tölu, mál eða þyngd, sem varningurinn hafði á þeirri stund, er hættan við að varan farist, flyzt yfir á kaupanda.

8. gr.

Ef kaupverð er miðað við þunga vöru, skal svo meta sem umbúðir beri frá að draga.

Um staðinn, þar sem skila ber seldum hlut (afhendingarstaðinn).

9. gr.

Seljandinn á að skila af sér seldum hlut á þeim stað, þar sem hann átti heima þegar kaupin gerðust. Ef hann rak þá atvinnu og salan stóð í sambandi við hana, þá á hann að skila hlutnum af sér á atvinnustöð sinni.

Ef hluturinn var á öðrum stað á þeim tíma, er kaupin gerðust, og vissu báðir samningsaðilar um það, eða áttu að vita, þá skal svo á líta, að hlutnum eigi þar að skila, sem hann þá var.

10. gr.

Ef seljandi á að senda seldan hlut frá einum stað til annars, til að skila honum þar í hendur kaupanda, þá er svo á litið, að hann hafi skilað hlutnum, þá er hann hefir afhent hann í hendur farmflytjanda þess, er tekist hefir á hendur að flytja hlutinn þaðan, sem hann tekur við honum. Eigi að senda hlutinn á skipi, þá skal telja honum skilað, er hann er kominn á skipsfjöl.

11. gr.

Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kauptúni eða þorpi, og er þá ekki talið, að hinum selda hlut sé skilað fyr en hann er kominn í vörzlur kaupanda.

Um eindaga samninga.

12. gr.

Ef enginn samningur hefir um það verið gerður, hve nær kaupverð eigi að greiða eða keyptum hlut eigi að skila í hendur kaupanda, og atvik liggja ekki svo til, að af þeim verði ráðið, að þetta skuli gera hið allra bráðasta, þá skal svo á líta, að andvirði beri að greiða eða hlut að afhenda hve nær sem krafist er.

13. gr.

Nú er frestur á kveðinn fyrir því, hve nær seldum hlut skuli skila, og er þá seljanda rétt að skila hlutnum á hverjum þeim tíma, er hann kýs, innan þess frests, nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var tiltekinn kaupanda í hag.

Um rétt til að krefjast, að hönd selji hendi á báðar hliðar.

14. gr.

Ef enginn frestur hefir veittur verið af hendi hvorugs aðila, þá er seljandi ekki skyldur að láta af hendi seldan hlut, nema kaupverðið sé samtímis greitt, enda er kaupandi ekki skyldur að greiða kaupverðið nema hann fái samstundis hlutinn til umráða.

15. gr.

Nú hefir svo verið um samið, að hlutinn skuli senda frá afhendingarstað, og heimila þá ummæli næstu greinar hér á undan seljanda ekki að láta vera að senda hlutinn, en varna má hann því, að kaupandi fái hlutinn í sínar vörzlur meðan kaupverðið er ógreitt.

16. gr.

Nú er um kaupmanna-viðskifti að tefla, og er hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, en hleðsluskírteini það, sem notað er, er svo lagað, að seljandi missir umráð yfir hlutnum þá er hleðsluskírteinið er afhent kaupanda, og skal kaupandi þá greiða andvirðið um leið og hann tekur við hleðsluskírteininu samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 71. gr. hér á eftir.

Um ábyrgð á hættu fyrir seldan hlut.

17. gr.

Hættan á því, að seldur hlutur farist af tilviljun, skemmist eða rýrni, er á ábyrgð seljanda, þar til er hann hefir skilað hlutnum af sér eða afhent hann (sbr. 9.—11. gr.)

Ef það er ákveðinn hlutur, sem seldur var, og kaupandi átti að sækja hann, enda kominn sá tími, er sækja mátti hlutinn, og hann er á reiðum höndum, þá ber kaupandi ábyrgð á hættunni og verður því að gjalda kaupverðið, þó að svo atvikist, að hluturinn farist eða skemmist af hendingu.

Um arð af seldum hlut.

18. gr.

Nú ber seldur hlutur arð áður en afhendingartími er kominn, og á þá seljandi þann ágóða, nema ástæða hafi verið til að ætla, að sá ágóði mundi ekki falla til fyr en síðar.

Þann ágóða, sem af seldum hlut fæst eftir að afhendingartími er kominn, eignast kaupandi, nema að ástæða hafi verið að ætla, að sá ágóði mundi fyrri til falla.

19. gr.

Ef maður kaupir hlutabréf, þá er í kaupinu sá arður, sem ekki var í gjalddaga fallinn þegar kaup gerðust.

Nú fylgir hlutabréfinu réttur til að skrifa sig fyrir nýju hlutabréfi, eða hlutabréfið fær þann rétt síðar, þá nýtur kaupandi þeirra hagsmuna.

20. gr.

Ef maður kaupir skriflega skuldakröfu, sem ber vöxtu, þá eru í kaupinu vextir þeir, sem á voru fallnir, en ekki komnir í gjalddaga, þá er kaup gerðust, eða á afhendingardegi, ef afhending á síðar að fara fram en kaup. Ef það sést ekki af atvikum, að krafan hafi verið seld sem óvís krafa, þá á kaupandi að greiða umfram kaupverðið og samtímis því svo mikið fé, sem vöxtunum svarar.

Um drátt af hendi seljanda.

21. gr.

Nú afhendir seljandi ekki seldan hlut á réttum tíma, enda sé þetta ekki kaupanda að kenna eða neinum ósjálfráðum atburði, sem kaupandi ber ábyrgð af hættunni við, og á þá kaupandi kost að kjósa, hvort hann vill heldur heimta hlutinn eða rifta kaupið.

Hafi drátturinn haft lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda, eða seljandi hlaut að álíta að svo væri, þá getur kaupandi ekki rift kaupið, nema hann hafi áskilið sér, að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma.

Í kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur metinn verulegur, nema það sé að eins lítill hluti hins selda, sem afhending hefir dregist á.

22. gr.

Nú er svo um samið, að seljandi skuli afhenda smátt og smátt, og ber svo til, að ein sérstök afhending dregst, þá á kaupandi samkvæmt næstu grein á undan að eins rétt á að rifta kaupin að því er til þeirrar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig riftað kaup að því er til síðari afhendinga kemur, ef vænta má, að drætti á afhendingum muni halda áfram, og hann getur jafnvel rift alt kaupið í heild sinni, ef það samband er í milli afhendinganna, að það veiti tilefni til þess.

23. gr.

Nú er kaup er gert um ákveðinn hlut, en hann ekki afhentur á áskildum tíma, og á þá seljandi að svara skaðabótum, nema það sannist, að drátturinn var ekki honum að kenna.

24. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er seljandi skyldur að svara skaðabótum, enda þótt drátturinn sé ekki honum að kenna, nema hann hafi áskilið sér að vera undan þessari skyldu þeginn, eða telja verður, að atvik, sem ekki voru þess eðlis, að seljandi hefði átt að hafa þau í huga, er kaupin gerðust, hafi valdið því, að honum var alls eigi auðið að efna það, sem hann hafði um samið, og má til slíkra atvika telja það, er svo ber undir, að allir hlutir af hinni tilteknu tegund eða þeim vöruhóp, er kaup er um gert, hafa af óviðráðanlegum orsökum farist; svo er og ef styrjöld tekur fyrir efndir, eða aðflutningsbann eða því um líkt.

25. gr.

Nú hefir kaup verið rift og svara ber skaðabótum samkvæmt 23. og 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því, sem verð hluta af sömu tegund og gæðum sem hinir seldu hlutir, er hærra, þá er afhending átti fram að fara, heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sé, að annað meira tjón hafi af hlotist. Nú dregur kaupandi ekki að nauðsynjalausu að kaupa aðra hluti í stað þeirra, sem kaup var á rift, og kaupir hlutina þar sem viðunanlegur markaður er þeirrar vöru, enda sannar hann, ef hann hefir eigi átt kost á að nota milligöngu brakúns, að hann keypti fyrir það verð, er þá var títt þar á staðnum, og getur seljandi þá eigi neitað því, að verð það, sem kaupandi greiddi, verði matið verð hlutanna.

26. gr.

Nú er afhendingarfrestur út runninn, en hinn seldi hlutur hefir eigi verið afhentur, og verður kaupandi þá, ef hann vill halda fast á kaupinu og eigi rifta það, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta frá seljanda. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að heimta hlutinn sér afhentan. Sama er og þótt hann hafi enga fyrirspurn fengið, ef hann skýrir ekki frá því innan sennilegs tíma, að hann æski að kaupið haldist.

27. gr.

Nú hefir seld vara verið afhent eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vís, þá er varan kemur honum í hendur: eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að varan hefir verið síðar afhent en áskilið var, og verður hann þá, ef um kaupmanna-viðskifti er að tefla, að skýra seljanda frá þegar í stað eða án óþarfrar tafar, að hann ætli sér að neyta réttar síns út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að koma síðar fram með nokkura kröfu af því tilefni. Ætli kaupandi sér að neyta réttar síns til að rifta kaupið, þá verður hann að skýra seljanda frá þessu án óþarfs dráttar; ella missir hann þann rétt sinn.

Um drátt af kaupanda hendi.

28. gr.

Ef kaupverð er ekki greitt í ákveðna tíð, eða kaupandi gerir ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins er undir komin, þá má seljandi gera hvort er hann vill, halda upp á hann kaupinu eða rifta það. Sé drátturinn ó-

verulegur, verður kaupið þó ekki rift. Í kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur talinn verulegur.

Nú er það, sem selt var, þegar komið í vörzlur kaupanda, og getur seljandi þá ekki rift kaupið, nema annaðhvort sé, að álíta verður, að hann hafi áskilið sér þenna rétt, eða þá kaupandi neitar að taka við hlutnum.

29. gr.

Sé svo um samið, að seljandi afhendi smátt og smátt, og andvirði skuli greitt við hverja afhendingu, en svo verður dráttur á greiðslu andvirðis, sá, er meta má verulegan eftir fyrri málsgr. 28. greinar, þá á seljandi rétt á að rifta kaupin á öllu, því er síðar skyldi afhent, nema engin ástæða sé til að óttast, að dráttur muni aftur að höndum bera. Þetta á sér stað, þó að seljandi geti ekki samkvæmt síðari hluta 28. gr. rift kaupið er kemur til þeirrar sendingar, sem andvirði dróst fyrir.

30. gr.

Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 28. og 29. gr., og á hann þá rétt til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo meta, að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð vörunnar á þeim tíma, er drátturinn varð, nema sannað verði, að seljandi hafi annað meira tjón af hlotið.

Ef vara er seld af löggiltum brakún eða á tilsvarandi hátt, og um getur í 25. gr., þá getur kaupandi eigi mótmælt því, að það verð, er við þá sölu fekst, verði talið verð vörunnar.

31. gr.

Nú er kaupverð ekki greitt, þó að gjalddagi sé liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá líða að gera slíka ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en hinn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að skýra kaupanda frá því án óþarfrar tafar innan sennilegs tíma, hvort sem kaupandi hefir sent honum fyrirspurn um það eða ekki.

32. gr.

Nú er kaupverðið greitt of seint eða ráðstöfun sú, sem um er getið í 28. gr., gerð of seint, og verður seljandi þá, ef hann vill rifta kaupið af þeirri ástæðu, að skýra kaupanda frá því þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að tefla, en annars án óþarfs dráttar. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að rifta kaupin.

33. gr.

Nú lætur kaupandi hjá líða að vitja hins keypta hlutar eða veita honum viðtöku á réttum tíma, eða hann er þess valdandi á annan hátt, að hluturinn er ekki afhentur í hans hendur í ákveðna tíð, og skal þá seljandi annast hlutinn á kaupanda kostnað þar til er drætti þessum lýkur, eða seljandi neytir þess réttar, sem 28. gr. kann að veita honum til að rifta kaupið. Nú er hluturinn sendur og kominn á viðtökustað, og eiga þá fyrirmæli þessi því að eins við, að þar sé einhver, sem fyrir seljanda hönd getur tekið hlutinn til varðveizlu, enda valdi það seljanda eigi verulegum kostnaði eða óþægindum.

34. gr.

Geti seljandi ekki haldið áfram að annast hlutinn, án verulegs kostnaðar eða óþæginda eða ráðstafi kaupandi honum ekki innan sennilegs tíma eftir að hann hefir fengið áskorun um það, þá er seljanda rétt að selja hlutinn fyrir kaupanda reikning; en gera skal hann kaupanda viðvart áður í tæka tíð, ef auðið er. Ef löggiltur brakún, sem fengið hefir vitneskju um tegund sölunnar, er látinn selja hana á viðunanlegum stað, þar sem markaður er fyrir þá vöru, eða hluturinn er seldur á uppboði, sem auglýst er og haldið á viðunanlegan hátt, þá getur kaupandi ekki mótmælt því verði, sem við söluna fæst. Ef eigi er auðið að selja hlutinn, eða það er sýnilegt, að söluverðið muni eigi hrökkva fyrir sölukostnaði, þá er seljanda rétt að flytja hlutinn burt, ef hann vill.

35. gr.

Nú er hlutnum hætt við bráðum skemdum eða geymsla hans hefir í för með sér ýkjumikinn kostnað tiltölulega, og er þá seljanda skylt að selja hann, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af niðurlagi 34. gr. Sé eigi auðið að selja hlutinn skaðlaust á neinn þann hátt, sem þar er sagt, skal selja hann eins og bezt verður.

36. gr.

Nú hefir dráttur af kaupanda hálfu valdið seljanda útgjöldum til varðveizlu hlutarins eða öðrum auknum kostnaði, og á seljandi þá rétt á skaðabótum, og getur hann haldið hlutnum til tryggingar fyrir þeim.

37. gr.

Ef seldur hlutur er í ábyrgð seljanda, en kaupandi hefir gerst þess valdur, að hluturinn verður ekki afhentur á réttum tíma, þá flyzt ábyrgðin yfir á kaupanda, ef um þá hluti er að tefla, sem ákveðnir eru eftir tegund, þó ekki fyr en ákveðnum hlutum hefir verið af skift og þeir til teknir handa kaupanda.

Um vöxtu af kaupverði.

38. gr.

Ef gjalddagi er ákveðinn í kaupmanna-viðskiftum og andvirði eigi greitt í ákveðna tíð, þá á kaupandi að svara 6% ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga. Hafi enginn gjalddagi verið ákveðinn, á kaupandi að svara þessum vöxtum frá þeim degi, er varan var afhent, eða, hafi kaupandi verið þess valdur, að dráttur varð á afhendingunni, þá frá þeim degi, er sá dráttur hófst.

Í öðrum viðskiftum á kaupandi að svara 5% ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga, hvort sem gjalddagi var ákveðinn eða ekki. Nú fær kaupandi reikning frá seljanda á þeim tíma, er kaupverðið var gjaldkræft orðið, og falla þá vextir á frá viðtöku reikningsins, án þess aðra kröfu þurfi um að gera.

Ákvæði 2. gr. í tilskipun 27. maí 1859 um vaxtahækkun frá þeim degi, er kröfuhafi leitar réttar síns, skulu eigi gild vera framar, þá er vextir eru taldir samkvæmt þessari grein.

Um það er kaupandi getur eigi staðið í skilum.

39. gr.

Nú verður kaupandi gjaldþrota eftir að kaup voru gerð, þá er seljanda rétt að halda hinum selda hlut, þó að gjaldfrestur hafi áskilinn verið, og sé hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, þá má seljandi varna því, að hann sé afhentur búinu, unz nægileg trygging er sett fyrir greiðslu kaupverðsins í gjalddaga. Ef afhendingartími er kominn og búið hefir ekki sett slíka tryggingu, þó að seljandi hafi á það skorað, þá má hann rifta kaup, ef hann vill.

Þessum fyrirmælum skal einnig beita, ef það kemur fram við fjárnám eftir að kaup eru gerð, að kaupandi hefir eigi efni á að greiða skuld sína, eða fjárhagur hans að öðru leyti reynist slíkur, að ætla má, að hann geti eigi greitt kaupverðið, þá er það fellur í gjalddaga.

40. gr.

Ef bú kaupanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskifta, en hvorki er kominn sá tími, er seldan hlut átti að afhenda, eða gjalddagi kaupverðsins, þá getur seljandi skorað á búið að lýsa yfir því, hvort það vill ganga í kaupin, og lýsi búið þá ekki yfir því svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan fjögra vikna, eða þá á afhendingardegi eða gjalddaga, ef það tímamark ber fyr að höndum, að það vilji í kaupið ganga, þá má seljandi rifta kaupið.

41. gr.

Hafi hinn seldi hlutur verið afhentur þrotabúinu eftir að búið var framselt til gjaldþrotameðferðar, en kaupverðið er eigi greitt, á seljandi rétt á að heimta hlut sinn aftur, nema búið lýsi yfir því, að það vilji í kaupið ganga, enda greiði þá kaupverðið eða setji tryggingu fyrir greiðslu þess í gjalddaga, ef krafist er. Hafi búið látið hlutinn af hendi eða á annan hátt ráðstafað honum þannig fyrir sinn reikning, að eigi er auðið að skila hlutnum aftur í verulega óbreyttu ástandi, þá er seljanda rétt að líta svo á, sem búið hafi gengið í kaupið.

Um það er seldum hlut er áfátt.

42. gr.

Nú er ákveðinn hlutur seldur og er honum áfátt eða galli á honum, þá má kaupandi rifta kaupin eða heimta afslátt af kaupverði að tiltölu. Ef gallinn verður að teljast óverulegur, getur kaupandi ekki riftað kaupið, nema seljandi hafi svik í frammi haft.

Nú skortir hluti, þá er kaup gerðust, einhverja þá kosti, er ætla má að áskildir væru, eða það, sem hlutnum er áfátt, hefir gerst fyrir vanrækt seljanda eftir að kaup voru gerð, eða seljandi hefir haft svik í frammi, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta.

43. gr.

Ef um þá hluti er að tefla, sem til teknir eru eftir tegund, og þeir reynast gallaðir þá er þeim er skilað, getur kaupandi rift kaupið eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað, eða heimtað tiltölulegan afslátt af kaupverði.

Ef telja verður það óverulegt, sem að hlutunum er, þá verður ekki kaup rift né annara hluta krafist í staðinn, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða vitað um það, sem áfátt var svo tímanlega, að hann hefði getað útvegað aðra hluti ógallaða án ósanngjarns kostnaðar.

Enda þótt seljanda sé ekki um að kenna það, sem að söluhlutunum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir fyrirmælum 24. gr. eftir því sem við á.

44. gr.

Nú skal úr því skera, hvort söluhlut sé áfátt, og verður þá að miða við það tímamark, er hluturinn fluttist yfir í ábyrgð kaupanda, nema því að eins, að vanhirðu seljanda sé um að kenna, það sem áfátt er.

45. gr.

Nú er kaup rift sakir þess, að söluhlut er áfátt, og skal þá einnig fara eftir fyrirmælum 25. gr., er skaðabætur eru ákveðnar.

46. gr.

Hafi svo verið um samið, að seljandi afhendi hina seldu muni smátt og smátt, og reynist einni sérstakri afhendingu áfátt, þá getur kaupandi samkvæmt 42. og 43. gr. að eins rift kaup að því, er til þessarar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup á því, sem eftir er að afhenda, ef við má búast, að þeim muni einnig áfátt verða; og hann getur jafnvel rift alt kaupið, ef atvik liggja svo til í sambandi afhendinganna hverrar við aðra.

47. gr.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlutinn áður en kaup gerðust eða látið fyrir farast án sennilegrar ástæðu að rannsaka hlutinn, þó að seljandi skoraði á hann um það, eða honum var færi á gefið að rannsaka sýnishorn af söluhlutnum áður en kaup gerðust, getur hann ekki borið fyrir sig neina þá galla á söluhlutnum, sem hann hefði átt að sjá við þá rannsókn, nema seljandi hafi haft svik í frammi.

48. gr.

Ef hlutur er seldur á uppboði, getur kaupandi ekki borið fyrir sig neinn galla á hlutnum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var auðkendur með við söluna, eða seljandi hafi haft svik í frammi. Þessi ákvæði gilda þó ekki þá er kaupmaður selur varning sinn á uppboði.

49. gr.

Nú býðst seljandi til að bæta úr göllum, sem eru á seldum hlut, eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, og verður kaupandi þá að sætta sig við það, ef það verður gert áður en sá frestur er úti, sem hann var skyldur til að bíða afhendingar (sbr. 21. gr.), enda sé það augljóst, að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu.

Þessi fyrirmæli hafa engin áhrif á rétt kaupanda til skaðabóta.

50. gr.

Fyrirmæli laga þessara um galla á söluhlut eiga einnig við að sínu leyti þá er mergð, stærð eða þungi þess, sem selt var, er minni en áskilið er, ef kaupandi má ganga að því vísu, að ætlast sé til, að það, sem afhent er, séu fullar efndir þess, sem um var samið. þá er þannig stendur á, getur kaupandi ekki samkvæmt 43. gr. krafist annara hluta í stað þeirra, sem afhentir voru, en í stað þess getur hann heimtað, að sér sé afhent það, sem upp á vantar, hvort sem þetta er meiri eða minni hluti þess, sem afhenda átti.

51. gr.

Sé um kaupmanna-viðskifti að tefla, og sé söluhluturinn afhentur og kominn kaupanda í hendur eða sýnishorn, sem um var samið, er komið honum í hendur, þá er hann skyldur til að rannsaka hlutinn svo sem góð verzlunartízka heimtar. Eigi að senda hlutinn úr einum stað í annan, er kaupandi þó ekki skyldur að rannsaka hann fyrri en hluturinn er þangað kominn, sem hann á að fara, og kaupanda hefir verið gerður kostur á að veita honum viðtöku á þann hátt, að honum hefði verið skylt að annast hlutinn samkvæmt 56. gr.

52. gr.

Komi það í ljós, að söluhlut er ábótavant og kaupandi vill bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að tefla, en ella án ástæðulauss dráttar. Nú hefir kaupandi orðið þess var, að hlutnum var áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var, og skýrir hann eigi seljanda frá, svo sem hér er fyrir mælt, þá getur hann ekki síðar borið það fyrir sig, að hlutnum hafi áfátt verið.

Ef kaupandi vill rifta kaup eða krefjast viðbótar eða nýrra hluta í stað þeirra, sem hann hefir fengið, skal hann skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar; ella missi hann rétt sinn til þess að hafna hlutnum eða krefjast viðbótar.

53. gr.

Ákvæði 52. gr. um það, að kaupandi missi rétt sinn til þess að bera fyrir sig, að söluhlut hafi áfátt verið, gilda þó ekki, ef seljandi hefir haft svik í frammi eða sýnt af sér vítaverða vanhirðu, sem hefir í för með sér talsvert tjón fyrir kaupanda.

54. gr.

Nú er ár liðið frá því er kaupandi fekk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn langan tíma eða haft svik í frammi.

Fyrirmæli um það, er sölumunum er neitað viðtöku, og um rifting kaupa.

55. gr.

Hafi kaupandi fengið hlut í hendur, þann er hann vill neita viðtöku, þá er hann skyldur að annast um hlutinn, en krafið getur hann seljanda endurgjalds

á þeim kostnaði, er af þessu leiðir. Fyrirmæli 34. og 35. gr. eiga við um þetta eftir því sem á stendur.

56. gr.

Nú hefir hluturinn verið sendur svo, að kaupandi á kost á að taka hann til varðveizlu á staðnum, sem hann átti til að fara, en hann vill synja honum viðtöku, og er hann þó skyldugur að taka við honum til varðveizlu á kostnað seljanda.

Þetta á þó ekki við, ef seljandi er sjálfur á viðtökustaðnum eða þar er handhafi hleðsluskírteinis eða annar, sá er fyrir seljanda hönd getur annast um hlutinn. Sama er og ef kaupandi getur ekki fengið hlutinn í sínar vörslur án þess að greiða andvirði hans eða baka sér annan verulegan kostnað eða óþægindi.

Hafi kaupandi tekið hlutinn í sínar vörzlur, eiga við fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

57. gr.

Sé kaup rift, á seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aptur, nema hann skili aftur því, er hann hefir fengið af andvirði hans, og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt, nema hann skili aptur því, er hann hafði við tekið, í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu, sem það var í, er hann tók við því.

Nú riftir kaupandi kaup eða krefst skifta á hlutum, og á hann þá rétt á að halda þeim hlut, er hann hefir fengið, þar til er seljandi svarar skaðabótum, þeim, er honum ber, eða setur nægilega trygging fyrir þeim.

58. gr.

Jafnvel þótt hluturinn sé forgörðum farinn eða breyttur, getur kaupandi þó rift kaupið, þrátt fyrir ákvæðin í næstu grein hér á undan, ef það, að hluturinn fór forgörðum eða breyttist, er ósjálfráðri tilviljun að kenna eða ásigkomulagi hlutarins sjálfs eða ráðstöfunum, sem nauðsynlegar voru til að rannsaka hann, eða voru gerðar áður en það kom í ljós eða hefði átt að koma í ljós, að hlutnum var svo ábótavant, að af því leiddi rétt til að rifta kaupin.

Um vanheimild.

59. gr.

Nú kemur það fram, að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gerðust, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta af seljanda, og það þótt seljandi hafi eigi betur vitað en að hann ætti hlutinn. Ef kaupandi hafði fullan grun eða vitneskju um vanheimild seljanda, þá er kaupin gerðust, þá á hann engan rétt til skaðabóta.

Um kaup til reynslu.

60. gr.

Ef hlutur er keyptur til reynslu eða með því skilyrði, að kaupandi megi skoða hlutinn áður en kaupið er fullgert, og hluturinn hefir verið afhentur, þá er kaupandi þó bundinn við kaupin, nema hann skýri seljanda frá innan til tekins

tíma, eða innan hæfilegs frests, ef enginn tími var fastákveðinn, að hann vilji eigi hlutinn hafa.

Meðan hluturinn er hjá kaupanda til reynslu eða skoðunar, er hann í ábyrgð kaupanda.

Um tilkynningar eftir lögum þessum.

61. gr.

Ef slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52. og 54. gr., er afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, missir tilkynnandi engan rétt við það, að tilkynningunni seinkar eða að hún kemur eigi til skila.

Hið sama gildir um tilkynningar frá seljanda, sem um er rætt í 31. og 32. gr.

Um þýðingu ýmsra söluskilyrða.

62. gr.

Ef varningur er seldur »frítt á skipsfjöl« (fob) á tilteknum stað, verður kaupandi að hafa þar til skip eða áskilið skipsrúm til að flytja varninginn þaðan.

Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, sem lög áskilja á þeim stað eða viðskiptatízka er til.

Nú er varningur kominn á skipsfjöl, og er hann þá úr ábyrgð seljanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eptir ástandi því, sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd og stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó kaupandi hafi skip til taks eða skiprúm til að taka við varningnum leiðir ekki af því, að kaupandi sé skyldur til að rannsaka varninginn fyrri en hann er kominn á viðtökustað; ekki hamlar þetta heldur seljanda frá að neyta þess réttar, sem honum er áskilinn í 15., 28. og 39. gr.

Kaupandi er skyldur að greiða andvirði gegn móttöku hleðsluskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr., þó að ekki sé svo sérstaklega um samið.

63. gr.

Ef varningur er seldur »flutnings-frítt« (Cost and freight, c & f, c f) skal seljandi annast og kosta sending hans til viðtökustaðar.

Nú er varningur afhentur farmflytjanda eða honum komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr., og er hann úr því í ábyrgð kaupanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, sem seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó að ekki sé sérstaklega svo um samið, er kaupandi skyldur til að greiða andvirði gegn móttöku hleðsluskírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr.

Þótt andvirði sé ekki í gjalddaga komið, þá er varningur kemur til

kaupanda, er kaupandi þó skyldur til að greiða það flutningsgjald, er seljandi hefir eigi greitt, en draga má hann það frá kaupverðinu, án þess að reikna sér þó vöxtu af því.

64. gr.

Nú er varningur seldur »cif« (cost, insurance, freight) eða »caf« (coût, assurance, fret), og gilda þá fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

Auk þess á seljandi að annast venjulega vátrygging fyrir kaupanda hönd fyrir þann hluta sendingar, sem hann ber ekki sjálfur ábyrgð á. Láti seljandi hjá líða að vátryggja þannig varninginn, enda sé kaup eigi fyrir þá skuld rift, þá getur kaupandi heimtað bætur fyrir það tjón, er hann kynni að hafa beðið af vanhirðu seljanda, eða hann getur sjálfur vátrygt varninginn og dregið þann kostnað frá andvirði varningsins.

65. gr.

Nú er varningur seldur »afhentur« eða »frítt« (franko) á til tekinn stað, og telst hann þá ekki afhentur fyr en hann er á þann stað kominn. Seljandi á þá að annast um og kosta sending varnings þangað, og ber hann ábyrgð á honum meðan á sendingunni stendur.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi því, er hann var í á þeirri stund, er hann kom til skila. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Sé orðið »afhent« notað í sambandi við »flutningsfrítt« »c og f« «cf«, »cif« eða »caf«, þá hefir merking orðsins »afhent« engin áhrif á téð söluskilyrði.

66. gr.

Ef varningur er keyptur með þeim ákvæðum, er gefa nokkurt svigrúm um mergð hans, þyngd eða stærð, t. d. »cirka«, »frá — til« eða því um líkt, þá veitir það seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna.

Ef orðið »cirka« er notað eða »hér um bil«, þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að tefla, en 5% ella.

67. gr.

Nú er seldur »farmur«, og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rétt á skaðabótum.

68. gr.

Ef svo er til skilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka »í byrjun« (»primo«), í »miðju« (»medio«) eða »í lok« (»ultimo«) mánaðar, er það að skilja, eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum.

Þá er verðskjöl eru seld, merkir »primo« fyrsta virkan dag í mánuði, »medio« fimtánda dag í mánuði, eða næsta virkan dag, ef sá dagur er heilagur, »ultimo« síðasta virkan dag í mánuði.

69. gr.

Hafi seljandi skuldbundið sig til að senda frá sér varning á ákveðnum fresti, skal svo á líta, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, ef henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur það flutningstæki, er við henni skyldu taka, á þeim tíma.

Sé hleðsluskírteini gert um sendinguna og beri það ekki með sér, að varan hafi afhent verið á réttum tíma, getur kaupandi hafnað vörunni.

70. gr.

Ef áskilin er »borgun út í hönd«, er kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhluturinn er boðinn honum til umráða (sbr. 14. og 15. gr.)

71. gr.

Hafi kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirði við meðtöku hleðsluskírteinis, eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent hleðsluskírteini, má hann ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sé ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann.

Þá er greiðslu er krafist eða víxil-samþykkis gegn afhendingu hleðsluskírteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að vátryggja varninginn, verður vátryggingarskírteini að fylgja hleðsluskírteini.

Það, sem hér er mælt, á einnig við þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við meðtöku slíks hleðsluskírteinis, sem um er getið í 16. gr.

Nd. **457. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breytingu á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

(Eftir 3. umr í Ed.).

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Styrk þessum skal úthlutað til útgerðar skipa þeirra, sem veiða síldina, enda reki skipið ekki veiði annars staðar en hér við land.

Ed. **458. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Flutningsm.: Steingrímur Jónsson.

Við 1. gr.

Í stað »1000 kr.« í fyrri lið greinarinnar komi: alt að 2000 kr.

Nd.

459. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stj.skl. 3. okt. 1903: »Ráðherra Íslands má eigi ..... falið að veita« falli burt; en í staðinn komi: Landsjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungs fund.

2. gr.

Á eftir 2. gr. stjskr. bætist inn ný grein: Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

3. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti. Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánara ákveðið með lögum.

Hver ráðherra skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni, er honum eru sérstaklega falin, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra, sá er mál skal flytja fyrir konungi, fer, þá er nauðsyn krefur, á konungs fund, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

4. gr.

Önnur og þriðja málsgrein 4. gr. stjskr. falli burt, en í staðinn komi: Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Þó skal engum embættismanni vikið frá til fullnaðar, nema honum sé áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

4. málsgr. 4. gr.: »Með lögum má undanskilja« o. s. frv., falli burt.

5. gr.

8. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Konungur getur rofið neðri deild alþingis og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er hún var rofin og alþingi stefnt saman eigi síðar en næsta ár.

6. gr.

11. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána og ætið skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir. Samþykki alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi, enda sé neðri deild eigi rofin áður en lögmæltur þingtími er úti. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af alþingi.

7. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stj.skr. falli burt, en í þeirra stað komi: Á alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

45. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Alþingi er 2 deildir: efri deild og neðri deild. Efri deild sitja 15 þingmenn, en neðri deild 25. Breyta má tölum þessum með lögum, sé tölu alþingismanna breytt.

9. gr.

16. gr. stjskr. falli burt, en í staðinn komi: Þingmenn neðri deildar skulu kosnir til 6 ára, og fer kosning þeirra allra að jafnaði fram samtímis. Þingmenn efri deildar skulu kosnir til 12 ára, þriðjungur þeirra fjórða hvert ár. — Deyi þingmaður neðri deildar meðan á þingtímanum stendur eða fari frá, skal kjósa þingmann í hans stað, en að eins fyrir það tímabil, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti í efri deild, tekur það sæti varaþingmaður, sá er í hlut á.

10. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Kosningarrétt til alþingis hafa allir karlar og konur, sem eru fullveðja að aldri, þó aldrei yngri en 25 ára, þegar kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda hafi eigi þegið sveitarstyrk síðasta árið, nema hann sé endurgoldinn.

Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan þó eigi kosningarrétt fyrir það.

Með lögum má binda kosningarrétt til alþingis við þekkingarskilyrði.

11. gr.

2. töluliður 18. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

2. hefir að minsta kosti síðasta árið verið heimilisfastur á Íslandi.

3. töluliður 18. gr. í stjskr. falli burt.

12. gr.

Þingmenn efri deildar og jafnmarga varaþingmenn skal kjósa með hlutfallskosningu í einu lagi fyrir land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nákvæmari reglur um kosningarnar.

13. gr.

7. gr. stj.skl. 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Reglulegt alþingi skal saman koma lögmæltan dag annað hvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaþing sé haldið, og kveður þá konungur alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

Breyta má þessari grein með lögum.

14. gr.

Á eftir 19. gr. stjskr. komi ný grein svo látandi: Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

15. gr.

8. gr. stj.skl. 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Fyrir hvert reglulegt alþingi skal, undireins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, sem hafa í för með sér ný eða aukin útgjöld, mega ekki aðrir bera fram á alþingi en ráðherrar og fjárlaganefndirnar í heild sinni í hvorri þingdeild um sig. Breyta má þó þessu ákvæði með lögum.

16. gr.

26. gr. stjskr. falli niður, en í staðinn komi: Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess að tekjur landsins séu þar allar taldar og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta —, hver um sig eða hverir tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það sem er að líða eða liðið er. Sjái þeir nokkuð að athuga, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. stjskr. falli niður, en í staðinn komi: Hvor deild alþingis um sig sker sjálf úr, hvort þingmenn hennar séu löglega kosnir.

18. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga frá 3. okt 1903 falli niður, en í staðinn komi svo látandi ný grein: Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og rétt eiga þeir á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt hafa ráðherrar því að eins að þeir sé jafnframt þingmenn.

19. gr.

Aftan við 45. gr. stjskr. bætist: Breyta má þessu með lögum.

20. gr.

Aftan við 47. gr. stjskr. bætist: Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar, en þeirrar er hann sjálfur aðhyllist; en gjalda skal hann til skóla hin lögboðnu, persónulegu gjöld þjóðkirkjunnar, ef hann sannar ekki, að hann heyri til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur er í landinu.

21. gr.

48. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Hvern þann sem tekinn er fastur skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveðið í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

22. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sérréttindi, er bundin sé við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða. Svo má og enginn maður hér á landi bera neinar orður né titla, er konungur og landsstjórn veiti mönnum.

23. gr.

Nú samþykkir alþingi að gera breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

24. gr.

Hvar sem »ráðherra« er nefndur í eintölu í stjórnarskránni eða stj.skl. 3. okt. 1903, skal svo skilja, þar sem það á við, sem orðið væri í fleirtölu.

Ákvæði um stundarsakir.

1. Í fyrsta sinn, sem kosið er til efri deildar samkv. þessum stjórnarskipunarlögum, skal kjósa 15 þingmenn og 15 varaþingmenn fyrir land alt. Á fyrsta þingi eftir kosninguna skal ákveða með hlutkesti, hverir fari frá eftir 4 ár og hverir eftir 8 ár.

2. Umboð konungkjörinna þingmanna falla úr gildi, þá er kosið hefir verið til alþingis í fyrsta sinn eftir að þessi stjórnarskipunarlög hafa öðlast gildi.

Nd. **460. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um sóknargjöld frá 30. júlí 1909.

Vér, sem hin háttv. neðri deild Alþingis kaus í nefnd til þess að athuga ofanritað frumvarp, höfum orðið sammála um að leggja það til að háttv. deild samþykki það; en þó með nokkrum verulegum breytingum, sem vér viljum láta gera á því.

Tvö eru þau meginatriði frumvarps þessa, sem vér getum ekki aðhylst. — Er annað þeirra það, að víkja frá þeim grundvelli, sem lögin frá 39. júlí 1909 eru bygð á, persónulegu gjaldi eða nefskatti til kirkju og prestlaunasjóðs, og breyta því nú að hálfu leyti í niðurjöfnunargjald eftir efnum og ástæðum. Fyrir slíkri breytingu sjáum vér ekki nein veruleg rök. Og þótt einstöku óskir hafi komið fram um það, að slík breyting yrði gerð, þá álítum vér að hún mundi, yfir höfuð að tala, ekki reynast vinsæl, auk þess sem slík niðurjöfnun mundi mjög víða reynast lítt framkvæmanleg svo í lagi væri.

Hitt meginatriði frumvarpsins, sem vér ekki viljum fallast á, er það, að undanþiggja þá öllu gjaldi til kirkju og prestlaunasjóðs, sem telja sig utan þjóðkirkjunnar, án tillits til þess, hvort þeir gjalda nokkuð eða ekkert til annars löglegs kirkjufélags á landinu; oss virðist sem slíka undanþágu, ef til væri, mætti skoða sem nokkurskonar hvatning frá löggjafarvaldsins hálfu til óráðinna og athugalítilla manna í kirkjulegum efnum, sem nóg er til af, til þess að segja sig úr þjóðkirkjunni, þar eð þeir með því einu gætu leyst sig undan talsverðum útgjöldum, án þess nokkuð komi í staðinn. Og auk þess sem slík ákvörðun yrði að teljast hartnær ósamrýmanleg því sambandi ríkis og kirkju, sem enn á sér stað, þá mundu afleiðingar hennar vera með öllu óútreiknanlegar, og ekki með neinu móti unt að gera áætlun um það tap, sem prestlaunasjóður og hinar einstöku kirkjur kynnu af henni að bíða. Aftur á hinn bóginn getur oss eigi annað virzt, en að eðlilegt sé, að daufdumbir menn og fábjánar séu undanþegnir sliku gjaldi, sem hér um ræðir, svo sem þeir, er ekki geti haft, af ósjálfráðum ástæðum, full not prests og kirkju. — Sama er og að segja um gamalmenni, að þau eiga vegna afturfarar og eðlilegrar hrörnunar, í flestum kringumstæðum, erfitt með að hafa fullkomin not af presti og kirkju, en hafa um langt æfiskeið goldið til hvors tveggja. Þykir oss því hæfa, að nokkurt tillit sé haft til þess, og leggjum þess vegna það til, að þeir séu undanþegnir umræddu gjaldi, sem orðnir eru 75 ára að aldri.

Sú skerðing á tekjum prestlaunasjóðs, sem þessar undanþágur munu valda, nema fyrirsjáanlega svo lítilli upphæð, að ekki virðist horfandi í að gera þær og afla lögunum þar með frekari vinsælda meðal almennings.

En jafnframt því að slíkar breytingar yrðu gerðar, teljum vér nauðsynlegt að nánara verði ákveðið við hvern dag gjaldskylduna skuli miða heldur en nú á sér stað í nefndum lögum frá 30. júlí 1909 um sóknargjöld, og leggjum þess vegna það til að 11. gr. nefndra laga verði breytt í það horf, er taki af öll tvímæli í þeim efnum.

Breytingar þær, sem vér leggjum til að gerðar verði á frumvarpinu, eru því, samkvæmt framansögðu, þessar:

1. Inngangurinn orðist svo:
   Í stað 2. gr., 7. gr., 8. gr. og 11. gr. komi:

2. Í stað 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   Hver maður 15—75 ára að aldri, hvort heldur karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestlaunasjóð, 1 kr. 50 aura á ári. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju, eigi minna en svarar 2 kr. 25 aur. fyrir hvern safnaðarlim 15—75 ára að aldri. Ennfremur eru undanþegnir gjaldi þessu allir daufdumbir menn og fábjánar.
3. Við 2. gr.:
   Í stað 16—66 ára komi: 15—75 ára. Á eftir orðunum í fjórðu málsgrein »og safnaðarfundur« komi: og héraðsfundur.
4. Við 3. gr.:
   Í stað 16—70 ára komi: 15—75 ára.
5. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr. svo hljóðandi:
   Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefnd ókeypis í té skýrslur um manntal safnaðarins 1. des. það ár til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda, enda sé gjaldheimtan miðuð við hið löglega heimili mannsins þann dag og aldur hans á næsta nýári á undan.
6. 4. gr. verður 5. gr.

Alþingi, 31. marz 1911.

Eggert Pálsson, skrifari og framsögumaður. — Pétur Jónsson.

Hálfdán Guðjónsson. — Þorleifur Jónsson.

Með verulegum fyrirvara
Sigurður Sigurðsson, formaður.

Ed. **461. Frumvarp**

til laga um eiða og drengskaparorð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. Staðfesting á heitum.

1. gr.

Þegar einhver fær opinbera stöðu, eða aðra opinbera sýslan eða vegsemdarviðurkenningu, og svo er fyrirskipað í gildandi reglum, að hann skuli

jafnframt vinna eiðfest heit, þá fellur sú eiðtaka framvegis niður, en í stað þess kemur heiti staðfest með æru- og drengskaparvottorði. Undanskildir eru þó eiðar þeir, sem fyrirskipaðir eru í 4. og 30. gr. stjórnarskrárinnar, og skulu þeir unnir á þann hátt, sem nú tíðkast.

II. Staðfesting á vitnaframburði.

2. gr.

Vitnaframburður skal að jafnaði staðfestur með eiði; skal hann unninn á þann hátt, að vitnið lyftir upp hægri hendi og réttir upp þrjá fyrstu fingurna og segir: Eg sver það við almáttugan guð að eg hefi sagt sannleika og ekkert undan dregið.

3. gr.

Vitni, sem eigi er í neinu trúarfélagi hér á landi og enga trú játar, skal staðfesta framburð sinn með drengskaparorði, og fer staðfestingin fram á þann hátt, að vitnið tekur í hönd dómaranum og segir: Eg legg þarvið æru mína og drengskap að eg hefi farið með satt mál og ekkert undan dregið.

4. gr.

Staðfesting á vitnaframburði fer fram að lokinni yfirheyrslu. Í einkamálum fellur hún niður, ef málsaðilar samþykkja.

Áður en yfirheyrsla byrjar skal dómarinn alvarlega brýna fyrir vitninu, að segja satt og jafnframt minna það á þá ábyrgð, er rangur framburður og röng staðfesting hefir í för með sér, og á helgi og þýðingu eiðs þess eða drengskaparorðs, er heimta má að vitnaframburðinum.

Áður en framburður er staðfestur, skal dómarinn, ef ástæða þykir til, enn að nýju minna vitnið á þýðingu staðfestingarinnar; einnig skal því veitt nægilegt ráðrúm til að leiðrétta framburðinn.

Ef vitnið er í kristnu trúarfélagi, og þess er krafist, að það sé ámint um sannsögli, skal áminningin veitt á þann hátt, að lesin sé upp fyrir því áminningarræða sú, sem fyrirskipuð er í tilskipun 22. sept. 1846. Þegar öðruvísi stendur á, skal viðhafa aðra alvarlega áminningu.

Óréttmæt undanfærsla undan staðfestingu á vitnaframburði, skal sæta sömu afleiðingum og óréttmæt undanfærsla undan vitnaframburði.

III. Staðfesting á yfirlýsingu málsaðila og aðrar staðfestingar fyrir rétti.

5. gr.

Nú eru úrslit máls komin undir eiði annarshvors málsaðila, og er honum þá heimilt að staðfesta framburð sinn með drengskaparorði í stað eiðs, ef hann lýsir yfir því við dómara þann, er eiðinn átti að taka, að hann játi enga trú, og færir sönnur á, að hann hafi eigi verið í neinu trúarfélagi hér á landi þá er mál það kom í rétt, er leiða átti til lykta með eiði.

6. gr.

Þarsem staðfesting með eiði að öðru leyti er heimiluð í lögum, svo sem er um staðfesting skoðunar- og matsgjörða, skulu framangreindar reglur, um leyfi til, þegar svo stendur á, að staðfesta með drengskaparorði, koma til framkvæmda á sama hátt.

7. gr.

Staðfesting á skýrslu málsaðila, skoðunar- og matsgjörðum og aðrar staðfestingar fyrir rétti fara fram svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. gr., með þeim breytingum, sem leiða af málavöxtum. Þá er matsgjörðir eru staðfestar, skal eiðurinn að því unninn eða drengskapur við lagður, að starfið sé af hendi leyst og skýrslan gjörð eftir beztu sannfæringu.

Áður en staðfesting fer fram, skal dómarinn áminna og telja um fyrir hlutaðeiganda, svo sem fyrir er mælt í 4. gr., þá er staðfestur er vitnaframburður.

IV. Almenn ákvæði.

8. gr.

Eiðspjöll eða staðfestingu með æru- og drengskaparorði má eigi leyfa:

1. Börnum innan 15 ára.
2. Mönnum, er svo þykir vitsmunavant, að staðfesting mundi vera marklaus.
3. Mönnum, sem uppvísir hafa orðið að röngum framburði eða meinsæri, eða eru undir ákæru fyrir slík brot.

9. gr.

Staðfesting með æru- og drengskaparorði hefir að öllu sama gildi og afleiðingar sem eiðvinning.

Ed. **462. Frumvarp**

til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Framkvæmd laga nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi skal frestað um 3 ára tíma frá 1. jan. 1912 að telja.

Nd. **463. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland 8. nóv. 1901.

Vér leggjum til að gerðar séu nokkrar breytingar á frv., og miða þær

allar til þess að auka tolltekjur landssjóðsins. Ætlumst vér til, að hinir ýmsu óáfengu drykkir, sem nú eru talsvert notaðir, og að líkindum verða meira og meira notaðir framvegis, þá er áfengisdrykkir hverfa úr sögunni, verði *allir* tollskyldir, og ætlumst vér til, að viðaukatillögur vorar við 1. og 3. tölulið 1. greinar taki yfir alla þesskonar drykki undantekningarlaust, og hverju nafni sem þeir nefnast. Gerum vér ráð fyrir, að hér fáist ekki óverulegur tolltekjuauki sem fari vaxandi og verði að því leyti næsta ábyggilegur. En að svo stöddu er auðvitað ekki unt að gera ábyggilega áætlun um þann tekjuauka.

Um hækkun þá, er vér leggjum til að gerð sé á tolli af kaffi, sykri og kakaódufti, kann sitt að sýnast hverjum. En vér viljum leiða athygli að því:

1. Breytingar þær, er ottlega verða á markaðsverði þessara vörutegunda, eru svo stórar, að þessi hækkun, 2 aurar á kaffipundi og 1 eyrir á sykurpundi, eru nærri að segja hverfandi á móts við þær verðbreytingar, og munu neytendur því næsta lítið verða varir hækkunar þeirrar, er hér er farið fram á.

2. Tollur af þessum vörum er einna jafnaðarfyllstur þeirra tolla, sem um getur verið að tala hér hjá oss, og auk þess einna ábyggilegastur sem fastur og stöðugur tekjustofn fyrir landssjóðinn.

3. Þótt þessi hækkun komist á, verður tollurinn samt sem áður miklu lægri en hjá flestum öðrum þjóðum.

4. Þessi litla og ótilfinnanlega hækkun mun gefa landssjóði tiltölulega næsta verulegan tekjuauka, 50—60 þús. krónur á ári.

Vér ráðum því háttv. þingdeild til að samþykkja þessar breytingartillögur vorar, er vér teljum að miði talsvert til að bæta fjárhagsútlit landssjóðsins á næsta fjárhagstímabili. —

Neðri deild, 3. apríl 1911.

Ólafur Briem, form. og framsögum.	Jón Jónsson S.-M., skrifari.
Jón Sigurðsson.	H. Hafstein.
Benedikt Sveinsson.	Magnús Blöndahl. Sigurður Gunnarsson.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland 8. nóv. 1901.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. 1. Eftir »öli« bætist inn í: límónaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar.

2. Við 1. gr. 3. Liðurinn orðist svo:
Af rauðvíni og samskonar borðvínum (eigi freyðandi), af messuvíni, svo og af óáfengum ávaxtavínum, ávaxtasafa og öðrum drykkjarföngum, sem ekki eru talin í öðrum liðum,

hvort sem þau eru áfeng eða ekki, kr. 0,50 af hverjum mæli (lítra).

3. Við 1. gr. Eftir 4. tölul. komi nýr liður svohljóðandi:
Af sódavatni kr. 0,02 af hverjum mæli (lítra).

4. Við 1. gr. Orðið »vog« breytist alstaðar í tvípund.

5. Við 1. gr. 8. Fyrir: »26 aura« komi: 30 aura.

6. Við 1. gr. 9. Fyrir: »36 aura« komi: 40 aura.

7. Við 1. gr. 10. Fyrir: »13 aura« komi: 15 aura.

8. Við 1. gr. 13. Fyrir: »26 aura« komi: 30 aura.

Ed. **464. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 20. og 29. grein laga nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Frá Sigurði Hjörleifssyni.

2. gr. orðist svo:

Endurskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins skulu vera tveir. Auk reiknings bæjarsjóðsins skal þeim og skylt að endurskoða alla reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.

Ed. **465. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (þingskj. 295).

Nefndin hefir athugað frumvarpið allrækilega og ræður háttvirtri deild til að gera við það nokkrar breytingar. Leyfum vér oss að gera hér grein fyrir þessum breytingartillögum.

4. gr.

Við 2. umræðu í neðri deild var bætt nýjum lið inn í þessa grein: Til brúargerðar á Hölkná í Þistilsfirði 4500 kr.

Nefndin leggur til að upphæð þessi verði færð niður í 3500 kr., og ætlast til að héraðið greiði það, sem á vantar byggingarkostnaðinn.

Þá hefir nefndinni borist erindi úr Strandasýslu um styrk til brúargerðar á Víðidalsá í Steingrímsfirði. Eftir áætlun landsverkfræðingsins kostar brú þessi (járnbrú) 2,000 kr. og er þegar með samskotum safnað fullum 600

krónum. Þar sem ástæður virðast hér svipaðar og með Hölknárbrúna leggur nefndin til að veittar verði til þessarar brúargerðar 1000 kr.

Nefndin vill þó binda fjárframlög til beggja þessara brúa því skilyrði, að það verði járnbrýr, þar eð hún telur óheppilegt að veita fé úr landssjóði til trébrúa, sem eru miklu endingarminni og viðhaldsfrekari.

Þá ræður meiri hluti nefndarinn til að fella burt 40,000 kr. til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja Er það álit vort að slíkt samband mundi verða miklum mun gagnsminna fyrir Vestmannaeyjar en símasamband, en jafnframt miklu dýrara fyrir landssjóð, þar eð starfræksla síma ekki mundi kosta landssjóð nema nokkur hundruð krónur á ári, en starfræksla loftskeytasambands, eftir áætlun fyrverandi stjórnar, ca. 6,000 kr. á ári, sambr. frumvarp til fjárlaga fyrir 1912/13 13. gr. D. III. 8. og 9. Stofnkostnaður er nokkru meiri við loftskeytasamband en við símasamband, en eftir því sem næst verður komist tekjurnar talsvert minni. Þá ber og að geta þess, að Vestmannaeyingar mótmæla loftskeytasambandi, og hafa áður tjáð sig fúsa til að leggja fram nokkurt fé til símasambands.

Nefndin lítur svo á, að 2000 kr. muni nægja til að byggja viðunandi íbúðarhús handa vitaverðinum á Siglunesi og leggur því, til að lækka fjárveitingu stjórnarinnar um 1000 kr. Enn fremur er nefndin sammála um að 300 kr. launaviðbót sé nægileg handa vitaverðinum. Með 900 kr. árslaunum hefir hann um 100 kr. á mánuði þann tíma ársins sem kveikt er á vitanum, og auk þess bústað endurgjaldslaust og er laus við störf sín ca. 3 mánuði ársins, einmitt þegar einna bezt atvinnuvon er á Siglufirði. Nefndin leggur því til að launaviðbót vitavarðarins fyrir árið 1911 verði færð niður í 150 krónur.

5. gr.

Meiri hluti nefndarinnar er samdóma háttvirtri neðri deild um að rétt sé að háskóli Íslands verði settur á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar 17. júní þ. á., þannig að laun háskólakennaranna verði greidd frá 1. okt. þ. á., er hann væntanlega tekur til starfa. En af þessu leiðir að veita ber á fjáraukalögum útgjaldaaukann fyrir síðustu 3 mánuði þ. á., er nemur 3450 kr.

Nefndin leggur til að fella burt byggingarstyrk til kvennaskólans á Blönduósi.

Nú, er skólahúsið á Blönduósi er brunnið, þykir rétt að menn átti sig vel á því, áður en veitt er fé til tiltekins staðar, hvort vera skuli nema einn kvennaskóli í landinu, eða, nægi það ekki, hvar Norðurlandsskólinn þá skuli vera.

7. gr.

Stjórnin hefir veitt síldarmatsmanninum á Akureyri samtals kr. 1536,25 til ferðakostnaðar til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum, án þess fjárveiting væri fyrir nema í hæsta lagi 600 kr. Er nú leitað aukafjárveitingar á kr. 396,25 af þessari upphæð, og getur nefndin eftir atvikum fallist á að veita hana, en vill jafnframt taka fram, að þessi ráðstöfun stjórnarinnar er vítaverð, enda hefir stjórnin enga skýrslu lagt fyrir þingið um ferðina.

8. gr.

Nefndin leggur til, að ekkjufrú Björgu Einarsdóttur verði veitt 200 kr. eftirlaun fyrir árið 1911.

Samkvæmt þessu leggjum vér til, að gerðar verði á frumvarpinu eftirfarandi breytingar:

1. Við 4. gr. B. XIII. Fyrir: »4500« komi: 3500.
2. — - — Á eftir B. XIII. komi nýr liður: Til brúargerðar á Víðidalsá í Steingrímsfirði 1000.
   Fjárveitingin til beggja brúanna er bundin þeim skilyrðum, að héruðin greiði það sem á vantar byggingarkostnaðinn, og að brýrnar séu járnbrýr.
3. — - — D. II. Liðurinn falli burt.
4. — - — E. V. Fyrir »3000« komi: 2000.
5. — - — — — Fyrir »300« komi: 150.
6. — - — — — Fyrir »3300« komi: 2150.
7. Við 5. gr. B. I—III Í krónudálkinn færist kr. 3450.
8. — - — B. VII. Liðurinn: »Byggingarstyrkur til kvennaskólans á Blönduósi 6000« falli burtu.
9. Við 8. gr. Á eftir orðunum: »eftirlaun 600 krónur« bætist inn í: og ekkjufrú Björgu Einarsdóttur 200 kr.

Alþingi, 3. apríl 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður.
Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson. Sigurður Hjörleifsson. Stefán Stefánsson.

Ed.

466. Nefndarálit

um frumvarp til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og ræður háttvirtri deild til að samþykkja það, þó með þessum breytingum, sem í rauninni ekki eru efnisbreytingar:

Við 1. gr. Í stað: »að því leyti sem« og til enda greinarinnar komi: þó á þetta að eins við þær fræðigreinar, sem þar eru kendar og próf er haldið í.
Við 2. gr. Í stað: »háskólaráðs« komi: háskólaráðsins.
   Í stað: »að því er tekur til kennaraembætta við háskólann sjálfan« komi: sé um kennaraembætti við háskólann að ræða.
Við 3. gr. Í stað: »hér« komi: hér á landi.

Við 4. gr. Í stað: »5 árum eftir að hann« komi: innan 5 ára eftir að háskólinn.
Í stað: »eigi síðar en 5 árum« komi: innan 5 ára.

Efri deild alþingis, 3. apríl 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður.	Ari Jónsson, skrifari og framsm.	Eiríkur Briem.

Nd. **467. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa, samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907, greiðir í sjóðinn á ári hverju 1% af kennaralaunum sínum upp að 500 kr., 1½% af næstu 500 kr. og 2% af því, sem er yfir 1000 kr.

2. gr.

2. gr. laga nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum, er hér með úr lögum numin.

Nd. **468. Tillaga**

til þingsályktunar um landhelgisgæzlu við Ísland.

Frá Jóni Þorkelssyni, Sigurði Gunnarssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Benedikt Sveinssyni, Jóni Jónssyni frá Hvanná, Þorl. Jónssyni, Magnúsi Blöndahl og Skúla Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar að lýsa yfir því, að það sé rétt að Ísland leggi fé til landhelgisgæzlu Dana hér við land, þegar rétt hlutaðeigandi stjórnarvöld Danmerkurríkis viðurkenna að landhelgi landsins heyri Íslendingum einum til, og að gæzla hennar eigi að fara fram í umboði þeirra.

Ed. **469. Frumvarp**

til laga um breyting á 20. og 29. grein laga nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjö menn skulu framvegis eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins.

2. gr.

Endurskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins skulu vera tveir. Auk reiknings bæjarsjóðsins skal þeim og skylt að endurskoða alla reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.

Ed. **470. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Flutningsm.: Steingrímur Jónsson.

Við 1. gr.

Í stað »1000 kr. á ári« í fyrri lið greinarinnar komi: alt að 2000 kr. á ári eftir úrskurði konungs.

Nd. **471. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 422.

Frá Jóni Þorkelssyni, Benedikt Sveinssyni, Jóni Jónssyni frá Hvanná, Sigurði Gunnarssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Magnúsi Blöndahl og Skúla Thoroddsen.

Tillagan orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar, — jafnframt því sem samþykt er breyting á ýmsum atriðum í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum frá 3. okt. 1903 um breyting á nefndri stjórnarskrá, — að lýsa yfir því, með skírskotun til Alþingissamþyktar frá 19. ágúst 1871 (Alþingistíðindi 1871, I, 905; II, 556—558, 634), að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. janúar síðastnefnt ár (1871) geti ekki viðurkenst skuldbindandi fyrir Ísland.

Ed.

472. Nefndarálit

um frumvarp til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta (þingskj. 219).

Eftir því sem árin hafa liðið, hafa kröfurnar um aukinn rétt kvenna orðið æ kröftugri. Nú er svo komið, að fjöldinn allur af landsmönnum lætur sér ekki annað lynda en að kvennmenn njóti í öllum greinum sama réttar að lögum, sem karlmenn hafa. Af þessum rótum er frumvarp það runnið, sem hér ræðir um, og háttvirt deild hefir falið oss til athugunar.

Um réttindi þau, sem frumvarpið fer fram á að kvenmönnum séu veitt, skal það tekið fram, að nefndin sér ekkert ísjárvert við að þau séu veitt að lögum, að einu atriði undanteknu.

Nefndin verður að telja það sjálfsagt, að sérhver einstaklingur þjóðfélagsins hafi rétt til þess að láta alla góða hæfileika sína þroskast eftir föngum, hvort heldur einstaklingurinn er karl eða kona. En skólar þeir, sem þjóðin hefir komið á fót og heldur uppi, eru til þess ætlaðir, að þangað geti menn sótt aukinn þroska. Gildir þetta jafnt um alla skóla, þótt markmið þeirra sé að öðru ólíkt. En af þessu leiðir þá, að rétt verður að telja, að konum jafnt og körlum veitist aðgangur að öllum skólum landsins, jafnt þeim æðri sem hinum lægri. Og hafi konurnar fengið rétt til þess að ganga í skólana og sækja um embætti, þá er og eðlilegt að láta þær njóta sama stuðnings við námið og karlar hafa, jafnt fjárstyrks sem annara hlunninda.

Kemur þá til athugunar hvort rétt sé og æskilegt að konur fái rétt til embætta með sömu skilyrðum og karlar. Mörgum kann að virðast þetta viðsjárvert sökum þess, að embættin hér á landi eru allerfið, að því er snertir ferðalög þau, sem mikill fjöldi af embættismönnum vorum verður að hafa. Og þeir eru vafalaust ekki allfáir meðal vor, sem telja embættin hér á landi of erfið konum fyrir þessa sök. En þá er á það að líta, þó nokkuð kunni að vera í þessu hæft eins og nú er ástatt, þá getur naumast nokkur veruleg hætta af því stafað. Fyrst er það, þegar samgöngur batna til muna, sem eflaust hlýtur að verða með tímanum, þá minka örðugleikarnir við ferðalögin. Annað er það, að mikil ferðalög fylgja eigi nema sumum embættum hér á landi, svo að allmörg embætti gætu verið nothæf konum fyrir þá sök, þótt þau þeirra gengi undan, sem erfiðust ferðalög fylgja. Og loks má telja líklegt, að þær konur verði fremur fáar, sem um embætti vildu sækja, að minsta kosti hin erfiðari þeirra.

Nefndin getur því ekki séð neinar verulegar ástæður, er á móti því mæli, að konum veitist réttur til embættisstarfa með sömu skilyrðum og körlum. Þó er nefndin, sem heild, í nokkrum vafa um hvort rétt sé að veita konum aðgang að prestsembættum. Það stafar þó ekki af því, að nefndin efist um hæfileika kvenna í þessa átt, heldur eingöngu af ótta fyrir því, að af þeirri nýbreytni kynni að rísa óþarfur ágreiningur meðal þjóðarinnar. Og með því nefndin telur líklegt, að eigi muni margar konur æskja þess að verða prestar, þá telur hún það þýðingarlítinn réttindamissi fyrir konur, þó þessi undantekning sé gerð.

Samkvæmt því, sem hér hefir sagt verið, vill nefndin leggja til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið með tveim breytingum, og er önnur þeirra að eins orðabreyting.

BREYTINGARTILLÖGUR vorar eru:

1. Í stað orðanna: »konur« í 1.—3. gr. komi: kvennmenn.

2. Á eftir orðinu »embætti« í 3. gr. bætist inn í orðin: annara en prestsembætta.

Sigurður Hjörleifsson, formaður.

Með fyrirvara snertandi br.till. 2.
Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.

Eiríkur Briem.

Nd. **473. Frumvarp**

til laga um stofnun húsmæðraskóla.

Frá bændaskólanefndinni.

1. gr.

Á Eiðum í Fljótsdalshéraði skal stofna húsmæðraskóla með því markmiði, að veita konum þá kunnáttu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er hverri húsmóður í búanda stöðu og gerir hana færa um köllun sína. Skólinn skal hafa nauðsynleg afnot af jörðinni Eiðum.

2. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir yfirumsjón skólans. Það skipar forstöðukonu fyrir skólann, og hefir hún á hendi daglega stjórn skólans og skólaheimilisins. Að öðru leyti eru forráð skólans falin 3 manna nefnd og er forstöðukonan sjálfkjörin í hana. Meðstjórnendur hennar eru kosnir til 4 ára hvor, þannig, að sýslunefndir Múlasýslna kjósa annan, en stjórn Búnaðarfélags Íslands hinn. Gengur annar þeirra úr nefndinni eftir hlutkesti, þá er 2 ár eru liðin frá því stjórn var sett, og síðan á víxl, þá er kjörtími hvers um sig er liðinn.

3. gr.

Forstöðukona hefir á hendi kenslu við skólann, og skal hún hafa leyst af hendi próf, er sýni, að hún sé fær um kenslu í hinum helstu námsgreinum hans. Hún hefir að launum 1200 kr. á ári auk leigulauss bústaðar í skólanum.

Skólanefnd ræður þá kennara aðra, er nauðsyn krefur, með samþykki stjórnarráðs.

4. gr.

Skólinn hefir á hendi bæði bóklega og verklega kenslu. Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í fræðigreinum þeim, er að húsmóðurstörfum lúta. Auk þeirrar kenslu skal sérstök áherzla lögð á, að nemendur læri að tala og rita móðurmálið vel og skipulega, enn fremur sögu og landafræði Íslands og í sambandi við söguna sé sérstaklega skýrð þýðing

konunnar fyrir heimili og þjóðfélag. Þá skal og kenna reikning og reikningsfærslu.

Verklega kenslan fer fram með munnlegri tilsögn og verklegri æfing í nauðsynlegum heimilisstörfum kvenna, og skal þar einkum kappkosta að innræta nemendum hagsýni, þrifnað og áhuga í verkum, reglusama vinnustjórn og heimilisforstöðu. Kenna skal ennfremur dráttlist, söng og leikfimi, svo sem tími og kenslukraftar leyfa.

5. gr.

Aðalnámsskeið sé alt að 7 mánuðum (frá október til maí) ár hvert. En auk þess skulu vera tvö námsskeið stutt á skólanum, annað að vori, þar sem nemendur fá tilsögn og æfing í garðrækt og fleiri vorstörfum, hitt að hausti, og fá þá nemendur á sama hátt kenslu í notkun og geymslu garðávaxta (matjurta) svo og geymslu matvæla og fleiru, er að hauststörfum lýtur. Heimilt er konum utan skóla að sækja kensluskeið þessi, eins og rúm leyfir á skólanum. En þó skulu hinir föstu nemendur sitja þar í fyrirrúmi.

6. gr.

Skólinn á að geta tekið á móti alt að 30 nemendum, er jafnframt hafi heimavistir í skólanum. Skal skólastjórnin sjá um, að nemendur geti komið á sameiginlegu mötuneyti.

7. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð fyrir skólann með samráði við skólastjórnina. Sé þar, meðal annars, kveðið á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburði.

8. gr.

Stjórnarráðið skal með aðstoð og ráði skólanefndar sjá um, að hæfilegur búskapur sé rekinn á skólajörðinni bæði eftir þörfum skólans og til þess að viðhalda ræktun jarðarinnar. Reka má búskap þennan á landssjóðs ábyrgð, ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Kostnaður við að gera skólann úr garði, svo og kennaralaun og annar árlegur kostnaður greiðist úr landssjóði.

10. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er sýslunefndirnar í Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu hafa afhent landsstjórninni sem móttakanda fyrir landsins hönd Eiðaskólaeignina alla í föstu og lausu til fullrar eignar og umráða með öllum skyldum og réttindum, enda taki landið að sér að greiða skuldir þær, er hvíla á eigninni og sýslufélögunum vegna Eiðaskólans.

Nd. **474. Nefndarálit**

um frumv. til laga um viðauka við lög um bændaskóla 10. nóv. 1905.

Nefndinni hefir borist tilboð frá sýslunefndum beggja Múlasýslna á sameinuðum fundi þeirra 3. sept. f. á. þannig hljóðandi:

»Fundurinn ákveður að bjóða landinu að eignast Eiðaskólaeignina, fasta »og lausa, gegn því, að skólinn verði látinn sæta sömu kjörum og hinir »bændaskólarnir, og væntir fundurinn þá, að landið taki að sér skuldir þær, »að upphæð 18,000 krónur, sem á Múlasýslum hvíla vegna skólans«.

Eignir þær, er hér ræðir um, eru samkv. eignareikn. í fard. 1910:

1.	Jörðin Eiðar með hjáleigum og fleiri jörðum, alls 7 jarðir, virðingarverð	12,050 kr.
2.	Nýtt skólahús úr steinsteypu (34 þús.), annað gamalt, úr timbri, bæjarhús önnur og peningshús virt	37,830 —
3.	Húsgögn, búsáhöld, kensluáhöld o. fl.	2,689 —
4.	Lifandi búpeningur...	8,465 —
5.	Útistandandi...	500 —
	Alls...	61,534 kr.
	Hér í 36 kirkju-kúgildisær og sjóðeign Eiðakirkju ca....	875 —
	Eftir...	60,659 kr.

Nefndin gengur nú að því vísu, að tilboð sýslunefndanna miði sig við eignirnar, samkvæmt framannefndri eignaskrá, og að lausaféð yrði afhent, ef til kæmi, ekki rýrara en það var í fard. 1910. Hefir hún átt kost á að kynna sér, að virðing þessi er sérlega væg, t. d. ærin á 13 kr., sauður á 11 kr., gemlingur á kr. 7,75. Einnig er væg virðing á jarðeignunum. Þar á móti mun skólahúsið vera of hátt metið, þótt það kostaði meira og sé gott hús. Má ætla, að eftir tilboðinu sé landssjóði hér framboðin um 40 þús. kr. skuldlaus eign. En þar af hefir landssjóður lagt fram áður til skólahússins 20,000 kr. — Þannig liggur þá mál þetta fyrir nefndinni. Er það ljóst, að það kostar ekki stór útgjöld fyrir landssjóð til *stofnkostnaðar*, að setja þarna á fót þriðja landsskólann fyrir bændaefni, umfram þau 18 þús. króna, sem sýslunefndirnar skulda vegna skólans. Þar á móti: árskostnaður til bændaskólanna mundi aukast alt að þriðjungi; því verklega kenslan sem styrkt hefir verið á Eiðum má ekki frekar leggjast niður þar eftir en áður.

Þegar bændaskólalögin voru samin og samþykt vakti það fyrir, að 2 slíkir skólar í sambandi við verkleg námsskeið víðsvegar á landinu gætu fullnægt fleiri nemendum og int af hendi meiri og betri kenslu, en þeir 4 búnaðarskólar, sem þá voru fyrir, með þeirra fyrirkomulagi. Þetta hefir og reynslan sannað. Að því leyti hafa engir tapað við breytingu þá, er varð með bændaskólalögunum, nema í því einu, að Austfirðingar og Vestfirðingar hafa átt lengri sókn til bændaskólanna en til sinna eigin búnaðarskóla áður. En þeir hafa líka átt kost á mikið meiri kenslu, bóklegri og verklegri, en áður. En þessir skólar 2 hafa alt að þessu verið af nokkrum vanefnum stofnsettir og reknir, og eru það raunar enn. Af þeirri ástæðu virðist ekki heppilegt að fjölga slíkum skólum, fyr en þeir sem nú eru til, eru að öllu úr garði gerðir sem þarf, en á hinn bóginn sýnilegt, að þeir fullnægja ekki aðsókninni.

Þá er og önnur ástæða. Sú jafnréttiskrafa hefir komið fram, að landið

ætti engu síður að sinna húsmæðraefnunum, en bændaefnunum, og þegar 2 bændaskólar eru komnir sæmilega á fót sé sjálfsagt, áður en þeim er fjölgað, að koma á fót einum eða tveim húsmæðraskólum eða búnaðarskólum fyrir konur, þar sem þeim væri veitt nauðsynleg sérmentun húsmæðra. Þessari kröfu verður ekki með neinum rétti vísað frá, enda kæmi það illa heim við þær jafnréttiskröfur kvenna, sem nú hefir verið og er framfylgt í öllum öðrum efnum hjá oss, og þegar eru viðurkendar.

En fjölgun bændaskólanna úr 2 í 3 mundi vafalaust tefja fyrir framgangi húsmæðraskóla, því það er víst, að það hefir verið kostnaðaratriðið, sem hindrað hefir framgang húsmæðraskólamálsins á þingi, og það mundi skjóta húsmæðraskólastofnun á enn lengri frest, einmitt af kostnaðarástæðum, ef nú kæmist að nýr bændaskóli.

Af þessum ástæðum hefir nefndin snúist að því ráði, að gera Múlsýslingum kost á, að snúa Eiðaskólanum upp í húsmæðraskóla, og að ráða alþingi til, að gera þann undirbúning af sinni hálfu, sem með þarf til þess. Leyfir nefndin sér því að leggja fram fyrir hina háttvirtu deild frumv. til laga um stofnun húsmæðraskóla á Eiðum, er sé landsskóli á sama hátt sem bændaskólarnir.

Til skýringar á frumv. því, er vér leyfum oss að leggja fyrir hina háttv. deild, og máli þessu yfir höfuð, viljum vér skírskota til skjalaparts alþingistíðindanna 1907, þingskjal 99 og 512 (um frumvarpið), skjalap. 1909, þingskj. 617. Í hinu síðastnefnda þingskj. er rætt um húsmæðrafræðslu með styttri og lengri námsskeiðum, eins og hún nú tíðkast í Noregi og Danmörku. Viljum vér taka það fram, að húsmæðraskóli, eins og frumv. mælir fyrir um, er nauðsynleg undirstaða fyrir hin styttri námsskeið, sem ætla má að komist hér á með tímanum, og flestar húsmæður ættu að geta notað sér. Konur, sem vildu taka að sér húsmæðrafræðslu, gætu þá gengið á innlendan skóla til byrjunar, síðan komist á skóla fyrir kenslukonur í húsmæðrafræðslu erlendis, í stað þess, að nú verða þær að ganga þar einnig á undirbúningsskóla. Þar að auki er skóli þessi nauðsynlegur fyrir þær konur, sem ráð hafa á og vilja afla sér meiri sérfræðslu í húsmóðurstörfum, en fengist getur með hinum styttri námsskeiðum í matreiðslu.

Um hinar einstöku greinar frumv. viljum vér til nánari skýringar gera þessar athugasemdir:

Við 1. gr.

Markmið skólans er sett hátt, þó byrjun sú, er frumvarpið til tekur að öðru leyti, sé smá. Skólinn þarf að vaxa upp og þroskast með verkefni sín, og er mest um vert, að byrjun þessi hafi framþróunarskilyrðin í sér fólgin. Skóli á Eiðum fullnægir því, sem flestir setja að frumskilyrði húsmæðraskóla fyrir sveitakonur, að hann er í sveit í góðu héraði, og á að geta haft á sér sveitalífsbrag. Hann á að geta haft þau not og hlunnindi af sveitabúi, sem nauðsynleg eru. Hugsar nefndin sér, að jörðin Eiðar sé leigð hæfum manni, til þess að viðhalda vel jörðinni og halda uppi búinu, svo að þar sé t. d. nægilega margar kýr til afnota og til kenslu mjalta og kúahirðingar. Leiguliði sá þarf og að öðru leyti að vera skólahaldinu til góðs stuðnings. Fáist eigi slíkur leiguliði, er auðvitað ekki undanfæri, að reka þar búskap á skólans kostnað og ábyrgð landssjóðs. Geta má þess, að gróðrarstöðin á Eiðum verður að sjálfsögðu til afnota og mikils hagræðis við kenslu nemenda í matjurtarækt og enda tilsögn í trjáplöntun. Og

að sjálfsögðu verður að undanskilja leiguliðanotum þá reiti og þau hlunnindi jarðar, sem skólinn kynni sjálfur að þurfa, til frjálsra nota.

Við 2. og 3. gr.

Mikið veltur á því, að forstöðukona skólans, sem jafnframt sé aðalkenslukona, sé vel valin að öllu leyti, og hafi þá kunnáttu, sem með þarf. Hún þarf að hafa almenna mentun í góðu lagi og þess utan að hafa tekið próf sem kenslukona í húsmæðrafræðslu, eigi síðra en slíkar kenslukonur í Noregi eða Danmörku. Að öðru leyti vill nefndin ekki ákveða nánar í frumv. um kenslukraftana, heldur láta reynzluna vera þar til lærdóms fyrst um sinn. Ætlast því nefndin til, að landsstjórnin hafi 3ja manna skólanefnd sér til ráðaneytis og framkvæmda í þessu efni, o. fl. Tekur þá héraðið, sem skólinn er í, með því móti þátt í stjórn og forstöðu skólans, og ætti það að miða til eflingar honum og vinsælda.

Við 4. gr.

Fræðigreinar þær, er skólinn á að kenna, verða að teljast upp í reglugerð hans. En í frumvarpinu er talið upp það sem nefndin telur með helztu undirstöðuatriðum þjóðlegrar menningar; en það er móðurmál og saga landsins í sambandi við iðjusemi, hagsýni og hreinlæti, þannig kent, að það veki og göfgi smekk og þjóðernistilfinningu kvenna. Hafa hin góðu sveitaheimili fyr á tímum með tóvinnu og sögulestri á kvöldvökunum verið nokkurs konar skólar í þessa átt, þótt í smáum stíl hafi verið og of fáum greinum.

Raunar telur nefndin varhugavert, að hrúga saman mjög mörgum námsgreinum á skóla þennan, en drættlist, söng og leikfimi hefir hún þó viljað taka með, en með fyrirvara á meðan eðlileg vanefni eru á að fullnægja því.

Við 5. gr.

Námstíma höfum vér eigi viljað ákveða lengri en eitt vetrarskeið, auk smærri námsskeiða sem eingöngu eru verkleg, og hugsum oss, að aðalnámsskeiðið, 7 mánuðir, byrji um miðjan október, að loknum sláturstörfum, og endi um miðjan maí, eða þá er voryrkjur byrja. Aukanámsskeiðunum má þó haga svo, að þau séu í samhengi við aðalnámsskeiðið. Þegar vel vorar geta voryrkjur verið komnar all-langt á leið í miðjum maí, en líkl. mætti þó haga svo til, að nemendur væri eigi alveg bundnir við námið inni við.

Við 6. gr.

Nemendatala er afmörkuð við stærð skólahússins á Eiðum við 25—30 nemendur, enda efasamt að heppilegt sé, sökum verklegu kenslunnar og þess heimilisbrags, sem á skólanum þarf að vera, að hafa hana stærri. Félagsskapur með nemendum um fæði og helzt kenslukonum líka, virðist nauðsynlegur. Þar er verkefnið fyrir kensluna í matreiðslu o. fl. er kenna þarf. Auk þess hefir sú tilhögun hingað til reynst beinn og óbeinn hagur nemendum.

Við 7. gr.

Í reglugerð skólans þarf að setja reglur um inntökuskilyrði á skólann. Þurfa þau að tryggja það, að nemendur fullnægi meira en að nafni til fræðsluskilyrðum þeim, er gildandi fræðslulög setja 14 ára unglingum. Æskilegt væri, að fara mætti þar feti framar, svo að hin almenna fræðsla tefði ekki um of sérfræðsluna þennan stutta tíma, sem námsskeiðið stendur. —

Við 8. gr.

Húsmæðraskólans vegna væri ekki nauðsynlegt, að hafa annan búpening á skólajörðinni en kýr, og ef til vill alifugla. En með því jörðin er einkum sauðjörð verður hún ekki nýtt að fullnustu nema sauðfjárbúskapur sé líka. Þessvegna mun þýðingarmikið, að fá góðan mann til að leigja jörðina og reka þar búskap á eigin ábyrgð, en hann þarf að reka búskapinn svo vel og búmannlega, að skólinn hafi þar fremur gagn af en ógagn. Heppnist eigi að fá þann mann, er skólanum væri samhentur, væri hugsanlegt að fá mann, er héldi uppi sæmilegum sauðfjárbúskap á jörðinni, en skólinn hefði meiri hluta túns og eitthvað af engi til þess að reka kúabú hæfilega stórt. Þó ætlast nefndin til að eigi komi til slíks búskapar á landssjóðsábyrgð nema brýn nauðsyn krefji eða einsýnn hagnaður sé að.

Við 10. gr.

Gangi allar eignir Eiðaskólans til hins fyrirhugaða húsmæðraskóla, má telja, að Múlasýslurnar leggi skólanum til 20,000 kr. virði í skuldlausri eign, þegar frá eru dregnar þær 20,000 kr. sem landssjóður hefir nýlega lagt til skólahússins, og er það í samræmi við það, þegar skólarnir á Hólum og Hvanneyri voru gerðir að bændaskólum. Hlutaðeigandi héruð áttu þar talsverða skuldlausa eign og lögðu hana til.

Vill nefndin í þessu sambandi geta þess, að hún væntir þess um svokallaðan kvennaskólasjóð, sem til er á Austurlandi, að hann verði til afnota fyrir Eiðaskólann, ef hann verður húsmæðraskóli, en þó að vísu með þeim skilyrðum um hagnýting sjóðsins, sem forráðamönnum hans kemur saman um við stjórnarráðið.

Alþingi, 3. apríl 1911.

Jón Jónsson frá Hvanná, formaður.
Pétur Jónsson, skrifari og framsögum.
Jón Jónsson S. M.
Sigurður Gunnarsson.
Með fyrirvara
Björn Sigfússon.

Nd. **475. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903. (Þingskj. 459).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt; en í stað hennar komi: Ráðherra skal vera einn; en fjölga má ráðherrum með sérstökum lögum.

Konungur skipar ráðherra og leysir hann eða þá frá embætti. Verði ráðherrar tveir eða fleiri, skiftir konungur störfum með þeim, og kveður þá einn til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnu. Starfssvið ráðherra og ráðherrastefnu skal nánar ákveðið með lögum.

Meðan ráðherrum er ekki fjölgað, skal landritari, ef ráðherra deyr, eða ráðherra hefir fengið lausn, gegna ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra.

Ráðherra fer, þá er nauðsyn krefur, á konungsfund, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum. Verði ráðherrar tveir eða fleiri, skrifar hver ráðherra undir með konungi ályktanir um þau málefni, er honum eru sérstaklega falin, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hins eða hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann aðeins ábyrgð á því, að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins, með því að setja nafn sitt undir það.

2. Hvar sem minst er á ráðherra í fleirtölu í frumvarpinu, breytist samkvæmt þessu í eintölu.

Ed.

476. Nefndarálit

um frumvarp til laga um afnám fóðurskyldu svonefndra Maríu- og Péturslamba. (Þingskj. 220).

Nefnd sú, er háttvirt deild kaus til að athuga frumvarp þetta, hefir ekki orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar ræður til, að samþykkja frumvarpið óbreytt, af því hann telur kvöð þessa, er að eins hvílir á nokkrum búendum í Norður-Múla og Norður-Þingeyjarsýslum, rangláta og úrelta, ekki síst nú, er gjöldum til presta hefir verið algerlega breytt, enda hefir óánægja gjaldendanna verið megn, þar sem mál þetta hefir verið flutt margsinnis á þingi.

Að vísu verður því eigi neitað, að endurgjaldslaus eftirgjöf þessarar kvaðar muni hækka jarðirnar í verði, og þannig auðga eigendurna. Væri því nokkur ástæða til að krefjast endurgjalds af þeim fyrir afnám fóðurskyldunnar. En hér er að eins um lítilfjörleg útgjöld að ræða fyrir prestlaunasjóð, ekki sízt, þegar $^1/_4$—$^1/_3$ jarðanna er opinber eign, en hins vegar að vorri hyggju hæpið, að jarðareigendurnir mundu kaupa kvöðina, þó heimildarlög væru samþykt eins og minni hluti nefndarinnar í neðri deild lagði til.

Minni hluti nefndarinnar gerir sérstaklega grein fyrir áliti sínu hér á eftir.

Efri deild alþingis, 1. apríl 1911.

Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður. Stefán Stefánsson.

Eg hef ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum samdóma í þessu máli.

Málið er óbrotið og þarf ekki mörgum orðum um það að fara. Það er

bersýnilegt, að afnám það, sem frumvarpið fer fram á, á kvöðum þeim, sem hér ræðir um, er bein gjöf af hálfu hins opinbera, sem ekki hefir annað augnamið en það, að láta undan kröfum, sem að vísu hafa oft komið fram, en jafn oft verið vísað frá, sem óréttmætum, enda eru þær það.

Það kemur ekki nú til greina hvernig þessar kvaðir eru að upphafi til komnar. Núverandi eigendur jarðanna hafa eignast þær með kvöðunum, og eins og meiri hluti nefndarinnar játar, mundi afnám þeirra hækka jarðirnar í verði og þannig auðga eigendurna. Og þó að því sé fram haldið, að kvöðin hvíli nú á ábúendum og hafi engin áhrif á leigumála jarðanna, þá er hitt miklu líklegra, að leigumálinn sé sniðinn í upphafi með kvöðina fyrir augum; að minsta kosti getur hver eigandi hve nær sem er hækkað leigumálann fyrir þessa sök, þegar kvöðinni væri af létt.

Að vísu er það eðlilegt, að mönnum þyki nú bezt við eiga, að kvöðin falli burt í þeirri mynd, sem hún er í, sem lambsfóðurskylda. En einsætt virðist, að þar í móti skuli koma af hálfu jarðeiganda fjárhæð nokkur eitt skifti fyrir öll, þó að sú ívilnun væri þá veitt, að upphæðin væri ekki svo há, að árlegir vextir af henni nemi eins miklu og kvöðin árlega. Hvort jarðeigandi síðan fær upphæðina greidda af leiguliða í einu eða á nokkurra ára bili, ef hann ætlaðist ekki til, að leigumáli hækkaði neitt fyrir aflétting kvaðarinnar, það yrði samningamál þeirra milli. Væri upphæðin ákveðin 50 kr. fyrir hvert af þessum lambseldum má telja líklegt, að hver eigandi þessara jarða vildi greiða þá upphæð eitt skifti fyrir öll, til að losast við kvöðina, og ætti hann með hagkvæmum samningi við ábúanda, að geta gert það sér að skaðlausu og ábúandinn heldur engan halla að bíða, þar sem kvöðin gæti lækkað nokkuð þegar í stað og ætti fyrir höndum að hverfa með öllu.

Með þessum ummælum leyfi eg mér, að ráða háttv. deild til, að samþykkja við frumvarpið þessa

BREYTINGARTILLÖGU

Í stað frumvarpsgreinarinnar komi svo hljóðandi grein:

Landsstjórninni veitist heimild til, að afnema fóðurskyldu Maríu og Péturslamba af þeim jörðum, sem sú kvöð hvílir á, gegn því, að eigendur jarðanna greiði í prestlaunasjóð eitt skifti fyrir öll 50 krónur fyrir hvert þessara lambselda.

Frá þeim tíma, er kvöð þessi fellur niður, greiðist prestum þeim, er nú njóta tekna af henni, uppbót að skaðlausu úr prestlaunasjóði.

Efri deild alþingis, 3. apríl 1911.

Kristinn Daníelsson.

Nd. **477. Frumvarp**

til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmenn: Pétur Jónsson og Jóh. Jóhannesson.

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hér á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. —— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú.
4. —— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar, Seyðisfjarðar og Reykjavíkur.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Axarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði. —

Með ofantöldum línum teljast og aukaþræðir, sem vegna aukinna starfa á línum þessum eru lagðir eða hér eftir verður nauðsynlegt að lagðir sé á hinar eldri stauraraðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilsstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. —— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. —— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. —— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. —— Breiðumýri — Húsavík.
6. —— Fagriskógur — Hjalteyri.
7. —— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. —— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. —— Ísafjörður — Bolungarvík.
10. —— Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. —— Grund — Borgarnes.
12. —— Kalastaðakot — Akranes.
13. —— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. —— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. —— Ölfusárbrú — Eystrigarðsauki.
16. —— Garðsauki — Vík í Mýrdal.
17. Hliðar-talsími til Vestmannaeyja.
18. Talsímalínan: Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
19. —— Stykkishólmur — Hjarðarfell — Ólafsvík.
20. —— Eskifjörður — Norðfjörður.
21. —— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur.
22. Hliðar-talsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: til Hornafjarðar, Unaóss og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Grenivíkur, Skagastrandar, Hvammstanga, Súgandafjarðar, um Barðastrandarsýslu, frá Ólafsvík til Sands, frá Reykjavík til Þingvalla, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, og um efri hluta Árnessýslu. Ennfremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma fyrir lok ársins 1913, eftir þeirri röð, er henni með ráði landssímastjóra þykir rétt, bygging og kaup á þeim talsímalínum, er upp eru taldar í 2. og 3. grein og eigi eru þegar bygðar eða keyptar af landssjóðs hálfu, þar með talið talsímakerfi Reykjavíkur. Á sama tímabili er landsstjórninni heimilt að láta leggja tvöfalda aukaþræði á ritsímalínurnar: Borðeyri — Ísafjörður og Breiðumýri — Akureyri.

Ætíð skal þó tilskilið, áður en ráðist er í bygging eða kaup á símalínu er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hérað leggi til byggingarkostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

til 16. liðs 2. flokks	6000 kr.
— 17. — — —	7000 —
— 18. — — —	10000 —
— 19. — — —	5000 —
— 20. — — —	3000 —
— 21. — — —	3000 —
— 22. — — —	5000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufélag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skifting á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við vesturströnd Grænlands, ef þar kæmi upp loftskeytastöð.

7. gr.

Þá er lokið er bygging og kaupum á talsímum og talsímakerfum samkvæmt 5. gr. er landsstjórninni heimilt að láta byggja og kaupa talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks og 8. liðs 1. flokks teljast, og enn fremur að leggja aukaþræði á eldri línur, eftir því sem nauðsyn krefur. Fari þessar framkvæmdir fram eftir þeirri röð, er landsstjórninni, með ráði landssímastjóra, þykir rétt, og smámsaman eftir því sem tekjuafgangur af rekstri landssímans hrekkur til. Þó skulu fjárveitingar til þessa jafnan standa á fjárlögum og þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi héraði.

8. gr.

Til framkvæmda á byggingum og kaupum síma og talsímakerfa, er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landssjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 ár-

um. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsféð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til reksturskostnaðar (sbr. 6. gr.)

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sé talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í reksturskostnaðinum, er útrunnin, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau ná konungsstaðfestingu.

Fylgiskjal.

Áætlun

landssímastjóra um kostnað við símalagningar samkv. 5. gr. ofanritaðs frumvarps og um tillög héraðanna.

	Símalínur	Kostnaður alls	Tillög héraðanna	Framlög landssjóðs
		Krónur	Krónur	Krónur
1.	Til 6. liðar 1. flokks	85000	» »	85000
2.	» 7. » » »	11000	» »	11000
3.	» 16. » 2. »	33000	6000	27000
4.	» 17. » » »	37000	7000	30000
5.	» 18. » » »	55000	10000	45000
6.	» 19. » » »	37000	5000	32000
7.	» 20. » » »	15000	3000	12000
8.	» 21. » » »	39000	3000	36000
9.	» 22. » » »	15000	5000	10000
10.	» Talsímakerfis Reykjavíkur	74000	» »	74000
11.	» tvöfalds koparþr. frá Borðeyri til Ísafj.	66900	» »	66900
12.	» » » » Breiðum. til Akure.	11700	» »	11700
	Kr. .	479600	39000	440600

Ed. **478. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Frá Stefáni Stefánssyni og Aug. Flygenring.

1. gr. orðist svo:

Ráðherra Íslands skal hafa í eftirlaun 1000 krónur á ári.

Nú á ráðherra rétt til eftirlauna fyrir rekstur embættis, er hann hefir áður gegnt, og skal hann þá einnig njóta þeirra óskertra.

Ed. **479. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Aftan við 7. gr. bætist nýr liður:

Til að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á fæðingarstað hans Rafnseyri í sambandi við hátíðarhald þar í 100 ára minningu hans 17. júní næstk. gegn jafn-miklu framlagi frá héraðsbúum ... ... alt að kr. 1500,00.

Nd. **480. Breytingartillaga**

við frv. til laga um prentsmiðjur.

Frá nefndinni.

Á eftir 2. gr. komi ný gr., er verður 3. grein:

Af öllum ritum, er gefin eru út á almannakostnað eða af fræði-félögum, sem njóta styrks af landssjóði, er ráðherra heimilt að ákveða, að tiltekinn eintakafjöldi verði ókeypis afhentur til Landsbókasafnsins, til skifta við erlendar stjórnir eða félög, sem senda safninu ókeypis rit.

Ed. **481. Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Í 4. gr. bætist við eftir D. II.

Til að leggja talsíma frá Ísafirði til Suðureyrar í Súgandafirði sumarið 1911 gegn framlagi að $^1/_3$ hluta frá héraðinu ... ... alt að kr. 6200,00.

Nd. **482. Frumvarp**

til laga um breyting á 4. gr. laga 30. júlí 1909 um breyting á lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Jón Jónsson frá Hvanná.

Frestur sá um fræðslusamþyktir, sem veittur er í 4. gr. laga 30. júlí 1909 um breyting á lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907, lengist um 2 ár, til 1. jan. 1914.

Nd. **483. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 10. gr. Í staðinn fyrir: »kosningarrétt til alþingis« komi: kosningarrétt til neðri deildar alþingis.
2. — — — Á eftir orðunum síðast í öðrum málslið: »fyrir það«, komi ný málsgrein svo hljóðandi:
   Kosningarrétt til efri deildar alþingis hefir hver sá, sem kosningarrétt á til neðri deildar, ef hann er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.
3. — 11. — 18. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:
   Kjörgengur til neðri deildar alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrétt samkvæmt 10. gr. (frumvarpsins), ef hann er ekki þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu annara ríkja, og hefir að minsta kosti síðasta árið verið heimilisfastur á Íslandi.
   Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir verið þar skemur en eitt ár.
   Kjörgengur til efri deildar alþingis er hver sá, sem kjörgengur er til neðri deildar, ef hann er fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.
   Nákvæmari reglur um kosningar til alþingis verða settar í kosningarlögunum.

Nd.

484. Atkvæðaskrá

við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Stjórnarfrumvarp.

Nefndarálit 246.

Breytingartillögur fjárlaganefndar 239 (aðalbreytingartillögur nefndarinnar).

Við hinar aðrar breytingartillögur frá fjárl.nefndinni er sett N auk númers á þingskjali.

Breytingartillögur annara (þar í taldar breytingartill. fjárlagan., er koma fram undir umræðunum) 317, 318, 337, 340, 341, 342, 343, 344, 345, 346, 347, 348, 357, 358, 359, 360, 361, 362, 363, 365, 369, 370, 371, 372, 376, 377, 378, 379, 380, 381, 383, 384, 385, 386, 387, 388, 389, 390, 391, 392, 394, 395, 396, 397, 400, 402, 403, 404, 405, 406, 408, 410, 411, 412, 413, 414, 415, 416, 417, 418, 419, 421, *429, 433, 434, 435,* 436, *443, 444, 452.*

1. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu.

2. gr.

1. Br.till. 239,1.

   Við 4: Fyrir »60,000—60,000« komi 55,000—55,000.

2. Br.till. 239,2.

   Við 8. Fyrir: »135,000—135,000« komi: 150,000—150,000.

3. Br.till. 342.

   Við 9. Fyrir: »360,000« komi: 200,000—20,000.

4. Br.till. 239,3.

   Við 9. Fyrir: »360,000« komi: 300,000—30,000.

5. Br.till. 239,4.

Við 13. Fyrir: »11,500—11,500« komi: 9,000—9,000.

6. Br.till. 239,5.

Við 17. Fyrir: »6,000—6,000« komi 10,000—10,000.

7. Br.till. 391.

Aftan við gr. bætist: Tekjur af farmgjaldi 180,000—180,000. Samtalan breytist eftir þessu.

3. gr.

Óbreytt.

4. gr.

8. Br.till. 239,6.

Við 1. Aftan við liðinn bætist: Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.

5. gr.

Óbreytt.

6. gr.

9. Br.till. 402.

Fyrir: »ríkissjóði« komi: ríkissjóði Danmerkur.

7. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu.

8. gr.

10. Br.till. 436.

Við 1. Fyrir: »ríkissjóði« komi: ríkissjóði Danmerkur.

9. gr.

11. Br.till. 433 N.

Við Br.till. 361: Á undan 5,000—5,000 komi: eftir reikningi alt að

12. Br.till. 361.

Við 6. Fyrir: »2,500—2,500« komi: 5,000—5,000.

10. gr.

Óbreytt.

11. gr.

13. Br.till. 239,7.

Við A. 3. Fyrir: »4,515—4,515« komi: 4,715—4,715.

Aftan við liðinn bætist: Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.

14. Br.till. 360,1.

Við Br.till. 239,8. Fyrir: »1,500—1,500« komi: 3,000—3,000.

15. Br.till. 360,2.

Við Br.till. 239,8. Athugasemdin falli burt.

16. Br.till. 239,8.

Við B. 6. Fyrir: »500—500« komi: 1,500—1,500.
Aftan við liðinn bætist: Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim, er óska strandgæzlu og njóta hennar.

17. Br.till. 239,9.

Við B. 7. Aftan við »síldveiðatímann« bætist: og til tolleftirlits.

18. Br.till. 239,10.

Við 9. lið bætist: Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er umræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.

12. gr.

19. Br.till. 239,11.

Við 2. Fyrir: »styrkur . . . . 150—150« komi:
Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar 300—300.
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.

20. Br.till. 408.

Á eftir 2 komi nýr liður svo hljóðandi:

Styrkur til hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu til þess að útvega lækni, til að setjast að í Bolungarvíkurverzlunarstað 400—400.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að lækninum verði greiddar að minsta kosti 800 kr. á ári annarstaðar frá.

21. Br.till. 239,12.

Við 3 a.—b. Fyrir: »Styrkur til . . . alt að 300—300« komi:
a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík 1,000—1.000.
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að 300—300.

22. Br.till. 414.

Við 3. b. komi nýr liður, er verði c.

Til Þorvalds læknis Pálssonar til þess að leggja stund á lækningar á sjúkdómum á maga og þörmum alt að 1500 krónum hvort árið:

23. Br.till. 239,13.

Aftan við 4. bætist nýr liður 5:
Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík ... ... 1,000—1,000.

24. Brtill. 239,14.

Hér við bætist:
Þúsund króna styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Féldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum á læknaskólanum til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum ekki sjaldnar en 2 sinnum á mánuði.

25. Brtill. 239,15.

Við 5. Fyrir: »32,250—31,350« komi: 28,490—27,990, er sundurliðast þannig:

		kr.	kr.
1.	Laun	5,290—	5,390
2.	Viðurværi 67– 69 manna	12,000—	12,000
3.	Klæðnaður	850—	850
4.	Meðul og sáraumbúðir	1.300—	1,300
5.	Eldsneyti	2,700—	2,700
6.	Ljósmeti	550—	550
7.	Húsbúnaður og áhöld	1,000—	1,000
8.	Viðhald á húsum	1,800—	1,200
9.	Þvottur og ræsting	600—	600
10.	Greftrunarkostnaður	200—	200
11.	Skemtanir	300—	300
12.	Skattar o. fl.	1,300—	1,300
13.	Ýmisleg útgjöld ... ... 1,000 kr.		
	að frádregnum ... ... 400 —		
	fyrir hey	600—	600
		28,490—	27,990

26. Br.till. 239,16.

Við 6. Aftan við liðinn bætist grein:
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:

A.	Laun læknis...	2,400	
B.	Önnur útgjöld:		
1.	Kaup starfsmanna	3,950	
2.	Viðurværi 81 manns 50 a. á dag ...	14,782	50
3.	Klæðnaður sjúklinga (30 kr.)	1,800	
4.	Meðul og umbúðir	500	
5.	Ljós og hiti	3,600	
6.	Viðhald og áhöld	2,300	
7.	Þvottur og ræsting...	800	
8.	Skemtanir	200	
9.	Skattar m. m.	1,000	
10.	Óviss útgjöld...	600	
		31,932	50

Þar frá dragast tekjur:

Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag ...	10,585	
Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730	
Tekjur af búinu	1,000	
	12,315	
Mismunur:		19,617,50

27. Br.till. 239,17.

Við 7. Fyrir: »25,000—25,000« komi: 18,000—18,000.

28. Br.till. 239,18.

Við 8. a. Aftan við »til sjúkrahúsa« bætist: og sjúkraskýla.

29. Br.till. 239,19.

Við 8 g. Aftan við liðinn bætist:

Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

30. Br.till. 359.

Aftan við 8. lið g. bætist nýr stafliður h. svo hljóðandi:

Til greiðslu upp í lækningakostnað unglingsins Önnu Magnúsdóttur á ljóslækningastofnun N. Finsens í Kaupmannahöfn 3000 kr. fyrra árið.

31. Br.till. 435.

Varatillaga við Br.till. 359: Að fyrir 3000 komi 2000.

32. Br.till. 435.

Þrautavaratillaga við Br.till. 359: Að fyrir 3000 komi 1500.

33. Brtill. 379.

Aftan við gr. bætist: Byggingarstyrkur til læknisbústaðar með sjúkrastofum í Hróarstunguhéraði 3000 kr. fyrra árið.

13. gr.

34. Br.till. 239,20.

Við A. 1. b. 1. Fyrir: »7,000« komi: 6,600.

35. Br.till. 239,21.

Við A. 2. Aftan við liðinn bætist: Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferða-áætlun.

36. Br.till. 239,22.

Við A. 3. b. Aftan við liðinn komi: Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.

37. Br.till. 388.

Eftir A. 3. b. bætist nýr liður:

c. Til póststimpla kr. 200.

38. Br.till. 239,23.

Við B. I. 2. Fyrir: »2,700—2,700« komi: 2,400—2,400.

39. Br.till. 239,24.

Við B. I. 3. Fyrir: »700—700« komi: 500—500.

40. Br.till. 239,25.

Við B. II. 1. Fyrir: »10,000—10,000« komi: 10,000—20,000.

41. Br.till. 239,26.

Við B. II. 4. »10,000 fyrra árið« falli burt.

42. Br.till. 365.

Við B. II. Á eftir 5. lið komi nýr liður:
Eyjafjarðarbraut (síðara árið) 10,000 kr.

43. Br.till. 239,27.

Eftir B. II. 6. komi nýr liður: Til brúar á Rangá (fyrra árið) 45,000.

44. Br.till. 383,1.

Við B. III. Á eftir: »1. Mosfellssveitarvegur ... 6000« komi: 2. Stykkishólmsvegur (með brú á Haffjarðará) kr. 8000 — 8000 innan striks.

45. Br.till. 340.

Við B. III. Eftir tölul. 2. komi: Til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu 2,500—2,500.

46. Br.till. 378.

Við B. III. Eftir tölul. 2 komi: Til þjóðvegarins frá Lagarfljótsbrú að Fossvöllum 5,000 kr. f. á.

47. Br.till. 404.

Við B. III. Eftir tölul. 2 komi: Til brúargerðar á Ljá í Dalasýslu 3,000 kr. f. á.

48. Br.till. 343.

Við B. III. Eftir tölul. 2 komi nýr liður svo hljóðandi:
Til brúar á Hamarsá í Geithellahreppi fyrra árið alt að 10,000.

49. Br.till. 239,28.

Eftir B. III. 2 komi nýr liður: Til brúar á Hrútafjarðará (fyrra árið) 8,000.

50. Br.till. 239,29.

Eftir B. III. 2 komi nýr liður: Til brúar á Rangá í Tungu (síðara árið) 6,000.

51. Br.till. 239,30.

Eftir B. III. 2 komi nýr liður: Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal (síðara árið) 2,500.

52. Br.till. 239,31.

Við B. VII: Fyrir: »150—150« komi: 300—300.

53. Br.till. 239,32.

Eftir B. VII. komi nýr liður: Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum (fyrra árið) 2,300.

54. Br.till. 343.

Við B. VII. Aftan við komi nýr liður svo hljóðandi:
Styrkur til akvegarins í Eiðaþinghá gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá 1000—1000.

55. Br.till. 239,33.

Eftir B. VIII. komi aths: Fjárveitingin er bundin jafnmiklu tillagi annarstaðar frá.

56. Br.till. 406.

Við B. VIII. Nýr liður bætist við svo látandi:
Til brúargerðar á Kjarlaksstaðaá á Fellsströnd í Dalasýslu 4666,66 kr. fyrra árið, $^2/_3$ af kostnaðinum gegn $^1/_3$ annarstaðar að.

57. Br.till. 365.

Við B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til akvegar í Svarfaðardal 2,000 kr. (fyrra árið), þó ekki yfir $^1/_3$ af fé því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu.

58. Br.till. 411.

Við B. VIII. Á eftir þeim lið komi nýr liður:
Til vegagerðar í Svínavatnshreppi 1,000 kr. (fyrra árið) með því skilyrði að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til vegarins annarstaðar frá á fjárhagsárinu.

59. Br.till. 395.

Við Br.till. 239, 35 (7): Til mótorbátaferða upp eftir Hvítá að Langholtsvaði 800—800.

60. Br.till. 341.

Við Br.till. 239,35. Á eftir 8. tölul. komi: Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu 400—400.

61. Br.till. 434 N.

Við Br.till. 380. Í stað »400 kr. hvort árið« komi: 250 kr. hvort árið.

62. Br.till. 380.

Við Br.till. 239,35. Á eftir 8. tölul. komi: Til mótorbátsferða á Lagarfljóti 400 kr. hvort árið.

63. Br.till. 239,34.

Við C. 2. Fyrir: »40,000—40,000« komi: 39,500—39,500.

64. Br.till. 239,35.

Við C. 2. Aftan við bætist: Þetta sundurliðast þannig hvort árið:

1.	Til Faxaflóabáts.	12,000
2.	Til Breiðafjarðarbáts	7,000
3.	Til Ísafjarðarbáts	5,500
4.	Til Eyjafjarðarbáts	12,000
5.	Til mótorbátsferða á Breiðafirði	1,000
6.	Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands	1,200
7.	Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá ...	400
8.	Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð ...	400

65. Br.till. 239,36.

Við D: Fyrir: »Ritsímar . . . samband« komi: Hraðskeyta og talsímasamband:

66. Br.till. 443. N.

Við Br.till. 239,37. Fyrir: »3,000« komi: 4,000.

67. Br.till. 239,37.

Við D. II. 1. Aftan við liðinn bætist: Gegn 3,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.

68. Br.till. 383,2.

Við Br.till. 239,38.

Í staðinn fyrir: »Frá Borgarnesi . . . . . Stykkishólm 31,000«, komi: Frá Búðardal um Stykkishólm, Hjarðarfell, Búðir til Ólafsvíkur 63,000.

69. Br.till. 443. N.

Við Br.till. 239,38. Fyrir: »31,000« komi: og að Hjarðarfelli 38,000.

70. Br.till. 239,38.

Við D. II. 2: Fyrir: »Frá Borgarnesi . . 38,0000«
komi: Frá Búðardal í Stykkishólm 31,000.

71. Br.till. 383,3.

Við Br.till. 239, 39. Í staðinn fyrir: »Gegn . . . . . frá hlutaðeigandi héruðum«, komi: Gegn 12,000 króna tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.

72. Br.till. 443, N.

Við Br.till. 239, 39: Fyrir: »7,000« komi: 8,000.

73. Br.till. 239,39:

Við D. II. 2. Aftan við bætist: Gegn 7,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.

74. Br.till. 416.

Við D. II. 2 komi nýr liður: Talsími frá Bíldudal til Brjánslækjar fyrra árið 15,000 kr.

75. Br.till. 416.

Við D. II. 2. komi nýr liður: Talsími frá Hólmavík til Staðar á Reykjanesi fyrra árið 20,000 kr.

76. Br.till. 239,40.

Við D. II. 2: Enn fremur bætist við:
Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.

77. Br.till. 383,4.

Við br.till. 239, 41: »Við 13. gr. D. II. 2 bætist:
Tvöfaldur koparþráður . . . 66,000« falli niður.

78. Br.till. 239,41.

Við D. II. 2 bætist: Tvöfaldur koparþráður milli Borðeyrar og Ísafjarðar (fyrra árið) 66,000.

79. Br.till. 239,42.

Við D. III. 2: Fyrir: »10,700—11,000« komi: 10,700—10,700.

80. Br.till. 239,43.

Við D. III. 3: Fyrir: »6,800—6,900« komi: 6,800—6,800.

81. Br.till. 239,44.

Við D. III. 4: Aftan við bætist:
Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.

82. Br.till. 239,45.

Við D. III. 8. og 9. Fyrir þessa 2 liði komi einn liður:
Starfræksla hraðskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alt að 6,000—6,000.

83. Br.till. 429, N.

Eftir D. III. 10 komi þessi athugasemd:
Þegar sú ábyrgð er liðin, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landsímastöðvar hefir gefið fyrir þátt-töku í reksturskostnaðinum, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar, eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.

84. Br.till. 239,47.

Við D. III. Aftan við bætist nýr liður:
Til rannsóknar símaleiða 2,000—2,000.

85. Br.till. 239,46.

Við D. VI. Fyrir: »9,000—9,000« komi: 10,000—10,000.

86. Br.till. 383,5.

Við E. III. Í stað: »1. Laun vitavarðar 400«, komi: 1. Laun vitavarðar 500.

87. Br.till. 239,48.

Við E. IV. Aftan við bætist nýr liður: Til Kálfshamarsvita (s. á.) 6,500.

88. Br.till. 239,49.

Við. E. IV. Aftan við bætist nýr liður: Til Skagatáarvita (s. á.) 14,000.

89. Br.till. 239,50.

Við E. VI. Liðurinn falli burt.

90. Br.till. 417.

Við E. VI. Aftan við bætist nýr liður:
Til að reisa vita á Bjargtöngum síðara árið 14,000 kr.

91. Br.till. 239,51.

Við E. XIV. Fjárveitingin 3,500 kr. s. á. færist til fyrra árs.

14. gr.

92. Br.till., 239,52.

Við A. b. 2. Athugasemdin orðist þannig:

Af uppbót þessari má verja 1,000 kr. til húsaleigustyrks handa prestum í lægsta launaflokki, er heima eiga í kauptúnum, þó eigi meir en 100 kr. handa hverjum.

93. Br.till. 405.

Við A. b. 4. Aftan við bætist nýr liður:

Til prestsins í Suðurdalaþingum til þess að byggja upp bæjarhúsin á prestsetrinu Kvennabrekku alt að 2000 krónur fyrra árið.

94. Br.till. 239,53.

Við B. IV. c. 2. Fyrir: »og ljósa« komi: ljósa og vatns.

95. Br.till. 387.

Við B. IV. c. 4. Fyrir: »1,600—1,600« komi: 1,800—1,800.

96. Br.till. 239,54.

Við B. IV. c. 13. Aftan við bætist almenn athugasemd:

Húsaleigustyrk og námsstyrk við prestaskóla, laga-

skóla, læknaskóla og mentaskóla, má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk handa mentaskólanemendum, en hinum 250 kr. Húsaleigustyrkur sé að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.

97. Br.till. 239,55.

Við B. V. b. 4. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.

98. Br.till. 239,56.

Við B. VI. b. 5. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.

99. Br.till. 239,57.

Við B. VIII. a. 1—2. Fyrir þessa liði komi: Til kvennaskólans í Reykjavik alt að 7,000—7,000.
Aftan við bætist: Þó ekki yfir $^2/_3$ hluta reksturskostnaðar.

100. Br.till. 394.

Við B. VIII. b. 6. Nýr liður bætist aftan við þennan lið:
Styrkur til Jörundar Brynjólfssonar kennara, til að stunda nám við kennaraskólann í Kaupmannahöfn . . . . . 600 kr. f. á.

101. Br.till. 239,58.

Við B. VIII. b. 7. b. komi nýr liður: Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi 200—200.

102. Br.till. 239,59.

Við B. VIII. c. Fyrir »7,000—7,000« komi: alt að 6,000—6,000.
Aftan við bætist:
Þó ekki yfir $^2/_3$ hluta reksturskostnaðar.

103. Br.till. 392.

Við B. VIII. 7. Eftir staflið c. komi nýr liður svo látandi:
Til Ólafs prófasts Ólafssonar í Hjarðarholti í Dölum til lýðskólahalds kr. 2,000—2,000.

104. Br.till. 239,60.

Við B. VIII. g. Aftan við liðinn bætist:
Til kenslu blindra barna í Danmörku 1,000—1,000 gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar frá.

105. Br.till. 344.

Við B VIII. Milli staflíðanna c. og d. komi nýr liður svo hljóðandi:
1. Til lýðskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði 1,500.
2. Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemenda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði alt að 600.

106. Br.till. 239,61.

Aftan við B. VIII bætist:
Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara, til að veita ókeypis tilsögn utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi 400—400.

107. Br.till. 239,62.

Við IX. a. Aftan við liðinn bætist: Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.

108. Br.till. 239,63.

Við IX. b. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.

109. Br.till. 239,64.

Við IX. b. Aftan við bætist nýr liður: Styrkur til Stefáns Eirikssonar, til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík 1,000—1,000.

15. gr.

110. Br.till. 239,65.

Við 1. Fyrir: »bókavarðar« komi: Landsbókavarðar.
Fyrir: »aðstoðarmanns« í 2. stöðum komi: Bókavarðar.

111. Br.till. 239,66.

Við 2. b. Fyrir: »1000—1000« komi: 800—800.

112. Br.till. 239,67.

Við 2. c. Fyrir: »1000—1000« komi: 800—800.

113. Br.till. 239,68.

Við 3. Fyrir: »Forngripasafn« komi: Fornmenjasafn, og aftan við liðinn bætist: Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. júní til 15. september 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

114. Br.till. 239,69.

Við 3. c. Fyrir: »1500—1500« komi: 1000—1000.

115. Br.till. 239,70.

Við 4. Aftan við liðinn bætist: Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.

116. Br.till. 239,71.

Við 5. Fyrir: »Þjóðmentasafnið« komi: Bókhlaðan.

117. Br.till. 239,72.

Við 6. Aftan við »bæjarsjóði« bætist: og sýslusjóði.

118. Br.till. 239,73.

Við 6. Aftan við liðinn bætist nýr liður: Til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur, fyrra árið 500 kr.

119. Br.till. 239,74.

Við 7. Fyrir: »bæjarsjóði« komi: sveitarsjóði.

120. Br.till. 239,75.

Við 8. Aftan við bætist nýr liður: Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rétt íslenzkra rithöfunda, alt að 600—600.

121. Br.till. 239,76.

Við 10. Aftan við bætist: Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið.

122. Br.till. 239,77.

Við 12. Aftan við liðinn bætist:
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.

123. Br.till. 239,78.

Við 12. Aftan við liðinn bætist nýr liður:
Til Stórstúku Good-templara á Íslandi, til eflingar bindindi, 2,000—2,000.

124. Br.till. 239,79.

Við 12. Aftan við liðinn bætist nýr liður:
Til bindindissameiningar Norðurlands 300—300.

125. Br.till. 239,80.

Þessi 2 síðastnefndu félög gefi stjórnarráðinu reikning fyrir, hvernig fénu er varið.

126. Br.till. 400.

Eftir tölulið 12 komi svolátandi nýr töluliður:
Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra, 1,000—1,000.

127. Br.till. 345.

Eftir 13. tölulið komi nýr töluliður:
Heiðursþóknun til Jóns sagnaskálds Stefánssonar 1200.

128. Br.till. 403.

Milli 13. og 14. töluliðs komi nýr liður svolátandi:
Til Jóns Ófeigssonar, til að semja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók, 80 krónur fyrir það, sem svarar prentaðri örk, alt að 1500—1500.

129. Br.till. 384,1.

Við 14. Fyrir »1200—1200« komi: 800—800.

130. Br.till. 384,2.

Við 15. Fyrir: »1200—1200« komi: 600—600.

131. Br.till. 370.

Við 17. Fyrir: »800—800« komi: 1200—1200.

132. Br.till. 346.

Við 17. Fyrir: »800—800« komi: 1000—1000.

133. Br.till. 347.

Milli 19. og 20. tölul. komi nýr tölul. svolátandi: Styrkur til Jóhanns skálds Sigurjónssonar 600—600.

134. Br.till. 421.

Við 21. Aftan við þann lið komi nýr liður:
Til Jónasar Jónssonar, til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng (Hymnologi) frá 1550 til 1900, hvort árið kr. 600,00.

135. Br.till. 348.

Milli 25. og 26. tölul. komi nýr tölul.:
Til cand. mag. Boga Melsteds til að semja sögu Íslands 1000—1000.

Styrkurinn veitist með því skilyrði, að höfundurinn sanni, að hann hafi til framhald af Íslandssögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minst 8 örkum prentuðum á ári.

136. Br.till. 239,81.

Við 27: Fyrir: »2000—2000« komi: 1200—1200.

137. Br.till. 239,82.

Við 28: Fyrir: »1500—1500« komi: 1200—1200.

138. Br.till. 239,83.

Við 28. Aftan við bætist þessi liður:
Til Jóns Ólafssonar ritsjóra styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að 1500—1500.

139. Br.till. 239,84.

Við 28. Aftan við bætist þessi liður:
Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar 600—600.

140. Br.till. 239,85.

Við 28. Aftan við bætist þessi liður:
Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar, til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina f. árið, alt að 600.

141. Br.till. 239,86.

Við 28. Aftan við bætist þessi liður:
Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings, til þess að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík (f. árið) 200.

142. Br.till. 410.

Við br.till. 239, 87: Fyrir: »300—300« komi: 500—500.

143. Br.till. 444 N.

Við br.till. 410: Fyrir: »500—500« komi: 400—400.

144. Br.till. 239,87.

Við 28. Aftan við bætist þessi liður;

Til Laufeyjar Valdimarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla 300—300.

145. Br.till. 239,88.

Við 28: Aftan við bætist þessi liður:
Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur 400—400.

146. Br.till. 386,1.

Við 29: Fyrir: »500—500« komi: 550—550.

147. Br.till. 386,2.

Eftir 31. lið komi:
Til Guðmundar heimspekings Finnbogasonar til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína 600 kr. hvort árið.

148. Br.till. 385.

Við 31. Aftan við bætist nýr liður:
Til Jóhannesar S. Kjarvals til þess að fullkomnast í málaralist 1200 krónur hvort árið.

149. Br.till. 418.

Við 31. Aftan við bætist nýr liður:
Til Einars Jónssonar til þess að fullkomnast í málaralist 500 krónur hvort árið.

16. gr.

150. Br.till. 239,89.

Við 1. c. 1. Fyrir: »1000—1000« komi: 700—700.

151. Br.till. 239,90.

Við 1. c. 3. Fyrir: »900—900« komi: 800—800.

152. Br.till. 239,91.

Við 3. Fyrir: »til verklegrar búnaðarkenslu 1,500—1,500« komi: 1,200—1,200.

153. Br.till. 317.

Við 3. bætist: Til bryggjugerðar í Vestmannaeyjum 5000 kr.

154. Br.till. 363.

Aftan við 3. bætist þessi liður:
Til framhalds rannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslu 3000 krónur.

155. Br.till. 337.

Aftan við 4. lið bætist nýr liður:
Til »Sambands íslenzkra samvinnufélaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfélagsskap og öðrum samvinnufélagsskap 500—500.
Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar að.

156. Br.till. 413,1.

Við 5. Í stað: »22,000—22,000« komi, 26,000—26,000.

157. Br.till. 413,2.

Við 6. Í stað: »Til búnaðarfélags Íslands . . . . 54,000—54,000« komi: Til búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr., hvort árið . . . . . 50,000—50,000.

158. Br.till. 239,92.

Við 6. Fyrir: »54,000 - 54,000« komi: 56,000—56,000.

159. Br.till. 363.

Aftan við 6 bætist þessi liður: Til »Fiskifélags Íslands« 6,000 kr. hvort árið.

160. Br.till. 377.

Við 11: Fyrir: »Styrkur til samvinnusmjörbúa — lögum nr. 49, 10. nóv. 1905, 12,000 — 10,000«.
Komi: Til að koma á fót nýjum samvinnusmjörbúum 5000 — 5000.
Stjórnarráðið úthlutar þessum styrk til stofnunar smjörbúa eftir því sem hæfa þykir til hvers bús um sig.

161. Viðaukatill. 397.

Við br.till. 377: Aftan við niðurlagsorð breytingartillögunnar »hvers bús um sig« bætist: Þó ekki yfir 1000 kr. til hvers.

162. Br.till. 452, N.

Við 11. Fyrir: »12,000—10,000« komi: 10,000—8,000.

163. Br.till. 413,3.

Við 13. Aftan við b. »Launaviðbót . . . í Reykjavík« komi: c. Styrkur til að semja dýralækningabók alt að kr. 400.

164. Br.till. 239,93.

Við 14. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til manns til að læra dýralækningar erlendis 600—600.

165. Br.till. 239,94.

Við 14. Á eftir liðnum komi nýr liður:
Til Jóninu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri 1,000—1,000.

166. Br.till. 239,95.

Við 17. Fyrir »600—600« komi: 800—800.

167. Br.till. 239,96.

Við 18. Aftan við liðinn bætist:
Styrkurinn til þessara 4 iðnskóla má þó ekki fara yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar.

168. Br.till. 371.

Við 19. Aftan við bætist nýr liður svo látandi:
Til Vilh. Finsens loftskeytafræðings til rannsókna á síðustu framförum þráðlausra firðtalstækja, fyrra árið kr. 1,500.

169. Br.till. 419.

Við 19. Nýr liður bætist aftan við þennan lið:
Styrkur til Guðjóns Samúelssonar, til að geta haldið áfram námi við Listaháskólann í Kaupmannahöfn, 600 krónur hvort árið.

170. Br.till. 239,97.

Við 20. Aftan við »Reykjavík« bætist:
Þó ekki yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar.

171. Br.till. 389.

Við 21. Liðurinn orðist svo:

Til viðskiftaráðunauts	1912	1913	
a. Laun hans	kr. 4000	4000	
b. Ferðakostnaður	— 2000	2000	
c. Skrifstofufé	— 1000	1000	
d. Til viðskiftafulltrúa alt að	— 8000	8000	
			kr. 15000—15000

172. Br.till. 239,98.

Við 21. Liðurinn falli burt.

173. Br.till. 396.

Eftir 30. tölulið komi nýr liður:

Til Daviðs Stefánssonar bónda í Fornahvammi, styrkur til að koma upp viðunanlegu gistihæli fyrir ferðamenn, fyrra árið 500 kr.

174. Br.till. 239,99.

Við 33: Liðurinn falli burt.

175. Br.till. 239,100.

Við 33: Aftan við bætist þessi liður:

Til bryggjugerðar á Húsavík.
Þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að 3,000 kr. (s. á.).
Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.

176. Br.till. 239,101.

Við 33: Aftan við bætist þessi liður:

Til »lendingarsjóðs Bolvíkinga« 1,000 kr. (f. á.).
Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur sjóðsins.

177. Br.till. 358.

Á eftir 33. lið komi nýr liður svo hljóðandi:

Styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði alt að 25,000 kr. fyrra árið. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að annarstaðar frá komi að minsta kosti 3/4 hlutar kostnaðarins, og að bryggjan verði bygð undir umsjón verkfræðings landsins.

178. Br.till. 372.

Aftan við 16. gr. bætist nýr liður:

Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að 3000 kr. (fyrra árið).
Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á, að bryggjan verði til almenningsnota.

17. gr.

Óbreytt.

18. gr.

179. Br.till. 239,102.

Fyrir: »Solveigar Þorkelsdóttur 200« komi: Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100.

180. Br.till. 239,103.

Fyrir: »prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 200« komi: prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300.

181. Br.till. 239,104.

Inn í greinina bætist:
Til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200.

19. gr.

182. Br.till. 239,105.

Síðasta málsgreinin falli burt.

20. gr.

Breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

21. gr.

Óbreytt.

22. gr.

183. Br.till. 239,106.

Við 4. Aftan við bætist: Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr., til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

184. Br.till. 381.

Við br.till. 239,107.

Á eftir: »Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði« komi: 6000 í stað »12,000«.

185. Br.till. 239,107.

Við 4: Aftan við bætist:
Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

186. Br.till. 239,108.

Við 4: Aftan við bætist:
Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið er afborgunarfrítt í 4 fyrstu árin, en endurgreiðist því næst á 2 árum ásamt ársvöxtum 4%.

187. Br.till. 415.

Við 4: Aftan við bætist:
Sýslusjóði Vestur-Barðastrandarsýslu veitist uppgjöf á eftir stöðvum:
a) símaláns (10,000 kr.) 8,888 kr. 88 a.
b) sýsluvegaláns (5,000 kr.) 1,750 kr.

188. Br.till. 412.

Við 4: Úr viðlagasjóði má lána Ásahreppi í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins alt að 30,000 kr., til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og lands þess, er að henni liggur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

189. Br.till. 393.

Við 4: Aftan við bætist:
Úr viðlagasjóði má lána Ólafi Jónssyni myndmótara 6000 kr., til þess að koma á fót myndmótunarsmiðju í Reykjavík gegn 1. veðrétti í áhöldum og öðrum eigum smiðjunnar. Lánið ávaxtast með 4% árlega, er afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en greiðist síðan á 15 árum með jöfnum afborgunum.

190. Br.till. 362.

Við 4: Aftan við bætist:
Úr viðlagasjóði má lána klæðaverksmiðjunni »Iðunn« í Reykjavík alt að 45,000 króna viðbótarlán gegn 1. veðrétti í öllum fasteignum félagsins, vélum, verkefni og vörubyrgðum. Lánið ávaxtast með 4% árlega, er afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

191. Br.till. 318.

Við 4: Aftan við bætist:
Úr viðlagasjóði má lána Vestmannaeyjasýslu alt að 60,000 krónur til hafnargerðar í Vestmannaeyjum. Lánið ávaxtast með 4% árlega, er afborgunarlaust fyrstu 4 árin, en endurborgast síðan með jöfnum afborgunum á 25 árum.

192. Br.till. 357.

Aftan við liðinn 4 komi nýr liður svo hljóðandi:

Úr viðlagasjóði má lána Sigmundi Sveinssyni á Brúsastöðum alt að 12,000 krónur, til þess að kaupa húsið »Valhöll« og »Miklaskála« á Þingvöllum, og til þess að byggja og bæta húsakynni þar fyrir ferðamenn, gegn 1. veðrétti í húseignum þeim, er hann byggir og kaupir. Lána má alt að 75% af virðingarverðinu og skal lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

193. Br.till. 376.

Aftan við greinina bætist:

Til stofnunar sláturhúss á Austurlandi (Reyðarfirði) má lána úr viðlagasjóði 8,000 kr. með 4% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum, gegn ábyrgð sýslunefnda Múlasýsla.

23. gr.

194. Br.till. 239,109.

Greinin falli burt.

Nd. **485. Breytingartillaga**

um frumv. til laga um almennar auglýsingar (þskj. 446).

Frá nefndinni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »skal að eins birta« komi: skal að eins skylt að birta.

Ed. **486. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. febr. 1872, lög 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland og lög 31. júlí 1907 um breyting á þeim lögum.

Nefndin hefir orðið sammála um að aðaltilgangur frumvarps þessa sé góður og að vert sé að setja lög um þau atriði, er frumvarpið ræðir um. Hinsvegar lítur nefndin svo á, að það sé óþarflega hart ákvæði að heimta það af útlendum síldarveiðaskipum, er hittast í landhelgi og ekki eru að veiðum, að þau hafi nætur sínar í búlka. Slíkt ákvæði mundi geta orðið til verulegra

óþæginda fyrir löglega veiði þessara skipa, og þess vegna yrði slík lagasetning varhugaverð. Aftur virðist rétt að krefjast þess, að næturnar séu hafðar inni í skipinu og alls ekki í bátunum, þótt þeir séu á skipi uppi.

Ennfremur lítur nefndin svo á, að sektarákvæði frumvarpsins séu of há og ræður því til breytinga á þeim.

Samkvæmt því, sem hér er gerð grein fyrir, ræður nefndin háttvirtri deild til þess að samþykkja frumvarpið þannig orðað:

1. gr.

Þegar útlend síldarveiðaskip eru á landhelgissvæðinu, þá er þeim skylt að hafa báta sína uppi á skipinu á venjulegum stað, og nætur inni í skipinu, en þó ekki í bátunum.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 100—1000 krónum, og má leggja löghald á skip, afla og veiðarfæri og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði.

Efri deild alþingis, 4. apríl 1911.

J. Havsteen,	Sigurður Hjörleifsson,
formaður.	skrifari og framsögumaður.

Aug. Flygenring.

Ed. **487. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Heimild sú, er ráðherra Íslands er veitt í lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, til þess að selja ábúendum kirkjujarða ábýlisjarðir sínar, skal einnig ná til hjáleigna prestssetra, ef þær eru sérstakt býli, enda séu gerð ummerki á túni, engjum og högum, þegar matið fer fram.

Álits umráðamanns og hreppstjóra sé jafnan leitað um söluna.

Nd. **488. Viðaukatillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga á þingskjali 459.

Flutningsmaður: Jón Jónsson frá Hvanná.

Við 20. gr. Aftan við greinina bætist: Breyta má þessu með lögum.

Ed. **489. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (þingskj. 295).

Frá ráðherra.

Við 4. gr. (13. gr. fjárlaganna). Framan við upptalninguna bætist nýr liður: Við B. I, 3. Viðbót við skrifstofukostnað kr. 129,98.

Ed. **490. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður: Jósef Björnsson.

Í 7. gr. bætist inn í á undan: »Við 2. lið . . . . 2,000«:
Við 1. lið. Til að reisa leikfimishús á Hólum . . 6,000.

Ed. **491. Rökstudd dagskrá**

um frumv. til laga um fræðslu æskulýðsins, stj.frv. bls. 92—96. Samþ. í Ed. 4. apríl 1911.

Þingdeildin telur mál þetta ekki hafa fengið þann rækilega undirbúning, sem það hefði þurft. En í því trausti, að stjórnin taki til yfirvegunar, á hvern hátt auka megi unglingafræðslu í landinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **492. Rökstudd dagskrá**

um frumv. til laga um ráðstafanir til að eyða rottum með eitri (þgsk. 170). Samþ. í Ed. 4. apríl 1911.

Í því trausti, að landsstjórnin taki mál þetta til íhugunar til næsta alþingis, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **493. Rökstudd dagskrá**

um sama efni. Feld í Ed. sama dag.

Í því trausti, að landstjórnin semji og leggi fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um ráðstafanir til að útrýma rottum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. **494. Tillaga**

til þingsályktunar.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar, að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og reglur fyrir úthlutun styrksins, skuli, þangað til alþingi gerir aðrar eða nýjar ráðstafanir, vera á þessa leið.

A. Almenn skilyrði.

1. Að 8 menn eða fleiri í félagi hverju hafi á næsta ári á undan því, er styrkurinn er veittur, unnið að jarðyrkjustörfum þeim, er til greina eru tekin við styrkveitingu, samkvæmt eftirfylgjandi reglum, að minsta kosti 12 dagsverk hver þeirra.
2. Að félagið hafi sett sér lög og stjórn.
3. Að stjórn félagsins sendi stjórnarráðinu árlega skýrslu um unnar jarðabætur í félaginu, eftir formi, er stjórnarráðið semur og úthlutar, samda af skipuðum skoðunarmanni. Skal henni fylgja:
   a. Reikningur um tekjur og gjöld félagsins það ár, sem skýrslan tekur yfir, endurskoðaður. Skal hann sýna tölu félagsmanna.
   b. Eintak af lögum félagsins það ár, sem fyrst er gefin skýrsla um samkvæmt reglum þessum, og síðan hvert ár, er ártalið stendur á hálfum eða heilum tug.
4. Að skoðunarmaður, skipaður af bæjarstjórn eða sýslunefnd, samkvæmt tillögum búnaðarsambands í þeim héruðum, þar sem það er til, rannsaki og mæli allar þær jarðabætur, er í skýrslu eru teknar, og votti á skýrslunni, að þær séu þar rétt taldar, vel af hendi leystar, samkvæmt tilgangi sínum, og hliti að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir styrkveitingu. — Skoðunarmaður skal vera einn í hverri sýslu. Þó má sýslunefnd skipa 2—3 skoðunarmenn í sýslu með samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Eftir árið 1919 má skoðunarmaður eigi taka upp í jarðabótaskýrslu túnasléttur, túnútgræðslu eða sáðreiti á þeim heimilum, þar sem eigi er áburðarhús og salerni.

B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar til greina við styrkveitingu:
   a. Túnasléttur (þaksléttur).
   b. Túnútgræðsla (nýrækt).
      1. Óbylt land.
      2. Plægt land og herfað (flagsléttur og sáðsléttur).
   c. Sáðreitir (matjurtagarðar) nýyrktir.
   d. Girðingar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi, svo og hestaréttir, girðingar um búfjárhaga og fyrir afréttarlönd.
   e. Varnarskurðir, gripheldir.
   f. Flóðgarðar (uppistöðugarðar).
   g. Stíflugarðar.
   h. Vatnsveituskurðir.
   i. Lokræsi.
   j. Áburðarhús og safngryfjur.
   k. Upphleyptir tún- og engjavegir.
2. Jarðabætur skulu lagðar í dagsverk þannig:

a. Túnasléttur	50	m.²
b. Túnútgræðsla (nýrækt):		
1. Óbylt land	100	—
2. Plægt land og herfað (flagsléttur og sáðsléttur)... ..	50	—
c. Sáðreitir, byltir og blandaðir	50	—
d. Girðingar, gripheldar:		
1. Grjótgarðar einhlaðnir 1,25 m. á hæð...	6	m.
2. —— tvíhlaðnir 1,25 — —	4	—
3. —— úr höggnu grjóti 1,25 m. á hæð	2	—
4. Garðar úr torfi og grjóti 1,25 — — —	6	—
5. Gaddavírsgirðing að minsta kosti 1,10 m. á hæð með alt að 6 m. bili milli stuðla:		
a. með 5 strengjum eða fleiri	8	m.
b. — 4 —— og undirhleðslu	10	—
c. — 3 —— án undirhleðslu	20	—
6. Vírgirðing úr sléttum vír með 3 eða fleiri strengjum .	12	—
7. Garðar úr torfi eða grjóti 0,65 m. á hæð með 3 gaddavírsstrengjum	7	—
8. Garðar úr torfi eða grjóti, 1 m. á hæð með 2 strengjum	6	—
9. Girðing úr vírneti eða járngrindum, að minsta kosti 1 m. á hæð...	6	—
e. Varnarskurðir, 2 m. á breidd, 1 m. á dýpt og garður hlaðinn á bakkann 1 m. á hæð eða garðar 0,65 m. á hæð með 1 gaddavírsstreng	8	—
f. Flóðgarðar...	6	m.³
g. Stíflugarður	4	—
h. Vatnsveituskurðir:		
1. Einstungnir...	15	—
2. 0,70 m. á dýpt	12	—

3. Frá 0,70—1 m. á dýpt ... ... 10 m.
4. Frá 1 m. til 1,5 m. á dýpt ... ... 8 —

i. Lokræsi:
1. Með grjóti (malarræsi) ... ... 5 m.
2. Með hnaus (holræsi) . ... 10 —
3. Með pípum (pípuræsi) ... ... 6 —

j. Áburðarhús og safngryfjur:
1. Áburðarhús úr torfi, vegghæð alt að 2 m. ... ... 2 m^3
2. Áburðarhús úr grjóti, steinlímt eða steinsteypt ... ... 0,5 —
3. Safngryfjur steinlímdar eða steinsteyptar með þaki ... 0,5 —
4. Safngryfjur úr öðru efni ... ... 2 $m.^3$

k. Upphleyptir tún- og engjavegir, minst 2 m. á breidd ... 10 —

3. Styrkveitingar skal miða við dagsverkatölu þá, er að framangreindum jarðabótum hafa verið unnin í félagi hverju, næsta almanaksár á undan því, sem styrkurinn er veittur.
4. Skýrslurnar eiga að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 1. september það ár, sem styrkurinn er veittur.

C. Skýringar.

1. Jarðabætur, sem eigi mega fullgerðar teljast, eru meðal annars sáðreitir, fjárbæli og hestaréttir, ef girðing er eigi komin gripheld á alla vegu.
2. Með tvíhlöðnum grjótgörðum má telja þá garða, er hafa sjálfstæða hleðslu úr grjóti varnarmegin, en upp með henni tryggilega torfhleðslu.
3. Hestaréttir teljast því að eins til jarðabóta, að þær séu við tún eða bæ og tilheyri heimilinu.
4. Vírgirðingar má því að eins taka gildar, að vírinn sé galvaníseraður, svo og naglar þeir eða kengir, sem vírinn er festur með og máttastólpar úr tré séu minst 10×10 cm. að gildleika. Girðing úr sléttum vír, meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, er því að eins leyfilegt að taka á skýrslu, að hún sé með 3 strengjum og vírinn 6 mm. gildur. — Gaddavírsgirðing með 4 strengjum má telja gilda, ef steinlagi eða hnausa er raðað undir neðsta strenginn, og girðingin að öðru leyti gerð samkvæmt þessum reglum.
5. Stíflugarðar teljast allar fyrirhleðslur í ár eða meðfram þeim til að varna skemdum, svo og fyrirhleðslur í læki, farvegu, jarðföll eða síki, enda séu þær meiri á hæð og þykt en venjulegir flóðgarðar.
6. Lokræsi skulu að jafnaði því að eins tekin gild, að þau séu grafin svo djúp, að frost geti eigi náð sjálfu ræsinu.
7. Með rúmmáli áburðarhúsa skal eigi telja risið, né það rúm, sem vera kann ofan við 2 m. vegghæð innanvert.

Hús ný eða stæðileg með þaki, til að geyma í efni til áburðardrýginda, séu lögð í dagsverk eins og áburðarhús, og öll hæðin innanmáls tekin til greina.

8. Safngryfjur »úr öðru efni« teljast þær, sem hlaðnar eru úr torfi eða þiljaðar innan með við. Allar safngryfjur skulu vera með þaki.
9. Upphleyptir tún- og engjavegir koma því að eins til greina, að þeir séu mölbornir og akfærir.

Nd. **495. Breytingatillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga á þingskj. 459.

Frá Jóni Þorkelssyni, Skúla Thoroddsen, Bjarna Jónssyni frá Vogi og Benedikt Sveinssyni.

1. Við 3. gr.
Fyrir: »fer þá er nauðsyn krefur, á konungsfund« komi: fer á konungs fund, þá er nauðsyn krefur.

2.—5. gr. orðist svo:
Konungur getur rofið alþingi, með þeim takmörkunum, sem segir í 9. gr., og skal þá stofna til nýrra kosninga áður tveir mánuðir sé liðnir frá því, er þing var rofið, og skal alþingi stefnt saman innan árs.

3. Við 6. gr. Fyrir: »enda sé neðri deild eigi rofin« komi: enda sé alþingi eigi rofið.

4. — 8. — Greinin orðist svo:
Alþingi skiftist í tvær deildir: Efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 6 þingmenn kosnir hlutfallskosningum um land alt og auk þess 8 þingmenn, er sameinað alþingi sjálft kýs þar til óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtímann í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímans.
Breyta má tölum þessum með lögum, sé tölu þingmanna breytt.

5. — 9. — Greinin orðist svo:
16. gr. stjskr. falli burt, en í staðinn komi: 34 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sérstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum eftir því sem kosningarlög mæla fyrir, en 6 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 6 ára allir í senn og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þeirra. Kosningar þingmanna í kjördæmum fara að jafnaði fram samtímis. Nú deyr einhver þeirra á kjörtímabilinu eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti meðal þeirra, sem kosnir eru hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varaþingmaður, sá er í hlut á.
Nánari reglur um hlutfallskosningar 6 efri deildar þingmanna og varaþingmanna skulu settar með lögum.

6. Við 10. gr.: Fyrir tvær síðustu málsgreinarnar komi: Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan þó eigi kosningarrétt fyrir það, né heldur, þótt bóndi hennar verði gjaldþrota eða þiggi af sveit.

7. Við 10. gr.: Til vara: Síðasta málsgrein falli niður.
8. Við 12. gr.: Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.
9. Við 15. gr.: Fyrir »fjárlaganefndirnar í heild sinni« komi: meiri hluti fjárlaganefndar.
10. Við 17. gr.: Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.
11. Við 22. gr.: Orðin: »og landsstjórn« falli niður.
12. Við 23. gr.: Eftir orðin: »í landinu« bætist inn: til samþyktar.
13. Ákvæði um stundarsakir orðist svo:

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi og skulu þá kosnir í fyrsta sinn sex þingmenn til efri deildar og sex varaþingmenn með hlutfallskosningum um land alt.

Varatillögur:

Við 9. gr. Fyrir »12 ára« komi: 9 ára.
Við 9. gr. Fyrir »tjórða hvert« komi: »þriðja hvert«.

Nd.

496. Breytitillögur

við frumv. til stjórnarskipunarlaga (þingskj. 459).

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. »hann er heilagur« falli burt.
2. Við 5. gr. Í stað: »næsta ár« komi: innan árs frá þingrofi.
3. Við 6. gr. »enda sé n. d. . . . . þingtími er úti« falli burt.
4. Við 9. gr. fyrir »þingtímanum« komi: kjörtímanum.
5. Við 13. gr. »hvort ár« breytist í: hvert ár.
6. Við 15. gr. »megi« breytist í: mega.
7. Við 15. gr. Fyrir »ráðherrar og« komi: ráðherrar eða.
8. Við 22. gr. »að gera« falli burt.

Nd.

497. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Einari Jónssyni, Benedikt Sveinssyni, Jóni Jónssyni frá Hvanná og Sigurði Gunnarssyni.

Við 16. gr. 24. b. komi nýr liður svo hljóðandi:

Handa hæfum manni fyrst til utanfarar um nokkra mánuði til að kynna sér verkun og flokkun á ísl. ull undir markaðinn og því næst til að ferðast um landið og kynna bændum meðferð á ull til útflutnings á markaðinn kr. 1,200—1,200.

Nd. **498. Frumvarp**

til laga um breyting á 20. og 29. grein laga nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjö menn skulu framvegis eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins.

2. gr.

Endurskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins skulu vera tveir. Auk reiknings bæjarsjóðsins skal þeim og skylt að endurskoða alla reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.

Nd. **499. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum frá 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun frá 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta allrækilega á tveim fundum og vill meiri hluti nefndarinnar ráða háttvirtri deild til að samþykkja það með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLAGA:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Borgarstjóri skal kosinn til 6 ára í senn. Sæki 3 eða færri um stöðuna, kjósa kosningarbærir bæjarbúar frjálst meðal allra umsækjenda. Sæki fleiri en 3, nefnir bæjarstjórnin 3 úr tölu umsækjenda, og kjósendur kjósa þá einn af hinum tilnefndu. Kosning fer fram á kjörþingi og er leynileg og skrifleg. Sá er flest fær atkvæði er rétt kjörinn borgarstjóri. Fyrir kosningunni stendur kjörstjórn er skipuð sé á sama hátt og kjörstjórn til undirbúnings kosninga á bæjarfulltrúum, enda sé kjörskrá um kosningu borgarstjóra tilbúin svo sem kjörskrá til kosninga á bæjarfulltrúum.

Borgarstjóri hefir að launum úr bæjarsjóði 4500 kr. á ári, auk 1500 kr. í skrifstofufé.

Alþingi, 5. apríl 1911.

Björn Þorláksson, formaður. Með fyrirvara.

Magnús Blöndahl, skrifari og framsögumaður.

Benedikt Sveinsson.

Einar Jónsson.

Pétur Jónsson. Með fyrirvara.

Nd. **500. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um íslenzkan fána.

Íslendingar voru einna mestir siglingamenn í heimi um það skeið, er þjóðveldi vort stóð í blóma. Þá flutu skrautbúin skip fyrir landi og fluttu landsmenn þá sjálfir varning sinn héðan og hingað. Þá fundu þeir og ný lönd, er áður voru ókunn Norðurálfubúum, svo sem Grænland og Vesturheim. Það er og segin saga að hagur lands þessa stóð með blóma alla þá stund, sem landsmenn áttu skipastól nægan og voru slíkir listasjómenn sem á landnámsöld og á næstu öldum. En er fyrnast tók farmenskan og skipastóllinn gekk til þurðar, þá mistu landsmenn tökin á verzlun sinni og var frá þeirri stund ráð þeirra í hendi erlendra manna. Hlýtur svo að fara hverju eylandi, sem engan hefir skipakost.

Þá er aftur tók að skipast til hins betra um hagi vora, tóku landsmenn aftur að temja sér fiskiveiðar á höfum úti og farmensku, enda eigum vér nú allálitlegan fiskiflota. Fer nú og í hönd sá tími, er vér eignumst verzlunarflota, þá er vér höfum gert hér trygga höfn og stórverzlun öll dregst hingað heim úr höndum erlendra milligöngumanna. Mun þá vel komið hag eylands þess, er vér byggjum.

En margt munum vér þurfa að færa til betra lags, áður þar komi hag vorum, og þurfa munum vér áður að hvetja og ylja hug sjómanna vorra og farmanna með mörgu móti. En eitt er þó sjálfsagt fremur öllu öðru. Þeir verða að hafa þjóðarmetnað sinn innanborðs á ferðum sínum og ímynd hans og þjóðarþokk, er þeir leggja í lægi og eru heim komnir úr svaðilförum sínum.

Svo er um sjómenn annara þjóða, er hafa siglingafána. Blaktir hann yfir skipum þeirra og hvetur þá í öllum mannraunum að vinna sér og þjóð sinni til ágætis. Er metnaður sjómanna engu minni en hermanna að láta eigi niður falla merki þjóðar sinnar. En sjómenn vorir hafa hingað til orðið að sigla undir fána annarar þjóðar, þeim er ekkert ítak á í hug þeirra og engar bjartar endurminningar tengja við þessa þjóð. Þetta má nú eigi lengur við svo búið standa, heldur verðum vér að taka oss vorn eiginn siglingafána, svo að sjómenn vorir eigi sér sem sjómenn annara þjóða þann stafnbúa, er vekur þeim góðar endurminningar og leggur á þá ljúfar skyldur.

Aðrar þjóðir láta og fána sinn blakta yfir sér á landi, yfir samkomum sínum, á húsum sínum og á alþjóðastofnunum. Er hann þeim ímynd þjóðarvalds, þjóðarmetnaðar og þjóðarvona. Er oss eigi síður þörf þessa, þótt forfeður vorir bæri eigi gæfu til að eftirláta oss slíka sýnilega ímynd um aldastarf þessarar þjóðar í sorgum og gleði. En eftir því sem skemri er saga fána vors, eftir því verða vonir þær að ríkari og lifseigari, sem hann á að tákna.

Þótt nauðungarlögin 2. janúar 1871 ætli þjóðarmetnaði vorum ekki vítt vængjatak, þá eru oss þó í þeim heimiluð umráð yfir siglingum og fiskiveiðum vorum. Er það vel, er vér höfum þar veg til þess að taka nú upp íslenzkan fána, þótt vér fáum eigi komið fram deilumálum vorum við Dani sem stendur. Því að enginn minsti vafi getur á því leikið, að ummælin um »siglingar og verzlun« í 2. gr. stöðulaganna 2. jan. 1871 eigi að skilja svo, að

i þeim felist full viðurkenning þess af hálfu Dana, að það sé á valdi hins íslenzka löggjafarvalds eins að kveða á um það, hvern siglingafána vér Íslendingar skulum hafa, en fánalaus mega skip vor eigi fara landa á milli.

Nefndin hefir því orðið sammála um að leggja það til við deildina, að samþykkja frumvarp til laga um íslenzkan fána (þgskj. 208) með þeirri breytingu, að í öðrum lið 2. gr. komi: »odda« fyrir oddtungu.

Í sambandi við þetta mál lýsir nefndin yfir þeirri skoðun, að óviðfeldið sé að hafa fána uppi á þinghúsinu með þeim hætti, sem nú er, til merkis um það, hvenær þingfundir hefjast eða þeim lýkur. Teldi nefndin því rétt að forsetar Alþingis léti þingmannafund skera úr því, hvort svo skuli framvegis eður eigi.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 2. gr.: Fyrir: »oddtungu« í 2. lið komi: odda.

Alþingi, 5. apríl 1911.

Skúli Thoroddsen, formaður og framsögumaður.
Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari.

Benedikt Sveinsson.
Jón Jónsson frá Hvanná

Jón Þorkelsson.

Fylgiskjal.

I. Ályktun stúdentafél. í Rvík á fundi 22. okt. 1906.

»Kaupfáni Íslands skal vera blár feldur í hvítum krossi; álmubreidd krossins skal vera 1/5 af breidd fánans, þá er mælt er við stöngina; bláu reitirnir skulu vera réttir ferhyrningar og bláu reitirnir fjær stönginni jafnbreiðir þeim en tvöfalt lengri.

Þjóðfáni Íslands (fáni alþjóðlegra stofnana) skal vera eins og kaupfáninn nema klofinn að framan«.

Ingólfur 28. okt. 1906.

II. Áskorun fánanefndar stúdentafélagsins.

»Öllum ætti að vera það ljóst, hve mikilsvert það er hverri þjóð, að eiga sér fána, þektan og viðurkendan af öðrum þjóðum. Fáninn táknar sjálfstæði þjóðarinnar og séreðli — alt það sem greinir hana frá öðrum þjóðum í sókn og vörn á vegum menningarinnar. Hver þjóð hefir sitt markmið, sína sögu og sínar vonir. Alt það táknar fáninn. Þess vegna getur enginn einn fáni verið viðunanlegt tákn tveggja þjóða og hugsjóna þeirra. Eins og hver þjóð heitir sínu nafni, eins á hún að hafa sinn fána, því að fáninn er fangamark þjóðarinnar. Að sitja eða sigla undir fána annarar þjóðar er að segja rangt til nafns síns, ættar og eðlis.

Vér Íslendingar erum sérstök þjóð, eigum sérstaka sögu, markmið og vonir.

Þess vegna viljum vér og hafa sérstakan fána. Vér viljum sækja hann að lögum og höfum til þess sögulegan og eðlilegan rétt.

Af þessum ástæðum hefir »Hið íslenzka stúdentafélag« leyft sér að bera fram tillögu um það, hvernig fáni sá skuli vera, er vér fylkjum oss um og viljum fá löghelgaðan. Mynd hans er prentuð hér[1]. Álmubreidd krossins er 1/8 af breidd fánans. Bláu reitirnir nær stönginni eru réttir ferhyrningar, og bláu reitirnir fjær stönginni jafnbreiðir þeim, en tvöfalt lengri.

Vér teljum þjóð vorri vel sæmandi við fána þenna. Í honum eru þjóðlitir vorir, sömu litir og í hinu löghelgaða merki Íslands. Kross viljum vér hafa í fánanum sem frændþjóðir vorar á Norðurlöndum, og sýna þannig skyldleika vorn við þær og bróðurþel vort til þeirra.

Hverjum manni og félagi á landi hér er heimilt að draga á stöng þann fána, er vill. Þess vegna leyfum vér oss virðingarfylst að skora á yður, að taka upp fána þann, er hér er sýndur, og draga hann á stöng við hátíðleg tækifæri og þegar ástæða er til að sýna þannig þjóðerni sitt.

Vonum vér að brátt komi að því, að þessi fáni blakti á hverri stöng um land allt, sem sýnilegt tákn þess, að Íslendingar viljum vér allir vera.

Reykjavík í nóvembermán. 1906.

Fyrir hönd Stúdentafélagsins.

Benedikt Sveinsson. Bjarni Jónsson frá Vogi. Guðm. Finnbogason.

Magnús Einarsson. Matthías Þórðarson«.

III. Borgarafundur í Ísafjarðarkaupstað samþykkir fánatillögu stúdentafélagsins með öllum atkv. gegn einu laugardag 15. des. 1906.

»Borgararnir í Ísafjarðarkaupstað skora á íslenzku þjóðina að taka upp fána þann, er stúdentafélagið í Reykjavík hefir samþykt, bláan feld með hvítum krossi, svo framarlega, sem vissa er fyrir að það sé ekki fáni annarra þjóða.

Einnig skorar fundurinn á íslenzka kaupmenn og íslenzku þjóðina að láta þennan fána blakta á stöngum þegar konungurinn kemur að sumri.

Fyrir hönd fundarins.

Helgi Sveinsson fundarstjóri. Guðm. Guðmundsson frá Gufudal fundarskrifari«.

Ingólfur 23. des. 1906.

IV. Ályktun á Siglufirði 18. jan. 1907.

»Fundurinn er eindregið meðmæltur því, að rétt og sjálfsagt sé að vér Íslendingar fáum sérstakan fána, og mælir hiklaust með fána þeim, sem stúdentafélagið í Reykjavík hefir stungið upp á og samþykt sem verzlunarfána Íslands«.

Ingólfur 10. febr. 1907.

V. Fundir Hólasveina og bænda í Hólahreppi samþyktu 25. jan. 1907 svolátandi:

»1) Fundurinn er eindregið með því, að vér Íslendingar eigum að fylgja því fast fram að fá sérstakan fána löggiltan og taka hann þegar upp til notkunar heima fyrir, þó að löggildingin sé ekki fengin.

2) Í öðru lagi vill fundurinn mæla með því að það verði fáni stúdentafélagsins í Reykjavík, sem allir landsmenn fylki sér um.

Hólum í Hjaltadal 18. febr. 1907.

Í umboði fundanna.

Jóseph J. Björnsson. Sig. Sigurðsson. Sig. Þórðarson«.

Ingólfur 17. marz 1907.

1) Á áskorunarskjalinu.

VI. Fundafélag Árskógsstrandar samþykti svohljóðandi tillögu 17. febr. 1907:

»Fundurinn lýsir yfir eindregnu fylgi sínu við það að Ísland fái sérstakan fána og aðhyllist fyrir sitt leyti fánahugmynd stúdentafélagsins í Reykjavík«.

Ingólfur 17. marz 1907.

VII. A tveim fundum í Arnarneshreppi hefir stúdentafáninn verið samþyktur«.

Ingólfur 17. marz 1907.

VIII. Málfundafélag Svínavatnshrepps í Húnaþingi samþykti 20. jan. 1907 þessa tillögu:

»Málfundurinn er algerlega samþykkur yfirlýsing borgarafundar á Ísafirði $^{25}/_{12}$ '06 þeirri er samþykkir fána stúdentafélagsins í Reykjavík, svo framarlega sem hann reynist ekki að vera þjóðfáni annara þjóða etc.

Í umb. málfundafél. Svínavatnshr. febr. 2. 1907.

Lárus Stefánsson
p. t. fundarstjóri.

Hilmar Stefánsson
p. t. skrifari«.

Ingólfur 17. marz 1907.

IX. Á fundi Kinnunga (Þingeyjars.) 17. jan. 1907 samþ. þessi tillaga:

»Fundurinn lýsir yfir því, að hann telur nauðsynlegt og sjálfsagt að Ísland hafi sérstakan fána, og aðhyllist, fyrir sitt leyti, þann fána, sem stúdentafélagið í Reykjavík leggur til að tekin sé upp«.

Ingólfur 7. apríl 1907.

X. Fundafélag Húsvíkinga samþ. 27. jan. 1907 þessa tillögu:

»Fundurinn telur sjálfsagt og nauðsynlegt að Íslendingar taki upp sérstakan fána hið allra fyrsta, og aðhyllist tillögu stúdentafélagsins í Reykjavík um gerð fánans, hvítan kross í bláum feldi, svo framarlega, sem vissa er fyrir því að það sé ekki fáni annarar þjóðar«.

Ingólfur 7. apríl 1907.

XI. 28. febr. 1907 samþ. alm. kjósendafundur í Húsavík tillögur stúdentafélagsins í fánamálinu.

Ingólfur 7. apríl 1907.

XII. 1. apríl 1907 samþ. borgarafundur Seyðfirðinga þessar tillögur:

»1) Fundurinn er eindregið með því að Íslendingar taki upp sérstakan fána og skorar á þjóðina að veita fánamálinu örugt fylgi.

2) Gerð fánans álítur fundurinn aukaatriði.

3) Fundurinn aðhyllist fyrir sitt leyti tillögu stúdentafélagsins í Reykjavík um gerð fánans: hvítan kross í bláum feldi«.

Ingólfur 7. apríl 1907.

XIII. Ungmennafélag Rvíkur samþ. 24. marz 1907 tillögur stúdentafél.

Ingólfur 14. apríl 1907.

XIV. Fundur í Holts og Hagahreppum samþ. 16. marz 1907 tillögur stúdentafél.

Ingólfur 28. apríl 1907.

XV. Sveitarfundur í Sveinsstaðahrepp samþ. 6. apr. 1907 tillögur stúdentafél.

Ingólfur 28. apríl 1907.

XVI. Fundur í Fellshrepp samþ. 15. marz 1907 tillögur stúdentafél.

Ingólfur 28. apríl 1907.

XVII. Fundur í Miðdalahreppi samþ. 8. apríl 1907 tillögu stúdentafél.

Ingólfur 28. apríl 1907.

XVIII. Fundur allra fulltrúa í Vestur-Ísafjarðarsýslu samþ. 19. febr. 1907 þessa tillögu:

»Fundurinn telur æskilegt að Ísland eignist sérstakan þjóðfána«.

Ingólfur 5. maí 1907.

XIX. Fundur í Tálknafjarðarhreppi samþ. 23. marz 1907 tillögu stúdentafél.

Ingólfur 5. maí 1907.

XX. Fundur í Breiðuvíkurhrepp samþ. 2. marz 1907 tillögu stúdentafél.

Ingólfur s. d.

XXI. Fundur í Skeiðahrepp samþ. 18. apríl 1907 tillögu stúdentafél.

Ingólfur s. d

XXII. Málfundafélag Hornfirðinga samþ. tillögu stúdentafél.

Ingólfur s. d.

XXIII. Framfarafél. Stykkishólms samþ. 10. marz 1907 tillögu stúdentafél.

Ingólfur s. d.

XXIV. Prentarafél. í Reykjavík samþ. 14. apríl 1907 till. stúdentafél.

Ingólfur s. d.

XXV. Kelduneshreppur 17. apríl 1907

XXVI. Hvammshreppur í Dölum 4. maí 1907.

XXVII. Norðfjarðarhreppur 5. apríl 1907.

XXVIII. Presthólahreppur 18. apríl 1907.

} Ingólfur 19. maí 1907.

XXIX. Þingmálaf. Akureyrar 20. maí 1907 samþ. »að Ísland hafi sérstakan fána«.

Ingólfur 26. maí 1907.

XXX. Þingmálaf. á Hvammstanga 24. maí 1907 samþ.:

»Fundurinn tjáir sig meðmæltan sérstöku flaggi fyrir Ísland«.

Ingólfur 9. júní 1907.

XXXI. Á þingmálaf. Rvíkur 22. júní 1907 samþ. fánatillaga.

Ingólfur 3. júlí 1907.

XXXII. Þingmálaf. í Kjósarhr. 26. maí 1907.

Ed.

501. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stj.skl. 3. okt. 1903: »Ráðherra Íslands má eigi ..... falið að veita« falli burt; en í staðinn komi: Landsjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungs fund.

2. gr.

Á eftir 2. gr. stjskr. bætist inn ný grein: Konungur er ábyrgðarlaus og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

3. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti. Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánara ákveðið með lögum.

Hver ráðherra skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni, er honum eru sérstaklega falin, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra, sá er mál skal flytja fyrir konungi, fer á konungs fund, þá er nauðsyn krefur, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

4. gr.

Önnur og þriðja málsgrein 4. gr. stjskr. falli burt, en í staðinn komi: Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Þó skal engum embættismanni vikið frá til fullnaðar, nema honum sé áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

4. málsgr. 4. gr.: »Með lögum má undanskilja« o. s. frv., falli burt.

5. gr.

8. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Konungur getur rofið neðri deild alþingis og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er hún var rofin og alþingi stefnt saman eigi síðar en innan árs frá þingrofi.

6. gr.

11. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána og ætið skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir. Samþykki alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af alþingi.

7. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjskr. falli burt, en í þeirra stað komi: Á alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

8. gr.

45. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Alþingi er 2 deildir: efri deild og neðri deild. Efri deild sitja 15 þingmenn, en neðri deild 25. Breyta má tölum þessum með lögum, sé tölu alþingismanna breytt.

9. gr.

16. gr. stjskr. falli burt, en í staðinn komi: Þingmenn neðri deildar skulu kosnir til 6 ára, og fer kosning þeirra allra að jafnaði fram samtímis. Þingmenn efri deildar skulu kosnir til 9 ára, þriðjungur þeirra þriðja hvert ár. — Deyi þingmaður neðri deildar meðan á kjörtímanum stendur eða fari frá, skal kjósa þingmann í hans stað, en að eins fyrir það tímabil, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti í efri deild, tekur það sæti varaþingmaður, sá er í hlut á.

10. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Kosningarrétt til alþingis hafa allir karlar og konur, sem eru fullveðja að aldri, þó aldrei yngri en 25 ára, þegar kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda hafi eigi þegið sveitarstyrk síðasta árið, nema hann sé endurgoldinn.

Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan þó eigi kosningarrétt fyrir það.

Með lögum má binda kosningarrétt til alþingis við þekkingarskilyrði.

11. gr.

2. töluliður 18. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

2. hefir að minsta kosti síðasta árið verið heimilisfastur á Íslandi.

3. töluliður 18. gr. í stjskr. falli burt.

12. gr.

Þingmenn efri deildar og jafnmarga varaþingmenn skal kjósa með hlutfallskosningu í einu lagi fyrir land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nákvæmari reglur um kosningarnar.

13. gr.

7. gr. stj.skl. 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Reglulegt alþingi skal saman koma lögmæltan dag annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaþing sé haldið, og kveður þá konungur alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

Breyta má þessari grein með lögum.

14. gr.

Á eftir 19. gr. stjskr. komi ný grein svo látandi: Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

15. gr.

8. gr. stj.skl. 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Fyrir hvert reglulegt alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, sem hafa í för með sér ný eða aukin útgjöld, mega ekki aðrir bera fram á alþingi en ráðherrar eða fjárlaganefndirnar í heild sinni í hvorri þingdeild um sig. Breyta má þó þessu ákvæði með lögum.

16. gr.

26. gr. stjskr. falli niður, en í staðinn komi: Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess að tekjur landsins séu þar allar taldar og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig eða hverir tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það sem er að líða eða liðið er. Sjái þeir nokkuð að athuga, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. stjskr. falli niður, en í staðinn komi: Hvor deild alþingis um sig sker sjálf úr, hvort þingmenn hennar séu löglega kosnir.

18. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga frá 3. okt. 1903 falli niður, en í staðinn komi svo látandi ný grein: Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og rétt eiga þeir á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt hafa ráðherrar því að eins að þeir sé jafnframt þingmenn.

19. gr.

Aftan við 45. gr. stjskr. bætist: Breyta má þessu með lögum.

20. gr.

Aftan við 47. gr. stjskr. bætist: Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar, en þeirrar er hann sjálfur aðhyllist; en gjalda skal hann til skóla hin lögboðnu, persónulegu gjöld þjóðkirkjunnar, ef hann sannar ekki, að hann heyri til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur er í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

21. gr.

48. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Hvern þann sem tekinn er fastur skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveðið í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

22. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sérréttindi, er bundin sé við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða. Svo má og enginn maður hér á landi bera neinar orður né titla, er konungur veiti mönnum.

23. gr.

Nú samþykkir alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþyktar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

24. gr.

Hvar sem »ráðherra« er nefndur í eintölu í stjórnarskránni eða stj.skl. 3. okt. 1903, skal svo skilja, þar sem það á við, sem orðið væri í fleirtölu.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi og skulu þá kosnir í fyrsta sinn fimmtán þingmenn til efri deildar og fimmtán varaþingmenn með hlutfallskosningum um land alt.

Ed. **502. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um eiða og drengskaparorð.

Frá nefndinni.

Við fyrirsögn fyrsta kafla. Í stað »I. staðfesting á heitum« komi: I. Staðfesting heita.

Við 1. gr. Fyrsta grein breytist og orðist svo: Þegar einhverjum er veitt embætti eða sýslan í almennings þarfir eða hlotnast einhver vegsauki og svo er fyrirmælt í lögum, að hann skuli jafnframt vinna eiðfest heit, þá er sú eiðtaka af numin, en í stað hennar kemur drengskaparheit. Undanskildir eru þó eiðar þeir, sem fyrirskipaðir eru í 4. og 30. gr. stjórnarskrárinnar, og skulu þeir unnir á þann hátt, sem nú tíðkast.

Við fyrirsögn annars kafla. Í stað »II. Staðfesting á vitnaframburði« komi: II. Staðfesting vitnaframburðar.

Við 2. gr. Önnur grein breytist og orðist svo: Vitnaframburður skal að jafnaði eiðfestur. Eiður sá skal unninn svo, að vitnið lyftir upp hægri hendi, réttir upp 3 fyrstu fingurna og mælir svo: Það sver eg við guð almáttugan, að eg hafi sagt satt eitt og ekkert undandregið.

Við 3. gr. Í stað »Eg legg þar við æru mína og drengskap, að eg hafi farið með satt mál og ekkert undandregið« komi: Það legg eg undir drengskap minn og mannorð, að eg hafi sagt satt eitt og ekkert undandregið.

Við 4. gr. Í stað »Staðfesting á vitnaframburði« komi: Staðfesting vitnaframburðar.

Við 5. gr. Síðari hluti greinarinnar falli burt: »og færir sönnur á, að hann hafi eigi verið í neinu trúarfélagi hér á landi þá er mál það kom í rétt, er leiða átti til lykta með eiði«.

Við 6. gr. Greinin breytist og orðist svo: Þar sem staðfesting með eiði að öðru leyti er heimiluð í lögum, svo sem er um staðfesting skoðunar og matsgjörða, skulu framangreindar reglur um staðfesting með drengskaparorði koma til framkvæmda samkvæmt því, sem áður er sagt.

Við 8. gr. Orðin: »æru og« falli burt.

Við 9. gr. Orðin: »æru og« falli burt.

Nd. **503. Viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Eggert Pálssyni og Einari Jónssyni.

1. Við 13. gr. B. III.: Á eftir 6. lið komi nýr liður er verður 7. liður:
   Til að setja upp dragferju á Þverá hjá Hemlu f. á. kr. 1600.00.
   7. liður verður 8. liður og samtalan breytist eftir því.
2. Við 13. gr. B. Á eftir VII komi:
   VIII. Til dragferju á Þverá 150—150.
   VIII. liður verður IX. o. s. frv.

Nd. **504. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1912 og 1913 er ætlast til, að tekjur landsins verði 2,887,400 kr., er eiga að hafast upp úr tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 2,581,000.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2. Húsaskattur	13,000	13,000	26,000
3. Tekjuskattur	30,000	30,000	60,000
4. Aukatekjur	55,000	55,000	110,000
5. Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. Vitagjald	30,000	30,000	60,000
7. Leyfisbréfagjöld	6,000	6,000	12,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur	300,000	30,000	330,000
10. Tóbakstollur	160,000	160,000	320,000
11. Kaffi- og sykurtollur	380,000	380,000	760,000
12. Annað aðflutningsgjald	20,000	20,000	40,000
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	9,000	9,000	18,000
14. Pósttekjur	95,000	95,000	190,000
15. Símatekjur	100,000	105,000	205,000
16. Tekjur af Íslandsbanka	12,000	12,000	24,000
17. Óvissar tekjur	10,000	10,000	20,000
Samtals	1,423,000	1,158,000	2,581,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 40,200 kr.:

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls	18,000	18,000	36,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	20,100	20,100	40,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 137,000 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs ... ... Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.	54,000	52,000	106,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
Samtals...	69,500	67,500	137,000

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880...	2,000	2,000	4,000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ...	2,000	2,000	4,000
Samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist..	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1912 og 1913 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,075,153 kr. 34 aurar.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 99,633,34.

	1912	1913
1. Vextir af 4% láni landssjóðs úr ríkissjóði Danmerkur, sem 1. jan. 1912 nemur kr. 433,333,33	17,000,00	15,666,67
Afborgun af láninu kr. 16,666.67 á hverju missiri	33,333,34	33,333,33
	50,333,34	49,000,00
2. Til vaxtagreiðslu á 4½% láni landssjóðs teknu árið 1909, sem 1. jan. 1912 nemur 1,375,000 kr. ganga árið 1912 61,312 kr. 50 au. og 1913 59,062 kr. 50 aurar. Afborgun er 50,000 krónur árlega; bæði rentur og afborgun greiðast væntanlega af vöxtum, sem fást af bankavaxtabréfum þeim, sem keypt hafa verið fyrir lánsfjárhæðina, svo og af bréfum þeim, sem út eru dregin og innleyst. Til kostnaðar við lánið veitast	150,00	150,00
	50,483,34	49,150,00
Alls...	99,633,34	

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 101,000 kr.

	kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
1. Til ráðherra:				
a. laun	8,000			
b. til risnu...	2,000	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra		2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara		6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra		10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar		16,000	16,000	32,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að		5,000	5,000	10,000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu		1,000	1,000	2,000
Samtals...		50,500	50,500	101,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitast 60,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 1,600 kr., alls 61,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. eru veittar 225,330 kr.

	1912.	1912.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. Laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	67,300	67,300	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður	4,715	4,715	
Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.			
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	5,100	5,100	
	86,515	86,515	173,030
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... kr. 450			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna 2,600			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur, alt að.. ... 3,600			
d. Kostnaður við sending með póstum 1,000			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímkeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar...	2,500	2,500	
4. Til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,500	1,500	
Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim er óska strandgæzlu og njóta hennar.			
7. Til aðstoðar löggæzlu um síldveiðatímann og til tolleftirlits	1,000	1,000	
Flyt...	21,950	21,950	173,030

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	21,950	21,950	173,030
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	4,000	4,000	
Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.			
	26,150	26,150	52,300
Samtals...			225,330

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 325,080 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	79,700	79,700	159,400
2. Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
3. Styrkur til hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að útvega lækni, til að setjast að í Bolungarvíkurverzlunarstað	400	400	800
Styrkurinn veitist með því skilyrði að lækninum verði greiddar að minsta kosti 800 kr. á ári annarsstaðar frá.			
4. a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík	1,000	1,000	
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	2,600
5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	82,700	82,700	165,400

		1912	1913	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	82,700	82,700	165,400
6.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Þúsund króna styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Féldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum á læknaskólanum til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum ekki sjaldnar en 2 sinnum á mánuði.			
7.	Holdsveikisspítalinn	28,490	27,990	56,480
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: kr. kr.			
	1. Laun ... ... 5,290— 5,390			
	2. Viðurværi 67—69 manna 12,000—12,000			
	3. Klæðnaður ... ... 850— 850			
	4. Meðul og sáraumbúðir.. 1,300— 1,300			
	5. Eldsneyti ... ... 2,700— 2,700			
	6. Ljósmeti .. .. 550— 550			
	7. Húsbúnaður og áhöld ... 1,000— 1,000			
	8. Viðhald á húsum ... ... 1,800— 1,200			
	9. Þvottur og ræsting.. ... 600— 600			
	10. Greftrunarkostnaður ... 200— 200			
	11. Skemtanir ... ... 300— 300			
	12. Skattar o. fl.... ... ... 1,300— 1,300			
	13. Ýmisleg útgjöld 1,000 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey 600— 600			
	28,490—27,990			
8.	Geðveikishælið á Kleppi	19,600	19,600	39,200
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:			
	A. Laun læknis 2,400			
	B. Önnur útgjöld:			
	1. Kaup starfsmanna... ... 3,950			
	2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag 14,782 50			
	3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.) 1,800			
	4. Meðul og umbúðir 500			
	5. Ljós og hiti 3,600			
	6. Viðhald og áhöld 2,300			
	7. Þvottur og ræsting 800			
	8. Skemtanir 200			
	Flyt... 30,332 50	131,790	131,290	263,080

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	30,332 50	131,790	131,290	263,080
9.	Skattar m. m....	1,000			
10.	Óviss útgjöld...	600			
		31,932 50			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag	10,585			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu	1,000			
		12,315 90			
	Mismunur:	19,617 50			
9.	Heilsuhælið á Vífilstöðum...		18,000	18,000	36,000
10.	Önnur útgjöld:	Kr.			
a.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ... ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hérað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrkurinn nemur.	4,000			
b.	bólusetningarkostnaður.	1,000			
c.	til náms yfirsetukvenna	2,000			
d.	til verkfæra handa yfirsetukonum	400			
e.	gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ...	4,000			
f.	gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
g.	styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.	600			
			13,000	13,000	26,000
	Samtals..		162,790	162,290	325,080

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1036,150 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Póstmál.			
1. Laun: Kr.			
a. póstmeistara 4,000			
b. 1. póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík 6,600			
2. póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur 20,800			
c. bréfhirðingarmanna 8,500			
	39,900	39,900	
2. Póstflutningur	56,000	56,000	
Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja allskonar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferða-ætlun.			
3. Annar kostnaður: Kr.			
a. skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi alt að 5,000			
b. önnur gjöld 8,000	13,000	13,000	
Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.			
	108,900	108,900	217,800
B.			
Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:			
1912. 1913			
1. Verkfræðingur landsins: Kr. Kr.			
a. laun 3,000 3,000			
Flyt... 3,000 3,000	.....	.....	217,800

		1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
	Flutt..,	3,000	3,000			217,800
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500			
	2. aðstoðarverkfræðingur ..	2,400	2,400			
	3. skrifstofukostnaður. ...	500	500			
	4. til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna...	1,500	1,500			
	5. eftirlit með vegaviðhaldi	200	200	8,100	8,100	
II.	Flutningabrautir	Kr.	Kr.			
	1. Borgarfjarðarbraut ...	10,000	20,000			
	2. Húnvetningabraut ..	10,000	10,000			
	3. Reykjadalsbraut.., ...	10,000	10,000			
	4. Skagfirðingabraut ...	10,000	10,000			
	5. Grímsnesbraut	10,000	10,000			
	6. viðhald flutningabrauta...	9,000	9,000			
	7. Til brúar á Rangá ...	45,000	»	104,000	69,000	
III.	Þjóðvegir:	Kr.	Kr.			
	1. Mosfellssveitarvegur með brú á Köldukvísl ...	6,000	»			
	2. brýr á Hverfisfljót og Brunná	»	12,000			
	3. Til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu	2,500	2,500			
	4. Til brúar á Hrútafjarðará	8,000	»			
	5. Til brúar á Rangá í Tungu	»	6,000			
	6. Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal	»	2,500			
	7. aðrar vegabætur og viðhald	12,000	12,000	28,500	35,000	
IV.	Fjallvegir			5,000	5,000	
V.	Til áhalda...			2,000	2,000	
VI.	Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum			300	300	
VII.	Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			300	300	
VIII.	Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum			2,300		
			Flyt...	150,500	119,700	217,800

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	150,500	119,700	217,800
IX. Styrkur til akvegarins í Eiðaþinghá gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
X. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ... ... Fjárveitingin er bundin jafn-miklu tillagi annarstaðar frá.	7,500	7,500	
XI. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fé því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu	2,000		
	161,000	128,200	
			289,200
C.			
1. Gufuskipaferðir Thorefélags eftir samningi 7. ágúst 1909	60,000	60,000	
2. Gufubátaferðir og mótorbáta	39,750	39,750	
Þetta sundurliðast þannig hvort árið:			
1. Til Faxaflóabáts 12,000			
2. Til Breiðafjarðarbáts 7,000			
3. Til Ísafjarðarbáts... 5,500			
4. Til Eyjafjarðarbáts 12,000			
5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði. 1,000			
6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands 1,200			
7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá 400			
8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð 400			
9. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti.. 250			
	99,750	99,750	
			199,500
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafélagið mikla norræna umsamið árgjald (til 1925)	35,000	35,000	
II. Til nýrra landsímalagninga o. fl.			
	1912.	1913.	
1. talsími frá Borðeyri til Búðardals	Kr. 14,000	Kr. »	
Gegn 4000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.			
Flyt...	14,000	»	35,000	35,000	706,500

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912 kr.	1913 kr.	Alls kr.
Flutt...	14,000	»	35,000	35,000	706,500
2. talsími frá Búðardal um Stykkishólm og að Hjarðarfelli	38,000	»	52,000		
gegn 8,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum. Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.					
III. Til starfrækslu landsímanna m. m.	Kr.	Kr,			
1. laun forstjóra landsímanna	5,000	5,000			
2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	10,700	10,700			
3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímkerfinu	6,800	6,800			
4. ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímkerfinu	8,400	8,400			
Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.					
5. ritsímastöð á Ísafirði ásamt bæjarsímkerfinu	5,900	5,900			
6. símastöð á Borðeyri ...	2,600	2,600			
7. símastöð í Hafnarfirði..	1,000	1,000			
8. Starfræksla hraðskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alt að	6,000	6,000			
9. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	2,000	2,000			
Þegar sú ábyrgð er liðin, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landsímastöðvar hefir gefið fyrir þátt-töku í reksturs-					
Flyt...	48,400	48,400	87,000	35,000	706,500

	1912 kr.	1913 kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	48,400	48,400	87,000	35,000	706,500
kostnaðinum, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.					
10. Til rannsóknar símaleiða	2,000	2,000	50,400	50,400	
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m...			4,000	4,000	
V. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna..			2,000	2,000	
VI. Viðhald landsímanna..			10,000	10,000	
VII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			153,950	101,950	255,900
E. Vitamál:					
I. Eftirlit með vitum:		Kr. Kr.			
a. laun		700 700			
b. ferðakostnaður eftir reikningi alt að...		500 500	1,200	1,200	
II. Öndverðanesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		100			
2. reksturskostnaður		150	250	250	
III. Elliðaeyjarviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar		500			
2. reksturskostnaður		450	950	950	
IV. Arnarnesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		500			
2. reksturskostnaður og viðhaldskostnaður		500	1,000	1,000	
V. Kálfshamarsviti			... ...	6,500	
		Flyt...	3,400	9,900	962,400

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt ..	3,400	9,900	962,400
VI.	Skagatáarviti..		... ...	14,000	
VII.	Síglunesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	1200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,800	1,800	
VIII.	Til að reisa vita á Bjargtöngum... ...		... ...	14,000	
IX.	Rifstangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	150			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	550	550	
X.	Langanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturskostnaður	200	400	400	
XI.	Dalatangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,200	1,200	
XII.	Dyrhólaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	600	600	
XIII.	Vestmanneyjaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	700			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	500	1,200	1,200	
XIV.	Reykjanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	1500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	1600	3,100	3,100	
XV.	Garðskagaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	750			
	3. til að leggja gangbrú út að vitanum f. á.	2500	3,850	1,350	
XVI.	Gróttuviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	450			
	3. til að breyta vitanum í blossa-vita f. á.	3500	4,450	950	
		Flyt...	20,550	49,050	962,400

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	20,550	49,050	962,400
XVII. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir fiskiskip: Kr.			
1. á Skipaskaga alt að 75			
2. á Gerðatanga 100			
	175	175	
XVIII. Viðhald eldri sjómerkja og uppsetning nýrra	200	2,000	
XIX. Ýmislegur vitakostnaður	1,100	500	
	22,025	51,725	73,750
Samtals	... ...	... ...	1,036,150

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 496,920 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Andlega stéttin: Kr.			
a. 1. laun biskups 5,000			
2. skrifstofukostnaður 1,000	6,000	6,000	
b. Önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	3,500	3,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum . ... Af uppbót þessari má verja 1000 krónum til húsaleigustyrks handa prestum í lægsta launaflokki, sem eiga heima í kauptúnum, þó eigi meira en 100 kr. handa hverjum.	4,500	4,000	
3. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	4,000	4,000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs	40,000	40,000	
	58,000	57,500	
			115,500
B.			
Kenslumál:			
I. Prestaskólinn:			
a. laun...	9,200	9,200	
Flyt...	9,200	9,200	115,500

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	9,200	9,200	115,500
b. annar kostnaður:	1912 1913			
	Kr. Kr.			
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum	960 960			
2. námsstyrkur	1000 1000			
3. til tímakenslu	100 100			
4. — bókakaupa	300 300			
5. — eldiviðar og ljósa..	150 150			
6. — umsjónar	100 100			
7. ýmisleg útgjöld... ...	250 250			
8. til útgáfu kenslubóka	500 500			
		3,360	3,360	
		12,560	12,560	25,120
II. Læknaskólinn:				
a. laun		3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	Kr.			
1. húsaleigustyrkur handa nemendum	1600			
2. námsstyrkur	2000			
3. eldiviður, ljós og ræsting ...	550			
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda	850			
5. ferðastyrkur handa læknaefnum	300			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	400			
7. þóknun til Þórðar geðveikislæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði	300			
8. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« alt að	200			
9. ýmisleg útgjöld...	320			
		6,520	6,520	
e. til þess að leigja hús handa læknaskólanum		1,000	1,000	
		10,720	10,720	21,440
III. Lagaskólinn:	1912 1913			
	Kr. Kr.			
a. laun	6,800 6,800			
b. aukakensla	1,600 1,600			
Flyt...	8,400 8,400	... ...	... ...	162,060

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	8,400	8,400	... ...	... ...	162,060
c. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa nemendum ...	960	960			
2. námsstyrkur	1,200	1,200			
3. eldiviður, ljós og ræsting	250	250			
4. til bókakaupa ...	500	500			
5. húsaleiga	500	500			
6. önnur útgjöld ...	200	200			
7. til útgáfu kenslubóka	500	500	12,510	12,510	25,020
IV. Mentaskólinn almenni:					
a. laun...			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:		Kr.			
handa söngkennaranum		600			
— fimleikakennaranum ...		700			
til dyravarðar		1,000			
fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans		200	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.			
1. til bókasafns skólans	400	400			
2. — eldiviðar, ljósa og vatns...	1,400	1,400			
3. — skólahússins utan og innan	1,400	1,400			
4. til fasts aukakennara	1,600	1,600			
5. — annarar tímakenslu og til prófdómenda...	3,200	3,200			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720	720			
7. námsstyrkur... ...	2,000	2,000			
8. læknisþóknun	100	100			
9. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200			
10. til vísindalegra áhalda við kenslu	300	300			
11. til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000			
Flyt...	13,320	13,320	21,700	21,700	187,080

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	13,320	13,320	21,700	21,700	187,080
12. til áhalda við fimleikakenslu..	100	100			
13. til verðlaunabóka ...	300	300	13,720	13,720	
			35,420	35,420	
Húsaleigustyrk og námsstyrk við prestaskóla, lagaskóla, læknaskóla og mentaskóla, má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk handa mentaskólanemendum, en hinum 250 kr. Húsaleigustyrkur sé að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.					70,840
V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. laun			8,600	8,600	
b. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna.	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa	800	800			
3. — tímakenslu og aukakenslu	3,200	3,200			
4. til styrkveitinga á námspiltum ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	800	800			
5. ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,600	1,600	7,000	7,000	
			15,600	15,600	
					31,200
VI. Kennaraskólinn:	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun	6,600	6,600			
b. önnur útgjöld:					
1. tímakensla	1,200	1,200			
2. til aukakennara ...	1,000	1,000			
3. eldiviður og ljós ...	800	800			
4. bókakaup og áhöld..	300	300			
5. námsstyrkur ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	1,500	1,500			
6. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200	12,600	12,600	25,200
Flyt...			... ...	... ...	314,320

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	.....	.....	314,320
VII.	Stýrimannaskólinn:				
	a. laun		3,200	3,200	
	b. önnur útgjöld:	1912 1913			
		Kr. Kr.			
	1. til tímakenslu	1,000 1,000			
	2. — áhaldakaupa o. fl.	400 400			
	3. — eldiviðar og ljósa	400 400			
	4. ýmisleg útgjöld ...	600 600	2,400	2,400	
			5,600	5,600	
					11,200
VIII.	Til annarar kenslu:	1912 1913			
	a. til kvennaskóla:	Kr. Kr.			
	1. til kvennaskólans í Reykjavík...	7,000 7,000			
	2. námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla...	300 300			
	3. til kvennaskólans á Blönduósi	3,500 3,500			
	4. til sama skóla 50 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	2,000 2,000	12,800	12,800	
	b. 1. til farkenslu		15,000	15,000	
	2. til ungmennaskóla..		20,000	20,000	
	3. tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum		1,000	1,000	
	4. kostnaður við unglingapróf ...		2,000	2,000	
	5. styrkur til að reisa ungmennaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, eftir uppdrætti, er stjórnarráðið hefir samþykt		10,000	10,000	
	6. til framhaldskenslu handa kennurum		2,500	2,500	
	7. a. laun umsjónarmanns fræðslumálanna		3,000	3,000	
	b. til eftirlitsferða eftir reikningi ...		600	600	
	c. til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi		200	200	
		Flyt...	67,100	67,100	325,520

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	67,100	67,100	325,520
d. til gagnfræða- og alþýðuskólans í í Flensborg	7,000	7,000	
e. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
f. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
g. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
h. til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7,000	7,000	
i. til kenslu blindra barna í Danmörku gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
	83,400	83,400	
			166,800
IX. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram, að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. til sundkenslu annarstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,300	1,300	
			2,600
X. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
			2,000
Samtals...	.....	.....	496,920

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 151,320.

	1912 kr.	1913 kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
1. Landsbókasafnið;					
a. laun landsbókavarðar ..	3,000	3,000			
b. — 1. bókavarðar.. ...	1,500	1,500			
c. — 2. bókavarðar... ...	1,000	1,000			
d. til að kaupa bækur og handrit.	6,000	6,000			
e. til bókbands...	1,700	1,800			
f. til kostnaðar við spjaldskrár (eftir reikningi) ...	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið...	360	360			
k. ýmisleg útgjöld	250	250			
			16,310	16,410	
2. Landsskjalasafnið:	kr.	kr.			
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. til aðstoðarskjalavarðar	800	800			
c. til að binda inn og búa um skjöl	800	800			
d. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600	600			
e. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.	250	250			
			4,250	4,250	
3. Fornmenjasafnið:	kr.	kr.			
a. laun fornmenjavarðar ...	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að...	800	800			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,000	1,000			
d. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að	1,000	1,000			
			4,600	4,600	
Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. Júní til 15. September 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
		Flyt...	25,160	25,260	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	25,160	25,260	
4. Náttúrufræðisfélagið: ... ... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.	800	800	
5. Bókhlaðan: kr. kr.			
a. til eldiviðar, ljósa o. fl. ... 3,200 3,200			
b. til dyravarðar. 1,400 1,400			
c. til viðhalds og áhalda ... 2,000 1,000	6,600	5,600	
6. Til kaupstaðarbókasafna gegn éigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði..	2,000	2,000	
7. Til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur...	500		
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði, alt að	1,500	1,500	
9. Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
10. Til Bernarsambandsins, til þess að vernda rétt íslenzkra rithöfunda, alt að	600	600.	
11. Til Þjóðvinafélagsins	750	750	
12. Til Fornleifafélagsins ... ... Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið	400	400	
13. Til sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...	750	750	
14. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbréfasafni ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.	800	800	
15. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi	2,000	2,000	
16. Til bindindissameiningar Norðurlands ... Þessi 2 síðastnefndu félög gefi stjórnarráðinu reikning fyrir, hvernig fénu er varið.	300	300	
17. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra...	1,000	1,000	
18. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
Flyt...	45,560	44,160	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	45,560	44,160	
19. Heiðursþóknun til Jóns sagnaskálds Stefánssonar	1,200		
20. Til Jóns Ófeigssonar til að semja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók 80 krónur fyrir það, sem svarar prentaðri örk alt að	1,500	1,500	
21. Til Einars skálds Hjörleifssonar	1,200	1,200	
22. Til Þorsteins Erlingssonar skálds..	1,200	1,200	
23. Til síra Valdimars Briem's.	800	800	
24. Til Guðm. skálds Magnússonar	1,000	1,000	
25. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ...	400	400	
26. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds... ...	400	400	
27. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
28. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
29. Til Jónasar Jónssonar til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng (Hymnologi) frá 1550 til 1900	600	600	
30. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins... ...	500	500	
31. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
32. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn minst helmings-framlags úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að .	1,000	1,000	
33. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands.. ...	1,000	1,000	
34. Til landmælinga á Íslandi...	5,000	5,000	
35. Til dr. Helga Péturss til jarðfræðisrannsókna...	2,000	2,000	
36. Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,500	1,500	
37. Til Jóns Ólafssonar ritstjóra styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að... ...	1,500	1,500	
38. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar...	600	600	
39. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina alt að	600		
40. Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings til þess			
Flyt...	69,210	66,010	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	69,210	66,010	
að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík	200		
41. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóli ...	400	400	
42. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur	400	400	
43. Til jarðskjálftarannsókna	550	550	
44. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
45. Til Einars Jónssonar myndasmiðs... ...	1,200	1,200	
46. Til Guðmundar heimspekings Finnbogasonar, til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína	600	600	
	77,360	73,960	
Samtals...			151,320

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 408,520.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara..	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld: 1912 Kr. 1913 Kr.			
1. til verklegrar kenslu... 700 700			
2. til kensluáhalda ... 500 500			
3. til eldiviðar og ljósa... 800 800			
4. til styrkveitinga nemendum... ... ... 400 400			
5. ýmisleg útgjöld. ... 1,000 1,000	3,400	3,400	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara.	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld: Kr. Kr.			
1. til verklegrar kenslu. ... 700 700			
2. til kensluáhalda 500 500			
3. til eldiviðar og ljósa. ... 700 700			
4. til styrkveitinga nemendum 400 400			
Flyt... 2,300 2,300	10,800	10,800	

	1912 Kr.	1913 Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
Flutt...	2,300	2,300	10,800	10,800	
5. ýmisleg útgjöld	800	800	3,100	3,100	
3. Til Torfa Bjarnasonar			1,200	1,200	
4. Til bryggjugerðar í Vestmannaeyjum			5,000	... ...	
5. Til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslur...			3,000	... ...	
6. Til Eiðaskólans til verklegrar búnaðarkenslu...			1,500	1,500	
7. Til »Sambands íslenzkra samvinnufélaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfélagsskap og öðrum samvinnufélagsskap ... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarsstaðar að.			500	500	
8. Til búnaðarfélaga...			26,000	26,000	
9. Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið ...			54,000	54,000	
10. Laun skógræktarstjóra..			3,000	3,000	
11. Til skóggræðslu..			6,000	6,000	
12. Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ...			1,000	1,000	
13. Til sandgræðslu			4,000	4,000	
14. Styrkur til samvinnu-smjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49. 10. nóv. 1905			12,000	10,000	
15. Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500			
			3,500	3,500	
16. a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
c. Styrkur til að semja dýralækningabók alt að			400		
17. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna			300	300	
18. Til manns til að læra dýralækningar erlendis			600	600	
19. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri			1,000	1,000	
Flyt...			139,700	129,300	.....

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	139,700	129,300	
20. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík	5,000	5,000	
21. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar... ...	1,000	1,000	
22. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds..	800	800	
23. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds..	300	300	
Styrkurinn til þessara 4 iðnskóla má þó ekki fara yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar.			
24. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,500	2,500	
25. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar	5,000	5,000	
26. Til viðskiftaráðunauta, alt að	12,000	12,000	
27. Til byggingafróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar ..	1,600	1,600	
28. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að	400	400	
	1912 Kr.	1913 Kr.	
29. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	7,800	7,800	
b. Til ferðakostnaðar. ...	400	400	
	8,200	8,200	
30. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði ...	1,200	1,200	
31. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
32. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
a. laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. til húsaleigu	700	700	
c. til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500	
33. Til fiskiveiðasjóðs Íslands...	6,000	6,000	
34. Leiga eftir Gullfoss...	300	300	
35. Styrkur til ábúandans á Tviskerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	300	300	
36. Styrkur til Samábyrgðarinnar	5,000	5,000	
37. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...	600	600	
Flyt...	193,460	183,060	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	193,460	183,060	
38. Til bryggjugerðar á Húsavík, þó eigi yfir $^1/_3$ kostnaðar, alt að ... ... Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almennings nota.	... ...	3,000	
39. Til lendingarsjóðs Bolvíkinga ... ... Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur sjóðsins.	1.000	... ...	
40. Styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði, alt að ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að annars staðar frá komi að minsta kosti $^3/_4$ hlutar kostnaðarins, og að bryggjan verði bygð undir umsjón verkfræðings landsins.	25,000	... ...	
41. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir $^1/_3$ kostnaðar, alt að ... ... Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.	3,000	... ...	
	222,460	186,060	
Samtals...	... ...	... ..	408,520

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 158,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 600 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300

kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 100 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði kr. 187,753.34, greiðist af viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1911 og hafi í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum eftir tillögum landbúnaðarfélagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda og gegn 4% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 2 fyrstu árunum, ef í hlut eiga samgirðendur og ábúendur á einstakra manna eign, en 6% árgjaldi í 28 ár, ef í hlut eiga þjóðjarðaábúendur og kirkjujarða.

2. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 4% endurgreiðsla á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 10,000 kr.

4. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum.

5. Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr. til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

6. Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

7. Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið er afborgunarfrítt 4 fyrstu árin, en endurgreiðist þvínæst á 20 árum ásamt ársvöxtum 4%.

8. Úr viðlagasjóði má lána Ásahrepp í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins alt að 30,000 kr. til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og lands þess er að henni liggur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Nd. **505. Þingsályktun**

um hin svo nefndu lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. jan. 1871.

(Eins og hún var samþykt 5. apríl við eina umræðu í Nd.).

Neðri deild Alþingis ályktar, — jafnframt því sem samþykt er breyting á ýmsum atriðum í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum frá 3. okt. 1903 um breyting á nefndri stjórnarskrá, — að lýsa yfir því, með skírskotun til Alþingissamþyktar frá 19. ágúst 1871 (Alþingistíðindi 1871, I, 905; II, 556—558, 634), að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. janúar síðastnefnt ár (1871) geti ekki viðurkenst skuldbindandi fyrir Ísland.

Nd. **506. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913. (Þingskj. 504).

Flutningsm.: Jón Jónsson S.-M.

Við 14. gr. B. VIII. a.

Töluliðirnir 1., 2., 3. og 4. falli burtu, og í þess stað komi:

1. Að því tilskyldu *að* kvennaskólinn í Reykjavík standi undir yfirumsjón og eftirliti landsstjórnarinnar, *að* farið sé eftir reglugerð, er ráðherra hefir staðfest, og *að* námsmeyjum sé gert að skyldu að greiða kenslugjald, er eigi sé minna en 15 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, og tilsvarandi fyrir skemri tíma, veitast til hans ... 8,000 — 8,000 — 16,000.

2. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla 600 — 600 — 1200.

Ed. **507. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Flutningsmenn: Kristinn Daníelsson, Sig. Hjörleifsson og Gunnar Ólafsson.

Aftan við 1. gr. bætist:

og þau ár, er hann var ráðherra, ekki með talin við útreikning eftirlaunanna. En fyrir hvert ár, er hann var ráðherra, skal hann að auki hafa 100 kr., þó ekki yfir 1000 kr.

Nd. **508. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gerðardóm í brunabótamálum:

Reynslan sýnir, að oft er miklum erfiðleikum bundið að ná brunabótum, og dæmi eru til, að vátryggendur, er orðið hafa fyrir slíku tjóni, hafa orðið að bíða árum saman eftir því að fá skaðann bættan, jafnvel þó engri grunsemd hafi verið til að dreifa um að þeir hafi verið valdir að brunanum. Úr slíkum annmörkum á frumvarp þetta að bæta; hyggjum vér, að það geti orðið og ráðum því hinni háttv. deild til að samþykkja það, þó með litlum breytingum, er hér verða taldar, og eru það aðallega orðabreytingar. Einnig ráðum vér til, að nýrri grein verði bætt við um að lög þessi skuli ekki ná til lögskyldrar vátryggingar.

BREYTINGAR- OG VIÐAUKATILLÖGURNAR

verða þá þessar:

1. 5. gr. orðist þannig:
   Fyrir gerðardóm má kveðja vitni og stýrir oddviti vitnaleiðslum. Um vitnastefnur, vitnaskyldu, vættisburðinn sjálfan og hegningarábyrgð fyrir rangan framburð gilda sömu reglur sem um vitni fyrir almennum dómstólum.
2. Við 6. gr. Fyrir: »málfærslu lokinni« komi: loknum flutningi málsins.
3. Við 6. gr. Fyrir: »gerðardómsmenn« komi: gerðardómsmennirnir.
4. Við 6. gr. Fyrir: »útnefndir« komi: kvaddir.
5. Við 7. gr. Fyrir: »beggja málsaðila« komi: þeirra.
6. Við 8. gr. orðist svo:
   Gerðardómur eftir lögum þessum er fullnaðardómur fyrir báða aðila og verður honum ekki áfrýjað.
7. Ný grein, sem verður 10. gr., bætist inn í svo hljóðandi:
   Lög þessi ná eigi til lögskyldrar vátryggingar.

Neðri deild 6. apríl 1911.

Magnús Blöndahl formaður.	Björn Þorláksson skrifari.
Bjarni Jónsson frá Vogi	Jón Ólafsson framsögum.

Jón Magnússon.

Nd. **509. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Aftan við 13. gr. D. V. bætist:
Stjórninni veitist heimild til að kaupa talsímakerfið í Reykjavík fyrir alt að ... ... 74,000 kr.

Nd. **510. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 16. gr. 11. Fyrir: »6,000—6,000« komi: 8,000—8,000.

Skógræktarstjóri hagi ferðum sínum um landið eftir samráði við landstjórnina, og varist óþarfa kostnað.

Nd. **511. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 16. gr. 30. Aftan við bætist:
Til Fiskiveiðafélagsins 2,500 2,500.

Nd. **512. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 16. gr. 23. Fyrir: »300—300« komi: 400—400.

Nd. **513. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

1. Við 14. gr. A. b. 2. Orðin: »í lægsta launaflokki« falli burt.
2. Fyrir: »100 kr. handa hverjum« komi: 200 kr. handa hverjum, og 200 kr. handa þeim einum, sem eru í lægsta launaflokki.

Nd. **514. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 14. A. b. 4. Aftan við bætist:
Til síra Jóhannesar Lynge til að byggja baðstofu á Kvennabrekku fyrra árið ... ... 1200 kr.
Við ábúendaskifti sé skilað húsi, er sé 1200 kr. virði auk andvirðis hinnar gömlu baðstofu með álagi.

Nd. **515. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 14. gr. B. IX. b. Aftan við bætist:
Styrkur handa sveitastúlkum til að fá ókeypis tilsögn í leikfimi í Reykjavík, svo þær verði færar um að kenna hana aftur ... ... 450—450

Nd. **516. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 13. gr., D. II. 1. Fyrir: »14,000« komi: 13,000.

Nd. **517. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

1. Við 13. gr. C. 2. Fyrir: »39,750—39,750« komi: 40,150—40,150.
2. Við 13. gr. C. 2. 9. Aftan við bætist: Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu: 400—400.

Nd. **518. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 12. gr. Aftan við gr. bætist:
Tillag til Önnu Magnúsdóttur f. á. . . . 1,000.

Nd. **519. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 12. gr. 4. a. Fyrir: »1,000—1,000« komi: 1,500—1,500.
6. Eftir orðinu: »mönnum« í athugasemd, bætist: hinn fyrstnefndi einu sinni í viku, hinir 2 síðarnefndu.
7. 13. Fyrir: »1,000« komi: 1,200.

Ed. **520. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um afnám fóðurskyldu svonefndra Mariu- og Péturslamba. (Þingskj. 220).

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson (sbr. þgsk. 476).

Í stað frumvarpsgreinarinnar komi svo hljóðandi grein:

Landsstjórninni veitist heimild til, að afnema fóðurskyldu Mariu- og Péturslamba af þeim jörðum, sem sú kvöð hvílir á, gegn því, að eigendur jarðanna greiði í prestlaunasjóð eitt skifti fyrir öll 50 krónur fyrir hvert þessara lambselda.

Frá þeim tíma er kvöð þessi fellur niður, greiðist prestum þeim, er nú njóta eða hér eftir ættu að njóta tekna af henni, uppbót að skaðlausu úr prestlaunasjóði.

Nd. **521. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frumvarp til laga um breyting á lögum frá 22. nóv. 1907 um breyting á tilskipun frá 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Í stað orðanna: »til 6 ára í senn« o. s. frv. til enda orðanna: »einn af hinum tilnefndu«, komi: af öllum kosningarbærum bæjarbúum, til sex ára í senn, og er þeim frjálst hvern umsækjanda þeir kjósa.

Nd. **522. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Peningamálanefndinni.

Við 16. grein. Aftan við síðasta lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Til Landsbankans 7,500 — 7,500 sem er eftirgjöf á leigum af láni til bankans, samkv. 4. gr.

Nd. **523. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 499.

Flutningsmaður: Magnús Blöndahl.

Á eftir orðinu: »bæjarstjórnin« í 3. línu komi: með hlutfallskosningu.

Nd. **524. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson og Jón Ólafsson.

Við 15. gr. 29. Aftan við bætist:
Til Reynis Gíslasonar til fullnaðarnáms í samhljómsfræði og hljóðfæraslætti 600—600.

Nd. **525. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Þorleifur Jónsson.

Við 14. gr. B. IV. c. 13: Síðasta málsgreinin í athugasemdinni orðist svo:
1. Húsaleigustyrkur sé að eins veittur utanbæjarnemendum, nema innanbæjarnemendur hafi sjálfir fjölskyldu fram að færa,
2. og að námsstyrk gangi utanbæjarnemendur fyrir innanbæjarnemendum, hafi nemandinn eigi sjálfur fjölskyldu fram að færa.

Nd. **526. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (þingskj. 504).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 22. gr. 1. lið. Í stað: »og gegn — og kirkjujarða« er falli burt, komi: Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, séu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár.
2. Við 22. gr.
Á eftir 4 lið bætist nýr liður:
Úr viðlagasjóði má verja alt að 5000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðarbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfélags Íslands og gegn ábyrgð sveita eða sýslufélaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. **527. Breytitillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsm.: Jón Jónsson S.-M.

Við 15. gr.

Við 37. lið (orðabreyting) í stað »ritstjóra« komi: rithöfundar.

Nd. **528. Breytitillaga.**

við frumv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsm.: Jón Ólafsson.

Við 15. gr.

Aftan við 46. lið bætist: 50 kr. fyrir örkina alt að.

Nd. **529. Breytitillaga**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutn.m.: Jón Ólafsson.

Við 14. gr. B. IV. 13:

Í athugasemdinni á eftir IV, 13. breytist: »sé að eins« í: sé venjulega að eins.

Nd. **530. Tillaga**

til þingsályktunar um samband Danmerkur og Íslands.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Bjarni Jónsson frá Vogi, Hálfdán Guðjónsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorkelsson, Jón Jónsson frá Hvanná og Sigurður Gunnarsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands, að gera sitt ítrasta til þess, að lög um samband Danmerkur og Íslands, er samþykt voru á alþingi 1909, verði sem allra bráðast tekin til meðferðar á ríkisþingi Dana.

Ed. **531. Breytingartillaga**

við 3. br.till. á þingsk. 465.

Frá fjárlaganefnd.

Við 4. gr. D. II. á eftir »D. II.« komi: 1. liður.

Nd. **532. Breytingartillögur**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um sóknargjöld frá 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Ad. 2. Í stað orðanna: »15—75 ára« komi: 16—60 ára.
— 2. Orðin: »enda nemi — 75 ára að aldri«, falli burt.
— 2. Aftan við greinina bætist: vitfirrtir menn, og þeir, sem vegna sjúkdóms eða annara atvika, eigi hafa verið þess megnugir, að sjá fyrir sér sjálfir meiri hluta gjaldársins.
— 3. Í stað: »15—75 ára« komi: 16—60 ára.
— 4. - — »15—75 ára« komi: 16—60 ára.

VARA-TILLAGA;

Í stað: »16—60 ára« í framangreindum breytingartillögum komi allstaðar: 16—65 ára.

Nd. **533. Breytingartillögur**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um sóknargjöld frá 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Ad. 2. Fyrir orðin: »Undanþegnir þessu gjaldi — konunglega staðfestingu« komi: Undanþegnir gjaldi þessu er þó þeir, sem eigi eru í þjóðkirkjunni.

Nd. **534. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Jóni Magnússyni.

Við 22. gr.

Á eftir 8. lið komi nýr liður þannig:

Ráðherra veitist heimild til, að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd alt að 60,000 kr. lán, er sýslufélag Vestmannaeyja hefir í hyggju að taka til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

Nd. **535. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Við 15. gr. Á eftir 29. lið komi nýr liður (30.) þannig:
Styrkur til Brynjólfs Sigfússonar, til að afla sér meiri þekkingar í söngfræði (hljómfræði), söngstjórn og orgelharmoníumspili kr. 1200,00 (fyrra árið).

Nd. **536. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Flutningsm.: Pétur Jónsson.

Við 13. gr. B. VIII. Liðurinn falli burt.
— — — — IX. Liðurinn falli burt.
— — — — X. Liðurinn falli burt.
— — — D. II. 1.—2. Liðurinn falli burt.
— — — E. VIII. Liðurinn falli burt.
— — — — XI. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
XII. Vattarnesviti
1. Til að reisa vitann 6500
2. Laun vitavarðar ... 50—100
3. Reksturskostnaður » 200=6550—300 kr.

Nd. **537. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Pétur Jónsson.

Við 14. gr. B. VIII. d. Liðurinn orðist svo:
Til Flensborgarskólans $^{3}/_{4}$ skólakostnaðar, þó ekki yfir 6000 — 6000 kr.

Nd. **538. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Pétur Jónsson.

Við 16. gr. 8. fyrir: »26000—26000« komi: 22000—22000.
— — — 40. Liðurinn falli burt.

Nd. **539. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson, Eyf. og H. Hafstein.

Við 13. gr. B. II. Aftan við liðinn bætist nýr töluliður, sem verður 8. liður:

Til brúa á flutningabrautinni frá Grund að Saurbæ í Eyjafirði síðara árið:

Á Finnastaðaá	2,120 kr.	
- Skjóldalsá	3,860 —	
- Djúpadalsá	3,510 —	
Áhöld og verkstjórn	510 —	10,000.

Nd. **540. Frumvarp**

til viðauka við lög um verzlunarbækur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Upphæð verzlunarviðskifta, sem skylt er að bókfæra og gefa frumbókarsamrit af, á þann hátt, sem 2. gr. í lögum um verzlunarbækur mælir fyrir um, skal nema 2 krónum eða þar yfir.

2. gr.

Brot gegn annari grein laga um verzlunarbækur varða sektum í hvert sinn sem fyrirmælin eru brotin, í fyrsta sinn eigi lægri sektum en 5 kr., og hækki sektirnar í hvert sinn, ef oftar er brotið, þó ekki yfir 100 kr.

3. gr.

Brot gegn 3. og 5. grein varða sektum eða fangelsi eftir atvikum.

Kveði svo mikið að brotum gegn þessum greinum, að öll bókfærslan sé í þeirri óreiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það sektum eða fangelsi, og, eftir atvikum, missi verzlunarleyfis eitt ár eður lengur.

4. gr.

Í stað: »innan eins árs« í upphafi 8. gr. í lögunum um verzlunarbækur 30. júlí 1909, komi: þriggja missira, og næst síðasta málsgrein 8. gr. í sömu lögum orðist svo:

Að þeim fresti, sem að ofan er nefndur, missir lögskipuð frumbók það sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, o. s. frv.

5. gr.

Þá er þessi lög eru staðfest, skal stjórnin fella þau saman við lög 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, þannig, að 1. og 2. gr. þessara laga færist inn milli 9. og 10. gr. laganna um verzlunarbækur, og gefa þau út sem endurskoðuð lög um verzlunarbækur.

Ed. **541. Frumvarp**

til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Almennar auglýsingar og auglýsingar um dómsmál, sem opið bréf frá 4. janúar 1861, lög nr. 3 frá 12. apríl 1878 og lög nr. 12 frá 28. ágúst 1903 ræða um, skal að eins skylt að birta í blaði því, er fer með stjórnvalda-auglýsingar hér á landi að lögum.

2. gr.

Öll ákvæði, sem fara í bága við 1. gr., eru numin úr gildi.

Nd. **542. Frumvarp**

til laga um dánarskýrslur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Prestur má ekki jarðsetja lík neins manns, er dáið hefir í kauptúni, sem er læknissetur, fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í té ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gera; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dánardægur, dánarár og dauðamein.

Nú deyr maður í kauptúni sem er læknissetur, og er ekki auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í bana-

legunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja héraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í kauptúninu, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr. Skal greiða þann kostnað úr andssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík manns, er dáið hefir utan kauptúns, sem er læknissetur, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardægurs og greftrunardags), rita í kirkjubókina dauðamein hins látna, eftir þeim skýringum, er hann getur beztar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur, og tilgreinir prestur þar dauðameinið, sbr. 2. gr., og getur þess stuttlega, við hvað stuðst sé. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishéraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda héraðslækni sínum, ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru, svo og útdrátt úr manntalsskýrslu sóknarinnar um manntal kauptúnsins.

Héraðslæknir rannsakar skýrslurnar, er til dauðameinsins kemur, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt héraðið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.

Nd. **543. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ákvæði 63. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 um, að dvalarsveit eigi ekki heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er dvalarsveit hefir veitt þurfalingi, skal eigi gilda um kostnað við dvöl þurfalings á sjúkrahúsi eða hæli eftir fyrirskipun læknis, að meðtöldum kostnaði við lyf og læknishjálp fram yfir tveggja mánaða tíma. Framfærslusveit ber því að greiða allan slíkan kostnað að fullu, með þeirri einu undanþágu, sem veitt er í 77. gr. fátækralaganna.

2. gr.

Jafnt er dvalarsveit heimilt, gegn endurgjaldi frá framfærslusveit, að koma þurfalingi í sjúkrahús eða hæli, þótt ekki sé það í dvalarsveitinni, en ekki á dvalarsveitin þá kröfu endurgjalds á kostnaði við flutning þurfalings á sjúkrahúsið eða hælið.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **544. Breytingar- og viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913 (eins og það var samþykt við 2 umr. Nd.).

Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 13. gr. B. II. Í stað: »1. Borgarfjarðarbraut ... 20,000« komi: 1. Borgarfjarðarbraut (f. á.) 10,000.

Við 13. gr. B. III. Á eftir: »1. Mosfellssveitarvegur ... 6000« komi: 2. Brú á Haffjarðará, annað árið 12,000.

Liðatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **545. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 22. gr. 3. Í stað orðanna: »Til lána þessara . . . . . 10,000 kr.« komi: Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

Nd. **546. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá: Birni Sigfússyni og Hálfdáni Guðjónssyni.

Við 14. gr. B. VIII. a.
Í stað 3. og 4. tölulíðar verði einn liður svo hljóðandi:
3. til kvennaskólans á Blönduósi 5,500—5,500.

Nd. **547. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um vátrygging sjómanna frá 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. Fyrsta grein frumvarpsins orðist svo:
Skylt er, að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er viku lengur stunda fiskiveiðar á vélabátum, eða róðrarbátum, tvírónum eða stærri.
2. Við 2. gr. Í stað: »íarmaður« komi: formaður.

3. — 2. — Orðin: »og þeir eru lögskráðir« falli burt.
4. — 3. — Í stað: »10 aurum« komi: 15 aurum.
5. — 3. — Aftan við orðin: »er hann kom í skiprúm« bætist: Fimtung á móts við gjald skipverjanna allra greiðir útgerðarmaður.
6. — 3. — Á eftir orðunum: »Gjald þetta má taka lögtaki«, komi: og bera hreppstjóra eða bæjarfógeta 4% í innheimtulaun.
7. — 3. — Í stað orðanna: »að frádregnum 4% innheimtulaunum« komi: að frádregnum 2% ómakslaunum til hans.

Nd. **548. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (þingskj. 504).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 22. gr. 7. lið. Síðari málsgreinin: »Lánið — ársvöxtum 4%« orðist þannig: Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Nd. **549. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Magnúsi Blöndahl.

Við 16. gr. 23. Orðin: »Styrkurinn til . . . . . $^2/_3$ reksturskostnaði« falli burt.

Ed. **550. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aukatekjur landssjóðs (á þingskjali 253).

Nefndin hefir yfirfarið og athugað frumvarpið, og ræður háttvirtri deild til að samþykkja það óbreytt.

Efri deild Alþingis, 6. apríl 1911.

Jósef Björnsson, formaðnr.
Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Kristinn Daníelsson.

Ed.

551. Nefndarálit

um frumvarp til laga um erfðafjárskatt (á þingskjali 243),

Nefndin hefir á nokkrum fundum athugað frumvarp þetta. Ræður hún háttvirtri deild til að gera smávægilegar breytingar við 2., 3. og 6. gr. frumvarpsins en samþykkja það öðru leyti óbreytt.

Breytingartillöguna við niðurlag 3. gr. byggir nefndin á því, að það geti verið mjög ósanngjarnt að heimta ef til vill mjög háan erfðafjárskatt af eignum látinna útlendinga, sem fyrir einhverja tilviljun eru hér á landi, þegar dánarbúið er tekið til skiftameðferðar erlendis. Það má og gera ráð fyrir að erlendis verði einnig heimtur erfðafjárskattur af hinum sömu eignum og geta þessi skattgjöld samanlögð orðið svo há, að það nálgist það, að gera eignirnar upptækar. Hins vegar virðist oss rétt og sanngjarnt að heimta erfðafjárskatt af fasteignum hér á landi og skipum skrásettum hér á landi, þótt dánarbúinu sé skift erlendis.

Breytingartillögurnar eru svohljóðandi:

1. Við 2. gr. B 1. Fyrir »5« komi: 5½.
2. — - — - 2. Fyrir »5½« komi: 6.
3. Við 3. gr. Fyrir orðið »eigum« í síðasta lið greinarinnar komi: fasteignum.
4. Aftan við liðinn bætist: Skip, sem skrásett eru hér á landi, skal fara með sem fasteign.
5. Við 3. lið 6. gr. Fyrir orðin »Stjórnarráðinu . . . . erfðafjárskatti« komi: undanþegin erfðafjárskatti eru.
6. Við sama lið. Fyrir orðið »minjagripi« komi: minjagripir.

Jósep Björnsson, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Kristinn Daníelsson.

Nd.

552. Viðaukatillaga

við frumv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Jón Jónsson frá Hvanná.

Við 16. gr. Aftan við greinina bætist:

Styrkur til sláturhúss á Austurlandi (Reyðarfirði) 3000 kr. fyrra árið, þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar.

Nd. **553. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Jón Jónsson frá Hvanná.

Við 16. gr. 14. Fyrir: »styrkur til samvinnusmjörbúa . . . . . lögum nr. 49, 10. nóv. 1905, 12,000—10,000« komi: til nýstofnaðra samvinnusmjörbúa alt að 5,000—5,000.

Hverju búi má veita alt að 1000 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll, með því skilyrði, að búið sé tekið til starfa, og allur úthúnaður til vandaðrar smjörframleiðslu góður og nægur eftir þörfum.

Nd. **554. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Við 15. gr. Tölul. 21.—26. falli niður.

Nd. **555. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Við 12. gr. 8. A. Fyrir: »2,400 kr.« komi: 3.000 kr.

Nd. **556. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr.: Aftan við greinina komi nýr liður:

Til Einars Jónssonar til þess að fullkomna sig í málaralist 400 kr. fyrra árið.

Nd. **557. Breytingartillaga**

við breytingartillögu fjárlaganefndar á þingskjali 511.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Fyrir »2500—2500« komi: 4500—4500.

Nd. **558. Breytingartillaga**

við br.till. á þingskj. 511.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Fyrir »2500—2500« komi: 3500—3500.

Nd. **559. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 15. gr.: Eftir tölul. 45 komi nýr liður: Til Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, til þess að fullkomna sig í málaralist, 600—600.

Nd. **560. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 15. gr., tölulið 10: Liðurinn falli niður.

Nd. **561. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 16. gr. 3. lið: Fyrir: »1200—1200« komi: 1500—1500.

Nd. **562. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 13. gr. B. III: Milli 6. og 7. töluliðar komi nýr liður: Til þjóðvegarins milli Hjarðarholts og Ljárskóga 3000 kr. síðara árið.

Nd. **563. Viðaukatillaga**

við breytingartill. á þingsk. 526 (fjárlög).

Frá Pétri Jónssyni.

Við till. bætist:

Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

Nd. **564. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 14. gr. B. VIII. b.

Fyrir liðina 1—2 og 4—5 komi:

1. Til barnaskóla 24,000—24,000, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000 kr.

   Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kennslutíma og nemendafjölda og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarsstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kennsluáhöld.
2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers 18,000—18,000.

   Styrkur þessi veitist gegn því að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kennsluáhöld.
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu 20,000—20,000.

Við 14. B. VIII. b. 7 c. Aftan við bætist:

d. Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1000 kr. til hvers, alt að 8,000—8,000.

Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið hefir sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingaskóla $^{10}/_{9}$ 1910, og að þeir njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.

e. Til unglingaskólahalds á Ísafirði alt að 1,500—1,500.

f. Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði alt 1,200—1,200.

Styrkurinn til beggja þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða.

g. Til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarf. 1,500—1,500. Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að 600—600.

Nd. **565. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni, Skúla Thoroddsen, Benedikt Sveinssyni og Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Við 16. gr. 26. Aftan við liðinn bætist svolátandi athugasemd:
Þar af laun til Bjarna Jónssonar frá Vogi 6000 kr. hvort árið og til sama alt að 4000 kr. hvort árið til ferðakostnaðar eftir reikningi.
Erindisbréf hans 30. júlí 1909 haldist óbreytt.

Nd. **566. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 15. gr. 20. Greinin orðist svo:
Til Jóns Ófeigssonar til að fullsemja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók er sé eigi minni en 45 arkir prentaðar.

Nd. **567. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Aftan við 13. gr. D. V. bætist:
Stjórninni veitist heimild til að taka lán til að kaupa talsímakerfið í Reykjavík fyrir alt að... ... 74,000 kr.

Nd. **568. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 14. gr. A. b. 2. Athugasemdin orðist svo:
Af uppbót þessari má verja 1,000 kr. til húsaleigustyrks handa prestum, sem heima eiga í kauptúnum, 100—200 kr. handa hverjum, þó 200 kr. handa þeim einum, sem eru í lægsta launaflokki.

Nd. **569. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 12. gr. 4. a. Fyrir: »1,000—1,000« komi: 1,500—1,500.
6. Fyrir: »Þúsund króna styrkurinn hvort árið« komi: styrkurinn.
7. Fyrir: »28,490—27,990« komi: 28,690—28,190.
7. 13. Fyrir: »1,000« komi: 1,200.

Nd. **570. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. Við 15. gr. 1. Fyrir: »Landsbókasafnið« komi: Þjóðbókasafnið.

Varatillaga:

Eftir: »Landsbókasafnið« komi í svigum: (Þjóðbókasafnið).

2. — —— 1. a. Fyrir: »Landsbókavarðar« komi: Þjóðbókavarðar.

Varatillaga:

Á eftir: »Landsbókavarðar« komi í svigum: (Þjóðbókavarðar).

3. — —— 2. Fyrir: »Landsskjalasafnið« komi: Þjóðskjalasafnið.

Varatillaga:

Á eftir: »Landsskjalasafnið« komi í svigum: (Þjóðskjalasafnið).

4. — —— 2. b. Fyrir: »til aðstoðarskjalavarðar 800—800« komi: laun aðstoðarskjalavarðar 960—960.

5. — —— 2. c. Fyrir: »til að binda inn og búa um skjöl 800—800 komi: til að binda inn, búa um skjöl o. fl. 900—900.

6. — —— 3. Fyrir: »Fornmenjasafnið« komi: Þjóðmenjasafnið.

7. — —— 3. a. Fyrir: »fornmenjavarðar« komi: Þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar).

8. — —— 5. Fyrir: »Bókhlaðan« komi: Mentasafnið.

9. — —— 15. Liðurinn verði 16. liður.

10. — —— 16. Liðurinn verði 17. liður.

11. — —— 17. Liðurinn verði 15. liður.

12. — —— 40. Fyrir: »200« komi: 300.

Nd. **571. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsm.: Pétur Jónsson, Jóh. Jóhannesson, Eggert Pálsson.

Við 13. gr. C. 1. Orðin: »Thorefélags ..... 1909« falli burt.

Nd. **572. Frumvarp**

til laga um merking á kjöti.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Alt kjöt, sem lögskipaðir dýralæknar eða aðrir dýralæknar skoða og telja

hæft til útflutnings á erlendan markað, skal merkt með bláum jafnarma þríhyrningi með tölunni 1 innan í. Rétt til að nota þetta merki, aðrir en dýralæknar, hafa og þeir menn, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá dýralækni.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp. Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Stjórnarráðið semur nánari reglur um kjötskoðun eftir tillögum dýralækna, til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim sem taldir eru í 1. gr. er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með bláu merki eða þríhyrningi, þótt lögun hans sé önnur en jafnarma, og önnur tala eða auðkenni sé innan í þríhyrningnum.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið. Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **573. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913. (Þingskj. 504).

Flutningsm: Ólafur Briem.

Við 14. gr. B. I. b. 2. Fyrir »1000—1000« komi: 800—800.
Við 14. gr. B. II. b. 2. Fyrir »2000« komi: 1800.
Við 14. gr. B. III. c. 2. Fyrir »1200—1200« komi: 1000—1000.
Við 14. gr. B. IV. c. 2. Fyrir »2000—2000« komi: 1800—1800.
Við 14. gr. B. VIII. a. 2. Fyrir »300—300« komi: 600—600.

Nd. **574. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (þingskjal 504).

Flutningsm.: Hálfdán Guðjónsson og Ólafur Briem.

Við 15. gr. 20.—29., 33, 35.—38., 45. og 46. liðir falli burt, en í stað þeirra komi nýr liður aftast í greininni:

Til vísinda, bókmenta og lista alt að 17,000—17,000.

Af fjárhæð þessari veitist styrkur eftir tillögum 5 manna nefndar, er kosin sé hlutfallskosningu í sameinuðu þingi. Styrkur til að semja og búa undir prentun vísindarit má ekki fara fram úr 60 kr. fyrir það, sem svarar prentaðri örk.

Nd. **575. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Við 15. gr. 40.
Fyrir: »200« (f. á.) komi: 200—200.

Nd, **576. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (þskj. 504).

Flutningsm.: Ólafur Briem.

Við 16. gr. 14.
Á eftir »1905« bætist inn: að undanskildum þeim smjörbúum, er notið hafa styrks úr landssjóði 10 ár eða lengur.

Nd. **577. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (þskj. 504).

Flutningsm.: Ólafur Briem.

Við 15. gr. 8.
Orðin »alt að« falli burt.

Nd. **578. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913. (Þingskjal 504).

Flutningsm.: H. Hafstein og Stefán Stefánsson Eyf.

Við 14. gr. A. b. 4. Aftan við liðinn bætist svolátandi athugasemd:
Prestsmatan frá Grund í Eyjafirði, 200 álnir, er nú greiðist prestinum í Grundarþingum að $^2/_3$ og Akureyrarpresti að $^1/_3$, veitist til viðhalds Grundarkirkju, gegn endurgjaldi til hlutaðeigandi prests úr prestlaunasjóði.

Nd. **579. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 14. gr. B. I—III. Á eftir þessum liðum komi: Til launa handa háskólakennurum auk þess, sem veitt er í fjárlögunum til launa handa kennurum prestaskóla, læknaskóla og lagaskóla, 10,000—10,000.

Fylgiskjal.

Laun háskólakennaranna samkv. l. 36, 30. júlí 1909, eru:
Í guðfræðisdeild 9,800 kr.; í læknadeild 6,000 kr.; í lagadeild 10,000 kr.; í heimspekisd. 8,800 kr. . . . . = 34,600,00

Launin við æðri skólana eru nú:
Prestaskólann 9,200 kr.; læknaskólann 3,200 kr.; lagaskólann 8,400 kr. . . . = 20,800,00

Aths. Laun 3. kennarans við lagaskólann — 1,600 kr. — eru alveg ósæmileg og var talað um að hækka þau ef háskólinn hefði ekki verið látinn taka til starfa.

Útgjaldaaukinn er . . . . . kr. 13,800,00

En þar frá dregst:

1.	Leiga af eign landssjóðs, sem prestaskólinn nú er í, ca. 20,000 kr. virði minst	kr. 1000,00	
2.	Húsaleiga læknaskólans (14. gr. B. II. c.)	— 1000,00	
3.	Húsaleiga lagaskólans (14. gr. B. III. c. 5.)	— 500,00	
4.	Kostnaður við viðhald á alþingishúsinu (lagt í allan veturinn, stórskemdir vegna raka og kulda) minst	— 2000,00	
5.	Umsjón með alþingishúsinu (Jónas)	— 500,00	
6.	Tekjur af skrásetningargjöldum (l. 35, 1909 17. gr.) 15 kr. stk. Af prófgjöldum 20 kr. stk. (s. st. 21. gr.) af kandídatsvottorðum 25 kr. stk. (s. st. 29. gr.) og af doktorsvottorðum 100 kr. stk. (31. gr.)	— 500,00	
		Samtals kr.	5,500,00

Útgjaldaauki í raun og veru. . . . . kr. 8,300,00

Nd. **580. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 16. gr.: Aftan við 3. lið komi nýr liður svohljóðandi:
Heiðursgjöf til Dr. C. O. Jensen prófessors 2000 kr. einu sinni.

Fylgiskjal.

Fyrir 15—20 árum lá bráðapestin þungt á ísl. landbúnaði. Hún mun árlega hafa kostað landið hundruð þúsundir króna. Hefði landsmönnum þá verið boðið fyrir lítið sem ekkert nær óyggjandi meðal við pestinni hefðu þeir að vonum tekið því feginshendi — og verið þeim manni þakklátir, sem boðið bauð.

Fyrir 15—20 árum veitti alþingi fé til að fá hingað dýralækni frá Noregi til þess að rannsaka bráðapestina. Hann kom, var hér hluta úr vetri og flutti með sér bráðapestargerilinn til Khafnar.

Prof. Jensen tók þar við, fór að athuga líf þeirra og lífsskilyrði og síðan að gera tilraunir til að finna bóluefni gegn sýkinni. Hefði prof. Jensen ekki verið, hefði að líkindum lítið lið orðið að för norska dýralæknisins.

Tilraununum hefir prof. Jensen haldið áfram í nær 15 ár og þótt farið sé fyrir löku ári að selja hér bóluefnið, er tilraununum ekki að fullu lokið enn.

Prof. Jensen hefir unnið að rannsóknum þessum óbeðinn og ótilknúður öll þessi ár og ekki fengið fyrir eyrisvirði né neina von um hagnað. Hann hefir knúið vísindalegur áhugi og löngun til að láta gott af sér leiða.

Og nú höfum vér fengið þá vörn gegn pestinni, sem telja má nær því fulltrygga, og vitanlega hefir bóluefnið þegar gert ómetanlegt gagn hér á landi, enda ekki líkur til að pestin þurfi að gera héðan af neinn skaða, er teljandi sé. Þetta vita flestir fjáreigendur.

Til dýralæknis Magnúsar Einarssonar hafa komið víðsvegar að utan af landi áskoranir og óskir um að eitthvað verði gert til að sýna prof. Jensen þakklæti. Bændur vilja það — og maðurinn á það fyllilega skilið.

Bóluefnið er nær eingöngu búið til fyrir oss Íslendinga.

Nd. **581. Frumvarp**

til laga um eiða og drengskaparorð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. Staðfesting heita.

1. gr.

Þegar einhverjum er veitt embætti eða sýslan í almennings þarfir eða hlotnast einhver vegsauki og svo er fyrirmælt í lögum, að hann skuli jafnframt

vinna eiðfest heit, þá er sú eiðtaka af numin, en í stað hennar kemur drengskaparheit. Undanskildir eru þó eiðar þeir, sem fyrirskipaðir eru í 4. og 30. gr. stjórnarskrárinnar, og skulu þeir unnir á þann hátt, sem nú tíðkast.

II. Staðfesting vitnaframburðar.

2. gr.

Vitnaframburður skal að jafnaði eiðfestur. Eiður sá skal unninn svo, að vitnið lyftir upp hægri hendi, réttir upp 3 fyrstu fingurna og mælir svo: Það sver eg við guð almáttugan, að eg hafi sagt satt eitt og ekkert undandregið.

3. gr.

Vitni, sem eigi er í neinu trúarfélagi hér á landi og enga trú játar, skal staðfesta framburð sinn með drengskaparorði, og fer staðfestingin fram á þann hátt, að vitnið tekur í hönd dómaranum og segir: Það legg eg undir drengskap minn og mannorð, að eg hafi sagt satt eitt og ekkert undandregið.

4. gr.

Staðfesting vitnaframburðar fer fram að lokinni yfirheyrslu. Í einkamálum fellur hún niður, ef málsaðilar samþykkja.

Áður en yfirheyrsla byrjar skal dómarinn alvarlega brýna fyrir vitninu, að segja satt, og jafnframt minna það á þá ábyrgð, er rangur framburður og röng staðfesting hefir í för með sér, og á helgi og þýðingu eiðs þess eða drengskaparorðs, er heimta má að vitnaframburðinum.

Áður en framburður er staðfestur, skal dómarinn, ef ástæða þykir til, enn að nýju minna vitnið á þýðingu staðfestingarinnar; einnig skal því veitt nægilegt ráðrúm til að leiðrétta framburðinn.

Ef vitnið er í kristnu trúarfélagi, og þess er krafist, að það sé áminnt um sannsögli, skal áminningin veitt á þann hátt, að lesin sé upp fyrir því áminningarræða sú, sem fyrirskipuð er í tilskipun 22. sept. 1846. Þegar öðruvísi stendur á, skal viðhafa aðra alvarlega áminningu.

Óréttmæt undanfærsla undan staðfestingu á vitnaframburði skal sæta sömu afleiðingum og óréttmæt undanfærsla undan vitnaframburði.

III. Staðfesting á yfirlýsingu málsaðila og aðrar staðfestingar fyrir rétti.

5. gr.

Nú eru úrslit máls komin undir eiði annarshvors málsaðila, og er honum þá heimilt að staðfesta framburð sinn með drengskaparorði í stað eiðs, ef hann lýsir yfir því við dómara þann, er eiðinn átti að taka, að hann játi enga trú.

6. gr.

Þar sem staðfesting með eiði að öðru leyti er heimiluð í lögum, svo sem

er um staðfesting skoðunar- og matsgjörða, skulu framangreindar reglur um staðfesting með drengskaparorði koma til framkvæmda samkvæmt því, sem áður er sagt.

7. gr.

Staðfesting á skýrslu málsaðila, skoðunar- og matsgjörðum og aðrar staðfestingar fyrir rétti fara fram svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. gr., með þeim breytingum, sem leiða af málavöxtum. Þá er matsgjörðir eru staðfestar, skal eiðurinn að því unninn eða drengskapur við lagður, að starfið sé af hendi leyst og skýrslan gjörð eftir beztu sannfæringu.

Áður en staðfesting fer fram, skal dómarinn áminna og telja um fyrir hlutaðeiganda, svo sem fyrir er mælt í 4. gr., þá er staðfestur er vitnaframburður.

IV. Almenn ákvæði.

8. gr.

Eiðspjöll eða staðfestingu með drengskaparorði má eigi leyfa:

1. Börnum innan 15 ára.
2. Mönnum, er svo þykir vitsmunavant, að staðfesting mundi vera marklaus.
3. Mönnum, sem uppvísir hafa orðið að röngum framburði eða meinsæri, eða eru undir ákæru fyrir slík brot.

9. gr.

Staðfesting með drengskaparorði hefir að öllu sama gildi og afleiðingar sem eiðvinning.

Nd. 582. **Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson og Benedikt Sveinsson.

Við 13. gr. D. I. Fyrir: »hraðskeyta« komi: loftskeyta.

Við 13. gr. D. III. 8.
Fyrir: »hraðskeytasambands« komi: loftskeytasambands.

Nd. 583. **Breytingartillaga**

við viðaukatillögu fjárlaganefndarinnar við fjárlögin 1912 og 1913. (Þskj. 518).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 12. gr. 1. Fyrir: »1,000« komi: 1,500.
2. Til vara: 1,200.

Nd. **584. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Við 14. gr. B. VIII. 7. b.
Liðurinn falli burt.

Ed. **585. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911, veitast kr. 99,251,23 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—8. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin voru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við dómgæzluna o. fl., veitast kr. 4,925,00.

Við A. 3. Til að koma upp miðstöðvarhitun í hegningarhúsinu í Reykjavík ... ... kr. 4,800,00
Við A. 5. komi nýr liður h.
Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum ... ... kr. 125,00
Kr. 4,925,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast kr. 16,000,00.

		1910	1911
Við 7. lið.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins	kr. 8,000,00	kr. 8,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast kr. 58,479,98.

Við B. I. 3. Viðbót við skrifstofukostnað ... ... kr. 129,98
Við B. II. Til Reykjadalsbrautar ... ... — 5,000,00
Til Borgarfjarðarbrautar ... ... — 2,000,00
Flyt kr. 7,129,98

	Flutt kr.	7,129,98
	Til brautarlagningar meðfram Ingólfsfjalli	-- 7,000,00
Við B. XIII.	Til brúargerðar á Hölkná í Þistilfirði	— 3,500,00
	Til brúargerðar á Víðidalsá í Steingrímsfirði	— 1,000,00
	Fjárveitingin til beggja brúnna er bundin þeim skilyrðum, að héruðin greiði það sem á vantar byggingarkostnaðinn, og að séu járnbrýr.	
	Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Reykjavíkur og Borðeyrar (Sveinatungu — Borðeyrar)	— 12,575,00
	Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Akureyrar og Sauðárkróks (Valla — Sauðárkróks)	— 17,225,00
	Til að kaupa símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar	— 7,600,00
Við E. V.	Til að byggja hús handa vitaverði á Siglunesi ... ... kr. 2,000,00	
	Launaviðbót til vitavarðar ... ... kr. 150,00	— 2,150,00
Við E. VI.	Stjórninni er heimilt að verja af spöruðu fé frá Rifstangavita til að kaupa nauðsynleg vitatæki alt að 4,000,00.	
Við E. XII.	Til að setja rautt horn í Garðskaga- og Reykjanesvita	kr. 300,00
		Kr. 58,479,98

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast kr. 9,550,00.

Við A.	Tveir nýir liðir bætast við:	
	1. Til að greiða álag á Garpsdalskirkju	kr. 1,200,00
	2. — — — — - Rafnseyrarkirkju	kr. 250,00
		Kr. 1,450,00
Við B. I – III.	Háskóli Íslands skal settur 17. júní þ. á., en laun háskólakennaranna samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909, reiknist þó ekki fyr en frá 1. október þ. á.	kr. 3,450,00
Við B. V.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:	
	Til að mála skólann, og til annara nauðsynlegra umbóta ... ... kr. 3,550	
Við B. VI.	Til aðgerðar á kennaraskólanum ... — 600	kr. 4,150,00
Við B. VII.	Til aðgerðar á loftum í kenslustofum stýrimannaskólans	— 500,00
		Kr. 9,550,00

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta veitast kr. 700,00.

Til umbóta á herbergi jarðskjálftamælisins ...	kr.	300,00
Ferðastyrkur handa fulltrúa Bókmentafélagsins til háskólans í Kristjaníu	—	400,00
	Kr.	700,00

7. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitast kr. 8,796,25.

Við 2. lið. Til að reisa leikfimishús á Hvanneyri...	—	2,000,00
Við 27. lið. Til ferðakostnaðar síldarmatsmanns til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum	—	396,25
Við 35. lið. Til fyrirhleðslu við Markarfljót til varnar frekari skemdum	—	2,400,00
— — — Til nánari rannsóknar á hafnarstæði í Vestmannaeyjum og undirbúnings undir hafnargerð þar alt að	—	4,000,00
	Kr.	8,796,25

8. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 18. gr. fjárlaganna fyrir 1910 og 1911, veitist ekkjufrú Þóru Melsted eftirlaun 600 krónur og ekkjufrú Björgu Einarsdóttur 200 krónur fyrir síðara árið 800

9. gr.

Eftirstöðvar af láni til Sogsbrúarinnar, tekið 25. apríl 1906, að upphæð nú kr. 4,333,33 og sem hvílir á Grímsneshreppi við sparisjóð Árnessýslu, taki viðlagasjóður að sér að greiða frá 25. apríl 1911.

Stjórninni veitist heimild að selja Miklaskála á Þingvöllum fyrir 3000 kr. og með þeim skilmálum, sem fram eru teknir í bréfi stjórnarráðsins til fjárlaganefndar 1. marz 1911.

Nd. **586. Breytitillaga**

við 16. gr. 26. lið fjárl.frv.

Flutningsm.: Jón Ólafsson.

a. Fyrir: »viðskiftaráðunauta« komi: verzlunarráðanauts.
b. Fyrir: »12000—12000« komi: 6000—6000.
c. Aftan við bætist: Ferðakostnaður til sama, alt að 1500—1500.

Nd. **587. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 506.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Fyrir: »1., 2., 3. og 4.« í fyrstu línu komi: 1. og 2.

Nd. **588. Breytingartillaga**

við 15. gr. fjárlaganna.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson og Pétur Jónsson.

15. tölul. (»Til Stórstúku Good-Templara«) falli burt.

Nd. **589. Breytingartillaga**

við 15. gr. fjárlaganna.

Flutningsm.: Jón Ólafsson og Bjarni Jónsson.

39. lið: Í stað »600 kr.« (fyrra árið) komi: 600—600.

Nd. **590. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá nefndinni.

Við 12. 8. A. Fyrir: »2,400« komi: 2,700.

Nd. **591. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við 14. gr. A. b. 4. í fjárlagafrumvarpinu (á þingskj. 578).

Flutningsm.: H. Hafstein og Stefán Stefánsson Eyf.

Í stað: »200 álnir« komi: 2 hundruð á landsvísu.

Nd. **592. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 519 og 569.

Frá nefndinni.

Fyrir öll ákvæði í breytingartillögunum komi:

1. Við 12. gr. 4. a. Fyrir »1,000—1,000« komi: 1,500—1,500.
2. Við 12. gr. 6. Fyrir »Þúsund króna styrkurinn hvort árið« komi: styrkurinn.
3. Við 12. gr. 6. Eftir orðinu: »mönnum« komi: hinn fyrstnefndi einu sinni í viku, hinir 2 síðarnefndu.
4. Við 12. gr. 7. 13. Fyrir »1,000« komi: 1,200.

Ed. **593. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Aug. Flygenring.

Við 4. gr. Á eftir liðnum B. XIII komi nýr liður:

D. II.	Til símalagningar frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja fyrra árið	kr. 37,000	
	Hér af væntist frá Vestmannaeyjasýslu	— 7,000	30,000

Nd. **594. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar: »en ekki á dvalarsveitin þá kröfu endurgjalds á kostnaði við flutning þurfalings á sjúkrahúsið eða hælið«, falli burt.

Nd. **595. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Eftir 3. umr. í Ed.

1. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa í eftirlaun 1000 kr. á ári.

Nú á ráðherra rétt til eftirlauna fyrir rekstur embættis, er hann hefir áður gegnt, og skal hann þá einnig njóta þeirra óskertra.

2. gr.

Hér með er úr lögum numin 3. gr. laga um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **596. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námstyrks og embætta.

Frá Stefáni Stefánssyni, Kristni Daníelssyni og Ara Jónssyni.

Í stað orðanna: »karlmenn« í 1.—3. gr. komi: karlar.

Ed. **597. Frumvarp**

til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir að háskóli Íslands er tekinn til starfa, hafa þeir einir rétt til embætta hér á landi, er tekið hafa embættispróf við háskólann. Þó á þetta að eins við þær fræðigreinar, sem þar eru kendar og próf er haldið í.

2. gr.

Undanþágu frá fyrirmælum 1. gr. má landsstjórnin eftir tillögum háskólaráðsins veita, sé um kennaraembætti við háskólann að ræða.

3. gr.

Læknisfræðingum, er sanna, að þeir hafi aflað sér nægrar þekkingar í læknisfræði á erlendum háskólum eða öðrum slíkum mentastofnunum má og landsstjórnin veita leyfi til þess að stunda hér á landi lækningar, en leitað skal tillagna læknadeildar háskólans í hvert skifti áður slíkt leyfi sé veitt.

4. gr.

Þeir, er lokið hafa embættisprófi við Kaupmannahafnarháskóla í fræðigreinum þeim, sem hér eru kendar á háskólanum, innan 5 ára eftir að háskólinn tekur til starfa, skulu hér embættisgengir eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt. Þó má engum lögfræðiskandídat frá Kaupmannahafnarháskóla veita hér embætti, er lagapróf þarf til, nema hann hafi lokið þar prófi innan 5 ára eftir að lagaskólinn tók til starfa.

Ed. **598. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910—1911 (þingskj. 585).

Flutningsmaður: Jósef Björnsson.

Inn í 7. gr. bætist nýr liður á undan:
Við 2. lið. »Til að reisa ... 2,000« og verði svo hljóðandi:
Við 1. lið. Til aðgerðar á gamla skólahúsinu á Hólum alt að 3,000

Ed. **599. Frumvarp**

til laga um viðauka við tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. febr. 1872, lög 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland og lög 31. júlí 1907 um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar útlend síldarveiðaskip eru á landhelgissvæðinu, þá er þeim skylt að hafa báta sína uppi á skipinu á venjulegum stað og nætur inni í skipinu, en þó ekki í bátunum.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 100—1000 krónum, og má leggja löghald á skip, afla og veiðarfæri og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði.

Ed. **600. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Aftan við 7. gr. bætist nýr liður:

Til að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á fæðingarstað hans Rafnseyri, í sambandi við hátíðahald þar í 100 ára minningu hans 17. júní næstk., gegn ekki minna framlagi frá héraðsbúum, alt að . . . . . 800 kr.

Til vara:

alt að . . . . . 500 kr.

Nd. **601. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingar á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson, Jón Jónsson S.-M., Pétur Jónsson og Sigurður Gunnarsson.

1. gr. Það skal ekki talinn reglulegur sveitarstyrkur og ekki valda neinum réttindamissi, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd veitir manni, meðan hann dvelur í framfærslusveit sinni, styrk úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði:
   1. Til þess að leita sér eða einhverjum af skylduliði sínu heilsubótar eftir læknisráði,
   2. eða til þess að greiða fæðiskostnað barns síns á skólaskyldualdri utan heimilis,
   3. eða til þess að standast heimiliskostnað, er stafar af ómegð barna hans 6 eða fleiri. —

   Greinatalan breytist samkvæmt þessu í frumvarpinu.

Ed. **602. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (á þingskjali 585).

Frá ráðherra.

Við 4. gr. Við E. V. Til að byggja hús handa vitaverðinum á Siglunesi. Fyrir kr. »2,000« komi: kr. 2,500.

Ed. **603. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (á þingskjali 585).

Frá nefndinni.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:

Styrkur til Bókmentafélagsins til þess að gefa út bréf Jóns Sigurðssonar alt að 500 kr.

Samtalan breytist eftir því.

Ed. **604. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seríu) bankavaxtabréfa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landssjóður leggur fram helming af tryggingarfé því, sem landsbankanum er gert að leggja fram í 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans, til að gefa út 3. flokk bankavaxtabréfa, í ríkisskuldabréfum og bankavaxtabréfum fyrsta og annars flokks, eftir því hlutfalli, er greinin tiltekur. Vextir af þeim hluta tryggingarfjárins, er landssjóður leggur fram, renna í landssjóð.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **605. Frumvarp**

til laga um merking á kjöti.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Alt kjöt, sem lögskipaðir dýralæknar eða aðrir dýralæknar skoða og telja hæft til útflutnings á erlendan markað, skal merkt með bláum jafnarma þríhyrningi með tölunni 1 innan í. Rétt til að nota þetta merki, aðrir en dýralæknar, hafa og þeir menn, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá dýralækni.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp. Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 aura fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Stjórnarráðið semur nánari reglur um kjötskoðun eftir tillögum dýralækna, til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim sem taldir eru í 1. gr. er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með bláu merki eða þríhyrningi, þótt lögun hans sé önnur en jafnarma, og önnur tala eða auðkenni sé innan í þríhyrningnum.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, alt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið. Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **606. Frumvarp**

til laga um dánarskýrslur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Prestur má ekki jarðsetja lík neins manns, er dáið hefir í kauptúni, sem er læknissetur, fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í té ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gera; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dánardægur, dánarár og dauðamein.

Nú deyr maður í kauptúni sem er læknissetur, og er ekki auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja héraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í kauptúninu, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík manns, er dáið hefir utan kauptúns, sem er læknissetur, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardægurs og greftrunardags), rita í kirkjubókina dauðamein hins látna, eftir þeim skýringum, er hann getur beztar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur, og tilgreinir prestur þar dauðameinið, sbr. 2. gr., og getur þess stuttlega, við hvað stuðst sé. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishéraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda héraðslækni sínum, ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru, svo og útdrátt úr manntalsskýrslu sóknarinnar um manntal kauptúnsins.

Héraðslæknir rannsakar skýrslurnar, er til dauðameinsins kemur, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt héraðið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.

Ed.

607. Frumvarp

til viðauka við lög um verzlunarbækur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Upphæð verzlunarviðskifta, sem skylt er að bókfæra og gefa frumbókarsamrit af, á þann hátt, sem 2. gr. í lögum um verzlunarbækur mælir fyrir um, skal nema 2 krónum eða þar yfir.

2. gr.

Brot gegn annari grein laga um verzlunarbækur varða sektum í hvert sinn sem fyrirmælin eru brotin, í fyrsta sinn eigi lægri sektum en 5 kr., og hækki sektirnar í hvert sinn, ef oftar er brotið, þó ekki yfir 100 kr.

3. gr.

Brot gegn 3. og 5. grein varða sektum eða fangelsi eftir atvikum.

Kveði svo mikið að brotum gegn þessum greinum, að öll bókfærslan sé í þeirri óreiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það sektum eða fangelsi, og, eftir atvikum, missi verzlunarleyfis eitt ár eður lengur.

4. gr.

Í stað: »innan eins árs« í upphafi 8. gr. í lögunum um verzlunarbækur 30. júlí 1909, komi: þriggja missira, og næst síðasta málsgrein 8. gr. í sömu lögum orðist svo:

Að þeim fresti, sem að ofan er nefndur, missir lögskipuð frumbók það sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, o. s. frv.

5. gr.

Þá er þessi lög eru staðfest, skal stjórnin fella þau saman við lög 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, þannig, að 1. og 2. gr. þessara laga færist inn milli 9. og 10. gr. laganna um verzlunarbækur, og gefa þau út sem endurskoðuð lög um verzlunarbækur.

Ed.

608. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á gildandi ákvæðum um almennar auglýsingar og dómsmálaauglýsingar.

Með því að hv. neðri deild hefir að eins gert eina meinlausa orðabreytingu á frumvarpinu, ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1911.

J. Havsteen, formaður.
Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsm.

Aug. Flygenring. Gunnar Ólafsson. Jósef Björnsson.

Ed. **609. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

1. Fyrirsögnin orðist svo:

FRUMVARP

2. til laga um breytingu á 23. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

Frumvarpsákvæðið orðist svo:

Frestur sá, er ákveðinn er í 23. gr. laga nr. 44 30. júlí 1909, framlengist til 1. janúar 1913.

Að öðru leyti skal lögunum óraskað.

Ed. **610. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Nefndin sem háttv. efri deild skipaði til að athuga mál þetta, hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt; er einn nefndarmanna, Sigurður Hjörleifsson, frumvarpinu alveg mótfallinn.

Tilgangur frumvarpsins er að auka tekjur landsins á næstu árum, og veita stjórninni svigrúm til að koma fram með tillögur um tekjuaukning fyrir landssjóðinn.

Samþykt laga þeirra, er hér ræðir um að fresta framkvæmd á, hafði í för með sér stórkostlegan tekjumissi fyrir landssjóð, með því að áfengistollurinn er ein af aðaltekjugreinum hans. Það ber því nauðsyn til þess að vinda bráðan bug að því, að bæta landssjóði þennan tekjumissi með nýjum tekjuaukalögum, og ekki síðar en á þessu þingi. Þetta fórst nú að mestu leyti fyrir hjá stjórninni og þar af leiðandi eru lítil líkindi til að þingið að þessu sinni geti fylt þetta skarð í tekjum landsins með nýjum skattalögum.

Samkvæmt lögunum um aðflutningsbann á áfengi, má ekki flytja áfengi til verzlunar til landsins eftir 1. jan. 1912, en selja má það til 1. jan. 1915. Lögin koma því ekki til fullrar framkvæmdar fyr en þá.

Yfirstandandi ár er síðasta árið, sem landið getur haft tekjur af áfengistollinum, en búast má við, að þær tekjur verði nokkru meiri en í meðalári, þar sem áfengissalar munu birgja sig meira en annars til þess að geta haft áfengi á boðstólum, þar til sölubannið kemst á. En á hinn bóginn verður þó ekki búist við, að innflutningur þetta eina ár verði nándar nærri eins mikill eins og hann yrði, ef aðflutningsbanninu væri frestað þannig, að það kæmist ekki á fyr en jafnhliða sölubanninu.

Frumvarpið fer nú fram á að þetta tvent falli saman.

Þegar miðað er við upphæð áfengistollsins undanfarin ár, má búast við að hann nemi alt að 200 þús. krónum á ári að meðaltali, eða alt að 600 þús. krónum alls til 1915.

Samkvæmt áætlun fjárlaganefndar neðri deildar, er áfengistollurinn fyrir yfirstandandi ár áætlaðar *300 þús.* kr., sem eflaust er full-hátt, ætti því tekjuaukinn, sem frestunin hefir í för með sér, að nema 300 þús. krónum, en þó þessi upphæð reyndist nokkru minni, munar landssjóð hana allmiklu.

Um nauðsyn þessa tekjuauka, eins og fjárhagshorfurnar eru nú, mun nefndin öll að mestu leyti vera á sama máli og meiri hluti hennar telur ekki annað ráð vænna eða tiltækilegra en þessa frestun. Að vísu kom sú skoðun fram í meiri hluta nefndarinnar, að bjargast mætti við eins eður tveggja ára frestun á aðflutningsbanninu, en aðrir voru þó á því, að heppilegast væri að halda við ákvæði frumvarpsins.

Eins og tekið er fram hér að framan, ná bannlögin ekki fullu gildi fyr en 1915, frumvarpið gerir enga breyting á þessu, og fyrir því verður meiri hluti nefndarinnar að halda því fram, að frestun þessi sé meinfangalaus fyrir aðflutningsbannslögin í heild sinni. En hinsvegar knýr bráð nauðsyn til frestunarinnar, þar sem er fyrirsjáanlega mikill tekjuhalli á fjárlögum frá þessu þingi.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því hv. deild til að samþykkja frumvarpið, leggur að eins til að aftan við meginmál þess sé bætt til frekari skýringar svo hljóðandi:

VIÐAUKATILLÖGU:

Aftan við frumvarps-greinina bætist: »að því er kemur til aðflutnings á áfengi inn í landið«.

Alþingi 8. apríl 1911

Sigurður Stefánsson skrifari og framsögum. Stefán Stefánsson. Steingrímur Jónsson.

Með skirskotun til þess sem nefndarálitið tekur fram um afstöðu mína til málsins

Sigurður Hjörleifsson.

ÁGREININGSÁKVÆÐI.

Ég tel tekjuhallann ekki aðalástæðu til frestunar á innflutningsbanni áfengis, heldur miklu fremur hitt að veita verði löggjafarvaldinu hæfilegan frest til þess að skapa landsjóði tekjur í stað áfengistollsins. Það er óhjákvæmileg nauðsyn, úr því að svo slysalega tókst til að fráfarin stjórn forsómaði það. Af því leiðir, að ég sé ekki þörf á lengri fresti en um 1 ár.

En auk þess er ég hv. meirihluta nefndarinnar ósamþykkur um nokkur

atriði, en verð vegna tímaskorts að geyma þær umræðunum í deildinni. Vísa að öðru leyti til breytingartillagna minna á sérstöku skjali.

Alþingi 8. apríl 1911

Lárus H. Bjarnason.

Ed. **611. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Það er orðið langt síðan að til þess var fundið, að höfn sú, er Reykjavík hefir átt við að búa, sá staður á landinu, er öllum öðrum fremur þyrfti á góðri höfn að halda, er með öllu óviðunandi.

Þetta hefir orðið með hverju árinu tilfinnanlegra og eftir því sem framfarir hafa orðið meiri — og það ekki all-lítið — atvinnugreinar eflst — þar fremst að telja sjávarútveginn, — og öll viðskifti fyrir það aukist, eftir því hefir þörfin orðið brýnni á góðri höfn, svo að nú má heita að ekki megi lengur við svo búið standa án þess að hefjast handa.

Nefnd sú, er háttvirt efri deild hefir fengið mál þetta til íhugunar, getur því verið fáorð um nauðsyn þess, og eru allir nefndarmenn samdóma um, að hafnargerð í Reykjavík sé hið mesta framfaramál, sem alþingi ekki gæti til lengdar leitt hjá sér að eiga þátt í að koma í framkvæmd, enda mun nefndin það til leggja að það sé nú gert á þann hátt, sem frumvarpið fer fram á.

Nefndin er öll í aðalatriðum sammála um, að þó að hagsmunanna af hafnargerðinni gæti eðlilega mest fyrir Reykjavík, þá geti ekki hjá því farið að það verði um leið til hagsmuna fyrir alt landið, stuðli að því að bæta verzlunina og færa hana inn í landið, er siglingar til langmesta verzlunarstaðarins, sem sjálfkjörinn er til að vera miðstöð allar verzlunar landsins, yrðu gerðar öruggar og afgreiðsla öll gæti farið fram greitt og tálmunarlaust, með þeim tækjum, er samsvara kröfum nútímans.

Þar sem þannig nauðsyn þessa máls er svo augljós, að ekki þarf því að lýsa fyrir háttvirti deild, þá hefir það eitt orðið verkefni nefndarinnar, að gera sér grein fyrir, í hverju hlutfalli á móts við bæjarfélag Reykjavíkur sé rétt að landssjóður leggi fram til þessa verks, og fyrir því hvort fjárhagsútlit landssjóðs leyfi að framkvæmdir séu ekki látnar dragast úr þessu.

Um hið fyrra þessara atriða, hlutfallið milli hagsmuna Reykjavíkur og landsins, hafa að vísu komið fram lítið eitt skiftar skoðanir hjá nefndarmönnum, sem væntanlega mun koma fram í umræðum, en þó ekki meira en svo, að þeir hafa allir orðið ásáttir um, að ráða háttvirtri deild til að halda því hlutfalli, sem sett er í frumvarpinu, að landssjóður leggi fram fjórða hluta kostnaðarins án þess að áskilja í móti hlutdeild í væntanlegum ágóða.

Þá er að hinu atriðinu kemur, hvort fjárhagur landsins sé svo vaxinn að nú sé gjörlegt að ráðast í þetta, þá dylst nefndinni ekki að vísu, að hér er um fjárhæð að ræða, sem verulega um munar, né heldur hitt, að full ástæða er til að halda gætilega á fé landsins. Þó telur hún ekki vera þá fjárhags-

erfiðleika sjáanlega fyrir hendi — svo sem nánar mun verða minst á í framsögunni — að fyrir þá sök sé rétt eða óhjákvæmilegt að fresta svo knýjandi máli og það því síður, sem hér er ekki um eyðslufé að ræða, heldur framkvæmd fyrirtækis, sem af má telja vísan mikinn arð beinan og óbeinan, mannvirkis, sem nú mun hver þjóð telja eitt hið fyrsta og óhjákvæmanlegasta til þess að sjá borgið siglingum og sjávarútveg, sem hjá oss hlýtur að eiga mikla framtíð fyrir sér. Fyrir því þykist nefndin einnig að þessu leiti geta ráðið háttv. deild, til að fallast á frumvarpið.

Að því er frumvarpið að öðru leyti og efni þess snertir, þá hefir það fengið langan og rækilegan undirbúning af bæjarstjórn Reykjavíkur og síðan verið til meðferðar í háttv. neðri deild. Fær nefndin eigi annað séð, en að það sé vel og tryggilega úr garði gert og hefir ekki fundið ástæðu til að stinga upp á neinum breytingum, en ræður, samkvæmt því sem að framan er skráð, háttvirtri deild til að samþykkja það óbreytt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 8. Apríl 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður.		Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögumaður.
Aug. Flygenring.	J. Havsteen.	Sigurður Stefánsson, með fyrirvara,

Ed. **612. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 um vegi.

Nefndin er ekki mótfallin frumvarpi þessu; hún telur það í raun og veru réttmætt að landssjóður kosti flutningabrautina austur að vegamótum Grímsnessbrautar, og að Rangárvallasýsla sé leyst frá viðhaldsskyldu á flutningabrautinni milli Þjórsár- og Ölfusárbrúa.

Hinsvegar þykir nefndinni það eigi koma nógu skírt fram, sem neðri deild ætlaðist til, á hvern viðhaldsskylda sú, er Rangárvallasýsla losnar við, komi aftur, og því stingur hún upp á breytingum á síðari málsgrein 1. greinar.

Um 4. gr. er það að segja, að nefndin getur ekki fallist á að sýsluvegagjaldið sé innheimt á sama hátt og hreppa-vegagjaldið, eða að það sé gert að persónugjaldi. Hún lítur svo á, að það íþyngi um of heilsubiluðum og efnalausum mönnum, einkum þegar þess er gætt, að bæði hreppsnefnd og sýslunefnd getur, samkvæmt 20. og 24. gr. vegalaganna eða 3. gr. þessa frumvarps, verði það að lögum, hækkað gjöld þessi upp í 3 kr. til hreppavega og 3 kr. til sýsluvega.

Þá er það og álit nefndarinnar, að ákvæði 5. gr. um það, að til hreppavega megi greiða meira en hreppavega-gjaldið, ef þeir, er kosningarrétt hafa í sveitamálum »og fund sækja« samþykkja það á lögmætum sveitarfundi, sé viðsjárvert.

Sé þessu ákvæði: »og þeirra er fund sækja« haldið, virðist nefndinni það geta orðið til þess, að hreppsnefnd með örfáum mönnum geti, þvert á móti vilja fjölda hreppsbúa, fengið samþykki til all-hárrar greiðslu úr sveitarsjóði til hreppavega, og því leggur hún til að þessu verði breytt.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sér því að leggja það til, að háttv. deild samþykki eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Í stað síðari málsgreinar 1. greinar komi:
   Viðhaldsskylda á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, sem nú hvílir að 1/3 á Rangárvallasýslu, sbr. 8. gr. vegalaganna staflið d, skal frá 1. janúar 1914 hvíla að öllu leyti á Árnessýslu.
2. Orðin »sýsluvegagjald og« í 4. gr. falli burt.
3. Í stað orðsins »gjöldin« í 2. línu sömu greinar komi: gjaldið.
4. Orðin »og fund sækja« í 5. gr. falli burt.

Alþingi, 8. apríl 1911.

Kristinn Daníelsson, formaður.	Gunnar Ólafsson, skrifari og framsögumaður.

Eiríkur Briem.

Ed. **613. Frumvarp**

til laga um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, skal gjalda skatt í landssjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, eða niðja hins látna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. .... $1^1/_{10}$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... $1^2/_{10}$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1/10 af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 5 af hundraði.

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... $5^1/_2$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — .... 6 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1/2 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 25 af hundraði.

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er heyra eigi undir stafliðina A. og B. eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig.

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 11 af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... 12 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skilningi, og ennfremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 10. gr.

Ennfremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða réttindum, er við andlát manns hverfa til erfingja eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfé og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Af fasteignum hér á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til landssjóðs. Skip, sem skrásett eru hér á landi, skal fara með sem fasteign.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefir áskilið sér tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni, að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal eigi greiða erfðafjárskatt af fé því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta, og greiðist skatturinn af erfðafé þeirra erfingja, er þá taka arf, í réttu hlutfalli, eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meira en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi 100 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafé, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

7. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleik þess við hið látna.

Af erfðafé, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðaféð rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni fimmfaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en sé endurgreiðslan miðuð við ákveðna áratölu, skal fjárhæðina margfalda með áratölunni, þó aldrei meira en tuttugu og fimm árum.

8. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sérstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er út runninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafarfi o. s. frv., talið í einu lagi.

Nú hefir arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber úr búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr.

9. gr.

Nú deyr maður, er arf hefir hlotið, áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara, og skal þá að eins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleik erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

10. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þeg-

ar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

Erfðafjárskýrslu skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eigum búsins og skuldum þess, og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig féð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gjört, og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

11. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur séu rétt samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sé erfðafjárskýrsla eigi send í réttan tíma, skal skiftaráðandi setja bréflega hlutaðeigendum frest til að gjöra skýrsluna og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sé rétt og send á réttum tíma.

12. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefir leynt verið vísvitandi, eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn lögreglumál, nema mál sé svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

13. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1912, og falla frá sama tíma úr gildi ákvæðin um erfðafjárskatt í tilsk. 12. sept. 1792 og 8. febr. 1810.

Ed. **614. Breytingartillögur**

við frv. til laga um erfðafjárskatt.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum: »til erfingja hans« bætist: og sé búið tekið til skifta hér á landi.
2. Við 6. gr. Í stað: »100« í fyrstu línu komi: 200.
3. Við 7. gr. Orðin: »og fimm« falli burtu úr síðustu línu greinarinnar.

Nd.

615. Nefndarálit

um frumv. til laga um útrýming fjárkláðans.

Þegar ráðist var í framkvæmdir til algerðrar útrýmingar fjárkláðans á árunum 1903—1907 undir forustu hins norska kláðalæknis Myklestads, væntu margir þess að lánast mundi að gera landrækan þennan skæða óvin sauðfjárins, sem tugum ára saman hafði legið hér í landi og unnið fjáreigendum stórtjón, sem ekki verður tölum talið. Flestir höfðu þá skoðun, að mistökin á kláðaútrýmingunni á fyrri árum stöfuðu af því, að skoðanirnar höfðu verið svo skiftar um það, hverri aðferð skyldi beitt. Sumir höfðu þá haldið fram niðurskurði fjárins á grunuðu svæðunum sem hinni einu fulltryggu útrýming. Aðrir fylgdu lækningum. Á ofanverðri síðustu öld átti niðurskurðurinn enga formælendur lengur. Allir höfðu þá snúist að lækningunum. Þá var og fyrst fengin full þekking á eðli kláðans og lækningakrafti hinna ýmsu baðlyfja. Engu að síður fór útrýmingin í handaskolum. Án efa má telja orsök þess meðal annars þá, að kláðinn var orðinn útbreiddari en nokkurn varði, svo að þótt lækning tækist nokkurn veginn á þeim svæðum, sem tekin voru fyrir, þá lifði kláðinn annarstaðar, þótt lítið bæri á í svip, og breiddist svo út er frá leið.

Þessi mistök öll leiddu til þess, að sú skoðun varð ráðandi úr aldamótunum, að ekki væri um annað að ræða en að beina atlögunni að kláðanum um alt land, eða því sem næst, ef nokkur von ætti að vera um, að geta gert hann landrækan. Að því stefndu útrýmingartilraunirnar síðustu, sem vér nefndum í upphafi. Er það án efa hin langrækilegasta lækningatilraun á fjárkláðanum, sem fram hefur farið hér á landi. Árangurinn varð og sá, að heita mátti að kláðans gætti eigi eða skaðsamlegra afleiðinga hans hin næstu missiri. Hins varð þó því miður brátt vart, að aldauða var hann ekki. Látum vér um það efni nægja að vísa til hinnar rækilegu ritgjörðar Magnúsar dýralæknis Einarssonar (»Fjárkláðinn«), sem útbýtt hefur verið hér í deildinni. Þess viljum vér að auki láta getið, að í síðasta mánuði hafa stjórnarráðinu borist skeyti um það, að nýlega hefur orðið kláða vart bæði í Suður-Múlasýslu og Skagafjarðarsýslu. Er því valt að treysta því, að nokkur sveit landsins sé áreiðanlega kláðalaus.

Þótt vissa sé þannig fengin um það, að þessi atlaga að kláðanum nægði eigi til þess að vinna á honum til fulls, þá er hún þó ljós sönnun þess, að ástæðulaust er að leggja árar í bát í baráttunni við fjárkláðann. Miklu fremur má segja, að fjáreigendur hafi nú fengið allan nauðsynlegan undirbúning til þess að kunna full tök á því, hvernig útrýmingunni beri að haga.

Svo hefir landsstjórnin og lítið á þetta mál, og þess vegna, með ráði dýralæknis, lagt fyrir alþingi frumvarp það, sem hér er um að ræða. Bæði blaðagreinar og þingmálafundaályktanir víðsvegar að, sýna, að allmikill og almennur áhugi í sömu átt, er nú vakandi hjá bændum. Að eins má segja, að menn séu ekki enn á eitt sáttir um það, hverri aðferð beri að beita við útrýminguna.

Ýmsir, sem um þetta mál hafa ritað eða rætt, halda því fram, að heppilegast muni vera að lögskipa almennar kláðabaðanir einu sinni á vetri um næstu 5—10 ár. Telja þeir nálega víst, að á þann hátt mundi kláðanum verða útrýmt. Byggja þeir það á því, hve mikið vanst á með einni böðun undir stjórn Myklestads.

Dýralæknirinn lítur hinsvegar svo á, að tvíböðun með stuttu millibili sé sjálfsögð, en að einböðun veiti enga tryggingu, þótt notuð sé mörg ár í röð. Vísum vér til röksemda hans um þetta í áðurnefndu riti hans.

Oss dylst eigi, hvílíkur ávinningur það væri, ef treysta mætti því, að einböðun fjárins á vetri í nokkur ár væri fulltrygg, hvort heldur litið er á fyrirhöfnina eða kostnaðinn. Þá félli þessi böðun saman við alment þrifabað, sem þarf að komast á sem föst búvenja, jafnsjálfsögð og hver önnur umönnun fyrir góðri hirðing og fóðrun fjárins. Tvíböðun veldur aftur á móti óhjákvæmilega meiri fóðureyðslu. Gæti það orðið alldýrt, einkum þar sem svo hagar til, að treysta verður á útbeit. En þar sem vér föllumst á þá skoðun dýralæknis, að tvíböðun sé miklu líklegri til algerðrar útrýmingar kláðans, þá viljum vér leggja til, að frumvarpi stjórnarinnar sé fylgt í því efni og að sú stefna sé upp tekin nú þegar, því að dráttur á framkvæmdum þessum getur orðið að miklu ógagni. Má færa fyrir því ýmsar ástæður. Fyrst er þess að gæta, að vænta má að kláðinn mundi ella breiðast út og magnast á ný og fyrir það verða miklu verri viðfangs. – Annað hitt, að enn er fjáreigendum flestum í fersku minni, hver vágestur kláðinn er og hafa því vakandi auga á útrýmingunni. En með lækningakáki kynni honum að verða haldið í skefjum, svo að hættan gleymdist smátt og smátt og áhuginn á útrýmingunni dofnaði þá að sama skapi. En fullan skilning á hættunni, sem af kláðanum stafar og almennan áhuga á algerðri lækning teljum vér eitt af aðalskilyrðum þess, að vænta megi að útrýmingin lánist. Enn má nefna það hið þriðja móti frestun útrýmingarinnar, að til er enn í fullu fjöri fjöldi manna víðsvegar um land, sem stóðu fyrir útrýmingartilraununum síðustu og standa því ólíku betur að vígi að takast nú á ný á hendur slíka umsjón, en aðrir menn óvanir þeim tökum, sem vænta má að til yrði að taka eingöngu eða að mestu, et mörg ár líða hér eftir án þess ný útrýming sé hafin. Af þessum ástæðum og fleirum, teljum vér það mjög misráðið, ef eigi er undinn bráður bugur að útrýmingunni.

Nefndin getur að miklu leyti fallist á stefnu frumvarpsins um tilhögun útrýmingarinnar. Teljum vér réttast að stjórnin hafi með ráði dýralæknis alla aðalumsjón og framkvæmdarvaldið, til þess að föst stefna sé í lækningunum, hin sama um land alt.

Um greiðslu kostnaðarins, sem af útrýmingunni leiðir, höfum vér aftur á móti að nokkru leyti aðra skoðun en þá, sem kemur fram í frumvarpinu og athugasemdunum, er því fylgja. Ráðum vér því til alvarlegra breytinga á frumvarpinu um það atriði.

Vér teljum eigi fært að ætla landssjóði allan kostnað af útrýmingunni eins og við útrýmingartilraunirnar síðustu, jafnvel þótt það hefði að ýmsu leyti verið eðlilegast, þar sem þetta miðar til að tryggja og efla hinn veigamesta aðalatvinnuveg landsins. Eflist þá um leið gjaldþol manna og tekjuvonir landssjóðs. Hins vegar er þess að gæta, að útrýming fjárkláðans er fyrst og fremst fjáreigendunum til hagsmuna þegar í stað og útrýmingarbaðanirnar spara þeim alment þrifabað það árið, sem þær fara fram. Þessvegna leggjum vér til að fjáreigendur leggi fram alt andvirði baðlyfjanna. Jafna sveitarstjórnir því niður í hreppunum í réttri tiltölu við sauðfjáreign hvers einstaks manns, annast innheimtu þess og koma því til sýslumanna. Vér óttumst alls eigi undanskot undan böðun, þótt fjáreigendur eigi þannig sjálfir að

greiða andvirði baðlyfja hver í sínar kindur. Fyrst og fremst er áhugi fjáreigenda flestra svo mikill á útrýming kláðans, að þeir vilja ekki eiga það á hættu að útrýmingin misheppnist fyrir lítilfjörlegan, ímyndaðan stundarhag af því að komast hjá að kosta til baðlyfja. Auk þess mundi þeim sárfáu mönnum, sem svo væru skammsýnir, ekki haldast uppi nein undanbrögð vegna áhuga annara, sem er það ljóst, að af því gæti leitt, að útrýmingartilraunin yrði gagnslaus. Og enn er þess að gæta, að gert er ráð fyrir rækilegu eftirliti við baðanirnar hjá hverjum einasta fjáreiganda, er meðal annars ættu að sjá um, að hver kind komi fram til böðunar. Yrði það eftirlit hægra fyrir það, að baðanirnar fara að sjálfsögðu fram á þeim tíma árs, er fé er alt í húsum.

Þar sem vér leggjum það til, eins og að framan greinir, að fjáreigendur borgi að öllu leyti andvirði baðlyfjanna, þá leiðir af sjálfu sér, að ekki þarf að bæta landssjóði upp með ullartolli baðlyfjaverð. Vér kunnum betur við, að þar sé beinlínis greitt alt sem þarf, en hvorki meira né minna. Hverfur þá öll handahófsáætlun um það, hve hár sá tollur þyrfti að vera og hverjar tekjuvonir landssjóðs yrðu af honum. Auk þess höfum vér þegar orðið þess varir, að megn óánægja hefir alment risið gegn ullartolli og líta ýmsir svo á, að þetta sé byrjunarspor að föstum tolli á þessa vöru og því sé réttara að láta þetta spor óstigið.

Um baðlyfjakostnaðinn viljum vér ennfremur geta þess, að dýralæknir hefir sagt oss, að örugg baðlyf megi fá fyrir 5 aura virði í 1 bað á hverja kind, þegar jafnmikið er keypt í einu og hér er um að ræða. Samkvæmt því ætti baðlyf til tvíböðunar alls sauðfjár á landinu að kosta 60—70 þús. kr. eftir áætlaðri tölu fjárins.

Þá er eftir að minnast á eftirlitið með böðunarframkvæmdunum og kostnaðinn af því.

Við föllumst á fyrirmæli frumvarpsins um skipun kláðalækna og baðara. En jafnframt þætti oss þá eðlilegast, að þóknunin til þeirra væri að öllu leyti greidd úr landssjóði. En til þess að baka landssjóði eigi tilfinnanleg útgjöld at þessu, leggjum vér til, að þeim sé að hálfu leyti borgað úr sýslusjóðum og sveitarsjóðum eða bæjarsjóðum. Höfum vér gert áætlun um, að þessi kostnaður nemi 20—25 þús. kr. Þetta yrðu þá einu útgjöldin, sem landssjóður hefði af útrýmingunni samkvæmt þessum lögum.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, leggjum vér til að deildin samþykki þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. Í stað: »eða fleiri« komi: eða tvo.
2. 3. gr. orðist þannig:

Kláðalæknum og böðurum ber að haga störfum sínum eftir því sem reglugerðin mælir fyrir. Þar skal ákveða kaup kláðalækna og baðara og annan tilkostnað þeirra. Skal kaup kláðalækna ekki vera hærra en 5 kr. og baðara ekki hærra en 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru að heiman við þessi störf. Kláðalæknum skal borgað að hálfu úr landssjóði og að hálfu úr sýslusjóði, en böðurum að hálfu úr landssjóði og að hálfu úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Reikningar kláðalækna ásamt umsögn sýslunefnda, og baðara ásamt umsögn hreppsnefnda eða bæjarstjórna skulu sendir stjórnarráðinu til úrskurðar.

Landsstjórnin annast kaup á baðlyfjum, flutning þeirra á viðkomustaði strandferðaskipanna, vátrygging, uppskipun, geymslu og afhending. Öllum baðlyfjakostnaði skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir jafna niður á fjáreigendur eftir fjártölu. Innheimta hreppsnefndir eða bæjarstjórnir gjald þetta og senda sýslumönnum eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Neðri deild alþingis, 8. apríl 1911.

Jón Jónsson frá Hvanná, formaður.

Hálfdán Guðjónsson, skrifari og framsögumaður.

Pétur Jónsson, (með fyrirvara).

Einar Jónsson, (með fyrirvara).

Þorleifur Jónsson, (með fyrirvara).

Nd. **616. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um sóknargjöld frá 30. júlí 1909. (Þskj. 46).

Flutningsmaður: H. Hafstein.

1. Inngangurinn orðist svo:

Lög um sóknargjöld frá 30. júlí 1909 breytast svo, sem nú skal greina:

2. Eftir 3. gr. frumv. komi ný gr. svohljóðandi:
Í stað orðanna í 12. gr. sóknargjaldalaganna: »eftir meðaltali . . . að frádregnum innheimtulaunum 6%« komi:
Fardagaárið 1908—1909, eins og þessar tekjur verða, reiknaðar til peningaverðs eftir meðaltali meðalálna í því bygðarlagi síðast undanfarin 5 ár, 1904—1909, að frádregnum innheimtulaunum 6%, og greiðist uppbót þess frá fardögum 1909.

Ed. **617. Breytingartillaga**

við fjáraukalög 1910 og 1911.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Kristinn Daníelsson, Sigurður Hjörleifsson: Gunnar Ólafsson, Ari Jónsson, Jósef Björnsson.

Við 5. gr.
Úr greininni falli burtu liðurinn:
Við B. I.—II. Háskóli ..... 1. október þ. á. ..... 3,450,00.

Nd. **618. Breytingartillögur**

við frv. til laga um farmgjald af aðfluttum vörum (á þingskj. 375).

Frá meiri hluta skattamálanefndarinnar.

Við 1. gr. Fyrir orðið: »vigt« komi: þyngd.
Á eftir orðunum: »með umbúðum« komi: eða.
Við 1. flokk: orðið »línsterkju« falli burt.
Við 2. flokk: orðið »ávaxtavínum« falli burt.
Fyrir orðin: »gosdrykkjum, húsafarfa« komi: farfa.
Orðið: »plöntufeiti« á fyrri staðnum falli burt.
Við 3. flokk: Orðið: »ávaxtasafa« falli burt.
Á eftir orðinu: »herfum« komi: járnpípum.
Við 4. flokk: Á eftir orðinu: »járnvörum« komi: og öðrum málmvörum.
Á eftir orðinu: »lampapörtum« komi: línsterkja.
Fyrir orðin: »tilteknar í þessari grein« komi: tilteknar í öðrum flokkum.
Við 7. flokk: Fyrir orðin: »samkvæmt 8. flokki« komi: samkvæmt 2. gr.
Í stað orðanna: »8. flokkur« komi: 2. gr.
Greinatalan breytist samkvæmt því.
Við 2. gr. (áður 8. fl.). Á eftir orðinu »leir« komi: leirpípum.
Við 9. gr. sem verður 10. gr. Fyrir: »farmgjald« í síðustu línu greinarinnar komi: landssjóð.

Alstaðar þar sem »pd.« (þ. e. pund) stendur í frv. skal því breytt í: »tvípund« og upphæð farmgjaldsins á hverjum stað jafnframt tvöfaldast.

Nd. **619. Nefndarálit**

um frumv. til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Frá meiri hluta skattamálanefndarinnar.

Vér undirritaðir nefndarmenn úr skattamálanefndinni höfum ekki getað orðið ásáttir við minni hluta nefndarinnar um frumvarp þetta.

Oss sýnist ekki annað tiltækilegra, eins og nú stendur, heldur en að alþingi fylgi fram frumvarpi þessu og geri það að lögum til þess að auka tekjurnar og jafna þann mikla halla, sem á fjárlögunum verður að öðrum kosti.

Frv. sem gekk í sömu stefnu var borið fram á síðasta alþingi og var það samþykt í neðri deild, en efri deild vísaði því til landsstjórnarinnar til íhugunar og undirbúnings fyrir næsta þing.

Málið var svo íhugað að undirlagi stjórnarinnar, bæði hér og í stjórnarskrifstofunni íslenzku í Kaupmannahöfn, sem einnig hafði fyrir sér tvö önn-

ur frumvörp um svonefndan »faktúrutoll«, sem stjórnarráðinu höfðu borist frá einstökum mönnum. — Skrifstofa þessi mun hafa komist að þeirri niðurstöðu, að farmgjald væri að vísu betra en »faktúrutollur«, en mun þó hafa haft margt við hvorttveggja að athuga og talið neyðarúrræði. En þessi skoðun skrifstofunnar mun nokkuð byggjast á því, að henni er ekki nógu kunnugt um, hversu tollgæzlan er lítil hér á landi og hve hætt er við undandrætti á tolli af vörum, sem hátt eru tollaðar.

Vér hyggjum, að þjóðin muni bezt una við að tekjur landsins sé auknar á þennan hátt, úr því sem ráða er, og hefir það komið fram á mörgum þingmálafundum, enda mun það ásannast, að ekki er í fljótu bragði hægt að finna þann gjaldstofn, er gefi landssjóði verulegar tekjur, sem ekki mæti megnum andróðri og mótspyrnu.

Ef frumv. þetta verður að lögum má búast við, að tekjuaukinn af farmgjaldinu nemi um 180 þúsundum króna, og er sízt vanþörf á þeim tekjuauka.

Vér höfum leyft oss að gera nokkrar smábreytingar við frumvarpið, en að öðru leyti verður reynzlan sjálf að skera úr því, hverjar breytingar gera þarf í þessu efni um flokkun vörunnar og fleira. Teljum vér það mikilsvert, að þjóðinni gefist sem fyrst kostur á að afla sér reynslu í þessu efni, og er það ein höfuðástæðan fyrir því að vér ráðum deildinni til þess að samþykkja frumvarpið, jafnframt því sem það eykur tekjur landsins verulega.

Förum vér svo ekki fleiri orðum um málið að sinni og verður frekari grein gerð fyrir því við umræðurnar.

Alþingi, 9. apríl 1911.

Ólafur Briem, form. nefndarinnar.	Benedikt Sveinsson, skrifari og framsögum,
Magnús Blöndahl.	Sigurður Gunnarsson.

Ed. **620. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Árin 1912 og 1913 er ætlast til, að tekjur landsins verði 2,887,400 kr., er eiga að hafast upp úr tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 2,581,000.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2. Húsaskattur	13,000	13,000	26,000
3. Tekjuskattur	30,000	30,000	60,000
4. Aukatekjur	55,000	55,000	110,000
5. Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. Vitagjald	30,000	30,000	60,000
7. Leyfisbréfagjöld	6,000	6,000	12,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur	300,000	30,000	330,000
10. Tóbakstollur	160,000	160,000	320,000
11. Kaffi- og sykurtollur	380,000	380,000	760,000
12. Annað aðflutningsgjald	20,000	20,000	40,000
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	9,000	9,000	18,000
14. Pósttekjur	95,000	95,000	190,000
15. Símatekjur	100,000	105,000	205,000
16. Tekjur af Íslandsbanka	12,000	12,000	24,000
17. Óvissar tekjur	10,000	10,000	20,000
Samtals	1,423,000	1,158,000	2,581,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 40,200 kr.:

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls	18,000	18,000	36,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	20,100	20,100	40,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 137,000 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs ... ... Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.	54,000	52,000	106,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
Samtals...	69,500	67,500	137,000

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880...	2,000	2,000	4,000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ...	2,000	2,000	4,000
Samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1912 og 1913 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,168,523 kr. 34 aurar.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 99,633,34.

	1912—13	
1. Vextir af 4% láni landssjóðs úr ríkissjóði Danmerkur, sem 1. jan. 1912 nemur kr. 433,333,33	17,000,00	15,666,67
Afborgun af láninu kr. 16,666.67 á hverju missiri... ...	33,333,34	33,333,33
	50,333,34	49,000,00
2. Til vaxtagreiðslu á 4½% láni landssjóðs teknu árið 1909, sem 1. jan. 1912 nemur 1,375,000 kr. ganga árið 1912 61,312 kr. 50 au. og 1913 59,062 kr. 50 aurar. Afborgun er 50,000 krónur árlega; bæði rentur og afborgun greiðast væntanlega af vöxtum, sem fást af bankavaxtabréfum þeim, sem keypt hafa verið fyrir lánsfjárhæðina, svo og af bréfum þeim, sem út eru dregin og innleyst. Til kostnaðar við lánið veitast	150,00	150,00
	50,483,34	49,150,00
Alls...	99,633,34	

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 101,000 kr.

	kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
1. Til ráðherra:				
a. laun	8,000			
b. til risnu...	2,000	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra		2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara		6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra		10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...		16,000	16,000	32,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að		5,000	5,000	10,000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu..		1,000	1,000	2,000
Samtals...		50,500	50,500	101,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitast 60,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 1,600 kr., alls 61,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. eru veittar 225,330 kr.

	1912.	1912.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. Laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	67,300	67,300	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður	4,715	4,715	
Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.			
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	5,100	5,100	
	86,515	86,515	173,030
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.... ... ... kr. 450			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna... 2,600			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur, alt að.. ... 3,600			
d. Kostnaður við sending með póstum 1,000			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímkeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar...	2,500	2,500	
4. Til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,500	1,500	
Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim er óska strandgæzlu og njóta hennar.			
7. Til aðstoðar löggæzlu um síldveiðatímann og til tolleftirlits	1,000	1,000	
Flyt...	21,950	21,950	173,030

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	21,950	21,950	173,030
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	4,000	4,000	
Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.			
	26,150	26,150	52,300
Samtals...			225,330

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 328,080 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	79,700	79,700	159,400
2. Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
3. Styrkur til hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að útvega lækni, til að setjast að í Bolungarvíkurverzlunarstað	400	400	800
Styrkurinn veitist með því skilyrði að lækninum verði greiddar, að minsta kosti 800 kr. á ári annarsstaðar frá.			
4. a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík	1,500	1,500	
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	3,600
5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	83,200	83,200	166,400

		1912	1913	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	83,200	83,200	166,400
6.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík...	1,000	1,000	2,000
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Féldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum á læknaskólanum til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum, hinn fyrstnefndi einu sinni í viku, hinir tveir síðarnefndu ekki sjaldnar en 2 sinnum á mánuði.			
7.	Holdsveikisspítalinn	28,690	28,190	56,880
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: kr. kr.			
	1. Laun ... ... 5,290— 5,390			
	2. Viðurværi 67—69 manna 12,000—12,000			
	3. Klæðnaður ... ... 850— 850			
	4. Meðul og sáraumbúðir.. 1,300— 1,300			
	5. Eldsneyti ... ... 2,700— 2,700			
	6. Ljósmeti .. .. 550— 550			
	7. Húsbúnaður og áhöld ... 1,000— 1,000			
	8. Viðhald á húsum ... ... 1,800— 1,200			
	9. Þvottur og ræsting.. ... 600— 600			
	10. Greftrunarkostnaður ... 200— 200			
	11. Skemtanir ... ... 300— 300			
	12. Skattar o. fl.... ... ... 1,300— 1,300			
	13. Ýmisleg útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey 800— 800			
	28,690—28,190			
8.	Geðveikishælið á Kleppi	19,900	19,900	39,800
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:			
	A. Laun læknis 2,700			
	B. Önnur útgjöld:			
	1. Kaup starfsmanna... ... 3,950			
	2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag 14,782 50			
	3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.) 1,800			
	4. Meðul og umbúðir 500			
	5. Ljós og hiti 3,600			
	6. Viðhald og áhöld 2,300			
	7. Þvottur og ræsting 800			
	8. Skemtanir 200			
	Flyt... 30,632 50	132,790	132,290	265,080

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	30,632 50	132,790	132,290	265,080
9.	Skattar m. m....	1,000			
10.	Óviss útgjöld...	600			
		32,232 50			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag	10,585			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu	1,000			
		12,315 90			
	Mismunur:	19,916 60			
9.	Heilsuhælið á Vífilstöðum...		18,000	18,000	36,000
10.	Önnur útgjöld:	Kr.			
a.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ... ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hérað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrkurinn nemur.	4,000			
b.	bólusetningarkostnaður.	1,000			
c.	til náms yfirsetukvenna	2,000			
d.	til verkfæra handa yfirsetukonum	400			
e.	gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ...	4,000			
f.	gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
g.	styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar ... ... Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.	600			
h.	tillag til Önnu Magnúsdóttur f. á.	1,000	14,000	13,000	27,000
	Samtals..		164,790	163,290	328,080

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,049,700 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Póstmál.			
1. Laun: Kr.			
a. póstmeistara 4,000			
b. 1. póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík 6,600			
2. póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur 20,800			
c. bréfhirðingarmanna 8,500			
	39,900	39,900	
2. Póstflutningur	56,000	56,000	
Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja allskonar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferða-ætlun.			
3. Annar kostnaður: Kr.			
a. skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi alt að 5,000			
b. önnur gjöld 8,000	13,000	13,000	
Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.			
	108,900	108,900	217,800
B.			
Vegabætur.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:			
1912. 1913			
1. Verkfræðingur landsins: Kr. Kr.			
a. laun 3,000 3,000			
Flyt... 3,000 3,000	.....	.....	217,800

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	3,000	3,000			217,800
b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500			
2. aðstoðarverkfræðingur ..	2,400	2,400			
3. skrifstofukostnaður. ...	500	500			
4. til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna...	1,500	1,500			
5. eftirlit með vegaviðhaldi	200	200	8,100	8,100	
II. Flutningabrautir	Kr.	Kr.			
1. Borgarfjarðarbraut ...	10,000	»			
2. Húnvetningabraut ..	10,000	10,000			
3. Reykjadalsbraut... ...	10,000	10,000			
4. Skagfirðingabraut ...	10,000	10,000			
5. Grímsnesbraut	10,000	10,000			
6. viðhald flutningabrauta...	9,000	9,000			
7. Til brúar á Rangá ...	45,000	»			
8. Til brúa á flutningabrautinni frá Grund að Saurbæ í Eyjafirði síðara árið: kr.					
A Finnastaðaá 2,120					
- Skjóldalsá ... 3,860					
- Djúpadalsá... 3,510					
Ahöld og verkstjórn 510		10,000	104,000	59,000	
III. Þjóðvegir:	Kr.	Kr.			
1. Mosfellssveitarvegur með brú á Köldukvísl ...	6,000	»			
2. Brú á Haffjarðará ...	12,000	»			
3. brýr á Hverfisfljót og Brunná	»	12,000			
4. Til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu	2,500	2,500			
5. Til brúar á Hrútafjarðará	8,000	»			
6. Til brúar á Rangá í Tungu	»	6,000			
7. Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal	»	2,500			
8. Til þjóðvegarins milli Hjarðarholts og Ljárskóga...	»	3,000			
9. Til að setja upp dragferju á Þverá hjá Hemlu	1,600	»			
10. aðrar vegabætur og viðhald	12,000	12,000	42,100	38,000	
IV. Fjallvegir			5,000	5,000	
V. Til áhalda...			2,000	2,000	
		Flyt...	161,200	112,100	217,800

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	161,200	112,100	217,800
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum	300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti	300	300	
VIII. Til dragferjuhalds á Þverá	150	150	
IX. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum	2,300		
X. Styrkur til akvegarins í Eiðaþinghá gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
XI. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ... ... Fjárveitingin er bundin jafn-miklu tillagi annarstaðar frá.	7,500	7,500	
XII. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/8 af fé því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu	2,000		
	174,750	121,350	296,100
C.			
1. Gufuskipaferðir Thorefélags eftir samningi 7. ágúst 1909	60,000	60,000	
2. Gufubátaferðir og mótorbáta ... ... Þetta sundurliðast þannig hvort árið:	40,150	40,150	
1. Til Faxaflóabáts 12,000			
2. Til Breiðafjarðarbáts 7,000			
3. Til Ísafjarðarbáts 5,500			
4. Til Eyjafjarðarbáts 12,000			
5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði. 1,000			
6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands 1,200			
7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá 400			
8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð 400			
9. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti.. 250			
10. Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu 400			
	100,150	100,150	200,300
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafélagið mikla norræna umsamið árgjald (til 1925)	35,000	35,000	
II. Til nýrra landsímalagninga o. fl.			
	1912.	1913.	
	Kr.	Kr.	
1. talsími frá Borðeyri til Búðardals	13,000	»	
Gegn 4000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.			
Flyt...	13,000	»	35,000	35,000	714,200

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912 kr.	1913 kr.	Alls kr.
Flutt...	13,000	»	35,000	35,000	714,200
2. talsími frá Búðardal um Stykkishólm og að Hjarðarfelli	38,000	»			
			51,000		

gegn 8,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.

Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.

III. Til starfrækslu landsímanna m. m.	Kr.	Kr,			
1. laun forstjóra landsímanna	5,000	5,000			
2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna..	10,700	10,700			
3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímkerfinu	6,800	6,800			
4. ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímkerfinu	8,400	8,400			
Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.					
5. ritsímastöð á Ísafirði ásamt bæjarsímkerfinu	5,900	5,900			
6. símastöð á Borðeyri ...	2,600	2,600			
7. símastöð í Hafnarfirði..	1,000	1,000			
8. Starfræksla loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alt að	6,000	6,000			
9. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	2,000	2,000			
Þegar sú ábyrgð er liðin, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landsímastöðvar hefir gefið fyrir þátt-töku í reksturs-					
Flyt...	48,400	48,400	86,000	35,000	714,200

	1912 kr.	1913 kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt ..	48,400	48,400	86,000	35,000	714,200
kostnaðinum, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.					
10. Til rannsóknar símaleiða	2,000	2,000	50,400	50,400	
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m...			4,000	4,000	
V. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna..			2,000	2,000	
Stjórninni veitist heimild til að taka lán til að kaupa talsímakerfið í Reykjavík fyrir alt að 74,000 kr.					
VI. Viðhald landsímanna..			10,000	10,000	
VII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			152,950	101,950	254,900
E. Vitamál:					
I. Eftirlit með vitum:	Kr.	Kr.			
a. laun	700	700			
b. ferðakostnaður eftir reikningi alt að...	500	500	1,200	1,200	
II. Öndverðanesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		100			
2. reksturskostnaður		150	250	250	
III. Elliðaeyjarviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar		500			
2. reksturskostnaður		450	950	950	
IV. Arnarnesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		500			
2. reksturskostnaður og viðhaldskostnaður		500	1,000	1,000	
V. Kálfshamarsviti			... ...	6,500	
		Flyt...	3,400	9,900	969,100

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt ..	3,400	9,900	969,100
VI	Skagatáarviti..		... ...	14,000	
VII.	Síglunesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	1200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,800	1,800	
VIII.	Til að reisa vita á Bjargtöngum... ...		... ...	14,000	
IX.	Rifstangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	150			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	550	550	
X.	Langanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturskostnaður	200	400	400	
XI.	Dalatangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,200	1,200	
XII.	Vattarnesviti:	Kr.			
	1. til að reisa vitann ...	6500			
	2. laun vitavarðar	50—100			
	3. reksturskostnaður	200	6,550	300	
XIII.	Dyrhólaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	600	600	
IV.	Vestmanneyjaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	700			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	500	1,200	1,200	
XV.	Reykjanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	1500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	1600	3,100	3,100	
XVI.	Garðskagaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	750			
	3. til að leggja gangbrú út að vitanum f. á.	2500	3,850	1,350	
XVII.	Gróttuviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	450			
	3. til að breyta vitanum í blossa-vita f. á.	3500	4,450	950	
		Flyt...	27,100	49,350	969,100

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	27,100	49,350	969,100
XVIII. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir fiskiskip: Kr.			
1. á Skipaskaga alt að 75			
2. á Gerðatanga 100			
	175	175	
XIX. Viðhald eldri sjómerkja og uppsetning nýrra	200	2,000	
XX. Ýmislegur vitakostnaður	1,100	500	
	28,575	52,025	80,600
Samtals	... ..	... ...	1,049,700

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 555,220 kr.

	1912.	1913.	Alls
A.	kr.	kr.	kr.
Andlega stéttin: Kr.			
a. 1. laun biskups 5,000			
2. skrifstofukostnaður 1,000	6,000	6,000	
b. Önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	3,500	3,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum . ... Af uppbót þessari má verja 1000 krónum til húsaleigustyrks handa prestum, sem eiga heima í kauptúnum, 100—200 kr. handa hverjum, þó 200 kr. handa þeim einum, sem eru í lægsta launaflokki	4,500	4,000	
3. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	4,000	4,000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs ... ... Prestmatan frá Grund í Eyjafirði, 2 hundruð á landsvísu, er nú greiðist prestinum í Grundarþingum að $^2/_3$ og Akureyrarpresti að $^1/_3$, veitist til viðhalds Grundarkirkju, gegn endurgjaldi til hlutaðeigandi presta úr prestlaunasjóði.	40,000	40,000	
5. Til síra Jóhannesar Lynge til að byggja baðstofu á Kvennabrekku . ... Við ábúendaskifti sé skilað húsi, er sé 1200 kr. virði auk andvirðis hinnar gömlu baðstofu með álagi.	1,200		
	59,200	57,500	116,700
B. Kenslumál:			
I. Prestaskólinn:			
a. laun...	9,200	9,200	
Flyt...	9,200	9,200	116,700

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	9,200	9,200	116,700
b. annar kostnaður:	1912 1913			
	Kr. Kr.			
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum	960 960			
2. námsstyrkur	1000 1000			
3. til tímakenslu	100 100			
4. — bókakaupa	300 300			
5. — eldiviðar og ljósa..	150 150			
6. — umsjónar	100 100			
7. ýmisleg útgjöld... ...	250 250			
8. til útgáfu kenslubóka	500 500			
		3,360	3,360	
		12,560	12,560	25,120
II. Læknaskólinn:				
a. laun		3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	Kr.			
1. húsaleigustyrkur handa nemendum	1600			
2. námsstyrkur	2000			
3. eldiviður, ljós og ræsting ...	550			
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda	850			
5. ferðastyrkur handa læknaefnum	300			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði...	400			
7. þóknun til Þórðar geðveikislæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði	300			
8. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« alt að	200			
9. ýmisleg útgjöld...	320			
		6,520	6,520	
e. til þess að leigja hús handa læknaskólanum		1,000	1,000	
		10,720	10,720	21,440
III. Lagaskólinn:	1912 1913			
	Kr. Kr.			
a. laun	6,800 6,800			
b. aukakensla	1,600 1,600			
Flyt...	8,400 8,400	... ...	... ...	163,260

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Flutt...	8,400	8,400	... ...	... ...	163,260
c. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa nemendum ...	960	960			
2. námsstyrkur	1,200	1,200			
3. eldiviður, ljós og ræsting	250	250			
4. til bókakaupa ...	500	500			
5. húsaleiga	500	500			
6. önnur útgjöld ...	200	200			
7. til útgáfu kenslubóka	500	500	12,510	12,510	25,020
IV. Mentaskólinn almenni:					
a. laun...			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:		Kr.			
handa söngkennaranum... ...		600			
— fimleikakennaranum ...		700			
til dyravarðar		1,000			
fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans		200	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.			
1. til bókasafns skólans	400	400			
2. — eldiviðar, ljósa og vatns...	1,400	1,400			
3. — skólahússins utan og innan	1,400	1,400			
4. til fasts aukakennara	1,600	1,600			
5. — annarar tímakenslu og til prófdómenda ..	3,200	3,200			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720	720			
7. námsstyrkur... ...	2,000	2,000			
8. læknisþóknun	100	100			
9. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200			
10. til vísindalegra áhalda við kenslu	300	300			
11. til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000			
Flyt...	13,320	13,320	21,700	21,700	188,280

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	13,320	13,320	21,700	21,700	188,280
12. til áhalda við fimleikakenslu..	100	100			
13. til verðlaunabóka ...	300	300	13,720	13,720	
			35,420	35,420	70,840

Húsaleigustyrk og námsstyrk við prestaskóla, lagaskóla, læknaskóla og mentaskóla, má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk handa mentaskólanemendum, en hinum 250 kr. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.

	1912 Kr.	1913 Kr.			
V. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
a. laun			8,600	8,600	
b. önnur útgjöld:					
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna.	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa	800	800			
3. — tímakenslu og aukakenslu	3,200	3,200			
4. til styrkveitinga námspiltum ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	800	800			
5. ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,600	1,600	7,000	7,000	
			15,600	15,600	31,200

	1912 Kr.	1913 Kr.			
VI. Kennaraskólinn:					
a. laun..	6,600	6,600			
b. önnur útgjöld:					
1. tímakensla	1,200	1,200			
2. til aukakennara ...	1,000	1,000			
3. eldiviður og ljós ...	800	800			
4. bókakaup og áhöld..	300	300			
5. námsstyrkur ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	1,500	1,500			
6. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200	12,600	12,600	25,200
Flyt...			... ..	... ...	315,520

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	.....	.....	315,520
VII.	Stýrimannaskólinn:			
	a. laun	3,200	3,200	
	b. önnur útgjöld: 1912 Kr. 1913 Kr.			
	1. til tímakenslu 1,000 1,000			
	2. — áhaldakaupa o. fl. 400 400			
	3. — eldiviðar og ljósa 400 400			
	4. ýmisleg útgjöld ... 600 600	2,400	2,400	
		5,600	5,600	11,200
VIII.	Til annarar kenslu: 1912 Kr. 1913 Kr.			
	a. til kvennaskóla:			
	1. til kvennaskólans í Reykjavík... ... ... 7,000 7,000			
	2. námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... ... ... 600 600			
	3. til kvennaskólans á Blönduósi 5,500 5,500	13,100	13,100	
	b. 1. Til barnaskóla þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000...	24,000	24,000	
	Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarsstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
	2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers	18,000	18,000	
	Styrkur þessi veitist gegn því að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða			
	Flyt...	55,100	55,100	326,720

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	55,100	55,100	326,720
annarsstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ...	20,000	20,000	
4. tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	1,000	1,000	
5. Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1000 kr. til hvers, alt að	8,000	8,000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið hefir sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingaskóla $^{10}/_{9}$ 1910, og að þeir njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.			
6. Til unglingaskólahalds á Ísafirði alt að	1,500	1,500	
7. Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði alt að	1,200	1,200	
Styrkurinn til beggja þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða.			
8. Til lýðháskólans á Hvítárbakka i Borgarfirði	1,500	1,500	
9. Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að ...	600	600	
10. til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
11. a. laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. til eftirlitsferða eftir reikningi ...	600	600	
c. til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi	200	200	
Flyt...	95,200	95,200	326,720

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	95,200	95,200	326,720
d. til gagnfræða- og alþýðuskólans í í Flensborg	7,000	7,000	
e. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
f. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
g. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
h. til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7,000	7,000	
i. til kenslu blindra barna í Danmörku gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
	111,500	111,500	
			223,000
IX. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram, að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. til sundkenslu annarstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
c. Styrkur handa sveitastúlkum til að fá ókeypis tilsögn í leikfimi í Reykjavík, svo þær verði færar um að kenna hana aftur	450	450	
	1,750	1,750	3,500
X. Styrkur til Stefáns Eirikssonar til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Samtals...	.....	.....	555,220

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 151,240.

	1912 kr.	1913 kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
1. Landsbókasafnið;					
a. laun landsbókavarðar ..	3,000	3,000			
b. — 1. bókavarðar.. ...	1,500	1,500			
c. — 2. bókavarðar... ...	1,000	1,000			
d. til að kaupa bækur og handrit.	6,000	6,000			
e. til bókbands...	1,700	1,800			
f. til kostnaðar við spjaldskrár (eftir reikningi) ...	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið...	360	360			
k. ýmisleg útgjöld	250	250			
			16,310	16,410	
2. Landsskjalasafnið:	kr.	kr.			
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. til aðstoðarskjalavarðar	960	960			
c. til að binda inn, búa um skjöl o. fl.	900	900			
d. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600	600			
e. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.	250	250			
			4,510	4,510	
3. Þjóðmenjasafnið:	kr.	kr.			
a. laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að...	800	800			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,000	1,000			
d. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að	1,000	1,000			
			4,600	4,600	
Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. Júní til 15. September 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
		Flyt...	25,420	25,520	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	25,420	25,520	
4. Náttúrufræðisfélagið:	800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.			
5. Mentasafnið: kr. kr.			
a. til eldiviðar, ljósa o. fl. ... 3,200 3,200			
b. til dyravarðar. 1,400 1,400			
c. til viðhalds og áhalda ... 2,000 1,000			
	6,600	5,600	
6. Til kaupstaðarbókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði..	2,000	2,000	
7. Til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur...	500		
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði, ...	1,500	1,500	
9. Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
10. Til Þjóðvinafélagsins	750	750	
11. Til Fornleifafélagsins	400	400	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið			
12. Til sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...	750	750	
13. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbréfasafni	800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.			
14. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra...	1,000	1,000	
15. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi	2,000	2,000	
16. Til bindindissameiningar Norðurlands ...	300	300	
Þessi 2 síðastnefndu félög geti stjórnarráðinu reikning fyrir, hvernig fénu er varið.			
17. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
Flyt...	45,220	43,820	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	45,220	43,820	
18. Heiðursþóknun til Jóns sagnaskálds Stefánssonar	1,200		
19. Til Jóns Ófeigssonar til að fullsemja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók, er sé eigi minni en 45 arkir prentaðar	1,500	1,500	
20. Til Einars skálds Hjörleifssonar	1,200	1,200	
21. Til Þorsteins Erlingssonar skálds..	1,200	1,200	
22. Til síra Valdimars Briem's.	800	800	
23. Til Guðm. skálds Magnússonar	1,000	1,000	
24. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ...	400	400	
25. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds... ...	400	400	
26. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
27. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
28. Til Jónasar Jónssonar til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng (Hymnologi) frá 1550 til 1900	600	600	
29. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins... ...	500	500	
30. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
31. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn minst helmings-framlags úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að .	1,000	1,000	
32. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands.. ...	1,000	1,000	
33. Til landmælinga á Íslandi...	5,000	5,000	
34. Til dr. Helga Péturss til jarðfræðisrannsókna...	2,000	2,000	
35. Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,500	1,500	
36. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að... ...	1,500	1,500	
37. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar...	600	600	
38. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina alt að	600	600	
39. Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings til þess			
Flyt...	68,870	66,270	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	68,870	66,270	
að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík	200		
40. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóli ...	400	400	
41. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur	400	400	
42. Til jarðskjálftarannsókna	550	550	
43. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
44. Til Einars Jónssonar myndasmiðs... ...	1,200	1,200	
45. Til Guðmundar heimspekings Finnbogasonar, til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
	77,020	74,220	
Samtals...	.....	.....	151,240

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 427,120.

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
1.	Til bændaskólans á Hólum:				
	a. laun		2,700	2,700	
	b. til aðstoðarkennara..		1,000	1,000	
	c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.		
	1. til verklegrar kenslu...	700	700		
	2. til kensluáhalda ...	500	500		
	3. til eldiviðar og ljósa...	800	800		
	4. til styrkveitinga nemendum...	400	400		
	5. ýmisleg útgjöld. ...	1,000	1,000		
			3,400	3,400	
2.	Til bændaskólans á Hvanneyri:				
	a. laun		2,700	2,700	
	b. til aðstoðarkennara.		1,000	1,000	
	c. önnur útgjöld:	Kr.	Kr.		
	1. til verklegrar kenslu. ...	700	700		
	2. til kensluáhalda	500	500		
	3. til eldiviðar og ljósa. ...	700	700		
	4. til styrkveitinga nemendum	400	400		
	Flyt...	2,300	2,300	10,800	10,800	

	1912 Kr.	1913 Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
Flutt ..	2,300	2,300	10,800	10,800	
5. ýmisleg útgjöld	800	800	3,100	3,100	
3. Til Torfa Bjarnasonar			1,200	1,200	
4. Til bryggjugerðar í Vestmannaeyjum			5,000		
5. Til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslur...			3,000		
6. Til Eiðaskólans til verklegrar búnaðarkenslu...			1,500	1,500	
7. Til »Sambands íslenzkra samvinnufélaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfélagsskap og öðrum samvinnufélagsskap ... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarsstaðar að.			500	500	
8. Til búnaðarfélaga...			22,000	22,000	
9. Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið ...			54,000	54,000	
10. Laun skógræktarstjóra..			3,000	3,000	
11. Til skóggræðslu.. ... ... Skógræktarstjóri hagi ferðum sínum um landið eftir samráði við landsstjórnina, og varist óþarfa kostnað.			8,000	8,000	
12. Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ...			1,000	1,000	
13. Til sandgræðslu			4,000	4,000	
14. Styrkur til samvinnu-smjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49. 10. nóv. 1905, að undanskildum þeim smjörbúum, er notið hafa styrks úr landssjóði 10 ár eða lengur ...			12,000	10,000	
15. Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500	3,500	3,500	
16. a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
c. Styrkur til að semja dýralækningabók alt að			400		
17. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna			300	300	
18. Til manns til að læra dýralækningar erlendis			600	600	
19. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri			1,000	1,000	
Flyt...			137,700	127,300	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	137,700	127,300	
20. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík	5,000	5,000	
21. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar... ...	1,000	1,000	
22. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds..	800	800	
23. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds..	400	400	
Styrkurinn til þessara 4 iðnskóla má þó ekki fara yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar.			
24. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,500	2,500	
25. Handa hæfum manni fyrst til utanfarar um nokkra mánuði til að kynna sér verkun og flokkun á ísl. ull undir markaðinn og því næst til að ferðast um landið og kynna bændum meðferð á ull til útflutnings á markaðinn	1,200	1,200	
26. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir $^2/_3$ reksturskostnaðar	5,000	5,000	
27. Til viðskiftaráðunauta, alt að	12,000	12,000	
Þar af laun til Bjarna Jónssonar frá Vogi 6000 kr. hvort árið og til sama alt að 4000 kr. hvort árið til ferðakostnaðar eftir reikningi.			
Erindisbréf hans 30. júlí 1909 haldist óbreytt.			
28. Til byggingafróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar..	1,600	1,600	
29. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að	400	400	
30. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum ... . (1912 Kr. 7,800, 1913 Kr. 7,800)			
b. Til ferðakostnaðar. ... (1912 400, 1913 400)	8,200	8,200	
31. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði ...	1,200	1,200	
32. Til Fiskifélagsins	2,500	2,500	
33. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
Flyt...	179,860	169,460	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	179,860	169,460	
34. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
a. laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. til húsaleigu	700	700	
c. til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500	
35. Til fiskiveiðasjóðs Íslands...	6,000	6,000	
36. Leiga eftir Gullfoss...	300	300	
37. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	300	300	
38. Styrkur til Samábyrgðarinnar	5,000	5,000	
39. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...	600	600	
40. Til bryggjugerðar á Húsavík, þó eigi yfir 1/8 kostnaðar, alt að ... ... Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almennings nota.	... ...	3,000	
41. Til lendingarsjóðs Bolvíkinga ... ... Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur sjóðsins.	1.000	... ...	
42. Styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði, alt að ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að annars staðar frá komi að minsta kosti 3/4 hlutar kostnaðarins, og að bryggjan verði bygð undir umsjón verkfræðings landsins.	25,000	... ...	
43. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.	3,000	... ...	
44. Til Landsbankans, eftirgjöf á leigum af láni til bankans, samkv. 4. gr.	7,500	7,500	
	231,760	195,360	
Samtals...	... ...	... ..	427,120

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 158,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 600 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 100 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eirikssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði kr. 281,123.34, greiðist af viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1911 og hafi í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum eftir tillögum landbúnaðarfélagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, séu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Abúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 4% endurgreiðsla á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum.

5. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúnm. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfélags Íslands og gegn ábyrgð sveita eða sýslufélaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr. til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

7. Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

8. Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

9. Úr viðlagasjóði má lána Ásahrepp í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins alt að 30,000 kr. til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og lands þess er að henni liggur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

10. Ráðherra veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd alt að 60,000 kr. lán, er sýslufélag Vestmannaeyja hefir í hyggju að taka til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

Nd. **621. Atkvæðaskrá**

við 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frumvarp 504.

Breytingartillögur fjárlaganefndar (auðkendar með N): 509, 510, 511, 512, 513, 514, 515, 516, 517, 518, 519, 564, 566, 567, 568, 569, 590, 592.

Breytingartillögur annara: 497, 503, 522, 524, 525, 526, 527, 628, 529, 534, 535, 536, 537, 538, 539, 544, 545, 546, 548, 549, 552, 553, 554, 555, 556, 557, 558, 559, 560, 561, 562, 563, 565, 570, 571, 573, 574, 575, 576, 577, 578, 579, 580, 582, 583, 584, 586, 587, 588, 589, 591.

12. gr.

1. Br.till. 592,1 N.

Við 4. a.: Fyrir »1000—1000« komi: 1,500—1,500

2. Br.till. 592,2. N

Við 6. Fyrir: »þúsund króna styrkurinn hvort árið« komi: styrkurinn.

3. Br.till. 592,3 N.

Við 6. Eftir orðinu: »mönnum« komi: hinn fyrstnefndi einu sinni i viku, hinir tveir síðarnefndu

4. Br.till. 569 N.

Við 7. Fyrir: »28,490—27,990« komi: 28,690—28,190.

5. Br.till. 569. N.

Við 7, 13. Fyrir: »1000« komi: 1,200.

6. Br.till. 555.

Við 8. A. Fyrir: »2,400« komi: 3,000.

7. Br.till. 590 N.

Við 8. A. Fyrir: »2,400« komi: 2,700.

8. Br.till. 583.

Við Br.till. 518. Fyrir: »1,000« komi: 1,500.

9. Varabr.till. 583.

Við Br.till. 518. Fyrir: »1,000« komi: 1,200.

10. Br.till. 518. N.

Aftan við gr. bætist: Tillag til Önnu Magnúsdóttur (f. á.) ... ... 1,000.

13. gr.

11. Br.till. 544.

Við B. II. 1. Fyrir: »Borgarfjarðarbraut ... 20,000« komi: Borgarfjarðarbraut (f. á.) 10,000.

12. Br.till. 539.

Við B. II. 7. Aftan við liðinn bætist nýr töluliður:

Til brúa á flutningabrautinni frá Grund að Saurbæ í Eyjafirði síðara árið:

Á Finnastaðaá ... ... 2,120 kr.
- Skjóldalsá ... ... 3,860 —
- Djúpadalsá ... ... 3,510 —
Áhöld og verkstjórn 510 — 10,000.

13. Br.till. 544.

Við B. III. 1. Á eftir liðnum komi:
2. Brú á Haffjarðará, annað árið 12,000.

14. Br.till. 562.

Við B. III. 6. Á eftir liðnum komi nýr liður: Til þjóðvegarins milli Hjarðarholts og Ljárskóga 3000 kr. (s. á.).

15. Br.till. 503.

Við B. III. 6.: Á eftir liðnum komi nýr liður: Til að setja upp dragferju á Þverá hjá Hemlu (f. á.) 1,600.

16. Br.till. 503.

Við B. VII.: Á eftir liðnum komi nýr liður: Til dragferju á Þverá 150—150.

17. Br.till. 536.

Við B. VIII. Liðurinn falli burt.

18. Br.till. 536.

Við B. IX. Liðurinn falli burt.

19. Br.till. 536.

Við B. X. Liðurinn falli burt.

20. Br.till. 571.

Við C. 1. Orðin: »Thorefélags.....1909« falli burt.

21. Br.till. 517,1 N.

Við C. 2. Fyrir: »39,750—39,750« komi: 40,150—40,150.

22. Br.till. 517,2, N.

Við C. 2. 9. Aftan við bætist: Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu: 400—400.

23. Br.till. 582.

Við D. (fyrirsögnin): Fyrir: »Hraðskeyta« komi: Loftskeyta.

24. Br.till. 536.

Við D. II. 1.—2. Liðirnir falli burt.

25. Br.till. 516. N.

Við D. II. 1. Fyrir: »14,000« komi: 13,000.

26. Br.till. 582.

Við D. III. 8: Fyrir: »hraðskeytasambands« komi: loftskeytasambands.

27. Br.till. 567. N.

Aftan við D. V. bætist:

Stjórninni veitist heimild til að taka lán til að kaupa talsímakerfið í Reykjavík fyrir alt að... ... 74,000 kr.

28. Br.till. 536.

Við E. VIII. Liðurinn falli burt.

29. Br.till. 536.

Við XI. Á eftir þessum lið komi nýr liður:

Vattarnesviti

1. Til að reisa vitann 6500
2. Laun vitavarðar ... 50—100
3. Reksturskostnaður » 200=6550—300 kr.

14. gr.

30. Br.till. 568 N.

Við A. b. 2. Athugasemdin orðist svo:
Af uppbót þessari má verja 1,000 kr. til húsaleigustyrks handa prestum, sem heima eiga í kauptúnum, 100—200 kr. handa hverjum, þó 200 kr. handa þeim einum, sem eru í lægsta launaflokki.

31. Br.till. 591.

Við Br.till. 578. Í stað: »200 álnir« komi: 2 hundruð á landsvísu.

32. Br.till. 578.

Við A. b. 4. Aftan við liðinn bætist svolátandi athugasemd:
Prestsmatan frá Grund í Eyjafirði, 200 álnir, er nú greiðist prestinum í Grundarþingum að $^2/_3$ og Akureyrarpresti að $^1/_3$, veitist til viðhalds Grundarkirkju, gegn endurgjaldi til hlutaðeigandi presta úr prestlaunasjóði.

33. Br.till. 514, N.

Við A. b. 4. Aftan við bætist:
Til síra Jóhannesar Lynge til að byggja baðstofu á Kvennabrekku fyrra árið ... ... 1200 kr.
Við ábúendaskifti sé skilað húsi, er sé 1200 kr. virði auk andvirðis hinnar gömlu baðstofu með álagi.

34. Br.till. 573.

Við B. I. b. 2. Fyrir: »1000—1000« komi: 800—800.

35. Br.till. 573.

Við B. II. b. 2. Fyrir: »2000« komi: 1,800.

36. Br.till. 573.

Við B. III. c. 2. Fyrir: »1,200—1,200« komi: 1,000—1,000.

37. Br.till. 579.

Við B. I—III. Á eftir þessum liðum komi: Til launa handa háskólakennurum auk þess, sem veitt er í fjárlögunum til launa handa kennurum prestaskóla, læknaskóla og lagaskóla, 10,000—10,000.

38. Br.till. 573.

Við B. IV. c. 2. Fyrir: »2,000—2,000« komi: 1,800—1,800.

39. Br.till. 525.

Við B. IV. c. 13: Síðasta málsgreinin í athugasemdinni orðist svo:

1. Húsaleigustyrkur sé að eins veittur utanbæjarnemendum, nema innanbæjarnemendur hafi sjálfir fjölskyldu fram að færa,
2. og að námsstyrk gangi utanbæjarnemendur fyrir innanbæjarnemendum, hafi nemandinn eigi sjálfur fjölskyldu fram að færa.

40. Br.till. 529.

Við B. IV. 13:

Í athugasemdinni á eftir IV, 13. breytist: »sé að eins« í: sé venjulega að eins.

41. Br.till. 587.

Við Br.till. 506. Fyrir: »1., 2., 3., 4.« í fyrstu línu komi: 1. og 2.

42. Br.till. 506.

Við B. VIII. a.

Tölulíðirnir 1., 2., 3. og 4. falli burtu, og í þess stað komi:

1. Að því tilskyldu *að* kvennaskólinn í Reykjavík standi undir yfirumsjón og eftirliti landsstjórnarinnar, *að* farið sé eftir reglugerð, er ráðherra hefir staðfest, og *að* námsmeyjum sé gert að skyldu að greiða kenslugjald, er eigi sé minna en 15 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, og tilsvarandi fyrir skemri tíma, veitast til hans ... 8,000 — 8,000 — 16,000.
2. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla 600 — 600 — 1200.

43. Br.till. 573,

Við B. VIII. a. 2. Fyrir: »300—300« komi: 600—600.

44. Br.till. 546.

Við B. VIII. a.

Í stað 3. og 4. töluliðar verði einn liður svo hljóðandi:

3. til kvennaskólans á Blönduósi 5,500—5,500.

45. Br.till. 564, N.

Við B. VIII. b.

Fyrir liðina 1—2 komi:

1. Til barnaskóla 24,000—24,000, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000 kr.

   Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.
2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers 18,000—18,000.

Styrkur þessi veitist gegn því að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.

3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu 20,000—20,000.

46. Br.till. 564, N.

Við B. VIII. b.

Fyrir liðina 4.—5. komi:

Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1000 kr. til hvers, alt að 8,000—8,000.

Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið hefir sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingaskóla $^{10}/_{9}$ 1910, og að þeir njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.

Til unglingaskólahalds á Ísafirði alt að 1,500—1,500.

Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði alt að 1,200—1,200.

Styrkurinn til beggja þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða.

Til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarf. 1,500—1,500.

Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að 600—600.

47. Br.till. 584.

Við B. VIII. 7. b: Liðurinn falli burt.

48. Br.till. 537.

Við B. VIII. d. Liðurinn orðist svo:

Til Flensborgarskólans $^{3}/_{4}$ skólakostnaðar, þó ekki yfir 6000 — 6000 kr.

49. Br.till. 515, N.

Við B. IX. b. Aftan við bætist:

Styrkur handa sveitastúlkum til að fá ókeypis tilsögn í leikfimi í Reykjavík, svo þær verði færar um að kenna hana aftur ... ... 450—450

15. gr.

50. Br.till. 570,1.

Við 1. Fyrir: »Landsbókasafnið« komi: Þjóðbókasafnið.

51. Br.till. 570,1.

Varatillaga:

Eftir: »Landsbókasafnið« komi i svigum: (Þjóðbókasafnið).

52. Br.till. 570,2.

Við 1. a. Fyrir: »Landsbókavarðar« komi: Þjóðbókavarðar.

53. Br.till. 570,2.

Varatillaga:

Á eftir: »Landsbókavarðar« komi i svigum: (Þjóðbókavarðar).

54. Br.till. 570,3.

Við 2. Fyrir: »Landsskjalasafnið« komi: Þjóðskjalasafnið.

55. Br.till. 570,3.

Varatillaga:

Á eftir: »Landsskjalasafnið« komi i svigum: (Þjóðskjalasafnið).

56. Br.till. 570,4.

Við 2. b. Fyrir: »til aðstoðarskjalavarðar 800—800« komi: laun aðstoðarskjalavarðar 960—960.

57. Br.till. 570,5.

Við 2. c. Fyrir: »til að binda inn og búa um skjöl 800—800« komi: til að binda inn, búa um skjöl o. fl. 900—900.

58. Br.till. 570,6.

Við 3. Fyrir: »Fornmenjasafnið« komi: Þjóðmenjasafnið.

59. Br.till. 570,7.

Við 3. a. Fyrir: »Fornmenjavarðar« komi: Þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar).

60. Br.till. 570,8.

Við 5. Fyrir: »Bókhlaðan« komi: Mentasafnið.

61. Br.till. 577.

Við 8. Orðin »alt að« falli burt.

62. Br.till. 560.

Við 10. Liðurinn falli niður.

63. Br.till. 570,9—11.

Núverandi 17. liður komi næst á eftir núverandi 14. lið.

64. Br.till. 588.

Við 15. Liðurinn falli burt.

65. Br.till. 574.

20.—29., 33, 35.—38., 45. og 46. liðir falli burt, en í stað þeirra komi nýr liður aftast í greininni:

Til vísinda, bókmenta og lista alt að 17,000—17,000.

Af fjárhæð þessari veitist styrkur eftir tillögum 5 manna nefndar, er kosin sé hlutfallskosningu í sameinuðu þingi. Styrkur til að semja og búa undir prentun vísindarit má ekki fara fram úr 60 kr. fyrir það, sem svarar prentaðri örk.

66. Br.till. 566. N.

Við 20. Greinin orðist svo:
Til Jóns Ófeigssonar til að fullsemja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók er sé eigi minni en 45 arkir prentaðar.

67. Br.till. 554.

Liðirnir 21.—26. falli niður.

68. Br.till. 535.

A eftir 29. lið komi nýr liður:
Styrkur til Brynjólfs Sigfússonar, til að afla sér meiri þekkingar í söngfræði (hljómfræði), söngstjórn og orgelharmoníumspili kr. 1,200,00 (fyrra árið).

69. Br.till. 524.

Við 29. Aftan við bætist:
Til Reynis Gíslasonar til fullnaðarnáms í samhljómsfræði og hljóðfæraslætti 600—600.

70. Br.till. 527.

Við 37. Í stað: »ritstjóra« komi: rithöfundar.

71. Br.till. 589.

Við 39. Í stað: »600 kr.« (f. á.) komi: 600—600.

72. Br.till. 575.

Við 40. Fyrir: »200« (f. á.) komi: 200—200.

73. Br.till. 570,12.

Við 40. Fyrir: »200« komi: 300.

74. Br.till. 559.

Eftir tölul. 45 komi nýr liður: Til Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, til þess að fullkomna sig í málaralist, 600—600.

75. Br.till. 528.

Aftan við 46. lið bætist: 50 kr. fyrir örkina, alt að.

76. Br.till. 556.

Aftan við greinina komi nýr liður:
Til Einars Jónssonar, til þess að fullkomna sig í málaralist 400 kr. fyrra árið.

16. gr.

77. Br.till. 561.

Við 3. Fyrir: »1,200—1,200« komi: 1,500—1,500.

78. Br.till. 580.

Aftan við 3. lið komi nýr liður:
Heiðursgjöf til Dr. C. O. Jensen prófessors 2,000 kr. einu sinni.

79. Br.till. 538.

Við 8. fyrir: »26,000—26,000« komi: 22,000—22,000.

80. Br.till. 510, N.

Við 11. Fyrir: »6,000—6,000« komi: 8,000—8,000.

Skógræktarstjóri hagi ferðum sínum um landið eftir samráði við landsstjórnina, og varist óþarfa kostnað.

81. Br.till. 553.

Við 14. Fyrir: »styrkur til samvinnusmjörbúa . . . . . lögum nr. 49, 10. nóv. 1905, 12,000—10,000« komi: til nýstofnaðra samvinnusmjörbúa alt að 5,000—5,000.

Hverju búi má veita alt að 1,000 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll, með því skilyrði, að búið sé tekið til

starfa, og allur úthúnaður til vandaðrar smjörframleiðslu góður og nægur eftir þörfum.

82. Br.till. 576.

Við 14.
A eftir »1905« bætist inn: að undanskildum þeim smjörbúum, er notið hafa styrks úr landssjóði 10 ár eða lengur.

83. Br.till. 512 N.

Við 23. Fyrir: »300—300« komi: 400—400.

84. Br.till. 549.

Við 23. Orðin: »Styrkurinn til . . . . . $^2/_3$ reksturskostnaði« falli burt.

85. Br.till. 497.

Við 24. komi nýr liður svo hljóðandi:
Handa hæfum manni fyrst til utanfarar um nokkra mánuði til að kynna sèr verkun og flokkun á ísl. ull undir markaðinn, og því næst til að ferðast um landið og kynna bændum meðferð á ull til útflutnings á markaðinn kr. 1,200—1,200.

86. Br.till. 586.

Við 26. a. Fyrir: »viðskiftaráðunauta« komi: verzlunarráðanauts.
b. Fyrir: »12,000—12,000« komi: 6,000—6,000.
c. Aftan við bætist: Ferðakostnaður til sama alt að 1,500—1,500.

87. Br.till. 565.

Við 26. Aftan við liðinn bætist svolátandi athugasemd:
Þar af laun til Bjarna Jónssonar frá Vogi 6,000 kr. hvort árið og til sama alt að 4,000 kr. hvort árið til ferðakostnaðar eftir reikningi.
Erindisbréf hans 30. júlí 1909 haldist óbreytt.

88. Br.till. 557.

Við br.till. 511. Fyrir: »2,500—2,500« komi: 4,500—4,500.

89. Br.till. 558.

Við br.till. 511. Fyrir »2,500—2,500« komi: 3,500—3,500.

90. Br.till. 511, N.

Við 30. Aftan við bætist:
Til Fiskiveiðafélagsins 2,500 2,500.

91. Br.till. 538.

Við 40. Liðurinn falli burt.

92. Br.till. 552.

Aftan við greinina bætist:

Styrkur til sláturhúss á Austurlandi (Reyðarfirði) 3,000 kr. fyrra árið, þó ekki yfir 1/4 byggingarkostnaðar.

93. Br.till. 522.

Aftan við síðasta lið komi nýr liður svo hljóðandi:

Til Landsbankans 7,500 — 7,500 sem er eftirgjöf á leigum af láni til bankans, samkv. 4. gr.

22. gr.

94. Br.till. 526.

Við 1. lið. Í stað: »og gegn — og kirkjujarða« er falli burt, komi: Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, séu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár.

95. Br.till. 563.

Viðaukatill. við br.till. 526.

Abúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

96. Br.till. 545.

Við 3. Í stað orðanna: »Til lána þessara . . . . . 10,000 kr.« komi: Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

97. Br.till. 526.

Á eftir 4 lið bætist nýr liður:

Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðarbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfélags Íslands og gegn ábyrgð sveita- eða sýslufélaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

98. Br.till. 548.

Við 7. lið. Síðari málsgreinin: »Lánið — ársvöxtum 4%« orðist þannig: Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

99. Br.till. 534.

Á eftir 8. lið komi nýr liður, þannig:

Ráðherra veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd alt að 60,000 kr. lán, er sýslufélag Vestmannaeyja hefir í hyggju að taka til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

Sþ. **622. Skýrsla**

frá verðlaunanefnd »Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar«.

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á alþingi 1909, samkvæmt 3. grein í reglunum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« 24. ág. 1881, gaf samkvæmt erindisbréfi sínu út auglýsing, sem birt var í Lögbirtingablaðinu, þar sem þeim, sem óskuðu eftir að vinna til verðlauna af téðum sjóði, var boðið að senda til vor fyrir 1. okt. 1910 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir.

En oss hafa engin slík rit borist, og ekki hefir nefndin heldur orðið sammála um að nota heimild þá, sem henni er gefin í erindisbréfinu, að veita, þegar svo stendur á, nokkuð af verðlaunafénu sem verðlaun fyrir ritgerð, er komið hefir á prent, síðan alþingi síðast var haldið, þótt höfundurinn hafi eigi ætlast til verðlauna.

Verðlaunaféð geymist því alt til næsta tímabils.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vér hér með þess heiðurs að leggja fyrir hið heiðraða alþingi.

Jafnframt leyfum vér oss að skjóta því til alþingis, hvort eigi þyki ástæða til að rýmka nokkuð um veitingarskilyrðin í 2. grein Reglnanna um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« 24. ág. 1881, svo sem t. d. að það væri heimilt, þegar engin ritgjörð bærist, sem þætti verðlaunaverð, að veita nokkuð til útgáfu vel saminna rita eða merkilegra heimildarrita viðvíkjandi sögu Íslands og bókmentum, lögum þess stjórn og framförum.

Reykjavík, 8. apríl 1911.

Björn M. Ólsen. Hannes Þorsteinsson.

Jón Þorkelsson.

Til alþingis 1911.

Sþ. **623. Skýrsla**

um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« frá 1. jan. 1909 til 31. desbr. 1910.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins eftir skýrslu, dags. 3. maí 1909.			
	a. Bankavaxtabréf	kr.	10300,00	
	b. Veðskuldabréf...	—	6100,00	
	c. Í Landsbankanum	—	95,76	
	d. Í sjóði	—	0,84	kr. 16496,60
2.	Tekjur á ofannefndu tímabili:			
	a. Vextir af bankavaxtabréfum $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{7}$ 1909 $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{4}$ 1910	kr.	927,00	
	b. Vextir af veðskuldabréfum $^{11}/_{6}$ '09 og $^{11}/_{6}$ '10	—	485,18	
	c. Af fé í Landsbankanum $^{31}/_{12}$ '09 og '10 ...	—	62,78	— 1474,96
3.	Ávinningur á keyptu bankavaxtabréfi			— 20,00
				Kr. 17991,56

Gjöld:

1.	Auglýsingar	kr.	11,70
2.	Vextir af keyptum veðdeildarbréfum	—	8,56
3.	Vextir af keyptum veðskuldabréfum	—	13,80
4.	Sjóður í árslok 1910:		
	a. Bankavaxtabréf	kr. 10800,00	
	b. Veðskuldabréf	— 6700,00	
	c. Í Landsbankanum	— 457,50	— 17957,50
			Kr. 17991,56

Í stjórnarráði Íslands 13. janúar 1911.

F. h. r.
Kl. Jónsson.

Eggert Briem.

Ed. **624. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um dánarskýrslur.

Háttvirt neðri deild hefir gert nokkrar breytingar á frumvarpi þessu, er miða til þess, að spara útgjöld fyrir landssjóð og létta ómökum af alþýðu manna.

Nefndin aðhyllist frumvarpið eins og það nú liggur fyrir, þótt nokkrir gallar séu samfara kostunum við þessar breytingar, og ræður háttvirtri deild til

þess að samþykkja frumvarpið óbreytt. Gerir að öðru leyti nánari grein fyrir málinu við framsöguna í deildinni.

Efri deild alþingis 10. apríl 1911.

Steingrímur Jónsson, formaður. Sigurður Hjörleifsson, skrifari og framsögumaður.

Jósef Björnsson.

Nd. **625. Frumvarp**

til laga um erfðafjárskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans og sé búið tekið til skifta hér á landi, skal gjalda skatt í landssjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, eða niðja hins látna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... $1^1/_{10}$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... $1^2/_{10}$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_{10}$ af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 5 af hundraði.

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... $5^1/_2$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... 6 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_2$ af hundraði á hverju þúsundi, alt að 25 af hundraði.

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er heyra eigi undir stafliðina A. og B. eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig.

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... 11 af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... 12 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skiln-

ingi, og ennfremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 10. gr.

Ennfremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða réttindum, er við andlát manns hverfa til erfingja eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfé og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Af fasteignum hér á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til landssjóðs. Skip, sem skrásett eru hér á landi, skal fara með sem fasteign.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefir áskilið sér tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni, að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal eigi greiða erfðafjárskatt af fé því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta, og greiðist skatturinn af erfðafé þeirra erfingja, er þá taka arf, í réttu hlutfalli, eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meira en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi 200 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafé, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

7. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleik þess við hið látna.

Af erfðafé, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðaféð rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni fimmfaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en sé endurgreiðslan miðuð við ákveðna áratölu, skal fjárhæðina margfalda með áratölunni, þó aldrei meira en tuttugu árum.

8. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sérstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er út runninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafarfi o. s. frv., talið í einu lagi.

Nú hefir arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber úr búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr.

9. gr.

Nú deyr maður, er arf hefir hlotið, áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara, og skal þá að eins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleik erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

10. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þegar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

Erfðafjárskýrslu skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eigum búsins og skuldum þess, og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig féð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gjört, og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

11. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur séu rétt samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sé erfðafjárskýrsla eigi send í réttan tíma, skal skiftaráðandi setja bréflega hlutaðeigendum frest til að gjöra skýrsluna og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sé rétt og send á réttum tíma.

12. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefir leynt verið vísvitandi, eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn lögreglumál, nema mál sé svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

13. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1912, og falla frá sama tíma úr gildi ákvæðin um erfðafjárskatt í tilsk. 12. sept. 1792 og 8. febr. 1810.

Ed.

626. Frumvarp.

til laga um löggilding verzlunarstaða.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Eftirfylgjandi staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

Hvalneskrókur í Austur-Skaftafellssýslu,
Herdísarvík í Árnessýslu,
Kvíabryggja undir Stöð á Snæfellsnesi,
Gunnarsstaðaey í Hvammsfirði í Dalasýslu,
Hjálmarsvík í Þistilfirði í Norður-Þingeyjarsýslu og
Hámundarstaðir við Nýpsfjörð í Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar á hverjum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905 og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

627. Frumvarp

til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón bæjarverkfræðingsins, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Má í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsið. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum.

Lóðareigendur skulu greiða:

A. $2^1/_2{}^0/_{00}$ af fyrstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra.

$2^0/_{00}$ af næstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverðinu.

$1^0/_{00}$ af þeirri upphæð er brunabótavirðingarverðið fer yfir 20,000 krónur.

Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sé eldra hús rifið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.

B. 45 aura fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu, þó því að eins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist, þegar búið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsi hafa verið lögð í áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni.

3. gr.

Steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir skulu kostaðar að $^3/_8$ úr bæjarsjóði en að $^1/_8$ af þeim, sem lóðir eiga, er teljast til götunnar þeim megin, sem gangstéttin er.

Kostnaði þeim, sem lóðareigendum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstétt hefir verið lögð í, eftir lengd lóðanna með fram götunni.

4. gr.

Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðaeigendum og húseigendum samkvæmt 1., 2. og 3. gr., eru trygðar með veðrétti í húseignunum og hefir sá veðréttur forgangsrétt fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt alt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá alt að $5^0/_0$ ársvexti.

5. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir látið gera steinlímda, hellulagða eða aðra jafnvandaða gangstétt, skal sérhverjum lóðareiganda skylt að láta daglega hreinsa af stéttinni fyrir lóð sinni út á götuna, samkvæmt reglum, er gefnar verða í lögreglusamþykt bæjarins. Sé þetta vanrækt, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað lóðareiganda og sæti hann að auki í almennu lögreglumáli 5—10 kr. sekt fyrir vanræksluna, er renni í bæjarsjóð, enda hafi hann áður tvívegis sætt aðvörun fyrir vanrækslu á því almanaksári.

6. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sér sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans og má fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma það.

Til þess að standast straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, má leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sé hún miðuð við það, hve oft er hreinsað. Húseigandi greiðir gjaldið.

7. gr.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá staðfestingardegi.

Nd. **628. Frumvarp**

til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Eftir 2. umr. í Nd.

1. gr.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og gufuvélafræði og undirbýr lærisveina skólans undir íslenzk stýrimannspróf, hið meira og hið minna, og próf í gufuvélafræði.

Við skóla þennan skipar stjórnarráðið forstöðumann með 2000 kr. árslaunum og 2 aukakennara með 1200 króna árslaunum hvern og sé annar þeirra kennari í gufuvélafræði.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugerð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður við skólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til hins íslenzka minna stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar og útreikning réttþyrndra þríhyrninga eftir henni.
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklination og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar.
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefir borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu til og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrétta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðréttingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun við athugun sólar;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar;
14. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sérstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:

1. ítarlegri þekking á veldi og rót, á logaritmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, þekking á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjóúr og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð

sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóúrsins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlínum, bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
6. að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
7. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri réttritun;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku, að geta gert léttan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sé;
9. sama kunnátta í ensku sem í dönsku;
10. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

4. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita; eru í henni forstöðumaður skólans og tveir aðrir menn, er stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefni til munnlegs og skriflegs prófs; verkefnin til skriflega prófsins skulu þeir afhenda stjórnarráðinu á undan prófinu í innsigluðu umslagi.

5. gr.

Hver sá, sem staðist hefir hið meira stýrimannapróf, samkvæmt 3. gr. laga þessara, getur krafist þess, að hann sé reyndur í gufuvélafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

6. gr.

Til prófs þess, er getur um í 5. gr., útheimtist þekking á því, sem nú skal greina:

Undirstöðuatriðum aflfræðinnar og hitafræðinnar, sérstaklega um eðli vatnsgufunnar og hagnýting hennar til vinnu; gufuvélum þeim sem nú tíðkast mest ásamt kötlum og því, er þeim fylgir, hestafli gufuvéla, meðferð gufuvéla, framknýingu og kolaeyðslu, helztu hlutum skips og skiftingu þess í vatnsheld hólf, tæmingaráhöldum og slökkvitólum, ryði og vörnum gegn því, hjálparvélum á skipum og lagaákvæðum um gufuskip, er snerta tryggingu á lífi manna og góssi.

7. gr.

Prófið er að eins munnlegt og skal það haldið opinberlega af prófnefnd; fyrir því stendur sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita. Í prófnefndinni er forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

8. gr.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvíkjandi tilhögun á prófunum.

Þeim, sem próf hefir tekið, skal veitt skírteini um það, og skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð, og sem stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

9. gr.

Rétt til þess að ganga undir hin íslenzku stýrimannspróf eftir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar stýrimannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið sendir til stjórnarráðsins beiðni um að mega ganga undir próf, og skal fylgja henni vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kent honum siglingafræði. Enginn getur gengið undir prófin nema hann hafi verið háseti á þilskipi 12 mánuði að minsta kosti eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10. gr.

Hver sá, sem staðist hefir próf í gufuvélafræði, samkvæmt lögum þessum, á kost á, að fá viðaukaskírteini það, um þekkingu á gufuvélum, sem getið er um í 14. gr. laga 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar.

11. gr.

Lög nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, lög nr. 58, 10. nóvember 1905, um breytingu á 6. gr. í nefndum lögum, og lög nr. 4, 13. sept. 1901, um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík, eru úr gildi feld.

Nd. **629. Frumvarp**

til laga um viðauka við tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. febr. 1872, lög 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland og lög 31. júlí 1907 um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar útlend síldarveiðaskip eru á landhelgisvæðinu, þá er þeim skylt að hafa báta sína uppi á skipinu á venjulegum stað og nætur inni í skipinu, en þó ekki í bátunum.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 100—1000 krónum, og má leggja löghald á skip, afla og veiðarfæri og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði.

Nd. **630. Tillaga**

til þingsályktunar um breyting á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Alþingi ályktar að samþykkja eftirfarandi breytingar og viðauka við reglur þær um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«, sem settar voru á alþingi 24. ágúst 1881 og staðfestar af konungi 27. apríl 1882:

1. gr.

1. gr. orðist svo: Sjóðurinn skal vera í vörzlum Stjórnarráðs Íslands, sem annist um að hann ávaxtist.

2. gr.

2. gr. orðist svo: Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja
1, til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit,
2, til þess að styrkja útgáfur slíkra rita annars kostar, og
3, til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmentum þess, lögum, stjórn eða framförum.

Ástæður nokkurar.

Sjóður þessi er stofnaður með erfðaskrá Ingibjargar ekkjufrúar Einarsdóttur dagsettri 12. des. 1879 (Alþ.tíð. 1881, I, 407—408. — Fylgiskjal 1.), og var í henni svo ákveðið, að alþingi það, er næst komi þá saman, gerði nánari ákvæði um gjöf þessa. Setti því alþingi 1881 með þingsályktun 24. ágúst »Reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar«, er síðan voru staðfestar af konungi 27. apríl 1882 (Alþ.tíð. 1881, I, 555. — Stjórnartíðindi 1882, B, 88—89. — Fylgiskjal 2) og var sjóðurinn þá að upphæð 5,329 kr. 15 aurar. Í 2. gr. í reglum þessum er mælt svo fyrir, að verja skuli árlega vöxtunum af sjóðnum til þess að verðlauna »vel samin vísindaleg rit viðvíkjandi sögu landsins og bókmentum, lögum þess, stjórn og framförum«.

1885 voru í fyrsta sinn kosnir 3 menn í nefnd af sameinuðu þingi til þess að dæma um rit þau er bærust að og óskað væri fyrir verðlauna af sjóðnum, og þá gaf alþingi og út erindisbréf fyrir þessa nefndarmenn (Alþtíð. 1885, C, 251), og upp þaðan er að telja að sjóðurinn væri kominn á legg og til afnota.

Þó að hér á landi hafi lengi verið og sé enn tilfinnanlegur skortur á sjóðum, er hlynni að því, sem vísindi og lærdómur nefnist, virðist reynslan þó vera búin að sýna það,

að sjóðurinn nái ekki tilgangi sínum til hlítar með fyrirkomulagi því, sem á honum hefir verið til þessa. Það er eins og verðlauna fyrirkomulagið sé ekki heppilegt eitt út af fyrir sig, eftir því að dæma, hve dræmt hafa borist ritgerðir til nefndarmanna. Að eins tvisvar sinnum hefir það komið fyrir að nefndinni hafi borist ritgerðir, sem ekki hafa þótt verðlaunaverðar. Var það 1887, í fyrsta skiftið, sem leitað var verðlauna. Voru það tvær ritgerðir, önnur um Jón Íslending, en hin um Eggert Ólafsson (Alþtíð. 1887, C, 258). En í hitt skiftið, 1893, var það ritgerð, er nefndist »Manngjöld — hundrað« (Alþtíð. 1893, C, 420). Árið 1889 voru verðlaun af sjóðnum veitt í fyrsta sinni, en í alt hafa verðlaun verið veitt 5 sinnum, alls að upphæð 2,500 kr. Kemur það niður á 7 ritgerðum og 6 mönnum á þessa leið:

1889. Þorvaldur Thoroddsen: Þekking manna og hugmyndir um Ísland frá elztu tímum fram að siðabót, 400,00 (Alþtíð. 1889, C, 199).
1891. Hannes Þorsteinsson: Guðfræðingatal eða ritgerð um íslenzka stúdenta, er tekið hafa embættispróf í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla frá 1707. 450,00 (Alþtíð. 1891, C, 201).
1895. 1. Dr. Björn M. Olsen: Um Sturlungu. 500,00.
2. Sira Jón Jónsson í Stafafelli: Um íslenzk mannanöfn. 200,00 (Alþtíð. 1895, C, 202b).
1897. Dr. Finnur Jónsson: Íslenzk skáldamálfræði um 900 til 1300. 250,00 (Alþtíð. 1897, C, 306).
1901. 1. Sira Jón Jónsson í Stafafelli: Um leifar norrænna goðsagna og hetjusagna í íslenzkum fornaldarsögum, æfintýrum og alþýðusögum. 400,00.
2. Ólafur Davíðsson: Galdrar og galdramál á Íslandi. 300,00 (Alþtíð. 1901, C, 27).

Árið 1899 gaf sig enginn fram með ritgerð (Alþtíð. 1899, C, 325), og síðustu 10 árin síðan 1901 hefir stungið svo gjörsamlega í stúf, að nefndinni hefir ekki borist eitt einasta rit alt til þessa dags (Alþtíð. 1903, C, 270. — 1905, A, 418. — 1907, A, 284. — 1909, A, 722. — 1911, sjá þingskjal 622).

Nefnd sú, sem kosin var á Alþingi 1909, hefir því í skýrslu sinni til Alþingis 8. þ. m. leyft sér að vekja athygli á því, hvort ekki væri ástæða að rýmka nokkuð um ákvæði reglnanna um sjóðinn í þá átt, sem hér er farið fram á (þingskjal 622), til þess að sjóður þessi geti sem bezt komið að tilætluðum notum.

Sjóðurinn hefir eðlilega vaxið að sama skapi þessi ár, sem ekki hefir verið úr honum veitt. Af eftirfarandi yfirliti má sjá hvað honum hefir liðið á hverjum tveggja ára fresti.

1882, 27. apr. var hann (Stjórnartíð. 1882, B, 88—89)	5,329,15
1885, 3. júlí (Alþtíð. 1885, C, 53)	8,602.28
1887, 23. júlí (Alþtíð. 1887, C, 259).	9,427,71
1889, 27. júlí (Alþtíð. 1889, C, 292)	10,171,19
1891, 27. júlí (Alþtíð. 1891, C, 239).	10,486,06
1893, 27. júlí (Alþtíð. 1893, C, 419).	11,235,67
1895, 27. júlí (Alþtíð. 1895, C, 232).	12,067,24
1897, 27. júlí (Alþtíð. 1897, C, 307).	12,205,34
1899, 27. júlí (Alþtíð. 1899, C, 324).	12,820,04
1901, 27. júlí (Alþtíð. 1901, C, 406).	12,313,95
1903, 27. júlí (Alþtíð. 1903, C, 358).	13,393,22
1905, 10. ág. (Alþtíð. 1905, A, 427)	14,535,65
1907, 17. ág. (Alþtíð. 1907, A, 302)	15,818,83
1909, 3. maí (Alþtíð. 1909, A, 731).	16,557,60
1911, 13. jan. (Alþtíð. 1911, A, 623).	17,991,56

Fylgiskjöl.

I.

Erfðaskrá frú Ingibjargar Einarsdóttur.

[Alþingistíðindi 1881 I, 407—408].

Eg Ingibjörg Einarsdóttir veit að það var einlægur vilji míns elskaða eiginmanns, Jóns Sigurðssonar, að gefa Íslandi mestan hlut eigna sinna eftir okkur bæði látin, til framfara landinu, samkvæmt því, er hann alla ævi varði lífi sínu, en vegna veikinda hans drógst þetta og varð ekki framkvæmt verklega, svo mér sé kunnugt.

Vil eg því, til þess að þessu hans áformi verði framgengt, gefa eftir minn dag tvo þriðju parta af eigum mínum, þeim sem verða afgangs skuldum og útfararkostnaði. Skal sjóður þessi nefnast »Gjöf Jóns Sigurðssonar«; en Alþingi það, er kemur fyrst saman eftir dánardag minn, skal kveða á um það, hvaða fyrirtæki það er, sem landinu er mest til gagns, að fénu sé varið til; það skal og semja reglur fyrir sjóðinn, er upp frá því verður fylgt; þó skal það tekið fram, að einungis vöxtunum skal árlega útbýtt, en höfuðstóllinn látinn óskertur.

Þar sem eg býst við, að efni mín séu eigi mikil, en eg vil að gjöf sú, sem kend er við nafn míns hjartkæra eiginmanns, sé sem rausnarlegust og fósturjörðu okkar að sem beztum notum, þá eru það vinsamleg tilmæli mín, að erfingjar hans láti eftir af erfð sinni tiltölulegan part móti því, er eg hér með hefi ákveðið af minni eign, svo þeir þannig að sínu leyti framkvæmi vilja hans í lifanda lífi.

Ennfremur gef eg 200 kr. — tvö hundruð krónur -- Þóru Pálsdóttur, sem með mestu trú og dygð hefir stundað mig í veikindum mínum og minn elskaða eiginmann í banalegu hans.

Það er minn fastur ásetningur að fylgja líki míns elskaða eiginmanns heim til Íslands í vor, ef mér endist líf, en þóknist guði eigi að treina líf mitt svo lengi, þá er það hér með ósk mín, að lík mitt fái að hvílast við hlið hans í Reykjavíkur kirkjugarði.

Bréf þetta er skrifað af elsku til Íslands, sem mér ætíð hefir verið svo kært, og ást og virðingu til míns ógleymanlega eiginmanns, sem hefir verið mér alt, mitt líf og mitt yndi; *það er ihugað með fullu ráði og óskertum sönsum í votta viðurvist.*

Kaupmannahöfn 12. d. Desemberm. 1879.

Ingibjörg Einarsdóttir

(handsalað).

Við undirskrifaðir höfum samstundis heyrt ekkjufrú Ingibjörgu Einarsdóttur með fullu ráði kannast við, að framanskrifað bréf væri að öllu leyti skrifað samkvæmt ósk sinni og vilja, eftir að hún hafði heyrt það lesið, og séð hana handsala nafn sitt undir það. Það vottum við hér með.

Kaupmannahöfn 12. des. 1879.

Magnús Eiríksson, cand. theol.

Eiríkur Briem, prófastur í Húnavatnssýslu.

II.

Reglur um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« eins og þær voru samþyktar af Alþingi 24. Ágúst 1881 og staðfestar af konungi 27. Apríl 1882.

Þingsályktun.

Samkvæmt umboði því, sem Alþingi 1881 er gefið í erfðaskrá frúar Ingibjargar Einarsdóttur, dagsettri 12. Desbr. 1879, ályktar Alþingi, að um gjafasjóð þennan, sem stofnaður er með erfðaskrá þessari, og nefndur er »Gjöf Jóns Sigurðssonar«, séu settar reglur þær, er hér fara á eftir:

Reglur
um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

1. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum landshöfðingjans yfir Íslandi, sem annist um, að hann ávaxtist.

2. gr.

Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum skal varið til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit viðvíkjandi sögu landsins og bókmentum, lögum þess, stjórn og framförum.

3. gr.

Alþingi velur í hvert skifti, er það kemur saman, 3 menn, sem kveða á um, hver njóta skuli verðlaunanna.

4. gr.

Landshöfðingi semur skýrslu um ástand sjóðsins, og sendir hann forseta hins sameinaða Alþingis.

* * *

Þannig samþykt af báðum deildum Alþingis.

Efri deild Alþingis 24. Ágúst 1881.

Bergur Thorberg.

Magnús Stephensen.

Nd. **631. Tillaga**

til þingsályktunar um einkarétt landssjóðs á aðfluttum vörum.

Frá toll-laganefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. Að taka til ihugunar, hvort tiltækilegt sé að auka tekjur landssjóðs með einkarétti á aðfluttum vörum, svo sem kolum, steinolíu, tóbaki o. fl.
2. að hlutast til um, ef þörf krefur, að skipuð verði 3 manna nefnd milli þinga til að rannsaka og undirbúa málið.
3. að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.

Nd. **632. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911, veitast kr. 103,751,23 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—8. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin voru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við dómgæzluna o. fl., veitast kr. 4,925,00.

Við A. 3. Til að koma upp miðstöðvarhitun í hegningarhúsinu í Reykjavík ... ... kr. 4,800,00

Við A. 5. komi nýr liður h.

Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum ... ... kr. 125,00

Kr. 4,925,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast kr. 16,000,00.

		1910	1911
Við 7. lið.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins	kr. 8,000,00	kr. 8,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast kr. 58,979,98.

Við B. I. 3. Viðbót við skrifstofukostnað ... ... kr. 129,98

Við B. II. Til Reykjadalsbrautar ... ... — 5,000,00

Til Borgarfjarðarbrautar ... ... — 2,000,00

Til brautarlagningar meðfram Ingólfsfjalli — 7,000,00

Við B. XIII. Til brúargerðar á Hölkná í Þistilfirði ... . — 3,500,00

Til brúargerðar á Víðidalsá í Steingrímsfirði — 1,000,00

Fjárveitingin til beggja brúnna er bundin þeim skilyrðum, að héruðin greiði það sem á vantar byggingarkostnaðinn, og að séu járnbrýr.

Við D. II. Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Reykjavíkur og Borðeyrar (Sveinatungu — Borðeyrar) — 12,575,00

Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Akureyrar og Sauðárkróks (Valla — Sauðárkróks) — 17,225,00

Til að kaupa símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar ... ... — 7,600,00

Við E. V. Til að byggja hús handa vitaverði á Siglunesi ... ... kr. 2,500,00

Launaviðbót til vitavarðar ... ... kr. 150,00 — 2,650,00

Við E. VI. Stjórninni er heimilt að verja af spöruðu fé frá Rifstangavita til að kaupa nauðsynleg vitatæki alt að 4,000,00.

Við E. XII. Til að setja rautt horn í Garðskaga- og Reykjanesvita... ... ... kr. 300,00

Kr. 58,979,98

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast kr. 9,550,00.

Við A. Tveir nýir liðir bætast við:

1.	Til að greiða álag á Garpsdalskirkju	kr. 1,200,00
2.	— — — — - Rafnseyrarkirkju	kr. 250,00
		Kr. 1,450,00
Við B. I–III.	Háskóli Íslands skal settur 17. júní þ. á., en laun háskólakennaranna samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909, reiknist þó ekki fyr en frá 1. október þ. á.	kr. 3,450,00
Við B. V.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til að mála skólann, og til annara nauðsynlegra umbóta ... ... kr. 3,550	
Við B. VI.	Til aðgerðar á kennaraskólanum ... — 600	kr. 4,150,00
Við B. VII.	Til aðgerðar á loftum í kenslustofum stýrimannaskólans	— 500,00
		Kr. 9,550,00

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta veitast kr. 1,200,00.

Til umbóta á herbergi jarðskjálftamælisins ...	kr. 300,00
Ferðastyrkur handa fulltrúa Bókmentafélagsins til háskólans í Kristjaníu	— 400,00
Styrkur til Bókmentafélagsins til þess að gefa út bréf Jóns Sigurðssonar alt að...	— 500,00
	Kr. 1,200,00

7. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitast kr. 12,296,25.

	Til aðgerðar á gamla skólahúsinu á Hólum alt að	— 3,000,00
Við 2. lið.	Til að reisa leikfimishús á Hvanneyri	— 2,000,00
Við 27. lið.	Til ferðakostnaðar síldarmatsmanns til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum	— 396,25
Við 35. lið.	Til fyrirhleðslu við Markarfljót til varnar frekari skemdum	— 2,400,00
— — —	Til nánari rannsóknar á hafnarstæði í Vestmannaeyjum og undirbúnings undir hafnargerð þar alt að	— 4,000,00
	Til að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á fæðingarstað hans Rafnseyri í sambandi við hátíðahald þar í 100 ára minningu hans 17. júní næstk., gegn ekki minna framlagi frá héraðsbúum, alt að	— 500,00
		Kr. 12,296,25

8. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 18. gr. fjárlaganna fyrir 1910 og 1911, veitast kr. 800,00, þar af ekkjufrú Þóru Melsted eftirlaun 600 krónur og ekkjufrú Björgu Einarsdóttur 200 krónur fyrir síðara árið.

9. gr.

Eftirstöðvar af láni til Sogsbrúarinnar, tekið 25. apríl 1906, að upphæð nú kr. 4,333,33 og sem hvílir á Grímsneshreppi við sparisjóð Árnessýslu, taki viðlagasjóður að sér að greiða frá 25. apríl 1911.

Stjórninni veitist heimild að selja Miklaskála á Þingvöllum fyrir 3000 kr. og með þeim skilmálum, sem fram eru teknir í bréfi stjórnarráðsins til fjárlaganefndar 1. marz 1911.

Nd. **633. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Milli Seyðisfjarðarhéraðs og Reyðarfjarðarhéraðs skal stofna nýtt læknishérað, er nefnist Norðfjarðarhérað: Norðfjarðarhreppur og Mjóafjarðarhreppur. Læknissetur í Norðfirði.

Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyr en sérstakur læknir er skipaður í Norðfjarðarhéraði.

Nd. **634. Nefndarálit**

um frumv. til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, o. s. frv. (þingskjal 457).

Nefndin telur frumv. tímabært og gagnlegt, og mælir sem best með að það verði samþykt óbreytt.

Neðri deild alþingis, 11. apríl 1911.

Ólafur Briem, form. og framsögum. — Jón Jónsson S.-M, skrifari.

Magnús Blöndahl. — Jón Sigurðsson. — H. Hafstein.

Sigurður Gunnarsson. — Benedikt Sveinsson.

Nd. **635. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skoðun á síld (þskj. 289).

Mál þetta, sem vér höfum verið kosnir í nefnd til að athuga, er komið frá háttvirtri efri deild og virðist hafa sætt þar rækilegri meðferð. Finnum vér ekkert sérlega athugavert við það.

Þó viljum vér gera við það 3 litlar athugasemdir.

Aftan við seinni lið 1. greinar mundi hafa verið réttara að bæta: að dómi matsmanna.

Í síðari lið 7. greinar er orðið »vörumerki« haft, og á það orð ekki við þar. Þar ætti að eins að standa orðið: merki.

Í 8. greinar fyrsta lið er talað um: »2 krónur í fæðispeninga«, er það óskýrt að orði kveðið og hefði átt að bæta aftan við: á dag.

Þar sem nú þessir gallar þó eru lítilfjörlegir, og sýnast ekki geta valdið misskilningi, en frumvarpið hins vegar virðist muni geta stuðlað til þess að hærra verð fáist fyrir íslenzka síld á heimsmarkaðinum, þá viljum vér ráða háttvirtri neðri deild til að samþykkja frumvarpið eins og það er.

Neðri deild alþingis, 11/4 1911.

Björn Þorláksson, skrifari og framsögum. Stefán Stefánsson Eyf. Magnús Blöndahl.

H. Hafstein. Björn Kristjánsson, formaður.

Nd. **636. Frumvarp**

til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlar til að njóta kenslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum mentastofnunum landsins.

2. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlar til hlutdeildar í styrktarfé því, sem veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri mentastofnanir landsins.

3. gr.

Til allra embætta hafa konur sama rétt og karlar, enda hafa þær og í öllum greinum, er að embættisrekstri lúta, sömu skyldur og karlmenn.

4. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi tilskipun 4. desbr. 1886 um rétt kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík, prestaskólans og læknaskólans og til þess að njóta kenslu í þessum síðasttöldu skólum.

Nd. **637. Nefndarálit**

um frumv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

Í landsreikningnum 1909 er námsstyrkur við prestaskólann talinn 1200 kr., en þar af eru 600 kr. styrkur frá kommuniteti. Úr landssjóði hafa því á þessum lið að eins verið greiddar 600 kr. Útgjöldin í 14. gr. A., gjaldl. 6. A. í reikningslögunum, eru því oftalin og eiga að lækka um sömu upphæð.

Í óvissum útgjöldum 1909 eru fólgnar 5000 kr. til bankarannsóknarnefndar. Eins og tekið er fram í álitsskjali nefndarinnar um athugasemdir við landsreikningana, útgjaldabálkinn 1909 tölul. 64., leggur nefndin á móti því, að þessi kostnaður lendi á landssjóði, og ber því að draga upphæðina frá 19. gr. B. í landsreikningnum, gjaldlið 11 í reikningslögunum.

Aftur á móti vantar að tilfæra í sama gjaldlið óviss útgjöld 1908, önnur en sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi, kr. 7521,98. Umræddur gjaldliður á því að hækka um kr. 2521,98.

Af þessum breytingum leiðir, að tekjuafgangur fjárhagstímabilsins lækkar um kr. 1921,98, en peningaforði landssjóðs við árslok 1909 hækkar um kr. 5600,00.

Alþingi, 10. apríl 1911.

Hálfdán Guðjónsson, formaður.	Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Stefán Stefánsson Eyf.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

Við II. 6. A.	Fyrir: »45286.40«	komi: 44686.40.
— — 11.	Fyrir: »126674.19«	komi: 129196.17.
— — 14.	Fyrir: »305762.98«	komi: 303841.00.
Peningaforði.	Fyrir: »299729.76«	komi: 305329.76.

Nd. **638. Tillögur**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikningana fyrir árin 1908 og 1909.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að framfylgja stranglega fyrirmælum reglugerðar 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil o. fl.
2. Að ganga ríkt eftir, að umboðsmenn þjóðjarða innheimti jarðarafgjöld í tæka tíð, og gæti þess að lögtaksréttur gjaldanna glatist ekki.

3. Að gæta þess, að reikningshaldarar opinberra stofnana semji reikninga þeirra sem greinilegasta og samkvæmasta ákvæðum fjárlaganna.
4. Að taka upp í frumvarp til fjáraukalaga allar umframgreiðslur í landsreikningunum, er nokkru nema, hvort heldur um er að ræða fastákveðnar fjárveitingar eða áætlaðar upphæðir lögmæltra útgjalda.
5. Að láta þess getið í athugasemdum við landsreikninginn, ef tollur er endurgreiddur, hvort heldur af því, að hann er feldur niður eða innheimtur í öðru lögsagnarumdæmi.
6. Að láta hinni árlegu skrá yfir eftirlaun prestsekna, sem greidd eru úr landssjóði, fylgja fullnægjandi skýringar um viðauka og breytingar, er orðið hafa síðan næsta ár á undan.
7. Að taka til íhugunar, hvort ekki séu tök á því, að flýta fyrir framkvæmd gildandi laga um innlenda brunabótaábyrgð með breytingu á lögunum eða öðrum ráðstöfunum af hálfu löggjafarvaldsins.
8. Að taka til endurskoðunar fyrirkomulagið á reikningsskilum landssjóðs, og breyta því í þá átt, að landsreikningarnir hafi að geyma sem fylst og glöggast yfirlit yfir allan fjárhag landssjóðsins, ekki að eins um tekjur og útgjöld, heldur einnig um eignir og skuldir landsins.
9. Að sjá um, að landsreikningurinn verði eftirleiðis árlega afgreiddur til yfirskoðunarmanna í tæka tíð, svo að nægur tími vinnist til allrar yfirskoðunarinnar, áður en alþingi kemur saman.
10. Að annast um, að auk hinna sérstöku reikninga Byggingarsjóðsins, Fiskiveiðasjóðsins og Ræktunarsjóðsins, verði hinn árlegi reikningur Kirkjujarðasjóðsins ásamt fylgiskjölum afhentur yfirskoðunarmönnum til athugunar, eftir að hann hefir verið yfirfarinn af hinni umboðslegu endurskoðun.

Nd. **639. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Í frumvarpi þessu eru ýmsar tilvitnanir til fjárlaganna ekki alls kostar réttar, og upphæðum þeim, sem leitað er aukafjárveitingar fyrir, ber ekki alstaðar saman við landsreikningana. Þessar skekkjur hefir nefndin fundið sér skylt að leiðrétta með breytingartillögum.

Þá vantar algerlega að taka upp í frumvarpið nokkrar fjárhæðir, samtals kr. 6677,92, er greiddar hafa verið *utan fjárlaga* »eftir væntanlegum fjáraukalögum«, sjá nefndarálit um athugasemdir við landsreikningana, útgjaldabálkinn 1909 tölul. 65. Með því að umræddar fjárgreiðslur eru fólgnar í frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909, og ekki dugir að ganga fram hjá þeim, án þess að þær komi undir atkvæði þingsins, leyfir nefndin sér eftir ósk stjórnarráðsins í bréfi 6. þ. m. að koma fram með þar að lútandi viðaukatillögur við frumvarpið.

Enn fremur skal þess getið, að ekki hafa verið teknar upp í fjáraukalagafrumvarpið ýmsar umframgreiðslur, sem yfirskoðunarmenn halda fram að aukafjárveitingu þurfi fyrir:

1.	Kostnaður til milliþinganefnda 1908	kr.	15,473,75
2.	Endurgjald fyrir burðareyri o. fl. 1908 ...	—	2,523,65
3.	—— — —— o. fl. 1909 ...	—	5,725,92
4.	Kostnaður til póstflutninga 1908	—	11,676,95
5.	—— — —— 1909	—	5,968,19
6.	Ferðakostnaður landsverkfræðings 1908 ...	—	510,23
7.	—— —— 1909 ...	—	189,58
8.	—— aðstoðarverkfræðings 1909	—	128,47
9.	Kostnaður til ritsíma og talsíma 1908. ...	—	1,005,86
10.	—— — — — — 1909. ...	—	2,315,41
11.	Kostnaður til vita 1908	—	1,165,42
12.	—— — — 1909	—	2,688,20
13.	Utanfararstyrkur læknaefna 1908...	—	450,00
14.	—— —— 1909	—	750,00
15.	Tímakensla við mentaskólann o. fl. 1908 ...	—	164,50
16.	—— — —— o. fl. 1909 ...	—	639,75
17.	Ýmisleg útgjöld við stýrimannaskólann 1908	—	212,63
18.	— — — —— 1909	—	280,03
19.	Til eldiviðar og ljósa við Hólaskóla 1908...	—	567,09
20.	Greiðslur til landsbókasafnsins 1908	—	1,429,95
21.	—— — —— 1909	—	911,97
22.	Til uppbóta á brauðum 1908..	—	225,99
23.	Útsendingarkostnaður Stjórnartíðinda 1909..	—	390,18
24.	Til að skemta sjúklingum á Laugarnesspítala 1909..	—	123,94
25.	Til sundkenslu utan Reykjavíkur 1909. ...	—	361,87
26.	Til yfirfiskimatsmanns Þorsteins Guðmundssonar 1908	—	105,00
27.	Til skóggræðslu 1908..	—	900,00
		Samtals kr.	56,884,53

Um suma af framangreindum útgjaldaliðum má að vísu segja með rökum, að í fjárlögunum séu að eins áætlaðar upphæðir lögmæltra útgjalda, svo að aukafjárveiting sé ekki beint nauðsynleg. En um marga þeirra má einnig fullyrða, að upphæðir fjárlaganna séu fastákveðnar eða bundnar við tiltekið hámark, þannig að stjórninni sé ekki heimilt að útborga meira fé en veitt er, nema aukafjárveiting komi til. Í þetta sinn vill nefndin samt sem áður leggja það til, að við svo búið verði látið standa, en telur rétt, að eftirleiðis verði allar slíkar umframgreiðslur teknar upp í fjáraukalög, sbr. nefndarálit um athugsemdir við landsreikningana, útgjaldabálkinn 1908 tölul. 17.

Um einstakar upphæðir frumvarpsins þykir óþarft að fjölyrða, enda standa margar þeirra í sambandi við of lága eða ónákvæma áætlun í fjárlögunum. Þó getur nefndin ekki leitt hjá sér að benda sérstaklega á hinar stórkostlegu umframgreiðslur til geðveikishælisins á Kleppi, er á fjárhagstímabilinu nema samtals kr. 21,030,95, þar af til gasstöðvar kr. 6,621,55, til túngirðingar kr. 1,038,69 og til vatnsæðalagningar kr. 5,937,92. Jafnvel þó alt þetta séu þarflegar umbætur, þykir ísjárvert, að ráðist sé í jafnkostnaðarsamar framkvæmdir að fornspurðu fjárveitingarvaldinu. Og með þeim fyrirvara, að stjórn-

in eftirleiðis gjaldi varhuga við slíku, vill nefndin ekki leggja á móti því, að umræddar fjárveitingar verði samþyktar.

Alþingi, 10. apríl 1911.

Hálfdan Guðjónsson, form.
Ólafur Briem, skrifari og framsögumaður.

Stefán Stefánsson, Eyf.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

1. Við 3. gr. Fyrir: »B. 1. c. 4.« komi: B. 1. c.
2. — 5. — — »A. b. 2.« komi: A. 1. b. 2. á 2 stöðum.
3. — 5. — — »A. c.« komi: A. 1. c. á 2 stöðum.
4. — 5. — — »1030,00« komi: 1035,00.
5. — 5. — — »töluliðina D.« komi: töluliðinn D. II.
6. — 5. — — »4. a.« komi: 4. b.
7. — 5. — — »2,799,27« komi: 2,799,97.
8. — 5. — — »11676,79« komi: 11676,78.
9. — 6. — — »B. V. 3.« komi: B. V. b. 3.
10. — 6. — — »kr. 149,50« komi: til tímakenslu við gagnfræðaskólann á Akureyri 1908 og 1909 kr. 1118,50.
11. — 6. — — »B. V. 5.« komi: B. V. b. 5.
12. — 6. — — »kr. 2338,73« komi: ýmisleg útgjöld við sama skóla 1908 og 1909 kr. 526,73.
13. — 7. — Fyrsta málsgrein orðist þannig:
Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna, veitast:
14. Við 7. gr. Fyrir »1. c.« komi: 1. c. 2.
15. — 7. — — »kr. 381,65« komi: til kensluáhalda við bændaskólann á Hólum 1909 kr. 700,00.
16. — 7. — — »2. c.« komi: 2. c. 2.
17. — 7. — — »kr, 371,00« komi: til kensluáhalda við bændaskólann á Hvanneyri 1909 kr. 700,00.
18. Aftan við frumvarpið bætist ný grein svolátandi:

8. gr.

Sem viðbót við gjöld samkvæmt 21. gr. fjárlaganna veitast:

1.	Styrkur til frú Maríu Jónsson frá $^{1}/_{6}$—$^{31}/_{12}$ 1909	kr. 200,00
2.	Kostnaður við vatnsæðalagning að Kleppi	— 5937,92
3.	Til síldarmatsmanns Jóns Bergsveinssonar til að kynnast síldarverkun erlendis	— 540,00
		kr. 6677,92

Nd. **640. Nefndarálit**

um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1908 og 1909.

Reikningurinn 1908.

Tekjubálkurinn.

8. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs.

Reikningurinn ber það með sér, að við árslok 1908 eru eftirstöðvar af jarðaafgjöldum rúmar 11 þús. kr. Af þeirri upphæð hefir meiri hlutinn verið innheimtur á árinu 1909. En eigi að síður telur nefndin rétt, að brýnt sé fyrir umboðsmönnum að gæta þess, að lögtaksréttur jarðaafgjalda glatist ekki.

Af eftirstöðvum í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði hefir allmikill hluti verið greiddur með andvirði húsa í Ólafsvík, er landsstjórnin hefir keypt og lagt til jarðarinnar gegn hækkuðu eftirgjaldi. Nefndin hefir kynt sér málavöxtu, og finnur ekki ástæðu til eftir atvikum að hreyfa því máli frekar en orðið er.

9. Ræktunarsjóðurinn og sala þjóðjarða.

Yfirskoðunarmenn hafa vakið máls á því, að sala einstakra þjóðjarða geti gefið tilefni til ýmsra hugleiðinga, og lagt það til, að alþingi skipi nefnd til að íhuga þjóðjarðasölumálið. Þessari tillögu er fullnægt með því, að 5 manna nefnd, er neðri deild hefir kosið til að íhuga frumvarp til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða, hefir jafnframt tekið þjóðjarðasölumálið yfirleitt til rannsókna, og hefir minni hluti þeirrar nefndar látið prenta ásamt áliti sínu nákvæmar skrár yfir seldar þjóðjarðir samkvæmt lögum 20. okt. 1905 og seldar kirkjujarðir samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, þar sem tilgreindur er dýrleiki, kúgildatal og söluverð hverrar jarðar.

12. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn.

Jafnvel þó þörf væri á að tryggja framtíðarhag Fiskiveiðasjóðsins betur en gert er í reglugjörð hans frá 31. júlí 1906, einkum að því er snertir tryggingar fyrir lánum, afborgunarskilmála og vaxtakjör, finnur nefndin ekki að svo komnu ástæðu til að koma fram með beinar tillögur í þá átt.

Útgjaldabálkurinn.

17. Kostnaður við alþingi m. m.

Til tveggja milliþinganefnda, sambandsnefndar og skattanefndar, hafa gengið kr. 29,473, 75 og er það kr. 15,473,75 fram yfir áætlun fjárlaganna. Um þessa umframgreiðslu er ágreiningur að því leyti, að yfirskoðunarmenn halda því fram, að fyrir henni sé leitað aukafjárveitingar, en ráðherra telur þetta óþarft, að því er snertir skattanefndina, af því að hún sé sett með lögum, og eftir þeim eigi kostnaðurinn við hana að greiðast úr landssjóði, og sömuleiðis sé það ástæðulítið, að því er snertir sambandsnefndina, er skipuð sé með kon-

unglegri tilskipun. Nefndin leggur það til, að við svo búið megi standa í þetta sinn. En út af þessu skal þess getið, að oft getur verið álitamál um einstakar upphæðir í fjárlögunum, hvort þær beri fremur að skoða sem föstum takmörkum bundnar, þannig að ekki sé heimilt að útborga meira en þar er tiltekið, nema aukafjárveiting komi til, eða hinsvegar megi líta svo á, að um áætlaða upphæð lögmæltra útgjalda sé að ræða. Til þess að sneiða hjá ágreiningi, er af þessu getur sprottið, telur nefndin rétt, að tekin sé upp sú regla, að allar umframgreiðslur í landsreikningunum, sem nokkru nema, séu teknar upp í fjáraukalög. Og kæmi þá ekki sérstaklega til álita, hvort um takmarkaða eða áætlaða upphæð væri að ræða, nema svo bæri til, að aukafjárveitingu yrði synjað samþyktar.

22. Brunabótagjald fyrir opinberar byggingar.

Eins og kunnugt er hafa lög 22. nóv. 1907 um stofnun brunabótafélags enn eigi komist til framkvæmda sökum þess, að útlend vátryggingarfélög, sem leitað hefir verið til, hafa eigi fengist til að taka að sér endurtryggingu á húseignum samkvæmt 6. gr. laganna. Að vísu kveðst stjórnin hafa vakandi auga á þessu máli, en nefndin vill þó beina til hennar áskorun um að taka til íhugunar, hvort ekki sé unt að greiða fyrir því með breytingu á lögunum eða öðrum ráðstöfunum.

29. Kostnaður til vegabóta.

Af þjóðvegafé hefir verið greitt til gistihússhalds í Fornahvammi 300 kr. og til gistihúss í Varmavatnshólum 100 kr., án þess að í fjárlögum sé veitt fé beint í þessu skyni. Nefndin er yfirskoðunarmönnum samdóma um, að ekki megi veita slíka styrki án sérstaks samþykkis fjárveitingarvaldsins. En úr því þeir eru einu sinni komnir á, virðist nægja að þeirra sé í hvert skifti getið í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið.

30. Til ritsíma og talsíma.

Af kostnaði við talsímalagningu frá Breiðumýri til Húsavíkur kr. 19,559,92 átti sýslan samkvæmt ákvæði fjárlaganna að greiða $^1/_3$, kr. 6,519,97, en hefir greitt að eins 6,500 kr., enda er því haldið fram í svari ráðherra, að þegar sýslum er gert að greiða $^1/_3$ kostnaðar við símalínu, sé þeirra hluti ávalt reiknaður í heilum hundruðum. Með því að hér er um smámuni að ræða, virðist mega við svo búið standa.

34. Til læknaskólans.

Yfirskoðunarmenn leggja það til, að sett verði eftirleiðis í fjárlögin ákvæði um það, hversu háan styrk skuli veita hverju læknisefni til utanfarar að afloknu námi til að ganga á fæðingarstofnun og spítala í Kaupmannahöfn. En með því að það hefir verið föst venja að undanförnu, að binda styrkinn til hvers einstaks við 300 kr., og ekki þykir þörf á að breyta þeirri venju, finnur nefndin eigi ástæðu til að bera upp neina tillögu þar að lútandi.

51. Eftirlaun og styrktarfé.

Meðan sú skipun helzt, að prestsekkjur taka eftirlaun sín ýmist úr landssjóði eða frá prestaköllum þeim, er menn þeirra hafa síðast þjónað, get-

ur stundum verið örðugt að finna, hver eftirlaun prestsekkjur eiga að hafa úr landssjóði, og tafsamt að átta sig á breytingum þeim, er verða frá ári til árs, nema skýringar fylgi um það, hvernig á breytingunum stendur. Til að bæta úr þessu hafa yfirskoðunarmenn lagt það til, að eftirlaunaskránni fylgi athugagrein, er sýni viðauka og breytingar, er orðið hafa síðan næsta ár á undan, og er nefndin þeirri tillögu samþykk.

52. Óviss útgjöld.

Af fé því, sem ætlað er til óvissra útgjalda, hafa Sigurði Eggerz verið greiddar 50 kr. í ferðakostnað sem settum sýslumanni, og telja yfirskoðunarmenn rétt, að leitað sé aukafjárveitingar fyrir þeirri greiðslu sökum hinnar almennu þýðingar, er þetta hefir. Í svari ráðherra er aukafjárveiting talin óþörf, enda ekki tekin upp í frumvarp til fjáraukalaga. Nefndin er yfirskoðendum samdóma um þetta efni, en leggur til, að eftir atvikum verði látið við svo búið standa.

Reikningurinn 1909.

Tekjubálkurinn.

5.—11. Tolltekjur landssjóðs.

Fyrir eftirstöðvum af umræddum tekjum frá árinu 1909 hafa flestir sýslumenn gert full skil í marzmánuði 1910. Í Húnavatnssýslu hefir greiðslan þó dregist fram í júní eða júlí, og úr Strandasýslu eru nokkrar eftirstöðvar ógreiddar í febrúarlok 1911. Út af þessu hafa yfirskoðunarmenn lagt það til, að skorað sé á landsstjórnina að framfylgja stranglega reglugerð 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil, og er nefndin þeirri tillögu samþykk.

Sömuleiðis er nefndin samþykk þeirri tillögu yfirskoðunarmannanna, að þá er tolltekjur eru endurgreiddar, sé þess sérstaklega getið í athugasemdum við landsreikninginn.

Útgjaldabálkurinn.

24. Stjórnartíðindi m. m.

Með kostnaði við prentun landshagsskýrslna er talinn prentunarkostnaður á skýrslu bankarannsóknarnefndar. Þetta telja yfirskoðunarmenn ekki rétt, heldur hefði sá kostnaður átt að greiðast af landsbankanum. Jafnvel þó nefndin sé sömu skoðunar, vill hún samt, úr því sem komið er, ekki fara fram á, að ráðstöfun þessari sé raskað.

40. og 42. Lagaskólinn og gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að reikningsfærsla við skóla þessa sé ófullnægjandi, og krafist að úr því verði bætt eftirleiðis, svo að glöggt sjáist, hversu miklu fé er varið til hvers útgjaldaliðs. Stjórnin hefir viðurkent, »að reikningur lagaskólans nái ekki yfir öll útgjöldin, og sé að sumu

leyti ekki greinilegur«, og sömuleiðis »að reikningur gagnfræðaskólans sé ekki vel aðgengilegur«. Nefndin er því samþykk, að lagt sé fyrir reikningshaldara opinberra stofnana, að semja reikninga sína sem greinilegasta og samkvæmasta ákvæðum fjárlaganna.

57. Skóggræðsla og sandgræðsla.

Þá hafa yfirskoðunarmenn vakið máls á því, að ferðakostnaðarreikningar skógræktarstjóra og skógarvarða séu að sumu leyti athugaverðir, og lagt áherzlu á, að starfsmönnum hins opinbera sé ekki látið haldast uppi, að fá greiddan úr landssjóði annan kostnað en þann, sem landssjóði ber með réttu að greiða. Nefndin telur sjálfsagt, að stjórnin gæti í þessu efni hagsmuna landssjóðs, svo sem vera ber.

59. Til viðskiftaráðunauta.

Í fjáraukalögum fyrir árin 1908 og 1909 er veitt »til viðskiftaráðunauta erlendis« kr. 10,000.

Þar af er greitt á árinu 1909:

a.	Laun Bjarna Jónssonar frá Vogi í 5 mánuði	kr. 4,166,67
b.	Ferðakostnaður sama til Ítalíu	— 600,00
c.	Til umboðsmanns í Þýzkalandi til að útvega tilboð í gufuskipaferðir til Íslands, áður en samið væri við félögin, sem nú hafa þær	— 448,50
	Samtals	kr. 5,215,17

Í sambandi við þetta hafa yfirskoðunarmenn látið í ljós þá skoðun, að það hafi verið tilætlun fjárveitingarvaldsins, að viðskiftaráðunautarnir væru fleiri en einn. Í svari ráðherra er því haldið fram, að hin upphaflega tilætlun þingsins um tvo ráðunauta hafi breyzt við það, að fjárveitingin til þeirra hafi í fjárlögunum 1910 og 1911 í staðinn fyrir 20,000 kr., sem fyrst var stungið upp á, verið ákveðin 12,000 kr., og fjárhæðin því að eins orðið handa einum manni. Yfirskoðunarmenn hafa ekki getað fallist á röksemdir ráðherra fyrir greiðslu launanna til eins viðskiftaráðunauts, og skotið þessu til álita reikningslaganefndarinnar.

Um þetta atriði hafa nefndarmenn ekki orðið sammála. Meiri hlutinn (Hálfdan Guðjónsson og Ólafur Briem) lítur svo á, að 10,000 kr. fjárveiting til viðskiftaráðunauta í fjáraukalögum 1908 og 1909 hafi verið miðuð við það, að stjórninni væri heimilt að verja allri þessari upphæð til tveggja viðskiftaráðunauta síðari hluta ársins 1909, eða tiltölulegum hluta fjárveitingarinnar til eins viðskiftaráðunauts, ef að eins einn væri skipaður. Og með því að einungis tæpur helmingur þeirrar upphæðar, kr. 4,766,67, hefir, eins og áður er tekið fram, verið greiddur hinum eina skipaða viðskiftaráðunaut, getur meiri hlutinn ekki séð, að stjórnin hafi með þeirri ráðstöfun brotið gegn ákvæði fjáraukalaganna eða tilætlun fjárveitingarvaldsins. Aftur á móti telur meiri hlutinn hæpið, að borgun fyrir aðstoð við stjórnina í sérstöku máli, að upphæð kr. 448,50, sé réttilega heimfærð undir umrædda fjárveitingu. En þar sem á aðra hlið um tiltölulega litla fjárhæð er að ræða, og hinsvegar margnefnd fjárveiting er hvorki í fjárlögum né fjáraukalögum neinum skilyrðum eða takmörkum bundin, er tillaga meiri hlutans sú, að við svo búið megi standa.

Minni hluti nefndarinnar (Stefán Stefánsson, Eyf.) hefir aðra skoðun á þessu máli, og gerir grein fyrir henni í sérstöku ágreiningsáliti.

64. Óviss útgjöld.

Auk prentunarkostnaðar á skýrslu bankarannsóknarnefndar, er greiddur hefir verið úr landssjóði (sbr. 24. tölul. hér að framan), eru 5,000 kr. af öðrum kostnaði við rannsóknarnefndina taldar með óvissum útgjöldum landssjóðs, og er í svari ráðherra sú grein fyrir því gerð, að eftir samkomulagi við stjórn landsbankans beri landssjóður þennan kostnað þangað til búið er að fá álit alþingis, hvar hann skuli niður koma. Nefndin getur ekki séð gildar ástæður til þess, að umræddur kostnaður lendi á landssjóði, en verður að hallast að áliti yfirskoðunarmanna, að réttast sé, að hann sé greiddur af landsbankanum.

Með óvissum útgjöldum er ennfremur talinn kostnaður við heimflutning tveggja norskra sjómanna frá Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1907 að upphæð kr. 171,83, er þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefir ekki fengist greiddur annarstaðar frá. Eftir þeirri grein, sem gerð er fyrir þessu í svari ráðherra, getur nefndin fallist á, að landssjóður beri kostnað þennan endurgjaldslaust.

65. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum m. m.

Úr landssjóði hefir verið greitt »eftir væntanlegum fjáraukalögum«:

1. Styrkur til frú Maríu Jónsson ... ... kr. 200,00
2. Vatnsæðalagning að Kleppi ... ... — 5,937,92
3. Til síldarmatsmanns Jóns Bergsveinssonar ... ... — 540,00

Alt þetta eru nýir útgjaldaliðir, sem fjárveitingarvaldið hefir alls ekki gert ráð fyrir, og er nefndin yfirskoðunarmönnum samdóma um, að slíkar útborganir úr landssjóði, þar sem engin fjárveiting er fyrir, megi ekki eiga sér stað, nema svo sérstaklega standi á, að knýandi nauðsyn sé fyrir hendi.

Að öðru leyti skal þess getið, að fyrir engri af framannefndum upphæðum hefir verið leitað aukafjárveitingar. Nefndin hefir því skotið því til stjórnarinnar, að koma fram með þar að lútandi viðaukatillögur við frumvarp til fjáraukalaga 1908 og 1909.

67. Yfirlit yfir lán landssjóðs o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 14, 9. júlí 1909, hefir landssjóður í júlímánuði sama ár tekið lán til kaupa á bankavaxtabréfum landsbankans, að upphæð 1½ miljón króna. Lán þetta hefir eigi verið fært inn í landsreikninginn, sem þó hefði átt að vera að réttu lagi.

Í þessu sambandi vill nefndin vekja athygli á því, að landsreikningunum er eigi að öllu svo fyrir komið, sem ákjósanlegt væri til þess, að þeir gefi sem fullkomnast og greinilegast yfirlit yfir allan fjárhag landssjóðs, ekki að eins um hinar árlegu tekjur og útgjöld, heldur einnig um eignir og skuldir landsins, og væri þess vert, að landsstjórnin tæki þetta atriði til íhugunar.

Alþingi, 10. apríl 1911.

Hálfdan Guðjónsson,	Ólafur Briem,
formaður.	skrifari og framsögum.

Ágreiningsálit minni hlutans.

Um fjárveiting til viðskiftaráðunauta hefi eg ekki getað fallist á álit meðnefndarmanna minna. Það er fullljóst bæði af fjáraukalögunum 1908 til 1909, og sömul. af gildandi fjárlögum, að tilætlun þingsins var sú, að skipaðir væru tveir viðskiftaráðunautar, og til þeirra varið 10 þús. krón. samkvæmt fjáraukalögunum, og 12 þús. kr. hvort ár fjárhagstímabilsins, sem yfir stendur.

Nú hafa af upphæðinni í fjáraukalögunum verið veittar einum manni kr. 4,166,67 og auk þess 600 kr. ferðakostnaður til Ítalíu. Ennfremur hefir landsstjórnin á árinu 1909 veitt af áðurnefndri upphæð (10,000 kr.) kr. 448,50 umboðsmanni sínum í Hamborg, er hún hafði til þess að útvega tilboð í gufuskipaferðirnar.

Verð eg að líta svo á, sem þessi umboðsmaður stjórnarinnar, er að eins átti að útvega tilboð í þessar sérstöku ferðir, geti alls ekki skoðast sem viðskiftaráðunautur, samkvæmt skoðun alþingis á því starfi, og fjárveitingin þaraf leiðandi eigi ekki að standa á þessum útgjaldalið.

Þá vil eg einnig taka fram, að svo virðist sem fjárveitingin til ráðunautsins á yfirstandandi fjárhagstímabili sé í ósamræmi við fjárlögin, þar sem svo er fyrirmælt að 12,000 kr. hvort árið gangi til »ráðunauta« og þá að sjálfsögðu til tveggja eða fleiri, en nú hefir þessu verið hagað svo, að aðeins einn viðskiftaráðunautur hefir verið ráðinn og starfandi þetta fjárhagstímabil, en mestum hluta fjárveitingarinnar (eða 10,000 kr.) hvort árið verið varið handa þessum eina manni, auk ferðakostnaðar, sem mun vera á annað þús. kr.

Þessi tilhögun landsstjórnarinnar á meðferð fjárins verð eg að álíta að gangi á móti fyrirætlun alþingis og fyrirmælum fjárlaganna.

Í sambandi við það, sem hér er sagt um meðferð fjárins árið 1909, geymi eg mér rétt til að koma fram með breytingartillögu síðar.

Alþingi, 10. apríl 1911.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd. **641. Tillaga**

til þingsályktunar um útflutningsgjald.

Frá tollaganefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að endurskoða gildandi útflutningsgjaldslög fyrir næsta þing, og sérstaklega taka til athugunar þessi atriði:

1. greiðslu útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem fluttar eru úr veiðiskipum eða bátum í flutningaskip, sem liggur í landhelgi og ætlar að flytja þær til útlanda, svo og af afla, er veiðiskip flytur sjálft til útlanda, ef það kemur með hann í höfn hér á landi og er afgreitt þaðan.
2. hækkun útflutningsgjalds af hvalafurðum og gjaldálögu á útflutta lifur.

Ed. **642. Breytingartillögur**

við frumvarp til hafnarlaga fyrir Reykjavík.

Frá Sigurði Stefánssyni.

1. við 2. gr. Milli orðanna: »landssjóðs« og »alt að« komi: gegn veði með 1. veðrétti í höfninni ásamt öllum mannvirkjum, er henni fylgja.
2. — - — Fyrir: »hafnargerðar« komi: hafnargerðarinnar.

Nd. **643. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um toll af póstsendingum, sem koma til Íslands frá útlöndum.

Frá meiri hluta skattanefndar.

Frumvarp þetta stendur í svo nánu sambandi við frumvarp það til laga um farmgjald af aðfluttum vörum, sem nú liggur fyrir þinginu, að ef farmgjaldið verður lögleitt, er nauðsynlegt að samþykkja einnig samsvarandi toll af póstsendingum, til þess að varna því, að menn skjóti sér undan gjaldinu með því, að senda vörur með pósti.

Vér ráðum því háttv. deild til að samþykkja þetta frumvarp jafnframt farmgjaldsfrumvarpinu, þó með þessum breytingum, er grein verður gerð fyrir við framsögu málsins:

Við 1. gr. Orðin »í landssjóð« falli burt.
— 1. — Fyrir »5 pundum« komi: 2½ kg. (vg.).
— 1. — — »5 pund að 10 pundum« komi: 2½ kg. (vg.) að 5 kg. (vg.)
— 2. — — »böggulinn« komi: fylgibréfið.
— 2. — — »póstkröfusendingum« komi: póstböglum.

Alþingi 15. apríl 1911.

Ólafur Briem, form. og framsögum. Benedikt Sveinsson. Magnús Blöndahl. Sigurður Gunnarsson.

Nd. **644. Breytingartillaga**

við frv. til laga um erfðafjárskatt. (Þingskjal 625).

Frá nefndinni.

Við 6. grein.
Í stað »200 krónum« — í fyrstu línu — komi: 100 krónum.

Nd. **645. Tillaga**

til þingsályktunar um tolleftirlit.

Frá tolllaganefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að hafa eftirlit með því, að gildandi tolllögum sé framfylgt svo stranglega sem auðið er, og sérstaklega hlutast til um:

1. að brytum á skipum hér við land sé ekki látið haldast uppi að komast hjá tollgreiðslu undir því yfirskyni, að hinar tollskyldu vörur heyri undir skipsforða.
2. að ekki sleppi hjá tolli vörur, sem fluttar eru úr einu skipi í annað innan landhelgi, eða hafðar eru til neyzlu handa öðrum en skipverjum eða farþegum á því skipi, sem flytur hinar tollskyldu vörur.

Nd. **646. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingu á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

Frá tolllaganefndinni.

Við 1. gr. síðustu málsgrein:

1. Í stað orðanna: »enda sé skipsforðinn . . . . . tiðkast hefir« komi: Á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins kann að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sérstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Sé skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipum til neyzlu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra.
2. Aftan við greinina bætist:
   Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra 10 kr., er skipstjóri greiðir.

Nd. **647. Frumvarp**

til laga um ölgerð og ölverzlun.

Frá tolllaganefndinni.

1. gr.

Ölgerð til útsölu má enginn stunda hér á landi, nema fengið hafi einkaleyfi til ölgerðar. Landsstjórnin veitir leyfið um tiltekið árabil, og getur

það náð til þeirra öltegunda, er flytja má til landsins samkvæmt 1. gr. laga 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

2. gr.

Leyfið veitist bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, og skal hún hafa rétt til, með samþykki landsstjórnarinnar, að fá það í hendur innlendu hlutafélagi, er hafi ráð á nægu stofnfé og sérþekkingu, til þess að framkvæmd fyrirtækisins sé vel borgið. Bæjarstjórnin má ekki við afhending einkaleyfis áskilja sér endurgjald eða neins konar hagnað um fram það, sem leiðir af því, að fyrirtækið er stofnað og rekið á kaupstaðarlóðinni.

3. gr.

Leyfið skal bundið þessum skilmálum:

a. Að landsmönnum gefist kostur á, að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi eigi minna en $^2/_3$ hlutafjárins.
b. Að félagið eftir eitt ár frá því, er það tekur til starfa, greiði landssjóði árgjald af framleiðslunni, er eigi sé minna en 2 aurar fyrir hvern lítra öls, og fari gjaldið hækkandi á nokkurra ára bili, uns það nemur helmingi aðflutningstolls, er gildir á hverjum tíma.
c. Að landssjóður fái $^3/_4$ af gróða félagsins, eftir að greiddir eru 5% vextir af hlutafénu, og $^9/_{10}$ af gróðanum, þá er hluthafar hafa fengið 10% ágóða.

4. gr.

Leyfishafa má einnig veita einkarétt til þess, innan bæjarfélags Reykjavíkur, að verzla með útlendar öltegundir, sem að lögum er leyft að flytja til landsins. Slíkan einkarétt má þó ekki veita, nema trygging sé fyrir því, að hið opinbera njóti hæfilegs hluta af verzlunararðinum af aðfluttu öli, og jafnframt sé sæmilega séð fyrir hagsmunum neytenda. Sá hluti ágóðans, er hér ræðir um, skiftist til helminga milli landssjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur.

5. gr.

Ef bæjarstjórn Reykjavíkur hefir ekki innan tveggja ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, notað sér leyfið, má veita það annari bæjarstjórn eða sveitarstjórn hér á landi með sömu skilmálum.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara um einkarétt varða sektum alt að 1000 kr. Mál út af téðum brotum skal farið með sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum 12. janúar 1900 er bannað að brugga bjór hér á landi, en leyft að brugga hvítöl og aðrar öltegundir, sem ekki eru staðjastaðar. Þetta

leyfi hefir hingað til ekki verið hagnýtt til atvinnureksturs, og eru því engir örðugleikar á því, að veita einkaleyfi til ölgerðar, en með þeim hætti má fá auknar tekjur fyrir landssjóð og fleiri hagsmuni.

Ef áfengisbannlögin koma til framkvæmda, er það sérstök hvöt til þess, að reynt verði að styðja innlenda atvinnu við tilbúning á hvítöli og öðrum óstaðjöstuðum öltegundum (»skattfrjálsu« öli), sem einnig eftir bannlögunum er leyft að flytja til landsins, af því að í þeim er ekki meira en $2^1/_4\%$ af vínanda. Hinar ódýru »skattfrjálsu« öltegundir geta vel komið í staðinn fyrir bjór, með því að hvítöl og þó einkum ýmsir af hinum nýju maltdrykkjum hafa töluvert næringargildi, og læknar mæla fram með þeim í mörgum greinum.

Sér í lagi virðist svo, sem Reykjavíkurbúar verði að öðrum kosti illa haldnir með drykkjarföng, þar sem mjólkin er svo dýr og hið aðflutta öl sömuleiðis í háu verði sakir flutningskostnaðarins. Fyrir því verður ekki betur séð, en að hér séu fyrir hendi allgóð skilyrði fyrir tilbúningi á hvítöli. Í sinni vanalegu mynd þekkist þessi öltegund naumast hér á landi, sumpart af því, að það geymist illa til lengdar, og sumpart af því, að það hefir hingað til átt örðugt uppdráttar í samkepninni við bjórinn, er betur getur borið flutningskostnað og toll, sem eftir gildandi tolllögum er jafnhár á öllu öli.

Ef búast má við, að ölgerð í Reykjavík eigi viðgangs von, er áríðandi að setja lög um það efni í tæka tíð, til tryggingar því, að téð atvinnugrein nái að þróast á hagfeldan hátt fyrir landið.

Með því að iðn þessi útheimtir öldungis sérstaka kunnáttu, þykir óráðlegt að reka hana á alþjóðarkostnað.

Eigi innlend ölgerð að komast vel á veg, er það fyrir hvern mun nauðsynlegt, að hún eigi vísan stuðning hjá erlendu ölhituhúsi, er sé í bezta lagi og hafi ráð á hinum nýjustu hagleikstækjum. Ef eigi fæst aðstoð frá slíku fyrirmyndarölhituhúsi í útlöndum, að minsta kosti fyrstu árin, er engin von til þess, að málið komist inn á heppilega braut.

Máli þessu virðist því bezt borgið með því, að innlent hlutafélag, er stofnað sé af einstökum mönnum, taki að sér að koma fyrirtækinu á fót, og tryggi sér fyrirfram með samningum nauðsynlega aðstoð annarstaðar frá. Mundi þá vafalaust vera haglelt að veita slíku félagi einkaleyfi, því að með því móti fengi málið að sjálfsögðu greiðari framgang, þar sem stofnendur félagsins og aðrir hluthafar ættu þá minna á hættu með fjárframlög, og jafnframt væri þá hægt að útvega landssjóði afgjald og hlut í ágóða, er eðlilegt væri að heimta sem endurgjald fyrir einkaleyfið.

Naumast er neitt varhugavert við að veita slíkt einkaleyfi til ölgerðar um nokkurt árabil. Í fyrsta lagi getur landið ekki orðið ver sett með tilliti til samkepni en nú, þegar iðn þessi er alls ekki til í landinu. Í öðru lagi mun það í mörgum greinum vera gróði fyrir þjóðina að spara hin stórkostlegu útgjöld, er áfalla í samkepni milli fleiri smáatvinnurekenda.

Í sambandi við þetta er farið fram á, að hlutaðeigandi félagi sé veittur einkaréttur til að verzla með aðflutt öl innan bæjarfélags Reykjavíkur. Með því að gert er ráð fyrir, að hið innlenda ölgerðarhús hafi sjálft útsölu á afurðum sínum, og verði að hafa föst viðskiftasambönd í útlöndum, getur það með minni kostnaði en ella annast innkaup og útsölu á aðfluttu öli. Sakir hagsmunanna við það, að öll starfrækslan er dregin saman á einn stað, getur félagið komist af með minni tilkostnað og látið sér nægja minni verzlunararð

en kaupmenn hafa nú. Í notum þess getur landssjóður áskilið sér auk tollsins annaðhvort aukagjald af útsölunni á aðfluttu öli eða hluta af verzlunararðinum, án þess að varan verði dýrari fyrir neytendur. Hugsunin er því nálega hin sama, sem liggur til grundvallar fyrir einkaréttar skattálögum í öðrum löndum. Með því að veiting einkaréttar til að verzla með aðflutt öl innan bæjarfélagsins, kemur að nokkru leyti niður á atvinnurekendur bæjarins, virðist ekki ósanngjarnt, að alt að helmingi aukagjaldsins fyrir einkaréttinn renni í bæjarsjóð. Ef þessi einkasala gefur af sér meiri arð en gert er ráð fyrir, mun landssjóður ekki fara á mis við drjúga hlutdeild í gróðanum samkvæmt 3. gr. stafl. c.

Þegar verzlunareinkaleyfi er veitt, er sjálfsagt að taka upp í leyfisbréfið nákvæm ákvæði, einkanlega í þá átt, að hið almenna smásöluverð, er tíðkast hefir hingað til, haldist óbreytt, nema tollur eða innkaupsverð breytist, og sömuleiðis sé félaginu skylt að flytja inn allar útlendar öltegundir, sem æskt er eftir, Hluta landssjóðs í verzlunararðinum af aðfluttu öli má ákveða með ýmsu móti, t. d. annaðhvort á þann hátt, að heimtuð sé sérstök skilagrein fyrir þeirri verzlun, er sé laus við iðnaðarstarfsemina, og landssjóður fái þá fyrirfram helminginn af gróðanum á verzluninni, eða þannig, að lagt sé til grundvallar algengt verð í smásölu og stórkaupum, og með hliðsjón til þess sé svo reiknaður hinn vanalegi verzlunararður, en síðan sé heimtað af félaginu fast gjald fyrir hvern lítra af aðfluttu öli, miðað við helming af umræddum verzlunararði.

Auk þess sem slíkt verzlunareinkaleyfi getur gefið af sér drjúgan tekjuauka fyrir landssjóðinn þegar fram líða stundir, virðist það leiða af sjálfu sér, að tollgæzla verði auðveldari en ella á því svæði, er það nær til, og sér í lagi hlýtur það að létta að miklum mun eftirlitið með því, að áfengisbannlögunum sé hlýtt. Þegar sérhverjum er heimilt að flytja til landsins »skattfrjálsar« öltegundir, mun það vafalaust reynast afarörðugt að gæta þess, að þar á meðal sé ekki laumað inn forboðnum öltegundum eða öðru áfengi. Þetta mun verða töluvert hægra viðfangs, þegar allur aðflutningur öls til höfuðstaðar landsins er í einu lagi hjá félagi, sem fengið hefir leyfisbréf hjá landsstjórninni.

Um einstök atriði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Til athugunar skal bent á það, að svo er til ætlast, að leyft sé að brugga ekki að eins óstaðjastað öl (hvítöl) heldur einnig staðjastaðar öltegundir, sem eftir bannlögunum má flytja til landsins. Með þessu ákvæði frumvarpsins er því að nokkru leyti takmarkað bann gegn tilbúningi áfengra drykkja samkvæmt lögum 12. janúar 1900.

Um 2. gr.

Hér er svo ákveðið, að einkaleyfi til ölgerðar megi að eins veita bæjarstjórn eða sveitarstjórn, er svo aftur láti leyfið endurgjaldslaust af hendi við hlutafélag, er tekur að sér að koma ölgerðarhúsi á fót. Þetta er bygt á því, að sakir þess að það er meðfram tilgangurinn með einkaréttinum að afla aukinna tekna fyrir landssjóðinn, má ekki fá leyfið í hendur gróðasambandi einstakra manna, er sæta mundi lagi að selja það aftur í ávinningsskyni. Hinsvegar er óvíst, að það sé svo auðvelt fyrir stjórnarráðið beinlínis að veita

leyfið hlutafélagi, er líklegt væri til að færa sér það í nyt. Besta leiðin sýnist vera, að bæjarstjórnin í höfuðstað landsins taki málið í sína hönd og feli það til undirbúnings nefnd manna, er hún kýs úr sínum flokki.

Það virðist mega gera ráð fyrir, að bæjarstjórnin hafi nægа hvöt til þess að taka leyfið og vinna að framkvæmd þess. Ekki að eins munu bæjarbúar hafa nokkurn hagnað af atvinnu við húsabyggingar, meðan fyrirtækið er að komast á fót, heldur mun einnig bæjarfélagið, ef fyrirtækið hepnast, hafa stöðugan hagnað af iðnaðarstarfsemi, sem veitir nokkrum atvinnu og getur borið skattalögu í bæjarsjóð, auk þess sem verzlunareinkarétturinn samkvæmt 4. gr. frumvarpsins verður fastur tekjustofn fyrir bæjarsjóðinn.

Um 3. gr.

Það er lagt til, að einkaleyfisgjaldið sé upphaflega ekki sett of hátt. Hvítölið, sem verður aðalvaran, er lítt þekt, og verður fyrst að koma því inn hjá fólki. Í annan stað er það miklu ódýrara en öltegundir þær, sem hingað til hafa flutst til landsins, og er því ekki alls kostar sanngjarnt, að á það leggist sama gjald, sem tollinum nemur. Að öðru leyti verður að gera ráð fyrir, að neyzlugjaldið í reyndinni lendi á neytendum, og má ákveða það mismunandi fyrir hverja einstaka öltegund. Gjald það, sem stungið er upp á, þykir ef til vill lágt, en þess ber að minnast, að hingað til hefir enginn haft áræði til að stofna hér ölgerðarhús, þótt ekki hafi verið heimtað neitt gjald fyrir. Gegn þeirri mótbáru, að félagið muni græða um of, skal skírskota til niðurlags greinarinnar, er kveður svo á, að meginhluti ágóðans renni í landssjóð. Til þess að veikja ekki áhuga félagsins fyrir góðri og ódýrri starfrækslu, verða þó hluthafar jafnan að fá einhvern lítinn hluta ágóðans, einnig eftir að þeir hafa fengið 5% vexti af hlutafénu.

Framanritað lagafrumvarp ásamt athugasemdum er samið af skrifstofustjóra Jóni Krabbe.

Með því að tolllaganefndin aðhyllist grundvallarstefnu frumvarpsins og einstök ákvæði þess í öllu verulegu, leyfir nefndin sér að leggja það fyrir háttvirta þingdeild, og mæla með því að það verði samþykt.

Alþingi, 15. apríl 1911.

Ólafur Briem, form. og framsögum. — Jón Jónsson S.-M. skrifari.

Benedikt Sveinsson. — Magnús Blöndahl. — Sigurður Gunnarsson.

H. Hafstein. — Jón Sigurðsson.

Nd. **648. Tillaga**

til þingsályktunar um tollskil

Frá Jóni Þorkelssyni og Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess:

1. að goldið sé lögskipað útflutningsgjald af fiski þeim og öðrum gjaldskyldum sjávarafurðum, sem fermt er milli skipa á höfnum hér við land eða í landhelgi, og aldrei er í land flutt, en útflutt síðan á erlendan markað.
2. að útlendir fiskimenn og aðrir útlendir atvinnurekendur, er fara í útver hingað til lands og dvelja hér að sumrinu og stunda hér fiskiveiðar eða aðra atvinnu og nesta sig heiman að með vistum, greiði hér lögmæltan toll af öllum tollskyldum varningi, er þeir birgja sig eða láta sig birgja upp með heiman að.
3. að þeir, sem að öðru leyti reka nokkura verzlun í landhelgi, verði bæði að kaupa verzlunarleyfi, gjalda toll af tollskyldum vörum og að öðru leyti gegna öllum þeim þjóðfélagsgjöldum, sem lögmælt eru hér á landi.

Nd. **649. Breytingartillögur**

við frv. til laga um prentsmiðjur (þingskj. 275).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr. (í 2 línu 1. málsgr.). Fyrir: »2« komi: 4.
2. — 1. — (í síðustu línu 1. málsgr.). Fyrir: »þau eintök« komi: 2 þeirra eintaka.
3. — 3. og 4. gr. Í staðinn fyrir þessar greinar komi svo látandi:

3. gr.

Hver prentsmiðja skal fjórum sinnum á ári hverju, í marz, júní, september og desembermánuði, senda lögreglustjóra í því lögregluumdæmi, sem prentsmiðjan er í, alt það prentmál, sem henni ber að standa áðurnefndum söfnum skil á samkvæmt 2. gr. laga þessara. Skrá skal og fylgja um alt það, sem prentað hefir verið á hverju ári og hverju safni um sig ber að fá, en lögreglustjóri annast sending hvorstveggja til safna þeirra, er hlut eiga að máli. Vanskil á prentmáli varða sektum til landssjóðs frá 25—500 kr., ef eigi er bætt úr vanrækt inni, þegar ámint er um það.

(Greinatalan breytist samkvæmt þessu).

4. Við 6. gr. Greinin falli niður.

(Greinatalan breytist samkvæmt því).

Nd. **650. Nefndarálit**

um frv. til laga um farmgjald af aðfluttum vörum, og um frv. til laga um toll af póstsendingum (þingskjal 374).

Frá minni hluta nefndarinnar.

Vér áttum ekki þess kost að sjá álit háttvirts meiri hluta nefndarinnar áður það væri prentað. Mundum vér annars hafa látið oss nægja, að rita þar á í fám orðum ágreiningstillögu vora. En hún er sú, að vér leggjum til að frv. verði felt, með því að vér teljum það óaðgengilegt bæði að efni og formi.

Löggjafarvaldið hefir hingað til aflað landssjóði tekna með nokkuð háum tollum á fám vörutegundum, og því komist af án sérstaks tollgæzlukostnaðar. Yrði nú þetta frumv. lögleitt, væri með því gengið inn á nýja braut, þar sem innleiddur væri tollur á flestar vörutegundir, er hingað flytjast, mjög mismunandi að hæð, og eftir flókinni og ógreinilegri flokkun. Vér teljum engan vafa á því, að af þessu mundi leiða yfirgripsmikið og dýrt tolleftirlit, hér sem annarstaðar, og mundi ekki veita af miklum hluta þeirra tekna, er frv. gerir ráð fyrir, til að standast kostnað af því eftirliti. Það gerir engan mun í þessu efni, þótt þetta sé n e f n t farmgjald, því að það, sem hér er farið fram á, er í r a u n og v e r u ekkert annað en að innleiða hér stórt og margbrotið tollkerfi, með öllum þess órakostnaði og öðrum annmörkum.

Nefndin öll hefir lagt það til, að stefnt sé að því marki, að afla landssjóði verulegra tekna framvegis, með því að landið taki að sér einkasölu (Monopol) á nokkrum aðfluttum vörum. Væntum vér af því góðs árangurs, og gerum ráð fyrir, að á þann hátt verði fylt það skarð, er missir áfengistollsins heggur í landssjóðinn. En á meðan verið er að koma því í kring, þarf að líkindum að sjá fyrir einhverjum bráðabirgðatekjum, og ef til vill vakir það fyrir þeim, er framfylgja vilja þessu farmgjaldsfrumvarpi. En vér verðum að leiða athygli að því, að sem bráðabirgðafyrirkomulag eru flestir vegir til muna álitlegri en sá, er hér er valinn, þar sem flokkunin er svo flókin, að vér ekki segjum þvælingsleg, að öll framkvæmdin hlýtur að verða afar-torveld og vandasöm. Miklu aðgengilegra væri, til að afla bráðabirgðatekna, að leggja á r e g l u l e g t farmgjald — lestagjald — þar sem sama gjald væri heimtað af hverri smálest, er til landsins flytst, eitt ár eða tvö, jafnt af öllum vörum undantekningarlaust. Það væri einfalt og óbrotið; en svo þarf hvert bráðabirgðafyrirkomulag að vera fyrst og fremst. —

Að því er upphæð þá, 180 þús. kr. snertir, sem gert er ráð fyrir að tekjurnar af þessu svokallaða farmgjaldi nemi, þá er þess að gæta, að nefndin hefir, að því er vér bezt vitum, alls ekki rannsakað þá hlið málsins, og mun byggja þar eingöngu á sögusögn eins manns, flutningsmanns málsins, sem segist hafa rannsakað það, án þess þó, að hann hafi, svo vér vitum til, látið nefndinni í té nokkur skilríki eða skýrslur um það. Vér verðum því að telja þessa áætlun fremur óábyggilega að svo stöddu, og vér teljum það með öllu óráðlegt fyrir háttv. deild að samþykkja jafnstórt mál, þar sem tekin er upp alný stefna í tollamálum, eftir svo alsendis ófullnægjandi undirbúning. Hvervetna annarstaðar þykja slík mál hin vandasömustu, og er jafnan vandað mjög til undirbúnings þeirra. Hér mun ráðlegt að fara líkt að, og vér teljum sæmd þingsins heimta, að ekki sé rasað fyrir ráð fram í neinu, hvorki í þessu efni né öðrum.

Að því er snertir hitt frv. um toll af póstsendingum, þá stendur það í svo nánu sambandi við farmgjaldsfrumvarpið, að forlög annars verða að líkindum forlög beggja. Vér ráðum því sömuleiðis til, að það verði felt.

Neðri deild, 15. apríl 1911.

Jón Jónsson S.-M. H. Hafstein frms.

Jón Sigurðsson.

Nd. **651. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 53, 16. nóvember 1907, um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Frestur sá, sem veittur er í lögum nr. 53, 16. nóvember 1907, 5. gr., til að greiða toll af aðfluttum vörum, sem eru í tollvörugeymslu, skal vera 2 ár, til 1. janúar 1914, í staðinn fyrir 1 ár, að því er kemur til greiðslu tolls af vínföngum.

Nd. **652. Tillaga**

til þingsályktunar um lyfjaverzlun.

Frá tolllaganefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á stjórnina, að endurskoða gildandi ákvæði um lyfjaverzlun hér á landi, og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.

Nd. **653. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

Frá tolllaganefndinni.

Við 1. gr.

1. Næsta málsgrein á undan 8. lið: »Tóbaksblöð . . . . aðflutningsgjaldi« falli burt.

2. Næstsíðasta málsgrein: Af vörutegundum . . . . . úr tolleiningu« orðist þannig:
Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í tölulíðunum 1—5, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 6.—14. lið, ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að $^3/_4$ og þar yfir telst sem heil, $^1/_4$ alt að $^3/_4$ sem hálf, en minna broti sé slept.

Nd. **654. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903 (þskj. 595).

Frumvarp þetta hefir tekið þeim umskiptum í efri deild þingsins, sem gerir það að voru áliti öldungis ósamþykkjandi, og að það með því lagi nái ekki þeim tilgangi, sem ætlast var til. Vér sjáum að vísu, að meiri hluti nefndar þeirrar, sem málið hafði til meðferðar í efri deildinni, hefir verið á sama máli og vor deild um þetta efni, en eigi að síður hefir sú orðið niðurstaðan þar í deildinni, að leggja beri hin fyrirhuguðu ráðherraeftirlaun saman við þau eftirlaun, er ráðherra kynni að eiga rétt til áður fyrir aðra embættisþjónustu, eða með öðrum orðum, að hann eigi í senn að hafa eftirlaun full fyrir tvö embætti í einu. Þetta hyggjum vér vera ofan í alla venju hér á landi hingað til, auk þess sem það er öndvert því, sem til var ætlast hér í deildinni og eðlilegt er. Vér ætluðumst og ætlumst til, að ráðherra, sem embætti hefir gegnt áður en hann varð ráðherra og eftirlaunaréttur fylgdi, tæki aðeins eftirlaun fyrir það embætti, ef þau eftirlaun væri hærri en þau eftirlaun, sem honum bæri eftir ráðherraembættið. Væri þau hins vegar lægri, þá tæki hann þau eftirlaunin, er hærri væri, sem sé þá ráðherraeftirlaunin. Tilætlun vor, sem neðri deild og samþykti, var að ráðherra tæki þau eftirlaunin ein, sem hærri væri, en eigi framar, og ætlum vér það samkvæmt landsvenju hér.

Í samræmi við það, sem nú hefir sagt verið, og það, sem deildin hefir áður fallist á með samhljóða atkvæðum, leggjum vér til að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. (1. lína 2. málsgr.). Fyrir orðin: »til eftirlauna« komi: til hærri eftirlauna.
2. Fyrir orðin: »einnig njóta þeirra óskertra« í niðurlagi 1. gr. komi: njóta þeirra eftirlauna einna.

Neðri deild alþingis, 15. apríl 1911.

Björn Sigfússon, formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari og framsögum.

Jón Þorkelsson.

Nd. **655. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um farmgjald af aðfluttum vörum (þingskjal 375).

Frá tollaganefndinni.

Við 2. grein. Á eftir orðunum í annari og þriðju línu »að halda áfram með« komi: sama eða.
Við 6. grein. Fyrir: »samrit« í 7. línu að ofan komi: samritið.

Ed. **656. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Það skal ekki talinn reglulegur sveitarstyrkur og ekki valda neinum réttindamissi, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd veitir manni, meðan hann dvelur í framfærslusveit sinni, styrk úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði:

1. til þess að greiða fæðiskostnað barns síns á skólaskyldualdri utan heimilis;
2. til þess að standast heimiliskostnað, er stafar af ómegð barna hans 6 eða fleiri.

2. gr.

Ákvæði 63. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 um, að dvalarsveit eigi ekki heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er dvalarsveit hefir veitt þurfalingi, skal eigi gilda um kostnað við dvöl þurfalings á sjúkrahúsi eða hæli eftir fyrirskipun læknis, að meðtöldum kostnaði við lyf og læknishjálp fram yfir tveggja mánaða tíma. Framfærslusveit ber því að greiða allan slíkan kostnað að fullu, með þeirri einu undanþágu, sem veitt er í 77. gr. fátækralaganna.

3. gr.

Jafnt er dvalarsveit heimilt, gegn endurgjaldi frá framfærslusveit, að koma þurfalingi í sjúkrahús eða hæli, þótt ekki sé það í dvalarsveitinni, en ekki á dvalarsveitin þá kröfu endurgjalds á kostnaði við flutning þurfalings á sjúkrahúsið eða hælið.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Ed.

657. Frumvarp

til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón bæjarverkfræðingsins, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Má í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsið. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum.

Lóðareigendur skulu greiða:

A. $2^1/_2$‰ af fyrstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra.

2‰ af næstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverðinu.

1‰ af þeirri upphæð er brunabótavirðingarverðið fer yfir 20,000 krónur.

Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sé eldra hús rifið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.

B. 45 aura fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu, þó því að eins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist, þegar búið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsi hafa verið lögð í áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni.

3. gr.

Steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir skulu kostaðar að $^3/_8$ úr bæjarsjóði en að $^1/_8$ af þeim, sem lóðir eiga, er teljast til götunnar þeim megin, sem gangstéttin er.

Kostnaði þeim, sem lóðareigendum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstétt hefir verið lögð í, eftir lengd lóðanna með fram götunni.

4. gr.

Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðaeigendum og húseigendum samkvæmt 1., 2. og 3. gr., eru tryggðar með veðrétti í húseignunum og hefir sá veðréttur forgangsrétt fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt alt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá alt að 5% ársvexti.

5. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir látið gera steinlímda, hellulagða eða aðra jafnvandaða gangstétt, skal sérhverjum lóðareiganda skylt að láta daglega hreinsa af stéttinni fyrir lóð sinni út á götuna, samkvæmt reglum, er gefnar verða í lögreglusamþykt bæjarins. Sé þetta vanrækt, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað lóðareiganda og sæti hann að auki í almennu lögreglumáli 5—10 kr. sekt fyrir vanræksluna, er renni í bæjarsjóð, enda hafi hann áður tvívegis sætt aðvörun fyrir vanrækslu á því almanaksári.

6. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sér sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans og má fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma það.

Til þess að standast straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, má leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sé hún miðuð við það, hve oft er hreinsað. Húseigandi greiðir gjaldið.

7. gr.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá staðfestingardegi.

Nd. **658. Frumvarp**

til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. tollaganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til landsjóðs þannig:

1. Af alls konar öli, límónaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar ... ... kr. 0,10 af hverjum mæli (lítra)
2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar dykkjarföngum
   með 8° styrkleika eða minna ... ... — 1,00 - — —
   yfir 8° og alt að 12° styrkleika... ... ... — 1,50 - — —
   yfir 12° og alt að 16° styrkleika ... ... — 2,00 - — —
   Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til

drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.

3. Af rauðvíni og sams konar borðvínum (eigi freyðandi), af messuvíni, svo og af óáfengum ávaxtavínum, ávaxtasafa og öðrum drykkjarföngum, sem ekki eru talin í öðrum liðum, hvort sem þau eru áfeng eða ekki ... ... — 0,50 - — —
4. Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft) ... ... — 1,00 - — —
5. Af sódavatni ... ... — 0,02 - — —
6. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) — 1,00 - — 1/4 mælis eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en mæli, skal greiða sama gjald af hverjum 3/4 mælis sem af mæli í stærri ílátum.

7. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki ... ... kr. 2,00 af hverju tvípundi.
8. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) — 5,20 - — —

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þær seljast í.

9. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar ... ... 30 aura af hverju tvípundi
10. Af alls konar brendu kaffi... ... ... 40 — — — —
11. Af sykri og sírópi ... ... 15 — — — —
12. Af tegrasi.. ... ... 100 — — — —
13. Af súkkulaði ... ... 50 — — — —
14. Af kakaódufti... ... ... 30 — — — —
15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum ... 80 — — — —

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—5, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 7.—15. lið, ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að 3/4 og þar yfir telst sem heil, 1/4 alt að 3/4 sem hálf, en minna broti sé slept.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyzlu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins kann að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sérstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Sé skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipum til neyzlu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hér að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Síðasta málsgrein í 4. gr. tollaganna skal hljóða svo: Um fastar verzlanir gilda þó fyrirmæli laga 16. nóvbr. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, en að öðru leyti er tollurinn fallinn í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

3. gr.

Í stað orðanna í 6. gr. tollaganna: »tölulíðunum 8—14« komi: tölulíðunum 6—14.

4. gr.

Á eftir 6. gr. tollaganna skal koma ný grein, svo látandi.

Hver maður, sem fær böggulsendingar fluttar með pósti frá útlöndum, er skyldur að láta í té skriflegt drengskapar- og samvizkuvottorð um það, hvort sendingar hafi inni að halda tollskyldar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Áður en slíkar sendingar eru afhentar viðtakendum, skulu póstmenn heimta téð vottorð, og síðan afgreiða þau tafarlaust til lögreglustjóra.

5. gr.

14. gr. tollaganna skal falla burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Lögin nr. 3, 31. marz 1909 um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi eru úr lögum numin.

7. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál tollaganna frá 8. nóvbr. 1901, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem tolllög fyrir Ísland.

Ed. **659. Frumvarp**

til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Eftir 3. umr. í Nd.

1. gr.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og gufuvélafræði og undirbýr lærisveina skólans undir íslenzk stýrimannspróf, hið meira og hið minna, og próf í gufuvélafræði.

Við skóla þennan skipar stjórnarráðið forstöðumann með 2000 kr. árslaunum og 2 aukakennara með 1200 króna árslaunum hvern og sé annar þeirra kennari í gufuvélafræði.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugerð fyrir hann.

Laun kennara og annar kostnaður við skólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til hins íslenzka minna stýrimannsprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun logaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar og útreikning réttþyrndra þríhyrninga eftir henni.
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavitanum og notkun hans, á misvísun, inklination og deviation og hvernig hún verður fundin, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar.
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdrættinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefir borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu til og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólinni og hreyfingu hennar sjálfrar;
7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrétta stöðu speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni;
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðréttingum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hvenær sólin rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun við athugun sólar;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólarinnar í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnunnar;
14. að kunna að finna hvenær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sérstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

3. gr.

Til hins meira íslenzka stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til hins minna prófs, og enn fremur:

1. ítarlegri þekking á veldi og rót, á logaritmum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, þekking á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins

lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug;
4. að kunna að fara með sjóúr og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóúrsins;
5. að kunna að ákveða stað skips með staðarlínum, bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
6. að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
7. að geta samið grein á íslenzku með glöggu orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sæmilegri réttritun;
8. að hafa lesið kafla í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslenzku, að geta gert léttan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sé;
9. sama kunnátta í ensku sem í dönsku;
10. að þekkja hin helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

4. gr.

Prófin eru bæði munnleg og skrifleg. Þau skulu haldin opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir þeim standa sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita; eru í henni forstöðumaður skólans og tveir aðrir menn, er stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf, en hinir skipuðu prófdómendur tiltaka verkefni til munnlegs og skriflegs prófs; verkefnin til skriflega prófsins skulu þeir afhenda stjórnarráðinu á undan prófinu í innsigluðu umslagi.

5. gr.

Hver sá, sem staðist hefir hið meira stýrimannapróf, samkvæmt 3. gr. laga þessara, getur krafist þess, að hann sé reyndur í gufuvélafræði, þegar próf er haldið í skólanum.

6. gr.

Til prófs þess, er getur um í 5. gr., útheimtist þekking á því, sem nú skal greina:

Undirstöðuatriðum aflfræðinnar og hitafræðinnar, sérstaklega um eðli vatnsgufunnar og hagnýting hennar til vinnu; gufuvélum þeim sem nú tíðkast mest ásamt kötlum og því, er þeim fylgir, hestafli gufuvéla, meðferð gufuvéla, framknýingu og kolaeyðslu, helztu hlutum skips og skiftingu þess í vatnsheld hólf, tæmingaráhöldum og slökkvitólum, ryði og vörnum gegn því, hjálparvélum á skipum og lagaákvæðum um gufuskip, er snerta tryggingu á lífi manna og góssi.

7. gr.

Prófið er að eins munnlegt og skal það haldið opinberlega af prófnefnd;

fyrir því stendur sá af nefndarmönnum, sem stjórnarráðið skipar sem oddvita. Í prófnefndinni er forstöðumaður skólans og tveir menn aðrir, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

8. gr.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvíkjandi tilhögun á prófunum.

Þeim, sem próf hefir tekið, skal veitt skírteini um það, og skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unt er að ná við það, og skulu allir nefndarmennirnir undirskrifa skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð, og sem stjórnarráðið geymir; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, fæðingardegi og fæðingarári, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

9. gr.

Rétt til þess að ganga undir hin íslenzku stýrimannspróf eftir reglum þeim, sem settar eru að framan, eiga ekki að eins lærisveinar stýrimannaskólans, heldur og hver sá, sem 3 mánuðum áður en prófið er haldið sendir til stjórnarráðsins beiðni um að mega ganga undir próf, og skal fylgja henni vottorð um kunnáttu hans frá þeim manni eða þeim mönnum, sem hafa kent honum siglingafræði. Enginn getur gengið undir prófin nema hann hafi verið háseti á þilskipi 12 mánuði að minsta kosti eftir að hann varð fullra 15 ára að aldri; svo verður hann og að sanna, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10. gr.

Hver sá, sem staðist hefir próf í gufuvélafræði, samkvæmt lögum þessum, á kost á, að fá viðaukaskírteini það, um þekkingu á gufuvélum, sem getið er um í 14. gr. laga 10. nóv. 1905, um atvinnu við siglingar.

11. gr.

Lög nr. 19, 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, lög nr. 58, 10. nóvember 1905, um breytingu á 6. gr. í nefndum lögum, og lög nr. 4, 13. sept. 1901, um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík, eru úr gildi feld.

Ed.

660. Frumvarp

til laga um prentsmiðjur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er hverjum manni að setja prentsmiðju og reka prentiðn, þeim sem fullráða er fjár síns og hefir óflekkað mannorð, en greiða skal hann áður lögreglustjóra 50 króna gjald fyrir atvinnuheimildina, ella útlagur 50—500 kr.

Atvinnugjald og sektir renna til landssjóðs.

2. gr.

Allar prentsmiðjur, þær er nú eru eða síðar kunna stofnaðar að verða hér á landi, eru skyldar að láta Landsbókasafninu í Reykjavík ókeypis í té 4 eintök af hverju því, sem í þeim er prentað, stóru og smáu, eins endurprentunum og sérprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, jafnt hvort sem það prentaða er haft til sölu eða eigi, og skulu tvö þeirra eintaka vera á skrifpappír.

Landskjalasafninu í Reykjavík skal hver prentsmiðja á landi hér, sem er eða verða kann, láta ókeypis í té eitt eintak á skrifpappír af öllum þeim tímaritum og blöðum, sem út eru gefin hér á landi einu sinni á mánuði eða oftar.

Fjórðungsbókasöfn Norðlendinga, Austfirðinga og Vestfirðinga, svo og bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, skulu fá ókeypis eitt eintak hvert þeirra af öllum þeim ritlingum, bókum, tímaritum og blöðum, sem tveim örkum eru stærri og prentuð eru í prentsmiðjum hér á landi, þeim sem nú eru eða verða kunna. Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er þó undan skilið allt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

3. gr.

Hver prentsmiðja skal fjórum sinnum á ári hverju, í marz, júní, september og desembermánuði, senda lögreglustjóra í því lögregluumdæmi, sem prentsmiðjan er í, allt það prentmál, sem henni ber að standa áðurnefndum söfnum skil á samkvæmt 2. gr. laga þessara. Skrá skal og fylgja um allt það, sem prentað hefir verið á hverju ári og hverju safni um sig ber að fá, en lögreglustjóri annast sending hvorstveggja til safna þeirra, er hlut eiga að máli. Vanskil á prentmáli varða sektum til landssjóðs frá 25—500 kr., ef eigi er bætt úr vanræktinni, þegar ámint er um það.

4. gr.

Prentsmiðju, sem ólöglega er niður sett, má lögreglustjóri loka og leggja löghald á tæki hennar, ef þörf gerist.

5. gr.

Eigandi prentsmiðju ber ábyrgð á brotum gegn lögum þessum. Sé óvíst, hver eigandi er, eða sé hann fjarverandi, ber sá ábyrgðina, er hefir verkstjórn prentsmiðjunnar á hendi.

Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin tilskipun frá 19. janúar 1821 og tilskipun frá 20. janúar 1832 að því leyti sem þær taka til Íslands; lög um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; viðaukalög frá 2. okt. 1895 við lög um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; lög frá 13. sept. 1901 um viðauka við lög um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; lög nr. 80 frá 22. nóv. 1907 um breyting á lögum um prentsmiðjur frá 4. des. 1886; lög frá 30. júlí 1909 um viðauka við lög nr. 80, 22. nóv. 1907. Ennfremur eru úr gildi numin öll önnur eldri og yngri ákvæði, er komið geta í bága við þessi lög.

Ed. **661. Frumvarp**

til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Framkvæmd laga nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi skal frestað um 3 ára tíma frá 1. jan. 1912 að telja, að því er kemur til aðflutnings á áfengi inn í landið.

Nd. **662. Breytingartillaga**

við þingsályktun á þingskjali 468.

Frá Jóni Þorkelssyni, Sigurði Gunnarssyni, Skúla Thoroddsen, Benedikt Sveinssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Magnúsi Blöndahl og Þorleifi Jónssyni.

Fyrir orðin: »Ísland leggi fé« komi: Íslendingar taki þá til íhugunar fjárframlög.

Nd. **663. Frumvarp**

til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands, skal greiða farmgjald í landssjóð eftir þyngd hverrar vörutegundar með umbúðum eða eftir teningsmáli, sem hér segir:

1. flokkur.

Af gipsi, glerflátum, gluggagleri, hverfisteinum og brýnum, kókólit, kartöfl-

um, leirvörum, netakúlum, sápu alls konar, sápuspónum, sápulút, sóda, spegilgleri, stálbiki og tjöru, — 20 aurar af hverjum 100 tvípundum.

2. flokkur.

Af ávaxtavínum, eplum og öðrum aldinum, baðlyfjum, eggjum, ediki, fernisolíu, farfa, hampgjörðum, kálmeti, legsteinum, línoleumdúk, pappír alls konar, ritföngum, vélaolíu og öðrum olíutegundum að undanskildri steinolíu, sekkjum utan um ull, smjöri, smjörlíki, svínafeiti, plöntufeiti, tólg, veggjapappa alls konar, vaxdúk og þakpappa, — 50 aurar af hverjum 100 tvípundum.

3. flokkur.

Af akkerum, akkerisfestum, bitum úr járni, blikki, bátum, sem koma til landsins sem farmur, eldavélum, gufukötlum, gufuvélum, flutningavögnum og vagnhlutum, herfum, járnpípum, málmum óunnum, öðrum en járni, mótorum alls konar, ofnum, peningaskápum, plógum, rennibekkjum, rakstursvélum, smíðajárni og stáli í stöngum og plötum, sjóklæðum (olíufötum), sláttuvélum og þakjárni, — 100 aurar af hverjum 100 tvípundum.

4. flokkur.

Af brauði alls konar, blikkvörum, eldspýtum, hljóðfærum, hampi, köðlum alls konar, járnvörum og öðrum málmvörum, sem eigi eru taldar í 3. flokki, lömpum og lampapörtum, línsterkju, matvælum alls konar og nýlenduvörum, sem eigi hvílir nú sérstakur tollur á, og eigi eru sérstaklega tilteknar í öðrum flokkum, netum, osti, stofugögnum, skotfærum og seglgarni, — 2 kr. af hverjum 100 tvípundum.

5. flokkur.

Af baðmullargarni, fatnaði alls konar, nema sjóklæðum, gólfmottum, glysvarningi alls konar, leðri sútuðu, litunarefnum, skinnum sútuðum, stundaklukkum, skófatnaði alls konar, tvinna, ullarbandi og vefnaðarvörum alls konar, — 4 kr. af hverjum 100 tvípundum.

6. flokkur.

Af trégluggum, hurðum, húsalistum og alls konar trjáviði — 3 aurar af hverju teningsfeti.

7. flokkur.

Af öllum öðrum vörum, er eigi geta talist með neinum flokki hér að framan og eigi eru undanþegnar farmgjaldi samkvæmt 2. gr. greiðist 2 kr. af hverjum 100 tvípundum.

Ef tilgreindar eru á farmskrá fleiri vörutegundir en ein í sömu umbúðum, skal reikna farmgjaldið eftir þeirri vörutegundinni, sem á hvílir hæsta farmgjaldið. Ef vörusending er minni en 100 tvípund, skal greiða gjaldið fyrir hver 10 tvípund að réttri tiltölu, brot úr 10 tvípundum reiknast sem full 10 tvípund.

2. gr.

Af áburði tilbúnum, bókum prentuðum, gólfplötum úr leir og steini, húðum ósútuðum, heyi, járni óunnu í klumpum, kornvörum allskonar, kalki, kokes, kolum, leir, leirpípum, salti, sementi og líkum steinbindingsefnum, steinolíu, saltketi íslenzku í tunnum, skinnum ósútuðum, tunnum tómum, tunnustöfum, tiglsteinum alls-

konar, vörum sem keyptar eru og sendar í nafni landssjóðs, og vörum sem sérstaklega er lagður tollur á, skal ekkert farmgjald greiða.

3. gr.

Farmgjaldið skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verzlunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Farmgjald skal ákveða eftir farmskrá skipsins.

4. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu á því. Sé uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 100 kr.

5. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr. á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hefir fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Farmgjaldið fellur í gjalddaga þegar skip, það er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í bréfi til viðtakanda.

7. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem

fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trégluggum, hurðum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðar senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sé ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja að rétt sé skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast réttar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur á þá, er við vörum taka.

Það varðar sektum alt að 1000 kr., ef farmskrár fylga eigi skipi, samdar eins og hér er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

8. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga skýrslu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 5. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 kr. og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sérstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

9. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rétt til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gerð samkv. 5. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir farmgjaldi og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

10. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýzt eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því,

sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í landssjóð, að kostnaði frádregnum.

11. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Sektir allar eftir 4. og 5. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 6., 7. og 8. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögu sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

13. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr., svo og af sektum, fær lögreglustjóri 3 af hundraði í innheimtulaun.

14. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. í lögum nr. 16, 9. júlí 1909 um hagfræðisskýrslur úr gildi numin.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **664. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingar á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

Frá tollaganefndinni.

1. Við síðustu málsgrein 1. gr.
   Á eftir: »lögreglustjóri« komi: eða löggiltur umboðsmaður hans.

2. Við sömu málsgrein:
   Á eftir: »skipsskjölunum« bætist inn: Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í té skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir.

3. Við sömu málsgrein síðasta lið:
   Á eftir: »lögreglustjóra« komi: eða umboðsmanni hans.

Nd. **665. Skrá**

yfir erindi til alþingis 1911, lögð fram á lestrarsal frá þingbyrjun til 15. apríl.

A. Erindi um fjárveitingar.

1. Einar málari Jónsson í Reykjavík sækir um 1000 kr. styrk, til þess að geta fengið meiri tilsögn í málaralist (Nd. 2).
2. Jóhannes S. Kjarval sækir um 2000 kr., til þess að auka ment sína í málaralist (Nd. 3).
3. Magnús Guðlaugsson á Bjarnarstöðum, óskar þess, að þingið vildi líta í náð til sín um sómasamlegan árlegan styrk, svo hann megi halda áfram lækningum (Nd. 4).
4. Íbúar Skarðsstrandarhrepps í Dalasýslu, 44 að tölu, leita þess, að stofnað sé nýtt læknishérað í vesturhluta Dalasýslu (Nd. 5).
5. Fimm ljósmæður í Dalasýslu skora á þingið að taka til rækilegrar yfirvegunar hækkun á launakjörum ljósmæðra (Nd. 6).
6. Ólafur prófastur Ólafsson í Hjarðarholti í Dölum sækir um 2000 kr. árlegan styrk, til þess að halda framhaldsskóla fyrir fermd ungmenni (Nd. 7).
7. Ólafur Jónsson sækir um 6000 kr. lán, til þess að stofna í Reykjavík myndmótunarsmiðju og starfrækja hana (Nd. 8).
8. Tíu ljósmæður í Norður-Múlasýslu skora á alþingi, að taka til rækilegrar yfirvegunar launakjör ljósmæðra og bæta þau (Nd. 12).
9. Ingvar trésmiður Eymundsson Ísdal sækir um 6000 kr. lán, til þess að endurreisa verksmiðju sína (Nd. 13).
10. Benedikt Björnsson biður um 600 kr. styrk, til þess að semja kenslubók í þjóðfélagsfræði (Nd. 14).
11. Sigtryggur Jónsson biður um 800 kr. styrk hvort árið á næsta fjárhagstímabili handa syni sínum, til þess að stunda nám í Mittweida á Þýzkalandi (Nd. 17).
12. Tólf ljósmæður í Árnessýslu skora á alþingi að taka til íhugunar launakjör yfirsetukvenna og bæta þau (Nd. 21).
13. Jón málfræðingur Ófeigsson biður um 1300 kr. styrk á ári í tvö ár, til þess að fullsemja þýzk-íslenzka orðabók, um 45 arkir að stærð, en annars 80 kr. fyrir örk hverja (Nd. 25).
14. Þingmaður Austur-Skaftfellinga biður um 500 kr. styrk á fjáraukalögum 1910—'11 til vélarbátsferða milli Hornafjarðar og Papóss, og sömu upphæð á fjárlögum 1912—'13 (Nd. 26).
15. Tuttugu og fimm héraðslæknar æskja þess, að eftirlaun þeirra verði reiknuð frá þeim tíma, er þeir fengu fyrst embætti. Þar með fylgja ummæli landlæknis (Nd. 27).
16. Eiríkur héraðslæknir Kjerúlf sækir um 700 kr. launaviðbót. Þar með ummæli landlæknis (Nd. 28).
17. Forstöðunefnd kvennaskólans á Blönduósi sækir um, að skólanum verði veittur ríflegri styrkur en að undanförnu (Nd. 29).

18. Hofshreppsmenn í Öræfum, 101 að tölu, karlar og konur, sækja um að síra Jóni N. Jóhannssyni sé veitt 500 kr. árleg þóknun fyrir að hafa á hendi og halda uppi lækningum þar í hreppi (Nd. 30).
19. Stjórnarnefnd hinnar »Norðlenzku bindindissameiningar« biður um 600 kr. styrk til bindindisútbreiðslu (Nd. 32).
20. Sigurður dýralæknir Einarsson biður um 3—400 kr. launahækkun, til þess að kenna einföldustu atriði dýralækninga (Nd. 34).
21. Sláturfélag Austurlands sækir um 10,000 kr. styrk, til þess að koma upp sláturhúsi í Reyðarfirði (Nd. 35).
22. Stjórnarnefnd sjúkraskýlisins á Brekku í Fljótsdal óskar þess, að þingmenn Múlasýslna flytji á þingi frumvarp til laga um, að jörðin Brekka verði lögð til sjúkraskýlisins og að stjórnarnefnd þess verði fengin byggingarráð jarðarinnar (Nd. 36).
23. Tuttugu og fimm búendur í Hjaltastaðasókn skora á alþingi að afnema hin svokölluðu Maríulambsfóður (Nd. 37).
24. Símon Dalaskáld Bjarnason mælist til þess, að alþingi veiti sér landssjóðsstyrk í viðurkenningarskyni fyrir ritverk sín (Nd. 41).
25. Benedikt Þorkelsson á Kvíabekk biður um ellistyrk (Nd. 42).
26. Tuttugu og tvær ljósmæður í Strandasýslu, Barðastrandar, Rangárvalla og Borgarfjarðar æskja bótar á launakjörum (Nd. 43).
27. Jörundur Brynjólfsson kennari æskir styrks, alt að 800 kr., til þess að stunda nám við kennaraháskóla í Kaupmannahöfn (Nd. 44).
28. Hreppsnefnd Búðahrepps biður um uppgjöf á símaláni, og að landssjóður taki að sér kostnað við starfrækslu símans í Fáskrúðsfirði (Nd. 50).
29. Erindi til þingmanna Sunnmýlinga frá hreppsnefnd Geithellnahrepps um brúargerð á Hamarsá (Nd. 53).
30. Beiðni úr Eiðahreppi um 2000 kr. styrk til vegagerðar (Nd. 54).
31. Beiðni úr Breiðdalshreppi um 3000 kr. styrk til vegagerðar (Nd. 55).
32. Íþróttafélagið »Grettir« á Akureyri biður um 500 kr. styrk á ári í næstu tvö ár, til þess að efla íslenzkar íþróttir (Nd. 56).
33. Hannes alþingismaður Þorsteinsson sækir um 2500 kr. árlegan styrk, til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum (Nd. 60).
34. Jón lagaskólakennari Kristjánsson sækir um að laun sín verði hækkuð upp í 2400 kr. (Nd. 61).
35. Gísli Guðmundsson biður um 100 kr. árlegan ellistyrk á næsta fjárhagstímabili (Nd. 63).
36. Jónína Sigurðardóttir, forstöðukona húsmæðraskólans á Akureyri, biður um 2000 kr. styrk á næsta fjárhagstímabili, til þess að halda áfram skólanum (Nd. 64).
37. Matthías skáld Jochumsson sækir um hækkun eftirlauna (Nd. 65).
38. Síra Jónas Jónasson, kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri, sækir um 400 kr. persónulega launaviðbót (Nd. 66).
39. Ungmennafélag gagnfræðaskólans á Akureyri biður um 400 kr. styrk, til þess að koma upp leikvelli (Nd. 67).
40. Metúsalem skólastjóri Stephansson sækir, fyrir hönd íbúa Hróarstungulæknishéraðs, um 3000 kr. styrk, til þess að koma upp læknisbústað í héraðinu (Nd. 69).

41. Málaleitun frá Davíð Stephanssyni í Fornahvammi til þingmanns Mýramanna um styrkhækkun (Nd. 70).
42. Umsjónarmaður fræðslumálanna sækir um 400 kr. fjárveitingu á ári til skrifstofukostnaðar við embætti sitt (Nd. 77).
43. Ingibjörg leikkona Guðbrandsdóttir sækir um sama styrk og hún hefir haft (Nd. 81).
44. Áskorun frá 110 Snæfellingum og Hnappdælum um símalagning frá Borgarnesi til Stykkishólms og í veiðistaði undir Jökli norðan (Nd. 84).
45. Hnappdælir sækja um:
    1) að Miklaholtsprestakall verði látið hverfa í hið forna far;
    2) að Borgarneslæknir eigi setur í Kolbeinsstaðahreppi eða Hraunhreppi;
    3) að veitt sé fé til framhalds Borgarnesvegarins til Stykkishólms og þá um leið til brúargerðar á Haffjarðará;
    4) að veitt sé fé til talsímalagningar úr Borgarnesi til Stykkishólms og úr Miklaholtshreppi um Búðir til Ólafsvíkur.
    5) að veitt sé fé til hafnarmælinga í Skógarnesi í Hnappadalssýslu (Nd. 85).
46. Almennur fundur í Neshreppi utan Ennis felur þingmanni Snæfellinga að flytja það á þingi, að tíðari verði viðkomur strandferðaskipanna á Hellissand hér eftir (Nd. 86).
47. Sjötíu og þrír kjósendur í Neshreppi innan Ennis beiðast þess, að alþingi veiti á næsta fjárhagstímabili alt að 2000 kr., til þess að halda úti vélarbát til aðstoðar við landhelgisvörn á fiskimiðum Vallnara, Ólsara, Rifsara, Kefsara, Sandara, Gufsara og Önskvara (Nd. 87).
48. Erindi frá landsverkfræðingi Th. Krabbe um fjárveitingar til vita (Nd. 89).
49. Guðmundur Hjaltason sækir um 500 kr. árlegan styrk, til þess að halda alþýðlega fyrirlestra á Íslandi (Nd. 90).
50. Halldór skólastjóri Vilhjálmsson sækir um 1200 kr. styrk, vegna bændaskólans á Hvanneyri, til lagningar símalínu frá Hvítarvöllum að Hvanneyri (Nd. 91).
51. Sami sækir um 4000 kr. fjárveitingu til að koma upp leikfimishúsi við bændaskólann á Hvanneyri og að verja megi leifum frá skólahúsbyggingunni í sumar til leikfimishússins (Nd. 92).
52. Einar Árnason í Miðey skorar á þingmenn Rangæinga að beitast fyrir því á þingi, að veittur verði minst 1500 kr. styrkur á ári til vélarbátsferða milli Vestmannaeyja og Rangársands; ennfremur að ógoldnar 1000 kr. af áður veittum styrk verði borgaðar á næsta ári (Nd. 96).
53. Þingmaður Vestur-Ísfirðinga beiðist þess, að fjárlaganefnd neðri deildar taki upp í fjárlagafrumvarpið sérstaka fjárveitingu til unglingaskólans að Núpi í Dýrafirði, ekki minni en 1200 kr. (Nd. 97).
54. Þingmaður Austur-Skaftfellinga sækir um 3000 kr. hvort árið (1912—13) til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu (Nd. 98).
55. Steingrímur trésmiður Guðmundsson býður til kaups kvennaskólahúsið í Reykjavík fyrir 68,000 kr. (Nd. 99).
56. Þingmenn Eyfirðinga mælast til þess, að landssjóður kaupi símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar fyrir 7,600 kr. (Nd. 100).
57. Karl Sveinsson biður um 1000 kr. styrk á ári næstu tvö ár, til þess að geta haldið áfram rafmagnsfræðisnámi í Mittweida á Saxlandi (Nd. 101).
58. Skógræktarstjórinn fer fram á, að árslaun skógarvarða, þeirra er ekki hafa

ókeypis bústað, verði hækkuð upp í 1500 kr.; ennfremur að veittar verði 5000 kr. til þess að koma upp húsi handa skógarverðinum á Vöglum (Nd. 102).

59. Sami fer fram á, að fjárveiting til skógræktar verði hækkuð um 5000 kr.; sömuleiðis að veitt verði 2000 kr. aukafjárveiting til þess að bæta upp reikningshalla frá fyrra ári (Nd. 103).

60. Sami biður alþingi að hækka árslaun sín upp í 3600 kr.; ennfremur að hann fái ferðakostnað greiddan, frá 1. jan. 1910 að telja, 6 kr. á dag (Nd. 104).

61. Ágúst Bjarnason mag. art. biður um 600 kr. ritstyrk á ári næstu tvö ár, eins og haft hefir hann í undanförnum fjárlögum (Nd. 114).

62. Halldór prestur Bjarnarson fer þess á leit við alþingi, að sér verði seldir Presthólar fyrir 2,500 kr., eða að öðrum kosti verði sér veittar 2,500 kr. fyrir unnar jarðabætur og 1800 kr. fyrir frekari jarðabætur (Nd. 118).

63. Ingunn Loftsdóttir prestsekkja sækir um 300 kr. styrk í fjáraukalögum fyrir 1911, og sömu upphæð í fjárlögum 1912—13 til framfærslu skylduliði sínu (Nd. 119).

64. Þorvaldur læknir Pálsson sækir um alt að 2000 kr. styrk á ári, til þess að stunda sérgreinar nokkurar í læknisfræði í Reykjavík (Nd. 120).

65. Athugasemdir landssímastjóra við uppástungu stjórnarráðsins til fjárlaga 1912—13 viðvíkjandi starfrækslu landsíma Íslands (Nd. 125).

66. Ólafur læknir Þorsteinsson sækir um 1000 kr. árlegan styrk, til þess að halda uppi ókeypis lækningum í háls,- nef- og eyrnasjúkdómum (Nd. 129).

67. Magnús dýralæknir Einarsson leggur til að alþingi veiti nú í fjárlögunum 2000 kr. sem gjöf til professors dr. C. O. Jensen í heiðurs og þakklætisskyni frá Íslendingum fyrir starf hans í þágu landsins (Nd. 130).

68. Presturinn að Kvennabrekku í Dölum vestur sækir um 2000 kr. styrk úr landssjóði, til þess að byggja upp bæjarhúsin á prestsetrinu (Nd. 133).

69. Stjórnarráðið sendir erindi þeirra Th. Krabbe og Páls sjómannaskólastjóra Halldórssonar um viðgerð á herbergi því, sem í er landskjálftamælir Stýrimannaskólans, og leggur til, að til þess séu veittar 300 kr. í næstu fjárlögum (Nd. 135).

70. Stjórnarráðið sendir erindi frá hreppsnefnd Eyrbekkinga og skógræktarstjóra landsins um girðingar um sandfokssvæði í Eyrarbakkahreppi (Nd. 136).

71. Þingmenn Eyfirðinga leita þess, að veittar sé 10,000 kr. á ári næstu tvö ár til framhalds akbrautinni í Eyjafirði. Og auk þess vilja þeir fá veittar 2000 kr. til akvegarins í Svarfaðardal (Nd. 137).

72. Þingmaður Vestur-Skaftfellinga leitar þess, að fjárlaganefnd neðri deildar taki til yfirvegunar fjárveiting til brúargerðar á Jökulsá á Sólheimasandi (Nd. 138).

73. Sami þingmaður sendir fjárlaganefndinni uppdrátt af Jökulsárbrúnni (Nd. 139).

74. Bogi Th. Melsteð sækir um 1000 kr. styrk á ári næstu tvö ár, til þess að halda áfram að rita Íslendingasögu (Nd. 145).

75. Erindi frá umsjónarmanni fræðslumálanna um fjárveitingar til kenslumála (Nd. 147).

76. Vilhjálmur Finsen sendir fjárlaganefnd neðri deildar umboð sitt frá Marconifélaginu til þess að vera viðriðinn samningsgerð um loftskeytasamband á Íslandi (Nd. 148).

77. Stjórnarráðið sendir Peningamálanefndinni eftirrit af skýrslu og gerðabók

nefndar þeirrar, er skipuð var 2. sept. f. á. til þess að íhuga peningamálefni landsins (Nd. 149).

78. Stjórnarráðið sendir erindi frá Waldemar Petersen, þar sem farið er fram á lækkun á gjaldi af innlendri bittergerð (Nd. 150).
79. Pétur Árni Jónsson cand. phil. í Kaupmannahöfn sækir um 800 kr. styrk í tvö ár til fullkomnunar í sönglist (Nd. 151).
80. Stephan oddhagi Eiríksson sækir um 1000 kr. styrk hér eftir sem hingað til (Nd. 152).
81. Sami maður fer þess á leit, að alþingi veiti fé til að kaupa muni til framhalds iðnaðarsafns (Nd. 153).
82. Áskorun frá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um fjárveitingar o. fl., á 8 bréfum (Nd. 154).
83. Reynir Gíslason sækir um 800 kr. styrk á ári í næstu tvö ár, til þess að fullkomna sig erlendis í hljómfræði og hljóðfæraslætti (Nd. 155).
84. Reikningar holdsveikraspítalans 1908 og 1909.
85. Erindi frá Jóhanni pósti Þórðarsyni um fjárveiting til brúargerðar á ána Ljá, milli Ljárskóga og Hjarðarholts í Dölum, og til vegagerðar milli Ljárskóga og Glerárskóga (Nd. 158).
86. Erindi frá sýslumanni Snæfellinga og Hnappdæla um símalagningar vestur þar (Nd. 161).
87. E. Lüders í Kaupmannahöfn fer fram á að sér verði veittur 80 kr. ellistyrkur á ári (Nd. 162).
88. Erindi frá sýslumanni Snæfellinga og Hnappdæla um gufubátsferðir á Breiðafirði (Nd. 163).
89. Læknirinn í Vestmannaeyjum leitar þess, að sér verði á næsta fjárhagstímabili veitt 8000 kr. lán úr viðlagasjóði til húsbyggingar (Nd. 164).
90. Samúel trésmiður Jónsson sækir um 800 kr. styrk á ári handa Guðjóni syni sínum, til þess að halda áfram námi og ljúka við listaháskólann í Kaupmannahöfn (Nd. 165).
91. Jónas frá Hriflu Jónsson fer fram á að Alþingi veiti 1,500 kr. á ári næstu tvö ár til æfingakenslu Kennaraskólans (Nd. 166).
92. Bríet blaðstýra Bjarnhéðinsdóttir sækir um 600 kr. árlega handa Laufeyju dóttur sinni, til þess að stunda tungumálanám við Kaupmannahafnar háskóla (Nd. 167).
93. Þingmenn Gullbringusýslu og Kjósar mæla með því, að keypt verði af Ólafi Ketilssyni á Kalmannstjörn lóð sú, er landssjóður hefir á leigu undir Reykjanesvitann m. m. fyrir 2000 kr. (Nd. 168).
94. Guðmundur héraðslæknir Tómasson Hallgrímssonar biður um 3,500 kr. lán úr landssjóði til þess að standa straum af kostnaði við bygging embættisbústaðar á Kljáströnd í Höfðahverfi (Nd. 169).
95. Prófessor Björn M. Ólsen og dr. Björn Bjarnason fara fram á aukafjárveiting til Reykjavíkurdeildar Bókmentafélagsins, til þess að standa straum af utanför fulltrúa félagsins, er mæti við 100 ára afmælishátíð háskólans í Kristjaníu (Nd. 170).
96. Þingmaður Snæfellinga og Hnappdæla sendir fjárlaganefndinni tillögur sínar um símalagning vestur þar (Nd. 171).
97. Sigrún Ísleifsdóttir, ekkja Björns augnalæknis Ólafssonar, biður um álíka

eftirlaun og ekkjur embættismanna fá og samskonar styrk handa tveimur dætrum sínum, meðan þær eru á ómaga aldri (Nd. 173).

98. Þórður J. Thoroddsen stórtemplar sækir um, að Stórstúku Íslands verði veittar 2,000 kr. á ári sem að undanförnu (Nd. 174).

99. Reikningar daufdumbraskólans í Reykjavík fyrir árið 1909 (Nd. 176).

100. Erindi stjórnarráðsins um, að í fjárlögunum 1912—13 verði stjórninni veitt heimild til þess, að selja Miklaskála á Þingvelli fyrir 3,000 kr. (Nd. 177).

101. Biskup mælir með eftirlaunaviðbót handa Matthíasi skáldi Jochumssyni (Nd. 179).

102. Stephan B. Jónsson á Reykjum undir heiði sækir um 5,000 kr. styrk í eitt skifti, til þess að koma til verklegra framkvæmda nokkrum nytsömum hugmyndum (Nd. 181).

103. Fyrri þingmaður Reykvíkinga mælist til þess, að styrkur sá, 500 kr. á ári, er alþýðufræðsla Stúdentafélagsins hefir hér til notið, mætti enn haldast framvegis (Nd. 185).

104. Stjórn Fiskifélags Íslands sækir um alt að 12,000 kr. árlegan styrk (Nd. 186).

105. Búnaðarfélag Íslands fer fram á, að heimiluð sé í fjárlögunum 20,000 kr. lánveiting, til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs (Nd. 187).

106. Sama félagið mælist til þess, að ársstyrkur sá, er því sé ætlaður í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1912—13, verði hækkaður um 2,000 kr. (Nd. 188).

107. Sama félagið fer og fram á það, að heimiluð verði í næstu fjárlögum alt að 25,000 kr. lánveiting úr landssjóði til áveitu á Miklavatnsmýri (Nd. 189).

108. Sama félagið leitar þess, að fenginn verði í þjónustu félagsins eða landsstjórnarinnar vatnsvirkjafróður maður (Nd. 190).

109. Sama félagið skorar á Alþingi, samkvæmt samþykt Búnaðarþingsins, að veita landsstjórninni heimild til að lána úr viðlagasjóði alt að 25,000 kr. til þess að koma upp sláturhúsum (Nd. 191).

110. Sama félagið skorar á Alþingi, samkvæmt samþykt Búnaðarþingsins, að hlutast til um að skip þau með kælirúmum, er fara milli landa, og strandbátarnir séu svo útbúin, að kælirúmin komi að notum (Nd. 192).

111. Erindi frá þingmanni Snæfellinga og Hnappdæla um símalagning vestur þar, og þar með umræði og áætlanir landssímastjórans um þau efni (Nd. 194).

112. Ásgrímur kennari Magnússon sækir um styrk, alt að 1,000 kr. árlega, til þess að halda uppi unglingaskóla í Reykjavík (Nd. 199).

113. Helgi Valtýsson sækir um sem allra ríflegastan styrk til handa sambandsstjórn ungmennafélags Íslands, til skóggræðslu sérstaklega (Nd. 201).

114. Oddviti Ásahrepps skorar á Alþingi, samkvæmt fundarályktun að Hala í Ásahreppi, að það veiti landsstjórninni heimild til að lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr., til þess að vernda Safamýri fyrir vatnságangi (Nd. 202).

115. Guðmundur meistari Finnbogason sækir um 600 kr. styrk á ári næstu tvö ár, til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína (Nd. 204).

116. Þingmenn Gullbringusýslu og Kjósar senda og mæla með erindi frá héraðslækninum í Keflavík og nokkrum mönnum öðrum, er fer fram á, að fé verði veitt til nægilegrar stækkunar geðveikrahælisins á Kleppi (Nd. 209).

117. Reikningar geðveikrahælisins á Kleppi fyrir árið 1910 (Nd. 212).

118. Bjarni héraðslæknir Jensson fer þess á leit, að Alþingi veiti heimild til þess, að landssjóður kaupi íbúðarhús hans á Breiðabólsstað á Síðu fyrir embættisbústað héraðslæknisins þar í héraði (Nd. 213).
119. Sami héraðslæknir leitar þess, að Alþingi láti hann njóta fylstu eftirlauna, er fylgt geti embætti hans eftir 29 ára þjónustu, eða 1000 kr. á ári (Nd. 214).
120. Hlutafélagið klæðaverksmiðjan Iðunn sækir um 45,000 kr. viðbótarlán gegn 1. veðrétti í öllum eignum félagsins (Nd. 218).
121. Indriði Guðmundsson biður um 500 kr. landssjóðslán til húsbygginga og ræktunar á Laugarvatnsvöllum (Nd. 219).
122. Tillögur landssímastjóra um símalagningar og rekstur landssímans (Nd. 221).
123. Kristín Jónsdóttir biður um 400 kr. styrk til áframhalds teikninganámi í Kaupmannahöfn (Nd. 223).
124. Jóhann skáld Sigurjónsson sækir um 600 kr. árlega fjárveitingu, til þess að geta gefið sig eingöngu við samningu leikrita um íslenzk efni (Nd. 228).
125. Sveinn Árnason yfirfiskimatsmaður biður um 800 kr. ferðastyrk, til þess að kynna sér fiskmarkað á Spáni og Ítalíu, eða 1,100 kr. í sömu erindum í þessum löndum og Portúgal (Nd. 234).
126. Þingmenn Eyfirðinga flytja áskorun sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu til Alþingis um stofnun kvennaskóla fyrir norðan land við Eyjafjörð (Nd. 236).
127. Gufubátsfélag Faxaflóa sækir um, að styrkur sá, 12,000 kr., er það fær nú úr landssjóði til póstflutninga o. fl., verði hækkaður upp í 15,000 kr. á ári (Nd. 239).
128. Nefnd Stúdentafélagsins, er starfa skal að því, að háskóli Íslands geti tekið til starfa, leitar fjárlaganefndar neðri deildar um það, að veitt verði í fjáraukalögum $19^{10}/_{11}$ nægilegt fé til þess, að skólinn geti orðið stofnaður 17. júní 1911 og kensla byrjað í haust (Nd. 245).
129. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og sýslunefnd Kjósarsýslu og Gullbringu beiðast þess, að veittar verði 4,800 kr. til vegalagningar frá Elliðaám niður í Fossvog (Nd. 251).
130. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar sækir um 25,000 kr. styrk úr landssjóði til þess að byggja hafskipabryggju í Hafnarfirði (Nd. 252).
131. Hjörtur Snorrason kennari á Hvanneyri biður um 600 kr. árleg eftirlaun frá 1. jan. 1912 að telja (Nd. 256).
132. Erindi biskups til fjárlaganefndar neðri deildar um húsaleigustyrk til presta í kauptúnum (Nd. 279).
133. Sýslumaður Skagfirðinga leitar þess, að Alþingi veiti sem ríflegastan styrk til hafnarbryggju á Sauðárkróki (Nd. 281).
134. Ályktun sýslunefndar Skagfirðinga um, að létt verði algerlega af sýslufélaginu og af hreppsfélögum kostnaði við starfrækslu talsímastöðva (Nd. 282).
135. Áskorun sýslunefndar Skagfirðinga um fjárveiting til flutningabrautar frá Sauðárkróki fram Skagafjörð (Nd. 283).
136. Jónas Jónsson sækir um nokkurn styrk um næstu tvö ár, til þess að rannsaka og rita um íslenzkan kirkjusöng frá 1550 til 1900 (Nd. 385).
137. Vilhjálmur Finsen loftskeytafræðingur sækir um 1500 kr. styrk til rannsóknar á síðustu framförum á þráðlausu firðtali (Nd. 386).
138. Erindi um fjárstyrk til stofnunar húsmæðraskóla á Ísafirði (Nd. 387).

139. Erindi frá framkvæmdarstjóra gufuskipafélagsins »Thore« um skipaferðir félagsins (Nd. 388).
140. Íbúar Akureyrarkaupstaðar og aðrir Norðlendingar, 110 að tölu, mælast til þess, að Friðjóni lækni Jenssyni verði veittur 1000 kr. árlegur styrkur, til þess að setja sig niður sem tannlæknir á Akureyri (Nd. 390).
141. Erindi frá Andrési augnlækni Féldsted um læknisstarfsemi hans o. fl. (Nd. 391).
142. Leikfélag Reykjavíkur sækir um fjárstyrk, helzt ekki minna en 10,000 kr. árlega (Nd. 393).
143. Nokkrir alþingiskjósendur í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu biðja um 500 kr. styrk til bókakaupa handa lestrarfélagi hreppsins (Nd. 399).
144. Brynjólfur Sigfússon organleikari í Vestmannaeyjum sækir um 1200 kr. styrk, til þess að afla sér aukinnar þekkingar á söngfræði, söngstjórn og organleik (Nd. 404).
145. Þorsteinn Mýrmann sækir um 600 kr. styrk, til þess að kynna sér meðferð Norðmanna á fiskúrgangi til áburðar (Nd. 405).
146. Sigurður skólastjóri Þórólfsson sækir um 2,100 kr. árlegan styrk handa skólanum á Hvítárbakka (Nd. 411).
147. Erindi frá hreppsnefndinni í Biskupstungnahreppi um aukafjárveitingu til brúargerðar á Brúará (Ed. 4).
148. Beiðni um 600 kr. styrk frá Ola Steinback Stephanssyni til tannlækninga (Ed. 5).
149. Þakkarávarp til Alþingis frá Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal fyrir veitta viðurkenningu, ásamt tilmælum um ellistyrk (Ed. 11).
150. Erindi frá Borgfirðingum eystra um símalagning um Óshöfn að Bakkagerði í Borgarfirði (Ed. 13).
151. Erindi frá Einari presti Jónssyni á Desjarmýri, eftir umboði kjósenda í Borgarfirði eystra, um að afnema svokölluð Maríu og Péturslömb en bæta prestum þann halla upp úr prestlaunasjóði (Ed. 14).
152. Erindi frá Borgfirðingum eystra um, að gera hrepp þeirra að sérstöku læknishéraði (Ed. 15).
153. Sigtryggur prestur Guðlaugsson sækir um 1200 kr. árlegan styrk til ungmennaskólans að Núpi í Dýrafirði (Ed. 26).
154. Erindi frá Vestur-Ísfirðingum um 1500 kr. styrk til þess að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á Rafnseyri (Ed. 27).
155. Erindi frá þingmanni Vestur-Ísfirðinga til fjárlaganefndar neðri deildar um sama efni (Ed. 28).
156. Hafnarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar sækir um styrk og lán til skipakvíar og báta á Ísafirði (Ed. 35).
157. Pétur M. Bjarnarson verksmiðjueigandi á Ísafirði sækir um styrk og lán til niðursuðu-verksmiðju á Ísafirði (Ed. 37).
158. Iðnaðarmannafélag Ísafjarðarkaupstaðar sækir um styrk til kvöldskóla þess, er það heldur uppi (Ed. 39).
159. Áskorun frá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um fjárveitingar o. fl. (Ed. 40).
160. Hólmgeir dýralæknir Jensson sækir um framhaldandi styrk, og mælist til að fá hann hækkaðan (Ed. 42).

161. Camilla Torfason leitar þess við Alþingi, að það veiti fé til stofnunar húsmæðraskóla á Ísafirði (Ed. 51).
162. Jón Sigurðsson sækir um 1000 kr. styrk, til þess að fara til Svíþjóðar og kynna sér þar, hvernig fossafl er notað til að framleiða rafmagn (Ed. 52).
163. Ole Haldorsen sækir um 1000 kr. styrk einu sinni, til þess að fara utan og afla efniviðar í vagnhjól og fleira, er Íslandi megi til nytja verða (Ed. 55).
164. Erindi frá sýslumanni Borgfirðinga og Mýramanna til þingmanns Borgfirðinga um landssjóðsstyrk til vegagerða þar í héraði (Ed. 94).
165. Erindi frá landssímastjóranum, þar sem hann lætur uppi áætlan sína um, að tvöfaldur koparþráður milli Borðeyrar og Ísafjarðar kosti 66,905 kr. (Nd. 417).
166. Þingmenn Gullbringusýslu og Kjósar fara fram á 4700 kr. fjárveitingu til aukinnar landhelgisvarnar í Faxaflóa sunnanverðum (Nd. 418).
167. Erindi Páls skólastjóra Halldórssonar um 400 kr. þóknun fyrir gæzlu landskjálftamælisins í Stýrimannaskólanum, og þar með meðmæli stjórnarráðsins (Nd. 419).
168. Stjórn gagnfræðaskólans í Flensborg leitar þess, að skólinn njóti sama styrks og í síðustu fjárlögum (Nd. 420).
169. Sigmundur Sveinsson á Brúsastöðum sækir um 12,000 kr. lán úr landssjóði til húsabóta á Þingvelli (Nd. 421).
170. Stjórn kvenréttindasambands Íslands sækir um 800 kr. styrk til þess að fulltrúi sambandsins geti sótt alþjóðafund kvenna í Stokkhólmi í sumar (Nd. 422).
171. Sigurður Guðmundsson mag. art. sækir um 1000 kr. árlegan styrk til þess að stunda bókmentasögu Íslands (Nd. 423).
172. Jón Ólafsson rithöfundur fer fram á, að sér verði veitt sama upphæð til samningar íslenzkrar orðbókar fyrir hverja örk sem hingað til (Nd. 424).
173. Þórhallur Björnsson stud. art. sækir um styrk, helzt ekki minni en 600 kr. á ári, til dýralækninganáms (Nd. 425).
174. Erindi frá Jóni landsbókaverði Jakobssyni til fjárlaganefndar neðri deildar um ýmsa þá hluti, er Bókhlöðuna varða (Nd. 426).
175. Þorlákur Bergsveinsson í Rúfeyjum undir Skarðsströnd sækir um 500 kr. styrk til þess að gefa út leiðarvísi, er firri menn því að verða sæhafa um Breiðafjörð (Nd. 427).

B. Ýms önnur erindi.

1. Þingmálafundargerð úr Dalasýslu (Nd. 9).
2. Þingmálafundargerð úr Skarðsstrandarhreppi í sömu sýslu (Nd. 10).
3. Eiríkur prestaskólakennari Briem kærir það fyrir neðri deild alþingis, að sér hafi verið vikið frá gæzlustjórn Landsbankans, og krefst leiðréttingar á því (Nd. 11).
4. Þingmálafundargerð úr Suður-Þingeyjarsýslu (Nd. 15).
5. Þingmálafundargerð úr Norður-Múlasýslu (Nd. 16).
6. Þingmálafundargerð úr Vopnafirði í Norður-Múlasýslu (Nd. 18).
7. Fimm þingmálafundargerðir úr Austur-Skaftafellssýslu (Nd. 19).
8. Áskorun frá 491 konu í Suður-Þingeyjarsýslu um aukin kvenréttindi (Nd. 20).

9. Sóknarnefndin í Strandarsókn í Selvogi óskar þess, í umboði safnaðarins, að Selvogsþing verði gerð að sérstöku prestakalli (Nd. 22).
10. Fjórar þingmálafundargerðir úr Húnavatnssýslu (Nd. 23).
11. Tólf þingmálafundargerðir úr sömu sýslu (Nd. 24).
12. Sigurður sýslumaður Ólafsson skorar á þingmenn Árnesinga, að flytja á þingi tillögur um breytingar á vegalögunum, samkvæmt ályktun sýslunefndar Árnesinga (Nd. 31).
13. Knud Zimsen biður þingmenn Reykvíkinga, fyrir hönd dómkirkjusafnaðarins, að gera sitt hið ítrasta til þess, að fá framgengt breytingum á sóknargjaldalögunum (Nd. 33).
14. Þingmálafundargerð úr Vestmannaeyjum (Nd. 39).
15. Þrjár þingmálafundargerðir úr Rangárvallasýslu (Nd. 39).
16. Þingmálafundargerð úr Ísafjarðarkaupstað (Nd. 40).
17. Tvær þingmálafundargerðir úr Suður-Múlasýslu (Nd. 48).
18. Erindi til þingmanna Sunnmýlinga með skýrslu um þingmálafund í Berunneshreppi (Nd. 49).
19. Útdráttur úr fundargerð í Helgustaðahreppi (Nd. 51).
20. Erindi til þingmanna Sunnmýlinga frá kvennaskólanefnd Austurlands (Nd. 52).
21. Þingmálafundargerð úr Norður-Ísafjarðarsýslu (Nd. 59).
22. Fimm þingmálafundargerðir úr Eyjafjarðarsýslu (Nd. 68).
23. Þakkarávarp til alþingis frá fjórum kvenfélögum fyrir veittar réttarbætur, ásamt beiðni um frekari réttindi (Nd. 71).
24. Áskorun frá 30 kjósendum í Mýrasýslu um, að hinn fyrirhugaði sími til Stykkishólms verði lagður frá Borgarnesi (Nd. 72).
25. Rannveig Tómasdóttir óskar þess, í umboði kvenna í Hofshreppi í Skagafirði, að alþingi veiti konum jafnrétti við karlmenn í öllu (Nd. 73).
26. Erindi frá Jóhanni Magnússyni, í umboði ýmsra manna, um fjárböðun og ullartoll (Nd. 74).
27. Fjórar ljósmæður í Norður-Ísafjarðarsýslu og Vestmannaeyjum skora á alþingi að taka til yfirvegunar launakjör ljósmæðra og bæta þau (Nd. 75).
28. Guðrún J. Norðfjörð biður þingmann Mýramanna að flytja á alþingi erindi yfirsetukvenna um bót á launakjörum þeirra (Nd. 76).
29. Átta þingmálafundargerðir úr Snæfellsnessýslu (Nd. 82).
30. Tuttugu kjósendur í Eyrarsveit beiðast löggildingar á Kvíabryggju undir Stöð í sömu sveit (Nd. 83).
31. Sextíu og tveir kjósendur á Sandi og í Keflavík undir Jökli óska breytinga á lögum um vátrygging fyrir sjómenn, landi og lýð til bóta og blessunar (Nd. 88).
32. Áskorun til alþingis frá Jóni Grímssyni og Sæmundi Friðrikssyni, fyrir hönd verkmannafélagsins »Bárunnar« á Stokkseyri, um að breyta lögum um sóknargjöld frá 30. júlí 1909 (Nd. 95).
33. Bréf stjórnarráðsins til fjárlaganefndar neðri deildar ásamt eftirriti af samningi við 3 danska banka um $1^1/_2$ miljónar lán til að kaupa bankavaxtabréf af Landsbankanum (Nd. 109).
34. Fimm ljósmæður í Reykjavík óska þess, að alþingi taki til athugunar launakjör ljósmæðra og bæti þau (Nd. 110).
35. Fjórar yfirsetukonur í Skagafirði skora á alþingi að taka til rækilegrar yfirvegunar launakjör ljósmæðra og bæta þau (Nd. 113).
36. Fimm þingmálafundargerðir úr Gullbringusýslu og Kjósar (Nd. 116).

37. Fimm þingmálafundargerðir úr Norður-Þingeyjarsýslu (Nd. 121).
38. Árni Daviðsson og Hjörtur Þorkelsson beiðast löggildingar á Hjálmarsvík í Þistilfirði, samkvæmt ósk þingmálafundar að Svalbarði (Nd. 122).
39. Þingmálafundargerð úr Seyðisfjarðarkaupstað (Nd. 123).
40. Þingmálafundargerð Reykvíkinga (Nd. 124).
41. Tillögur um skattamál frá Ágúst Helgasyni, Guðmundi Lýðssyni, Ól. V. Briem og Böðvari Magnússyni (Nd. 126).
42. Þingmálafundargerð úr Dalasýslu (Nd. 127).
43. Erindi frá Birni Þorsteinssyni í Bæ til þingmanns Borgfirðinga um brúargerð á Hvítá (Nd. 128).
44. Þingmálafundargerð úr Norður-Þingeyjarsýslu (Nd. 134).
45. Áskorun frá einni ljósmóður í Snæfellsnessýslu um að alþingi breyti launakjörum ljósmæðra og betri þau (Nd. 140).
46. Þingmálafundargerð úr Mýrasýslu (Nd. 146).
47. Fimm þingmálafundargerðir úr Skagafjarðarsýslu (Nd. 172).
48. Fjörutíu og fjórir bátaformenn í veiðistöðum Árnessýslu skora á alþingi að breyta til betra horfs lögum frá 30. júlí 1909 um vátrygging fyrir sjómenn (Nd. 178).
49. Þrír lögfræðisnemendur við Kaupmannahafnarháskóla leita þess, að alþingi breyti svo 3. gr. laga nr. 38, 16. nóv. 1907, að fresturinn fyrir lögnema til að ljúka námi sínu verði lengdur um 1—$1^1/_2$ ár (Nd. 180).
50. Fjórar ljósmæður í Vestur-Skaftafellssýslu skora á alþingi að yfirvega launakjör ljósmæðra og bæta þau (Nd. 200).
51. Þingmálafundargerð úr Rangárvallasýslu (Nd. 203).
52. Sex þingmálafundargerðir úr Barðastrandarsýslu (Nd. 229).
53. Erindi frá 16 kjósendum til alþingis í Tálknafjarðarhreppi um þingmál (Nd. 231).
54. Fundargerð frá undirbúningsfundi sýslunefndar Barðastrandarsýslu (Nd. 232).
55. Erindi frá Söknarnefndarfundi í Saurbæjarprestakalli í Eyjafirði, og er þess þar krafist, að lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla verði svo breytt, að Grundarþing verði látin halda sér eins og þau nú eru (Nd. 237).
56. Erindi frá nefnd Stúdentafélagsins, er að því skal vinna, að háskóli Íslands geti tekið til starfa (Nd. 242).
57. Tvær þingmálafundargerðir í Snæfellsnessýslu (Nd. 246).
58. Stjórn vátryggingarsjóðs sjómanna sendir vátryggingarnefnd neðri deildar kveðju guðs og sína og leggur á móti því, að breytt verði lögum frá 30. júlí 1909 um vátrygging sjómanna (Nd. 247).
59. Konur í Fellsstrandarhreppi óska þess, að þeim veitist fult jafnrétti við karla (Nd. 250).
60. Tuttugu og níu alþingiskjósendur í Stykkishólmi fara þess á leit við þingmann sinn, að hann leggist í mót þingmálafundarályktun Dalamanna um fuglaskot og sela (Nd. 260).
61. Útskrift af gerðabók sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjum um takmörk verzlunarlóðarinnar þar (Nd. 264).
62. Erindi til þingmanns Borgfirðinga frá Bjarna Bjarnasyni á Geitabergi um vegagerð, sauðfjárbaðanir og fl. (Nd. 265).
63. Borgarstjóri Reykjavíkur sendir eftirrit af fundarsamþykt bæjarstjórnarinnar viðvíkjandi frumvarpi til laga um breyting á lögum um kosning borgarstjóra (Nd. 268).

64. Eftirrit af fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkur, þar sem hún »mótmælir algerlega, að frumvarp til laga um ráðstafanir til að eyða rottum með eitri verði að lögum, að minsta kosti að því er Reykjavík snertir« (Nd. 269).
65. Áskorun frá konum í Húnavatnssýslu um kvenréttindi og aðflutningsbann á áfengi (Nd. 280).
66. Sýslumaður Skagfirðinga leitar þess, í umboði sýslunefndar, að alþingi afgreiði nú lög um ullarmat (Nd. 284).
67. Fjörutíu og tveir íbúar Sléttuhrepps og Grunnavíkur í Norður-Ísafjarðarsýslu fara þess á leit, að alþingi hlutist til um, að Hesteyri verði tekin upp í áætlun strandskipsins sem fastákveðinn viðkomustaður í öllum ferðum þegar á næsta ári (Nd. 400).
68. Nefndarskýrsla um skattamál úr Árnessýslu (Ed. 1).
69. Þingmálafundargerð frá Húsatóftum í Árnessýslu (Ed. 2).
70. Þingmálafundargerð frá Tryggvaskála í Árnessýslu (Ed. 3).
71. Erindi frá kvenfélagi Viðvíkurhrepps um jafnrétti kvenna (Ed. 6).
72. Erindi frá yfirsetukonum í Eyjafirði um launahækkun, og þar með ummæli landlæknis um það efni (Ed. 9).
73. Erindi frá ljósmæðrum í Kjósarsýslu um launahækkun (Ed. 10).
74. Erindi frá Borgfirðingum eystra um fleiri viðkomur strandferðaskipanna á Borgarfirði (Ed. 12).
75. Erindi frá Kristjáni háyfirdómara Jónssyni, þar sem hann kærir það fyrir efri deild, að sér hafi verið vikið frá gæzlustjórn Landsbankans, og krefst aðstoðar deildarinnar til leiðréttingar þeirra mála (Ed. 16).
76. Fjórar þingmálafundargerðir úr Borgarfjarðarsýslu (Ed. 19).
77. Þingmálafundargerð úr Akureyrarkaupstað (Ed. 22).
78. Átta ljósmæður í Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað æskja íhugunar um launakjör ljósmæðra og betrunar á þeim (Ed. 31).
79. Skýrsla gagnfræðaskólans á Akureyri 1908—9 (Ed. 33).
80. Skýrsla sama skóla 1909—10 (Ed. 34).
81. Erindi frá niðursuðuverksmiðjunni »Ísland« á Ísafirði um lækkun á flutningsgjaldi á niðursoðnum matvælum (Ed. 36).
82. Erindi frá útgerðarmönnum í Ísafjarðarkaupstað um ráðstafanir af hálfu alþingis til eflingar sjávarútvegi (Ed. 38).
83. Erindi frá hreppsnefnd Húsavíkurhrepps um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum (Ed. 46).
84. Framkvæmdarnefnd Stórstúku Íslands treystir alþingi til að fella frumvarp það um frestun á framkvæmd bannlaganna, sem fram er komið í efri deild, og að það í engu hviki frá hinum síðustu gerðum sínum í því máli (Ed. 95).

Nd. **666. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

Frá tolllaganefndinni.

Við 1. gr. 3. tölul.

1. Á undan »drykkjarföngum« komi: óáfengum.
2. Orðin »hvort sem þau eru áfeng eða ekki« falli burt.

Ed. **667. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Milli Seyðisfjarðarhéraðs og Reyðarfjarðarhéraðs skal stofna nýtt læknishérað, er nefnist Norðfjarðarhérað: Norðfjarðarhreppur og Mjóafjarðarhreppur. Læknissetur í Norðfirði.

Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyr en sérstakur læknir er skipaður í Norðfjarðarhéraði.

Ed. **668. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hnappadalssýsla og syðsti hreppur Snæfellsnessýslu skal vera eitt læknishérað og heita Hnappdælahérað. Í héraði þessu er: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjarhreppur, Miklaholtshreppur og Staðarsveit. Læknissetur skal vera í austanverðum Miklaholtshreppi.

2. gr.

Þá er Hnappdælahérað verður lækni skipað, skal sú breyting ger á Borgarneshéraði, að það taki ekki lengra vestur en að Hítará, á Stykkishólmshéraði, að til þess liggi ekki Miklaholtshreppur, og á Ólafsvíkurhéraði, að það taki ekki lengra austur sunnanfjalls en á mörk Staðarsveitar og Breiðavíkurhrepps.

Nd. **669. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um einkarétt landssjóðs á aðfluttum vörum (þskj. 631).

Flutningsm.: Þorl. Jónsson, Magnús Blöndahl og Björn Sigfússon.

Meginmálið orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina, að skipa fimm manna nefnd til þess að íhuga og rannsaka hvort tiltækilegt sé að auka tekjur landssjóðs með einkarétti á aðfluttum vörum, svo sem tóbaki, steinolíu, kolum o. fl.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir af sameinuðu þingi, en landsstjórnin nefnir sjálf til einn þeirra, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Aðstoð við nefndarstörfin, svo og útgjöld til þess að útvega nægar upplýsingar, teljast til kostnaðar við nefndina.

Nefndin skal senda landsstjórninni tillögur sínar svo fljótt, sem hún fær því við komið, og þau lagafrumvörp, er hún kann að semja um þessi efni, en landsstjórnin leggi fyrir næsta þing þau af frumvörpum þessum, er hún telur vel fallin til þess að verða að lögum, en með þeim breytingum, er hún kann að vilja gera á þeim.

Nd. **670. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (þskj. 632).

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

Við 5. gr. B. I.—III.

Aðaltillaga:

Málsgreinin: »Háskóli Íslands skal settur 17. júní . . . . . kr. 3,450,00« falli burt.

Varatillaga:

Fjárveitingin: »kr. 3,450,00« falli burt.

Nd. **671. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1910 og 1911.

Frumvarp þetta hefir orðið fyrir nokkrum breytingum i efri deild, og eru þær ílestar svo lagaðar, að nefndin getur fallist á þær. Og mun verða gerð grein fyrir þeim i framsögunni seinna. Tvent er það þó sem sérstaklega verður á að minnast i nefndarálitinu.

Efri deild hefur eftir tillögu hæstvirts ráðherra samþykt viðbót við skrifstofukostnað vegaverkfræðings að upphæð 129 kr. 98 a. Í gildandi fjár-

lögum er veitt til skrifstofukostnaðar 500 kr. Og skilur meiri hluti nefndarinnar það svo, að skrifstofukostnaðurinn megi ekki fara yfir þá upphæð, eða að verkfræðingurinn megi ekki brúka meira en veitt er í þessum tilgangi. En þó við svo búið sé látið standa nú, væntir nefndin að þetta komi ekki oftar fyrir.

Þá hefir efri deild felt burtu 40,000 kr. fjárveitinguna til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, og reynt að rökstyðja það með því, að loftskeytasamband mundi verða gagnsminna fyrir Vestmannaeyjar en símasamband og jafnframt miklu dýrara fyrir landssjóð, enda sé loftskeytasambandi mótmælt af Vestmanneyingum. Á þetta getur meiri hluti nefndarinnar ekki fallist. Loftskeytastöð verður að koma upp í Reykjavík nú þegar, ekki einungis vegna sambands við Vestmannaeyjar heldur margs annars. Tvöfaldur og óþarfur kostnaður fyrir landssjóð að setja upp loftskeytastöð í Reykjavík og leggja jafnframt síma milli Vestmannaeyja og lands.

Fyrir því er fjárveitingin tekin upp aftur með þessari breytingartillögu:

Við 13. gr. D. II. Nýr liður bætist við:

Til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja	40,000,00

Alþingi 18. apríl 1911.

Skúli Thoroddsen, formaður. Björn Þorláksson, skrifari og framsögumaður.

Sigurður Sigurðsson. Björn Sigfússon. Jóh. Jóhannesson.

Pétur Jónsson. Eggert Pálsson.

Nd. **672. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland 8. nóv. 1901. (Þskj. 658).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 1. gr. 5. lið. Fyrir »0,02« komi: 0,03.

Nd. **673. Nefndarálit**

um frv. til laga um eiða og drengskaparorð.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og ræður eftir atvikum háttv. deild til að samþykkja það, eins og það er komið frá háttv. Ed., þó með

þeirri einni breyting á eiðstafnum, sem talin er hér á eftir. Reyndar telur nefndin ekki farið nógu langt með breytingar á gildandi lögum í þessu efni, en hún telur samt réttarbót í frumvarpinu, og vill ekki verða þess valdandi með verulegum breytingum á því, að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Neðri deild alþingis, 19. apríl 1911.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Jón Magnússon, skrifari og framsögum.

Jón Þorkelsson. Björn Sigfússon. Benedikt Sveinsson.

BREYTINGARTILLAGA

við frv. til laga um eiða og drengskaparorð.

Frá nefndinni.

Við 2. gr. Í stað »við almáttugan guð« komi: og vitna til guðs almáttugs.

Nd. **674. Frumvarp**

til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir að háskóli Íslands er tekinn til starfa, hafa þeir einir rétt til embætta hér á landi, er tekið hafa embættispróf við háskólann. Þó á þetta að eins við þær fræðigreinar, sem þar eru kendar og próf er haldið í.

2. gr.

Undanþágu frá fyrirmælum 1. gr. má landsstjórnin eftir tillögum háskólaráðsins veita, sé um kennaraembætti við háskólann að ræða.

3. gr.

Læknisfræðingum, er sanna, að þeir hafi aflað sér nægrar þekkingar í læknisfræði á erlendum háskólum eða öðrum slíkum mentastofnunum má og landsstjórnin veita leyfi til þess að stunda hér á landi lækningar, en leitað skal tillagna læknadeildar háskólans í hvert skifti áður slíkt leyfi sé veitt.

4. gr.

Þeir, er lokið hafa embættisprófi við Kaupmannahafnarháskóla í fræðigreinum þeim, sem hér eru kendar á háskólanum, innan 5 ára eftir að háskólinn tekur til starfa, skulu hér embættisgengir eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt. Þó má engum lögfræðiskandídat frá Kaupmannahafnarháskóla veita hér embætti, er lagapróf þarf til, nema hann hafi lokið þar prófi innan 5 ára eftir að lagaskólinn tók til starfa.

Nd. **675. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga peninga- og bankamál landsins og stofnun fasteignaveðbanka.

Frá peningamálanefndinni.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina, að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga peninga- og bankamál landsins, og sérilagi að íhuga á hvern hátt hagkvæmast verði að stofna fasteignaveðbanka og að koma verðbréfum hans á markaðinn.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir af sameinuðu alþingi með hlutfallskosning en landsstjórnin nefnir sjálf til einn þeirra, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Aðstoð við nefndarstörf og útgjöld til þess að afla sér nægilegra upplýsinga teljast til kostnaðar við nefndina.

Nefndin skal senda landsstjórninni tillögur sínar svo fljótt, sem hún fær því viðkomið, og eigi síðar en svo, að stjórnin geti í síðasta lagi lagt í frumvarpsformi fyrir næsta reglulegt þing það af þeim, sem hún aðhyllist.

Ed. **676. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur um Ölfus að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall.

Viðhaldsskylda á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, sem nú hvílir að 1/3 á Rangárvallasýslu, sbr. 8. gr. vegalaganna stafl. d., skal frá 1. janúar 1914 hvíla að öllu leyti á Árnessýslu.

2. gr.

Þá er flutningabraut er fullgerð eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgerður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun. Skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

Áður en afhending fer fram, skal framkvæma skoðunargerð á brautinni eða brautarkaflanum, og tilnefnir stjórnarráðið annan skoðunarmanninn, en sýslunefnd þeirrar sýslu, sem vegurinn liggur í, tilnefnir hinn. Skulu þeir semja nákvæma lýsingu á veginum og senda stjórnarráðinu, og úrskurðar stjórnarráðið síðan, hvort vegurinn eða vegarkaflinn sé fullger, eða skemdir bættar, svo sem hér er fyrirmælt.

3. gr.

Hreppsvegagjald er 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna, skulu samdar í októbermánuði ár hvert, og sendar sýslumanni fyrir árslok. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

4. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærraskrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldanna er 31. desember ár hvert.

5. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði. Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 3. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 10. gr., 24. gr., 26. gr., fyrri liður 27. gr., 54. gr. og 55. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Nd. **677. Breytingartillögur**

við frv. til laga um farmgjald af aðfluttum vörum. (Þingskj. 663).

Frá meiri hluta skattamálanefndarinnar.

Við 7. gr. Á eftir orðunum: »skal afhenda lögreglustjóra« komi: eða umboðsmanni hans.

Við 7. gr. síðustu málsgrein. Á eftir upphafsorðunum: »Það varðar«, bætist: skipstjóra.

Ed. **678. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 um vegi.

Flutningsmenn: Kristinn Daníelsson og Steingrímur Jónsson.

Á eftir 5. gr. komi ný grein svo hljóðandi (og greinatalan breytist eftir því):

Verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfélagið hefir, næsta ár á undan því er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verzlunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði sem sýsluvegagjaldinu nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en kr. 2,50 á hvern verkfæran mann samkv. 3. gr. þessara laga.

Nd. **679. Þingsályktun**

um landhelgisgæzlu við Ísland.

(Eins og hún var samþykt í neðri deild 19. apríl 1911).

Neðri deild alþingis ályktar, að lýsa yfir því, að það sé rétt að Íslendingar taki þá til íhugunar fjárframlög til landhelgisgæzlu Dana hér við land, þegar rétt hlutaðeigandi stjórnarvöld Danmerkurríkis viðurkenna að landhelgi Íslands heyri Íslendingum einum til, og að gæzla hennar eigi að fara fram í umboði þeirra.

Ed.

680. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884 (þingskj. 274).

Vér undirritaðir, sem falið var frumvarp þetta til athugunar, höfum rætt það á allmörgum fundum.

Álit vort er á þessa leið:

Nefndin lítur svo á, að hér sé um vandamál mikið að ræða, sem þurfi gaumgæfilegrar íhugunar, því ábúðarlöggjöfin hefir djúp og víðtæk áhrif á landbúnaðinn og verð jarða í landinu, og snertir bæði beint og óbeint stórmikinn meiri hluta þjóðarinnar.

Hentug og sanngjörn ábúðarlöggjöf getur stutt og hlýtur að styðja að eðlilegri og heillavænlegri framför landbúnaðar í landinu, en alt það í slíkri löggjöf, sem óhentugt er eða ranglátt, verkar gagnstætt og verður til að hamla framförum í landbúnaði, og stendur því sem þröskuldur í vegi fyrir velliðan mikils hluta þjóðarinnar.

Alþingi hefir aftur og aftur viðurkent hvorttveggja þetta, að landbúnaðarlöggjöfin væri vandaverk mikið og hagsældarmál fyrir þjóðina, en þessi viðurkenning snertir þá eigi hvað sízt ábúðarlögin, sem óefað má telja einna þýðingarmesta þáttinn í þeirri löggjöf allri. Og þingið hefir ekki að eins sýnt þetta í orði heldur einnig í verkinu, með því oftar en einu sinni að skipa milliþinganefnd í landbúnaðarmálinu.

En þótt svo sé, að alþingi hafi lagt alúð á að umbæta landbúnaðarlöggjöfina, og þá líka ábúðarlögin, þá verður því þó ekki með sanngirni neitað, að tilfinnanlegir gallar sé á ábúðarlögunum, sem nú gilda. Og til þess miðar frumv. að bæta úr nokkrum helztu og tilfinnanlegustu göllunum í þessu efni.

Viðfangsefnin í frumvarpinu eru fjögur, og þau eru þessi:

1. Endurgjald fyrir jarðabætur, sem leiguliðar vinna á ábúðarjörðum sínum.

2. Réttindi leiguliða til að krefjast þátt-töku landsdrottins í kostnaði við byggingar bæjarhúsa.

3. Réttur leiguliða til þess að losa sig við föst innstæðukúgildi, sem ábýlisjörð hans fylgja, og ákvæði um það, sem á móti þeim rétti komi.

4. Skifti á óskiftu landi til afnota og eignar milli ábúenda og um skyldu til að girða hið útskifta land.

Um þessi viðfangsefni, sem sum eru svo mikilvæg og umfangsmikil, að telja verður rétt, að um þau væri sett sérstök lagaákvæði; skal nú farið nokkrum orðum, og þau athuguð hvert út af fyrir sig.

Í lögunum frá 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða eru í 20. gr. ákvæði um rétt leiguliða, til þess að krefjast endurgjalds fyrir jarðabætur, er hann vinnur umfram það, sem áskilið kann að vera í byggingarbréfi og teljast verður hluti úr landsskuldinni. Þessi ákvæði tryggja allvel rétt leiguliðans og ákveða honum fyllri endurgjaldsrétt fyrir unnar jarðabætur en hér er farið fram á í 1. gr. frumv., svo framt sem hann frá upphafi hefir haft hugfast, að fullnægja undirbúningsskilyrðunum sem sett eru, eigi hann að hafa

óskerta réttarkröfu til endurgjaldsins. En fyrir þá sök að undirbúningsskilyrðin eru fyrirhafnarsöm, þá mun allur fjöldinn af leiguliðum hafa vanrækt að uppfylla þau, og því orðið af endurgjaldi því, sem þeim ella hefði borið og sanngjarnt hefði verið að þeir hefði fengið.

Að þetta hafi valdið óánægju og dregið úr framkvæmdum leiguliðanna til jarðabóta er ekki nema eðlilegt. En alt það, er verður til að draga úr framkvæmdum í þessa átt, er landbúnaðinum til baga og landi og þjóð til tjóns, því *ræktun landsins er og hlýtur að verða* — hjá oss sem öðrum þjóðum — *grundvöllur undir sönnum þjóðþrifum.*

Úr þessum vandkvæðum á lagaákvæðunum er vafalaust þörf að bæta, með því að gera þau vafstursminni í framkvæmd fyrir leiguliðann. Það er engum vafa bundið að lagaákvæði, sem alþýða manna þarf iðulega að nota, verða því að eins að fullum notum, að þau séu óbrotin og greið í framkvæmdinni.

Þetta eru ákvæðin í frumvarpinu um endurgjald fyrir unnar jarðabætur, sem leiguliði gerir. Hann þarf að eins að leita samkomulags við landsdrottinn um hvort hann vilji kosta jarðabótina að meira eða minna leyti. Vilji hann það ekki er greiður aðgangur að endurgjaldinu þegar leiguliðinn flytur burtu. Og þegar ábúðartími er stuttur, er þetta mikill kostur.

Þótt nefndin telji borgunina litla, sem landsdrotni er ætlað að greiða, þá álítur hún þó mikið unnið við það, að borgunin er svo fastákveðin að ekki getur orkað nokkurs tvímælis. Og því vill nefndin líka ráða til, að ákvæði frumvarpsins um jarðabótaendurgjaldið verði samþykt með einni örlítilli breytingu.

Koma þá til álita ákvæðin í 3. og 4. gr. frumvarpsins um bygging bæjarhúsa, og rétt leiguliða til að krefja landsdrottin um fjárframlag til byggginganna.

Því verður ekki með réttu neitað, að bæjarhúsin eru sumstaðar hér á landi ófullnægjandi í alla staði, þrátt fyrir þá miklu framför á byggingu bæjarhúsa á síðustu áratugum, sem átt hefir sér stað víðsvegar um land alt. Bæirnir eru ennþá alt of víða mjög lélegir. Enn eru til bæjarhús svo slæm, að þau verður að telja heilsuspillandi íbúð handa mönnum, sökum rúmleysis og annara óskosta. Frekari umbætur í bygging bæjarhúsa en orðnar eru enn þá, verður því að telja mjög svo mikla nauðsyn. Og þær jarðir, þar sem nauðsynin í þessu efni er mest, eru vitanlega jarðir, sem eru og verið hafa í leiguliðaábúð. Þetta er líka eðlilegt. Leiguliðarnir hafa orðið að bæta húsakynnin á eigin spítur eða láta þau óbætt ella, því landsdrotnar hafa ekkert þurft til slíkra hluta að kosta. Og þegar leiguliðarnir eru fátækir menn, en það eru þeir að öllum jafnaði, þá er mörgum þeirra ofvaxið efnahagslega, að byggja bæjarhúsin upp og endurbæta þau svo sem þyrfti. Þetta hefir reynzlan ótvírætt sýnt, því ýmsir þeir leiguliðar, sem ráðist hafa í miklar bæjarhúsabyggingar, hafa með því eyðilagt efnahagslegt sjálfstæði sitt, og orðið innan skams að hröklast frá jörðinni, án þess að fá nokkurt endurgjald fyrir fé og fyrirhöfn, sem þeir hafa lagt fram, né geta notið ávaxta þess á nokkurn hátt.

Hér er því brýn þörf á að eitthvað sé gert til umbóta. Það tvent er ljóst, að nauðsyn ber til þess margvíða að bæjarhús sé gerð betri en þau eru, og að leiguliðum er það oft og einatt ofvaxið, að gera þessar umbætur af eigin ramleik, enda ósanngjarnt að krefjast þess.

Frumvarpið ætlast nú til að þessu verði á þann veg komið fyrir, að *landsdrotnar verði skyldaðir til að leggja fram mikinn meiri hluta kostnaðar, þegar leiguliði vill breyta bæjarhúsum og umbæta þau.* En þennan umbótaveg telur nefndin varhugaverðan.

Það er vitanlegt, að svo getur verið ástatt, og er ekki allsjaldan, að jarðeigandi eigi jörð í leiguliða-ábúð með löngum ábúðartíma. Sé nú efnahagur eiganda ekki góður, sem oft getur verið, þótt hann einhverra orsaka vegna hafi orðið eigandi jarðarinnar, en leiguliðinn krefjist framlags til byggingar bæjarhúsa, þá getur svo farið, að eigandinn *neyðist til að selja jörðina,* af því hann getur ekki lagt fram fé til húsabótanna. En sé á þennan veg ástatt, þá er auðsætt, að auðvelt er að koma *söluverði jarðarinnar niður fyrir* það, sem *sanngjarnt verð* getur talist.

Af því að jörðin er í langri ábúð, svo að eigandi ekki getur komist að henni sjálfur til ábúðar þótt hann vildi, en nýr eigandi, jafnt sem hinn, yrði að leggja fram fé til húsabótanna, sem gæfi lága vexti, þá myndi það verða til þess, að erfitt yrði að fá kaupanda, sem borga vildi sæmilegt verð fyrir jörðina. Ekkert er því líklegra en að *ábúandi,* sem kaupa vildi ábúðarjörð sína, *gæti* stundum *nær því fengið sjálfdæmi um jarðarverðið,* með því að framfylgja húsabótakröfum sínum til hins ítrasta, og *neytt eiganda til að selja sér jörðina með óhæfilega lágu verði.*

Og þótt jarðeigendur séu vel efnum búnir, þá getur það þó komið illa við þá og orðið þeim ofvaxið, ef þeir ættu fleiri jarðir, og krafa um fé til húsabóta á þeim mörgum eða öllum kæmi fram í senn. Og þó gæti svo farið, að vel efnaðir menn yrðu einnig neyddir til að selja jarðir sínar á líkan hátt og þeir miður efnuðu.

Þetta væri á tvennan hátt skaðlegt:

1. Það væri ranglátt gagnvart eigandanum, sem neyddist til að láta eign sína af hendi fyrir ósanngjarnlega lágt verð.
2. Það yrði til þess að lækka verð jarða í landinu að eigendur þeirra hefði þær of mjög á boðstólum.

En svo er eitt enn.

Það gæti komið æði hart niður á landssjóði (umboðssjóði og kirkjujarðasjóði, sem frumv. nefnir) í bili, ef mjög margar kröfur kæmu fram í einu um framlag til húsabóta á þjóðeignum, sem telja má líklegt að yrði, því flestir myndu vilja bæta húsakynnin sem fyrst, þegar þeir ættu kröfu til að fá mikinn hluta kostnaðarins endurgoldinn. Þetta verður nefndin að telja iskyggilegt. En ofan á alla þessa galla og harðræði, sem fram kæmi á landsdrotnum, þá má ekki gleyma því, *að leiguliðar bera* eigi að síður *allþunga byrði* og miður sanngjarna, þar sem þeim er ætlað að bera 1/4 kostnaðar, auk byggingarefnis, er jörðin leggur til, og flutnings á því.

Nefndin getur því ekki ráðið háttvirtri deild til að samþykkja ákvæði frumvarpsins í þessu efni, en leyfir sér að benda á aðra umbótaleið, sem hún telur betri og sanngjarnari.

Það er kunnugt, að til forna, meðan hagur landsmanna stóð í blóma, var það lagaskylda að landsdrotnar húsuðu eignarjarðir sínar, og jarðir hafa þá eflaust verið allvel húsaðar. En þegar hagur landsmanna versnaði og deyfð og framtaksleysi fór vaxandi, hafa húsakynnin smám saman orðið lakari, þar til þau ekki voru orðin annað á leigujörðum en mjög verðlítil hreysi. Þegar

svo var komið, hefir skyldunni að húsa jarðirnar verið smeygt yfir á leiguliðana. Og síðan hefir þessu verið þannig varið.

En þegar nú er svo komið, að landslýðurinn getur ekki lengur sætt sig við hin lélegu og verðlitlu húsakynni, heldur reynir að brjótast í því að bæta þau stórmikið, þá verður það ósanngjarnt að slíkt fyrirkomulag haldist áfram. Og hið eðlilega ástand væri, að jarðeigandi ætti jafnframt jörðinni sjálfri hús þau, sem henni eru nauðsynleg til þess, að hún geti heitið með rétt ábúðarhæf.

Forna fyrirkomulagið, að eigendur húsi jarðir sínar á sinn kostnað, er það mark í þessu efni, sem eftir áliti nefndarinnar ber að stefna að. En þá er að líta á hvora leið megi fara, til þess að ná markinu, án þess þröngvað sé tilfinnanlega kosti annars eða beggja aðila — landsdrottins eða leiguliða.

Nefndinni virðist svo, að tiltækilegasta leiðin, sem fundin verði, sé þessi: *Jarðeigendum sé skylt — á sinn kostnað eingöngu — að byggja* viðunanleg bæjarhús á jörðum sínum og í hæfi við stærð þeirra, en jafnframt sé séð fyrir því, að þessi skylda og kostnaður *komi smámsaman niður* á jarðeigendum í landinu, og *að jafnaði eigi fyr en þeir geta gert það af frjálsum vilja.* Þetta getur látið sig gera, sé jarðeigandi eigi skyldur að húsa jörðina fyr en hún kemst í *nýja leiguliðaábúð,* því það er hvorttveggja, að *ábúendaskifti verða að eins smámsaman* og *jarðeigendum er oft í sjálfsvald sett hvenær ábúendaskifti verða.* Á hinn bóginn sé *leiguliðum skylt að annast viðhald húsanna* á sinn kostnað eins og annara mannvirkja og nytja jarðarinnar, og greiða sanngjarnt fyrningargjald af verði þeirra, er ákveðið sé með frjálsu samkomulagi milli landsdrottins og leiguliða, með því það sé innifalið í landsskuld þeirri, er þeim semur um að goldin sé fyrir jörðina.

Á þennan hátt virðist nefndinni að burt sé numdir tilfinnanlegustu gallarnir, sem bent hefir verið á, að það fyrirkomulag til húsabóta hefði, sem frumvarpið fer fram á.

Jarðeigandi, sem ekki getur húsað jörð sína sökum fjárskorts, en vill selja hana, *verður á engan hátt neyddur* til *að selja* hana *óhæfilega lágu verði,* því þegar jörðin er laus úr ábúð verða lysthafendur fleiri, en sé hún í fastri ábúð.

Verð jarða í landinu *myndi* því *ekki lækka* fyrir það þó þannig löguð skylda til að húsa jarðirnar, sem hér er farið fram á, yrði lögð á jarðeigendur.

Kostnaður landssjóðs til að húsa þjóðeignir *kæmi smámsaman* og *yrði* því *ekki eins tilfinnanlegar.*

Og það er ekki minst um vert, að *byggingakostnaðinum* er *með öllu létt af leiguliðum,* en sá kostnaður hefir stundum orðið þeim fjárhagsleg eyðilegging, eins og áður hefir verið á vikið.

Loks skal það fram tekið, að ekki er ólíklegt að af þessu kynni að leiða, að þær jarðir fjölguðu meira en ella, sem í sjálfsábúð eru. Sennilegt er, að skylda jarðeigendanna til að húsa eignarjarðir sínar, myndi draga nokkuð — jafnvel allmikið — úr því, að margar jarðir kæmust í eign eins manns, en við það yrðu jarðeigendur þá fleiri í landinu. *En jafnframt því má telja vafalaust, að sjálfseignarbændum fjölgaði.* Og skoðun nefndarinnar er það, að *ekkert muni reynast jafn öflugt til aukinna framkvæmda og framfara í landbúnaðinum, sem fjölgun sjálfseignarbænda.* Þetta hefir reynst svo í öðrum löndum, og nægir í því efni að benda á einna beztu búhölda Norðurálfunnar: Dani, sem ekki sízt eiga sínar miklu búnaðarbætur að þakka sjálfsábúðinni.

Og reynslan í þessu hlýtur að verða sú sama hjá oss, eins og hún hefir orðið hjá öðrum. **Fjölgun sjálfseignarbænda verður landi og lýð til blessunar.**

Í samræmi við það, sem hér hefir sagt verið, leggur nefndin því til, að tvær nýjar greinar verði teknar upp í frumvarpið í stað 2. og 3. gr., sem falli burt.

Um ákvæðin í 4. og 5. gr. frumvarpsins um innstæðukúgildin getur nefndin verið fáorð. Kúgildin eru komin á jarðirnar af líkum ástæðum og hýsing jarðanna fluttist frá jarðeigendum yfir á leiguliðana. Þau hafa verið sett með hnignandi hag þjóðarinnar, og það er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að þeim sé létt af nú, þegar hag leiðuliðans er þannig farið, að hann telur sér þau byrði og vill losna við þau. Og með því nefndin telur ákvæði frumvarpsins um þetta efni sanngjörn, leggur hún til, að við þau séu að eins gerðar nokkrar smábreytingar, sem sumar eru nauðsynlegar sökum samræmis við tillögurnar um breytingar á 2. og 3. gr.

Kemur þá að fjórða og síðasta efniskafla frumvarpsins, eða 6. gr. þess. Viðfangsefni þessarar greinar eru tvenn:

1. Skifti sameiginlegs lands, og
2. Um að girða útskift land.

Þegar tveir menn eða fleiri hafa óskift land til afnota eða eignar, þá er ofur eðlilegt, þó svo kunni að fara, að ágreiningur rísi út af meðferð og notkun landsins. Reynslan hefir líka sýnt þetta á ýmsum stöðum. Tveir ábúendur á sömu jörð þykjast oft misrétti beittir hvor af öðrum í afnotarétti óskiftra nytja jarðarinnar. Af þessu sprettur svo kali og sundurþykkja, sem vel getur orðið þess valdandi, að ver sé farið með jörðina en ella hefði verið og afnot hennar verði minni. Í þessa átt bendir máltæki það, sem oft heyrist víðsvegar um landið, að »fáir lofi einbýli, sem vert sé«.

Til þess að koma í veg fyrir ágreining milli sambýlismanna og annara notenda að sameiginlegu landi, er nú lögákveðið, að skifta skuli túni og engjum á milli þeirra, óski þeir þess. En þar eð ákvæði þessi ná ekki til beitilands, en svo er ástatt á ekki allfáum stöðum í landinu, að meira og minna af slægjulandi liggur í bithaga í smá-blettum, eða að nokkur hluti beitilandsins er við og við notaður til slægna, en tvískiftar skoðanir eru um, hvort slíkt slægjuland beri að nefna engi, þá eru núgildandi ákvæði ekki fullnægjandi.

En svo er annað atriði, sem fær meiri og meiri þýðingu með ári hverju, en það er, að engin ákvæði eru til um, hvernig rétti manna skuli farið, þegar einn eða fleiri af notendum eða eigendum sameiginlegs lands taka bletti til ræktunar úr bithaga. Þetta getur valdið ágreiningi, og hindrað að blettur sé tekinn til ræktunar, sem ella hefði verið ræktaður. Og það er vel skiljanlegt, að ágreiningur hljóti að spretta af þessu. Land það, sem um getur verið að ræða til slíkra hluta, er jafnaðarlega mjög misjafnt að gæðum og beztu blettirnir oft mjög takmarkaðir.

Ekkert er því eðlilegra en að allir hlutaðeigendur vilji helzt taka þá bletti, sem beztir eru. Þetta eitt er ærið nóg til ágreinings og að misrétti kunni að geta komist að. En við þetta getur svo það bætzt, að einn eða fleiri notendanna telji sér óhag í því, að missa afnotin til beitar. Í sambandi við þetta stendur svo enn fremur það, hvernig líta beri á eignarréttinn að blettum þeim, sem ræktaðir eru.

Það er ærið ósanngjarnt, að landsblettur, sem ræktaður hefir verið

með allmiklu fjárframlagi og erfiðismunum, skuli verða tekinn endurgjaldslaust af þeim, sem ræktaði hann, ef hinu óskifta landi, sem hann er hluti úr, yrði síðar skift til eignar og afnota. En eins og ástandið nú er, þá verður ekki betur séð, en að svo hlyti að geta farið, að meira eða minna leyti. Og óviðunandi er það, að eignarétti manna skuli ekki vera betur borgið í þessu, það verður til þess, að draga úr áhuga og framtakssemi í því, að rækta upp landið.

Verðmæti lands eykst og margfaldast við ræktun þess. Ræktunarkostnaðurinn er oft mikill, og því á sá að réttu lagi oft meginhlutann í verði ræktaðs lands, sem lagði fram ræktunarkostnaðinn. Þetta leiðir til þess, að *nauðsyn verður á útskiftum til eignar, þegar til ræktunar er tekinn einhver hluti óskifts lands, til þess að firrast að rétti einstaklingsins sé misboðið herfilega.*

Með fram af þessum sökum hafa aðrar þjóðir fundið sig knúðar til að skifta ræktháfum löndum til eignar, sem áður voru sameignarlönd. Og nú þegar landsmenn hér eru loks farnir að hefjast handa til að rækta landið, eftir meira en þúsund ára dvöl á því, þá erum vér knúðir til að gjöra slíkt hið sama, eigi eðlileg framför eigi að heftast fyrir aðgjörðaleysi á því, að tryggja rétt þeirra manna, er að því vinna.

Og rétturinn til að krefjast skifta þarf að áliti nefndarinnar að verða ótvíræður, bæði til skifta á vanalegu landgagni og til eignarskifta. Eignarskiftakrafan má ekki heldur vera bundin við það eitt land, sem tekið er til ræktunar í þann og þann svipinn, en rétturinn í því efni verður að vera svo rúmur, að borgið sé því að fullu, að hægt sé að fá útskift alt það land, sem sérbýli ber. Þörfin á því að fá eignarskifti á landi, sem tvö eða fleiri sérbýli eiga saman, er oft brýn. Ábúendurnir á slíkum sérbýlum eru misjafnlega framtakssamir um jarðrækt og aðrar umbætur á landinu. Þeir hafa og stundum ólíkan bústofn og vilja nota landið á mismunandi hátt. Þetta getur orðið til að hamla framkvæmdum dugandi manna, og það getur valdið ágengni á rétt annara og óánægju og tvídrægni, sem af ágengninni spretta. En afleiðingin af öllu þessu getur orðið *niðsla landsins.*

Og dæmi finnast, sem sanna að svo fer á stundum, sem hér hefir verið bent á.

Ákvæði frumvarpsins í 6. gr., sem ætlað er að bæta úr þessu, telur nefndin eigi nógu ljós. Eftir orðalaginu að dæma lægi næst að líta svo á, sem um afnotaskifti væri að eins að ræða, en þetta hefir nefndin ríka ástæðu til að ætla að ekki hafi verið tilgangur flutningsmanna frumvarpsins, heldur hitt, að þau næði einnig til eignarskifta, enda benda girðingarákvæðin, sem tengd eru við kröfuréttinn til skifta, í þá átt. Sé þetta ekki tilætlunin, þá eru girðingarákvæðin ósanngjörn mjög og óeðlileg.

Nefndin leyfir sér því að leggja til, að 6. gr. frumvarpsins falli í burtu, en að í hennar stað verði teknar upp í frumv. nokkrar nýjar greinar um skifti lands til afnota og eignar og um nokkur atriði um girðingar, sem nefndin telur miklu máli skifta.

Um girðingaratriði þau, sem hér er um að ræða skal nú farið nokkrum orðum.

Forfeður vorir gerðu allmikið að því að afgirða lönd jarða, og sjást enn í dag merki þeirra garða á eigi svo fáum stöðum á landinu. Garðarnir

hafa sumstaðar verið stórvirki, enda stafa þeir frá þeim tíma, þegar hagur landsmanna var góður. Í samræmi við þessar framkvæmdir finnast og forn lagafyrirmæli um skyldur manna í þeim efnum, er girðingar snertu.

En jafnframt því að framtakssemin í öðrum efnum fór þverrandi í landinu, hverfa girðingar úr sögunni, sem nokkurs eru verðar eða merki sést eftir.

Á mestu niðurlægingartímum þjóðarinnar er vafalaust sama sem ekkert gert að girðingum.

Þegar viðreisnarhugur þjóðarinnar er vakinn á síðari hluta 18. aldar og á 19. öldinni koma girðingarnar aftur fram. En þá er það að eins girðingar um tún og aðra smábletti, sem um er að ræða. Af slíkum girðingum var á því tímabili talsvert gert, enda studdi löggjöfin að því að svo væri. — En þessar girðingar voru á meira en einn hátt illa af hendi leystar. Nú voru það ekki lengur þráðbeinir, öflugir stórgarðar eins og til forna, heldur krókóttar garðrenglur, sem engin ending var í.

Og framför í þessum efnum var hægfara.

Alt fram að hinum allra síðasta ártug var það eigi nema á fremur fáum stöðum að túnin voru girt, og um aðrar girðingar en túngirðingar var naumast að ræða.

En á síðustu árunum, eftir að farið er alment að nota gaddavír til girðinga, hefir þessu mikið farið fram. Nú eru það ekki túnin ein sem girt eru, heldur allvíða bæði tún og engi og sumstaðar alt land jarðanna.

Og það er vafalaust að þessu fer mikið fram í næstu framtíð, því það er ekki að eins að girðingar sé óumflýjanleg nauðsyn, að öllum jafnaði, í sambandi við ræktun lands, en kostir þeirra eru auk þess margir og miklir. Hinn mikli og margvíslegi vinnusparnaður, sem fylgir girðingum, hefir afarmikla þýðingu nú á þessum tímum, þegar bændur eiga örðugt með að fá nauðsynlegan vinnukraft og vinna öll er orðin dýr. En meiri afnot af landinu og mögulegleiki til hentugri hagnýtingar þess er heldur ekki lítilsvirði, en þetta fylgir líka girðingum.

Girðingar eru þannig *hin allra þarfasta og arðmesta jarðabót*, og því lítur nefndin svo á, að löggjafarvaldinu beri að styðja það, að þær komist sem víðast á.

En til þess að svo geti orðið, þá þarf að setja lagaákvæði um þær girðingar, sem landamerkjagirðingar eru, og þannig snerta hagsmuni fleiri manna.

Eins og nú er ástatt, þá getur sá er girða vill land sitt á landamerkjum, ekki fengið til þess nokkurn fjárstyrk frá þeim, sem land á til móts við hann, nema svo semjist milli þeirra af frjálsum vilja. Og hann getur auk þess haft við ýmsa aðra örðugleika að stríða vilji hann koma á girðingu á landamerkjum.

Þetta ástand veldur því óefað að minna er af slíkum girðingum gert en ella væri.

Og það er nefndinni kunnugt, að til þess finnast dæmi, að bóndi, sem vildi girða á landamærum, en hafði andróður við að etja frá þeim, er land átti á móts við hann, hefir girt þannig að hann utan girðingar hefir haft nokkra spildu af landi sínu, sem hann svo hefir notað til beitar á eftir. En af slíkri beit verður óumflýjanlega mikill ágangur á landið, sem að liggur, er valdið getur nágrannakrit, illindum og tjóni á ýmsan hátt.

Nefndin leggur því til að upp í frumvarpið sé tekin ákvæði um girðingar á landamerkjum. Telur hún rétt og sjálfsagt að báðir landeigendur kosti girðinguna, og að sinn helming kostnaðar beri hvor. Svo kann að vísu stundum að vera, að annar hafi girðingarinnar bersýnilegri not en hinn, svo sem þegar engi annarar jarðarinnar liggur að bithaga hinnar, en það eru þó hans skepnur, sem skaða gera á engi hins. Og þegar löndin girðast á alla þá vegi, sem ágangs er að vænta og löndin verða algirt, þá jafnast þetta.

En þó nefndin telji það sanngjarnt, að kostnaðurinn sé borinn til jafns af báðum hlutaðeigandi landeigendum, þá telur hún þó mjög svo *viðsjárvert, að heimila þeim, sem frumkvöðull er að girðingunni að krefjast alls kostnaðarins í einu,* því það gæti opt komið allhart niður á efnalitlum mönnum. Þessvegna leggur nefndin til að *ekki* verði *meira krafist í einu en afgjaldsins* af jörðinni *5. hvert ár*, en þetta sé hægt að gera uns allur kostnaðurinn er greiddur.

Að lokum vill nefndin taka það skýrt fram, að hún þykist eigi hafa haft þann tíma yfir að ráða til að athuga þetta mikilsverða mál, sem vert væri og þurft hefði. Hún hefir og ekki heldur haft gögn þau við að styðjast, sem æskilegt hefði verið, en þar til telur hún *álit búenda* víðsvegar um land mest vert. Og þótt nefndin hafi reynt að vanda til þessa máls, og því bent á ýmsa galla á ástandinu sem nú er í þeim atriðum, sem frumvarpið nær til, og jafnframt reynt að benda á hvað tiltækilegast væri til endurbóta, þá telur hún þó rétt að málið sé sem allra vandlegast athugað áður lög eru um það afgreidd að fullu frá þinginu.

Hún telur þessvegna æskilegast að málið yrði afgreitt frá háttvirtri efri deild til háttvirtrar neðri deildar, svo þeirri deild gefist enn á ný kostur á að athuga það, án þess þó að afgreiða það sem lög frá þinginu.

En þar sem málið snertir hag mikils meiri hluta þjóðarinnar og er vafalaust stórþýðingarmikið fyrir landbúnaðinn í framtíðinni, þá lítur nefndin svo á — sé málið ekki afgreitt á þessu þingi — að rétt væri að skjöl málsins yrðu í einni heild send í alla hreppa landsins til athugunar og umsagnar. Það gæti orðið mikill stuðningur til heppilegrar úrlausnar, þegar málið væri næst tekið til meðferðar á alþingi, að hafa sem almennastar umsagnir landsmanna um málið til athugunar.

En það er trú nefndarinnar að hér sé svo gott mál og mikilsvert þjóðþrifamál til meðferðar, að það falli ekki niður úr þessu, en komi fram þing eftir þing, þar til það verður til lykta leitt.

Leggjum vér því til að háttvirt efri deild samþykki frumvarpið með breytingum þeim, er nefndin leggur til að gerðar séu á því.

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar eru:

1. Við 1. gr.

Í stað »10« í næstsíðustu setningu greinarinnar komi: 11.

2. Við 2. gr. og 3. gr.

Greinarnar falli burt, en í þeirra stað komi tvær nýjar gr. svohljóðandi:

2. gr.

Þegar jarðeigandi byggir jörð sínaeftir að lög þessi öðlast gildi, þá skal hann láta jörðinni fylgja öll bæjarhús, sem nauðsynleg eru til ábúðar á henni. Húsin skulu, að mati úttektarmanna, vera í viðunanlegu standi og að stærð við hæfi jarðarinnar, og er landsdrotni skylt að bæta úr því á sinn kostnað, sem ávant þykir. Mati úttektarmanna getur hann þá skotið til yfirúttektar.

Til byggingar bæjarhúsanna er landsdrottinn þó ekki skyldur að leggja fram meira fé en samsvari 8-földu afgjaldi jarðarinnar, eins og það hefir verið að meðaltali síðastliðin 5 ár.

3. gr.

Bæjarhúsum þeim, er leiguliði tekur við, og jörð fylgja, er hann skyldur að halda við á sinn kostnað, svo að ekki rýrni þau að öðru en fyrningu. Landsdrottinn getur látið úttektarmenn meta hvort svo sé, hve nær sem hann vill, en bera verður hann allan kostnaðinn við matið, nema svo reynist, að leiguliði hafi ekki fullnægt skyldu sinni um viðhaldið, en þá ber leiguliði kostnaðinn hálfan.

Vanræksla á viðhaldi húsanna af hendi leiguliða, varðar útbyggingu og fullum skaðabótum.

Vextir af húsaverðinu og fyrningargjald skal vera innifalið í landskuld jarðarinnar.

Þegar bæjarhúsin eru svo forn orðin, að þau samkvæmt mati úttektarmanna þurfa að endurbyggjast, er jarðeigandi skyldur að byggja þau upp að nýju á sinn kostnað. Því mati getur hann þó skotið til yfir-úttektar.

3. Við 4. gr.

1. Aftan við fyrstu málsgrein bætist orðin: sem hún þarfnast.
2. Orðin í niðurlagi málsgreinarinnar undir staflið a: »þó ekki meir en að þrem fjórðu hlutum« falli burt.
3. Í stað orðanna í fjórðu málsgrein: »Tveir dómkvaddir menn og óvilhallir« komi: Úttektarmenn.

4. Við 5. gr.

Í stað orðanna í síðustu setningu gr.: »tveir dómkvaddir menn og óvilhallir« komi: úttektarmenn.

5. Við 6. gr.

Greinin falli burt, en í stað hennar komi 5 nýjar greinar, sem verði 6.—11. gr. svo hljóðandi:

6. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver þeirra óskar þess. Kostnaðinn greiða þeir allir eftir jarðarstærð.

7. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sérstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sérstakt býli, þá hefir hann rétt til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eiganda að meiri hluta landsins, skifta því landi,

sem sérstök hlunnindi eru við, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, reki, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins fara eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiðir sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað að út sé skift nema nokkrum hluta þess lands, er býli hans tilheyrir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

8. gr.

Skifti þau, sem ræðir um í 7. gr., skulu vera til fullrar eignar og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, að vera við þau. Hver sá eigandi, sem óánægður er með skiftin, getur heimtað yfirmat; skal sýslumaður dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma það, og fá þeir hver um sig 4 kr. kaup á dag meðan þeir eru að skiftum. Rétt til að heimta yfirmat hefir og hver veðhafi í landi því, sem skift er, í 2 ár frá því að honum eru tilkynt skiftin. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er óskar þess, sé engin breyting gerð á skiftunum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

9. gr.

Nú vill jarðeigandi girða land jarðar sinnar með gripheldri vírgirðingu á landamerkjum, og skal hann þá láta skoðunarmann jarðabóta á því svæði og úttektarmenn mæla fyrir girðingunni, gera áætlun um kostnað við hana og ákveða legu hennar. Skal girðingin liggja beint yfir nes, þar sem merki liggja í smákrókum, en þó þannig að hvorugur missi slægju og beitiland eftir því, sem við verður komið. En réttur til annara afnota helst óbreyttur.

Því næst tilkynnir jarðeigandi fyrirætlun sína þeim, er land á móti honum, og leitar samkomulags um girðinguna og kostnað til hennar. Komi þeir sér ekki saman, getur sá, er girða vill, eigi að síður girt, og ber þá sá, er land á móti honum, helming hins áætlaða kostnaðar. Þó verður af einni jörð eigi krafist meira framlags á þennan hátt á hverjum 5 árum, en sem svari eins árs afgjaldi jarðarinnar, og er gjalddagi í byrjun hvers fimm ára tímabils unz kostnaðurinn er greiddur að fullu. Um greiðslu þess kostnaðar fer sem um viðurkenda skuld, er á jarðeiganda hvílir, og flyzt hún yfir á nýjan eiganda ef eigandaskifti verða.

10. gr.

Eign og viðhald girðinga þeirra, sem um er rætt í 9. gr., er sameiginleg báðum jörðum frá því hún er upp komin fullger. En skifta skal girðingunni jafnt milli jarðanna svo að sinn hluta annist hvor. Sé viðhald girðingar vanrækt af öðrum hvorum jarðeiganda, þá á hinn rétt á að krefjast nauðsynlegra umbóta á kostnað þess, sem vanrækslunnar er valdur.

Úttektarmenn skulu skifta girðingunni og meta hvort henni er haldið við svo gilt sé.

11. gr.

Ákvæðin í 9. og 10. gr. um girðingar á landamerkjum gilda ekki um fjalllendi, nema slægjuland sé, og ekki um önnur víðlend beitilönd, sem ekki eru notuð til slægna, né liggja að slægjulöndum. Úttektarmenn skera úr, hvort land-

ið samkvæmt þessu sé undanþegið girðingarskyldu þeirri, sem ræðir um í 9. og 10. gr.

6. Við 7. gr.

7. gr. verði 12. gr. og sé svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 6. gr. og 20. gr. í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Efri deild alþingis, 19. apríl 1911.

Eiríkur Briem,	Jósef Björnsson,
formaður.	skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson.

Nd. **681. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla.

Flutningsm.: Jóh. Jóhannesson.

Orðin í 2. gr.: »og er forstöðukona sjálfkjörin« til enda greinarinnar falli burtu. Í stað þeirra komi: ‚sem kosin er til 4 ára. Kjósa sýslunefndir Múlasýslna sinn manninn hvor, en stjórnarráðið hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

Nd. **682. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 615.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Við 2.

Í stað orðanna í fyrri málsgrein: »en böðurum að hálfu úr landssjóði og að hálfu úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði«

komi: en böðurum að öllu úr landssjóði.

Nd. **683. Nefndarálit**

um frv. til laga um brú á Jökulsá á Sólheimasandi.

Nefndin hefir á eitt sátt orðið um það, að mesta nauðsyn sé á að gera fært að komast yfir það illa vatnsfall, sem hér er um að ræða, Fúlalæk eða Jökulsá á Sólheimasandi. Auk allrar annarar mannferðar, er á þessi heftir, er ekki sízt þess að geta, að hún klýfur í sundur læknishéraðið, sem tekur yfir Mýrdal og Eyjafjallasveit.

Til langframa yrði tæplega hjá því komist, að gera Eyjafjallahreppana að læknishéraði, ef Jökulsá verður ekki brúuð, því að þeir eru svo að segja afkróaðir frá allri læknishjálp, þar sem Jökulsá girðir að austan, en Markarfljót að vestan. Laun læknis þar mundu, ef reiknað er til 4%, láta nærri hálfum vöxtunum af brúar-kostnaðinum.

Óviðkunnanlegt þykir tveim nefndarmönnum þetta, sem hér er farið fram á, eins og fyrir hefir komið í öðrum málum, að láta lög komast í gildi þá fyrst, er einhverju Alþingi eitthvert ár kann að þóknast að veita fé til málsins. Vildi annar sá nefndarmaður helzt hafa sett ákveðið tímatakmark, t. d. 6 ár, er lögin skyldi í gildi ganga innan þess tíma; en hinn vildi helzt afgreiða málið með rökstuddri dagskrá.

Þó hefir meiri hluti nefndarinnar eigi viljað leggja til að breyta frumvarpinu, eins og nú horfir við.

Nefndin væntir þess, að komandi þing telji lög þessi leggja sér þá skyldu á herðar, að láta framkvæmd þessara laga sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum ámóta dýrum brúargerðum.

Nd. Alþingis, síðasta vetrardag 1911.

Þorleifur Jónsson, form. — Jón Ólafsson, ritari, framsögumaður.

Bjarni Jónsson, frá Vogi. — Jóh. Jóhannesson.

Jón Þorkelsson.

Nd. **684. Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910—11.

Frá Birni Sigfússyni og Hálfdáni Guðjónssyni.

Við 5. gr. Við B. VIII.
Aftan við »Til aðgerðar á loftum ..... 500,00« bætist:
Byggingarstyrkur til kvennaskólans á Blönduósi kr. 6000,00.

Nd. **685. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. Við I. Tekjur, 33. og 34. tölulið.
   Fyrir »ríkissjóði« í báðum þessum stöðum komi: ríkissjóði Danmerkur.
2. — II. Gjöld, 13. tölulið.
   Fyrir »ríkissjóði« komi: ríkissjóði Danmerkur.

Nd. **686. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Frumvarp þetta er komið frá háttv. efri deild. Þingskjal 216 sýnir, hvernig það var, er það kom fyrst fram í deildinni. Þar var um töluverðar breytingar að ræða á lögum þeim, sem hér ræðir um. En það breyttist svo í meðförunum í deildinni, að ekki var annað eftir en þessar litlur leifar, sem naumast geta talist þess verðar að alþingi afgreiði þær sem lagafrumvarp. — Þar sem háttv. efri deild hefir þó lagt það til, að þetta sé gert að lögum, þá leggur nefndin til, að háttv. neðri deild samþykki frv.

Alþingi, 19. apríl 1911.

Björn Þorláksson, form.	Hálfdán Guðjónsson, skrifari og framsm.	Einar Jónsson.

Nd. **687. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um farmgjald af aðfluttum vörum (þgskj. 663).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Fyrsta og önnur grein frumvarpsins falli burtu, en í þeirra stað komi ný grein, er verði 1. grein, svo hljóðandi:

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands, skal greiða farmgjald í landssjóð eftir þyngd hverrar vörutegundar með umbúðum, eða eftir rúmmáli. Gjaldið er 50 aurar af hverjum 100 tvípundum. Af kolum greiðist 50 aurar fyrir hverja smálest, og af trégluggum, hurðum, húsalistum og allskonar trjávið 1 kr. fyrir hvern rúmmetra. Undanþegnar farmgjaldi eru kornvörur alls konar, steinolía, húðir ósútaðar og skinn ósútuð, íslenzkt saltkjöt í tunnum, sement og önnur steinbindingsefni, tómar tunnur og tunnustafir, hey, járn óunnið í klumpum,

og salt. Enn fremur vörur sem keyptar eru og sendar í nafni landssjóðs, og vörur, sem tollur er lagður á sérstaklega.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Nd. **688. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á tolllögum fyrir Ísland.

Frá Pétri Jónssyni.

Við 1. gr. á eftir orðunum: — »en minna broti sé slept« komi: Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfé, eru undanþegin tollgjaldi.

Nd. **689. Nefndarálit**

um frv. til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Nefndin telur þess fulla nauðsyn, að sett verði lög um þessa atvinnugrein. Hún telur frumvarpið mega vera svo að efni sem það kom frá hv. Ed., og leggur til að það verði samþykt. Þó að því tilskildu, að síðari liður 6. gr. sé eigi nema bráðabirgða ákvæði og heimildin því að eins notuð, að enginn hæfur maður með íslenzku prófi bjóðist. Í því trausti, að svo verði með farið, lætur nefndin þennan lið standa óbreyttan, svo að málið þurfi eigi að hrekjast milli deilda að svo áliðnu þingi, en lætur nægja að lýsa yfir því, að úr þessu ákvæði megi með engu móti gera dyr til inngöngu erlendum keppinautum, þá er bætt er úr vélstjórafæðinni hér.

Nokkrar smábreytingar vill nefndin og láta gera, þær er enga þarf atkvæðagreiðslu til:

1. Að leiðrétta eina eða tvær prentvillur, sem í því eru.
2. Að heiti þeirra manna, er vélunum stýra, sé samsett með stofni orðsins *vél*, en ekki með eignarfalli, svo sem víðast er gert í frv.

   Verða þá heitin: vélstjóri, yfirvélstjóri og undirvélstjóri.
3. Að fyrir: »m. m.» í 5. gr. verði sett o. fl.

Alþingi á sumardaginn fyrsta 1911.

H. Hafstein, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari.

Björn Kristjánsson.

Nd. **690. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi og Skúli Thoroddsen.

Við 4. gr. Í stað orðanna: »lokið þar prófi innan 5 ára« komi: lokið þar prófi innan 6 ára«.

Nd. **691. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjúkrasamlög (þingskjal 368).

Frumvarp þetta, sem borið var fram í efri deild og oss hefir af neðri deild verið falið til athugunar, er um svo nytsamlegt og þarft málefni, að vér viljum mæla með því að hin háttvirta neðri deild fallist á það. Vér verðum að visu að kannast við það, að mjög erfitt er að óreyndu að geta sagt með fullri vissu, hve einhlít eða nærhæfis ýms ákvæði frumvarpsins eru, svo sem um tillag landssjóðs til samlaganna, dagpeninga ákvæðin, og meðal annars það, hvort ekki gæti verið ástæða til að yngri menn en 18 ára ætti rétt til dagpeninga, og að fult svo rétt kynni að vera að aldurstakmarkið væri 16 ár. En þetta er þó álitamál eitt og verður reynslan að segja til, hvað hentast sé. Hefir oss því þótt réttast að ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt, enda hefir það fengið góðan undirbúning, fyrst af hendi landlæknis og síðan verið rækilega íhugað af nefnd í efri deildinni.

Neðri deild Alþingis, 19. apríl 1911.

Jón Magnússon, formaður.	Jón Þorkelsson, skrifari og framsögum.

Jón Jónsson, S.-M., Þorleifur Jónsson, Björn Kristjánsson.

Nd. **692. Nefndarálit**

um frv. til laga um lækningaleyfi (þingskjal 92).

Vér höfum athugað frumvarp þetta á nokkrum fundum svo rækilega sem föng voru á, og leyfum vér oss að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja það með eftirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Rétt til að fást við lækningar, aðrar en smáskamtalækningar, hafa hér á landi þeir einir, er staðist hafa próf í læknaskólanum í Reykjavík eða háskóla Íslands.

2. Við 1. gr. Eftir orðin: »þó mega þeir« í 1. l. síðari málsgreinar komi: læknar, er próf hafa tekið.
3. Við 1. gr. Fyrir orðin: »í fæðingarhúsinu . . . á fót« komi: í fæðingarhúsi.
4. Við 2. gr. Fyrir: »Ráðherra Íslands« komi: Ráðherra.
5. Við 4. gr. Fyrir: »má« í 1. línu síðari málsgreinar komi: og má.
6. Við 4. gr. Á eftir orðinu: »lækningaleyfi« í 2. línu síðari málsgreinar bætist inn: til bráðabirgða, eða banna honum að hafa lækningar um hönd.
7. Við 4. gr. Aftan við 2. málsgrein bætist: og sker það úr málinu, en læknir getur þó skotið þeim úrskurði til dómstólanna.
8. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist svo látandi ný málsgrein:
   Ákvæði þessarar greinar ná einnig til smáskamtalækna.
9. Við 6. gr. Fyrir orðin: »og auk þess« í 2. l. 1. málsgreinar komi: gerir lækningar sér að atvinnu.
10. Við 6. gr. Eftir orðið: »flakkar« í 2. línu sömu málsgreinar komi: til þess.
11. Við 6. gr. Aftan við fyrri málsgrein bætist:
   Þó skal þeim mönnum, er fást við smáskamtalækningar, heimilt að kalla sig smáskamtalækna.
12. Við 6. gr. Á eftir orðinu: »lækningaleyfi« í 1. línu 2. málsgreinar bætist: eða að eins fæst við smáskamtalækningar.

Neðri deild Alþingis, 19. apríl 1911.

Jón Magnússon, formaður.	Jón Þorkelsson, skrifari og framsögumaður.

Jón Jónsson, S.-M. Þorleifur Jónsson. Björn Kristjánsson.

Nd. **693. Frumvarp**

til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Framkvæmd laga nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi skal frestað um 3 ára tíma frá 1. jan. 1912 að telja, að því er kemur til aðflutnings á áfengi inn í landið.

Ed. **694. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um stýrimannaskóla í Reykjavík.

Háttvirt neðri deild hefir gert nokkrar breytingar á frumvarpinu, einkum í 2., 3. og 4. gr.

Í 2. og 3. gr. er krafist nokkuð meiri kunnáttu við prófin, bæði í enskri tungu og stærðfræði, sem hvorttveggja virðist ekkert athugavert.

En um breytinguna á 4. gr. er nokkuð öðru máli að gegna. Nefndinni þykir það efasamt, hvort rétt sé að fella burt ákvæðin um að stýrimannakensluforstjórinn í Khöfn tiltaki verkefni í stærðfræði og siglingafræði við meira prófið. — Vitanlega ekki af því, að hún álíti að prófin verði nokkuð lakari þótt þessum ákvæðum sé slept, heldur hinu, að hugsanlegt er, að stýrimenn með próf frá þessum skóla, sem er ungur og lítt þektur, gjaldi þess þá, er þeir leita sér atvinnu erlendis.

En þar sem þessi breyting mun hafa allmikið fylgi í báðum deildum þingsins og miðar auk þess í þá átt, að sækja það ekki til annara, sem til er heima fyrir, þá getur nefndin, eftir atvikum, fallist á hana og leyfir sér þar af leiðandi að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið eins og það nú er.

Alþingi 20. apríl 1911.

Eiríkur Briem, formaður.	Gunnar Ólafsson, skrifari og framsögum.

Ari Jónsson.

Ed. **695. Frumvarp**

til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. tolllaganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til landsjóðs þannig:

1. Af alls konar öli, límónaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar ... ... kr. 0,10 af hverjum mæli (lítra)
2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar dykkjarföngum
   með 8° styrkleika eða minna ... ... — 1,00 - — —
   yfir 8° og alt að 12° styrkleika... ... ... — 1,50 - — —
   yfir 12° og alt að 16° styrkleika ... ... — 2,00 - — —
   Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni og sams konar borðvínum (eigi freyðandi), af messuvíni, svo og af óáfengum ávaxtavínum, ávaxtasafa og öðrum óáfengum drykkjarföngum, sem ekki eru

talin í öðrum liðum ... ... — 0,50 - — —

4. Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft) ... ... — 1,00 - — —
5. Af sódavatni ... ... — 0,02 - — —
6. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) — 1,00 - — 1/4 mælis eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en mæli, skal greiða sama gjald af hverjum 3/4 mælis sem af mæli í stærri ílátum.

7. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki ... ... kr. 2,00 af hverju tvípundi.
8. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) — 5,20 - — —

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þær seljast í.

9. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar ... ... 30 aura af hverju tvípundi
10. Af alls konar brendu kaffi... ... ... 40 — — — —
11. Af sykri og sírópi ... ... 15 — — — —
12. Af tegrasi.. ... ... 100 — — — —
13. Af súkkulaði .. .. 50 — — — —
14. Af kakaódufti... ... ... 30 — — — —
15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum ... 80 — — — —

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—6, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 7.—15. lið, ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að 3/4 og þar yfir telst sem heil, 1/4 alt að 3/4 sem hálf, en minna broti sé slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfé, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyzlu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins kann að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sérstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í té skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Sé skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætlá má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipum til neyzlu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hér að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Síðasta málsgrein í 4. gr. tollaganna skal hljóða svo: Um fastar verzlanir gilda þó fyrirmæli laga 16. nóvbr. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslu-

frest, en að öðru leyti er tollurinn fallinn í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

3. gr.

Í stað orðanna í 6. gr. tolllaganna: »tölulíðunum 8—14« komi: tölulíðunum 7—15.

4. gr.

Á eftir 6. gr. tolllaganna skal koma ný grein, svo látandi.

Hver maður, sem fær böggulsendingar fluttar með pósti frá útlöndum, er skyldur að láta í té skriflegt drengskapar- og samvizkuvottorð um það, hvort sendingar hafi inni að halda tollskyldar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Áður en slíkar sendingar eru afhentar viðtakendum, skulu póstmenn heimta téð vottorð, og síðan afgreiða þau tafarlaust til lögreglustjóra.

5. gr.

14. gr. tolllaganna skal falla burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Lögin nr. 3, 31. marz 1909 um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi eru úr lögum numin.

7. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál tolllaganna frá 8. nóvbr. 1901, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem tolllög fyrir Ísland.

Ed. **696. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn og ráðstöfun á guðsþakkafjám.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson,

Efri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka eða láta rannsaka meðferð á guðsþakkafjám hér á landi, hversu þau sé varðveitt og þeim varið, leggja fyrir alþingi skýrslu um það efni og koma fram með tillögur um þær ráðstafanir á þessum fjám, er þörf kann á að vera, til þess að þeim sé varið samkvæmt sönnum tilgangi sínum.

Nd. **697. Frumvarp**

til laga um toll af póstsendingum, sem koma til Íslands frá útlöndum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Greiða skal auk venjulegs burðargjalds toll af hverjum póstbögli, sem kemur til landsins frá útlöndum, sem hér segir:

1. Af böglum, sem vega alt að $2^1/_2$ kg. (vg.) 10 aura.
2. Af böglum, sem vega yfir $2^1/_2$ kg. (vg.) að 5 kg. (vg.), 20 aura.

2. gr.

Toll þennan greiðir viðtakandi með frímerkjum um leið og hann tekur við böglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á fylgibréfið og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstböglum, sem eru endursendir til útlanda, skal engan toll greiða, né af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Ed. **698. Frumvarp**

til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands, skal greiða farmgjald í landssjóð eftir þyngd hverrar vörutegundar með umbúðum eða eftir teningsmáli, sem hér segir:

1. flokkur.

Af gipsi, glerílátum, gluggagleri, hverfisteinum og brýnum, kókólit, kartöflum, leirvörum, netakúlum, sápu alls konar, sápuspónum, sápulút, sóda, spegilgleri, stálbiki og tjöru, — 20 aurar af hverjum 100 tvípundum.

2. flokkur.

Af ávaxtavínum, eplum og öðrum aldinum, baðlyfjum, eggjum, ediki, fernisolíu, farfa, hampgjörðum, kálmeti, legsteinum, línoleumdúk, pappír alls konar, ritföngum, vélaolíu og öðrum oliutegundum að undanskildri steinolíu, sekkjum utan um ull, smjöri, smjörlíki, svínafeiti, plöntufeiti, tólg, veggjapappa alls konar, vaxdúk og þakpappa, — 50 aurar af hverjum 100 tvípundum.

3. flokkur.

Af akkerum, akkerisfestum, bitum úr járni, blikki, bátum, sem koma til landsins sem farmur, eldavélum, gufukötlum, gufuvélum, flutningavögnum og

vagnhlutum, herfum, járnpípum, málmum óunnum, öðrum en járni, mótorum alls konar, ofnum, peningaskápum, plógum, rennibekkjum, rakstursvélum, smíðajárni og stáli í stöngum og plötum, sjóklæðum (olíufötum), sláttuvélum og þakjárni, — 100 aurar af hverjum 100 tvípundum.

4. flokkur.

Af brauði alls konar, blikkvörum, eldspýtum, hljóðfærum, hampi, köðlum alls konar, járnvörum og öðrum málmvörum, sem eigi eru taldar í 3. flokki, lömpum og lampapörtum, línsterkju, matvælum alls konar og nýlenduvörum, sem eigi hvílir nú sérstakur tollur á, og eigi eru sérstaklega tilteknar í öðrum flokkum, netum, osti, stofugögnum, skotfærum og seglgarni, — 2 kr. af hverjum 100 tvípundum.

5. flokkur.

Af baðmullargarni, fatnaði alls konar, nema sjóklæðum, gólfmottum, glysvarningi alls konar, leðri sútuðu, litunarefnum, skinnum sútuðum, stundaklukkum, skófatnaði alls konar, tvinna, ullarbandi og vefnaðarvörum alls konar, — 4 kr. af hverjum 100 tvípundum.

6. flokkur.

Af trégluggum, hurðum, húsalistum og alls konar trjáviði — 3 aurar af hverju teningsfeti.

7. flokkur.

Af öllum öðrum vörum, er eigi geta talist með neinum flokki hér að framan og eigi eru undanþegnar farmgjaldi samkvæmt 2. gr. greiðist 2 kr. af hverjum 100 tvípundum.

Ef tilgreindar eru á farmskrá fleiri vörutegundir en ein í sömu umbúðum, skal reikna farmgjaldið eftir þeirri vörutegundinni, sem á hvílir hæsta farmgjaldið. Ef vörusending er minni en 100 tvípund, skal greiða gjaldið fyrir hver 10 tvípund að réttri tiltölu, brot úr 10 tvípundum reiknast sem full 10 tvípund.

2. gr.

Af áburði tilbúnum, bókum prentuðum, gólfplötum úr leir og steini, húðum ósútuðum, heyi, járni óunnu í klumpum, kornvörum allskonar, kalki, kokes, kolum, leir, leirpípum, salti, sementi og líkum steinbindingsefnum, steinolíu, saltketi íslenzku í tunnum, skinnum ósútuðum, tunnum tómum, tunnustöfum, tiglsteinum allskonar, vörum sem keyptar eru og sendar í nafni landssjóðs, og vörum sem sérstaklega er lagður tollur á, skal ekkert farmgjald greiða.

3. gr.

Farmgjaldið skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaup menn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verzlunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Farmgjald skal ákveða eftir farmskrá skipsins.

4. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu á því. Sé uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 100 kr.

5. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr. á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hefir fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Farmgjaldið fellur í gjalddaga þegar skip, það er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í bréfi til viðtakanda.

7. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem lara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trégluggum, hurðum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðar senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn, þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sé ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar [þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja að rétt sé skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast réttar, en ef

þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum alt að 1000 kr., ef farmskrár fylga eigi skipi, samdar eins og hér er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

8. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga skýrslu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 5. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 kr. og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sérstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

9. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rétt til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gerð samkv. 5. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir farmgjaldi og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

10. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýzt eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrirfram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í landssjóð, að kostnaði frádregnum.

11. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Sektir allar eftir 4. og 5. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 6., 7. og 8. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögu sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

13. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr., svo og af sektum, fær lögreglustjóri 3 af hundraði í innheimtulaun.

14. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. í lögum nr. 16, 9. júlí 1909 um hagfræðisskýrslur úr gildi numin.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **699. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910—1911.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 5. gr. B. I—III. Falli aðaltillagan á þingskjali 670 eða komist ekki að, skeytist aftan við liðinn svohljóðandi athugasemd:
Verði lögákveðið fé ekki veitt í fjárlögunum 1912 og 1913 til rekstrs háskólans fyrir bæðin árin, fellur fjárveitingin niður.

Sþ. **700. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga (þingskj. 494).

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. Við A. 4. Málsgreinarnar: »skoðunarmaður skal vera« o. s. frv. til »Búnaðarfélags Íslands« falli burt; en í þess stað komi: Skoðunarmenn skulu eigi fleiri vera en 3 í sýslu hverri.
2. Við B. 2. j. Fyrir: »safngryfjur« komi: safnþrór.
3. Við B. 2. j. 3. Fyrir: »safngryfjur« komi: safnþrór.
4. Við B. 2. j. 4. Fyrir: »safngryfjur« komi: safnþrór.
5. »m²« breytist alstaðar í fermetri.
»m« breytist í metri.
»m³« breytist í rúmmetri.

Nd. **701. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um breyting á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« (þgskj. 630).

Frá Jóni Þorkelssyni.

Aftan við tillöguna bætist:

3. gr.

Fyrir orðið: »Landshöfðingi« í upphafi 4. gr. komi: Stjórnarráð Íslands.

Breytingar þessar skal færa inn í meginmál reglna um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« frá 24. ág. 1881, og síðan leita staðfestingar konungs á reglum þessum í heild.

Nd. **702. Breytingartillaga**

við frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla.

Flutningsm.: Björn Sigfússon og Hálfdan Guðjónsson.

8. gr. orðist svo:

Stjórnarráðið skal með aðstoð og ráði skólanefndar sjá um, að skólajörðin sé leigð á þann hátt, að á henni sé rekinn hæfilegur búskapur eftir þörfum skólans og til þess að viðhalda ræktun hennar.

Nd. **703. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um brúargerð á Jökulsá á Sólheimasandi. (Þingskj. 423).

Flutningsm.: Stefán Stefánsson Eyf. og H. Hafstein.

Á eftir fyrirsögn frumvarpsins komi: og á Eyjafjarðará.

Aftan við 1. gr. bætist: og til brúargerðar á Eyjafjarðará alt að 75 þúsund krónur.

Í stað »brúargerðarinnar« síðast í frv. komi: brúargerðanna.

Nd. **704. Tillaga**

til þingsályktunar um prentsmiðjur.

Frá Jóni Þorkelssyni, Benedikt Sveinssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um prentsmiðjur, er meðal annars lúti að því, svo sem frumvarp það, er deildin hefir samþykt í ár, að fella niður þá skyldu fyrir prentsmiðjur hér á landi að láta nokkrum útlendum bókasöfnum í té ókeypis eintök af því, sem í þeim er prentað.

Nd. **705. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ölgerð og ölverzlun.

Frá tollaganefndinni.

1. Við 3. gr. Stafliður a. falli burt.
2. Við 3. gr. Stafliður c. orðist svo:
   Að landssjóður fái helming af gróða félagsins, eftir að greiddir eru 5% vextir af hlutafénu, $^3/_4$ af gróðanum, eftir að greiddir eru 6% vextir, og $^9/_{10}$ af gróðanum, þá er hluthafar hafa fengið 10% ágóða.
3. Við 4. gr. Á eftir »öltegundir« bætist inn: og aðra maltdrykki.
4. Við 4. gr. Á eftir »öli« komi: og öðrum maltdrykkjum.
5. Á eftir 5. gr. komi ný grein:
   Bann gegn tilbúningi áfengra drykkja samkvæmt lögum 12. janúar 1900 nær að eins til þeirra drykkja, sem í er meira en $2^1/_4$% af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli, þótt um staðjastað öl sé að ræða.

Nd. **706. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um einkarétt landssjóðs á aðflöttum vörum (þingskj. 631).

Frá tollaganefndinni.

1. Meginmálið orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd til þess að taka til íhugunar fjármál landsins, sérstaklega:

1. að íhuga bankamál landsins og önnur peningamál, er standa í sambandi við þau, þar á meðal á hvern hátt hagkvæmast verði að stofna fasteignaveðbanka og útvega markað fyrir íslenzk verðbréf.

2. að rannsaka, hvort tiltækilegt sé að auka tekjur landssjóðs með einkarétti á aðfluttum vörum, svo sem tóbaki, steinolíu, kolum o. fl.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir af sameinuðu þingi með hlutfallskosningu, en landsstjórnin nefnir sjálf til einn þeirra, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr landssjóði. Aðstoð við nefndarstörfin, svo og útgjöld til þess að útvega nægar upplýsingar, teljast til kostnaðar við nefndina.

Nefndin skal senda landsstjórninni tillögur sínar svo fljótt sem hún fær því við komið og þau lagafrumvörp, er hún kann að semja um þessi efni, en landsstjórnin leggi fyrir alþingi svo fljótt sem unt er þau af frumvörpum þessum, er hún aðhyllist.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga ýms fjármál landsins.

Ed. **707. Frumvarp**

til laga um stofnun húsmæðraskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Eiðum í Fljótsdalshéraði skal stofna húsmæðraskóla með því markmiði, að veita konum þá kunnáttu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er hverri húsmóður í búanda stöðu og gerir hana færa um köllun sína. Skólinn skal hafa nauðsynleg afnot af jörðinni Eiðum.

2. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir yfirumsjón skólans. Það skipar forstöðukonu fyrir skólann, og hefir hún á hendi daglega stjórn skólans og skólaheimilisins. Að öðru leyti eru forráð skólans falin 3 manna nefnd, sem kosin er til 4 ára. Kjósa sýslunefndir Múlasýslna sinn manninn hvor, en stjórnarráðið hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

3. gr.

Forstöðukona hefir á hendi kenslu við skólann, og skal hún hafa leyst af hendi próf, er sýni, að hún sé fær um kenslu í hinum helstu námsgreinum hans. Hún hefir að launum 1200 kr. á ári auk leigulauss bústaðar í skólanum.

Skólanefnd ræður þá kennara aðra, er nauðsyn krefur, með samþykki stjórnarráðs.

4. gr.

Skólinn hefir á hendi bæði bóklega og verklega kenslu. Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í fræðigreinum þeim, er að

húsmóðurstörfum lúta. Auk þeirrar kenslu skal sérstök áherzla lögð á, að nemendur læri að tala og rita móðurmálið vel og skipulega, enn fremur sögu og landafræði Íslands og í sambandi við söguna sé sérstaklega skýrð þýðing konunnar fyrir heimili og þjóðfélag. Þá skal og kenna reikning og reikningsfærslu.

Verklega kenslan fer fram með munnlegri tilsögn og verklegri æfing í nauðsynlegum heimilisstörfum kvenna, og skal þar einkum kappkosta að innræta nemendum hagsýni, þrifnað og áhuga í verkum, reglusama vinnustjórn og heimilisforstöðu. Kenna skal ennfremur dráttlist, söng og leikfimi, svo sem tími og kenslukraftar leyfa.

5. gr.

Aðalnámsskeið sé alt að 7 mánuðum (frá október til maí) ár hvert. En auk þess skulu vera tvö námsskeið stutt á skólanum, annað að vori, þar sem nemendur fá tilsögn og æfing í garðrækt og fleiri vorstörfum, hitt að hausti, og fá þá nemendur á sama hátt kenslu í notkun og geymslu garðávaxta (matjurta) svo og geymslu matvæla og fleiru, er að hauststörfum lýtur. Heimilt er konum utan skóla að sækja kensluskeið þessi, eins og rúm leyfir á skólanum. En þó skulu hinir föstu nemendur sitja þar í fyrirrúmi.

6. gr.

Skólinn á að geta tekið á móti alt að 30 nemendum, er jafnframt hafi heimavistir í skólanum. Skal skólastjórnin sjá um, að nemendur geti komið á sameiginlegu mötuneyti.

7. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð fyrir skólann með samráði við skólastjórnina. Sé þar, meðal annars, kveðið á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburði.

8. gr.

Stjórnarráðið skal með aðstoð og ráði skólanefndar sjá um, að hæfilegur búskapur sé rekinn á skólajörðinni, bæði eftir þörfum skólans og til þess að viðhalda ræktun jarðarinnar. Reka má búskap þennan á landssjóðs ábyrgð, ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Kostnaður við að gera skólann úr garði, svo og kennaralaun og annar árlegur kostnaður greiðist úr landssjóði.

10. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er sýslunefndirnar í Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu hafa afhent landsstjórninni sem móttakanda fyrir landsins hönd Eiðaskólaeignina alla í föstu og lausu til fullrar eignar og umráða með öllum skyldum og réttindum, enda taki landið að sér að greiða skuldir þær, er hvíla á eigninni og sýslufélögunum vegna Eiðaskólans.

Nd. **708. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um brúargerð á Jökulsá á Sólheimasandi. (Þingskj. 423).

Flutningsmenn: Jón Jónsson frá Hvanná og Jóh. Jóhannesson.

Aftan við fyrirsögnina bætist: og á Hofsá í Vopnafirði.
Aftan við 1. gr. bætist: Og til brúargerðar á Hofsá í Vopnafirði 24,000 kr.

Nd. **709. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um brúargerð á Jökulsá á Sólheimasandi. (Þingskj. 423).

Flutningsmaður: Jón Sigurðsson þm. Mýram.

Aftan við fyrirsögn frumvarpsins komi: og á Hvítá í Borgarfirði.
Aftan við 1. gr. bætist: og til brúargerðar á Hvítá í Borgarfirði alt að 45 þús. kr.
Í stað »brúargerðarinnar« síðast í frv. komi: brúargerðanna.

Ed. **710. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

A alþingi 1909 samþykti neðri deild þingsályktunartillögu um, að skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til stjórnskipunarlaga um nokkrar mjög verulegar breytingar á núgildandi stjórnarskipunarlögum. Breytingar þær, sem mest áherzla var lögð á, voru:

að heimilt sé að fjölga ráðherrum,
að afnema konungskosningar,
að veita konum kosningarrétt og kjörgengi til alþingis,
að rýmka kosningarrétt að öðru leyti og
að skilja megi ríki og kirkju að lögum.

Um flestar þessar tillögur hefir töluvert verið ritað og rætt síðan 1909 og á öllum þingmálafundum fyrir þetta þing kom það berlega í ljós, að kjósendum var það hugleikið, að stjórnarskipunarlögunum yrði breytt í þessa átt á þessu þingi. Við því bjuggust og allir, að stjórnin myndi samkvæmt þessari áskorun búa málið rækilega undir meðferð þingsins og þannig greiða götu þess, að svo miklu leyti sem í hennar valdi stóð.

Stjórnin virti nú þessa áskorun að vettugi, lagði ekkert frumvarp fyrir þingið eða undirbjó málið að öðru leyti.

Til þess að verða við eindregnum óskum þjóðarinnar varð þingið því að

taka málið til rækilegrar meðferðar, þótt undurbúningslaust væri af stjórnarinnar hálfu. Í þingbyrjun voru því borin upp af hálfu þingmanna úr báðum flokkum tvö frumvörp til breytingar á stjórnarskránni og nefnd skipuð til að íhuga þau. Frá nefnd þeirri er frumvarp það aðallega runnið, sem hv. neðri deild hefir samsamþykt og hér liggur fyrir.

Í frumv. þetta eru teknar allar þær aðalbreytingar sem nefndar eru hér að framan, auk nokkurra annara allverulegra breytinga.

Vér, sem háttv. efri deild skipaði í nefnd til að athuga mál þetta, teljum sjálfsagt, að þingið reyni að leiða það til lyktar, þótt vér hinsvegar verðum að játa, að tími sá sem þinginu, og sérstaklega efri deild, er afmarkaður til þessa mikla vandamáls, sé í raun og veru ónógur, eins og það er í garðinn búið.

Álit vort mun aðallega beinast að aðalbreytingunum og þeim atriðum, er standa í sambandi við þær.

Fjölgun ráðherra. Um það voru skiftar skoðanir í nefndinni, hvort heppilegt væri að fastákveða fjölgun ráðherra í stjórnarskránni eða heimila fjölgun þeirra með einföldum lögum. Nefndarmennirnir Lárus H. Bjarnason og Jósef Björnsson vildu ekki fara lengra en heimila fjölgunina og munu þeir gera grein fyrir afstöðu sinni um þetta atriði. Fjölguninni má telja það til gildis, að meiri trygging fáist fyrir fjölbreyttri þekkingu og betra undirbúningi allra löggjafarmála undir meðferð þingsins af stjórnarinnar hálfu. Reglulegt alþingi á að heyja að eins annaðhvort ár, eins og hingað til; stjórnin verður því miklu einráðari um gerðir sínar heldur en með árlegu þinghaldi, en trygging gegn slíku einræði, sem getur orðið hættulegt fyrir þjóðina, er meiri, ef fleiri en einn maður fara með völdin. Einnig má búast við því að hér sem annarsstaðar verði fleiri en tveir flokkar uppi hjá þjóðinni og fulltrúum hennar, án þess þó að nokkur þeirra hafi afl atkvæða á þinginu, og verður þá ólíkt hægra fyrir flokkana að mynda eða styðja stjórn, svo að hún hafi meiri hluta á þingi, ef stjórnin er skipuð fleirum en einum manni. Þá er og síður hætt við algerðum stjórnarskiftum, sem, ef þau eru mjög tíð, hljóta að draga úr stefnufestu stjórnarinnar í stjórnarframkvæmdinni.

Að þessu athuguðu verður meiri hluti nefndarinnar að fallast á þau ákvæði frumvarpsins, að ráðherrar *skuli* vera þrír, þótt það hafi nokkurn aukinn kostnað í för með sér.

Afnám konungkjörinna þingmanna. Um það er öll nefndin á eitt mál sátt, en telur það jafnframt mjög áríðandi, að efri deild verði þannig skipuð, að þar sé jafnan nægilegt íhaldsafl til að hamla upp á móti snöggum og oft miður athuguðum hreyfingum, er upp kunna að koma og æsa hugi manna meir en holt er fyrir þjóðina. Þetta er því nauðsynlegra, sem kosningarrétturinn er stórkostlega rýmkaður. Helzt hefði nefndin eða meiri hluti hennar kosið, að kjörtími efri deildar væri 12 ár, en vill þó til samkomulags við hv. neðri deild eftir atvikum sætta sig við ákvæði frumv. með þeirri breytingu, er nefndin leggur til, að gerð verði á frumvarpinu um kosningarréttinn, bæði til efri og neðri deildar.

Rýmkun kosningarréttarins. Nefndin er háttv. neðri deild samdóma um, að veita beri konum jafnan rétt sem körlum til kosninga og kjörgengis. En lengra getur hún ekki farið. Samkvæmt frumvarpinu eiga öll 25 ára gömul vinnuhjú að fá kosningarrétt og kjörgengi til alþingis, ef þau að öðru leyti fullnægja venju-

legum skilyrðum. Samkvæmt gildandi lögum hefir þessi flokkur þjóðfélagsins að vísu kosningarrétt í bæjar-, sveitar- og safnaðarmálum, en kjörgengi alls ekki. Hér er því farið fram á að veita þessum flokki hluttöku í hinu vandamesta starfi þjóðfélagsins, löggjafarstarfinu, áður en fært hefir þótt að láta hann fá þessa hluttöku í þeim störfum þjóðfélagsins, sem verða að álítast töluvert vandaminni. Nefndin lítur svo á, að hér sé um algerða bylting að ræða, bylting, sem engin nauðsyn rekur til og sem engin þjóð mun hafa séð sér fært að lögleiða. Verði þetta ákvæði lögleitt ásamt kosningarrétti og kjörgengi sjálfstæðra kvenna, þá er kjósendum landsins og kjörgengum mönnum fjölgað alt í einu um meira en helming. Þeir kjósendur, sem hingað til hafa borið mestar byrðar í landsins þarfir og telja má að eftir stöðu sinni hafi einna mestan landsmálaþroska, svo sem bændastéttin og aðrir atvinnurekendur landsins eru með þessum ákvæðum settir í algerðan minni hluta í öllum löggjafarmálum þjóðarinnar, en valdið fengið í hendur þeim hluta hennar, sem í heild sinni hefir haft minst tæki og minstar hvatir til að geta farið með það þjóðinni til gagns. Auk þess samrýmast þessi réttindi lítt réttindum og skyldum húsbænda og hjúa innbyrðis, svo að hjúum verður í mörgum tilfellum ekki auðið að neyta þeirra. Það má að vísu segja, að lausamenn og lausakonur, sem kosningarrétt og kjörgengi eiga að fá eftir frumvarpi þessu, séu ekki færari til að nota þessi réttindi en vinnuhjúin, en þess ber þó að gæta, að lausamennirnir hafa þegar fengið þessi réttindi, svo hér er að eins um það að ræða, að veita lausakonum jafnrétti við þá. Þótt því nefndin kannist við, að lausamannastéttin sé yfirleitt ekki færari eða þroskaðri til að fara með þennan rétt, þá telur hún þó varhugavert að taka hann aftur af lausamönnum með lögum. Hinsvegar vill hún reyna að setja skorður við því, að ólöglegir lausamenn og lausakonur, sem ekki mun vera allfátt af hér á landi, fái þennan rétt.

Nefndin verður því eindregið að leggja á móti því, að þessi bylting sé lögleidd nú þegar og það því fremur, sem ekki ein einasta rödd frá þjóðinni í þessa átt hefir látið til sín heyra.

Skilnaður ríkis og kirkju. Neðri deild hefir sett þann viðauka við 45. gr. stjórnarskrárinnar, að breyta megi með einföldum lögum sambandinu milli ríkis og kirkju og hefir auk þess rýmkað nokkuð um réttindi utanþjóðkirkjumanna, og felst nefndin á þær tillögur hennar. Þó leggur nefndin til, að gerðar séu nokkrar breytingar á frumvarpinu, sem ekki standa í sambandi við þau aðalatriði, sem hér eru talin.

Nefndinni þykir eftir atvikum rétt að orða 4. gr. stjórnarskrárinnar um, að öllu leyti, úr því að gjörðar eru breytingar á henni.

Þá þykir nefndinni það varhugavert, að binda með einföldum lögum kosningarrétt til alþingis við þekkingarskilyrði; óttast hún að slík löggjöf geti leitt til þess, að þeir, sem þennan rétt hafa samkvæmt stjórnarskránni, missi hann og þingið taki þannig með annari hendinni það, sem það hefir gefið með hinni.

Einnig vill nefndin binda kjörgengi til alþingis við 5 ára dvöl á Íslandi í stað eins árs í frumvarpinu; telur hún þann tíma alt of stuttan, einkum er lítið er til þess, að hingað getur þá og þegar streymt fjöldi útlendinga og það af misjöfnu tægi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að breytt sé samkomutíma alþingis og hann settur 17. júní; er þar meðal annars haft fyrir augum, að með því móti að minsta kosti geti hinn fyrirhugaði háskóli fengið nægilegt húsnæði í alþingishús-

inu, enda telja sumir nefndarmanna vetrartíma óhentugri til þingsetu en sumarið.

Nefndin, að Jósef Björnssyni undan teknum, ræður til að fella aftan af 22. gr. orðu- og titlaákvæðin; telur slíkt of lítilfjörlegt mál til þess að verða tekið upp í stjórnarskrána, og auk þess full-nærgöngult einkaréttindum konungsins.

Í stað 23. gr. vill nefndin setja nýja grein er heimili að ákveða megi með lögum, að skjóta undir þjóðaratkvæði lögum, er alþingi hefir samþykt, áður en þau eru staðfest af konungi.

Breytingartillögur nefndarinnar við 61. gr. stjórnarskrárinnar er í samræmi við ákvæði frumvarpsins um skipun efri deildar.

Fyrir breytingartillögum þeim, sem ekki eru nefndar hér að framan, verður gerð grein í framsögu málsins, og ráðum vér hinni hv. deild til að samþykkja breytingartillögurnar á þingskjali 721.

Einn nefndarmanna, Ari Jónsson, er veikur og hefir því ekki undirskrifað nefndarálitið.

Alþingi 22. apríl 1911.

Stefán Stefánsson, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.
Lárus H. Bjarnason.	Sigurður Hjörleifsson.
Jósef Björnsson.	Steingr. Jónsson.

Nd.

711. Frumvarp

um útrýming fjárkláðans.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að útrýma fjárkláða úr landinu veitist landsstjórninni heimild til þess að fyrirskipa tvær baðanir með hæfilegu millibili veturinn 1911 til 1912 á öllu sauðfé. Hún semur með ráði dýralæknis reglugerð um framkvæmd baðananna með fyrirmælum um, hvaða baðlyf skuli nota og hvernig með fara og um annað, sem þurfa þykir til þess, að baðanirnar komi að tilætluðum notum.

2. gr.

Landsstjórnin skipar með ráði lögreglustjóra og dýralækna einn kláðalækni í sýslu hverri eða tvo, ef þurfa þykir, og í hverjum hreppi og kaupstað svo marga baðara, sem við þarf.

3. gr.

Kláðalæknum og böðurum ber að haga störfum sínum eftir því sem reglugerðin mælir fyrir. Þar skal ákveða kaup kláðalækna og baðara og annan tilkostnað þeirra. Skal kaup kláðalækna ekki vera hærra en 5 kr. og baðara

ekki hærra en 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru að heiman við þessi störf. Kláðalæknum skal borgað að hálfu úr landssjóði og að hálfu úr sýslusjóði, en böðurum að hálfu úr landsjóði og að hálfu úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Reikningar kláðalækna ásamt umsögn sýslunefnda, og baðara ásamt umsögn hreppsnefnda eða bæjarstjórna skulu sendir stjórnarráðinu til úrskurðar.

Landstjórnin annast kaup á baðlyfjum, flutning þeirra á viðkomustaði strandferðaskipanna, vátrygging, uppskipun, geymslu og afhending. Öllum baðlyfjakostnaði skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir jafna niður á fjáreigendur eftir fjártölu. Innheimta hreppsnefndir eða bæjarstjórnir gjald þetta og senda sýslumönnum eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður með ráði lögreglustjóra og dýralækna, hve mikið þurfi af baðlyfjum, og annast um kaup á þeim og flutning á framangreindar hafnir, en sýslunefndir um viðtöku þeirra þar, geymslu og afhending.

5. gr.

Fyrir brot móti reglugerð þeirri, sem landsstjórnin setur samkvæmt lögum þessum, má í reglugerðinni ákveða 5 til 200 kr. sektir, og fer um mál út af brotum þeim sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Fresta skal framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, tilskipunar 4. marz 1871 um viðauka við hana og laga nr. 40, 8. nóv. 1901, að því leyti, sem tilskipanir þær og lög samrýmast ekki lögum þessum. Lög nr. 41, 13. nóv. 1903 eru úr gildi numin.

Nd. **712. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á kirkjujörðinni Presthólum í Presthólahreppi (þingskj. 437).

Ábúandinn á Presthólum præp. hon. síra Halldór Bjarnarson hefir farið þess á leit við alþingi að honum yrði annaðhvort seld kirkjujörðin Presthólar, fyrir 2,500 kr., eða þá að þingið veiti honum 4,200 kr. lán, sem sé þær 2,500 kr., er hann sé þegar búiun að leggja í umbætur á jörðinni, og 1,800 kr. til að slétta þær 11 dagsláttur, sem ósléttaðar eru af túninu.

Presthólar eru gamalt prestssetur, sem leggja á niður eftir hinum nýju prestakallalögum (16. nóv. 1907, 1. gr. 103). Ábúandinn kveðst hafa gert æði miklar umbætur á jörðinni, lagt akveg til sjóar, girt túnið og sléttað nokkuð af því, bygt þar mikla sauðaborg með góðri gerð, og telur sig hafa lagt í kostnað til umbóta jörðinni liðugar 2,500 kr. Það er því eðlilegt, þegar hann er búinn að leggja svo mikið fé í jörðina, að hann óski að fá hana keypta, enda fór hann þess á leit fyrir tveim árum, 4. maí 1909, en sýslunefnd lagðist þá á móti sölunni af því að líklegt væri að jörðin yrði síðar nauðsynleg til opinberra

afnota, án þess þó að séð verði, hver þau opinberu afnot eru, sem sýslunefndin hefir hugsað sér. Til læknisseturs þarf jarðarinnar ekki, því að til þess er þegar ákveðinn annar staður, fyrst um sinn á Kópaskeri og síðan á Núpi þegar sú jörð losnar. Ekki þykir heldur geta komið til mála að hún yrði skólajörð í hreppnum, því að hún liggur nálega á öðrum hreppsenda og er því illa í sveit komið, nema ef Núpasveit vildi út af fyrir sig hafa skóla, en þá virðist skóli sá öllu betur settur í kauptúninu á Kópaskeri. Auk þess hafa hreppsbúar sérstaklega óskað eftir annari jörð undir skóla fyrir Presthólahrepp, en það eru Sigurðarstaðir á Sléttu.

Presthólar eru heyskaparlítil útbeitarjörð, og er því lítt fallin til þess að henni væri skift niður í grasbýli. Það er því ekki auðvelt að sjá, hvað ætti að vera því til fyrirstöðu, að ábúandinn geti fengið jörðina keypta eftir löglegan undirbúning, eins og hver annar með afsalsbréfi frá stjórnarráðinu, ef alt er annmarkalaust, og að svo miklu leyti tekur málið ekki til þingsins. Hitt er og annað mál, að þingið getur ekki að svo stöddu ákveðið neitt um sölu á jörðinni, sökum þess að öll nauðsynleg gögn til þess vantar gersamlega. Fyrir þinginu liggur ekkert um þetta efni nema beiðni Halldórs prófasts, en engin virðing né lýsing á jörðinni eða neitt annað

Vér getum þess vegna ekki ráðið deildinni til að samþykkja frumvarp þetta eins og það liggur fyrir, en leyfum oss hins vegar að leggja það til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, er borin mun verða upp við umræðurnar.

Neðri deild alþingis, 21. apríl 1911.

Björn Sigfússon, formaður	Jón Þorkelsson, skrifari.	Eggert Pálsson.
Pétur Jónsson.	Stefán Stefánsson, Eyf.	Hálfdan Guðjónsson.

Benedikt Sveinsson, framsögumaður.

Nd. **713. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur um Ölfus að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall.

Viðhaldsskylda á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, sem nú hvílir að 1/3 á Rangárvallasýslu, sbr. 8. gr. vegalaganna stafl. d., skal frá 1. janúar 1914 hvíla að öllu leyti á Árnessýslu.

2. gr.

Þá er flutningabraut er fullgerð eða nokkur hluti hennar, skal stjórnar-

ráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgerður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun. Skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

Áður en afhending fer fram, skal framkvæma skoðunargerð á brautinni eða brautarkaflanum, og tilnefnir stjórnarráðið annan skoðunarmanninn, en sýslunefnd þeirrar sýslu, sem vegurinn liggur í, tilnefnir hinn. Skulu þeir semja nákvæma lýsingu á veginum og senda stjórnarráðinu, og úrskurðar stjórnarráðið síðan, hvort vegurinn eða vegarkaflinn sé fullger, eða skemdir bættar, svo sem hér er fyrirmælt.

3. gr.

Hreppsvegagjald er 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna, skulu samdar í októbermánuði ár hvert, og sendar sýslumanni fyrir árslok. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

4. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærraskrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldanna er 31. desember ár hvert.

5. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði. Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 3. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

6. gr.

Verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfélagið hefir, næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verzlunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem sýsluvegagjaldinu nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en kr. 2,50 á hvern verkfæran mann samkv. 3. gr. þessara laga.

7. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 10. gr., 24. gr., 26. gr., fyrri liður 27. gr., 54. gr. og 55. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Nd. **714. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á kirkjujörðinni Sigurðarstöðum í Presthólahreppi (þingskjal 401).

Jörðin Sigurðarstaðir á Sléttu er gömul eign Múlakirkju í Aðaldal að einum þriðjungi, en að tveim þriðjungum Grenjaðarstaðarkirkju. Er hún 15 hundruð að forngildu, en 23,2 að nýju mati. Með bréfi kenslumálastjórnarinnar 19. febr. 1867 var hún lögð til Presthóla, og þangað hefir hún lotið síðan.

Hinn 4. Ágúst 1907 byggir Halldór prófastur Bjarnarson í Presthólum Guðrúnu prestsekkju Björnsdóttur, systur sinni, og Marenu Lárusdóttur, systurdóttur sinni, Sigurðarstaði fyrir 15 punda eftirgjald af vel verkuðum æðardún.

Með bréfi dagsettu á Sigurðarstöðum, 31. Ágúst 1908, sækir Maren Lárusdóttir um það til ráðherra, að fá keypta ábýlisjörð sína Sigurðarstaði og samþykkir Guðrún móðir hennar þá beiðni með bréfi dagsettu á Sigurðarstöðum 1. Sept. sama ár.

Hinn 2. Júní 1909, lýsir sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu yfir því, að hún telur, að 2. gr. laga nr. 50 frá 16. Nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, sé því eigi til fyrirstöðu, að jörðin sé seld réttum ábúanda, og að eigi sé ástæða til, að undanskilja nokkur jarðargögn við söluna. (Fylgiskjal 2). En þegar svo er komið, þá hefjast Presthólahreppsmenn handa og krefjast jarðarinnar til væntanlegs skólaseturs, og felur hreppsnefndinni að framkvæma vilja sinn í því. (Fylgiskjal 3).

14. Júlí 1909 er jörðin virt, og telja virðingarmenn hana þá óflágt leigða hjá séra Halldóri, í samanburði við aðrar jarðir í grendinni, og þykir sem hún væri hæfilega leigð með 23 til 24 pundum æðardúns í eftirgjald, og meta hana 6600 kr. virði. (Fylgiskjal 5).

Hinn 23. Sept. 1909 sendir Halldór prófastur Bjarnarson stjórnarráðinu beiðni Marenar Lárusdóttur, frá 31. Ág. 1908, um kaup á jörðinni og ályktun sýslunefndar frá 2. Júní ásamt virðingargerðinni og öðrum gögnum. En kaup fengust eingin gerð. (Fylgiskjal 6).

18. April 1910 er samþykt í einu hljóði á hreppstundi í Presthólahreppi, að fá Sigurðarstaði keypta fyrir barnaskólajörð (handa hreppnum), ef kostur væri á að fá hana (Fylgiskjal 8), og 25. sama mánaðar leggur sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu það til, að ábúandanum sé ekki seld jörðin, heldur Presthólahreppi. (Fylgiskjal 9).

12. Maí 1910 sækir oddviti hreppsnefndarinnar í Presthólahreppi svo til stjórnarráðsins um kaup á jörðinni til skólahalds, og getur þess jafnframt, að jörð þessi sé ein hin hentasta til þess, að skiftast í sundur í fleiri grasbýli. (Fylgiskjal 10). En af því að stjórnarráðið þóttist eigi hafa heimild til samkvæmt gildandi lögum að selja jörðina öðrum en ábúanda, skoraði hreppsnefnd Presthólahrepps á landsstjórnina með bréfi dagsettu 20. Nóv. 1910, að leggja málið fyrir næsta alþingi, til þess að reyna að fá lagaheimild hjá þinginu til þess að selja hreppnum jörðina. (Fylgiskjal 11).

Nefndin verður að líta svo á, af því sem nú er framkomið, að heimildin til þess að selja Presthólahreppi þessa jörð sé varla mjög vafasöm, eftir

2. gr. í lögum frá 16. Nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, og að það geti tæplega komið til greina, að selja ábúanda jörðina, eins og nú er komið málinu, alveg án tillits til þess, að konur þær, sem byggingarbréf hafa fyrir jörðinni, og kaupanna hafa beiðzt, hafa nú um hríð dvalið langvistum í Reykjavík, og önnur þeirra verið þar bæjar fulltrúi og er það enn. Hinn eiginlegi ábúandi Sigurðarstaða mun því hafa verið prófasturinn í Presthólum nú hin síðustu árin. En úr því að stjórnarráðið hefir eigi talið heimild til sölunnar skýlausa, hefir nefndinni ekki sýnzt að víkja málinu til landsstjórnarinnar, heldur leggja það til eftir atvikum, að það sé afgreitt frá þinginu í lagaformi. Hitt getur verið álitamál, hvort ábúendum sé ekki heimil lífstíðarafnot jarðarinnar samkvæmt byggingarbréfinu frá 4. Ág. 1907, sé það annars lögformlegt. (Fylgskj. 12).

Annað mál er það, hvað sé hæfilegt verð á jörðinni. Virðingarmenn hafa talið hana 6600 kr. virði. Flestum sem til þekkja ber saman um það, að jörð þessi sé ein af hinum beztu og gagnsömustu hlunnindajörðum þar um slóðir, landmikil, tún grasgefið, en ekki stórt, útslægjur miklar, en heyfall miður gott, útbeit góð og fjörubeit ágæt, trjáreki mikill, silungsveiði allmikil, en vatnsból þykir ekki gott á jörðinni. (Fylgiskjal 5—6). Æðarvarp er á jörðinni býsna mikið, en þó nokkur áraskifti að því eftir tíðarfari, ísum og öðrum atvikum. Á árunum 1899—1908 fengust á Sigurðarstöðum frá 25—51 pund dún. (Fylgiskjal 4, 7).

Eftir skýrslu prestsins hefir meðaltal eftirgjalds af jörðinni 1898—1908, sem greiddist með 15 pundum dúns, verið 151 kr. 97 a. á ári (Fylgiskjal 1). En virðingarmenn telja þann leigumála oflágan og segja jörðina hæfilega bygða fyrir 23—24 pd. dúns í eftirgjald, svo sem fyrri greinir (Fylgiskjal 5). Nefndin verður og að líta svo á, þegar gætt er allra hlunninda og gagnsemi jarðarinnar, að hún sé ekki of hátt virt á 6600 kr., sem virðingarmenn gera hana, heldur muni óhætt að færa verðið töluvert upp úr því, og hefir þótt hæfilegt að gefinn væri kostur kaups á henni fyrir 7500 kr., og ekki undir því.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykt óbreytt að öðru en því að fyrir »6600 kr.« komi: 7500 kr.

Neðri deild Alþingis, 21. apríl 1911.

Björn Sigfússon, formaður.	Jón Þorkelsson, skrifari.
Eggert Pálsson.	Pétur Jónsson.
Hálfdán Guðjónsson.	Benedikt Sveinsson, framsögum.

Stefán Stefánsson Eyf.

Fylgiskjöl.

1.

Skýrsla

yfir eftirgjald eftir Sigurðarstaði árin 1898—1908.

Fardagaár	eftirgjald	10 ára meðalverð landsskuldarinnar
1898—'99	kr. 133,20	
1899—'00	— 136,20	
1900—'01	— 137,85	
1901—'02	— 164,10	
1902—'03	— 165,00	
1903—'04	— 162,90	
1904—'05	— 163,20	
1905—'06	— 145,95	
1906—'07	— 149,25	
1907—'08	— 162,00	
Samt. 10 ár	kr. 1519,65	kr. 151,97

Presthólum, 31. ágúst 1908.

Halldór Bjarnarson.

Tölul. 3.

Lagt fram í aukarétti Þingeyjarsýslu, Húsavík 4. sept. 1909.

Steingr. Jónsson.

2.

Útdráttur

úr aðalfundargerð sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu að Ærlækjarseli 2. júní 1909.

... ...

15. Lagði oddviti fram og las upp umsókn Marenar Lárusdóttur á Sigurðarstöðum á Sléttu, til stjórnarráðsins, um kaup á þeirri jörð, dagsetta 31. ágúst 1908, afgreidda til oddvita sýslunefndarinnar með bréfi frá 16. des. f. á. en afhenta honum nú á sýslunefndarfundinum. Fylgdu þessum bréfum ennfremur byggingarbréf fyrir jörðunni dags. 4. ágúst 1907 til handa umsækjanda og móður hennar frú Guðrúnar Bjarnardóttur í Reykjavik.

Sýslunefndin lýsir yfir því, að hún telur að 2. gr. laga, nr. 50, frá 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða sé því eigi til fyrirstöðu, að jörðin sé seld réttum ábúanda, og að eigi sé ástæða til, að undanskilja nokkur jarðargögn við söluna.

... ...

Réttan útdráttt staðfestir

Skrifstofa Þingeyjarsýslu, Húsavík, 6. september 1909.

Steingrímur Jónsson.

Greitt inn 25 — tuttugu og fimm aur.
Stgr. J.

3.

Vér undirritaðir búendur og gjaldendur Presthólahrepps, lýsum því hér með yfir, að það er vilji vor að fá jörðina Sigurðarstaði liggjandi á miðri Melrakkasléttu keypta handa hreppnum sem fyrirhugaða barnaskólajörð og höfum vér falið hreppsnefndinni að framkvæma vilja vorn í þessa átt.

Presthólahreppi, í júnímán. 1909.

Árni Árnason (oddviti). Guðni Kristjánsson, bóndi á Hóli. Sveinn Einarsson, kaupmaður á Raufarhöfn. Þorst. Þorsteinsson, bóndi á Daðastöðum. Jón Einarsson, kaupm. á Raufarhöfn. Þ. Þorsteinsson, hreppstj. Daðastöðum. Jóhannes Friðbjarnarson, bóndi á Grashóli. Halldór Sigurðsson, bóndi Valþjófsst. Tómas Jónsson, bóndi Arnarstöðum. Stefán Bjarnarson, bóndi Valþjófsstöðum. Jón Magnússon, bóndi Einarsstöðum. Árni Ingimundarson, bóndi Garði. Guðmundur Ingimundarson, bóndi Garði. Sigurður Ingimundarson, Garði. Ingim. Sigurðsson, Svartárstöðum. Siggeir Pétursson, bóndi Oddsstöðum. Helga Sæmundsdóttir, búandi á Leirhöfn. Daniel Illugason, bóndi Beikalóni. Jón Ingimundarson, bóndi á Brekku. Björn Sigurðsson, bóndi á Grjótnesi. Björn St. Guðmundsson, bóndi á Grjótnesi. Vigfús Benediktsson, bóndi Núpskötlu. Stefán Jónsson, Skinnalóni. Guðrún Stefánsdóttir, búandi Harðbak. Daniel Benjamínsson, húsm. Harðbak. Jóhann Baldvinsson, Rifi. Jón Árnason, bóndi Ásmundarstöðum. Jón Guðmundsson, verzlunarmaður á Raufarhöfn. Erlendur Stefánsson, útgerðareigandi á Raufarhöfn. Sigurður Guðmundsson, trésmiður á Grjótnesi. Ísak Friðriksson, Raufarhöfn. Þorbjörg Lund, ábúandi á Raufarhöfn.

4.

Útdráttur

úr hreppaskilabók Presthólahrepps.

Skýrslur

um fiskafla á opnum bátum, dúntekju, fuglatekju og selveiði í Presthólahr.

Árið	1899:	Páll Björnsson, Sigurðarstöðum	Æðardúnn	51 pd.
—	1900:	Sami ábúandi s. st.	—»—	51 —
—	1901:	Sami ábúandi s. st.	—»—	51 —
—	1902:	Skúli Þorsteinsson, Sigurðarstöðum. Dúnninn kvað vera óhreinsaður.		
—	1903:	Páll Ólafsson, Sigurðarstöðum. Enginn dúnn talinn.		
—	1904:	Þórarinn Guðnason, Sigurðarstöðum . .	—»—	25 —
—	1905:	Sami ábúandi s. st.	—»—	28 —
—	1906:	Sami ábúandi s. st.	—»—	30 —
—	1907:	Sami ábúandi s. st.	—»—	35 —
—	1908:	Guðrún Björnsdóttir Sigurðarstöðum . .	- »—	32 —

Réttan útdrátt staðfestir

Hreppstjórinn í Presthólahrepp,
Daðastöðum, 13. júlí 1909.

Þ. Þorsteinsson.

5.

Ár 1909, þann 14. júlí vorum við undirritaðir staddir á Sigurðarstöðum, til þess samkvæmt bréfi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu dags. 12. júní þ. á. og ósk ungfrú Marenar Lárusdóttur í Presthólum með bréfi dags. 15. júní þ. á., að virða nefnda jörð til peningaverðs.

Skjöl þau, sem okkur voru send með nefndum bréfum voru þessi: Úttekt jarðarinnar frá 1895, vottorð frá Halldóri presti Bjarnarsyni á Presthólum um að ekkert kúgildi fylgdi jörðunni og skýrsla yfir eftirgjald eftir Sigurðarstaði árin 1898 til 1908. Ennfremur bréf frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu til ungfrú Marenar Lárusdóttur dags. 12. júní þ. á. Önnur skjöl eða skilríki frá kaupbeiðanda og umráðamanni jarðarinnar voru ekki lögð fram.

Jörðin Sigurðarstaðir liggur vestanvert á miðri Melrakkasléttu í Presthólahreppi. Bærinn stendur fast við sjó. Að sunnan er stöðuvatn alllangt kent við bæinn. Jörðin á mikið land bæði við sjó og til heiðar. Túnið er heldur lítið, en grasgefið, í meðalári gefur það af sér sem næst 50 hesta af töðu. Jörðin hefir mikið slægjuland, en úthey er fremur vont, ennfremur fæst töluvert af töðu úr varplandinu. Útbeit fyrir fé á vetrum er góð til lands og fjörubeit ágæt.

Æðarvarp er á jörðunni. Varplandið er í hólmum í Sigurðarstaðavatni nálægt bænum. Enga skýrslu höfum við í höndum um dúntekju síðastl. ár, en okkur er kunnugt um, að þau 30 til 40 ár sem Magnús sál. Rafnsson og ekkja hans bjuggu á Sigurðarstöðum var dúntekja jarðarinnar árlega frá 50 til 60 pd. Trjáreki er mikill á jörðunni og mótak dálitið, en mórinn er fremur lítill og ekki góður. Silungsveiði er allmikil í bæjarvatninu. Hús sem jörðunni fylgja eru eftir úttekt frá 1895 15 að tölu, þau eru öll fremur lítil og mjög farin að fyrnast.

Afgjald af Sigurðarstöðum var í tíð Magnúsar sál. Rafnssonar 15 pd. af hreinsuðum æðardún og virðist skýrsla Halldórs prests Bjarnarsonar yfir afgjald jarðarinnar síðastl. 10 ár vera miðuð við þá landskuld. En þetta afgjald er mikið lægra en viðgengst á nærliggjandi jörðum á síðari árum. Eftir leigumála á jörðum í þessu bygðarlagi álítum við hæfilegt afgjald af Sigurðarstöðum 23 til 24 pd. af æðardún.

Jörðina með húsum og öllum gögnum og gæðum metum við 6600 kr. (sex þúsund og sex hundruð krónur).

Sigurðarstöðum 14. júlí 1909.

Jón Ingimundarson. Björn Sigurðsson.

Tölul. 5.

Lagt fram í aukarétti Þingeyjarsýslu í Húsavík 4. september 1909.

Steingrímur Jónsson.

6.

Hér með sendi eg yður, hæstvirti herra ráðherra:

1. Beiðni til yðar frá Marenu Lárusdóttur, ábúanda kirkjujarðarinnar Sigurðarstaða um að fá þá jörð keypta, ásamt samþykki móður hennar, og byggingarbréf þeirra fyrir jörðunni.
2. Staðfest eftirrit af ályktun sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu um að ekkert sé til fyrirstöðu sölu jarðarinnar.
3. Staðfesta útskrift úr dómsmálabók Þingeyjarsýslu af eiðfesting virðingargerðar á jörðunni, með 5 fylgiskjölum.

Skjöl þessi afgreiddi sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu til mín með bréfi 8. sept. þ. á.

Vil eg nú virðingarfylst leyfa mér að fara nokkrum orðum um sölu jarðarinnar og mat á henni og kost og löst á henni í heild sinni. Eg hefði alls ekki getað verið því meðmæltur að Sigurðarstaðir, sem er eina kirkjujörðin í Presthólaprestakalli, yrðu seldir, hver helzt annar ábúandi þeirra hefði beiðst þess en sá sem nú er, þar að eg, sem beneficiarius Presthólaprestakalls hafi lagalegan rétt til þess að fá hana til ábúðar þegar eg

hætti prestsskap, en þó þessi ábúandi jarðarinnar kaupi hana, sé eg að eg get átt þar athvarf og samastað í ellinni, og af þeim ástæðum hefi eg ekkert á móti sölunni. Hvað mat jarðarinnar snertir, dylst mér ekki að það er alt of hátt, og úr því jörðin er seld á annað borð, virðist rétt að selja hana með sanngjörnu, en ekki uppsprengdu verði, enda hefir þessarri regln verið fylgt með þær klausturjarðir. er seldar hafa verið hér í sýslu á síðustu árum, og virðist sjálfsagt að fylgja sömu reglu með kirkjujarðir. Það er hreint og beint nýlunda að bændur komist að þeirri niðurstöðu að leigumáli jarða þeirra, er bændur sitja, sé of lágur, en að þeirri niðurstöðu hafa þó umboðsmennirnir komist, að því er Sigurðarstaði snertir. Þetta virðast þeir byggja á þeirri staðhæfing að dúntekjan þar hafi verið í tíð Magnúsar Rafnssonar 50—60 pd. Ekki veit eg hvernig þeir geta staðhæft þetta. Eg kom hingað fyrir 25 árum, vorn þá matsmennirnir á unga aldri, og Magnús enn á lífi, og eftir því sem Magnús sagði mér sjálfur, fór dúntekjan aldrei fram úr 40 pd., en minst hefði hún verið eitt harða vorið, þá hefði hún ekki verið næg í landsskuldina. En hvað sem því nú líður, hvort dúntekjan hefir verið mikil eða lítil í tíð Magnúsar fyrir 25—40 árum, þá finst mér það ekki skifta máli nú, heldur hvað hún er nú, og hefir verið síðustu árin, um það hefðu matsmennirnir getað fengið áreiðanlegri upplýsingar ef þeir hefðu viljað, en þær, sem þeir hafa fengið um dúntekjuna í tíð Magnúsar, en úr því þeir nú ekki hafa fundið köllun hjá sér til að útvega sér þær, þá legg eg hér með staðfestan útdrátt úr búnaðarskýrslum hreppstjórans um hvað dúntekjan var síðastliðin ár, og skal eg jafnframt láta þess getið að síðastliðið sumar var hún 33 pd.

Þá herma matsmennirnir það að Sigurðarstaðir séu alt of lágt leigðir með 15 pd. af dún, í samanburði við landsskuld á öðrum jörðum hér. Eg get ekki kannast við að þeir fari rétt með þetta. Bjórn, sjálfur matsmaðurinn, hefir 1/2 Grjótnes á leigu og geldur í landsskuld 1/8 af dúninum, að því er sagt mér hefir einn eigandi Grjótness, og þó er Grjótnes, auk þess sem það hefir mjög mikla dúntekju og bezta aflajörð, svo fyrirtaksgóð útigangsjörð, að eg veit ekki til að þá 25 vetur, er eg hefi dvalið hér, hafi þurft að gefa sauðfé nokkurt strá, nema lömbum stundum. 1/2 Skinnalón er leigt fyrir 8 pd. af dún, það og Grjótnes eru taldar beztu varpjarðirnar á Sléttu. Þá vil eg ennfremur nefna Leirhöfn. Þessir sömu matsmenn virtu hana fyrir fáum árum á kr. 2500, og hefi eg ekki heyrt að þeim hafi þótt hún of lágt leigð, hún er þó talin langbezta útigangsjörð hér í hreppnum, hefir ágæta höfn, dálitið æðarvarp og mikla kópaveiði, í sumar fengust þar um 100 kópar, Eg vona að þessi dæmi nægi til að sýna það, að Sigurðarstaðir séu ekki of lágt leigðir í samanburði við aðrar jarðir hér.

Að endingu vil eg segja kost og löst á Sigurðarstöðum, eftir því sem eg hefi bezt vit á. Reki jarðarinnar er langur og fremur rekasæll ef nokkursstaðar rekur, þó ekki í bezta lagi, sökum þess að hann er víkurmyndaður. Þari er þar oft mikill, en ekki góður af því hann er mjög sand- og moldborinn, en hann bregst þegar sízt skyldi, þegar hafátt og harðindi eru, þá tekur hann út. Útbeit er þar góð þegar nær til jarðar, en heldur er þar snjóþungt, því Sigurðarstaðaland er mikið flatlent lægð eða daldrag milli Oddstaðaholta að vestan og Blikalónsdalbrúnar að austan, þarf því oft að gefa fé mikið, en heyið er ilt svo að fé helzt ekki við á því til lengdar, ef það ekki nær í þara með. Varp jarðarinnar er mjög stopult, í fyrsta lagi sökum þess að þegar hart er vorið leysir vatnið svo seint, og fer þá fuglinn í varplöndin til beggja hliða, Blikalóns og Oddstaðavörp, sem hvorttveggja eru lóna og sjáfarvörp, í öðru lagi afrækir fuglinn oft mikið, því stærsti varphólminn, sem nefnist »Flatur« er svo láglendur og votlendur, að þegar rignir að mun, blotnar hann svo mikið, að æðurinn helzt ekki við á eggjunum, jafnvel þó þau séu orðin helunguð. Einn ókostur er mikill á jörðunni, að ómögulegt er að fá þar gott neyzluvatn, því brunnvatn þar er salt og kalkkent, en vatnið í vatninu mjög ríkt af lífrænum efnum, verður því að sækja neyzluvatn austur í Blikalón suma vetur.

Virðingarfylst,

Presthólum, 23. sept. 1909.

Halldór Bjarnarson.

Til ráðherrans yfir Íslandi, Reykjavík.

7.

Útdráttur

úr hreppaskilabók Presthólahrepps.

Árið 1904:	Þórarinn Guðnason Sigurðarstöðum	Æðardúnn	25	pd.
— 1905:	Sami ábúandi s. st.	—»—	28	—
— 1906:	Sami ábúandi s. st.	—»—	30	—
— 1907:	Sami ábúandi s. st.	—»—	35	—
— 1908:	Guðrún Björnsdóttir s. st.	—»—	32	—

Réttan útdrátt staðfestir

Daðastöðum 22. sept. 1909.

Þ. Þorsteinsson.

8.

Útdráttur

úr gerðabók Presthólahrepps.

Ar 1910 þann 18. apríl var aðalfundur fyrir Presthólahrepp haldinn að Oddsstöðum. Fundurinn var löglega boðaður af oddvita og voru allir hreppsnefndarmennirnir mættir og meiri hluti bænda.

7. Skýrði oddviti frá hvað liði um kaupin á jörðinni Sigurðarstöðum og bar málið undir atkvæði fundarins. Var samþykt með öllum atkvæðum, að kaupa jörðina fyrir barnaskólajörð ef kostur væri á að fá hana.

Á. Árnason. Guðmundur Ingimundarson. Siggeir Pétursson.

Björn St. Guðmundsson. Ingim. Sigurðsson.

Réttur útdráttur úr fundargerðinni vottar

Á. Árnason.

9.

Útdráttur

úr aðalfundargerð sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, í Húsavík 25.—27. apríl 1910.

... .

12. Lagt fram og lesið stjórnarráðsbréf 10. nóv. f. á. um sölu kirkjujarðarinnar Sigurðarstaða í Presthólahrepp, sem bæði Maren Lárusdóttir og Presthólahreppur hafa beiðst kaups á, og óskar stjórnarráðið að sýslunefndin láti á ný uppi álit sitt um sölu jarðarinnar.

Sýslunefndin lýsir yfir því áliti sínu, að þar sem Presthólahreppur hefir óskað að fá jörðina til skólaseturs, og fyrir því virðist vera mikill áhugi í hreppnum, þá sé sjálfsagt að selja hana ekki ábúanda að sinni, en telur æskilegt, að hreppurinn fái jörðina keypta.

... ...

Réttan útdrátt staðfestir

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, Húsavík, 30. apríl 1910.

Steingrímur Jónsson.

10.

Eins og hérmeð sendur útdráttur úr fundarskýrslu hreppsnefndarinnar ber með sér, er það skýlaus vilji velflestra hreppsbúa, að halda áfram, með að fá jörðina Sigurðarstaði keypta fyrir hreppinn, til þess að reisa á henni barnaskóla.

Það er sameiginlegt álit flestra hreppsbúa og hreppsnefndarinnar, að það sé afar nauðsynlegt fyrir hreppinn, að eignast jörðina, eigi einungis til skólahalds heldur einnig ef þörf gerist til að stofna þar fleiri grasbýli; það horfir hvergi betur við, að fá bletti til túnræktunar, en þar, og gæti það verið stórt spursmál hvort eigi mætti að nokkru leyti fyrirbyggja, að efnilegt fólk flytti burt úr hreppnum, til Ameríku og viðsvegar, ef slíkt væri í boði.

Vér viljum því enn á ný, ítreka þá beiðni vora við hið háa stjórnarráð Íslands, að fá jörðina Sigurðarstaði keypta fyrir hreppinn samkvæmt ósk vorri í bréfi $^{18}/_{6}$—09 og um leið og vér skírskotum til álits sýslunefndarinnar á fundi hennar á Húsavík 22.—23. apríl síðastl.

Presthólahreppi 12. maí 1910.

Í umboði hreppsnefndarinnar.

Á. Árnason,

hreppsnefndaroddviti.

Stjórnarráð Íslands.

11.

Við undirritaðir hreppsnefndarmenn Presthólahrepps, höfum með bréfi frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu d. s. 26. júlí síðastl., fengið þá tilkynningu frá hinu háa stjórnarráði, að það hafi eigi heimild til, eftir gildandi lögum, að selja jörðina Sigurðarstaði öðrum en ábúanda jarðarinnar.

En þar það er eindregin vilji flestra hreppsbúa, að fá nefnda jörð keypta, handa hreppnum fyrir barnaskólajörð, þá viljum við, af gefnu tilefni, skora á hið háa stjórnarráð, að leggja málið fyrir næsta Alþingi, í því formi sem við á, og þannig reyna að fá lagalega heimild hjá þinginu, til þess að selja Presthólahreppi jörðina, eins og hann hefir beðið um.

Presthólahreppi 20. nóvbr. 1910.

Á. Árnason. Siggeir Pétursson. Björn St. Guðmundsson.
Ingim. Sigurðsson. Guðmundur Ingimundarson.

Stjórnarráð Íslands.

12.

Halldór Bjarnarson
prestur á Presthólum í Þingeyjarsýslu

Gerir kunnugt: að eg byggi systur minni Guðrúnu Björnsdóttur og dóttur hennar Marenu Lárusdóttur kirkjujörðina Sigurðarstaði á Sléttu í Þingeyjarsýslu 23 hndr. að dýrleika með öllum gögnum og gæðum til lands og sjóar, með eftirfarandi skilmálum:

1. gr.

Þær skulu gjalda eftir jörðina 15 pd. af vel verkuðum æðardún á Mikaelsmessu ár hvert, á heimili mínu.

2. gr.

Þær skulu greiða öll lögskil af jörðunni.

3. gr.

Þær skulu halda húsum jarðarinnar í forsvaranlegu standi, og skila þeim, ásamt örðunni, með löglegri úttekt, er þær fara af jörðunni.

4. gr.

Þær skulu bæta tún og varp jarðarinnar, sem bezt þær geta.

5. gr.

Heimilt er þeim að taka húsfólk, ef það miðar til þess, að bæta tún jarðarinnar, eða vinna upp engjar hennar.

6. gr.

Þær skulu verja jörðina fyrir ágangi annara.

7. gr.

Reki hval á jörðunni, sem fráskilinn er leiguliðanotum, skulu þær gera landsdrotni aðvart um það.

8. gr.

Setu sinni á jörðunni mega þær haga eftir því sem þeim líkar bezt, sitja hana báðar, eða önnur hvor; en báðar skulu þær samt hafa ábyrgð á jörðunni, eins og þær væru einn maður.

Bréfi þessu til staðfestu set eg nafn mitt og innsigli undir það.

Staddur í Reykjavík 4. ágúst 1907.

Halldór Bjarnarson.
(L. S.)

Ofangreinda byggingarskilmála skuldbindum við okkur til að halda.

Guðrún Björnsdóttir. Maren Lárusdóttir.

Nd. **715. Nefndarálit**

um frumv. til laga um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Jörðin Húsavík er ein af þeim, sem sérstaka lagaheimild þarf til að selja samkvæmt 2. gr. laga frá 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, sem og 2. gr. í lögum frá 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða, að því er til þeirra tekur. Þingið hefir því í þessum almennu sölulögum viljað hafa allan fyrirvara um sölu á þeim fasteignum, er væri alþjóðareign og kauptún stæði á. Á þeim tímum, þegar þjóðjarðir voru að eins seldar með sérstakri lagaheimild, hefir og þingið gætt hinnar sömu varygðar og verið fast fyrir um sölu slíkra jarða, ef beiðzt var kaups á þeim, og það jafnvel þó að kauptúnin sjálf ætti hlut að máli. Árið 1901 var á alþingi farið fram á að jörðin Sauðá í Skagafirði, sem er gömul eign Reynistaðaklausturs, væri seld hreppsnefndinni í Sauðárhreppi. En um það var synjað,

enda þótti þá og forkaupsréttur leiguliða standa fyrir þeirri sölu (Alþ.tíð. 1901, C. 32, 52, 155).

Hér er það nú svo, að prestur hefir að sínu leyti samþykt sölu þá á Húsavík, sem hér um greinir, og í nefndinni hefir frá því verið skýrt að forkaupsréttur leiguliðans á Þorvaldsstöðum geti ekki verið til fyrirstöðu, því að ábúandinn sé á sveit. Og í heild sinni sýnast gögn öll um sölu þessara jarða vera í því lagi, að ekki sé af þeirri álfunni neitt sérlega athugavert.

Hitt er hins vegar umtalsmál, hvort þingið eigi að víkja að því ráði að láta falar þjóðjarðir og kirkjujarðir þær, sem kauptún eru á, jafnt sem aðrar jarðir, þegar kauptúnin sjálf eiga í hlut. Þó að ýmsir í nefndinni sé mótfallnir kirkju og þjóðjarðasölu í heild sinni, kannast þeir þó við það, að nú þegar sé búið hin síðustu ár að selja svo margt af hinum helztu af þessum jörðum, að vafasamt sé, hvort ekki sé, úr því sem komið er, ljáandi máls á því að selja einnig, þegar sérstaklega stendur á, þær jarðir, er fyrgreind lög hafa haft fyrirvara um. Nefndin hefir því horfið þar öll að einu ráði, að leggja ekki á móti því, að jarðir þessar verði seldar á þann hátt sem frumvarpið fer fram á, því að það þykir einsætt, að kauptúninu á Húsavík sé kaupin áríðandi, en verðið þó eftir atvikum jafnframt viðsæmandi fyrir seljanda.

Að eins leggjum vér til, að fyrir orðin »túni og húsum« í fyrstu málsgrein frumvarpsins komi: túni, húsum og sex kúgildum staðarins.

Neðri deild alþingis, 21. apríl 1911.

Björn Sigfússon, formaður.	Jón Þorkelsson, skrifari.	Pétur Jónsson, framsögum.
Eggert Pálsson.	Hálfdán Guðjónsson.	Benedikt Sveinsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd. **716. Frumvarp**

til laga um gerðardóm í brunabótamálum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ágreining um það, hvort eða að hve miklu leyti og hvenær brunabótafélagi skuli skylt að greiða brunabætur, skal leggja í gerð, ef vátryggjandi krefst þess eða aðrir, sem öðlast hafa rétt hans til brunabótafjárins.

Í gerðardóminn kveður hvor málsaðila einn mann, en landsyfirréttur þrjá, og skal sá þeirra, sem landsyfirréttur jafnframt ákveður, vera oddviti gerðardómsins. Oddviti skal vera lögfróður maður.

2. gr.

Nú vill vátryggjandi leggja mál undir úrskurð gerðardóms og skal hann þá senda landsyfirrétti þríritað kröfubréf um það, að gerðardómur sé skipaður,

og taka skýrt fram, hvert málsefnið er. Jafnframt skal hann skýra frá því, hvern hann kveður í gerðardóminn af sinni hendi, og láta fylgja yfirlýsing þess manns um, að hann taki að sér starfa þenna. Enn fremur skal fylgja kröfubréfinu eftirrit af vátryggingarskírteininu, svo og 300 kr. til tryggingar greiðslu kostnaðar við gerðardóminn.

Landsyfirréttur skipar síðan menn í gerðardóminn samkvæmt 1. gr. og tilkynnir það þeim þeirra, sem skipaður er oddviti, og sendir honum jafnframt tryggingarféð og öll skjöl málsins að undanteknu einu eintaki kröfubréfsins, sem legst við skjalasafn landsyfirréttarins. Oddviti skal síðan tafarlaust senda stjórn brunabótafélagsins til þess staðar, þar sem vátryggingarskírteinið er gefið út, eitt eintak krófubréfsins og skora á félagið að kveðja mann í gerðardóminn og senda sér tilkynning um það innan þriggja mánaða frá dagsetning áskorunarbréfsins. Áskorun þessi skal rituð á máli þess lands, þar sem vátryggingarskírteinið er gefið út. Nú hefir vátryggingarskírteini eigi verið gefið út af félaginu, heldur að eins bráðabirgðarskírteini útgefið af umboðsmanni félagsins og þar eigi tekið fram, hvar stjórn félagsins hafi aðsetur sitt, og má þá senda áskorunarbréfið til umboðsmannsins, sem undirritað hefir bráðabirgðarskírteinið.

Nú hefir oddviti eigi innan umgetins frests fengið tilkynning frá félaginu um það, hvern það kveðji í gerðardóminn, og skal hann þá kveðja til fundar hina aðra gerðardómsmenn, sem landsyfirréttur skipaði í gerðardóminn, og skipa þeir þrír þá mann í dóminn af hendi brunabótafélagsins. Ræður um það afl atkvæða.

3. gr.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Innan tveggja vikna frá því að gerðardómur er fullskipaður skal oddviti kveðja gerðardómsmenn til fundar með þeim fyrirvara, sem honum virðist hæfilegur og ákveður hann nánara fundarstaðinn, svo og hvenær fundinn skuli halda, en þeir gerðardómsmenn, sem kvaddir eru af hendi málsaðila, skulu hvor um sig sjá um, að sá málsaðili, sem kvaddi þá, fái vitneskju um fundinn, svo þeir geti gætt þar réttar síns.

Gerðardómurinn ákveður því næst sjálfur með atkvæðamagni, hvernig meðferð málsins skuli hagað.

4. gr.

Í gerðardómi ræður afl atkvæða úrslitum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Oddviti ritar gerðabók gerðardómsins.

5. gr.

Fyrir gerðardóm má kveðja vitni og stýrir oddviti vitnaleiðslum. Um vitnastefnur, vitnaskyldu, vættisburðinn sjálfan og hegningarábyrgð fyrir rangan framburð gilda sömu reglur sem um vitni fyrir almennum dómstólum.

6. gr.

Úrskurð sinn skal gerðardómur kveða upp innan 10 vikna frá því að málið var tekið til úrskurðar að loknum flutningi málsins.

Nú vanrækir gerðardómsmaður störf sín eða forföll banna honum að leysa þau af hendi, og geta þá hinir gerðardómsmennirnir — þó eigi færri en þrír og þar af tveir kvaddir af yfirrétti — farið með málið og útkljáð það.

7. gr.

Í gerðardómnum skal það ákveðið, hve mikinn málskostnað skuli greiða, þar á meðal, hverja þóknun gerðardómsmenn skuli fá fyrir starf sitt, og hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila eða hvernig skuli skifta honum milli þeirra.

8. gr.

Gerðardómur eftir lögum þessum er fullnaðardómur fyrir báða aðila og verður honum ekki áfrýjað.

9. gr.

Að gerðardómi loknum afhendir oddviti gerðardóms dómsmálaritara landsyfirréttar gerðabók og málsskjöl. Dómsmálaritari gefur staðfest eftirrit af gerðabók og skjölum gegn venjulegri borgun.

10. gr.

Lög þessi ná eigi til lögskyldrar vátryggingar.

11. gr.

Lög þessi gilda eigi um brunabætur fyrir tjón, sem hefir orðið eða verður fyrir árslok 1911.

Ed. **717. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason. Jósef Björnsson.

1. Við 1. gr. Á undan »Landsjóður greiðir« komi: Fjölga má ráðherrum með lögum.
2. — 1. — Í stað »þeirra« komi: hans.
3. — 2. — a. Í stað »Ráðherrar bera« komi: Ráðherra ber.
   b. Fyrir »þá« komi: hann og fyrir »þeirra«: hans.
4. — 3. — a. Fyrsta málsgrein falli burt.
   b. Framan af annari málsgr. falli orðið: »Hver«.
   c. Orðin: »Sá ráðherra« út að orðunum »Undirskrift konungs undir ályktanir« o. s. frv. falli burt.
5. — 15. — Í stað »ráðherrar« komi: ráðherra.
6. — 18. — a. Í stað »Ráðherrar eiga« komi: Ráðherra á.
   b. Í stað »eiga þeir« komi: á hann.
   c. Í stað »þeir vilja« komi: hann vill.
   d. Í stað »verða þeir« komi: verður hann.
   e. Í stað »hafa ráðherrar« komi: hefir ráðherra.

f. Í stað »þeir séu jafnframt þingmenn« komi: hann sé jafnframt þingmaður.

7. — 24. — Greinin falli burt.

Ed. **718. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Eftir eina umr. í Nd.

1. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa í eftirlaun 1000 kr. á ári.

Nú á ráðherra rétt til hærri eftirlauna fyrir rekstur embættis, er hann hefir áður gegnt, og skal hann þá njóta þeirra eftirlauna einna.

2. gr.

Hér með er úr lögum numin 3. gr. laga um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **719. Breytingatillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 630.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við 1. lið bætist: og annars kostar.
2. — 2. — Orðin »annars kostar« í 2. lið falli niður.

Tölurnar framan við liðina falli niður.

Nd. **720. Nefndarálit**

um frv. til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

Nefndin hefir athugað málið, og þótt henni þyki frumvarpið ganga heldur skamt, þá leggur hún þó eftir atvikum til, að hv. Nd. samþykki frv. eins og það er komið frá hv. Ed.

Alþingi, 22. apríl 1911.

Jón Þorkelsson, formaður. Jón Magnússon, skrifari og framsögumaður.

Skúli Thoroddsen. Jóh. Jóhannesson. Sigurður Sigurðsson.

Ed. **721. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein 2. gr. svo hljóðandi:
   Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í landsskjalasafninu.
   Greinatalan breytist þessu samkvæmt.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo: 4. gr. stj.skr. falli burt en í staðinn komi:
   Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það, þó skal engum vikið frá embætti til fullnaðar, nema honum sé áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.
3. — 8. gr. Fyrir: »45« komi: 5.
4. — 10. gr. Greinin orðist svo: 6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi:
   Kosningarrétt til neðri deildar alþingis hafa karlar og konur, sem ekki eru í vist eða vistskyld og eru 25 ára er kosningin fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda standi hann ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag og missir konan eigi kosningarrétt fyrir það.
   Með sömu skilyrðum hafa og karlar og konur sem eru 30 ára eða eldri kosningarrétt til efri deildar.
5. — 11. gr. 2. Fyrir: »að minsta kosti síðasta árið« komi: 5 síðustu árin.
6. — 13. gr. Fyrir »lögmæltan dag« komi: 17. júní eða næsta virkan dag.

7. — 13. gr. Þriðja málsgrein verði önnur málsgrein svo hljóðandi: Breyta má þessu með lögum.

8. — 15. gr. Fyrir: »fjárlaganefndirnar í heild sinni« komi: meiri eða minni hluti fjárlaganefndanna.

9. — 15. gr. Síðasta setningin falli burt.

10. — 16. gr. Fyrir »sjái þeir nokkuð að athuga« komi: þyki þeim nokkuð athugavert.

11. — 17. gr. Aftan við greinina bætist:

Svo og úr því hvort deildarmaður hefir mist kjörgengi.

12. — 20. gr. Fyrir »skóla« komi: barnafræðsla.

13. — 22. gr. Síðari setningin falli burt.

14. — 23. gr. Í stað 23 gr. komi svo hljóðandi grein:

Með sérstöku lagaboði má kveða á um, að þeim lagafrumvörpum, er alþingi hefir samþykt, megi skjóta til leynilegrar atkvæðagreiðslu kjósenda neðri deildar um land alt, annaðhvort til samþykkis eða synjunar.

Heimild þessi er þó þeim skilyrðum bundin, að fullur þriðjungur hvorrar þingdeildar og þrjú þúsund kjósendur neðri deildar krefjist atkvæðagreiðslunnar, enda sé sú krafa komin í hendur stjórnarinnar fjörutíu dögum eftir að lögin voru afgreidd frá alþingi. Konungsstaðfestingar skal þá fyrst leitað, er kjósendur hafa samþykt alþingisfrumvarpið með atkvæðagreiðslu, eða hinn lögákveðni frestur er útrunninn án þess að atkvæðagreiðslu hafi verið krafist.

Undanþegin þessari atkvæðagreiðslu eru fjárlög og fjáraukalög, svo og þau lög, er öðlast skulu gildi áður en fjórir mánuðir eru liðnir frá því, er þau voru afgreidd frá þinginu.

15. Við 61. gr. 61. gr. stjskr. orðist svo:

Tillögur, hvort heldur eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og aukaalþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna skal rjúfa neðri deild alþingis þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarlög.

16. — »ákvæði um stundarsakir«

Á eftir »ákvæðinu« komi tvær nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Á fyrsta reglulegu alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti í efri deild hverjir þingmenn deildarinnar skuli fara frá eftir 3 ár og hverjir eftir 6 ár.

Almennar kosningar til neðri deildar skulu fara fram sem fyrst eftir kosningar til efri deildar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

17. Aftan við frumvarpið komi ný grein svo hljóðandi:

Þegar stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem með þeim eru gerðar, sem og breytingar þær, sem gerðar eru með lögum nr. 16, 3. okt. 1903, á stjórn-

arskránni 5. jan. 1874, inn í texta stjórnarskrárinnar, og getur konungur þá gefið hana út í heilu lagi sem stjórnarskrá Íslands.

Ed.

722. Breytingartillögur

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga á þingskjali 501.

Flutningsmenn: Jósef Björnsson og Sigurður Hjörleifsson.

1. Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Konungur getur rofið alþingi með þeim takmörkunum, sem segir í 9. gr., og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er þing var rofið, og skal alþingi stefnt saman innan árs.

2. Við 8. gr.

Greinin orðist svo:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 10 þingmenn, kosnir hlutfallskosningum um land alt, og auk þess 4 þingmenn, er sameinað alþingi sjálft kýs þar til með óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtíma neðri deildar í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímanum.

Breyta má tölum þessum með lögum, sé tölu þingmanna breytt.

3. Við 9. gr.

Greinin orðist svo:

16. gr. stj.skr. falli burt, en í stað hennar komi: 30 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sérstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum, eftir því sem kosningalög mæla fyrir, en 10 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 12 ára, 5 þingmenn á 6 ára fresti og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þessara 10 þingmanna. Nú deyr einhver þeirra þingmanna, sem kosnir eru í kjördæmum, á kjörtímabilinu, eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti meðal þeirra, sem kosnir eru hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varaþingmaður, sá er í hlut á.

Nánari reglur um hlutfallskosningar 10 efri deildar þingmanna og varaþingmanna skulu settar með sérstökum lögum.

4. Við 12. gr.

Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. Í stað 23. gr. komi ný grein svolátandi:

61. gr. stj.skr. falli niður, en í staðinn komi:

Frumvarp til laga um breytingu eða viðauka á stjórnarskránni má bera upp bæði á reglulegu alþingi og aukaþingi. Nái frumvarpið samþykki beggja þingdeildanna og stjórnin sé því meðmælt, er skylt að bera það undir atkvæði kjósenda um land allt, til samþyktar eða synjunar. Verði þá frumvarpið samþykt með meiri hluta atkvæða og nái staðfestingu konungs, hefir það gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nd. **723. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 706.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Á eftir 2. lið komi nýr liður:

3. að ihuga verzlunarmál og atvinnumál landsins, einkum í sambandi við stofnun, starfsemi og reikningsskil hlutafélaga og samvinnufélaga.

Nd. **724. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um ölgerð og ölverzlun.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Aftan við 2. gr. bætist: en alls engan hagnað, sé það utan kaupstaðarlóðarinnar.
2. Eftir 5. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Landsstjórnin getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum um land alt einkaleyfi, til þess að selja þær tegundir drykkja, sem getur um í 4. gr. með sömu skilyrðum, sem þar eru sett, hverri í sínu umdæmi. Skal þeim heimilt að fá einkaleyfið í hendur einstökum mönnum eða hlutafélögum, með sama skildaga, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar er settur í 2. gr.

Nd. **725. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskj. 705.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 2. lið. Fyrir $^{3}/_{4}$ komi: $^{3}/_{5}$.
Fyrir $^{9}/_{10}$ komi: $^{4}/_{5}$.

Við 3. lið. Fyrir »aðra maltdrykki« komi: önnur aðflutt drykkjarföng.
Við 4. lið. Fyrir »maltdrykkjum« komi: aðfluttum drykkjarföngum.

Nd. **726. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um útrýming fjárkláðans (þingskj. 711).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 3. gr. Síðari málsliður: »Landsstjórnin« o. s. frv. til enda greinarinnar, orðist þannig:
Landsstjórnin ákveður með ráði lögreglustjóra og dýralækna hve mikið þurfi af baðlyfum, og annast um kaup á þeim og flutning þeirra á viðkomustaði strandferðaskipanna, vátrygging og uppskipun; en sýslunefndir annast um viðtöku þeirra þar, geymslu og afhending.
2. 4. gr. frv. falli burt, en í stað hennar komi ný grein svohljóðandi:
Allur baðlyfskostnaður, þar með talið flutningsgjald, vátryggingargjald, og kostnaður við uppskipun, geymslu og afhending baðlyfsins, greiðist að $^2/_5$ úr landssjóði en að $^3/_5$ af fjáreigendum. Hreppsnefndir eða bæjarstjórnir jafna niður á fjáreigendur kostnaðinum, sem þeim ber að greiða eftir fjártölu, og innheimta gjaldið. Skulu þær svo senda það sýslumanni eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Ed. **727. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (þingskjal 620).

Frá fjárlaganefnd.

1. Við 8. gr. 1. Á eftir orðinu: »landssjóðs« komi: frá 18. desembr. 1908.
2. Við 8. gr. 2. Í staðinn fyrir orðin: »teknu árið« komi: frá 26. júlí.
3. Við 9. gr. 6. Fyrir: »5,000—5,000—10,000« komi: 4,000—4,000—8,000.
4. Við 10. gr. Fyrir: »1,600« komi: 2,400 og fyrir: »61,600«. komi: 62,400.
5. Við 11. gr. B. 7. Liðurinn orðist þannig: Til lögregluefirlits um síldveiðitímann.
6. Við 12. gr. Á eftir lið 1 komi þessi athugasemd:
Aðstoðarlæknirinn í Ísafjarðarhéraði skal sitja í Bolungarvíkur verzlunarstað, að því tilskildu að honum verði greiddar að minsta kosti 400 kr. á ári annarstaðar að.
7. Við 12. gr. 3. Liðurinn falli burt.
8. Við 12. gr. 6. Orðin í niðurlagi athugasemdarinnar »hinn fyrstnefndi ... síðarnefndu« falli burt.
9. Við 12. gr. 6. Fyrir »2« í síðustu línu athugasemdarinnar komi: 3.

10. Við 12. gr. 10. Á eftir liðnum a. bætist inn nýr liður:
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs, (hvort árið) 3,000 kr.
11. Við 13. gr. B. I. 2. Fyrir »2,400—2,400« komi: 2,700—2,700.
12. Við 13. gr. B. II. 1. Fyrir »10,000—.....« komi: 10,000—20,000.
13. Við 13. gr. B. II. 3. Fyrir »10,000—10,000« komi: 15,000—5,000.
14. Við 13. gr. B. II. 4. »10,000« fyrra árið falli burt.
15. Við 13. gr. B. II. 6. Fyrir »9,000—9,000« komi: 10,500—9,000.
16. Við 13. gr. B. III. 2. Fyrir »12,000« komi: 10,000.
17. Við 13. gr. B. III. 4. Liðurinn falli burt.
18. Við 13. gr. B. III. 8. Liðurinn falli burt.
19. Við 13. gr. B. IX. Liðurinn orðist þannig:
Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá alt að 1000 kr. (fyrra árið).
20. Við 13. gr. B. XI. Fyrir: »7,500—7,500« komi: alt að 5,000—5,000.
21. Við 13. gr. C. 1. Liðurinn orðist: Til gufuskipaferða.
22. Við 13. gr. C. 2. Fyrir: »40,150—40,150» komi: 41,750—41,750.
23. Við 13. gr. C. 2 Lið 1. í sundurliðuninni. Fyrir: »12,000« komi: 14,000.
24. Við 13. gr. C. 2. Lið 8 i sundurliðuninni: Liðurinn falli burt.
25. Við 13. gr. C. 2. Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:
Styrkirnir til gufubátaferða og mótorbáta veitast með því skilyrði, að bátar þeir, sem notaðir verða, séu að dómi stjórnarráðsins góð skip og hentug til þessara ferða, og að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlanirnar.
26. Við 13. gr. D. III. 1. Liðurinn orðist þannig:
1. a, laun forstjóra landsímanna . . . . kr. 3,500
b, persónuleg launaviðbót fyrir núverandi forstjóra . — 1,500 — 5,000 — 5,000.
27. Við 13. gr. D, III. 8. Liðurinn falli burt.
28. Við 13. gr. E. III. 1. Fyrir: »500« komi: 400.
29. Við 13. gr. E. VII. 1. Fyrir: »1200« komi: 900.
30. Við 13. gr. E. VIII. Í staðinn fyrir: »Til að reisa vita á Bjargtöngum« komi: Til að reisa vita á Flatey á Skjálfanda.
31. Við 14. gr. A. b. 2. Athugasemdin falli burt.
32. Við 14. gr. A. b. 4. Athugasemdin falli burt.
33. Við 14. gr. Fyrir B I—III komi:

B.
Kenslumál.
I. Til háskólans:

a. Laun		kr.	34,600,00	kr.	34,600,00
b. Aukakensla:					
1. Til héraðslæknisins í Reykjavík .	800—800				
2. Til kennarans í efnafræði. . .	400—400				
3. Til kennarans í lagal. læknistr. .	300—300	—	1,500,00	—	1,500,00
c. Styrktarfé:					
1. Námsstyrkur . . .	5,400—5,400				
2. Húsaleigustyrkur .	3,600—3,600				
3. Utanfararstyrkur læknaefna	300— 300	—	9,300,00	—	9,300,00
d. Til bókakaupa m. m.:					
1. Bókakaup . .	1,800—1,800				
2. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik. .	200— 200	—	2,000,00	—	2,000,00
e. Til útgáfu kenslubóka .		—	2,000,00	—	2,000,00
f. Eldiviður, ljós og ræsting		—	1,050,00	—	1,050,00
g. Önnur gjöld		—	650,00	—	650,00
		kr.	51,100,00	kr.	51,100,00

Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 280 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

34. Við 14. gr. B. IV. Í athugasemdinni aftan við liðinn falli burt þessi orð: »prestaskóla . . . . og« og »handa . . . . 250 kr.«.
35. Við 14. gr. B. V a. Fyrir »8,600—8,600« komi: 9,000—9,000.
36. Við 14. gr. B. V a. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Af þessari upphæð eru 400 kr. hvort árið persónuleg launaviðbót til 3. kennara skólans, præp. hon. Jónasar Jónassonar.
37. Við 14. gr. B. V. b. 4. Fyrir »námspiltum« komi: nemendum.
38. Við 14. gr. B. VIII a. 1. Liðurinn orðist þannig:
Til Kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði 6,000—6,000.

39. Við 14. gr. B. VIII. A eftir a. 1 komi nýr liður: 2. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að 2,000—2,000.
40. — 14. — B. — a. 2. Þessi liður verður 3. liður.
41. — 14. — B. — - 3. Liðurinn falli burt.
42. — 14. — B. — b. Á eftir 4 komi: liðirnir 10. og 11. a, b og c, sem verða 5. og 6, a, b, c.
43. — 14. — B. — b. 5—7. Þessir liðir verða c, d, e.
44. — 14. — B. — b. Á eftir b 7 en á undan athugasemdinni komi nýr liður: f. Til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík alt að 500—500.
45. — 14. — B. VIII. b. Liðirnir 9. og 10. verða: g. og h.
46. — 14. — — — — 11 d. Fyrir 7,000—7,000 komi: 6,000—6,000.
47. — 14. — — — — 11 d.—i. Þessir liðir verði: i, j, k, l, m og n.
48. — 14. — — IX. b. Fyrir 1,000—1,000 komi: 1,200—1,200.
49. — 14. — — — c. Liðurinn orðist þannig: Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi 450—450.
50. — 15. gr. 2 b. Fyrir »til« komi: laun.
51. — 15. — 3 c. Fyrir »1,000—1,000« komi: 1,500—1,500.
52. — 15. — 3 c. Á eftir þessum lið komi nýr liður: d. til að gefa út safnskrá (Katalog) alt að 500. Liðatalan breytist eftir því.
53. — 15. — 4. Fyrir »800—800« komi: 1,000—1,000 og í athugasemdinni fyrir »200«: 300.
54. — 15. — 5. Fyrir »Mentasafnið« komi: Landsbókasafnshúsið.
55. — 15. — 18. Fyrir »Heiðursþóknun til« komi: Til.
56. — 15. — 19. Fyrir orðin »er.....prentaðar« komi: alt að; og fyrir »1,500—1,500« komi: 1,000—1,000.
57. Við 15. gr. 21. Fyrir »1,200—1,200« komi: 1,000—1,000.
58. — 15. — 23. Fyrir »1,000—1,000« komi: 1,200—1,200.
59. — 15. — 31. Fyrir »helmings« komi: 500 kr.; og fyrir »1,000—1,000« komi: 2,000—2,000.
60. Við 15. gr. 32. A eftir þessum lið komi nýr liður, sem verður: 33. Til Hannesar Þorsteinssonar alþingismanns til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum 2,500—2,500.
61. Við 15. gr. 34. Fyrir »2,000—2,000« komi: 1,500—1,500.
62. Við 15. gr. 45. Aftan við þennan lið komi nýr liður: Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til þess að undirbúa bókmentasögu Íslands 600—600.
63. Við 16. gr. 1 c. Aftan við liðinn komi nýr liður d: Til að byggja leikfimishús úr steinsteypu alt að 6,000 kr. (fyrra árið).
64. Við 16. gr. 3. Fyrir »1,200—1,200« komi: 1,500—1,500.
65. Við 16. gr. 9. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Búnaðarfélaginu ber að senda landsstjórninni árlega alla reikninga félagsins með fylgiskjölum og ber að leggja þá undir endurskoðun ásamt landsreikningnum.
66. Við 16. gr. 11. Orðin »og varist óþarfa kostnað« falli aftan af athugasemdinni.

67. Við 16. gr. 12. A eftir þessum lið komi nýr liður: Styrkur til Ungmennafélags Gagnfræðaskólans á Akureyri til að koma upp leikvelli 400 kr. (fyrra árið).
68. Við 16. gr. 18. Fyrir »manns« komi: tveggja manna og fyrir »600—600« komi: 1,200—1,200.
69. Við 16. gr. 18. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun.
70. Við 16. gr. 19. Á eftir þessum lið komi nýr liður: Til kvenfélagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds 1,000—1,000.
71. Við 16. gr. 21. Fyrir orðin »þess að reka iðnaðarmannaskóla þar« komi: kvöldskólahalds.
72. Við 16. gr. 22. Fyrir »800—800« komi: 1,000—1,000.
73. Við 16. gr. 23. Fyrir »$^2/_3$« í athugasemdinni komi: $^4/_5$.
74. Við 16. gr. 24. Á eftir þessum lið komi nýr liður: Til Páls Jónssonar frá Djúpavogi til þess að fullgera og kaupa einkaleyfi á atkvæðavél 600 (fyrra árið).
75. Við 16. gr. 26. Fyrir: »$^2/_3$« komi: $^4/_5$.
76. Við 16. gr. 27. Báðir liðir athugasemdarinnar falli burt.
77. Við 16. gr. 27. Á eftir þessum lið komi nýr liður: Heiðursgjöf til prófessors við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn C. O. Jensen 2000 (fyrra árið).
78. Við 16. gr. 44. Liðurinn falli burt.
79. Við 16. gr. Aftan við síðasta lið greinarinnar komi nýr liður: Styrkur til hlutafélagsins klæðaverksmiðjan Iðunn 6000 (fyrra árið).
80. Við 18. gr. Fyrir: »2000« í 6. línu komi: 2400.
81. Við 18. gr. Fyrir: »600« í 10. línu komi: 800.

Ed. **728. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (á þingskj. 620).

Nefndin, sem háttvirt deild fól, að athuga fjárlagafrumvarpið, hefir á 10 nefndarfundum rannsakað það svo nákvæmlega sem kostur hefir verið á, og leyfir sér nú að gera grein fyrir áliti sínu.

Frumvarpið hefir tekið allmiklum stakkaskiftum í háttvirtri Nd. Tekjurnar hafa lækkað um 7000 kr., en útgjöldin aukist um 262,475 kr., svo tekjuhallinn er nú 281,123 kr. 34 au. í stað 11,648 kr. 34 au. eftir frumvarpi stjórnarinnar.

Auk þess eru tekjur af áfengistolli áætlaðar 330 þús. kr. og er það að líkindum full hátt. Úr þessum mikla tekjuhalla bætir þingið að nokkru með lögum um nýja skatta og Ed. hefir nú samþ. frv. til laga um frestun á lögum um aðflutningsbann á áfengi, er mun auka tekjurnar um nálægt 200 þús. kr. verði það lög.

En þrátt fyrir þetta má búast við nokkrum tekjuhalla og svo er peningaforði landssjóðs nú svo lítill, að nær því horfir til vandræða.

Af þessu leiðir, að nefndin fer varlegar í tillögum sínum um útgjaldahækkanir en hún annars hefði gert.

Að svo stöddu leggjum vér ekki til að breytingar verði gerðar við tekjukaflann, en við gjaldakaflann ráðum vér háttvirtri deild til að gera allmargar breytingar, er auka gjöldin um fullar 30 þús. krónur. Verður minnst á flestar þessar tillögur hér á eftir:

10. gr.

Laun yfirskoðunarmanna landsreikninganna hafa verið óbreytt, 400 kr. á ári til hvors, síðan 1875. En störfin hafa vaxið stórkostlega, sérstaklega hin síðari árin, svo þetta er alt of lág borgun, ef ætlast er til meira en almennrar tölurannsóknar. Nefndin leggur því til að hækka launin upp í 600 kr. á ári.

12. gr.

Útgjöld við læknaskipunina og til heilbrygðismála hækka ár frá ári. Í fjárlögunum 1904—'05 voru þau kr. 235,640, 1910—'11 kr. 298,050, í frumvarpi stjórnarinnar fyrir 1912—'13 345,100 og hjá Nd. kr. 328,080.

Þótt nefndin áliti hækkun þessa athugaverða, sér hún sér eigi fært að draga úr útgjöldunum, frekar en Nd. hefir gert, og verða þau, ef deildin fellst á tillögur vorar, kr. 333,280. Samkvæmt læknaskipunarlögunum frá 1907 náði Ísafjarðarlæknishérað yfir kaupstaðinn og 7 hreppa Norður-Ísafjarðarsýslu, enda var gert ráð fyrir aðstoðarlækni í héraðinu, en á þinginu 1909 var Nauteyrarhérað stofnað og gengu þá 4 hinir fjarlægari hreppar undan. Nú er farið fram á, að landssjóður leggi fram fé til þess að 4. læknirinn setjist að í hinu upphaflega Ísafjarðarhéraði. Á þetta getur nefndin ekki fallist, en álítur rétt, að aðstoðarlækninum sé gert að skyldu að sitja í Bolungarvík. Þar er hans þörf, en síður á Ísafirði við hlið héraðslæknisins.

Frá stjórn Heilsuhælisfélagsins í Reykjavík hafa nefndinni borist erindi, 1° *um* hækkun á ársstyrknum til heilsuhælisins á Vífilsstöðum fyrir árið 1912 úr 18 þús. kr. uppí 25 þús. kr., 2° *um* að landssjóður ábyrgist 120 þús. kr. viðbótarlán handa heilsuhælinu og 3° *um* að heilsuhælinu verði afhent jörðin Vífilsstaðir til æfinlegrar eignar og umráða.

Það er sjálfsögð skylda fjárveitingarvaldsins, að styrkja heilsuhælið á Vífilsstöðum og alla starfsemi heilsuhælisfélagsins vel og ríflega. En styrkur sá, sem neðri deild hefir heitið, er svo hár, að vér getum ekki ráðið til að hækka hann.

Verði beiðnin um ábyrgð á 120 þús. kr. viðbótarláni handa heilsuhælinu tekin til greina, má heita, að landssjóður ábyrgist allan byggingarkostnaðinn. Til þessa vill nefndin ekki ráða, að minsta kosti ekki fyr en málaleitunin hefir verið borin undir álit Nd.

Nefndin fær eigi betur séð, en að umboðsstjórnin geti selt heilsuhælinu jörðina Vífilsstaði og er þá sjálfsagt, að landssjóður láti jarðarverðið ganga til þess.

Í þessu sambandi vill nefndin taka fram, að hún telur það aðfinningar vert, að stjórnin heimildarlaust hefir lánað heilsuhælisfélaginu 75 þús. kr.

Eftir tillögum landlæknis leggur nefndin til, að veittur verði 3000 kr. styrkur hvort árið, til þess að byggja sjúkraskýli á föstum læknissetrum.

Samskonar fjárveiting stóð í fjárlögunum fyrir 1908—1909 og í gildandi fjárlögum, en hefir fallið burt úr frumvarpi stjórnarinnar og ekki verið tekin upp í Nd. Til þess hin strjálbygðari læknishéruð geti gert sér von um að fá lækna og halda þeim, og til þess þau hafi fult gagn af þeim, er nauðsynlegt, að sem fyrst verði bygð lítil sjúkraskýli á heimilum læknanna. En þetta er héruðunum um megn, nema þau fái styrk úr landssjóði, og má hann ekki vera minni en tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir.

Neðri deild hefir samþykt, að greiða 1000 kr. fyrra árið sem »tillag« til lúpus-sjúklingsins Önnu Magnúsdóttur, sem nú er á Finsens-ljóslækningastofnuninni í Kaupmannahöfn, og hefir verið þar síðan haustið 1906. Nefndin telur varhugavert að koma því á, að landssjóður greiði meðlög með sjúklingum, er einstakir menn hafa sent til lækninga á útlend sjúkrahús, en felst þó eftir atvikum á, að láta þessa fjárveitingu standa með því skilyrði, að fénu sé varið til áfallandi lækningakostnaðar, en ekki til greiðslu þess kostnaðar, sem þegar er áfallinn.

13. gr.

Útgjöldin til samgöngumála voru í frumvarpi stjórnarinnar áætluð kr. 929,125. Í gildandi fjárlögum eru þau kr. 987,227 og í frumvarpi Nd. 1,049,700. Tillögurnar lækka þessi gjöld um 15,400 kr.

Stjórnin hefir mælt með því, að laun aðstoðarverkfræðingsins verði 2700 kr. og landsverkfræðingurinn hefir skýrt nefndinni frá, að verði þau lægri, geti hann ekki búist við, að halda þeim manni, sem hann nú hefir, né fá í hans stað mann, sem hafi fullkomna verkfræðingsþekkingu.

Nefndin vill veita síðara árið 20 þús. kr. til Borgarfjarðarbrautar eða samtals á fjárhagstímabilinu 30 þús. kr. Þá mun vanta 10—15 þús. kr. til að fullgera braut þessa, og væntir nefndin, að það verði gert 1914.

Til Reykjadalsbrautar ætlumst vér til, að veittar verði fyrra árið 15 þús. kr., en hið síðara 5,000 kr. Sú braut er vel á veg komin og ekki ólíklegt, að 10—15 þús. kr. muni nægja, til að fullgera hana að Einarsstöðum. Reynist þessi ágizkun rétt, er ekki óhugsandi, að veita fé í fjáraukalögum og fullgera brautina árið 1913.

Þar eð fjárhagurinn er erfiður og í mörg horn að líta, álítum vér rétt að fresta því, að byrja á akbrautarlagningu frá Sauðárkróki, þangað til síðara ár fjárhagstímabilsins.

Brúin á Öxará við Þingvöll er orðin fúin. Steinsteypubrú á ána kostar 1500 kr. og vill nefndin hækka fjárveitinguna til viðhalds akbrauta fyrra árið um þessa upphæð.

Landsverkfræðingurinn og stjórnin vilja láta akbrautirnar ganga á undan þjóðvegum, þar til lokið er þeim akbrautarlagningum, er vegalögin fyrirskipa. Vér leggjum því til, að fella burt fjárframlög til þjóðvegarins í Skaftafellssýslu og milli Hjarðarholts og Ljárskóga, enda verður eigi séð, að taka beri þessa vegarkafla fram yfir aðra þjóðvegi á landinu.

Nefndin getur eigi fallist á, að veita fé úr landssjóði til sýsluvega, nema því að eins, að all-rífleg fjárframlög komi á móti annarstaðar að. Viljum vér því færa niður fjárveitinguna til Hvammstangavegarins í 1000 kr. gegn jafnmiklu tillagi annarstaðar að, og er það nægt fé til að koma vegagerð þessari alla leið að þjóðveginum.

Frá Hafnarfirði til Keflavíkur er nú eftir að gera veg á ca. 14 röstum, en í sumar verður unnið fyrir 15,000 kr. Vér álítum því, að til að fullgera veginn þurfi í hæsta lagi 10 þús. kr. gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að.

Nefndinni virðist rétt, að binda ekki styrkinn til gufuskipaferða við vist nafn eða ákveðinn samning. Samningur getur verið rofinn eða önnur atvik ollað því, að ákvæði hans ekki komi til framkvæmda, þá verður stjórnin að hafa umboð til að semja við aðra.

Vér leggjum til að styrkurinn til Faxaflóabátsins verði hækkaður upp í 14,000 kr. á ári. Félagið, sem á bátinn Ingólf, er í fjárkröggum, en ferðirnar milli Reykjavíkur og Borgarness spara póstsjóði mikið fé.

Í fjáraukalagafrumvarpinu fyrir árin 1910—1911 felldi hv. deild fjárveitingu til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Samkvæmt því á fjárveitingin til starfrækslu loftskeytasambandsins að falla burtu.

Vitavörðurinn við Elliðaeyjarvitann hefir haft 200 kr. laun. Stjórnin leggur til að hækka þau upp í 400 kr. Þá launaviðbót álítur nefndin nægilega.

Í athugasemdum við fjáraukalagafrumvarpið hefir nefndin gert grein fyrir niðurfærslu á launum vitavarðarins á Siglunesi frá því er stjórnin stingur upp á.

Vitabygging á Bjargtöngum er algerlega óundirbúið mál, og óvíst enn þá, hvort umsjónarmaður vitamálanna muni telja nauðsynlegt að byggja þar stóran vita, eða að komast megi af með lítið ljósker, eins og t. d. á Langanesi. Aftur á móti hafði stjórnin eftir tillögum umsjónarmannsins tekið Flateyarvitann, sem hlýtur að hafa afarmikla þýðingu fyrir siglingar til og frá Eyjafirði, upp í frumvarpið. Með þessum vita mælir það og, að með honum og vitunum á Skagatá og Kálfshamri er séð sæmilega fyrir siglingum fyrir öllu Norðurlandi.

14. gr.

Við þessa grein leggjum vér til að gera allverulegar breytingar, sem hækka útgjöldin til muna.

Vér getum ekki fallist á að verja fé því, sem ætlað er til bráðabirgðaruppbótar brauðum, til húsaleigustyrks handa prestum í kauptúnum. Það mundi vera gagnstætt tilgangi prestlaunalaganna og gæti dregið slæman dilk á eftir sér fyrir landssjóðinn. Líkt er því varið með að veita kirkjubóndanum á Grund prestmötuna til viðhalds kirkjunni þar.

Aðalbreytingin við þessa grein er í því fólgin, að meiri hluti nefndarinnar vill setja háskóla Íslands í staðinn fyrir embættismannaskólana 3. Af þessu leiðir hækkun, sem nemur samtals 30,600 kr. (frá frv. Nd.) fyrir fjárhagstímabilið. Þar af er launahækkunin kr. 27,600, hækkaður náms- og húsaleigustyrkur 2,560 og til útgáfu kenslubóka 2,000 kr. Hinsvegar sparast 3,000 kr. í húsaleigu fyrir lækna- og lagaskóla. Þess skal getið að ágreiningurinn í nefndinni er eingöngu um það, hvort háskólinn skuli taka til starfa næsta haust, og verður gerð grein fyrir því við umræðurnar. En öll er nefndin sammála um hækkun námsstyrksins og styrks til útgáfu kenslubóka.

Nefndin leggur til, að 3. kennara við Gagnfræðaskólann á Akureyri, séra Jónasi Jónassyni, verði veitt 400 kr. launaviðbót. Launin eru að eins 1600 krónur. Hann hefir verið kennari um allmörg ár og er orðinn roskinn maður. Auk þess á hann viðurkenning skilið sem rithöfundur.

Kvennaskólinn í Reykjavík er nú í blóma og er því sjálfsagt að styrkja hann ríflega. En þar sem þetta er privatskóli virðist rétt og sanngjarnt, að krefjast framlags annarstaðar að til móts við landssjóðsstyrkinn, jafnvel þó þetta gæti orðið til þess, að námsmeyjarnar greiddu lítilsháttar skólagjald.

Nefndin leggur til að fella niður fyrst um sinn styrk til kvennaskólans á Blönduósi, þangað til þingmenn hafa áttað sig á þeim tveim spurningum: 1. Hvort landssjóður eigi að styrkja nema einn almennan kvennaskóla og 2. séu þeir tveir, hvar Norðurlandsskólinn eigi að vera.

Nefndin vill veita unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík lítilsháttar styrk, svo hann geti notið nokkurnveginn jafnréttis við unglingaskóla utan Reykjavíkur.

Styrkinn til Flensborgarskólans vill nefndin lækka um 1,000 kr. og er styrkurinn þó tiltölulega mjög hár.

Áhugi á að læra sund eykst óðum, og vill nefndin styðja að því, með því að hækka styrkinn til sundkenslu utan Reykjavíkur um 200 kr.

Styrkinn til leikfimisnáms handa sveitastúlkum vill nefndin veita Ingibjörgu Guðbrandsdóttur. En bundinn er styrkur þessi og enn fremur styrkurinn til Stefáns Eirikssonar því skilyrði, að stjórnarráðinu sé send skýrsla um kensluna.

Breytingartillögur vorar við þessa gr., verði þær samþyktar, auka gjöldin um 21,800 kr.

15. gr.

Vér lítum svo á, að ekki megi ætla minna en 1,500 kr. árlega til að útvega forngripi og til áhalda. Forngripasafnið er dýrmæt eign og má því eigi skera fjárframlög til þess mjög við neglur.

Þá álitur nefndin ómissandi að semja og gefa út safnskrá, sérstaklega til afnota fyrir útlendinga. Mun hún auka aðsókn að safninu og gera mönnum auðveldara að kynna sér það, en auk þess létta starf umsjónarmannanna. Vér leggjum því til, að veitt sé til þessa alt að 500 kr. fyrra árið.

Styrkinn til Jóns Ófeigssonar vill nefndin færa niður um 500 kr., en jafnframt leysa hann undan því skilyrði, að bókin skuli vera 45 arkir eða stærri. Álítum vér, að nokkru minni, og þá einnig ódýrari, orðabók verði fult eins gagnleg.

Þorsteinn Erlingsson hefir ekkert gefið út af skáldritum eða ljóðum hin síðari árin. Teljum vér því rétt, að veita honum nokkru minni styrk en þeim Einari Hjörleifssyni og Guðmundi Magnússyni, er báðir hafa nýlega gefið út skáldrit, sem unnið hafa hylli almennings.

Leikfélag Reykjavíkur á við þröngan efnahag að búa, svo nærri liggur að það verði að hætta störfum. Nefndin viðurkennir, að félagið hafi þýðingarmikið hlutverk með höndum, að halda uppi leiklist hér í bæ, og vill því hækka styrkinn upp í 2,000 kr.

Þá hefir nefndinni borist erindi frá alþingismanni Hannesi Þorsteinssyni um 2,500 kr. árl. styrk, til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum. Gerir hann ráð fyrir, að æfisögusafn þetta nái yfir 300 ára tímabilið frá því um 1600 til loka 19. aldar.

Það er að sjálfsögðu ekki síður þýðingarmikið fyrir oss en hinar stærri þjóðir, að eiga slík ritverk, og vill nefndin því veita styrkinn. Treystir hún

umsækjandanum til að leysa verkið vel af hendi, og ætlast til, að hann geti varið starfskröftum sínum óskiftum til þess.

Nefndin sér enga ástæðu til að hækka styrkinn til Dr. Helga Péturssonar upp úr því, sem hann er í gildandi fjárlögum og frumvarpi stjórnarinnar.

Þá leggur nefndin til, að cand. mag. Sigurði Guðmundssyni verði veittur 600 kr. styrkur, til að vinna að undirbúningi að bókmentasögu Íslands. Vér eigum ítarleg rit um hinar eldri bókmentir vorar, en um hinar nýrri bókmentir hefir lítið verið ritað. Þetta er því þarft verk, sem vert er að styrkja, og hefir umsækjandinn góð meðmæli frá kennurum sínum við háskólann.

Tillögur nefndarinnar um breytingar við þessa grein auka gjöldin um 8,100 kr.

16. gr.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1910--11 er fjárveiting til þess að byggja leikfimishús við bændaskólann á Hvanneyri, og er þar gert ráð fyrir að húsið muni kosta um 4,000 kr. Samskonar beiðni kom þá og fram frá bændaskólanum á Hólum, en þar var gert ráð fyrir að húsið mundi kosta (úr steinsteypu) 7,600 kr. Nefndin vildi ekki taka fjárveiting í þessu skyni upp í fjáraukalögin, en vill að veitt verði fé til húsabyggingarinnar í fjárlögunum, þó þannig, að húsið verði bygt úr steinsteypu, og í allra hæstá lagi varið til byggingarinnar 6,000 kr. Lítum vér svo á, að fyrir þá upphæð megi koma upp nægilega stóru og hagkvæmu leikfimishúsi. Treystum vér því, að stjórnin sjái um að alls sparnaðar verði gætt.

Menn finna með ári hverju meir og meir til þess, hve afarnauðsynlegt það er, að fjölga dýralæknum. Nefndin vill því veita fé handa 2 mönnum til þess að stunda dýralækninganám erlendis, en vill jafnframt tryggja það sem bezt, að þeir því að eins njóti styrksins, að þeir lúki námi.

Í gildandi fjárlögum er Jónínu Sigurðardóttur veittur 1,000 kr. árl. styrkur til matreiðsluskólahalds á Akureyri og tók Nd. sama styrk upp í fjárlagafrumvarpið. Nú hefir komið fram umsókn frá kvenfélaginu »Ósk« á Ísafirði um styrk til matreiðsluskólahalds þar. Nefndin hyggur að þessir matreiðsluskólar muni gera gagn og vill því veita 1,000 kr. styrk í því trausti að bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar og sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu einnig styrki fyrirtækið.

Nefndin leggur til, að dregið verði nokkuð úr skilyrðunum fyrir styrkveitingunum til iðnskólanna og verzlunarmannaskólans í Reykjavík. En jafnframt vill nefndin taka fram, að félögunum ber að senda stjórninni árlega nákvæma skýrslu um skólahaldið og reikninga um allan skólakostnaðinn.

Þá vill nefndin veita Páli Jónssyni frá Djúpavogi 600 kr. styrk, til þess að fullgera og kaupa einkaleyfi fyrir atkvæðavél, er hann hefir fundið upp. Vél þessi virðist vel löguð til þess að nota hana við leynilegar atkvæðagreiðslur og vel þess verð, að henni sé komið á framfæri.

Eftir atvikum getur meiri hluti nefndarinnar fallist á, að fjárveitingin »Til viðskiftaráðunauta« standi í fjárlögunum, en alls eigi að hún sé bundin við nafn þess manns, sem nú er viðskiftaráðunautur, eða nokkurt annað ákveðið nafn. Leggur hún því til, að báðir liðir athugasemdarinnar við lið 27 falli burt.

Prófessor C. O. Jensen í Kaupmannahöfn hefir gert landinu ómetan-

legt gagn með því að finna upp bráðafárs-bóluefni, sem algerlega hefir unnið bug á þessari allra hættulegustu sauðfjársýki. Vill nefndin að alþingi með þessari litlu fjárveitingu votti honum þakklæti þings og þjóðar.

Nefndinni virðist engin ástæða til að geta Landsbankanum upp þessar 7,500 kr. Skattur sá, er bankinn greiðir, er ekki ósanngjarnlega hár, og meðan varasjóðurinn er um 700 þús. kr., á bankanum að vera vorkunnarlaust að greiða upphæðina.

Hlutafélagið »Klæðaverksmiðjan Iðunn« sótti um lán úr landssjóði og til vara um styrk til þess að standast vaxtagreiðslur af lánum félagsins, eftir að verksmiðjan brann fyrir nokkrum árum og meðan verið var að endurreisa hana. Lán getur félagið ekki fengið, en þar sem það beið afarmikið tjón við áminstan bruna, vill nefndin veita því 6000 kr. styrk.

Breytingartillögur okkar við grein þessa auka gjöldin um kr. 11,300.

18. gr.

Vér leggjum til að hækka eftirlaun séra Matthíasar Jochumssonar um 400 kr. og prestsekkju Elinborgar Friðriksdóttur um 200 kr., og mun gerð grein fyrir hinum tillögunum í framsögunni.

22. gr.

Þótt vér vitum með vissu, að stjórnin muni ekki geta veitt lán þau, sem talin eru í greininni, gerum vér ekki tillögu um að strika þau út.

Efri deild alþingis, 24. apríl 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður.	Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum.
Sigurður Hjörleifsson.	Stefán Stefánsson.

Sigurður Stefánsson.

Nd. **729. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

	Fjárveiting	Reikningur
I. Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé ...	86,000,00	105,374,61
2. Húsaskattur...	20,000,00	27,173,00
3. Tekjuskattur	36,000,00	70,259,13
4. Aukatekjur	90,000,00	125,232,84
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	7,256,11
6. Vitagjald	26,000,00	50,854,30
7. Gjöld fyrir leyfisbréf	8,000,00	15,210,14
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m. að frádregnum 2% í innheimtulaun...	200,000,00	395,643,24
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	330,000,00	372,110,06
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum...	280,000,00	315,491,04
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum...	660,000,00	768,085,66
12. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum innheimtulaunum	23,000,00	39,188,71
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	28,000,00	24,700,00
14. Tekjur af póstferðum	120,000,00	201,187,89
15. Tekjur af símum landsins	100,000,00	151,529,14
16. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	800,00	699,13
17. Sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar	20,000,00	58,390,05
18. Tekjur af efnarannsóknarstofu	1,200,00	» »
19. Óvissar tekjur	4,000,00	16,452,05
20. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu m. m.	42,000,00	44,086,12
Flyt...	2,081,000,00	2,788,923,22

		Fjárveiting	Reikningur
		kr. a	kr. a.
	Flutt...	2,081,000,00	2,788,923,22
21.	Tekjur af kirkjum	130,00	212,37
22.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ...	3,200,00	6,606,48
23.	Tekjur af Ræktunarsjóði Íslands, lög nr. 34, 1905	» »	8,334,18
24.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins...	79,000,00	82,743,61
	Borgað upp í lán, fjárveiting.. .. 55920 kr. 94 a.		
	reikningur.. ... 94263 — 27 -		
25.	Leigur af láni landssjóðs til Landsbankans	15,000,00	15,000,00
26.	Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	15,000,00	36,147,36
27.	Arður landssjóðs af rekstri Íslandsbanka	» »	28,095,25
28.	Vextir af Byggingarsjóði	» »	7,750,00
29.	Greiðslur frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	4,000,00	5,965,19
30.	Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	1,816,78
31.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	33,197,68
32.	Tekjur af innlendri vindlagerð og bitter, lög nr. 41, 16. nóv. 1907...	» »	6,779,09
33.	Tillag úr ríkissjóði Danmerkur	120,000,00	120,000,00
34.	Lán úr ríkissjóði Danmerkur	500,000,00	500,000,00
	Samtals...	2,822,530,00	3,641,571,21

	II. Gjöld:	Fjárveiting	Reikningur
		kr. a.	kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar landsins	100,000,00	97,847,97
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna og milliþinganefndir...	65,600,00	99,525,95
3.	Til útgjalda við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.:		
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn	177,230,00	172,320,02
	B. Ýmisleg útgjöld	29,800,00	48,412,72
4.	Til útgjalda við læknaskipunina..	271,701,20	281,298,77
5.	Til samgöngumála:		
	A. Til útgjalda við póststjórnina	181,086,47	213,736,76
	B. Til vegabóta	347,458,93	365,575,07
	C. Til gufuskipaferða..	160,600,00	132,560,00
	D. Til ritsíma og talsíma	589.666,00	515,261,65
	E. Til vita	65,314 05	82,557,07
6.	Til kirkju- og kenslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	55,200,00	44,686,40
	B. Til kenslumála...	312,050,00	343,285,81
7.	Til vísinda og bókmenta...	164,110,00	164,049,14
8.	Til verklegra fyrirtækja..	367,720,00	349,933,35
9.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	28,169,74
	Flyt	2,892,736,65	2,939,220,42

	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
Flutt...	2,892,736,65	2,939,220,42
10. Eftirlaun og styrktarfé...	122,500,00	138,645,97
11. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld	10,000,00	129,196,17
12. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum	» »	111,723,20
13. Vextir af láni úr ríkissjóði Danmerkur	» »	18,944,45
14. Tekjuafgangur	» »	303,841,00
Samtals...	3,025,236,65	3,641,571,21

Eignir viðlagasjóðs voru 31. des. 1909 ... ... kr. 1,537,904,62
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. ... ... — 64,182,99
Peningaforði landssjóðs s. d. ... ... — 305,329,76

Ed.

730. Tillögur

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikningana fyrir árin 1908 og 1909.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að framfylgja stranglega fyrirmælum reglugerðar 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil o. fl.
2. Að ganga ríkt eftir, að umboðsmenn þjóðjarða innheimti jarðarafgjöld í tæka tíð, og gæti þess að lögtaksréttur gjaldanna glatist ekki.
3. Að gæta þess, að reikningshaldarar opinberra stofnana semji reikninga þeirra sem greinilegasta og samkvæmasta ákvæðum fjárlaganna.
4. Að taka upp í frumvarp til fjáraukalaga allar umframgreiðslur í landsreikningunum, er nokkru nema, hvort heldur um er að ræða fastákveðnar fjárveitingar eða áætlaðar upphæðir lögmæltra útgjalda.
5. Að láta þess getið í athugasemdum við landsreikninginn, ef tollur er endurgreiddur, hvort heldur af því, að hann er feldur niður eða innheimtur í öðru lögsagnarumdæmi.
6. Að láta hinni árlegu skrá yfir eftirlaun prestsekkna, sem greidd eru úr landssjóði, fylgja fullnægjandi skýringar um viðauka og breytingar, er orðið hafa síðan næsta ár á undan.
7. Að taka til íhugunar, hvort ekki séu tök á því, að flýta fyrir framkvæmd gildandi laga um innlenda brunabótaábyrgð með breytingu á lögunum eða öðrum ráðstöfunum af hálfu löggjafarvaldsins.
8. Að taka til endurskoðunar fyrirkomulagið á reikningsskilum landssjóðs, og breyta því í þá átt, að landsreikningarnir hafi að geyma sem fylst og glöggast yfirlit yfir allan fjárhag landssjóðsins, ekki að eins um tekjur og útgjöld, heldur einnig um eignir og skuldir landsins.

9. Að sjá um, að landsreikningurinn verði eftirleiðis árlega afgreiddur til yfirskoðunarmanna í tæka tíð, svo að nægur tími vinnist til allrar yfirskoðunarinnar, áður en alþingi kemur saman.
10. Að annast um, að auk hinna sérstöku reikninga Byggingarsjóðsins, Fiskiveiðasjóðsins og Ræktunarsjóðsins, verði hinn árlegi reikningur Kirkjujarðasjóðsins ásamt fylgiskjölum afhentur yfirskoðunarmönnum til athugunar, eftir að hann hefir verið yfirfarinn af hinni umboðslegu endurskoðun.

Nd. **731. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 706.

Flutningsmaður: Hálfdán Guðjónsson.

2. liður verði 1. og 1. liður verði 2.
Fyrir: »nefndar« í fyrirsögninni komi: milliþinganefndar.

Nd. **732. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1908 og 1909, veitast kr. 91,077,21 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—8. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 9. gr. fjárlaganna, veitast:
Við tölulið 5 til aðstoðar og skrifstofukostnaðar stjórnarráðsins 1908 kr. 1,078,60.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna, veitast:

Við tölulið A. 4, til viðhalds fangelsanna 1909		kr.	282,28.
Við tölulið B. 1. b. til pappírs og prentunar stjórnartíðanna			
1908	kr. 555,70		
1909	— 4,321,74	kr.	4,877,44
Við tölulið B. 1. c. til pappírs og prentunar á landshagsskýrslum 1908	kr. 197,47		
1909	— 1,309,89	—	1,507,36
		kr.	6,767,08

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna, veitast:

Við 8. lið tillag til geðveikishælisins á Kleppi 1908	kr.	9,081,76
— - — — — —»— - — 1909	—	5,936,27
og viðbót við aukafjárveitingu 1908 og 1909 til að byggja fjós á Kleppi	—	75,00
	kr.	15,093,03

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna, veitast:

Við tölulið A. 1. b. 2. 1908 ... ... kr. 250,00			
Við tölulið A. 1. b. 2. 1909 ... ... — 250,00	kr. 500,00		
Við tölulið A. 1. c. 1908 ... ... kr. 655,00			
Við tölulið A. 1. c. 1909 ... . — 1,035,00	— 1,690,00		
Við aðra töluliði til póststjórnar 1908 ... kr. 7,800,60			
Við aðra töluliði til póststjórnar 1909 ... — 3,166,49	kr. 10,967,09	kr.	13,157,09
Við tölulið B. II. Til flutningabrauta og viðhalds á þeim		—	20,669,17
Við tölulið B. III. Til þjóðvega		—	2,733,47
Við töluliðina D. II. Til ritsíma og talsíma bætast við 4. b. Hafnarfjörður til Keflavíkur 1908	kr. 554,12		
Við D. II. 8. frá 1908 til að kaupa bæjarsímakerfið á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði	— 1,610,52		
Við D. II. 9, frá 1908 til talsíma milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar	— 2,799,97		
Við D. II. 10. frá 1908 til rannsóknar símaleiða. ...	— 2,361,20	kr.	7,325,81
Við E. Til vita:			
Til vitabyggingar á Reykjanesi frá 1908...	kr. 11,676,78		
Til aukavita á Reykjanesi frá 1909.. ...	— 614,15	—	12,290,93
		kr.	56,176,47

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna, veitast:

Við B. III. Til lagaskólans, önnur útgjöld...	kr.	636,76
Við B. V. b. 3. Til tímakenslu við gagnfræðaskólann á Akureyri	kr. 1,118,50	
Við B. V. b. 5. Ýmisleg útgjöld við sama skóla 1908 og 1909	— 526,73	— 1,645,23
Við B. VII. 1.		— 1,351,00
Við B. VIII. b. Til sundkenslu utan Reykjavíkur		— 251,12
		kr. 3,884,11

7. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna, veitast:

Við 1. c. 2. Til kensluáhalda við bændaskólann á Hólum 1909	kr.	700,00
Við 2. c. 2. Til kensluáhalda við bændaskólann á Hvanneyri 1909	—	700,00
	kr.	1,400,00

8. gr.

Sem viðbót við gjöld samkvæmt 21. gr. fjárlaganna veitast:

1.	Styrkur til frú Maríu Jónsson frá $^{1}/_{5}$—$^{31}/_{12}$ 1909...	kr. 200,00
2.	Kostnaður við vatnsæðalagning að Kleppi	— 5,937,92
3.	Til síldarmatsmanns Jóns Bergsveinssonar til að kynnast síldarverkun erlendis...	— 540,00
		kr. 6,677,92

Ed. **733. Frumvarp**

til laga um toll af póstsendingum, sem koma til Íslands frá útlöndum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Greiða skal auk venjulegs burðargjalds toll af hverjum póstbögli, sem kemur til landsins frá útlöndum, sem hér segir:

1. Af böglum, sem vega alt að $2^{1}/_{2}$ kg. (vg.) 10 aura.
2. Af böglum, sem vega yfir $2^{1}/_{2}$ kg. (vg.) að 5 kg. (vg.), 20 aura.

2. gr.

Toll þennan greiðir viðtakandi með frímerkjum um leið og hann tekur við böglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á fylgibréfið og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstböglum, sem eru endursendir til útlanda, skal engan toll greiða, né af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **734. Frumvarp**

til laga um ölgerð og ölverzlun.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ölgerð til útsölu má enginn stunda hér á landi, nema fengið hafi einkaleyfi til ölgerðar. Landsstjórnin veitir leyfið um tiltekið árabil, og getur það náð til þeirra öltegunda, er flytja má til landsins samkvæmt 1. gr. laga 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

2. gr.

Leyfið veitist bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, og skal hún hafa rétt

til, með samþykki landsstjórnarinnar, að fá það í hendur innlendu hlutafélagi, er hafi ráð á nægu stofnfé og sérþekkingu, til þess að framkvæmd fyrirtækisins sé vel borgið. Bæjarstjórnin má ekki við afhending einkaleyfis áskilja sér endurgjald eða neins konar hagnað um fram það, sem leiðir af því, að fyrirtækið er stofnað og rekið á kaupstaðarlóðinni.

3. gr.

Leyfið skal bundið þessum skilmálum:

a. Að félagið eftir eitt ár frá því, er það tekur til starfa, greiði landssjóði árgjald af framleiðslunni, er eigi sé minna en 2 aurar fyrir hvern lítra öls, og fari gjaldið hækkandi á nokkurra ára bili, unz það nemur helmingi aðflutningstolls, er gildir á hverjum tíma.
b. Að landssjóður fái helming af gróða félagsins, eftir að greiddir eru 5% vextir af hlutafénu, $^3/_4$ af gróðanum, eftir að greiddir eru 6% vextir, og $^9/_{10}$ af gróðanum, þá er hluthafar hafa fengið 10% ágóða.

4. gr.

Leyfishafa má einnig veita einkarétt til þess, innan bæjarfélags Reykjavíkur, að verzla með útlendar öltegundir og aðra maltdrykki, sem að lögum er leyft að flytja til landsins. Slíkan einkarétt má þó ekki veita, nema trygging sé fyrir því, að hið opinbera njóti hæfilegs hluta af verzlunararðinum af aðfluttu öli og öðrum maltdrykkjum, og jafnframt sé sæmilega séð fyrir hagsmunum neytenda. Sá hluti ágóðans, er hér ræðir um, skiftist til helminga milli landssjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur.

5. gr.

Ef bæjarstjórn Reykjavíkur hefir ekki innan tveggja ára frá því, er lög þessi öðlast gildi, notað sér leyfið, má veita það annari bæjarstjórn eða sveitarstjórn hér á landi með sömu skilmálum.

6. gr.

Bann gegn tilbúningi áfengra drykkja, samkvæmt lögum 12. jan. 1900, nær að eins til þeirra drykkja, sem í er meira en $2^1/_4$% af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli, þótt um staðjastað öl sé að ræða.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara um einkarétt varða sektum alt að 1000 kr. Mál út af téðum brotum skal farið með sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed.

735. Frumvarp

til laga um gerðardóm í brunabótamálum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ágreining um það, hvort eða að hve miklu leyti og hvenær brunabótafélagi skuli skylt að greiða brunabætur, skal leggja í gerð, ef vátryggjandi krefst þess eða aðrir, sem öðlast hafa rétt hans til brunabótafjárins.

Í gerðardóminn kveður hvor málsaðila einn mann, en landsyfirréttur þrjá, og skal sá þeirra, sem landsyfirréttur jafnframt ákveður, vera oddviti gerðardómsins. Oddviti skal vera lögfróður maður.

2. gr.

Nú vill vátryggjandi leggja mál undir úrskurð gerðardóms og skal hann þá senda landsyfirrétti þríritað kröfubréf um það, að gerðardómur sé skipaður, og taka skýrt fram, hvert málsefnið er. Jafnframt skal hann skýra frá því, hvern hann kveður í gerðardóminn af sinni hendi, og láta fylgja yfirlýsing þess manns um, að hann taki að sér starfa þenna. Enn fremur skal fylgja kröfubréfinu eftirrit af vátryggingarskírteininu, svo og 300 kr. til tryggingar greiðslu kostnaðar við gerðardóminn.

Landsyfirréttur skipar síðan menn í gerðardóminn samkvæmt 1. gr. og tilkynnir það þeim þeirra, sem skipaður er oddviti, og sendir honum jafnframt tryggingarféð og öll skjöl málsins að undanteknu einu eintaki kröfubréfsins, sem legst við skjalasafn landsyfirréttarins. Oddviti skal síðan tafarlaust senda stjórn brunabótafélagsins til þess staðar, þar sem vátryggingarskírteinið er gefið út, eitt eintak kröfubréfsins og skora á félagið að kveðja mann í gerðardóminn og senda sér tilkynning um það innan þriggja mánaða frá dagsetning áskorunarbréfsins. Áskorun þessi skal rituð á máli þess lands, þar sem vátryggingarskírteinið er gefið út. Nú hefir vátryggingarskírteini eigi verið gefið út af félaginu, heldur að eins bráðabirgðarskírteini útgefið af umboðsmanni félagsins og þar eigi tekið fram, hvar stjórn félagsins hafi aðsetur sitt, og má þá senda áskorunarbréfið til umboðsmannsins, sem undirritað hefir bráðabirgðarskírteinið.

Nú hefir oddviti eigi innan umgetins frests fengið tilkynning frá félaginu um það, hvern það kveðji í gerðardóminn, og skal hann þá kveðja til fundar hina aðra gerðardómsmenn, sem landsyfirréttur skipaði í gerðardóminn, og skipa þeir þrír þá mann í dóminn af hendi brunabótafélagsins. Ræður um það afl atkvæða.

3. gr.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Innan tveggja vikna frá því að gerðardómur er fullskipaður skal oddviti kveðja gerðardómsmenn til fundar með þeim fyrirvara, sem honum virðist hæfilegur, og ákveður hann nánara fundarstaðinn, svo og hvenær fundinn skuli halda, en þeir gerðardómsmenn, sem kvaddir eru af hendi málsaðila, skulu hvor um sig sjá um, að sá málsaðili, sem kvaddi þá, fái vitneskju um fundinn, svo þeir geti gætt þar réttar síns.

Gerðardómurinn ákveður því næst sjálfur með atkvæðamagni, hvernig meðferð málsins skuli hagað.

4. gr.

Í gerðardómi ræður afl atkvæða úrslitum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Oddviti ritar gerðabók gerðardómsins.

5. gr.

Fyrir gerðardóm má kveðja vitni, og stýrir oddviti vitnaleiðslum. Um vitnastefnur, vitnaskyldu, vættisburðinn sjálfan og hegningarábyrgð fyrir rangan framburð, gilda sömu reglur sem um vitni fyrir almennum dómstólum.

6. gr.

Úrskurð sinn skal gerðardómur kveða upp innan 10 vikna frá því að málið var tekið til úrskurðar að loknum flutningi málsins.

Nú vanrækir gerðardómsmaður störf sín eða forföll banna honum að leysa þau af hendi, og geta þá hinir gerðardómsmennirnir — þó eigi færri en þrír og þar af tveir kvaddir af yfirrétti — farið með málið og útkljáð það.

7. gr.

Í gerðardómnum skal það ákveðið, hve mikinn málskostnað skuli greiða, þar á meðal, hverja þóknun gerðardómsmenn skuli fá fyrir starf sitt, og hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skifta honum milli þeirra.

8. gr.

Gerðardómur eftir lögum þessum er fullnaðardómur fyrir báða aðila og verður honum ekki áfrýjað.

9. gr.

Að gerðardómi loknum afhendir oddviti gerðardóms dómsmálaritara landsyfirréttar gerðabók og málsskjöl. Dómsmálaritari gefur staðfest eftirrit af gerðabók og skjölum gegn venjulegri borgun.

10. gr.

Lög þessi ná eigi til lögskyldrar vátryggingar.

11. gr.

Lög þessi gilda eigi um brunabætur fyrir tjón, sem hefir orðið eða verður fyrir árslok 1911.

Ed.

736. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðarbætur, sem ekki eru áskildar í byggingarbréfi, og tilkynnir hann það landsdrotni og leitar samkomulags við hann um, hvernig kostnað við verkið skuli greiða. Vilji landsdrottinn ekki kosta jarðarbótina, gerir leiguliði hana á sinn kostnað. Heimilt er þó landsdrotni að líta eftir því, að jarðarbótin sé vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta jarðarbótina til dagsverka samkvæmt gildandi reglum um það efni. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. 50 aurum fyrir hvert dagsverk þeirra jarðarbóta, sem ekki eru áskildar í byggingarskilmálum og styrkhæfar þykja og til fullra nytja hafa komið. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðarbótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 11 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að 1/10 hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðarbótin var unnin.

2. gr.

Þegar jarðeigandi byggir jörð sína eftir að lög þessi öðlast gildi, þá skal hann láta jörðinni fylgja öll bæjarhús, sem nauðsynleg eru til ábúðar á henni. Húsin skulu að mati úttektarmanna vera í viðunanlegu standi og að stærð við hæfi jarðarinnar, og er landsdrotni skylt að bæta úr því á sinn kostnað, sem ávant þykir. Mati úttektarmanna getur hann þó skotið til yfirúttektar.

Til byggingar bæjarhúsanna er landsdrottinn þó ekki skyldur að leggja fram meira fé en samsvari 8-földu afgjaldi jarðarinnar, eins og það hefir verið að meðaltali síðastliðin 5 ár.

3. gr.

Bæjarhúsum þeim, er leiguliði tekur við og jörð fylgja, er hann skyldur að halda við á sinn kostnað, svo að ekki rýrni þau að öðru en fyrningu. Landsdrottinn getur látið úttektarmenn meta, hvort svo sé hve nær sem hann vill, en bera verður hann allan kostnaðinn við matið, nema svo reynist, að leiguliði hafi ekki fullnægt skyldu sinni um viðhaldið, en þá ber leiguliði kostnaðinn hálfan.

Vanræksla á viðhaldi húsanna af hendi leiguliða varðar útbyggingu og fullum skaðabótum.

Vextir af húsaverðinu og fyrningargjald skal vera innifalið í landskuld jarðarinnar.

Þegar bæjarhúsin eru svo forn orðin, að þau samkvæmt mati úttektarmanna þurfa að endurbyggjast, er jarðeigandi skyldur að byggja þau upp að nýju á sinn kostnað. Því mati getur hann þó skotið til yfirúttektar.

4. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er, frá því lög

þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin gegn því, að leggja jörðinni til aðra eign jafn-góða sem hún þarfnast:

a. Í húsum, er leiguliði á og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni.
b. Í jarðarbótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð og eru full eign leiguliða eða þeim hluta jarðarbótanna, sem er lögmæt eign hans, samkv. 1. gr. hér að framan.

Úttektarmenn meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin.

Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

5. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti og er honum það heimilt, hvenær er hann vill. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldarhækkun meta úttektarmenn, nema hlutaðeigendur komi sér saman.

6. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver þeirra óskar þess. Kostnaðinn greiða þeir allir eftir jarðarstærð.

7. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sérstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sérstakt býli, þá hefir hann rétt til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eiganda að meiri hluta landsins, skifta því landi, sem sérstök hlunnindi eru við, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, reki, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins fara eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiðir sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað að út sé skift nema nokkrum hluta þess lands, er býli hans tilheyrir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

8. gr.

Skifti þau, sem ræðir um í 7. gr., skulu vera til fullrar eignar og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, að vera við þau. Hver sá eigandi, sem óánægður er með skiftin, getur heimtað yfirmat; skal sýslumaður dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma það, og fá þeir hver um sig 4 kr. kaup á dag meðan þeir eru að skiftum. Rétt til að heimta yfirmat hefir og hver veðhafi í landi því, sem skift er, í 2 ár frá því að honum eru tilkynt skiftin. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er óskar þess, sé engin breyting gerð á skiftunum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

9. gr.

Nú vill jarðeigandi girða land jarðar sinnar með gripheldri vírgirðingu á landamerkjum, og skal hann þá láta skoðunarmann jarðarbóta á því svæði og úttektarmenn mæla fyrir girðingunni, gera áætlun um kostnað við hana og ákveða

legu hennar. Skal girðingin liggja beint yfir nes, þar sem merki liggja í smákrókum, en þó þannig að hvorugur missi slægju og beitiland eftir því, sem við verður komið. En réttur til annara afnota helzt óbreyttur.

Því næst tilkynnir jarðeigandi fyrirætlun sína þeim, er land á móti honum, og leitar samkomulags um girðinguna og kostnað til hennar. Komi þeir sér ekki saman, getur sá, er girða vill, eigi að síður girt, og ber þá sá, er land á móti honum, helming hins áætlaða kostnaðar. Þó verður af einni jörð eigi krafist meira framlags á þennan hátt á hverjum 5 árum, en sem svari eins árs afgjaldi jarðarinnar, og er gjalddagi í byrjun hvers fimm ára tímabils, unz kostnaðurinn er greiddur að fullu. Um greiðslu þess kostnaðar fer sem um viðurkenda skuld, er á jarðeiganda hvílir, og flyzt hún yfir á nýjan eiganda ef eigandaskifti verða.

10. gr.

Eign og viðhald girðinga þeirra, sem um er rætt í 9. gr., er sameiginleg báðum jörðum frá því hún er upp komin fullger. En skifta skal girðingunni jafnt milli jarðanna, svo að sinn hluta annist hvor. Sé viðhald girðingar vanrækt af öðrum hvorum jarðeiganda, þá á hinn rétt á að krefjast nauðsynlegra umbóta á kostnað þess, sem vanrækslunnar er valdur.

Úttektarmenn skulu skifta girðingunni og meta, hvort henni er haldið við svo gilt sé.

11. gr.

Ákvæðin í 9. og 10. gr. um girðingar á landamerkjum gilda ekki um fjalllendi, nema slægjuland sé, og ekki um önnur víðlend beitilönd, sem ekki eru notuð til slægna, né liggja að slægjulöndum. Úttektarmenn skera úr, hvort landið samkvæmt þessu sé undanþegið girðingarskyldu þeirri, sem ræðir um í 9. og 10. gr.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 6. gr. og 20. gr. í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Nd. **737. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 4. gr. við D II.

»Til að kaupa símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar . . . . . 7600,00« falli niður.

Ed. **738. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (á þingskj. 620).

Frá fjárlaganefnd.

1. Við 14. gr. B. VIII. b. 7. Fyrir orðið »beggja« í athugasemdinni aftan við liðinn komi: allra.
2. Við 16. gr. 23. Fyrir orðið »iðnskóla« í athugasemdinni komi: skóla.
3. Við 22. gr. Á eftir 9. lið komi nýr liður: Úr viðlagasjóði má veita niðursuðuverksmiðjunni »Ísland« á Ísafirði alt að 50,000 kr. lán gegn 1. veðrétti í verksmiðjunni og annari tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með $4^1/_2$ % og endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum á 18 árum.
4. Við 22. gr. Aftan við greinina komi nýr liður: Afborgunarfrest af viðlagasjóðsláni til Verksmiðjufélagsins á Akureyri, er tekið var 18. janúar 1908, má framlengja til 31. desember 1915. Úr því endurborgist lánið með jöfnum árlegum afborgunum á 15 árum.

Nd. **739. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 706 við tillögu til þingsályktunar um einkarétt landssjóðs á aðfluttum vörum (þingskj. 631).

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson og Skúli Thoroddsen.

Í stað málsgreinarinnar: »Fjórir nefndarmanna skulu kosnir« o. s. frv., til enda þeirrar málsgreinar, komi svofeld málsgrein:

Nefndarmenn skulu kosnir af sameinuðu alþingi með hlutfallskosning.

Nd. **740. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um brúargerð á Jökulsá á Sólheimasandi (þingskj. 423).

Flutningsm.: Ólafur Briem

1. Við fyrirsögn frumvarpsins. Á eftir »Sólheimasandi« komi: Héraðsvötn í Skagafirði.
2. Við 1. gr. Á eftir »landssjóði« komi: til brúargerðar á Héraðsvötn í Skagafirði alt að 50 þúsund kr.

Nd. **741. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 706.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. Við 1. málsgrein. Fyrir orðin »Alþingi . . . . nefnd« komi: Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að skipa 5 manna nefnd, er sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu.
2. Fyrir málsgreinina »Fjórir nefndarmenn . . . nefndarinnar« komi: Landsstjórnin gefur nefndarmönnum skipunar- og erindisbréf og ákveður hver af þeim skuli vera formaður nefndarinnar.

Nd. **742. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

(Eftir 2. umræðu í Nd.).

1. gr.

Réttur til að vera vélstjóri á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 75 en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem vélstjóri.

2. gr.

Á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 250 en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal vera að minsta kosti einn yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri, sem fullnægja þeim skilyrðum, er lög þessi setja. Ef vél skipsins hefir minna en 250 ákveðin hestöfl, er nægilegt, að á þeim skipum sé einn vélstjóri, sem fullnægir þeim skilyrðum, er lög þessi setja um yfirvélstjóra. Auk vélstjóra skal vera að minsta kosti einn kyndari á skipi hverju. Ekkert íslenzkt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til siglinga utan lands eða innan, nema á því sé það vélalið, sem segir í grein þessari.

3. gr.

Sá, sem öðlast vill skírteini sem undirvélstjóri á íslenzku gufuskipi, skal sanna:

a. Að hann hafi nægilega bóklega þekking á bygging og starfsemi gufuvéla, eftir kröfum þeim, sem gerðar verða af stjórnarráðinu; kunnátta þessi skal sönnuð með sérstöku prófi við Stýrimannaskólann í Reykjavík.
b. Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hér á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, og hafi fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.
c. Að hann hafi verið kyndari á gufuskipi í 12 mánuði og hafi meðmæli vél-

stjóra þess eða þeirra, sem hann hefir verið kyndari hjá, fyrir dugnað, reglusemi og þekking á hirðing gufuvéla.

d. Að hann hafi ekki verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Ennfremur á maður, sem hefir minst tveggja ára tíma stjórnað á eigin ábyrgð gufuvél á landi með meira en 25 ákveðnum hestöflum, heimting á, að fá skírteini sem undirvélstjóri, ef hann hefir int af hendi það bóklega próf, sem um getur undir staflið a, og hefir vottorð frá 2 vélmeisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda, um að hann sé fær um að vera undirvélstjóri á gufuskipi.

4. gr.

Sá, sem öðlast vill skírteini sem yfirvélstjóri á íslenzku gufuskipi, skal sanna, auk þess sem mælt er fyrir í 3. gr.:

a, að hann hafi verið undirvélstjóri í 2 ár og hafi meðmæli frá yfirvélstjóra þeim eða yfirvélstjórum, sem hann hefir unnið með, um að hann hafi næga þekking á meðferð og hirðing gufuvéla og sé reglusamur.

b, að hann sé fullra 25 ára gamall.

5. gr.

Skylt er öllum vélstjórum á íslenzkum gufuskipum að láta af hendi vottorð þau um þekking o. fl., sem um getur í 3. og 4. grein, fyrir þann tíma, sem hlutaðeigandi hefir unnið undir umsjón þeirra. Skal vottorðum þessum fylgja drengskaparyfirlýsing vélstjóra um að þau séu gefin eftir beztu vitund og hlutdrægnislaust.

6. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 3. og 4. grein, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur. Svo skulu og þeir Íslendingar, sem eru og hafa verið 1. og 2. vélstjóri á íslenzkum gufuskipum, er lög þessi öðlast gildi, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem um getur í 3. og 4. gr. laga þessara, þótt þeir fullnægi eigi að öllu skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum greinum; þeir, sem eru undirvélstjórar, skulu þó því að eins eiga heimting á undirvélstjóraskírteinum, að þeir leggi fram vottorð frá vélstjórum sínum um, að þeir séu færir um að hafa á hendi vélgæzlu sem undirvélstjórar. Skírteini þau, sem hér ræðir um, skal rita eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands lætur búa til í samræmi við lög þessi. Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra á þeim stað, sem umsækjandi er heimilisfastur, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetning þess, nema skírteinishafi brjóti það af sér, sbr. 8. gr.

Meðan vöntun er á íslenzkum vélstjórum er stjórnarráðinu heimilt að veita þeim mönnum skírteini þau, sem umræðir í þessari gr., er fengið hafa vélstjóraskírteini í öðrum löndum samkv. þar gildandi lögum.

7. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins. Við það skerðist þó eigi réttur hans til að leita dómsákvæðis í málinu.

8. gr.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem vélstjóri.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum; ef brotið er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ákvæði um það, hvernig vélkenslunni við Stýrimannaskólann skuli háttað, svo og um próf og prófskilyrði, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið setur um þau atriði.

11. gr.

Lög, þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Nd. **743. Frumvarp**

til laga um eiða og drengskaparorð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. Staðfesting heita.

1. gr.

Þegar einhverjum er veitt embætti eða sýslan í almennings þarfir eða hlotnast einhver vegsauki og svo er fyrirmælt í lögum, að hann skuli jafnframt vinna eiðfest heit, þá er sú eiðtaka af numin, en í stað hennar kemur drengskaparheit. Undanskildir eru þó eiðar þeir, sem fyrirskipaðir eru í 4. og 30. gr. stjórnarskrárinnar, og skulu þeir unnir á þann hátt, sem nú tíðkast.

II. Staðfesting vitnaframburðar.

2. gr.

Vitnaframburður skal að jafnaði eiðfestur. Eiður sá skal unninn svo, að vitnið lyftir upp hægri hendi, réttir upp 3 fyrstu fingurna og mælir svo: Það sver eg og vitna til guðs almáttugs að eg hafi sagt satt eitt og ekkert undandregið.

3. gr.

Vitni, sem eigi er í neinu trúarfélagi hér á landi og enga trú játar, skal

staðfesta framburð sinn með drengskaparorði, og fer staðfestingin fram á þann hátt, að vitnið tekur í hönd dómaranum og segir: Það legg eg undir drengskap minn og mannorð, að eg hafi sagt satt eitt og ekkert undandregið.

4. gr.

Staðfesting vitnaframburðar fer fram að lokinni yfirheyrslu. Í einkamálum fellur hún niður, ef málsaðilar samþykkja.

Áður en yfirheyrsla byrjar skal dómarinn alvarlega brýna fyrir vitninu, að segja satt, og jafnframt minna það á þá ábyrgð, er rangur framburður og röng staðfesting hefir í för með sér, og á helgi og þýðingu eiðs þess eða drengskaparorðs, er heimta má að vitnaframburðinum.

Áður en framburður er staðfestur, skal dómarinn, ef ástæða þykir til, enn að nýju minna vitnið á þýðingu staðfestingarinnar; einnig skal því veitt nægilegt ráðrúm til að leiðrétta framburðinn.

Ef vitnið er í kristnu trúarfélagi, og þess er krafist, að það sé áminnt um sannsögli, skal áminningin veitt á þann hátt, að lesin sé upp fyrir því áminningarræða sú, sem fyrirskipuð er í tilskipun 22. sept. 1846. Þegar öðruvísi stendur á, skal viðhafa aðra alvarlega áminningu.

Óréttmæt undanfærsla undan staðfestingu á vitnaframburði skal sæta sömu afleiðingum og óréttmæt undanfærsla undan vitnaframburði.

III. Staðfesting á yfirlýsingu málsaðila og aðrar staðfestingar fyrir rétti.

5. gr.

Nú eru úrslit máls komin undir eiði annarshvors málsaðila, og er honum þá heimilt að staðfesta framburð sinn með drengskaparorði í stað eiðs, ef hann lýsir yfir því við dómara þann, er eiðinn átti að taka, að hann játi enga trú.

6. gr.

Þar sem staðfesting með eiði að öðru leyti er heimiluð í lögum, svo sem er um staðfesting skoðunar- og matsgjörða, skulu framangreindar reglur um staðfesting með drengskaparorði koma til framkvæmda samkvæmt því, sem áður er sagt.

7. gr.

Staðfesting á skýrslu málsaðila, skoðunar- og matsgjörðum og aðrar staðfestingar fyrir rétti fara fram svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. gr., með þeim breytingum, sem leiða af málavöxtum. Þá er matsgjörðir eru staðfestar, skal eiðurinn að því unninn eða drengskapur við lagður, að starfið sé af hendi leyst og skýrslan gjörð eftir beztu sannfæringu.

Áður en staðfesting fer fram, skal dómarinn áminna og telja um fyrir hlutaðeiganda, svo sem fyrir er mælt í 4. gr., þá er staðfestur er vitnaframburður.

IV. Almenn ákvæði.

8. gr.

Eiðspjöll eða staðfestingu með drengskaparorði má eigi leyfa:

1. Börnum innan 15 ára.
2. Mönnum, er svo þykir vitsmunavant, að staðfesting mundi vera marklaus.
3. Mönnum, sem uppvísir hafa orðið að röngum framburði eða meinsæri, eða eru undir ákæru fyrir slík brot.

9. gr.

Staðfesting með drengskaparorði hefir að öllu sama gildi og afleiðingar sem eiðvinning.

Ed. **744. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913 (á þingskj. 620).

Frá J. Havsteen.

Við 18. gr. Aftan við orðin: »til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.« komi: til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.

Ed. **745. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

Nefndin, sem háttvirt deild kaus til þess að íhuga frumvarp þetta, hefir rætt það með sér á nokkrum fundum og að mestu orðið sammála um það.

Að því er snertir ákvæði frumvarpsins um holræsagerðina, eru allir nefndarmennirnir sammála um, að ráða deildinni til þess að samþykkja þau.

Nokkuð öðru máli gegnir um ákvæðin um gangstéttirnar, nefndarmennirnir síður sammála um nauðsyn og nytsemi þeirra ákvæða, er frumvarpið setur um þau efni. Þó hefir nefndin fallist á, að ráða deildinni til þess að samþykkja 3. gr. óbreytta, en allir vilja nefndarmenn fella burtu þau ákvæði 4. gr. að krötur bæjarstjórnar á hendur lóða- og húsaeigendum samkvæmt 3. gr. skuli trygðar með forgangsveðrétti í húseignum. Meiri hluti nefndarinnar (Júlíus Havsteen og Eiríkur Briem) eru hinsvegar algerlega mótfallnir ákvæðum 5. greinar, og leggja til að hún sé feld burtu, en þriðji nefndarmaðurinn (Sigurður Hjörleifsson) telur þau vel viðunandi, og er því fremur meðmæltur, að greinin verði samþykt, ef til vill með dálitilli breytingu.

Samkvæmt því ræður nefndin til þessara breytinga á frumvarpinu:

1. Við 4. gr.: Í stað orðanna: »1. 2. og 3. gr.« komi: 1. og. 2. gr.

2. Við 5. gr. Greinin falli niður.

Efri deild Alþingis, 25. apríl 1911.

J. Havsteen, formaður.	Sigurður Hjörleifsson, skrifari og framsögumaður.	Eiríkur Briem.

Ed.

746. Tillaga

til þingsályktunar um breyting á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

(Eins og hún var samþykt við eina umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að samþykkja eftirfarandi breytingar og viðauka við reglur þær um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«, sem settar voru á alþingi 24. ágúst 1881 og staðfestar af konungi 27. apríl 1882:

1. gr.

1. gr. orðist svo: Sjóðurinn skal vera í vörzlum Stjórnarráðs Íslands, sem annist um að hann ávaxtist.

2. gr.

2. gr. orðist svo: Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, og annars kostar
til þess að styrkja útgáfur slíkra rita, og
til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmentum þess, lögum, stjórn eða framförum.

3. gr.

Fyrir orðið: »Landshöfðingi« í upphafi 4. gr. komi: Stjórnarráð Íslands.

Breytingar þessar skal færa inn í meginmál reglna um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« frá 24. ág. 1881, og síðan leita staðfestingar konungs á reglum þessum í heild.

Nd. **747. Frumvarp**

til laga um íslenzkan fána.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ísland skal hafa sérstakan fána.

2. gr.

Fáni sá, er getur í 1. gr., skal vera blár með hvítum krossi, þvert og endilangt, og nemi breidd krossálmanna $^1/_7$ af breidd fánans; bláu reitirnir nær stönginni skulu vera réttir ferhyrningar, og þeir, er fjær eru stönginni, jafnbreiðir, en tvöfalt lengri.

Opinberar stofnanir noti fána þenna tvíklofinn inn að framan, um krossálmuna, er gangi fram í odda, en lengd fánans sé af því óskerð.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau ákvæði í íslenzkum lögum, er heimila íslenzkum skipum að nota annan fána.

Ed. **748. Varabreytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskjali nr. 721.

Flutningsmaður: L. H. Bjarnason.

Að 6 við 13. gr. Fyrir: »17. júní« komi: 15. júní.

Ed. **749. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga á þingskjali 501.

Flutningsmenn: Jósef Björnsson og Sigurður Hjörleifsson.

1. Við 5. gr.

Greinin orðist svo:

Konungur getur rofið alþingi með þeim takmörkunum, sem segir í 9. gr., og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er þing var rofið, og skal alþingi stefnt saman innan árs.

2. Við 8. gr.

Greinin orðist svo:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 10 þingmenn, kosnir hlutfallskosningum um land alt, og auk þess 4 þingmenn, er sameinað alþingi sjálft kýs þar til með óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtíma neðri deildar í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímanum.

Breyta má tölum þessum með lögum, sé tala þingmanna breytt.

3. Við 9. gr.

Greinin orðist svo:

16. gr. stj.skr. falli burt, en í stað hennar komi: 30 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sérstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum, eftir því sem kosningarlög mæla fyrir, en 10 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 12 ára, 5 þingmenn á 6 ára fresti og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þessara 10 þingmanna. Nú deyr einhver þeirra þingmanna, sem kosnir eru í kjördæmum, á kjörtímabilinu, eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti meðal þeirra, sem kosnir eru hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varaþingmaður sá, er í hlut á.

Nánari reglur um hlutfallskosningar 10 efri deildar þingmanna og varaþingmanna skulu settar með sérstökum lögum.

4. Við 12. gr.

Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

Ed. **750. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Gunnari Ólafssyni.

Við 15. gr. Á eftir 29. lið komi nýr liður svo hljóðandi.

Til Karls Sveinssonar frá Hvammi til þess að fullkomna sig í rafmagnsfræði í Þýskalandi ... . 600—600

Tölurnar breytast eftir þessu.

Ed. **751. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Gunnari Ólafssyni.

Við 22. gr.

Aftan við greinina bætist nýr liður, sem verði 11, þannig:

Úr viðlagasjóði má lána Halldóri Gunnlaugssyni lækni í Vesmannaeyjum alt að 6000 kr., til þess að koma sér upp embættisbústað, gegn fasteignarveði eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda.

Lánið ávaxtast með $4^1/_2$% og endurborgist með jöfnum afborgunum á 24 árum.

Ed. **752. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913. (Þingskj. 620).

Flutningsm.: Jósef Björnsson.

Við 16. gr.

Á eftir 1. c. 4. undir 1912 komi nýr liður, sem verði 1. c. 5., svohljóðandi:

Til að kaupa járn- og trésmíðaáhöld	1800
Til vara:	
Til að kaupa trésmíðaáhöld	800

Ed. **753. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 721.

Flutningsmenn: Sigurður Hjörleifsson og Ari Jónsson.

Við 4. lið. Aftan við 10. gr. bætist:

Hjúum og vistskyldu fólki má veita kosningarrétt með einföldum lögum. Áður en konungsstaðfestingar er leitað á þeim lögum, er þó skylt að leggja þau fyrir alþingiskjósendur um land alt, til samþyktar eða synjunar.

Ed. **754. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 721.

Flutningsmenn: Jósef Björnsson og Sigurður Hjörleifsson.

1. Við 4. breytingartillögu við 10. gr.
   a. Í stað orðanna: »Kosningarrétt til neðri deildar alþingis« komi: Kosningarrétt til óhlutbundinna kosninga til alþingis.
   b. Í stað orðsins: »kosningarrétt« í síðustu málsgrein komi: hlutfallskosningarrétt.

2. Við 15. breytingartillögu.
   Málsgreinin orðist svo:
   Frumvarp til laga um breytingu eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið samþykki beggja þingdeildanna, og stjórnin sé því meðmælt, er skylt, að bera það undir atkvæði alþingiskjósenda um land allt, til samþyktar eða synjunar. Verði þá frumvarpið samþykt með meiri hluta atkvæða og nái staðfestingu konungs, hefir það gildi sem stjórnarskipunarlög.

3. Við 16. breytingartillögu.
   Málsgreinin orðist svo:
   Á fyrsta reglulegu alþingi eftir kosningar, skal ákveða með hlutkesti, hverjir hlutfallskosnir þingmenn deildarinnar skuli fara frá eftir 6 ár.
   Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar til efri deildar og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

Ed. **755. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Jósef Björnsson.

Við 16. gr.

Eftir 44. tölulið komi nýr töluliður:

45. Til Arnórs Árnasonar í Hvammi uppgjöf á eftirstöðvum af húsbyggingarláni fyrra árið kr. 174

Ed. **756. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Jósef Björnssyni.

Við 14. gr. A. b.

Eftir tölulið 5 komi nýr töluliður:

6. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju fyrra árið kr. 400.

Ed. **757. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1908 og 1909, veitast kr. 91,077,21 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—8. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 9. gr. fjárlaganna, veitast:
Við tölulið 5 til aðstoðar og skrifstofukostnaðar stjórnarráðsins 1908 kr. 1,078,60.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna, veitast:

Við tölulið A. 4, til viðhalds fangelsanna 1909			kr.	282,28.
Við tölulið B. 1. b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna				
	1908	kr. 555,70		
	1909	— 4,321,74	kr.	4,877,44
Við tölulið B. 1. c. til pappírs og prentunar á landshagsskýrslum 1908		kr. 197,47		
	1909	— 1,309,89	—	1,507,36
			kr.	6,767,08

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna, veitast:

Við 8. lið tillag til geðveikishælisins á Kleppi 1908	kr.	9,081,76
— - — — — —»— - — 1909	—	5,936,27
og viðbót við aukafjárveitingu 1908 og 1909 til að byggja fjós á Kleppi	—	75,00
	kr.	15,093,03

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna, veitast:

Við tölulið A. 1. b. 2. 1908	kr. 250,00		
Við tölulið A. 1. b. 2. 1909	— 250,00	kr. 500,00	
Við tölulið A. 1. c. 1908	kr. 655,00		
Við tölulið A. 1. c. 1909	— 1,035,00	— 1,690,00	
Við aðra töluliði til póststjórnar 1908 ...	kr. 7,800,60		
Við aðra töluliði til póststjórnar 1909 ...	— 3,166,49	kr. 10,967,09	kr. 13,157,09
Við tölulið B. II. Til flutningabrauta og viðhalds á þeim			— 20,669,17
Við tölulið B. III. Til þjóðvega			— 2,733,47
Við töluliðina D. II. Til ritsíma og talsíma bætast við 4. b. Hafnarfjörður til Keflavíkur 1908	kr. 554,12		
Við D. II. 8. frá 1908 til að kaupa bæjarsímakerfið á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði	— 1,610,52		
Við D. II. 9, frá 1908 til talsíma milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar	— 2,799,97		
Við D. II. 10. frá 1908 til rannsóknar símaleiða. ...	— 2,361,20	kr. 7,325,81	
Við E. Til vita:			
Til vitabyggingar á Reykjanesi frá 1908...	kr. 11,676,78		
Til aukavita á Reykjanesi frá 1909	— 614,15	— 12,290,93	
		kr. 56,176,47	

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna, veitast:

Við B. III. Til lagaskólans, önnur útgjöld...	kr.	636,76
Við B. V. b. 3. Til tímakenslu við gagnfræðaskólann á Akureyri	kr. 1,118,50	
Við B. V. b. 5. Ýmisleg útgjöld við sama skóla 1908 og 1909	— 526,73	— 1,645,23
Við B. VII. 1.		— 1,351,00
Við B. VIII. b. Til sundkenslu utan Reykjavíkur		— 251,12
		kr. 3,884,11

7. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna, veitast:

Við 1. c. 2. Til kensluáhalda við bændaskólann á Hólum 1909	kr.	700,00
Við 2. c. 2. Til kensluáhalda við bændaskólann á Hvanneyri 1909	—	700,00
	kr.	1,400,00

8. gr.

Sem viðbót við gjöld samkvæmt 21. gr. fjárlaganna veitast:

1. Styrkur til frú Maríu Jónsson frá $^{1}/_{5}$—$^{31}/_{12}$ 1909...	kr.	200,00
2. Kostnaður við vatnsæðalagning að Kleppi	—	5,937,92
3. Til síldarmatsmanns Jóns Bergsveinssonar til að kynnast síldarverkun erlendis...	—	540,00
	kr.	6,677,92

Ed. **758. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Gunnari Ólafssyni.

Við 15. gr. Á eftir 45. lið komi nýr liður þannig:

46. Handa Guðjóni Samúelssyni úr Reykjavík, til þess að ljúka námi í húsbyggingarfræði í Kaupmannahöfn (hvort árið) 600—600.

Ed. **759. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

	Fjárveiting	Reikningur
I. Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé ...	86,000,00	105,374,61
2. Húsaskattur...	20,000,00	27,173,00
3. Tekjuskattur	36,000,00	70,259,13
4. Aukatekjur	90,000,00	125,232,84
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	7,256,11
6. Vitagjald	26,000,00	50,854,30
7. Gjöld fyrir leyfisbréf	8,000,00	15,210,14
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m. að frádregnum 2% í innheimtulaun...	200,000,00	395,643,24
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	330,000,00	372,110,06
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum...	280,000,00	315,491,04
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum...	660,000,00	768,085,66
12. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum innheimtulaunum	23,000,00	39,188,71
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	28,000,00	24,700,00
14. Tekjur af póstferðum	120,000,00	201,187,89
15. Tekjur af símum landsins	100,000,00	151,529,14
16. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	800,00	699,13
17. Sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar	20,000,00	58,390,05
18. Tekjur af efnarannsóknarstofu	1,200,00	» »
19. Óvissar tekjur	4,000,00	16,452,05
20. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu m. m.	42,000,00	44,086,12
Flyt...	2,081,000,00	2,788,923,22

		Fjárveiting	Reikningur
		kr. a	kr. a.
	Flutt...	2,081,000,00	2,788,923,22
21.	Tekjur af kirkjum	130,00	212,37
22.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ...	3,200,00	6,606,48
23.	Tekjur af Ræktunarsjóði Íslands, lög nr. 34, 1905	» »	8,334,18
24.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins...	79,000,00	82,743,61
	Borgað upp í lán, fjárveiting.. .. 55920 kr. 94 a.		
	reikningur.. ...94263 — 27 -		
25.	Leigur af láni landssjóðs til Landsbankans	15,000,00	15,000,00
26.	Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	15,000,00	36,147,36
27.	Arður landssjóðs af rekstri Íslandsbanka	» »	28,095,25
28.	Vextir af Byggingarsjóði	» »	7,750,00
29.	Greiðslur frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	4,000,00	5,965,19
30.	Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	1,816,78
31.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	33,197,68
32.	Tekjur af innlendri vindlagerð og bitter, lög nr. 41, 16. nóv. 1907...	» »	6,779,09
33.	Tillag úr ríkissjóði Danmerkur	120,000,00	120,000,00
34.	Lán úr ríkissjóði Danmerkur	500,000,00	500,000,00
	Samtals...	2,822,530,00	3,641,571,21

	II. Gjöld:	Fjárveiting	Reikningur
		kr. a.	kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar landsins	100,000,00	97,847,97
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna og milliþinganefndir...	65,600,00	99,525,95
3.	Til útgjalda við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.:		
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn	177,230,00	172,320,02
	B. Ýmisleg útgjöld	29,800,00	48,412,72
4.	Til útgjalda við læknaskipunina..	271,701,20	281,298,77
5.	Til samgöngumála:		
	A. Til útgjalda við póststjórnina	181,086,47	213,736,76
	B. Til vegabóta	347,458,93	365,575,07
	C. Til gufuskipaferða..	160,600,00	132,560,00
	D. Til ritsíma og talsíma	589,666,00	515,261,65
	E. Til vita	65,314 05	82,557,07
6.	Til kirkju- og kenslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	55,200,00	44,686,40
	B. Til kenslumála...	312,050,00	343,285,81
7.	Til vísinda og bókmenta...	164,110,00	164,049,14
8.	Til verklegra fyrirtækja..	367,720,00	349,933,35
9.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	28,169,74
	Flyt	2,892,736,65	2,939,220,42

	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
Flutt...	2,892,736,65	2,939,220,42
10. Eftirlaun og styrktarfé...	122,500,00	138,645,97
11. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld	10,000,00	129,196,17
12. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum	» »	111,723,20
13. Vextir af láni úr ríkissjóði Danmerkur	» »	18,944,45
14. Tekjuafgangur	» »	303,841,00
Samtals...	3,025,236,65	3,641,571,21

Eignir viðlagasjóðs voru 31. des. 1909 ... ... kr. 1,537,904,62
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. ... ... — 64,182,99
Peningaforði landssjóðs s. d. ... ... — 305,329,76

Nd. **760. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sjúkrasamlög.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Ólafi Briem.

1. Við 2. gr. Fyrir: »1 króna« komi: 50 aurar.
2. — — — Fyrir: »1 króna 50 aurar« komi: 1 króna.
3. — 3. — 2. c. Fyrir: »1200 kr.« komi: 1500 kr.
4. — — — 5. Fyrir: »$^2/_3$« komi: $^1/_2$.

Ed. **761. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 3. gr. laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

Hin háttvirta efri deild alþingis hefir falið oss undirrituðum að athuga ofangreint frumvarp og viljum vér hérmeð skýra frá áliti voru á þessa leið:

Við fyrstu umræðu úm þetta mál var því hreyft, hverjar ástæður væru til þess, að breyta þeim ákvæðum, er sett voru um þetta efni á síðasta þingi; ástæður þessar eru tvær: Önnur er sú að síðan hafa þeir atburðir orðið, að því er snertir Landsbankann, sem öllum eru kunnir, en sem enginn gat séð fyrir, þegar rætt var á síðasta þingi um heimild til að gefa út 3. flokks bankavaxtabréf; þessir atburðir hafa haft í för með sér mikinn kostnað fyrir bankann. Hin ástæðan er sú, að mikið meiri eftirsókn hefir orðið eftir lánum úr veðdeildinni heldur en gera mátti ráð fyrir í hitt eð fyrra. Þar sem lánin þar áður höfðu að mestu leyti verið fengin út á fasteignaveð, þá hefir síðustu tvö árin verið

óskað eftir mjög miklum lánum úr veðdeildinni út á ábyrgð sveita- og bæjarfélaga. Fyrir því hefir þurft að leggja fram tryggingarfé fyrir 3. flokki veðdeildarinnar miklu örar en ella; og það er samtals orðið ekki lítið fé, sem bankinn þarf að leggja fram til tryggingar veðdeildinni. Á næstliðnu nýári voru til tryggingar fyrir framhaldi 1. flokks veðdeildarinnar bundin

ríkiskuldabréf	kr. 203,100,00
do. fyrir 2. og 3. flokki	— 367,000,00
Bankavaxtabréf til tryggingar 2. og 3. flokki	— 366,900,00
Samtals	kr. 937,000,00

Við þetta bíður bankinn eigi að eins þann baga, að þurfa að hafa mikið fé bundið, en hann hefir einnig mikið lægri vexti af tryggingarfénu, heldur en hann mundi annars geta haft, og auðvitað getur hann því minna haft til almennra viðskifta sem meira er bundið af fé hans.

Að því er aftur á móti snertir ástæður landssjóðs, til að leggja fram tryggingarféð, þá mun það vera honum bagalaust, að því er snertir þann helming þsss, sem má vera í bankavaxtabréfum, en aftur mundi hann þurfa að leggja út fé fyrir þær 125 þúsund krónur, sem eftir frumvarpinu er ætlað, að leggja fram í ríkisskuldabréfum. Þetta framlag mundi þó eigi þurfa að leggja fram nema smám saman, og að líkindum þarf hvort sem er að sjá landssjóði fyrir svo miklu fé, að það, sem hann þyrfti að leggja fram til tryggingar næsta fjárhagstímabil, mundi ekki verða mjög tilfinnanlegt fyrir hann. Það, hvað vextir af ríkisskuldabréfum eru lágir, nemur ekki eins miklu fyrir hann eins og fyrir Landsbankann, sem getur haft hærri vexti af fé sínu. Dagsetning laganna, sem á að breyta, leggjum vér til að bætt sé inn í frumvarpið og fyrirsögn þess.

Vér ráðum því hinni háttv. deild til, að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum.

1. Í fyrirsögninni á eftir »3. gr. laga« bætist inn í: nr. 13. dags. 9. júlí 1909.
2. Í tekstanum á eftir »3. gr. laga« bætist inn í: nr. 13. dags. 9. júlí 1909.

Efri deild aldingis, 25. apríl 1911.

Aug. Flygenring formaður.	Eiríkur Briem skrifari og framsögum.	Ari Jónsson.

Nd. **762. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 á þingskj. 632.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 4. gr.: Við B. XIII. Í stað: »3,500,00« komi: 4,500,00.

Ed. **763. Nefndarálit**

um frumvarp til viðauka við lög um verzlunarbækur.

Eins og frumvarp þetta nú er, þykir oss það ekki aðgengilegt og leyfum vér oss því, að ráða háttv. deild til, að samþykkja eftirfarandi breytingartillögur við það:

1. 1. gr. orðist svo:
Aftan við 2. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, bætist: nemi viðskiftin meiru en 2 kr.
2. 2. gr. orðist svo:
Á eftir 7. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur komi ný grein, sem verði 8. gr. svohljóðandi:
Brot gegn 2. gr. varða sektum, í fyrsta sinn eigi lægri en 2 kr., og hækki sektin, ef oftar er brotið, þó ekki yfir 100 kr.
3. 3. gr. verði 9. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur svohljóðandi:
Kveði svo mikið að brotum gegn 3. og 5. gr. laga þessara, að öll bókfærslan sé í þeirri óreiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það sektum og eftir atvikum missi verzlunarleyfis eitt ár eða lengur.
4. 8. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur verði 10. gr. o. s. frv.
5. Orðið »eins« í upphafi 4. gr. falli burt.
6. Á eftir orðunum í 4. gr. 2. lið »að þeim fresti« komi: liðnum.
7. Á eftir 4. gr. komi ný gr. sem verði 5. gr. þannig:
Á milli orðanna »rita ... ... samanlagðar« í 3. gr. laga 30. júlí 1909 um verzlunarbækur komi:
viðskiftin eins og þau eru skráð í frumbókina eða.
8. 5. gr., sem verður 6. gr. í frumvarpinu, orðist svo:
Þá er lög þessi eru staðfest skal stjórnin fella þau saman við lög 30. júlí 1909 um verzlunarbækur og gefi þau út með fyrirsögninni:
Endurskoðuð lög frá 30. júlí 1909 um verzlunarbækur.

Alþingi, 26. apríl 1911.

J. Havsteen, formaður.

Gunnar Ólafsson, skrifari og framsögumaður.

Aug. Flygenring.

Nd. **764. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ölgerð og ölverzlun.

Frá tolllaganefndinni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »er flytja má . . . . áfengi« komi: sem í er $2^1/_4$% eða minna af vínanda (alkóhóli) eftir þyngd.

2. Við 3. gr. Í stað orðanna: »er gildir« komi: er greiða ber af öli.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna: »helming . . . . . 6% vextir« komi: ¾ af gróða félagsins, eftir að greiddir eru 6% vextir af hlutafénu.
4. Á eftir 4. gr. komi ný grein:
Fyrir gjöldum þeim, er greiða ber í landssjóð samkvæmt 3. og 4. grein, skal leyfishafi gera skil eftir reglum, er stjórnarráðið setur.
5. Við 6. gr. Í stað orðanna: »að rúmmáli« komi: eftir þyngd.

Nd. **765. Frumvarp**

til laga um heimild til lántöku fyrir landssjóð.

Frá peningamálanefndinni.

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að taka lán fyrir hönd landssjóðs alt að 500,000 krónum.

Auk þess heimilast lnndsstjórninni að taka, þegar nauðsyn krefur, bráðabirgðarlán alt að 200,000 krónum, gegn landssjóðs-víxlum, er gefnir séu út til alt að tólf mánaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Ed. **766. Frumvarp**

til laga um útrýming fjárkláðans.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að útrýma fjárkláða úr landinu veitist landsstjórninni heimild til þess að fyrirskipa tvær baðanir með hæfilegu millibili veturinn 1911 til 1912 á öllu sauðfé. Hún semur með ráði dýralæknis reglugerð um framkvæmd baðananna með fyrirmælum um, hvaða baðlyf skuli nota og hvernig með fara og um annað, sem þurfa þykir til þess, að baðanirnar komi að tilætluðum notum.

2. gr.

Landsstjórnin skipar með ráði lögreglustjóra og dýralækna einn kláðalækni í sýslu hverri eða tvo, ef þurfa þykir, og í hverjum hreppi og kaupstað svo marga baðara, sem við þarf.

3. gr.

Kláðalæknum og böðurum ber að haga störfum sínum eftir því sem reglugerðin mælir fyrir. Þar skal ákveða kaup kláðalækna og baðara og annan tilkostnað þeirra. Skal kaup kláðalækna ekki vera hærra en 5 kr. og baðara ekki hærra en 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru að heiman við þessi störf. Kláðalæknum skal borgað að hálfu úr landssjóði og að hálfu úr sýslusjóði, en böðurum að hálfu úr landssjóði og að hálfu úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Reikningar kláðalækna ásamt umsögn sýslunefnda, og baðara ásamt umsögn hreppsnefnda eða bæjarstjórna skulu sendir stjórnarráðinu til úrskurðar.

Landsstjórnin annast kaup á baðlyfjum, flutning þeirra á viðkomustaði strandferðaskipanna, vátrygging, uppskipun, geymslu og afhending. Öllum baðlyfjakostnaði skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir jafna niður á fjáreigendur eftir fjártölu. Innheimta hreppsnefndir eða bæjarstjórnir gjald þetta og senda sýslumönnum eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður með ráði lögreglustjóra og dýralækna, hve mikið þurfi af baðlyfjum, og annast um kaup á þeim og flutning á framangreindar hafnir, en sýslunefndir um viðtöku þeirra þar, geymslu og afhending.

5. gr.

Fyrir brot móti reglugerð þeirri, sem landsstjórnin setur samkvæmt lögum þessum, má í reglugerðinni ákveða 5 til 200 kr. sektir, og fer um mál út af brotum þeim sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Fresta skal framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, tilskipunar 4. marz 1871 um viðauka við hana og laga nr. 40, 8. nóv. 1901, að því leyti, sem tilskipanir þær og lög samrýmast ekki lögum þessum. Lög nr. 41, 13. nóv. 1903, eru úr gildi numin.

Nd.

767. Frumvarp

til laga um lækningaleyfi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Rétt til að fást við lækningar, aðrar en smáskamtalækningar, hafa hér á landi þeir einir, er staðist hafa próf í læknaskólanum í Reykjavík eða háskóla Íslands.

Þó mega þeir læknar, er próf hafa tekið, eigi gera sér að atvinnu að hjálpa konum í barnsnauð, fyr en þeir hafa lokið námsskeiði í fæðingarhúsi.

2. gr.

Ráðherra getur veitt mönnum, er eigi hafa staðist þau próf, sem nefnd eru í 1. gr., ótakmarkað eða takmarkað lækningaleyfi, ef þeir sanna, að þeir hafi næga kunnáttu og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

3. gr.

Allir þeir, er hafa lækningaleyfi, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess, að þeir haldi öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins, og má hann heimta af þeim þær sjúkdómsskýrslur, er hann telur nauðsynlegar, þótt þeir hafi ekkert embætti á hendi.

4. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að einhver læknir vanrækir læknisskyldur sínar, gerir sig sekan í einhverri óhæfu, er við kemur lækningastarfi hans, eða breytir út af fyrirmælum heilbrigðislaga landsins, þá skal hann áminna þann lækni um að bæta hegðun sína.

Nú er lækni veitt áminning og kemur ekki að haldi, og má þá landlæknir svifta hann lækningaleyfi til bráðabirgða, eða banna honum að hafa lækningar um hönd, en skýra skal hann jafnframt stjórnarráðinu frá öllum málavöxtum, og sker það úr málinu, en læknir getur þó skotið þeim úrskurði til dómstólanna.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til smáskamtalækna.

5. gr.

Ef einhver sá, er hefir takmarkað lækningaleyfi, samkvæmt 2. gr., tekst á hendur lækningu á öðrum sjúkdómum en þeim, sem honum er leyft að fást við, eða beitir öðrum lækningaaðferðum en þeim, sem hann hefir leyfi til að iðka, og verður hann uppvís að því, að hafa gert sjúklingi mein, þá skal hann sæta sektum, eða fangelsi og hafa fyrirgert lækningaleyfi sínu.

6. gr.

Ef einhver sá, er hefir ekkert lækningaleyfi, tekur sjúklinga til meðferðar, gerir lækningar sér að atvinnu, kallar sig lækni eða notar lyf, sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, eða flakkar til þess sveit úr sveit, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi.

Þó skal þeim mönnum, er fást við smáskamtalækningar, heimilt að kalla sig smáskamtalækna.

Ef einhver, sem hefir ekki ótakmarkað lækningaleyfi, eða að eins fæst við smáskamtalækningar, sbr. 1. og 2. gr., tekur til meðferðar sjúkling með næmum sjúkdóm, sem lög skipa varnir við, varðar sektum eða fangelsi.

7. gr.

Þær hegningar, sem ákveðnar eru í þessum lögum, koma ekki til greina, ef brotið er þannig vaxið, að harðari refsing liggur við í öðrum lögum.

8. gr.

Lög 29. febrúar 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794, og sú tilskipun, eru úr gildi numin.

Ed. **768. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913 (þingskj. 620).

Flutningsm.: Ari Jónsson.

Við 15. gr. Á eftir 40. lið komi nýr liður, sem verði 41. liður svohljóðandi:

Styrkur til Péturs Árna Jónssonar cand. phil. í Kaupmannahöfn til fullkomnunar í sönglist, 800 kr. hvort árið.

Ed. **769. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912--1913 (þingskj. 620).

Flutningsm.: Ari Jónsson.

Við 15. gr. 24. Fyrir: »400—400« komi: 600—600.

Ed. **770. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913 (þingskj. 620).

Flutningsm.: Ari Jónsson.

Við 13. gr. B. III. Á eftir 1. lið komi nýr liður, sem verði 2. liður svohljóðandi:

Til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn 3000 kr. hvort árið

Ed. **771. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913 (þingskj. 620).

Flutningsm. Ari Jónsson.

Við 12. gr. Á eftir 1. lið komi nýr liður, sem verði 2. liður svohljóðandi:

Launaviðbót til Magnúsar læknis Péturssonar á Hólmavík fyrir að ferðast um Reykjarfjarðarlæknishérað einu sinni á hverjum ársfjórðung og dvelja þar nokkra daga í hvert sinn til að veita læknishjálp, 700 kr. hvort árið.

Launaviðbót þessi fellur niður strax og Reykjarfjarðarlæknishérað er veitt umsækjanda.

Ed. **772. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

1. Við 14. gr. B VIII b 5.

Í stað »8,000—8,000« komi:..... 7,000—7,000.

2. Við 14. gr. B VIII b 7.
Á eftir tölulíðnum komi nýr liður (og tölurnar á eftir breytist samkv. því) svo hljóðandi:
8. til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði 1,200—1,200.

Ed. **773. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Kristinn Daníelsson.

Við 15. gr. 39.
Í staðinn fyrir upphæðina (til Sighvats Grímssonar) 200 kr. komi: 300 kr.

Ed. **774. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 13. gr. D II.
Á eftir 2. tölul. (á undan síðustu málsgrein: Nýjar talsímastöðvar o. s. frv.) komi nýr töluliður svo hljóðandi:
3. talsími frá Ísafirði til Suðureyrar í Súgandafirði gegn tillagi 20% frá héraðsbúum alt að... 7,500

Ed. **775. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 12. gr. 10. h.

Í staðinn fyrir upphæðina (til Önnu Magnúsdóttur) 1000 kr. komi: 1500 kr.

Til vara: 1200 kr.

Ed. **776. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 1. gr.

Í stað orðanna: »er eiga að hafast upp úr« komi: og að þeirra verði aflað með.

Ed. **777. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá ráðherra.

Við 16. gr.

Á eftir 40. lið komi nýr liður:

Til aðgerðar og umbóta á bryggjunni í Krossvík á Akranesi (fyrra árið) . . . . 1000.

Styrkurinn veitist hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota og að hreppurinn annist og ábyrgist viðhaldið.

Ed. **778. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Stefáni Stefánssyni og Sigurði Hjörleifssyni.

Við 15. gr. Á eftir 40. tölulið komi 2 nýir liðir svo hljóðandi:
41. Til Jóns Sigtryggssonar Esphólín til þess að nema vélfræði í Mittweida á Þýzkalandi 800—800.
42. Til ungfrú Kristínar Jónsdóttur til framhaldsnáms í dráttlist 500—500.

Ed. **779. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Stefáni Stefánssyni.

Við 14. gr. B. IX c.

Á eftir liðnum komi nýr liður d.

Ferðastyrkur til leikfimiskennara Björns Jakobssonar til þess að sækja alþjóðamót um líkamsuppeldi, sem haldið verður í Odense í sumar, 300 kr. f. á.

Ed. **780. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Sigurði Hjörleifssyni.

Við 13. gr. A. 2.

Athugasemdin orðist svo:

Af póstflutningafénu greiðist 6000 kr. hvort árið til Thorefélagsins eftir samningi 7. ágúst 1909, og ennfremur má verja alt að 2000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem ekki hafa fast tillag, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum.

Nd. **781. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 671.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

Aftan við liðinn 13. gr. D. II. bætist:
Til þriggja loftskeytastöðva:
Á Seljalandi undir Eyjafjöllum eða þar í grend.
Í Vík í Mýrdal og
á Hornafirði, alt að . . . . . kr. 20,000.

Nd. **782. Nefndarálit**

í málinu um frestun tollgreiðslu (651).

Nefndin hefir íhugað þetta mál, og að vísu ekki getað orðið öll sammála. Meiri hluti nefndarinnar vill þó, eins og nú horfir, ráða deildinni til, að fallast á frumv.

Að vísu þykjast sumir af oss sjá, að ein afleiðing laganna verði sú, að auka kaup brendra drykkja um stund. En eins og hag landssjóðs horfir, þykir það þó ekki svo ísjárvert, sem ella mundi, þar sem mikið af kaupunum mundi verða til útlendinga; en hitt óefað, að landssjóði mundu aukast að mun tekjur, þar sem áfengissalar hefðu bolmagn til, að birgja sig betur upp, er tollfrestur væri lengri, og þyrftu heldur ekki að hækka verð vörunnar eins mikið og ella.

Það mun og vera sanngjarnt gagnvart vorum efnaminni vinsölum, að veita tollfrest þennan, þar sem þeir efnameiri mundu ella geta birgt sig munum meira og þannig haft hag af því, að fylla það skarð, er í yrði við efnaskort hinna efnaminni áfengissala.

Það er því tillaga vor, að deildin samþykki frumv. óbreytt.

Neðri deild alþingis, 26. apríl 1911.

Björn Kristjánsson	Jón Ólafsson	Þorleifur Jónsson.
formaður.	framsögum.	

Legg til að frv. sé felt.
Jón Jónsson S.-M.

Eg legg til að frumv. sé felt.
Björn Þorláksson.

Ed. **783. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipan á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Háttvirt neðri deild hefir gert þá breytingu á frumvarpinu, sem að efni til gerir það eins og þegar það í fyrstu kom fram hér í deildinni frá háttv. neðri deild. En eftir þeim undirtektum, sem það þá fékk hér í deildinni, telur nefndin líklegt, að frumv. muni ekki ná samþykki deildarinnar eins og það nú liggur fyrir. Þess vegna leggur nefndin til, að því sé breytt í sama form og það hafði, er það fór héðan úr deildinni, þótt einn nefndarmanna hefði að vísu helzt kosið að hægt hefði verið að samþykkja það óbreytt.

Breytingartillögur nefndarinnar eru.

1. Orðið: »hærri« í síðari málsgrein 1. gr. falli burtu.
2. Í stað orðanna: »njóta þeirra eftirlauna einna« í niðurlagi 1. gr. komi: einnig njóta þeirra óskertra.

Efri deild Alþingis, 26. apríl 1911.

J. Havsteen, formaður.	Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.	Steingrímur Jónsson.

Ed. **784. Frumvarp**

til laga um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

(Eftir 3. umræðu í Nd.).

1. gr.

Réttur til að vera vélstjóri á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 75 en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem vélstjóri.

2. gr.

Á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 250 en minna en 900 ákveðin hestöfl, skal vera að minsta kosti einn yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri, sem fullnægja þeim skilyrðum, er lög þessi setja. Ef vél skipsins hefir minna en 250 ákveðin hestöfl, er nægilegt, að á þeim skipum sé einn vélstjóri, sem fullnægir þeim skilyrðum, er lög þessi setja um yfirvélstjóra. Auk vélstjóra skal vera að minsta kosti einn kyndari á skipi hverju. Ekkert íslenzkt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til siglinga utan lands eða innan, nema á því sé það vélalið, sem segir í grein þessari.

3. gr.

Sá, sem öðlast vill skírteini sem undirvélstjóri á íslenzku gufuskipi, skal sanna:

a. Að hann hafi nægilega bóklega þekking á bygging og starfsemi gufuvéla, eftir kröfum þeim, sem gerðar verða af stjórnarráðinu; kunnátta þessi skal sönnuð með sérstöku prófi við Stýrimannaskólann í Reykjavík.
b. Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hér á landi, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, og hafi fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.
c. Að hann hafi verið kyndari á gufuskipi í 12 mánuði og hafi meðmæli vélstjóra þess eða þeirra, sem hann hefir verið kyndari hjá, fyrir dugnað, reglusemi og þekking á hirðing gufuvéla.
d. Að hann hafi ekki verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Ennfremur á maður, sem hefir minst tveggja ára tíma stjórnað á eigin ábyrgð gufuvél á landi með meira en 25 ákveðnum hestöflum, heimting á, að fá skírteini sem undirvélstjóri, ef hann hefir int af hendi það bóklega próf, sem um getur undir staflið a, og hefir vottorð frá 2 vélmeisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda, um að hann sé fær um að vera undirvélstjóri á gufuskipi.

4. gr.

Sá, sem öðlast vill skírteini sem yfirvélstjóri á íslenzku gufuskipi, skal sanna, auk þess sem mælt er fyrir í 3. gr.:

a, að hann hafi verið undirvélstjóri í 2 ár og hafi meðmæli frá yfirvélstjóra þeim eða yfirvélstjórum, sem hann hefir unnið með, um að hann hafi næga þekking á meðferð og hirðing gufuvéla og sé reglusamur.

b, að hann sé fullra 25 ára gamall.

5. gr.

Skylt er öllum vélstjórum á íslenzkum gufuskipum að láta af hendi vottorð þau um þekking o. fl., sem um getur í 3. og 4. grein, fyrir þann tíma, sem hlutaðeigandi hefir unnið undir umsjón þeirra. Skal vottorðum þessum fylgja drengskaparyfirlýsing vélstjóra um að þau séu gefin eftir beztu vitund og hlutdrægnislaust.

6. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 3. og 4. grein, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem þar um getur. Svo skulu og þeir Íslendingar, sem eru og hafa verið 1. og 2. vélstjóri á íslenzkum gufuskipum, er lög þessi öðlast gildi, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem um getur í 3. og 4. gr. laga þessara, þótt þeir fullnægi eigi að öllu skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum greinum; þeir, sem eru undirvélstjórar, skulu þó því að eins eiga heimting á undirvélstjóraskírteinum, að þeir leggi fram vottorð frá vélstjórum sínum um, að þeir séu færir um að hafa á hendi vélgæzlu sem undirvélstjórar. Skírteini þau, sem hér ræðir um, skal rita eftir fyrirmynd, er stjórnarráð Íslands lætur búa til í samræmi við lög þessi. Skírteinið skal gefið út af lögreglustjóra á þeim

stað, sem umsækjandi er heimilisfastur, og gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetning þess, nema skírteinishafi brjóti það af sér, sbr. 8. gr.

Meðan vöntun er á íslenzkum vélstjórum er stjórnarráðinu heimilt að veita þeim mönnum skírteini þau, sem umræðir í þessari gr., er fengið hafa vélstjóraskírteini í öðrum löndum samkv. þar gildandi lögum.

7. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skírteinis, skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins. Við það skerðist þó eigi réttur hans til að leita dómsákvæðis í málinu.

8. gr.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem vélstjóri.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum; ef brotið er ítrekað, geta sektirnar hækkað upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ákvæði um það, hvernig vélkenslunni við Stýrimannaskólann skuli háttað, svo og um próf og prófskilyrði, skal setja í reglugerð, er stjórnarráðið setur um þau atriði.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Ed.

785. Frumvarp

til laga um eiða og drengskaparorð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. Staðfesting heita.

1. gr.

Þegar einhverjum er veitt embætti eða sýslan í almennings þarfir eða hlotnast einhver vegsauki og svo er fyrirmælt í lögum, að hann skuli jafnframt vinna eiðfest heit, þá er sú eiðtaka af numin, en í stað hennar kemur drengskaparheit. Undanskildir eru þó eiðar þeir, sem fyrirskipaðir eru í 4. og 30. gr. stjórnarskrárinnar, og skulu þeir unnir á þann hátt, sem nú tíðkast.

II. Staðfesting vitnaframburðar.

2. gr.

Vitnaframburður skal að jafnaði eiðfestur. Eiður sá skal unninn svo, að vitnið lyftir upp hægri hendi, réttir upp 3 fyrstu fingurna og mælir svo: Það sver eg og vitna til guðs almáttugs að eg hafi sagt satt eitt og ekkert undandregið.

3. gr.

Vitni, sem eigi er í neinu trúarfélagi hér á landi og enga trú játar, skal staðfesta framburð sinn með drengskaparorði, og fer staðfestingin fram á þann hátt, að vitnið tekur í hönd dómaranum og segir: Það legg eg undir drengskap minn og mannorð, að eg hafi sagt satt eitt og ekkert undandregið.

4. gr.

Staðfesting vitnaframburðar fer fram að lokinni yfirheyrslu. Í einkamálum fellur hún niður, ef málsaðilar samþykkja.

Áður en yfirheyrsla byrjar, skal dómarinn alvarlega brýna fyrir vitninu að segja satt, og jafnframt minna það á þá ábyrgð, er rangur framburður og röng staðfesting hefir í för með sér, og á helgi og þýðingu eiðs þess eða drengskaparorðs, er heimta má að vitnaframburðinum.

Áður en framburður er staðfestur, skal dómarinn, ef ástæða þykir til, enn að nýju minna vitnið á þýðingu staðfestingarinnar; einnig skal því veitt nægilegt ráðrúm til að leiðrétta framburðinn.

Ef vitnið er í kristnu trúarfélagi, og þess er krafist, að það sé áminnt um sannsögli, skal áminningin veitt á þann hátt, að lesin sé upp fyrir því áminningarræða sú, sem fyrirskipuð er í tilskipun 22. sept. 1846. Þegar öðruvísi stendur á, skal viðhafa aðra alvarlega áminningu.

Óréttmæt undanfærsla undan staðfestingu á vitnaframburði skal sæta sömu afleiðingum og óréttmæt undanfærsla undan vitnaframburði.

III. Staðfesting á yfirlýsingu málsaðila og aðrar staðfestingar fyrir rétti.

5. gr.

Nú eru úrslit máls komin undir eiði annarshvors málsaðila, og er honum þá heimilt að staðfesta framburð sinn með drengskaparorði í stað eiðs, ef hann lýsir yfir því við dómara þann, er eiðinn átti að taka, að hann játi enga trú.

6. gr.

Þar sem staðfesting með eiði að öðru leyti er heimiluð í lögum, svo sem er um staðfesting skoðunar- og matsgjörða, skulu framangreindar reglur um staðfesting með drengskaparorði koma til framkvæmda samkvæmt því, sem áður er sagt.

7. gr.

Staðfesting á skýrslu málsaðila, skoðunar- og matsgjörðum og aðrar stað-

festingar fyrir rétti fara fram svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. gr., með þeim breytingum, sem leiða af málavöxtum. Þá er matsgjörðir eru staðfestar, skal eiðurinn að því unninn eða drengskapur við lagður, að starfið sé af hendi leyst og skýrslan gjörð eftir beztu sannfæringu.

Áður en staðfesting fer fram, skal dómarinn áminna og telja um fyrir hlutaðeiganda, svo sem fyrir er mælt í 4. gr., þá er staðfestur er vitnaframburður.

IV. Almenn ákvæði.

8. gr.

Eiðspjöll eða staðfestingu með drengskaparorði má eigi leyfa:

1. Börnum innan 15 ára.
2. Mönnum, er svo þykir vitsmuna vant, að staðfesting mundi vera marklaus.
3. Mönnum, sem uppvísir hafa orðið að röngum framburði eða meinsæri, eða eru undir ákæru fyrir slík brot.

9. gr.

Staðfesting með drengskaparorði hefir að öllu sama gildi og afleiðingar sem eiðvinning.

Nd. **786. Tillaga**

til þingsályktunar um vatnsveitingar o. fl.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt alþingi frumvarp til laga, er innihaldi almenn réttarfarsákvæði um notkun vatns til áveitu og framræslu, svo og um réttindi og skyldur landsdrotna og leiguliða hvorra gagnvart öðrum, þegar um kostnaðarsöm vatnsveitingafyrirtæki er að ræða.

Nd. **787. Tillaga**

til þingsályktunar um launakjör ljósmæðra.

Frá Jóni Þorkelssyni og Benedikt Sveinssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að sjá um, að launakjör ljósmæðra hér á landi verði tekin til íhugunar, og að nægilegur undirbúningur verði gerður sem fyrst til nýrrar og nauðsynlegrar löggjafar um það efni, er leggist fyrir Alþingi.

Ed. **788. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stj.skl. 3. okt. 1903: »Ráðherra Íslands má eigi ..... falið að veita« falli burt; en í staðinn komi: Landsjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungs fund.

2. gr.

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í landsskjalasafninu.

3. gr.

Á eftir 2. gr. stjskr. bætist inn ný grein: Konungur er ábyrgðarlaus og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti. Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánara ákveðið með lögum.

Hver ráðherra skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni, er honum eru sérstaklega falin, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra, sá er mál skal flytja fyrir konungi, fer á konungs fund, þá er nauðsyn krefur, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það; þó skal engum vikið frá embætti til fullnaðar, nema honum sé áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

6. gr.

Konungur getur rofið alþingi með þeim takmörkunum, sem segir í 9. gr., og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er þingið var rofið, og skal alþingi stefnt saman innan árs.

7. gr.

11. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eftir. Samþykki alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af alþingi.

8. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjskr. falli burt, en í þeirra stað komi: Á alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

9. gr.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeid og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 10 þingmenn, kosnir hlutfallskosningum um land alt, og auk þess 4 þingmenn, er sameinað alþingi sjálft kýs þar til með óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtíma neðri deildar í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímanum.

Breyta má tölum þessum með lögum, sé tölu þingmanna breytt.

10. gr.

16. gr. stj.skr. falli burt, en í stað hennar komi: 30 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sérstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum, eftir því sem kosningarlög mæla fyrir, en 10 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 12 ára, 5 þingmenn á 6 ára fresti og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þessara 10 þingmanna. Nú deyr einhver þeirra þingmanna, sem kosnir eru í kjördæmum, á kjörtímabilinu, eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti meðal þeirra, sem kosnir eru hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varaþingmaður sá, er í hlut á.

Nánari reglur um hlutfallskosningar 10 efri deildar þingmanna og varaþingmanna skulu settar með sérstökum lögum.

11. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrétt til óhlutbundinna kosninga til alþingis hafa karlar og konur, sem ekki eru í vist eða vistskyld og eru 25 ára er kosningin er fram. Þó getur

enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda standi hann ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag og missir konan eigi kosningarrétt fyrir það.

Með sömu skilyrðum hafa og karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, hlutfallskosningarrétt til efri deildar.

Hjúum og vistskyldu fólki má veita kosningarrétt með einföldum lögum.

12. gr.

2. töluliður 18. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

2. hefir 5 síðustu árin verið heimilisfastur á Íslandi.

3. töluliður 18. gr. í stjskr. falli burt.

13. gr.

7. gr. stj.skl. 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Reglulegt alþingi skal saman koma 17. júní eða næsta virkan dag annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrri það ár.

Breyta má þessari grein með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaþing sé haldið, og kveður þá konungur alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

14. gr.

Á eftir 19. gr. stjskr. komi ný grein svo látandi: Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

15. gr.

8. gr. stj.skl. 3. okt. 1903 falli burt, en í staðinn komi: Fyrir hvert reglulegt alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, sem hafa í för með sér ný eða aukin útgjöld, mega ekki aðrir bera fram á alþingi en ráðherrar eða meiri eða minni hluti fjárlaganefndarinnar í hvorri þingdeild um sig.

16. gr.

26. gr. stjskr. falli niður, en í staðinn komi: Sameinað alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess að tekjur landsins séu þar allar taldar og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig eða hverir tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. stjskr. falli niður, en í staðinn komi: Hvor deild alþingis um sig sker sjálf úr, hvort þingmenn hennar séu löglega kosnir. Svo og úr því, hvort deildarmaður hefir mist kjörgengi.

18. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga frá 3. okt. 1903 falli niður, en í staðinn komi svo látandi ný grein: Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og rétt eiga þeir á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt hafa ráðherrar því að eins að þeir sé jafnframt þingmenn.

19. gr.

Aftan við 45. gr. stjskr. bætist: Breyta má þessu með lögum.

20. gr.

Aftan við 47. gr. stjskr. bætist: Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar er hann sjálfur aðhyllist; en gjalda skal hann til barnafræðslu hin lögboðnu, persónulegu gjöld þjóðkirkjunnar, ef hann sannar ekki, að hann heyri til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur er í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

21. gr.

48. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Hvern þann sem tekinn er fastur skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveðið í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

22. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sérréttindi, er bundin sé við nafnbætur og löglign, má eigi lögleiða.

23. gr.

61. gr. stjskr. orðist svo:

Tillögur, hvort heldur eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og aukaalþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna skal rjúfa neðri deild alþingis þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarlög.

24. gr.

Með sérstöku lagaboði má kveða á um, að þeim lagafrumvörpum, er alþingi hefir samþykt, megi skjóta til leynilegrar atkvæðagreiðslu kjósenda neðri deildar um land alt, annaðhvort til samþykkis eða synjunar.

Heimild þessi er þó þeim skilyrðum bundin, að fullur þriðjungur hvorrar þingdeildar og þrjú þúsund kjósendur neðri deildar krefjist atkvæðagreiðslunnar, enda sé sú krafa komin í hendur stjórnarinnar fjörutíu dögum eftir að lögin voru afgreidd frá alþingi. Konungstaðfestingar skal þá fyrst leitað, er kjósendur hafa samþykt alþingisfrumvarpið með atkvæðagreiðslu. eða hinn lögákveðni frestur er útrunninn án þess að atkvæðagreiðslu hafi verið krafist.

Undanþegin þessari atkvæðagreiðslu eru fjárlög og fjáraukalög, svo og þau lög, er öðlast skulu gildi áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því, er þau voru afgreidd frá þinginu.

25. gr.

Hvar sem »ráðherra« er nefndur í eintölu í stjórnarskránni eða stj.skl. 3. okt. 1903, skal svo skilja, þar sem það á við, sem orðið væri í fleirtölu.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn tíu þingmenn til efri deildar og tíu varaþingmenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulega alþingi eftir kosningar, skal ákveða með hlutkesti, hverir hlutfallskosnir þingmenn deildarinnar skuli fara frá eftir 6 ár.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar til efri deildar og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

Þegar stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem með þeim eru gerðar, sem og breytingar þær, sem gerðar eru með lögum nr. 16, 3. okt. 1903, á stjórnarskránni 5. jan. 1874, inn í texta stjórnarskrárinnar, og getur konungur þá gefið hana út í heilu lagi sem stjórnarskrá Íslands.

Ed. **789. Atkvæðaskrá**

við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frumvarp 620.
Nefndarálit 728.
Breytingartillögur fjárlaganefndar 727 (aðalbreytingartillögur nefndarinnar).
Við aðrar breytingartillögur frá fjárl.nefndinni er sett N auk númers á þingskjali.
Aðrar breytingartillögur 738 (N.) 744, 750, 751, 752,755, 756, 758, 768, 769, 770, 771, 772, 773, 774, 775, 776, 777, 778, 779, 780.

1. gr.

1. Br.till. 776.

Í stað orðanna: »er eiga að hafast upp úr« komi: og að þeirra verði aflað með.
Breytist að öðru leyti samkvæmt atkvæðagreiðslu.

2. gr.
Óbreytt.

3. gr.
Óbreytt.

4. gr.
Óbreytt.

5. gr.
Obreytt.

6. gr.
Obreytt.

7. gr.

Breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

8. gr.

2. Br.till. 727,1.

Við 1. A eftir orðinu: »landssjóðs« komi: frá 18. desember 1908.

3. Br.till. 727,2.

Við 2. Í staðinn fyrir orðin: »teknu árið« komi: frá 26. júlí.

9. gr.

4. Br.till. 727,3.

Við 6. Fyrir: »5,000—5,000—10,000« komi: 4,000—4,000—8,000.

10. gr.

5. Br.till. 727,4

Fyrir: »1,600« komi: 2,400 og fyrir: »61,600« komi: 62,400.

11. gr.

6. Br.till. 727,5.

Við B. 7. Liðurinn orðist þannig: Til lögreglueftirlits um síldveiðitímann.

12. gr.

7. Br.till. 727,6.

A eftir lið 1 komi þessi athugasemd:

Aðstoðarlæknirinn í Ísafjarðarhéraði skal sitja í Bolungarvíkur verzlunarstað, að því tilskildu að honum verði greiddar að minsta kosti 400 kr. á ári annarstaðar að.

8. Br.till. 771.

A eftir 1. lið komi nýr liður, sem verði 2. liður svohljóðandi:

Launaviðbót til Magnúsar læknis Péturssonar á Hólmavík fyrir

að ferðast um Reykjarfjarðarlæknishérað einu sinni á hverjum ársfjórðung og dvelja þar nokkra daga í hvert sinn til að veita læknishjálp, 700 kr. hvort árið.

Launaviðbót þessi fellur niður strax og Reykjarfjarðarlæknishéraað er veitt umsækjanda.

9. Br.till. 727,7.

Við 3. Liðurinn falli burt.

10. Br.till. 727,8.

Við 6. Orðin í niðurlagi athugasemdarinnar »hinn fyrstnefndi ... síðarnefndu« falli burt.

11. Br.till. 727,9.

Við 6. Fyrir »2« í síðustu línu athugasemdarinnar komi: 3.

12. Br.till. 727,10.

Við 10. Á eftir liðnum a. bætist inn nýr liður:

b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs, (hvort árið) 3,000 kr.

13. Br.till. 775.

Við 10. h.: Í staðinn fyrir upphæðina (til Önnu Magnúsdóttur) 1,000 kr. komi: 1,500.

14. Br.till. 775.

Varatillaga við Br.till. 775: Í staðinn fyrir 1,000 kr. komi 1,200 kr.

13. gr.

15. Br.till. 780.

Við A. 2.: Athugasemdin orðist svo:

Af póstflutningafénu greiðist 6,000 kr. hvort árið til Thorefélagsins eftir samningi 7. ágúst 1909, og ennfremur má verja alt að 2,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem ekki hafa fast tillag, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum.

16. Br.till. 727,11.

Við B. I. 2. Fyrir »2,400—2,400« komi: 2,700—2,700.

17. Br.till. 727,12.

Við B. II. 1. Fyrir »10,000—.....« komi: 10,000—20,000.

18. Br.till. 727,13.

Við B. II. 3. Fyrir »10,000—10,000« komi: 15,000—5,000.

19. Br.till. 727,14.

Við B. II. 4. »10,000« fyrra árið falli burt.

20. Br.till. 727,15.

Við B. II. 6. Fyrir »9,000—9,000« komi: 10,500—9,000.

21. Br.till. 770.

Við B. III.: A eftir 1. lið komi nýr liður, sem verði 2. liður svohljóðandi:

Til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni i Gilsfjarðarbotn 3,000 kr. hvort árið.

22. Br.till. 727,16.

Við B. III. 2. Fyrir »12,000« komi: 10,000.

23. Br.till. 727,17.

Við B. III. 4. Liðurinn falli burt.

24. Br.till. 727,18.

Við B. III. 8. Liðurinn falli burt.

25. Br.till. 727,19.

Við B. IX. Liðurinn orðist þannig:

Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá alt að 1,000 kr. (fyrra árið).

26. Brtill. 727,20.

Við B. XI. Fyrir: »7,500—7,500« komi: alt að 5,000—5,000.

27. Brtill. 727,21.

Við C. 1. Liðurinn orðist: Til gufuskipaferða.

28. Brtill. 727,22.

Við C. 2. Fyrir: »40,150—40,150« komi: 41,750—41,750.

29. Brtill. 727,23.

Við C. 2. Lið 1. í sundurliðuninni. Fyrir: »12,000« komi: 14,000.

30. Brtill. 727,24.

Við C. 2. Lið 8, í sundurliðuninni: Liðurinn falli burt.

31. Brtill. 727,25.

Við C. 2. Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:
Styrkirnir til gufubátaferða og mótorbáta veitast með því skilyrði, að bátar þeir, sem notaðir verða, séu að dómi stjórnarráðsins góð skip og hentug til þessara ferða, og að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlanirnar.

32. Brtill. 774.

Við D. II. Á eftir 2. tölul. (á undan síðustu málsgrein: Nýjar talsimastöðvar o. s. frv.) komi nýr töluliður svo hljóðandi:
3. talsími frá Ísafirði til Suðureyrar í Súgandafirði gegn tillagi 20% frá héraðsbúum alt að 7500

33. Brtill. 727,26.

Við D. III. 1. Liðurinn orðist þannig:

1. a, laun forstjóra landsímanna	kr.	3,500	
b, persónuleg launaviðbót fyrir núverandi forstjóra .	—	1,500	— 5,000 — 5,000.

34. Brtill. 727,27.

Við D, III. 8. Liðurinn falli burt.

35. Brtill. 727,28.

Við E. III. 1. Fyrir: »500« komi: 400.

36. Brtill. 727,29.

Við E. VII. 1. Fyrir: »1200« komi: 900.

37. Brtill. 727,30.

Við E. VIII. Í staðinn fyrir: »Til að reisa vita á Bjargtöngum« komi: Til að reisa vita á Flatey á Skjálfanda.

14. gr.

38. Brtill. 727,31.

Við A. b. 2. Athugasemdin falli burt.

39. Brtill. 727,32.

Við A. b. 4. Athugasemdin falli burt.

40. Brtill. 756.

Við A. b. Eftir tölulið 5 komi nýr töluliður:
6. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju fyrra árið kr. 400.

41. Brtill. 727,33.

Fyrir B. I—III komi:

B.
Kenslumál.

I. Til háskólans:					
a. Laun		kr.	34,600,00	kr.	34,600,00
b. Aukakensla:					
1. Til héraðslæknisins í Reykjavík .	800—800				
2. Til kennarans í efnafræði. . .	400—400				
3. Til kennarans í lagal. læknisfr. .	300—300	—	1,500,00	—	1,500,00
c. Styrktarfé:					
1. Námsstyrkur . . .	5,400—5,400				
2. Húsaleigustyrkur .	3,600—3,600				
3. Utanfararstyrkur læknaefna	300— 300	—	9,300,00	—	9,300,00
d. Til bókakaupa m. m.:					
1. Bókakaup . .	1,800—1,800				
2. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik. .	200— 200	—	2,000,00	—	2,000,00
e. Til útgáfu kenslubóka .		—	2,000,00	—	2,000,00
f. Eldiviður, ljós og ræsting		—	1,050,00	—	1,050,00
g. Önnur gjöld		—	650,00	—	650,00
		kr.	51,100,00	kr.	51,100,00

Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 280 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

42. Br.till. 727,34.

Við B. IV. Í athugasemdinni aftan við liðinn falli burt þessi orð: »prestaskóla . . . . og« og »handa . . . . 250 kr.«.

43. Br.till. 727,35.

Við B. V a. Fyrir »8,600—8,600« komi: 9,000—9,000.

44. Br.till. 727,36.

Við B. V a. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Af þessari upphæð eru 400 kr. hvort árið persónuleg launaviðbót til 3. kennara skólans, præp. hon. Jónasar Jónassonar.

45. Br.till. 727,37.

Við B. V. b. 4. Fyrir »námspiltum« komi: nemendum.

46. Br.till. 727,38.

Við B. VIII a. 1. Liðurinn orðist þannig:
Til Kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði 6,000—6,000.

47. Br.till. 727,39.

Við B. VIII. Á eftir a. 1 komi nýr liður: 2. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að 2,000—2,000.

48. Br.till. 727,40.

Við B. VIII. a. 2. Þessi liður verður 3. liður.

49. Br.till. 727,41.

Við B. VIII. a. 3. Liðurinn falli burt.

50. Br.till. 727,42.

Við B. VIII. b.: Á eftir 4 komi: liðirnir 10. og 11. a, b og c, sem verða 5. og 6, a, b, c.

51. Br.till. 772,1.

Við B. VIII. b. 5.: Í stað »8,000—8,000« komi:.....7,000—7,000.

52. Br.till. 738,1. N.

Við B. VIII. b. 7. Fyrir orðið »beggja« í athugasemdinni aftan við liðinn komi: allra.

53. Br.till. 772,2.

Við B. VIII. b. 7. Á eftir töluliðnum komi nýr liður (og tölurnar á eftir breytist samkv. því) svo hljóðandi.
8. til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði 1,200—1,200.

54. Brtill. 727,43.

Við B. VIII. b. 5—7. Þessir liðir verða c, d, e.

55. Brtill. 727,44.

Við B. VIII. b. Á eftir b 7 en á undan athugasemdinni komi nýr liður: f. Til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík alt að 500—500.

56. Brtill. 727,45.

Við B. VIII. b. Liðirnir 9. og 10. verða: g. og h.

57. Brtill. 727,46.

Við B. VIII. b. 11 d. Fyrir 7,000—7,000 komi: 6,000—6,000.

58. Brtill. 727,47.

Við B. VIII. b. 11 d.—i. Þessir liðir verði: i, j, k, l, m og n.

59. Brtill. 727,48.

Við B. IX. b. Fyrir »1,000—1,000« komi: 1,200—1,200.

60. Brtill. 727,49.

Við B. IX. c. Liðurinn orðist þannig: Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi, 450—450.

61. Br.till. 779.

Við B. IX. c.
Á eftir liðnum komi nýr liður d.

Ferðastyrkur til leikfimiskennara Björns Jakobssonar til þess að sækja alþjóðamót um líkamsuppeldi, sem haldið verður í Odense í sumar, 300 kr. f. á.

15. gr.

62. Br.till. 727,50.

Við 2 b. Fyrir »til« komi: laun.

63. Br.till. 727,51:

Við 3 c. Fyrir »1,000—1,000« komi: 1,500—1,500.

64. Br.till. 727,52.

Við 3. c. Á eftir þessum lið komi nýr liður: d. til að gefa út safnskrá (Katalog) alt að 500. Liðatalan breytist eftir því.

65. Br.till. 727,53.

Við 4. Fyrir »800—800« komi: 1,000—1,000 og í athugasemdinni fyrir »200«: 300.

66. Br.till. 727,54.

Við 5. Fyrir »Mentasafnið« komi: Landsbókasafnshúsið.

67. Br.till. 727,55.

Við 18. Fyrir »Heiðursþóknun til« komi: Til.

68. Br.till. 727,56.

Við 19. Fyrir orðin »er.....prentaðar« komi: alt að; og fyrir »1,500—1,500« komi: 1,000—1,000.

69. Br.till. 727,57.

Við 21. Fyrir »1,200—1,200« komi: 1,000—1,000.

70. Br.till. 727,58.

Við 23. Fyrir »1,000—1,000« komi: 1,200—1,200.

71. Br.till. 769.

Við 24. Fyrir: »400—400« komi: 600—600.

72. Br.till. 750.

Á eftir 29. lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Til Karls Sveinssonar frá Hvammi til þess að fullkomna sig í rafmagnsfræði í Þýzkalandi . ... 600—600
Tölurnar breytast eftir þessu.

73. Br.till. 727,59.

Við 31. Fyrir »helmings« komi: 500 kr.; og fyrir »1,000—1,000« komi: 2,000—2,000.

74. Br.till. 727, 60.

Við 32. Á eftir þessum lið komi nýr liður, sem verður: 33. Til Hannesar Þorsteinssonar alþingismanns til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum 2,500—2,500.

75. Br.till. 727,61.

Við 34. Fyrir: »2,000—2,000« komi: 1,500—1,500.

76. Br.till. 773.

Við 39. Í staðinn fyrir upphæðina (til Sighvats Grímssonar) 200 kr. komi: 300 kr.

77. Br.till. 768.

Á eftir 40. lið komi nýr liður, sem verði 41. liður svohljóðandi:
Styrkur til Péturs Árna Jónssonar cand. phil. í Kaupmannahöfn til fullkomnunar í sönglist, 800 kr. hvort árið.

78. Br.till. 778.

Á eftir 40. tl. komi nýr liður:
Til Jóns Sigtryggssonar Esphólín til þess að nema vélafræði í Mittweida á Þýzkalandi 800—800.

79. Br.till. 778.

A eftir 40. tl. komi annar nýr liður,
Til ungfrú Kristínar Jónsdóttur til framhaldsnáms í dráttlist 500—500.

80. Br.till. 727,62.

Við 45. Aftan við þennan lið komi nýr liður: Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til þess að undirbúa bókmentasögu Íslands 600—600.

81. Br.till. 758.

Á eftir 45. lið komi nýr liður þannig:
Handa Guðjóni Samúelssyni úr Reykjavík, til þess að ljúka námi í húsbyggingarfræði í Kaupmannahöfn (hvort árið) 600—600.

16. gr.

82. Br.till. 752.

A eftir 1. c. 4. undir 1912 komi nýr liður, sem verði 1. c. 5., svohljóðandi:

Til að kaupa járn- og trésmíðaáhöld	1800
Til vara:	
Til að kaupa trésmíðaáhöld	800

83. Br.till. 727,63.

Við 1 c. Aftan við liðinn komi nýr liður d: Til að byggja leikfimishús úr steinsteypu alt að 6,000 kr. (fyrra árið).

84. Br.till. 727,64.

Við 3: Fyrir: »1,200—1,200« komi: 1,500—1,500.

85. Br.till. 727,65.

Við 9. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Búnaðarfélaginu ber að senda landsstjórninni árlega alla reikninga félagsins með fylgiskjölum og ber að leggja þá undir endurskoðun ásamt landsreikningnum.

86. Br.till. 727,66.

Við 11. Orðin »og varist óþarfa kostnað« falli aftan af athugasemdinni.

87. Br.till. 727,67.

Við 12. Á eftir þessum lið komi nýr liður: Styrkur til Ungmennafélags Gagnfræðaskólans á Akureyri til að koma upp leikvelli 400 kr. (fyrra árið).

88. Br.till. 727,68.

Við 18. Fyrir »manns« komi: tveggja manna og fyrir »600—600« komi: 1,200—1,200.

89. Br.till. 727,69.

Við 18. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun.

90. Br.till. 727,70.

Við 19. Á eftir þessum lið komi nýr liður: Til kvenfélagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds 1,000—1,000.

91. Br.till. 727,71.

Við 21. Fyrir orðin »þess að reka iðnaðarmannaskóla þar« komi: kvöldskólahalds.

92. Br.till. 727,72.

Við 22. Fyrir »800—800« komi: 1,000—1,000.

93. Br.till. 738,2 N.

Við 23. Fyrir orðið: »iðnskóla« í athugasemdinni komi: skóla.

94. Br.till. 727,73.

Við 23. Fyrir »$^2/_3$« í athugasemdinni komi: $^4/_5$.

95. Br.till. 727,74.

Við 24. Á eftir þessum lið komi nýr liður: Til Páls Jónssonar frá Djúpavogi til þess að fullgera og kaupa einkaleyfi á atkvæðavél 600 (fyrra árið).

96. Br.till. 727,75.

Við 26. Fyrir: »$^2/_5$« komi: $^4/_5$.

97. Br.till. 727,76.

Við 27. Báðir liðir athugasemdarinnar falli burt.

98. Br.till. 727,77.

Við 27. Á eftir þessum lið komi nýr liður: Heiðursgjöf til prófessors við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn C. O. Jensen 2000 (fyrra árið).

99. Br.till. 777.

Á eftir 40. lið komi nýr liður:

Til aðgerðar og umbóta á bryggjunni í Krossvík á Akranesi (fyrra árið) ... ... 1000.

Styrkurinn veitist hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota og að hreppurinn annist og ábyrgist viðhaldið.

100. Br.till. 727,78.

Við 44. Liðurinn falli burt.

101. Br.till. 755.

Eftir 44. tölul. komi nýr töluliður:

45. Til Arnórs Árnasonar á Hvammi uppgjöf á eftirstöðvum af húsbyggingarláni fyrra árið kr. 174

102. Brtill. 727,79.

Aftan við síðasta lið greinarinnar komi nýr liður: Styrkur til hlutafélagsins klæðaverksmiðjan Iðunn 6000 (fyrra árið).

17. gr.
Óbreytt.

18. gr.

103. Brtill. 727,80.

Fyrir: »2000« í 6. linu komi: 2400.

104. Brtill. 727,81.

Fyrir: »600« í 10. linu komi: 800.

105. Brtill. 744.

Aftan við orðin: »til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.« komi: til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.

19. gr.
Óbreytt.

20. gr.
Breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

21. gr.
Óbreytt.

22. gr.

106. Brtill. 738,3 N.

A eftir 9. lið komi nýr liður: Úr viðlagasjóði má veita niðursuðuverksmiðjunni »Ísland« á Ísafirði alt að 50,000 kr. lán gegn 1. veðrétti í verksmiðjunni og annari tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 4½ % og endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum á 18 árum.

107. Brtill. 738,4 N.

Aftan við greinina komi nýr liður: Afborgunarfrest af viðlagasjóðsláni til Verksmiðjufélagsins á Akureyri, er tekið var 18. janúar 1908, má framlengja til 31. desember 1915. Úr því endurborgist lánið með jöfnum árlegum afborgunum á 15 árum.

108. Br.till. 751.

Aftan við greinina bætist nýr liður, sem verði 11., þannig:

Úr viðlagasjóði má lána Halldóri Gunnlaugssyni lækni í Vestmannaeyjum alt að 6000 kr., til þess að koma sér upp embættisbústað, gegn fasteignarveði eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda.

Lánið ávaxtast með $4^1/_2$ % og endurborgást með jöfnum afborgunum á 24 árum.

Ed. **790. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga ýms fjármál landsins.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd, til þess að taka til íhugunar fjármál landsins, sérstaklega:

1. að rannsaka, hvort tiltækilegt sé að auka tekjur landssjóðs með einkarétti á aðfluttum vörum, svo sem tóbaki, steinolíu, kolum o. fl.
2. að íhuga bankamál landsins og önnur peningamál, er standa í sambandi við þau, þar á meðal á hvern hátt hagkvæmast verði að stofna fasteignaveðbanka og útvega markað fyrir íslenzk verðbréf.
3. að íhuga verzlunarmál og atvinnumál landsins, einkum í sambandi við stofnun, starfsemi og reikningsskil hlutafélaga og samvinnufélaga.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir af sameinuðu þingi með hlutfallskosningu, en landsstjórnin nefnir sjálf til einn þeirra, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr landssjóði. Aðstoð við nefndarstörfin, svo og útgjöld til þess að útvega nægar upplýsingar, teljast til kostnaðar við nefndina.

Nefndin skal senda landsstjórninni tillögur sínar svo fljótt sem hún fær því við komið og þau lagafrumvörp, er hún kann að semja um þessi efni, en landsstjórnin leggi fyrir alþingi svo fljótt sem unt er þau af frumvörpum þessum, er hún aðhyllist.

Ed. **791. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911, veitast kr. 170,751,23 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—8. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin voru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við dómgæzluna o. fl., veitast kr. 4,925,00.

Við A. 3. Til að koma upp miðstöðvarhitun í hegningarhúsinu í Reykjavík ... ... kr. 4,800,00

Við A. 5. komi nýr liður h.

Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum ... ... kr. 125,00

Kr. 4,925,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast kr. 16,000,00.

		1910	1911
Við 7. lið.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins	kr. 8,000,00	kr. 8,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast kr. 119,979,98.

Við B. I. 3. Viðbót við skrifstofukostnað ... ... kr. 129,98

Við B. II. Til Reykjadalsbrautar ... ... — 5,000,00

Til Borgarfjarðarbrautar ... ... — 2,000,000

Til brautarlagningar meðfram Ingólfsfjalli -- 7,000,0

Við B. XIII. Til brúargerðar á Hölkná í Þistilfirði ... ... — 4,500,00

Til brúargerðar á Víðidalsá í Steingrímsfirði — 1,000,00

Fjárveitingin til beggja brúnna er bundin þeim skilyrðum, að héruðin greiði það sem á vantar byggingarkostnaðinn, og að brýrnar séu járnbrýr.

Við D. II. Til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja ... ... — 40,000,00

Til þriggja loftskeytastöðva:

Á Seljalandi undir Eyjafjöllum eða þar í grend, í Vík í Mýrdal og á Hornafirði, alt að ... ... — 20,000,00

Flyt kr. 79,629,98

		Flutt kr.	79,629,98
	Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Reykjavíkur og Borðeyrar (Sveinatungu — Borðeyrar)	—	12,575,00
	Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Akureyrar og Sauðárkróks (Valla — Sauðárkróks)	—	17,225,00
	Til að kaupa símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar	—	7,600,00
Við E. V.	Til að byggja hús handa vitaverði á Siglunesi ... ... kr. 2,500,00		
	Launaviðbót til vitavarðar ... ... kr. 150,00	—	2,650,00
Við E. VI.	Stjórninni er heimilt að verja af spöruðu fé frá Rifstangavita til að kaupa nauðsynleg vitatæki alt að 4,000,00.		
Við E. XII.	Til að setja rautt horn í Garðskaga- og Reykjanesvita...	kr.	300,00
		Kr.	119,979,98

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast kr. 15,550,00.

Við A.	Tveir nýir liðir bætast við:		
	1. Til að greiða álag á Garpsdalskirkju	kr.	1,200,00
	2. — — — — - Rafnseyrarkirkju	kr.	250,00
		Kr.	1,450,00
Við B. I – III.	Háskóli Íslands skal settur 17. júní þ. á., en laun háskólakennaranna samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909, reiknist þó ekki fyr en frá 1. október þ. á.	kr.	3,450,00
Við B. V.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til að mála skólann, og til annara nauðsynlegra umbóta ... ... kr. 3,550		
Við B. VI.	Til aðgerðar á kennaraskólanum ... — 600	kr.	4,150,00
Við B. VII.	Til aðgerðar á loftum í kenslustofum stýrimannaskólans	—	500,00
Við B. VIII.	Byggingarstyrkur til kvennaskólans á Blönduósi	—	6,000,00
		Kr.	15,550,00

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta veitast kr. 1,200,00.

	Til umbóta á herbergi jarðskjálftamælisins ...	kr.	300,00
	Ferðastyrkur handa fulltrúa Bókmentafélagsins til háskólans í Kristjaníu	—	400,00
	Styrkur til Bókmentafélagsins til þess að gefa út bréf Jóns Sigurðssonar alt að...	—	500,00
		Kr.	1,200,00

7. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitast kr. 12,296,25.

Við 1. lið.	Til aðgerðar á gamla skólahúsinu á Hólum alt að	— 3,000,00
Við 2. lið.	Til að reisa leikfimishús á Hvanneyri	— 2,000,00
Við 27. lið.	Til ferðakostnaðar síldarmatsmanns til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum	— 396,25
Við 35. lið.	Til fyrirhleðslu við Markarfljót til varnar frekari skemdum	— 2,400,00
— — —	Til nánari rannsóknar á hafnarstæði í Vestmannaeyjum og undirbúnings undir hafnargerð þar alt að	— 4,000,00
	Til að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á fæðingarstað hans Rafnseyri í sambandi við hátíðahald þar í 100 ára minningu hans 17. júní næstk., gegn ekki minna framlagi frá héraðsbúum, alt að	— 500,00
		Kr. 12,296,25

8. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 18. gr. fjárlaganna fyrir 1910 og 1911, veitast kr. 800,00, þar af ekkjufrú Þóru Melsted eftirlaun 600 krónur og ekkjufrú Björgu Einarsdóttur 200 krónur fyrir síðara árið.

9. gr.

Eftirstöðvar af láni til Sogsbrúarinnar, tekið 25. apríl 1906, að upphæð nú kr. 4,333,33 og sem hvílir á Grimsneshreppi við sparisjóð Árnessýslu, taki viðlagasjóður að sér að greiða frá 25. apríl 1911.

Stjórninni veitist heimild að selja Miklaskála á Þingvöllum fyrir 3000 kr. og með þeim skilmálum, sem fram eru teknir í bréfi stjórnarráðsins til fjárlaganefndar 1. marz 1911.

Ed. **792. Frumvarp**

til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Eftir að háskóli Íslands er tekinn til starfa, hafa þeir einir rétt til embætta hér á landi, er tekið hafa embættispróf við háskólann. Þó á þetta að eins við þær fræðigreinar, sem þar eru kendar og próf er haldið í.

2. gr.

Undanþágu frá fyrirmælum 1. gr. má landsstjórnin eftir tillögum háskólaráðsins veita, sé um kennaraembætti við háskólann að ræða.

3. gr.

Læknisfræðingum, er sanna, að þeir hafi aflað sér nægrar þekkingar í læknisfræði á erlendum háskólum eða öðrum slíkum mentastofnunum má og landsstjórnin veita leyfi til þess að stunda hér á landi lækningar, en leitað skal tillagna læknadeildar háskólans í hvert skifti áður slíkt leyfi sé veitt.

4. gr.

Þeir, er lokið hafa embættisprófi við Kaupmannahafnarháskóla í fræðigreinum þeim, sem hér eru kendar á háskólanum, innan 5 ára eftir að háskólinn tekur til starfa, skulu hér embættisgengir eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt. Þó má engum lögfræðiskandídat frá Kaupmannahafnarháskóla veita hér embætti, er lagapróf þarf til, nema hann hafi lokið þar prófi innan 6 ára eftir að lagaskólinn tók til starfa.

Ed. **793. Frumvarp**

til laga um íslenzkan fána.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ísland skal hafa sérstakan fána.

2. gr.

Fáni sá, er getur í 1. gr., skal vera blár með hvítum krossi, þvert og endilangt, og nemi breidd krossálmanna $^1/_7$ af breidd fánans; bláu reitirnir nær stönginni skulu vera réttir ferhyrningar, og þeir, er fjær eru stönginni, jafnbreiðir, en tvöfalt lengri.

Opinberar stofnanir noti fána þenna tvíklofinn inn að framan, um krossálmuna, er gangi fram í odda, en lengd fánans sé af því óskerð.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau ákvæði í íslenzkum lögum, er heimila íslenzkum skipum að nota annan fána.

Nd. **794. Tillaga**

til þingsályktunar um vog og mæli.

Frá Jóni Þorkelssyni og Jóni Jónssyni frá Hvanná.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að taka til íhugunar og væntanlega gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stofna hér, í sam-

bandi við stjórnarráð Íslands, skrifstofu, er hafi á hendi rétting (löggilding) á vog og mæli hér á landi, og að þau málefni öll, er þar að hníga, liggi undir umsjón stjórnarráðsins.

Nd. **795. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lækningaleyfi (þingskjal 767).

Flutningsm.: Jón Jónsson frá Hvanná.

Við 1. gr. Orðin: »Aðrar en smáskamtalækningar« falli burt.

Við 4. gr. Orðið: »Smáskamtalækna« í niðurlagi greinarinnar falli burt, en í þess stað komi: lækna er hafa ótakmarkað eða takmarkað lækningaleyfi.

Við 6. gr. Önnur málsgrein: »Þó skal þeim mönnum, er fást við smáskamtalækningar, heimilt að kalla sig smáskamtalækna« falli burt.

Orðin í síðustu málsgrein: »eða að eins fæst við smáskamtalækningar« falli burt.

Nd. **796. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ölgerð og ölverzlun.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

4. gr. frumv. falli burt.

Nd. **797. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eftirlaun.

Nefndin, sem kosin var í þetta mál, hefir rætt það all-ítarlega, og er hún á einu máli um það, að hér sé um alvarlegt og þýðingarmikið mál að ræða.

Öll nefndin var þeirrar skoðunar, að eftirlaunalöggjöfin þyrfti endurskoðunar við. Almenningur er óánægður með eftirlaun embættismanna, og þykir miklu fé eytt í þau. Eftirlaunabyrði landssjóðs er nú orðin nálægt 70,000 kr. á ári og fer sífelt hækkandi. Í öðru lagi leit nefndin svo á, að eftirlaunalöggjöfin væri að ýmsu leyti miður réttlát í garð þeirra manna, er eftirlaunarétt hafa. Meðal annars væri lítil ástæða til, að þeir embættismenn, sem bezt eru launaðir meðan þeir gegna embætti, skuli einnig njóta miklu hærri eftirlauna en hinir,

sem lakar eru launaðir. Auk þess nytu ýmsir þeir eftirlauna, sem reynst hefðu miður vel meðan þeir gegndu embætti.

Flestum nefndarmönnunum þótti stefna frumvarpsins, að miða eftirlaunin eingöngu við embættisár en eigi við launin, fara í rétta átt og miða til bóta. Eigi að síður varð niðurstaðan sú í nefndinni, að ráða ekki til þess að samþykkja frumvarpið að þessu sinni. Sumum í nefndinni þótti hér farið of skamt; litu svo á, að afnema bæri öll eftirlaun. En um leið þyrfti þá að endurskoða alla launalöggjöfina og gjöra launin jafnari en þau eru nú, og ef til vill hækka laun þeirra embættismanna, sem lægst eru launaðir. En nefndin sá sér ekki fært, að leggja út í það verk, en taldi sjálfsagt, að fela það stjórninni.

Þingið hefir nú til meðferðar breytingar á stjórnarskránni, er gera meðal annars ráð fyrir því, að afnema megi eftirlaun með sérstökum lögum; en það hefir hingað til eigi verið hægt, því svo er ákveðið í stjórnarskránni, að þeir embættismenn, er konunglega veitingu hafa fyrir embættum sínum, skuli hafa rétt til eftirlauna.

Að öllu þessu athuguðu varð það að ráði í nefndinni, að frumvarpið á þingskjali 191 yrði ekki samþykt; en í þess stað leyfir nefndin sér, að koma fram með tillögu til þingsályktunar þess efnis, að skora á stjórnina, að taka þetta mál til rækilegrar íhugunar, og leggja fyrir næsta reglulegt alþingi frumvarp til laga um afnám eftirlauna allra embættismanna og skyldu þeirra til, að safna sér ellistyrk.

Alþingi, 27. apríl 1911.

Björn Sigfússon, formaður.	Sigurður Sigurðsson, skrifari og framsögum.

Eggert Pálsson. Pétur Jónsson. Jón Þorkelsson.

TILLAGA

til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt alþingi frumvarp til laga um afnám eftirlauna allra embættismanna í landinu, og skyldu þeirra til, að safna sér ellistyrk, svo og að gera ráðstafanir til þeirrar skipunar á launum embættismanna, er virðist vera nauðsynleg og sanngjörn í sambandi við afnám eftirlauna.

Ed. **798. Frumvarp**

til laga um lækningaleyfi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Rétt til að fást við lækningar, aðrar en smáskamtalækningar, hafa hér á

landi þeir einir, er staðist hafa próf í læknaskólanum í Reykjavík eða háskóla Íslands.

Þó mega þeir læknar, er próf hafa tekið, eigi gera sér að atvinnu að hjálpa konum í barnsnauð, fyr en þeir hafa lokið námsskeiði í fæðingarhúsi.

2. gr.

Ráðherra getur veitt mönnum, er eigi hafa staðist þau próf, sem nefnd eru í 1. gr., ótakmarkað eða takmarkað lækningaleyfi, ef þeir sanna, að þeir hafi nægа kunnáttu og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

3. gr.

Allir þeir, er hafa lækningaleyfi, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess, að þeir haldi öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins, og má hann heimta af þeim þær sjúkdómsskýrslur, er hann telur nauðsynlegar, þótt þeir hafi ekkert embætti á hendi.

4. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að einhver læknir vanrækir læknisskyldur sínar, gerir sig sekan í einhverri óhæfu, er við kemur lækningastarfi hans, eða breytir út af fyrirmælum heilbrigðislaga landsins, þá skal hann áminna þann lækni um að bæta hegðun sína.

Nú er lækni veitt áminning og kemur ekki að haldi, og má þá landlæknir svifta hann lækningaleyfi til bráðabirgða, eða banna honum að hafa lækningar um hönd, en skýra skal hann jafnframt stjórnarráðinu frá öllum málavöxtum, og sker það úr málinu, en læknir getur þó skotið þeim úrskurði til dómstólanna.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til smáskamtalækna.

5. gr.

Ef einhver sá, er hefir takmarkað lækningaleyfi, samkvæmt 2. gr., tekst á hendur lækningu á öðrum sjúkdómum en þeim, sem honum er leyft að fást við, eða beitir öðrum lækningaaðferðum en þeim, sem hann hefir leyfi til að iðka, og verður hann uppvís að því, að hafa gert sjúklingi mein, þá skal hann sæta sektum, eða fangelsi og hafa fyrirgert lækningaleyfi sínu.

6. gr.

Ef einhver sá, er hefir ekkert lækningaleyfi, tekur sjúklinga til meðferðar, gerir lækningar sér að atvinnu, kallar sig lækni eða notar lyf, sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, eða flakkar til þess sveit úr sveit, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi.

Þó skal þeim mönnum, er fást við smáskamtalækningar, heimilt að kalla sig smáskamtalækna.

Ef einhver, sem hefir ekki ótakmarkað lækningaleyfi, eða að eins fæst við smáskamtalækningar, sbr. 1. og 2. gr., tekur til meðferðar sjúkling með næmum sjúkdóm, sem lög skipa varnir við, varðar sektum eða fangelsi.

7. gr.

Þær hegningar, sem ákveðnar eru í þessum lögum, koma ekki til greina, ef brotið er þannig vaxið, að harðari refsing liggur við í öðrum lögum.

8. gr.

Lög 29. febrúar 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794, og sú tilskipun, eru úr gildi numin.

Ed.

799. Frumvarp

til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón bæjarverkfræðingsins, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Má í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsið. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum.

Lóðareigendur skulu greiða:

A. $2^1/_2{}^0/_{00}$ af fyrstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra.

$2^0/_{00}$ af næstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverðinu.

$1^0/_{00}$ af þeirri upphæð er brunabótavirðingarverðið fer yfir 20,000 krónur.

Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sé eldra hús rifið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.

B. 45 aura fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu, þó því að eins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist, þegar búið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsi hafa verið lögð í áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni.

3. gr.

Steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir skulu kostaðar að $^2/_3$ úr bæjarsjóði en að $^1/_3$ af þeim, sem lóðir eiga, er teljast til götunnar þeim megin, sem gangstéttin er.

Kostnaði þeim, sem lóðareigendum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstétt hefir verið lögð í, eftir lengd lóðanna með fram götunni.

4. gr.

Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðaeigendum og húseigendum samkvæmt 1. og 2. gr., eru trygðar með veðrétti í húseignunum og hefir sá veðréttur forgangsrétt fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt alt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá alt að 5% ársvexti.

5. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir látið gera steinlímda, hellulagða eða aðra jafnvandaða gangstétt, skal sérhverjum lóðareiganda skylt að láta daglega hreinsa af stéttinni fyrir lóð sinni út á götuna, samkvæmt reglum, er gefnar verða í lögreglusamþykt bæjarins. Sé þetta vanrækt, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað lóðareiganda og sæti hann að auki í almennu lögreglumáli 5—10 kr. sekt fyrir vanræksluna, er renni í bæjarsjóð, enda hafi hann áður tvívegis sætt aðvörun fyrir vanrækslu á því almanaksári.

6. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sér sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans og má fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma það.

Til þess að standast straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, má leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sé hún miðuð við það, hve oft er hreinsað. Húseigandi greiðir gjaldið.

7. gr.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

Ed. **800. Frumvarp**

til laga um erfðafjárskatt.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans og sé búið tekið til skifta hér á landi, skal gjalda skatt í landssjóð.

2. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, eða niðja hins látna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. .... $1^1/_{10}$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — ..... $1^2/_{10}$ — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_{10}$ af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 5 af hundraði.

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

1. Af fyrstu 1000 kr. ..... $5^1/_2$ af hundraði.
2. — næstu 1000 — .... 6 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um $^1/_2$ af hundraði á hverju þúsundi, alt að 25 af hundraði.

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna, eða niðja þeirra, er heyra eigi undir stafliðina A. og B. eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig.

1. Af fyrstu 1000 kr. .... 11 af hundraði.
2. — næstu 1000 — .. .. 12 — ——

og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, stofnana, eða annars slíks, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skilningi, og ennfremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirfram greiddum, sbr. tilsk. 25. sept. 1850, 10. gr.

Ennfremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða réttindum, er við andlát manns hverfa til erfingja eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfé og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

Af fasteignum hér á landi, er falla í arf við skifti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til landssjóðs. Skip, sem skrásett eru hér á landi, skal farâ með sem fasteign.

4. gr.

Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, ef gefandi hefir áskilið sér tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.
2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.
3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni, að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu búi, skal

eigi greiða erfðafjárskatt af fé því, sem óskift er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta, og greiðist skatturinn af erfðafé þeirra erfingja, er þá taka arf, í réttu hlutfalli, eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meira en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

6. gr.

Nú nemur fjárhæð, sú er til erfingja fellur, eigi 100 krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

Skattur skal talinn af hverjum 10 krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

Af erfðafé, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er stjórnarráðinu heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

7. gr.

Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur tæmist öðru þeirra eftir hitt látið, og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleik þess við hið látna.

Af erfðafé, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinum látna, ef erfðafé rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsafnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni fimmfaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en sé endurgreiðslan miðuð við ákveðna áratölu, skal fjárhæðina margfalda með áratölunni, þó aldrei meira en tuttugu árum.

8. gr.

Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skifti fara fram, greiddur í skiftalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sérstakir skiftaráðendur skifta, eða þegar arfur er tekinn án skifta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara, en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er út runninn.

Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal alt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafarfi o. s. frv., talið í einu lagi.

Nú hefir arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber úr búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr.

9. gr.

Nú deyr maður, er arf hefir hlotið, áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annara, og skal þá að eins greiða skatt eitt skifti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleik erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

10. gr.

Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skifti fara eigi fram, svo og þegar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiftu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiftaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

Erfðafjárskýrslu skal semja eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eigum búsins og skuldum þess, og skyldleik erfingja við hinn látna, svo og, ef skifti hafa farið fram, hvernig féð skiftist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gjört, og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

11. gr.

Skiftaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur séu rétt samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sé erfðafjárskýrsla eigi send í réttan tíma, skal skiftaráðandi setja bréflega hlutaðeigendum frest til að gjöra skýrsluna og leggja við dagsektir.

Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sé rétt og send á réttum tíma.

12. gr.

Nú verður sú raun á, að arfi hefir leynt verið vísvitandi, eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. Með mál út af þessum efnum skal farið sem almenn lögreglumál, nema mál sé svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.

13. gr.

Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1912, og falla frá sama tíma úr gildi ákvæðin um erfðafjárskatt í tilsk. 12. sept. 1792 og 8. febr. 1810.

Ed. **801. Frumvarp**

til laga um ölgerð og ölverzlun.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ölgerð til útsölu má enginn stunda hér á landi, nema fengið hafi einkaleyfi til ölgerðar. Landsstjórnin veitir leyfið um tiltekið árabil, og getur það náð til þeirra öltegunda, sem í er $2^1/_4$% eða minna af vínanda (alkóhóli) eftir þyngd.

2. gr.

Leyfið veitist bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, og skal hún hafa rétt til, með samþykki landsstjórnarinnar, að fá það í hendur innlendu hlutafélagi, er hafi ráð á nægu stofnfé og sérþekkingu, til þess að framkvæmd fyrirtækisins sé vel borgið. Bæjarstjórnin má ekki við afhending einkaleyfis áskilja sér endurgjald eða neins konar hagnað um fram það, sem leiðir af því, að fyrirtækið er stofnað og rekið á kaupstaðarlóðinni.

3. gr.

Leyfið skal bundið þessum skilmálum:

a. Að félagið eftir eitt ár frá því, er það tekur til starfa, greiði landssjóði árgjald af framleiðslunni, er eigi sé minna en 2 aurar fyrir hvern lítra öls, og fari gjaldið hækkandi á nokkurra ára bili, unz það nemur helmingi aðflutningstolls, er greiða ber af öli á hverjum tíma.
b. Að landssjóður fái $^3/_4$ af gróða félagsins eftir að greiddir eru 6% vextir af hlutafénu, og $^9/_{10}$ af gróðanum, þá er hluthafar hafa fengið 10% ágóða.

4. gr.

Leyfishafa má einnig veita einkarétt til þess, innan bæjarfélags Reykjavíkur, að verzla með útlendar öltegundir og aðra maltdrykki, sem að lögum er leyft að flytja til landsins. Slíkan einkarétt má þó ekki veita, nema trygging sé fyrir því, að hið opinbera njóti hæfilegs hluta af verzlunararðinum af aðfluttu öli og öðrum maltdrykkjum, og jafnframt sé sæmilega séð fyrir hagsmunum neytenda. Sá hluti ágóðans, er hér ræðir um, skiftist til helminga milli landssjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur.

5. gr.

Fyrir gjöldum þeim, er greiða ber í landssjóð samkvæmt 3. og 4. grein, skal leyfishafi gera skil eftir reglum, er stjórnarráðið setur.

6. gr.

Ef bæjarstjórn Reykjavíkur hefir ekki innan tveggja ára frá því, er lög

þessi öðlast gildi, notað sér leyfið, má veita það annari bæjarstjórn eða sveitarstjórn hér á landi með sömu skilmálum.

7. gr.

Bann gegn tilbúningi áfengra drykkja, samkvæmt lögum 12. jan. 1900, nær að eins til þeirra drykkja, sem í er meira en $2^1/_4{}^0/_0$ af vínanda (alkóhóli) eftir þyngd þótt um staðjastað öl sé að ræða.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara um einkarétt varða sektum allt að 1000 kr. Mál út af téðum brotum skal farið með sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **802. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu prestsetrið Húsavík, að undanskildu túni, húsum og sex kúgildum staðarins, og kirkjujörðina Þorvaldsstaði, fyrir það verð, er dómkvaddir, óvilhallir menn meta, þó með því skilyrði, að verðið má eigi lægra vera en 25,000 kr.

Landsstjórnin kveður á um alla söluskilmála, og skal salan eigi fara fram fyr en Húsavíkurkauptún er orðið sérstakt sveitarfélag. Skulu þá jarðirnar fylgja kauptúninu.

Sþ. **803. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (þskj. 494).

Flutningsmaður: Björn Þorlákssson.

Við A. 1. Fyrir: »8« komi: 5.

Ed. **804. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. kafli.

Tekjur:

1 gr.

Árin 1912 og 1913 er ætlast til, að tekjur landsins verði 2,887,400 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 2,581,000.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2. Húsaskattur	13,000	13,000	26,000
3. Tekjuskattur	30,000	30,000	60,000
4. Aukatekjur	55,000	55,000	110,000
5. Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. Vitagjald	30,000	30,000	60,000
7. Leyfisbréfagjöld	6,000	6,000	12,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur	300,000	30,000	330,000
10. Tóbakstollur	160,000	160,000	320,000
11. Kaffi- og sykurtollur	380,000	380,000	760,000
12. Annað aðflutningsgjald	20,000	20,000	40,000
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	9,000	9,000	18,000
14. Pósttekjur	95,000	95,000	190,000
15. Símatekjur	100,000	105,000	205,000
16. Tekjur af Íslandsbanka	12,000	12,000	24,000
17. Óvissar tekjur	10,000	10,000	20,000
Samtals	1,423,000	1,158,000	2,581,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 40,200 kr.:

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls	18,000	18,000	36,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	20,100	20,100	40,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 137,000 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs ... ... Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.	54,000	52,000	106,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
Samtals...	69,500	67,500	137,000

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880...	2,000	2,000	4,000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ...	2,000	2,000	4,000
Samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1912 og 1913 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,208,417 kr. 34 aurar.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 99,633,34.

	1912—13	
1. Vextir af 4% láni landssjóðs frá 18. desember 1908 úr ríkissjóði Danmerkur, sem 1. jan. 1912 nemur kr. 433,333,33	17,000,00	15,666,67
Afborgun af láninu kr. 16,666.67 á hverju missiri	33,333,34	33,333,33
	50,333,34	49,000,00
2. Til vaxtagreiðslu á 4½% láni landssjóðs frá 26. júlí 1909, sem 1. jan. 1912 nemur 1,375,000 kr. ganga árið 1912 61,312 kr. 50 au. og 1913 59,062 kr. 50 aurar. Afborgun er 50,000 krónur árlega; bæði rentur og afborgun greiðast væntanlega af vöxtum, sem fást af bankavaxtabréfum þeim, sem keypt hafa verið fyrir lánsfjárhæðina, svo og af bréfum þeim, sem út eru dregin og innleyst. Til kostnaðar við lánið veitast	150,00	150,00
	50,483,34	49,150,00
Alls...	99,633,34	

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 101,000 kr.

	kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
1. Til ráðherra:				
a. laun	8,000			
b. til risnu...	2,000	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra		2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara		6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra		10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar		16,000	16,000	32,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að		5,000	5,000	10 000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu..		1,000	1,000	2,000
Samtals...		50,500	50,500	101,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitast 60,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 62,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. eru veittar 225,330 kr.

	1912.	1912.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. Laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	67,300	67,300	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður	4,715	4,715	
Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.			
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	5,100	5,100	
	86,515	86,515	173,030
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna kr. m. fl.... 450			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna 2,600			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur, alt að.. ... 3,600			
d. Kostnaður við sending með póstum 1,000			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrét svo og embættissímkeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar...	2,500	2,500	
4. Til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,500	1,500	
Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim er óska strandgæzlu og njóta hennar.			
7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ...	1,000	1,000	
Flyt...	21,950	21,950	173,030

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	21,950	21,950	173,030
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	4,000	4,000	
Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.			
	26,150	26,150	52,300
Samtals...			225,330

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 334,680 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	79,700	79,700	159,400
Aðstoðarlæknirinn í Ísafjarðarhéraði skal sitja í Bolungarvíkur verzlunarstað, að því tilskildu að honum verði greiddar að minsta kosti 400 kr. á ári annarstaðar að.			
2. Launaviðbót til Magnúsar læknis Péturssonar á Hólmavík fyrir að ferðast um Reykjarfjarðarlæknishérað einu sinni á hverjum ársfjórðung og dvelja þar nokkra daga í hvert sinn til að veita læknishjálp	700	700	1,400
Launaviðbót þessi fellur niður strax og Reykjarfjarðarlæknishérað er veitt umsækjanda.			
3. Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
4. a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	83,500	83,500	167,000

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	83,500	83,500	167,000
6. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Féldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum á læknaskólanum til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
7. Holdsveikisspítalinn	28,690	28,190	56,880
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: kr. kr.			
1. Laun ... ... 5,290— 5,390			
2. Viðurværi 67—69 manna 12,000—12,000			
3. Klæðnaður ... ... 850— 850			
4. Meðul og sáraumbúðir.. 1,300— 1,300			
5. Eldsneyti ... ... 2,700— 2,700			
6. Ljósmeti .. .. 550— 550			
7. Húsbúnaður og áhöld ... 1,000— 1,000			
8. Viðhald á húsum ... ... 1,800— 1,200			
9. Þvottur og ræsting.. ... 600— 600			
10. Greftrunarkostnaður ... 200— 200			
11. Skemtanir ... ... 300— 300			
12. Skattar o. fl.... ... ... 1,300— 1,300			
13. Ýmisleg útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey 800— 800			
28,690—28,190			
8. Geðveikishælið á Kleppi	19,900	19,900	39,800
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:			
A. Laun læknis 2,700			
B. Önnur útgjöld:			
1. Kaup starfsmanna... ... 3,950			
2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag 14,782 50			
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.) 1,800			
4. Meðul og umbúðir 500			
5. Ljós og hiti 3,600			
6. Viðhald og áhöld 2,300			
7. Þvottur og ræsting 800			
8. Skemtanir 200			
Flyt... 30,632 50	133,090	132,590	265,680

				1912.	1913.	Alls.
				kr.	kr.	kr.
	Flutt...		30,632 50	133,090	132,590	265,680
9.	Skattar m. m....		1,000			
10.	Óviss útgjöld...		600			
			32,232 50			
	Þar frá dragast tekjur:					
	Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag	10,585				
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730				
	Tekjur af búinu	1,000				
			12,315 90			
	Mismunur:		19,916 60			
9.	Heilsuhælið á Vífilstöðum...			18,000	18,000	36,000
10.	Önnur útgjöld:		Kr.			
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla		4,000			
	Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hérað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrkurinn nemur.					
	b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs		3,000			
	c. bólusetningarkostnaður.		1,000			
	d. til náms yfirsetukvenna		2,000			
	e. til verkfæra handa yfirsetukonum		400			
	f. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ...		4,000			
	g. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands		1,000			
		Flyt...	15,400	151,090	150,590	301,680

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt...	15,400	151,090	150,590	301,680
b. styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar	600			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.				
i. tillag til Önnu Magnúsdóttur f. á.	1,000	17,000	16,000	33,000
Samtals..		168,090	166,590	334,680

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,036,700 kr.

A.		1912.	1913.	Alls
Póstmál.		kr.	kr.	kr.
1. Laun:	Kr.			
a. póstmeistara	4,000			
b. 1. póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík...	6,600			
2. póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur...	20,800			
c. bréfhirðingarmanna...	8,500	39,900	39,900	
2. Póstflutningur		56,000	56,000	
Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja allskonar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferða-áætlun.				
3. Annar kostnaður:	Kr.			
a. skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi alt að	5.000			
b. önnur gjöld	8,000	13,000	13,000	
Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.				
B.		108,900	108,900	
Vegabætur.				217,800
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:				
	1912. 1913			
1. Verkfræðingur landsins:	Kr. Kr.			
a. laun	3,000 3,000			
Flyt...	3,000 3,000	.....	.....	217,800

		1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
	Flutt...	3,000	3,000			217,800
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500			
2.	aðstoðarverkfræðingur ..	2,700	2,700			
3.	skrifstofukostnaður. ...	500	500			
4.	til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna...	1,500	1,500			
5.	eftirlit með vegaviðhaldi	200	200	8,400	8,400	
II.	Flutningabrautir	Kr.	Kr.			
1.	Borgarfjarðarbraut ...	10,000	20,000			
2.	Húnvetningabraut ..	10,000	10,000			
3.	Reykjadalsbraut... ...	15,000	5,000			
4.	Skagfirðingabraut ...	»	10,000			
5.	Grímsnesbraut	10,000	10,000			
6.	viðhald flutningabrauta...	10,500	9,000			
7.	Til brúar á Rangá ...	45,000	»			
8.	Til brúa á flutningabrautinni frá Grund að Saurbæ í Eyjafirði síðara árið: kr. A Finnastaðaá 2,120 - Skjóldalsá ... 3,860 - Djúpadalsá... 3,510 Ahöld og verkstjórn 510		10,000	100,500	74,000	
III.	Þjóðvegir:	Kr.	Kr.			
1.	Mosfellssveitarvegur með brú á Köldukvísl ...	6,000	»			
2.	Brú á Hafffjarðará ...	10,000	»			
3.	brýr á Hverfisfljót og Brunná	»	12,000			
4.	Til brúar á Hrútafjarðará	8,000	»			
5.	Til brúar á Rangá í Tungu	»	6,000			
6.	Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal	»	2,500			
7.	Til að setja upp dragferju á Þverá hjá Hemlu	1,600	»			
8.	aðrar vegabætur og viðhald	12,000	12,000	37,600	32,500	
IV.	Fjallvegir			5,000	5,000	
V.	Til áhalda...			2,000	2,000	
			Flyt...	153,500	121,900	217,800

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	153,500	121,900	217,800.
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum	300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti	300	300	
VIII. Til dragferjuhalds á Þverá	150	150	
IX. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá alt að...	1,000		
X. Styrkur til akvegarins í Eiðaþinghá gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
XI. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ... ... Fjárveitingin er bundin jafn-miklu tillagi annarstaðar frá.	5,000	5,000	
XII. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fé því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu	2,000		
	163,250	128,650	291,900
C.			
1. Til gufuskipaferða	60,000	60,000	
2. Gufubátaferðir og mótorbáta	42,150	42,150	
Þetta sundurliðast þannig hvort árið:			
1. Til Faxaflóabáts 14,000			
2. Til Breiðafjarðarbáts 7,000			
3. Til Ísafjarðarbáts... 5,500			
4. Til Eyjafjarðarbáts 12,000			
5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði. 1,000			
6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands 1,200			
7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá 400			
8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð 400			
9. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti.. 250			
10. Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu 400			
Styrkirnir til gufubátaferða og mótorbáta veitast með því skilyrði, að bátar þeir, sem notaðir verða, séu að dómi stjórnarráðsins góð skip og hentug til þessara ferða og að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlanirnar.			
	102,150	102,150	204,300
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafélagið mikla norræna umsamið árgjald (til 1925)	35,000	35,000	
II. Til nýrra landsímalagninga o. fl.	1912.	1913.	
1. talsími frá Borðeyri til Búðardals ... ... Gegn 4000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.	Kr. 13,000	Kr. »	
Flyt...	13,000	»	35,000	35,000	714,000

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912 kr.	1913 kr.	Alls kr.
Flutt...	13,000	»	35,000	35,000	714,000
2. talsími frá Búðardal um Stykkishólm og að Hjarðarfelli	38,000	»			
Gegn 8,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.			51,000		
Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.					
III. Til starfrækslu landsímanna m. m.	Kr.	Kr,			
1. a, laun forstjóra landsímanna	3,500	3,500			
b, persónuleg launaviðbót fyrir núverandi forstjóra	1,500	1,500			
2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	10,700	10,700			
3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímkerfinu	6,800	6,800			
4. ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímkerfinu	8,400	8,400			
Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.					
5. ritsímastöð á Ísafirði ásamt bæjarsímkerfinu	5,900	5,900			
6. símastöð á Borðeyri ...	2,600	2,600			
7. símastöð í Hafnarfirði..	1,000	1,000			
8. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	2,000	2,000			
Þegar sú ábyrgð er liðin, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landsímastöðvar hefir gefið fyrir þátt-töku í reksturs-					
Flyt...	42,400	42,400	86,000	35,000	714,200

	1912 kr.	1913 kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt ..	42,400	42,400	86,000	35,000	714,000
kostnaðinum, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.					
10. Til rannsóknar símaleiða	2,000	2,000	44,400	44,400	
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m...			4,000	4,000	
V. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna..			2,000	2,000	
Stjórninni veitist heimild til að taka lán til að kaupa talsímakerfið í Reykjavík fyrir alt að 74,000 kr.					
VI. Viðhald landsímanna			10,000	10,000	
VII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			146,950	95,950	242,900
E. Vitamál:					
I. Eftirlit með vitum:	Kr.	Kr.			
a. laun	700	700			
b. ferðakostnaður eftir reikningi alt að...	500	500	1,200	1,200	
II. Öndverðanesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		100			
2. reksturskostnaður		150	250	250	
III. Elliðaeyjarviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar		400			
2. reksturskostnaður		450	850	850	
IV. Arnarnesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		500			
2. reksturskostnaður og viðhaldskostnaður		500	1,000	1,000	
V. Kálfshamarsviti			... ...	6,500	
		Flyt...	3,300	9,800	956,900

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt ..	3,300	9,800	956,900
VI	Skagatáarviti..		... ...	14,000	
VII.	Siglunesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	900			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,500	1,500	
VIII.	Til að reisa vita á Flatey á Skjálfanda ...		... ...	14,000	
IX.	Rifstangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	150			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	550	550	
X.	Langanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturskostnaður	200	400	400	
XI.	Dalatangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,200	1,200	
XII.	Vattarnesviti:	Kr.			
	1. til að reisa vitann ...	6500			
	2. laun vitavarðar	50—100			
	3. reksturskostnaður	200	6,550	300	
XIII.	Dyrhólaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	600	600	
IV.	Vestmanneyjaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	700			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	500	1,200	1,200	
XV.	Reykjanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	1500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	1600	3,100	3,100	
XVI.	Garðskagaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	750			
	3. til að leggja gangbrú út að vitanum f. á.	2500	3,850	1,350	
XVII.	Gróttuviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	450			
	3. til að breyta vitanum í blossa-vita f. á.	3500	4,450	950	
		Flyt...	26,700	48,950	956,900

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	26,700	48,950	956,900
XVIII. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir fiskiskip: Kr.			
1. á Skipaskaga alt að 75			
2. á Gerðatanga 100			
	175	175	
XIX. Viðhald eldri sjómerkja og uppsetning nýrra	200	2,000	
XX. Ýmislegur vitakostnaður	1,100	500	
	28,175	51,625	79,800
Samtals	... ...	... ...	1,036,700

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 579,740 kr.

	1912.	1913.	Alls
A.	kr.	kr.	kr.
Andlega stéttin: Kr.			
a. 1. laun biskups 5,000			
2. skrifstofukostnaður 1,000	6,000	6,000	
b. Önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	3,500	3,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum	4,500	4,000	
3. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	4,000	4,000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs	40,000	40,000	
5. Til síra Jóhannesar Lynge til að byggja baðstofu á Kvennabrekku . ... Við ábúendaskifti sé skilað húsi, er sé 1200 kr. virði auk andvirðis hinnar gömlu baðstofu með álagi.	1,200		
6. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju	400		
	59,600	57,500	
Flyt...	...	...	117,100

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	... ...	... ...	117,100
	B. Kenslumál:				
I.	Til háskólans:				
	a. Laun		34,600	34,600	
	b. Aukakensla:	kr. kr.			
	1. Til héraðslæknisins í Reykjavík...	800 800			
	2. Til kennarans í efnafræði	400 400			
	3. Til kennarans í lagal. læknisfræði	300 300			
			1,500	1,500	
	c. Styrktarfé:	kr. kr.			
	1. Námsstyrkur...	5,400 5,400			
	2. Húsaleigustyrkur... ...	3,600 3,600			
	3. Utanfararstyrkur læknaefna	300 300			
			9,300	9,300	
	d. Til bókakaupa m. m.:	kr. kr.			
	1. Bókakaup	1,800 1,800			
	2. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik...	200 200			
			2,000	2,000	
	e. Til útgáfu kenslubóka		2,000	2,000	
	f. Eldiviður ljós og ræsting...		1,050	1,050	
	g. Önnur gjöld...		650	650	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 280 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.				
			51,100	51,100	102,200
		Flyt...	... ...	... ...	219,300

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...		... ...	... ...	219,300
II.	Mentaskólinn almenni:				
	a. laun...		19,200	19,200	
	b. aðstoðarfé:	Kr.			
	handa söngkennaranum	600			
	— fimleikakennaranum ...	700			
	til dyravarðar	1,000			
	fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans	200	2,500	2,500	
	c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.		
	1. til bókasafns skólans	400	400		
	2. — eldiviðar, ljósa og vatns...	1,400	1,400		
	3. — skólahússins utan og innan	1,400	1,400		
	4. til fasts aukakennara	1,600	1,600		
	5. — annarar tímakenslu og til prófdómenda ..	3,200	3,200		
	6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720	720		
	7. námsstyrkur... ...	2,000	2,000		
	8. læknisþóknun	100	100		
	9. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200		
	10. til vísindalegra áhalda við kenslu	300	300		
	11. til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000		
	Flyt...	13,320	13,320	21,700	21,700	219,300

		1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
	Flutt...	13,320	13,320	21,700	21,700	219,300
	12. til áhalda við fimleikakenslu..	100	100			
	13. til verðlaunabóka ...	300	300	13,720	13,720	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk við mentaskóla, má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.			35,420	35,420	70,840
III.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri:					
	a. laun ... ... Af þessari upphæð eru 400 kr. hvort árið persónuleg launaviðbót til 3. kennara skólans, præp. hon. Jónasar Jónassonar.			9,000	9,000	
	b. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna.	600	600			
	2. til eldiviðar og ljósa	800	800			
	3. — tímakenslu og aukakenslu	3,200	3,200			
	4. til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	800	800			
	5. ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,600	1,600			
				7,000	7,000	
				16,000	16,000	32,000
IV.	Kennaraskólinn:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	a. laun	6,600	6,600			
	b. önnur útgjöld:					
	1. tímakensla	1,200	1,200			
	2. til aukakennara ..	1,000	1,000			
	3. eldiviður og ljós ...	800	800			
	4. bókakaup og áhöld..	300	300			
	5. námsstyrkur ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	1,500	1,500			
	6. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200	12,600	12,600	25,200
			Flyt...	... ..	... ...	347,340

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	.....	.....	347,340
V. Stýrimannaskólinn:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld: 1912 Kr. 1913 Kr.			
1. til tímakenslu 1,000 1,000			
2. — áhaldakaupa o. fl. 400 400			
3. — eldiviðar og ljósa 400 400			
4. ýmisleg útgjöld ... 600 600	2,400	2,400	
	5,600	5,600	11,200
VI. Til annarar kenslu: 1912 Kr. 1913 Kr.			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans i Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarsstaðar að en úr landssjóði 6,000 6,000			
2. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að 2,000 2,000			
3. námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... ... ... 600 600			
	8,600	8,600	
b. 1. Til barnaskóla þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000...	24,000	24,000	
Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarsstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers	18,000	18,000	
Styrkur þessi veitist gegn því að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða			
Flyt...	50,600	50,600	358,540

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	50,600	50,600	358,540
annarsstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ...	20,000	20,000	
4. tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	1,000	1,000	
5. til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
6. a. laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. til eftirlitsferða eftir reikningi ...	600	600	
c. til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi	200	200	
c. Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1000 kr. til hvers, alt að ...	8,000	8,000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið hefir sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingaskóla $^{10}/_{9}$ 1910, og að þeir njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.			
d. Til unglingaskólahalds á Ísafirði alt að	1,500	1,500	
e. Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði alt að	1,200	1,200	
f. Til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík alt að	500	500	
Styrkurinn til allra þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða.			
g. Til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði	1,500	1,500	
h. Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að	600	600	
Flyt...	91,200	91,200	358,540

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	91,200	91,200	358,540
	i. til gagnfræða- og alþýðuskólans í í Flensborg	7,000	7,000	
	j. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
	k. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
	l. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
	m. til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7,000	7,000	
	n. til kenslu blindra barna í Danmörku gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
		107,500	107,500	
VII.	Til sundkenslu:			215,000
	a. í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram, að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
	b. til sundkenslu annarstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,200	1,200	
	c. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi	450	450	
	d. Ferðastyrkur til leikfimiskennara Björns Jakobssonar til þess að sækja alþjóðamót um líkamsuppeldi, sem haldið verður í Odense í sumar	300		
		2,250	1,950	4,200
VIII.	Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	.....	.....	579,740

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 166,040.

	1912	1913	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið;					
a. laun landsbókavarðar ..	3,000	3,000			
b. — 1. bókavarðar.. ...	1,500	1,500			
c. — 2. bókavarðar... ...	1,000	1,000			
d. til að kaupa bækur og handrit.	6,000	6,000			
e. til bókbands...	1,700	1,800			
f. til kostnaðar við spjaldskrár (eftir reikningi) ...	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið..	360	360			
k. ýmisleg útgjöld	250	250	16,310	16,410	
2. Landsskjalasafnið:	kr.	kr.			
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. laun aðstoðarskjalavarðar	960	960			
c. til að binda inn, búa um skjöl o. fl.	900	900			
d. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600	600			
e. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.	250	250	4,510	4,510	
3. Þjóðmenjasafnið:	kr.	kr.			
a. laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að...	800	800			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,500	1,500			
d. til að gefa út safnskrá (Katalog) alt að.	500	»			
e. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að	1,000	1,000	5,600	5,100	
Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. Júní til 15. September 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
		Flyt...	26,420	26,020	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	26,420	26,020	
4. Náttúrufræðisfélagið: ... ... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.	1,000	1,000	
5. Landsbókasafnshúsið: kr. kr.			
a. til eldiviðar, ljósa o. fl. ... 3,200 3,200			
b. til dyravarðar. 1,400 1,400			
c. til viðhalds og áhalda ... 2,000 1,000	6,600	5,600	
6. Til kaupstaðarbókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði..	2,000	2,000	
7. Til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur...	500		
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði, ...	1,500	1,500	
9. Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
10. Til Þjóðvinafélagsins	750	750	
11. Til Fornleifafélagsins ... ... Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið	400	400	
12. Til sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...	750	750	
13. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbréfasafni ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.	800	800	
14. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra...	1,000	1,000	
15. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi	2,000	2,000	
16. Til bindindissameiningar Norðurlands ... Þessi 2 síðastnefndu félög gefi stjórnarráðinu reikning fyrir, hvernig fénu er varið.	300	300	
17. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
Flyt...	46,420	44,520	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	46,420	44,520	
18. Til Jóns sagnaskálds Stefánssonar	1,200		
19. Til Jóns Ófeigssonar til að fullsemja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók, er sé eigi minni en 45 arkir prentaðar	1,500	1,500	
20. Til Einars skálds Hjörleifssonar	1,200	1,200	
21. Til Þorsteins Erlingssonar skálds..	1,200	1,200	
22. Til síra Valdimars Briem's.	800	800	
23. Til Guðm. skálds Magnússonar	1,200	1,200	
24. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ...	600	600	
25. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds... ...	400	400	
26. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
27. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
28. Til Jónasar Jónssonar til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng (Hymnologi) frá 1550 til 1900	600	600	
29. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins... ...	500	500	
30. Til Karls Sveinssonar frá Hvammi til þess að fullkomna sig í rafmagnsfræði í Þýzkalandi	600	600	
31. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
32. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að .	2,000	2,000	
33. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands.. ...	1,000	1,000	
34. Til Hannesar Þorsteinssonar alþingismanns til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum...	2,500	2,500	
35. Til landmælinga á Íslandi...	5,000	5,000	
36. Til dr. Helga Péturss til jarðfræðisrannsókna...	2,000	2,000	
37. Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,500	1,500	
38. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að... ...	1,500	1,500	
39. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar...	600	600	
40. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina alt að	600	600	
41. Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings til þess			
Flyt...	74,570	71,470	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	74,570	71,470	
að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík	300		
42. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ...	400	400	
43. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur	400	400	
44. Til jarðskjálftarannsókna	550	550	
45. Til Jóns Sigtryggssonar Espólíns til þess að nema vélfræði í Mittweida á Þýzkalandi .	800	800	
46. Til ungfrú Kristínar Jónsdóttur til framhaldsnáms í dráttlist	500	500	
47. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
48. Til Einars Jónssonar myndasmiðs... ...	1,200	1,200	
49. Til Guðmundar heimspekings Finnbogasonar, til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
50. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands	600	600	
	84,720	81,320	
Samtals...	.....	.....	166,040

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 433,294.

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
1.	Til bændaskólans á Hólum:				
	a. laun		2,700	2,700	
	b. til aðstoðarkennara..		1,000	1,000	
	c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.		
	1. til verklegrar kenslu...	700	700		
	2. til kensluáhalda ...	500	500		
	3. til eldiviðar og ljósa...	800	800		
	4. til styrkveitinga nemendum...	400	400		
	5. til að kaupa trésmíðaáhöld	800	»		
	6. ýmisleg útgjöld. ...	1,000	1,000		
	d. til að byggja leikfimishús úr steinsteypu alt að ...	6;000	»		
			10,200	3,400	
2.	Til bændaskólans á Hvanneyri:				
	a. laun		2,700	2,700	
	b. til aðstoðarkennara.		1,000	1,000	
	c. önnur útgjöld:	Kr.	Kr.		
	1. til verklegrar kenslu. ...	700	700		
	2. til kensluáhalda	500	500		
	3. til eldiviðar og ljósa. ...	700	700		
	4. til styrkveitinga nemendum	400	400		
	Flyt...	2,300	2,300	17,600	10,800	

		1912 Kr.	1913 Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
	Flutt ..	2,300	2,300	17,600	10,800	
	5. ýmisleg útgjöld	800	800	3,100	3,100	
3.	Til Torfa Bjarnasonar			1,500	1,500	
4.	Til bryggjugerðar í Vestmannaeyjum			5,000		
5.	Til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslur...			3,000		
6.	Til Eiðaskólans til verklegrar búnaðarkenslu...			1,500	1,500	
7.	Til »Sambands íslenzkra samvinnufélaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfélagsskap og öðrum samvinnufélagsskap ... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarsstaðar að.			500	500	
8.	Til búnaðarfélaga...			22,000	22,000	
9.	Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið ...			54,000	54,000	
10.	Laun skógræktarstjóra..			3,000	3,000	
11.	Til skóggræðslu.. ... ... Skógræktarstjóri hagi ferðum sínum um landið eftir samráði við landsstjórnina.			8,000	8,000	
12.	Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ...			1,000	1,000	
13.	Styrkur til Ungmennafélags Gagnfræðaskólans á Akureyri til að koma upp leikvelli...			400		
14.	Til sandgræðslu			4,000	4,000	
15.	Styrkur til samvinnu-smjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49. 10. nóv. 1905, að undanskildum þeim smjörbúum, er notið hafa styrks úr landssjóði 10 ár eða lengur ...			12,000	10,000	
16.	Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	a. laun	3,000	3,000			
	b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500	3,500	3,500	
17.	a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
	c. Styrkur til að semja dýralækningabók alt að			400		
18.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna			300	300	
19.	Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis ... ... Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun.			1,200	1,200	
20.	Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri			1,000	1,000	
			Flyt...	145,800	128,200	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	145,800	128,200	
21. Til kvenfélagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds	1,000	1,000	
22. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík	5,000	5,000	
23. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til kvöldskólahalds	1,000	1,000	
24. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds..	1,000	1,000	
25. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds.. ... ... Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 reksturskostnaðar.	400	400	
26. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,500	2,500	
27. Til Páls Jónssonar frá Djúpavogi til þess að fullgera og kaupa einkaleyfi á atkvæðavél	600		
28. Handa hæfum manni fyrst til utanfarar um nokkra mánuði til að kynna sér verkun og flokkun á ísl. ull undir markaðinn og því næst til að ferðast um landið og kynna bændum meðferð á ull til útflutnings á markaðinn	1,200	1,200	
29. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir 4/5 reksturskostnaðar	5,000	5,000	
30. Til viðskiftaráðunauta, alt að	12,000	12,000	
31. Heiðursgjöf til prósessors við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn C. O. Jensen	2,000		
32. Til byggingafróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar ..	1,600	1,600	
33. Til sama, eftir teikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að	400	400	
	1912 1913		
34. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	Kr. Kr. 7,800 7,800		
b. Til ferðakostnaðar. ...	400 400		
	8,200	8,200	
35. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði ...	1,200	1,200	
36. Til Fiskifélagsins	2,500	2,500	
37. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
Flyt...	191,760	171,560	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	191,760	171,560	
38. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
a. laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. til húsaleigu	700	700	
c. til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500	
39. Til fiskiveiðasjóðs Íslands...	6,000	6,000	
40. Leiga eftir Gullfoss...	300	300	
41. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	300	300	
42. Styrkur til Samábyrgðarinnar	5,000	5,000	
43. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...	600	600	
44. Til bryggjugerðar á Húsavík, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almennings nota.	... ...	3,000	
45. Til aðgerðar og umbóta á bryggjunni í Krossvík á Akranesi ... ... Styrkurinn veitist hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota og að hreppurinn annist og ábyrgist viðhaldið.	1,000	... ...	
46. Til lendingarsjóðs Bolvíkinga ... ... Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur sjóðsins.	1.000	... ...	
47. Styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði, alt að ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að annars staðar frá komi að minsta kosti 3/4 hlutar kostnaðarins, og að bryggjan verði bygð undir umsjón verkfræðings landsins.	25,000	... ...	
48. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.	3,000	... ...	
49. Til síra Arnórs Árnasonar í Hvammi uppgjöf á eftirstöðvum af húsbyggingarláni ...	174	... ...	
50. Styrkur til hlutafélagsins klæðaverksmiðjan Iðunn	6,000	... ...	
	243,334	189,960	
Samtals...	... ...	... ..	433,294

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 158,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimanna-skólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 100 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eirikssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði kr. 321,017.34, greiðist af viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1911 og hafi í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum eftir tillögum landbúnaðarfélagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, séu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum.

5. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfélags Íslands og gegn ábyrgð sveita eða sýslufélaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr. til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

7. Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

8. Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

9. Úr viðlagasjóði má lána Ásahrepp í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins alt að 30,000 kr. til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og lands þess er að henni liggur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

10. Úr viðlagasjóði má veita niðursuðuverksmiðjunni »Ísland« á Ísafirði alt að 50,000 kr. lán gegn 1. veðrétti í verksmiðjunni og annari tryggingu, er stjórnin telur gilda. Lánið ávaxtast með $4^1/_2$ % og endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum á 18 árum.

11. Ráðherra veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd alt að 60,000 kr. lán, er sýslufélag Vestmannaeyja hefir í hyggju að taka til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

12. Afborgunarfrest af viðlagasjóðsláni til Verksmiðjufélagsins á Akureyri, er tekið var 18. janúar 1908, má framlengja til 31. desember 1915. Úr því endurborgist lánið með jöfnum árlegum afborgunum á 15 árum.

Ed.

805. Breytingartillögur

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

1. Á eftir 1. gr. frumvarpsins komi:
   Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stj.skr.) komi tvær nýjar greinar.
2. Formáli 3. gr. »Á eftir.... .ný gr.« falli burtu.
3. 4. gr. Á eftir 1903 komi: (3. gr. stj.skr.).
4. 5. gr. Milli »5. gr.« og meginmálsgreinarinnar komi:
   4. gr. stj.skr. falli burtu, en í hennar stað komi:
5. 6. gr. Milli »6. gr.« og meginmálsgreinarinnar komi:
   8. gr. stj.skr. falli burtu, en í hennar stað komi:
6. 6. gr. Fyrir: »9« komi: 10.
7. 6. gr. Aftan við greinina bætist: »frá þingrofi«.
8. 9. gr. Milli »9. gr.« og meginmálsgreinarinnar komi:
   5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stj.skr.) falli burtu, en í hennar stað komi:
9. 9. gr. Fyrir: »10 þingmenn.....þar til með« komi: 14 þingmenn, 10 kosnir hlutfallskosningum um land alt og 4, er sameinað Alþingi kýs.
10. 11. gr. Á eftir 1903 komi: (17. gr. stj.skr.)
11. 11. — Fyrsta málsgrein orðist svo:
    Kosningarrétt til óhlutbundinna kosninga til Alþingis hafa karlar og konur, sem eru fædd hér á landi eða hafa átt hér lögheimili síðastliðin 5 ár, eru ekki í vist eða vistskyld og eru 25 ára, er kosningin fer fram.
12. 11. — Orðin »standi hann« í annari málsgr. falli burtu.
13. 12. — 18. gr. stj.skr. orðist þannig: Kjörgengur til Alþingis er hver sá, sem kosningarrétt á, ef hann ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu þess.
    Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir verið þar skemur en eitt ár.
    Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.
14. 13. gr. Á eftir »1903» komi: (19. gr. stj.skr.).
    13. gr. Fyrir: »þessari grein« komi: þessu í sömu línu.
15. 14. gr. Fyrir: »á eftir 19« komi: á undan 20.
16. 15. gr. Á eftir: »1903» komi: (1. málsgr. 25. gr. stj.skr.).
17. 15. gr. Fyrir: »fjárlaganefndarinnar« komi: fjárlaganefndar.
18. 16. gr. Orðin: »eða hverir« í 6. línu gr. falli burtu.
19. 16. gr. Fyrir: »lagaboði« í enda fyrri málsgr. komi: lögum.
20. 18. gr. Á eftir: »1903» komi: (34. gr. stj.skr.).
21. 20. gr. Fyrir orðin: »en gjalda skal ... ... landinu« komi: »Nú er maður utanþjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til barnafræðslu, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda

heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sé í landinu«.

22. 23. gr. Fyrir orðin: »neðri deild Alþingis« komi: »Alþingi« (sbr. þó 10. gr.).
23. 24. gr. 1. málsgr. Fyrir orðin: »kjósenda ... ... land alt« komi: »Alþingiskjósenda«.
24. 24. gr. 2. málsgr. Orðin: »neðri deildar« í annari línu falli burtu.
25. 24. gr. Fyrir »útrunninn« í síðustu línu síðustu málsgr. komi: »liðinn«.

Nd. **806. Tillaga**

til þingsályktunar um ferðir millilandaskipanna.

Flutningsmenn: Sigurður Gunnarsson og Skúli Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. að millilandaskipin verði látin koma við í Bolungarvíkurverzlunarstað í suðurleið í sept.- og marzmánuðum ár hvert, áður en þau koma til Ísafjarðarkaupstaðar, og
2. að millilandaskipin verði látin koma við í Stykkishólmi jafn-oft og árið sem leið (1910).

Nd. **807. Nefndarálit**

um þingsályktunartillögur um strandferðir (þskj. 107, 118, 164, 185).

Fyrir nefndinni hafa legið til meðferðar: Þingsályktunartillaga á þskj. 107 og 2 viðaukatillögur við hana (þskj. 118 og 185) og þingsályktunartillaga á þskj. 164.

Allar þessar tillögur fara fram á það, að strandbátarnir komi framvegis oftar við á ýmsum stöðum umhverfis landið, en áætlanir þær, sem nú eru í gildi gera ráð fyrir. Auk þess er á þskj. 164 farið fram á nokkrar fleiri breytingar.

Nefndin fellst að mestu leyti á þessar tillögur, sérstaklega þar, sem svo er háttað, að strandbátunum er mjög lítil töf að því, að koma oftar við en verið hefir, en landsmönnum hinsvegar talsverður hagræðisauki. Ætlast nefndin til, að ekki sé þó gengið lengra í þessa átt en svo, að bátarnir geti haldið áætlun svipað og verið hefir.

Hefir nefndinni gefist kostur á, að eiga tal við báða skipstjóra strandbátanna (»Vestra« og »Austra«). Hafa þeir, fyrir sitt leyti, tekið vel í breytingar þær, er nefndin ræður deildinni til að aðhyllast.

Að því er kemur til þskj. 107, ræður nefndin til að 1. liður tillögunnar verði samþyktur. Með 2. liðnum þorir nefndin ekki að mæla, með því það mundi auðveldlega geta orðið þess valdandi, að báturinn gæti ekki haldið á-

ætlun, enda er sérstakur flóabátur ætlaður Ísafjarðardjúpi. 3. liðurinn á ekki heima í tillögu um *strandferðir;* en mætti athugast í sérstakri þingsályktunartillögu.

Um tillöguna á þskj. 118 er það að segja, að nefndin ræður til, að strandbáturinn verði látinn koma við á Búðum og Hellissandi í hverri ferð fram og aftur einnig í Ólafsvík og Stykkishólmi, með því krókurinn er enginn. Svo vill nefndin og mæla með, að hann komi við í 2. og 5. ferð á Kvíabryggju fram og aftur.

Tillöguna á þskj. 185 vill nefndin taka til greina þannig, að strandbátnum verði gert að skyldu, að koma við í Selvík á Skaga í tveim ferðum fram og aftur. Krókurinn er enginn.

Þá er tillagan á þskj. 164.

Nefndin aðhyllist 1. lið; telur »e/s Perwie« ekki viðunanlegt skip, enda hefir hlutaðeigandi gufuskipafélag lofað betra og hentugra skipi, þótt þess hafi eigi orðið efndir enn.

Þá vill nefndin mæla með 2. lið.

Nefndinni virðist engin ástæða til, að suðurlandsbáturinn hefji ferðir sínar $^1/_2$ mánuði síðar en hinir strandbátarnir.

3. liðinn fellst nefndin og á. Breytingin er í sjálfu sér engin, þótt endastöð bátsins verði ákveðin á Eskifirði, því að þar hefir hún áður verið í reyndinni, þótt áætlunin hafi ekki mælt svo fyrir.

Þá stingur nefndin upp á, að Suðurlandsbáturinn verði látinn koma við í Papey. Leiðin liggur þar rétt fram hjá. Verður það nýr liður í tillögunni.

4. lið tillögunnar felst nefndin á með þeirri viðbót, að viðkomustaðurinn við Ingólfshöfða verði ákveðinn að eins í austurleið.

Við 5. liðinn vill nefndin að gerð verði sú breyting, að í stað orðanna: »helzt í hverri ferð« komi: einkum í suðurleið í 1. og 6. ferð, og í austurleið í 2. ferð.

Til hægðarauka og glöggvunar færir nefndin allar tillögurnar saman á eitt skjal, og ræður háttvirti deild til að samþykkja svo látandi:

TILLÖGUR

til þingsályktunar um strandferðir.

Neðri deild alþingis skorar á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að strandbáturinn komi við í Bolungarvíkurverzlunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu í hverri ferð sinni fram og aftur.
2. Að strandbáturinn verði látinn koma við í Selvík á Skaga í tveimur ferðum fram og aftur (fyrstu og seinustu ferð).
3. Að strandbáturinn verði látinn koma við á Búðum og Hellissandi fram og aftur í hverri ferð og Kvíabryggju í Eyrarsveit í 2. og 5. ferð.
4. Að strandbáturinn »Austri« komi oftar við á Djúpavog en nú, einkum í suðurleið í 1. og 6. ferð og í austurleið í 2. ferð.
5. Að suðurlandsbáturinn verði látinn hafa viðkomustað við Ingólfshöfða í Öræfum í 1 eða 2 ferðum um hásumarið í austurleið.
6. Að suðurlandsbáturinn verði látinn koma við í Papey.

7. Að í stað strandferðabátsins »Perwie« komi viðunanlegt skip hið fyrsta.
8. Að suðurlandsbáturinn hefji ferðir sínar í miðjum apríl, eins og hinir strandferðabátarnir.
9. Að suðurlandsbáturinn hafi aðal-endastöð að austan á Eskifirði, en fari þó öðru hvoru til Seyðisfjarðar.

Neðri deild alþingis, 27. apríl 1911.

Þorleifur Jónsson, form. og framsögumaður.	Sigurður Gunnarsson, skrifari.

Björn Sigfússon. Jón Jónsson, S.-M. Einar Jónsson.

Ed. **808. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Gunnari Ólafssyni.

Við 16. gr. Á eftir 14. lið komi nýr liður, sem verður 15. liður svo hljóðandi:

Til þess að veita vatni úr Ásakvíslum á Meðallandssandana til varnar frekari sandágangi og til sandgræðslu, fyrra árið alt, að 3,500,00.

Liðatalan breytist eftir þessu.

Ed. **809. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til laga um eiða og drengskaparorð.

Nefndin ræður háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið, eins og það er komið frá háttvirtri neðri deild.

Efri deild alþingis, 29. apríl 1911.

Gunnar Ólafsson, formaður.	Ari Jónsson, skrifari og framsögum.

J. Havsteen.

Nd.

810. Frumvarp

til laga um sölu á kirkjujörðinni Sigurðarstöðum í Presthólahreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Presthólahreppi í Þingeyjarsýslu kirkjujörðina Sigurðarstaði þar í hreppi, fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó ekki lægra en 7,500 kr., og með þeim öðrum skildögum, sem ákveðnir eru í lögum um sölu kirkjujarða.

Ed.

811. Frumvarp

til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

[Prentað af nýju].

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón bæjarverkfræðingsins, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Má í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsið. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum.

Lóðareigendur skulu greiða:

A. $2^1/_2{}^0/_{00}$ af fyrstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra.

$2^0/_{00}$ af næstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverðinu.

$1^0/_{00}$ af þeirri upphæð er brunabótavirðingarverðið fer yfir 20,000 krónur.

Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sé eldra hús rifið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.

B. 45 aura fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu, þó því að eins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist, þegar búið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsi hafa verið lögð í áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni.

3. gr.

Steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir skulu kostaðar að $^2/_3$ úr bæjarsjóði en að $^1/_3$ af þeim, sem lóðir eiga, er teljast til götunnar þeim megin, sem gangstéttin er.

Kostnaði þeim, sem lóðareigendum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstétt hefir verið lögð í, eftir lengd lóðanna með fram götunni.

4. gr.

Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðaeigendum og húseigendum samkvæmt 1. og 2. gr., eru tryggðar með veðrétti í húseignunum og hefir sá veðréttur forgangsrétt fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt alt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá alt að 5% ársvexti.

5. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sér sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans og má fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma það.

Til þess að standast straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, má leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sé hún miðuð við það, hve oft er hreinsað. Húseigandi greiðir gjaldið.

6. gr.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

Ed. **812. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 13. gr. D. II. 2.

Á eftir tölul. 2 komi nýr liður:

3. talsími frá Ísafirði til Suðureyrar í Súgandafirði f. á. alt að 6,200 kr. gegn tillagi að $^1/_3$ til frá héraðinu.

Ed. **813. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Við 22. gr.
Á eftir 12. tölul. komi nýr liður:
13. Vestur-Ísafjarðarsýslu endurgreiðist 2,500 kr. af framlagi hennar til talsímans frá Ísafirði til Patreksfjarðar, og dregst sú upphæð frá láni sýslunnar úr viðlagasjóði.

Ed. **814. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911 (á þingskj. 791).

Háttvirt neðri deild hefir breytt frumvarpinu þannig, að gjöldin samkvæmt því eru nú 67 þús. kr. hærri, en þegar frumvarpið fór héðan úr deildinni. Eru aðal-breytingarnar í því fólgnar, að setja inn að nýju fjárveiting til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja með þeirri viðbót, að einnig verði settar upp 3 loftskeytastöðvar í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum. Kostar þetta samtals 60 þús. krónur.

Þá hefir Nd. enn fremur sett inn að nýju byggingarstyrk til kvennaskólans á Blönduósi.

Á þessar breytingar getur meiri hluti nefndarinnar ekki fallist og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja við frumvarpið þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 4. gr. Við D. II. Liðurinn »Til ... ... Vestmannaeyja ... .. 40,000,00« falli burt.

2. — - — — D. II. Liðurinn »Til þriggja ... ... Hornafirði alt að ... ... 20,000,00« falli burt.

3. — 5. — — B. VIII. Liðurinn falli burt.

Alþingi 29. apríl 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson. Stefán Stefánsson.

Sigurður Hjörleifsson.

Ed. **815. Tillaga**

til þingsályktunar um breyting á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðsson«.

(Eftir fyrri umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að samþykkja eftirfarandi breytingar og viðauka við reglur þær um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«, sem settar voru á alþingi 24. ágúst 1881 og staðfestar af konungi 27. apríl 1882:

1. gr.

1. gr. orðist svo: Sjóðurinn skal vera í vörzlum Stjórnarráðs Íslands, sem annist um að hann ávaxtist.

2. gr.

2. gr. orðist svo: Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, og annars kostar til þess að styrkja útgáfur slíkra rita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmentum þess, lögum, stjórn eða framförum.

3. gr.

Fyrir orðið: »Landshöfðingi« í upphafi 4. gr. komi: Stjórnarráð Íslands.

Breytingar þessar skal færa inn í meginmál reglna um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« frá 24. ág. 1881, og síðan leita staðfestingar konungs á reglum þessum í heild.

Nd. **816. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjskl. 3. okt. 1903: »Ráðherra Íslands má eigi ..... falið að veita« falli burt; en í staðinn komi: Landsjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungs fund.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjskr.) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal

gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjskr.) falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti. Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánara ákveðið með lögum.

Hver ráðherra skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni, er honum eru sérstaklega falin, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra sá, er mál skal flytja fyrir konungi, fer á konungs fund, þá er nauðsyn krefur, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það; þó skal engum vikið frá embætti til fullnaðar, nema honum sé áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

6. gr.

8. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur getur rofið Alþingi með þeim takmörkunum, sem segir í 10. gr., og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er þingið var rofið, og skal Alþingi stefnt saman innan árs frá þingrofi.

7. gr.

11. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána og ætið skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

8. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjskr. falli burt, en í þeirra stað komi: Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

9. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stjskr.) falli burt, en í hennar stað komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 14 þingmenn, 10 kosnir hlutfallskosningum um land alt og 4, er sameinað Alþingi kýs óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtíma neðri deildar í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímanum.

Breyta má tölum þessum með lögum, sé tölu þingmanna breytt.

10. gr.

16. gr. stjskr. falli burt, en í stað hennar komi: 30 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sérstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum, eftir því sem kosningarlög mæla fyrir, en 10 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 12 ára, 5 þingmenn á 6 ára fresti og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þessara 10 þingmanna. Nú deyr einhver þeirra þingmanna, sem kosnir eru í kjördæmum, á kjörtímabilinu, eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti meðal þeirra, sem kosnir eru hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varaþingmaður sá, er í hlut á.

Nánari reglur um hlutfallskosningar 10 efri deildar þingmanna og varaþingmanna skulu settar með sérstökum lögum.

11. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjskr.) falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrétt til óhlutbundinna kosninga til Alþingis hafa karlar og konur, sem eru fædd hér á landi eða hafa átt hér lögheimili síðastliðin 5 ár, eru ekki í vist eða vistskyld og eru 25 ára, er kosningin fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag og missir konan eigi kosningarrétt fyrir það.

Með sömu skilyrðum hafa og karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, hlutfallskosningarrétt til efri deildar.

Hjúum og vistskyldu fólki má veita kosningarrétt með einföldum lögum.

12. gr.

18. gr. stjskr. orðist þannig: Kjörgengur til Alþingis er hver sá, sem kosn-

ingarrétt á, ef hann er ekki þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu þess.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir verið þar skemur en eitt ár.

Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

13. gr.

7. gr. stjskl. 3. okt. 1903 (19. gr. stjskr.) falli burt, en í staðinn komi: Reglulegt Alþingi skal saman koma 17. júní eða næsta virkan dag annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaþing sé haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

14. gr.

Á undan 20. gr. stjskr. komi ný grein svo látandi: Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

15. gr.

8. gr. stj.skl. 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjskr.) falli burt, en í staðinn komi: Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer. Breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, sem hafa í för með sér ný eða aukin útgjöld, mega ekki aðrir bera fram á Alþingi en ráðherrar eða meiri eða minni hluti fjárlaganefndar í hvorri þingdeild um sig.

16. gr.

26. gr. stjskr. falli niður, en í staðinn komi: Sameinað alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess að tekjur landsins séu þar allar taldar og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. stjskr. falli niður, en í staðinn komi: Hvor deild Alþingis um sig sker sjálf úr, hvort þingmenn hennar séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort deildarmaður hefir mist kjörgengi.

18. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga frá 3. okt. 1903 (34. gr. stjskr.) falli niður,

en í staðinn komi svo látandi ný grein: Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og rétt eiga þeir á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt hafa ráðherrar því að eins að þeir sé jafnframt þingmenn.

19. gr.

Aftan við 45. gr. stjskr. bætist: Breyta má þessu með lögum.

20. gr.

Aftan við 47. gr. stjskr. bætist: Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist. Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til barnafræðslu gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sé í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

21. gr.

48. gr. stjskr. falli burt, en í hennar stað komi: Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveðið í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

22. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sérréttindi, er bundin sé við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

23. gr.

61. gr. stjskr. orðist svo:

Tillögur, hvort heldur eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna skal rjúfa Alþingi (sbr. þó 10. gr.) þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarlög.

24. gr.

Með sérstöku lagaboði má kveða á um, að þeim lagafrumvörpum, er Alþingi hefir samþykt, megi skjóta til leynilegrar atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda annaðhvort til samþykkis eða synjunar.

Heimild þessi er þó þeim skilyrðum bundin, að fullur þriðjungur hvorrar þingdeildar og þrjú þúsund kjósendur kretjist atkvæðagreiðslunnar, enda sé sú krafa komin í hendur stjórnarinnar fjörutíu dögum eftir að lögin voru

afgreidd frá Alþingi. Konungsstaðfestingar skal þá fyrst leitað, er kjósendur hafa samþykt alþingisfrumvarpið með atkvæðagreiðslu, eða hinn lögákveðni frestur er liðinn án þess að atkvæðagreiðslu hafi verið krafist.

Undanþegin þessari atkvæðagreiðslu eru fjárlög og fjáraukalög, svo og þau lög, er öðlast skulu gildi áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því, er þau voru afgreidd frá þinginu.

25. gr.

Hvar sem »ráðherra« er nefndur í eintölu í stjórnarskránni eða stjskl. 3. okt. 1903, skal svo skilja, þar sem það á við, sem orðið væri í fleirtölu.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn tíu þingmenn til efri deildar og tíu varaþingmenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulega Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverir hlutfallskosnir þingmenn deildarinnar skuli fara frá eftir 6 ár.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar til efri deildar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

Þegar stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem með þeim eru gerðar, sem og breytingar þær, sem gerðar eru með lögum nr. 16, 3. okt. 1903, á stjórnarskránni 5. jan. 1874, inn í texta stjórnarskrárinnar, og getur konungur þá gefið hana út í heilu lagi sem stjórnarskrá Íslands.

Nd. **817. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Í frumv. stjórnarinnar til fjáraukalaga 1909 og til fjárlaga 1910—1911, sem lögð voru fyrir alþingi 1909, var ætlast til að til símalagninga væri varið á þessum 3 árum 240,000 kr. Af þessum símalagningum sá alþingi 1909 sér eigi fært að fallast á nema litinn hluta af fjárhagslegum ástæðum. Var því frestað símasambandi við Vestmannaeyjar og Stykkishólm og lagning koparþráðar frá Borðeyri til Ísafjarðar og Borðeyri til Sveinatungu. Á næstl. sumri ferðaðist landsímastjórinn víða um land til þess að kynna sér nánar, hvar mest þörf væri á símasamböndum, og athuga og mæla nýjar símaleiðir, og í stuttu máli mynda fyrirhugað símakerfi svo vítt um land alt, sem unt virðist að koma síma, og hugsanlegt er að símasambönd geti borgað sig í nálægri framtíð.

Yfirlit þetta lagði hann fyrir stjórnina næstliðið haust, ásamt tillögum um, að stjórnin tæki upp í fjáraukalög 1911 og fjárlög 1912—1913 nýjar símalagningar, umbætur á símum og kaup á privatsímum, er nemur að áætlunarkostnaði fast að 490 þús. kr. Tók hann þar upp flesta þá síma, sem *brýn* þörf er á að sinni *og líkur til að beri sig*. Fylgja nákvæmar kostnaðaráætlanir um hvern síma um sig. Af þessum tillögum tók stjórnin til greina við samning fjárlagafrumv. einungis lítinn hluta (c. 1/4) eins og kunnugt er, og er það vafalaust af fjárhagsástæðum. Ekki hefir þingið heldur treyst sér til að auka fjárveitingar í fjárlögum í þessu skyni að neinum mun af sömu ástæðum.

Enginn ágreiningur virðist þó um það, hve nauðsynlegt er að tryggja og bæta símasambönd þau, sem fengin eru, og enn síður um hitt, að kauptúnum og þýðingarmeiri atvinnustöðvum er *nærri lífsnauðsyn á*, að komast sem fyrst í símasamband. Þessir staðir og stöðvar, sem ekki ná til símasambands, eða með mjög miklum erfiðleikum, eru að því leyti ver farnir á meðan svona stendur, heldur en áður en nokkrir símar komu hér á landi, að samkepni við hina staðina verður mikið erfiðari, og getur það valdið visnun í viðskiftalífi og atvinnu þeirra. Í verzlun geta þeir síður en áður kept við þá staði, sem símann eiga hægt að nota, og er þá eðlilegt að verzlunin dragist frá þeim. Sama er um þá sem fiskiveiðar stunda. Ef þeir eru án símasambands, verða þeir aftur úr öðrum með að grípa tækifærin, t. d. ná í beituna, þar sem hún fæst, og á meðan hún fæst eða fiskigengdir, þegar þeirra verður fyrst vart. Sama getur verið um önnur viðskifti og atvinnuvegi að segja. Þá má og benda á það, hve landhelgisgæzlan verður auðveldari, þegar hægt er gegn um símann, sem víðast, að segja til botnvörpunga sem dögum saman veiða í landhelgi.

Þetta er nú það sem mælir með því, að hraða símalagningum hér á landi eins mikið og kringumstæður leyfa. En jafnframt mælir og það með því, að meiri hlutinn af hinum fyrirhuguðu símalínum er öruggur að auka símatekjur landssjóðs svo mikið, að sá viðauki ber uppi kostnaðinn, eins og síðar mun sýnt nánar.

Á hinn bóginn er nú fengin reynsla í því á þessu og síðasta þingi (1909), að það er ekki hægt með fjárlagaveitingum að vinna nema mjög hægt að þessu máli, og með því móti verður biðin löng víða, þar sem þörfin til síma er brýn. Út af því verður svo hnotabit þing eftir þing, hverjir sitja skuli fyrir í það og það sinni, og flýtur margt slæmt af því.

Tilgangur flutningsmanna frumv. þess, sem fyrir liggur, er nú að bæta úr þessu á þann hátt, að heimila stjórninni lántöku til þess að koma í verk á tiltölulega stuttum tíma öllu símalagningarkerfi landsímastjórans. Fáist lánið og verði öllu fyrir komið samkvæmt frumv., er þetta léttur vegur, og hefði betur verið tekinn upp fyr. Fyrst og fremst er lagt samstætt símakerfi, að sínu leyti eins og vegakerfi vegalaganna. Þar hafa flest bygðarlög fyrirheiti um símasambönd í náinni framtíð. Þar næst er með lántökunni yfirstiginn hinn fjárhagslegi þröskuldur, og stofnkostnaður mikils hluta af símunum dreifist á langt tímabil, en símarnir koma til gagns mjög bráðlega. Þegar lokið er byggingu og kaupum 1. og 2. flokks síma samkv. frumvarpinu, er áætlað af landsímastjóra, að símatekjurnar nemi 130 þúsund krónur á ári eða vel það. Þar á móti vex ekki reksturskostnaður á landssjóði neitt að sama skapi. Er hann áætlaður, ásamt viðhaldi sínu, tæpl. 73,000 kr. Tekjuafgangurinn því um 57,000 kr. Þessi tekjuafgangur á samkvæmt frv. að ganga til byggingar þeim símum, er skipað er í 3.

flokk. Um þá er ekki til sundurliðuð áætlun, en svo telst til, að þessir símar og aðrar umbætur símakerfisins, er þar eru nefndar, samsvari c. 440 kílómetra landsíma. En tekjuafgangurinn ætti að nægja til lagningar 100 km. símalínu á ári og þar fram yfir alt það sem hjeruðin leggja fram. Ef því símalagningum 1. og 2. fl. yrði lokið 1913 og strax byrjað á 3. flokks símum, ættu þeir símar, sem frumvarpið nefnir, að vera fullagðir 1917, en þá eru 12 ár gengin til þess að leggja fullkomið símakerfi fyrir Ísland. Má það heita vel að verið og hefði verið talið ofurefli á þingi 1905.

Þá er að víkja að hinum einstöku greinum frumvarpsins:

1.—4. gr.

Skifting símanna í flokka er frekar til hægðarauka, en að hún hafi aðra þýðingu. Má líkja 1. fl. símum við þá vegi, er landssjóður leggur að fullu á sinn kostnað. Til þeirra er ekki ætlast til, að héruðin leggi fé. Það eru línurnar, sem tengja kaupstaði landsins við lendingarstað sæsímans, eða tryggja það samband, þar sem sambandið er gert tvöfalt. Síminn frá Húsavík um Norðurþingeyjarsýslu til Vopnafjarðar er talinn til 1. flokks fyrir þá sök, að hann á að tvöfalda og þar með tryggja sambandið á milli lendingarstaðar sæsímans og Reykjavíkur á þeim kaflanum, sem reynst hefir hættulegastur. Svipaða þýðingu á tengilínan á milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar að hafa. Með henni helzt við samband við Reykjavík, þótt síminn bili á Fjarðarheiði, gegnum Eskifjörð til Egilsstaða o. s. frv. Er ekki ólíklegt að slíkt hið sama yrði gert víðar með tímanum. Símum 2. og 3. flokks má líkja til sýsluvega, því til þeirra ætlast frumvarpið til að héruð leggi fé meira og minna, enda lagt til þeirra, sem þegar eru lagðir (sbr. fskj. 1.) Í 2. flokknum eru þeir símar, sem talin er brýnust þörf á og líklegastir eru til að veita góðar tekjur. Lagningu þeirra ætti því að hraða sem mest og til þeirra er lántaka eftir þörfum fyrirhuguð og heimiluð. Í 3. flokk er skipað þeim símum, þar sem þörfin er minni að tiltölu eftir vegalengdum, og lítil líkindi að þeir geti borgað sig fyrst um sinn að minsta kosti, en þó nauðsynlegir samkv. því sem að framan er sagt. Þykir vel til fallið, að tekjuafgangur símakerfisins samkv. framansögðu gangi til þess að leggja þessar símalínur, og þá að líkindum aðrar fleiri þar á eftir.

Hér hefir nefndinni virzt ástæða til að gera þá litlu breyting á, að þoka símalínunum til Hornafjarðar, Grenivíkur og Hvammstanga úr 3. fl. upp í 2. fl. Á þessum stöðum er verzlun og sjáfarútvegur í vexti. Er lausleg áætlun um kostnað til þessara síma þannig:

Til Hornafjarðarsíma (frá Djúpavogi) alt að ...	40,000 kr.
Til Grenivíkursíma alt að	12,000 —
Til Hvammstanga síma	6,000 —
	58,000 kr.

Íslandskort með símakerfinu öllu er til sýnis á lestrarsalnum.

Við 5. gr.

Þar er stjórninni heimilað, eða sama sem falið, að láta framkvæma lagn-

ingar og kaup á þeim símum í 2 fl., sem ekki eru þegar lagðir og eru eign landssjóðs. Þar er og til tekið tillag frá héruðum hinna fyrirhuguðu síma í þessum flokki. Eru þær upphæðir settar að ráði landsímastjóra, enda mun hann óhlutdrægastur, og um leið einna kunnugastur, til þess að gera sanngjarnar tillögur í þessu máli. Er hlutfallið allmisjafnt á tillaginu móts við kostnaðinn allan, og er þar meðal annars haft tillit til þess, að tillagið verði héraðinu ekki ofurefli, og jafnframt hins, ef héraðið hefir ekkert af 1. flokks símum. Þannig er tillagið til Djúpavogssíma eftir frumv. tæplega 10% og er það í lægsta lagi. En gjaldþol er þar líka ekki mikið, en símalína löng og kostnaðarsöm.

Nú hefir nefndin lagt til að í 2. fl. bætist 3 símar, það er að segja, að síminn Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur nái til Hornafjarðar, og að héraðstillagið til allrar þeirrar línu færist því upp í 8000 kr., og er það þá ríflega 10% eftir áætlun. Tillagið til Grenivíkurlínunnar er lagt til að verði 3000 kr. eða um 25%, bygt á því, að síminn sé lagður austan megin Eyjafjarðar. Sæsími mundi verða ódýrari frá Hjalteyri til Höfða í Höfðahverfi, en þá mundu Suðurþingeyingar eigi vilja leggja teljandi tillag fram. Til Hvammstangasímans er tillagið tiltekið 2000 kr. eða um 33%, líkt og hjá Norðurþingeyingum. Er þess að geta, að Húnvetningar hafa 1. flokks síma eftir endilöngu héraði, og hafa ekkert tillag til síma enn sem komið er, fyr en þetta.

Til þess að koma í verk öllum símalagningum 2. flokks, með þeirri viðbót, sem nefndin leggur til, verður að lengja frestinn til framkvæmda um eitt ár, eða til 1914, og er það með ráði landsímastjóra.

Við 6. gr.

Þá er gert ráð fyrir loftskeytastöð í Reykjavík, sem fyrst um sinn yrði einkum vegna sambands við skip og jafnvel loftskeytastöðvar innanlands. En þótt stofnkostnaður yrði meiri, þykir ráðlegra að gera hana svo úr garði, að hún nái til næstu landa, því reksturskostnaður er nálega hinn sami fyrir því. En það hefir komið til orða fyrir nokkrum árum, að koma á loftskeytasambandi frá Norðurameríku yfir Grænland til Íslands. Yrði af því, létti kostnaði við stöð þessa af landinu og hún gæfi góðar tekjur, eða seldist fullu verði, en landsímanum kæmu nýjar tekjur. Nái stöð þessi til Vesturstandar Grænlands, nær hún einnig til Noregs, Skotlands og Íslands, og væri því trygging þegar sæsíminn slitnaði. Af þessum ástæðum er styrkleiki stöðvar þessarar tiltekinn svo mikill.

Við 7. gr.

Með henni er stjórninni heimilað að taka til við byggingu 3. fl. síma þá er hinum er lokið, en að hún leggi í hvert sinn tillögur sínar þar að lútandi fyrir þingið í fjárlagafrumvörpum, að sínu leyti eins og um vegagerðir.

Við 8. gr.

Hér er stjórninni heimiluð lántaka sú, er að framan er á minst. Þykir rétt, að dreifa kostnaðinum við 2. flokks síma á ekki skemra tímabil en 20, en heldur eigi lengra en 30 ár. Láni þessu, svo og kostnaði við símalagningar skal haldið sér og utan við landsreikning, til þess að hægra sé að glöggva sig á því, hvernig símakerfi landsins ber sig.

Við 9. gr.

Sú grein er samhljóða skilyrði því, er áður hefir verið sett í fjárlögin (1907 og 1909).

Alþingi, 30. apríl 1911.

Sigurður Gunnarsson, formaður. (með fyrirvara).

Pétur Jónsson, framsögum. og skrifari.

Jóh. Jóhannesson.

Björn Sigfússon, (með fyrirvara).

Þorleifur Jónsson, (með fyrirvara).

Fylgiskjal I.

Skýrsla

yfir kostnað landssímanna árin 1905—1910, bæði árin meðtalin.

	Tillag hlutaðeigandi hreppa, sýslna, einstakra manna	Útborgun landssjóðs
1905.		
Rannsókn símaleiða milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar		11,000,00
1906.		
Símalína Reykjavík—Seyðisfjörður ca. . . 534,400,00		
÷ tillag frá St. norræna 292,000,00		242,000,00
Vopnafjarðarsíminn.	1,760,00	2,000,00
Að mestu leyti tillag frá einstökum mönnum.		
1907.		
Mjóafjarðarsíminn	5,000,00	1,210,05
Járnþráður Reykjavík—Seyðisfjörður		41,621,19
Staurakaup handa línum:		
Borðeyri—Ísafjörður—Patreksfjörður, Reykjavík—Eystri-Garðsauki og Reykjavík—Gerðar		63,042,51
Rannsókn símaleiða til Ísafjarðar og Patreksfjarðar.		4,024,20
1908.		
Bæjarsímarnir á Akureyri, Seyðisfirði		35,610,52
og Ísafirði A 13. gr. D. II. 10	1,500,00	10,861,20
500 kr. tillag frá P. I. Thorsteinsson & Co. til línunnar til Garðs, 1000 kr. tillag til Hánefsstaðalínunnar.		
Borðeyri— Ísafjörður		114,748,76
Járnþráður Borðeyri—Sauðárkrókur		10,565,67
Reykjavík—Hafnarfjörður.		5,554,12
Hafnarfjörður—Keflavík	7,000,00	12,155,12
Eskifjörður—Fáskrúðsfjörður	7,000,00	13,799,97
6000 kr. frá Búðarhrepp, 1000 kr frá Breiðuvík.		
Ísafjörður—Patreksfjörður	20,000,00	43,312,51
Breiðumýri—Húsavík	6,500,00	13,059,92
1909.		
A 13. gr. D. II. 10 (smásímar)	2,000,00	5,412,80
Fyrir Skálanesslínuna 1000 kr. Fyrir Sveinseyrarlínuna 500 kr. Frá Búðarhreppi 500 kr.		
Akraness og Borgarnesslínurnar	5,400,00	16,204,16
Bolungarvíkurlínan	2,000,00	6,818,20
Reykjavík—Eystri-Garðsauki	10,000,00	30,863,71
Kaup Eskifjarðarsímans	4,000,00	28,000,00
1910.		
Siglufjarðarsíminn	10,000,00	25,000,00 ca.
Koparþráður Reykjavík—Sveinatunga og Akureyri—Vellir.		46,000,00 ca.
A 13. gr. D. II. 3.		7,000,00 ca.
Samtals kr.	82,160,00	790,264,56

Reykjavík 19. apríl 1911.

O. Forberg.

Fylgiskjal II.

Framlög

sýslufélaga, hreppa og einstakra manna til þeirra síma, er þegar eru lagðir eða keyptir af landssjóði, í hlutfalli við stofnkostnað.

1.	Vopnafjörður—Hof	c. 41 %
2.	Mjóifjörður—Seyðisfjörður	- 80 —
3.	Hafnarfjörður—Keflavík	- 36 1/3—
4.	Eskifjörður—Fáskrúðsfjörður	- 33 3/8—
5.	Ísafjörður—Patreksfjörður	- 31 1/3—
6.	Breiðumýri—Húsavík	- 33 3/8—
7.	Ýmsir smáspottar	- 27 —
8.	Akranes—Borgarnes	- 25 —
9.	Bolungarvík—Ísafjörður	- 22 3/4—
10.	Ölfusárbrú—Garðsauki og hliðarlína til Stokkseyrar	- 24 1/3—
11.	Egilsstaðir—Eskifjörður	- 12 1/3—
12.	Siglufjarðarsími	- 28 1/3—

Nd. **818. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Frá nefndinni í símamálinu.

1. Við 1. gr. Fyrir »leggur« komi: byggir.
2. — 3. — Aftan við 21. lið bætist: Hornafjörður.
3. — 3. — Aftan við 22. lið bætist nýir liðir:
   23. Hliðarsími til Grenivíkur.
   24. — — Hvammstanga.
4. — 4. — Orðin »Hornafjarðar«, »Grenivíkur«, »Hvammstanga« falli burt.
   Fyrir »Skagaströnd« komi: Kálfshamarsvík.
5. — 5. — Fyrir »1913« komi: 1914.
6. — 5. — Fyrir »21 . . . . . 3000«
   komi: 21 . . . . . 8000.
7. — 5. — Aftan við »22. . . . . 5000« komi:
   23. 3000
   24. . . . . 2000.
8. — 8. — Fyrir »(sbr. 6. gr.)« komi: (sbr. 7. gr.).

Ed. **819. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Á frumvarpi þessu hafa að eins verið gerðar örlitlar orðabreytingar í háttv. Nd., sem vér teljum vera til bóta, og getum því fallist á.

Leyfum vér oss því að ráðleggja háttv. Ed. til að samþykkja frumvarp þetta eins og það nú liggur fyrir.

Ed. Alþingis, 29. apríl 1911.

Gunnar Ólafsson, form.	Aug. Flygenring, framsm. og skrifari.	Jósef Björnsson.

Ed. **820. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefnd.

1. Við 5. gr. 1. Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:

Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38 hvort árið, til túnasléttunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann slétti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.

2. Við 12. gr. 2. Liðurinn orðist þannig:

Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis ... ... 400—400

Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Árneshreppi og fellur niður þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhérað.

Ed. **821. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

Við 19. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Upphæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eftirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, svo og $^2/_3$ hlutum andvirðis upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum, greiðist í ríkissjóð, sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eftirlitsskipið.

Ed. **822. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913 (þingskj. 804.).

Flutningsm.: Ari Jónsson.

Við 13. gr. B. III. Á eftir 1. lið komi nýr liður, sem verði 2. liður svohljóðandi:

Til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn 3000 kr. fyrra árið.

Ed. **823. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárl. fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Ari Jónsson.

Við 12. gr. 2. Liðurinn breytist og orðist þannig:

Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis 500—500.

Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Árneshreppi og fellur niður þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhéraði.

Ed. **824. Breytingartillögur**

við breytingartillögu á þingskjali 821.

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

1. Orðið: »svo« í 2. línu falli burt.
2. Á eftir orðinu: »ríkissjóð« í síðustu línu bætist inn í: Danmerkur.

Nd. **825. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Flutningsmaður: Hálfdán Guðjónsson.

1. Í stað orðanna: »að undanskildu túni, húsum og sex kúgildum« komi: að undanskildu túni og húsum.
2. Í stað »25,000« kr. komi: 27,000 kr.

Nd. **826. Breytingartillaga**

við breytingartill. á þingskj. 825.

Frá Pétri Jónssyni.

Fyrir »27,000« komi: 25,600.

Ed. **827. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 15. gr. 19. Á eftir orðinu: »orðabók« komi: 60 kr. fyrir örkina alt að.

Ed. **828. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá fjárlaganefnd.

Við 6. gr. Á eftir: »til háskólans í Kristjaníu kr. 400,00« komi nýr liður:

Ferðastyrkur til mag. Guðmundar Finnbogasonar til þess að sækja þúsund ára hátíð Norðmandis sem fulltrúi Íslands alt að kr. 1000,00.

Nd. **829. Tillaga**

til þingsályktunar um læknakosningar.

Flutningsmenn: Jón Jónsson frá Hvanná og Jón Þorkelsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um það, að læknar hér á landi séu framvegis skipaðir í embætti samkvæmt kosningu héraðsbúa þeirra, er hlut eiga að máli.

Ed.

830. Frumvarp

til laga um sölu á kirkjujörðinni Sigurðarstöðum í Presthólahreppi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Presthólahreppi í Þingeyjarsýslu kirkjujörðina Sigurðarstaði þar í hreppi, fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó ekki lægra en 7,500 kr., og með þeim öðrum skildögum, sem ákveðnir eru í lögum um sölu kirkjujarða.

Ed.

831. Nefndarálit

um frumvarp til laga um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

Hv. Nd. hefir framlengt um 1 ár tíma þann, er kandídatar í lögum frá Kaupmannahafnarháskóla eiga að hafa embættisgengi hér á landi, án aukaprófs frá lagaskólanum.

Nefndin telur breytinguna fremur til spillis, en vill þó fremur ráða til að samþykkja frumvarpið óbreytt en leggja það í hættu í sameinuðu þingi.

Alþingi, 1. maí 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður.

Ari Jónsson, skrifari.

Eiríkur Briem.

Nd. **832. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. kafli.

Tekjur:

1 gr.

Árin 1912 og 1913 er ætlast til, að tekjur landsins verði 2,887,400 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 2,581,000.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2. Húsaskattur	13,000	13,000	26,000
3. Tekjuskattur	30,000	30,000	60,000
4. Aukatekjur	55,000	55,000	110,000
5. Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. Vitagjald	30,000	30,000	60,000
7. Leyfisbréfagjöld	6,000	6,000	12,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur	300,000	30,000	330,000
10. Tóbakstollur	160,000	160,000	320,000
11. Kaffi- og sykurtollur	380,000	380,000	760,000
12. Annað aðflutningsgjald	20,000	20,000	40,000
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	9,000	9,000	18,000
14. Pósttekjur	95,000	95,000	190,000
15. Símatekjur	100,000	105,000	205,000
16. Tekjur af Íslandsbanka	12,000	12,000	24,000
17. Óvissar tekjur	10,000	10,000	20,000
Samtals	1,423,000	1,158,000	2,581,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 40,200 kr.:

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls	18,000	18,000	36,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	20,100	20,100	40,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 137,000 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs ... ... Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.	54,000	52,000	106,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
Samtals...	69,500	67,500	137,000

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142.38 hvort árið, til túnasléttunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann slétti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.	2,000	2,000	4,000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ...	2,000	2,000	4,000
Samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1912 og 1913 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,207,817 kr. 34 aurar.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 99,633,34.

		1912—13	
1.	Vextir af 4% láni landssjóðs frá 18. desember 1908 úr ríkissjóði Danmerkur, sem 1. jan. 1912 nemur kr. 433,333,33	17,000,00	15,666,67
	Afborgun af láninu kr. 16,666.67 á hverju missiri	33,333,34	33,333,33
		50,333,34	49,000,00
2.	Til vaxtagreiðslu á 4½% láni landssjóðs frá 26. júlí 1909, sem 1. jan. 1912 nemur 1,375,000 kr. ganga árið 1912 61,312 kr. 50 au. og 1913 59,062 kr. 50 aurar. Afborgun er 50,000 krónur árlega; bæði rentur og afborgun greiðast væntanlega af vöxtum, sem fást af bankavaxtabréfum þeim, sem keypt hafa verið fyrir lánsfjárhæðina, svo og af bréfum þeim, sem út eru dregin og innleyst. Til kostnaðar við lánið veitast	150,00	150,00
		50,483,34	49,150,00
	Alls...	99,633,34	

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 101,000 kr.

		kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
1.	Til ráðherra:				
	a. laun	8,000			
	b. til risnu...	2,000	10,000	10,000	20,000
2.	Til utanferða ráðherra		2,000	2,000	4,000
3.	Laun landritara		6,000	6,000	12,000
4.	Laun þriggja skrifstofustjóra		10,500	10,500	21,000
5.	Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar		16,000	16,000	32,000
6.	Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að		5,000	5,000	10 000
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu		1,000	1,000	2,000
	Samtals...		50,500	50,500	101,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitast 60,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 62,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. eru veittar 225,330 kr.

	1912.	1912.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. Laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	67,300	67,300	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður	4,715	4,715	
Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.			
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	5,100	5,100	
	86,515	86,515	173,030
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.... ... ... kr. 450			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna... 2,600			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur, alt að.. ... 3,600			
d. Kostnaður við sending með póstum 1,000			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímkeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar...	2,500	2,500	
4. Til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,500	1,500	
Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim er óska strandgæzlu og njóta hennar.			
7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ...	1,000	1,000	
Flyt...	21,950	21,950	173,030

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	21,950	21,950	173,030
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	4,000	4,000	
Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.			
	26,150	26,150	52,300
Samtals...			225,330

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 334,080 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	79,700	79,700	159,400
Aðstoðarlæknirinn í Ísafjarðarhéraði skal sitja í Bolungarvíkur verzlunarstað, að því tilskildu að honum verði greiddar að minsta kosti 400 kr. á ári annarstaðar að.			
2. Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis	400	400	800
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Árneshreppi og fellur niður þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhérað.			
3. Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
4. a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	83,200	83,200	166,400

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	83,200	83,200	166,400
6. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík...	1,000	1,000	2,000
Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Fjeldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum á læknaskólanum til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
7. Holdsveikisspítalinn	28,690	28,190	56,880
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: kr. kr.			
1. Laun ... ... 5,290— 5,390			
2. Viðurværi 67—69 manna 12,000—12,000			
3. Klæðnaður ... ... 850— 850			
4. Meðul og sáraumbúðir.. 1,300— 1,300			
5. Eldsneyti ... ... 2,700— 2,700			
6. Ljósmeti .. .. 550— 550			
7. Húsbúnaður og áhöld ... 1,000— 1,000			
8. Viðhald á húsum ... ... 1,800— 1,200			
9. Þvottur og ræsting.. ... 600— 600			
10. Greftrunarkostnaður ... 200— 200			
11. Skemtanir ... ... 300— 300			
12. Skattar o. fl.... ... ... 1,300— 1,300			
13. Ýmisleg útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey 800— 800			
28,690—28,190			
8. Geðveikishælið á Kleppi	19,900	19,900	39,800
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:			
A. Laun læknis 2,700			
B. Önnur útgjöld:			
1. Kaup starfsmanna... ... 3,950			
2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag 14,782 50			
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.) 1,800			
4. Meðul og umbúðir 500			
5. Ljós og hiti 3,600			
6. Viðhald og áhöld 2,300			
7. Þvottur og ræsting 800			
8. Skemtanir 200			
Flyt... 30,632 50	132,790	132,290	265,080

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	30,632 50	132,790	132,290	265,080
9.	Skattar m. m....	1,000			
10.	Óviss útgjöld	600			
		32,232 50			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag	10,585			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu	1,000			
		12,315 90			
	Mismunur:	19,916 60			
9.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		18,000	18,000	36,000
10.	Önnur útgjöld:	Kr.			
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	4,000			
	Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hérað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.				
	b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs	3,000			
	c. bólusetningarkostnaður.	1,000			
	d. til náms yfirsetukvenna	2,000			
	e. til verkfæra handa yfirsetukonum	400			
	f. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ...	4,000			
	g. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
	Flyt...	15,400	150,790	150,290	301,080

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt...	15,400	150,790	150,290	301,080
h. styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar	600			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.				
i. tillag til Önnu Magnúsdóttur f. á.	1,000	17,000	16,000	33,000
Samtals..		167,790	166,290	334,080

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,036,700 kr.

A.		1912.	1913.	Alls
Póstmál.		kr.	kr.	kr.
1. Laun:	Kr.			
a. póstmeistara	4,000			
b. 1. póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík	6,600			
2. póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur	20,800			
c. bréfhirðingarmanna...	8,500	39,900	39,900	
2. Póstflutningur		56,000	56,000	
Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja allskonar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri, fyrirfram auglýstri ferða-áætlun.				
3. Annar kostnaður:	Kr.			
a. skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi alt að	5,000			
b. önnur gjöld	8,000	13,000	13,000	
Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.				
B.		108,900	108,900	
Vegabætur.				217,800
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:				
	1912. 1913			
1. Verkfræðingur landsins:	Kr. Kr.			
a. laun	3,000 3,000			
Flyt...	3,000 3,000	.....	.....	217,800

		1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
	Flutt...	3,000	3,000			217,800
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500			
2.	aðstoðarverkfræðingur ..	2,700	2,700			
3.	skrifstofukostnaður. ...	500	500			
4.	til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna...	1,500	1,500			
5.	eftirlit með vegaviðhaldi	200	200	8,400	8,400	
II.	Flutningabrautir	Kr.	Kr.			
1.	Borgarfjarðarbraut ...	10,000	20,000			
2.	Húnvetningabraut ..	10,000	10,000			
3.	Reykjadalsbraut... ...	15,000	5,000			
4.	Skagfirðingabraut ...	»	10,000			
5.	Grímsnesbraut	10,000	10,000			
6.	viðhald flutningabrauta...	10,500	9,000			
7.	Til brúar á Rangá ...	45,000	»			
8.	Til brúa á flutningabrautinni frá Grund að Saurbæ í Eyjafirði síðara árið: kr. A Finnastaðaá 2,120 - Skjóldalsá ... 3,860 - Djúpadalsá... 3,510 Áhöld og verkstjórn 510		10,000	100,500	74,000	
III.	Þjóðvegir:	Kr.	Kr.			
1.	Mosfellssveitarvegur með brú á Köldukvísl ...	6,000	»			
2.	Brú á Haffjarðará ...	10,000	»			
3.	brýr á Hverfisfljót og Brunná	»	12,000			
4.	Til brúar á Hrútafjarðará	8,000	»			
5.	Til brúar á Rangá í Tungu	»	6,000			
6.	Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal	»	2,500			
7.	Til að setja upp dragferju á Þverá hjá Hemlu	1,600	»			
8.	aðrar vegabætur og viðhald	12,000	12,000	37,600	32,500	
IV.	Fjallvegir			5,000	5,000	
V.	Til áhalda...			2,000	2,000	
			Flyt...	153,500	121,900	217,800

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	153,500	121,900	217,800
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum	300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti	300	300	
VIII. Til dragferjuhalds á Þverá	150	150	
IX. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá alt að...	1,000		
X. Styrkur til akvegarins í Eiðaþinghá gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
XI. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ... ... Fjárveitingin er bundin jafn-miklu tillagi annarstaðar frá.	5,000	5,000	
XII. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fé því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu	2,000		
	163,250	128,650	291,900
C.			
1. Til gufuskipaferða	60,000	60,000	
2. Gufubátaferðir og mótorbáta	42,150	42,150	
Þetta sundurliðast þannig hvort árið:			
1. Til Faxaflóabáts 14,000			
2. Til Breiðafjarðarbáts 7,000			
3. Til Ísafjarðarbáts... 5,500			
4. Til Eyjafjarðarbáts 12,000			
5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði. 1,000			
6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands 1,200			
7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá 400			
8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð 400			
9. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti.. 250			
10. Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu 400			
Styrkirnir til gufubátaferða og mótorbáta veitast með því skilyrði, að bátar þeir, sem notaðir verða, séu að dómi stjórnarráðsins góð skip og hentug til þessara ferða og að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlanirnar.	102,150	102,150	204,300
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafélagið mikla norræna umsamið árgjald (til 1925)	35,000	35,000	
II. Til nýrra landsímalagninga o. fl.	1912.	1913.	
1. talsími frá Borðeyri til Búðardals	Kr. 13,000	Kr. »	
Gegn 4000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.			
Flyt...	13,000	»	35,000	35,000	714,000

	1912.	1913.	1912	1913	Alls
	Kr.	Kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt...	13,000	»	35,000	35,000	714,000
2. talsími frá Búðardal um Stykkishólm og að Hjarðarfelli	38,000	»			
Gegn 8,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.			51,000		
Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.					
III. Til starfrækslu landsímanna m. m.	Kr.	Kr,			
1. a, laun forstjóra landsímanna	3,500	3,500			
b, persónuleg launaviðbót fyrir núverandi forstjóra	1,500	1,500			
2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna..	10,700	10,700			
3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	6,800	6,800			
4. ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu	8,400	8,400			
Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.					
5. ritsímastöð á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	5,900	5,900			
6. símastöð á Borðeyri ...	2,600	2,600			
7. símastöð í Hafnarfirði..	1,000	1,000			
8. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	2,000	2,000			
Þegar sú ábyrgð er liðin, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landsímastöðvar hefir gefið fyrir þátt-töku í reksturs-					
Flyt...	42,400	42,400	86,000	35,000	714,200

	1912 kr.	1913 kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	42,400	42,400	86,000	35,000	714,000
kostnaðinum, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.					
10. Til rannsóknar símaleiða	2,000	2,000	44,400	44,400	
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m...			4,000	4,000	
V. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna..			2,000	2,000	
Stjórninni veitist heimild til að taka lán til að kaupa talsímakerfið í Reykjavík fyrir alt að 74,000 kr.					
VI. Viðhald landsímanna..			10,000	10,000	
VII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			146,950	95,950	242,900
E. Vitamál:					
I. Eftirlit með vitum:	Kr.	Kr.			
a. laun	700	700			
b. ferðakostnaður eftir reikningi alt að...	500	500	1,200	1,200	
II. Öndverðanesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		100			
2. reksturskostnaður		150	250	250	
III. Elliðaeyjarviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar		400			
2. reksturskostnaður		450	850	850	
IV. Arnarnesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		500			
2. reksturskostnaður og viðhaldskostnaður		500	1,000	1,000	
V. Kálfshamarsviti			... ...	6,500	
		Flyt...	3,300	9,800	956,900

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt ..	3,300	9,800	956,900
VI.	Skagatáarviti..	... ...	14,000	
VII.	Siglunesviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 900			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 600	1,500	1,500	
VIII.	Til að reisa vita á Flatey á Skjálfanda ...	... ...	14,000	
IX.	Rifstangaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 150			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 400	550	550	
X.	Langanesviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 200			
	2. reksturskostnaður 200	400	400	
XI.	Dalatangaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 600	1,200	1,200	
XII.	Vattarnesviti: Kr.			
	1. til að reisa vitann ... 6500			
	2. laun vitavarðar ... ... 50—100			
	3. reksturskostnaður 200	6,550	300	
XIII.	Dyrhólaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 400	600	600	
IV.	Vestmannaeyjaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 700			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 500	1,200	1,200	
XV.	Reykjanesviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 1500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 1600	3,100	3,100	
XVI.	Garðskagaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 750			
	3. til að leggja gangbrú út að vitanum f. á. 2500	3,850	1,350	
XVII.	Gróttuviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar.. 500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 450			
	3. til að breyta vitanum í blossavita f. á. 3500	4,450	950	
	Flyt...	26,700	48,950	956,900

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	26,700	48,950	956,900
XVIII. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir fiskiskip: Kr.			
1. á Skipaskaga alt að 75			
2. á Gerðatanga 100			
	175	175	
XIX. Viðhald eldri sjómerkja og uppsetning nýrra	200	2,000	
XX. Ýmislegur vitakostnaður	1,100	500	
	28,175	51,625	79,800
Samtals	... ...	... ...	1,036,700

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 579,740 kr.

	1912.	1913.	Alls
A.	kr.	kr.	kr.
Andlega stéttin: Kr.			
a. 1. laun biskups 5,000			
2. skrifstofukostnaður 1,000	6,000	6,000	
b. Önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	3,500	3,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum	4,500	4,000	
3. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	4,000	4,000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs	40,000	40,000	
5. Til síra Jóhannesar Lynge til að byggja baðstofu á Kvennabrekku . ... Við ábúendaskifti sé skilað húsi, er sé 1200 kr. virði auk andvirðis hinnar gömlu baðstofu með álagi.	1,200		
6. Til greiðslu álags á Víðvíkurkirkju	400		
	59,600	57,500	
Flyt...	...	...	117,100

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	... ...	... ...	117,100
	B.				
	Kenslumál:				
I.	Til háskólans:				
	a. Laun		34,600	34,600	
	b. Aukakensla:	kr. kr.			
	1. Til héraðslæknisins í Reykjavík...	800 800			
	2. Til kennarans í efnafræði	400 400			
	3. Til kennarans í lagal. læknisfræði	300 300			
			1,500	1,500	
	c. Styrktarfé:	kr. kr.			
	1. Námsstyrkur...	5,400 5,400			
	2. Húsaleigustyrkur... ...	3,600 3,600			
	3. Utanfararstyrkur læknaefna	300 300			
			9,300	9,300	
	d. Til bókakaupa m. m.:	kr. kr.			
	1. Bókakaup	1,800 1,800			
	2. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik...	200 200			
			2,000	2,000	
	e. Til útgáfu kenslubóka		2,000	2,000	
	f. Eldiviður, ljós og ræsting...		1,050	1,050	
	g. Önnur gjöld...		650	650	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 280 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.				
			51,100	51,100	102,200
		Flyt...	... ...	... ...	219,300

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...		... ...	... ...	219,300
II.	Mentaskólinn almenni:				
	a. laun...		19,200	19,200	
	b. aðstoðarfé:	Kr.			
	handa söngkennaranum	600			
	— fimleikakennaranum ...	700			
	til dyravarðar	1,000			
	fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans	200	2,500	2,500	
	c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.		
	1. til bókasafns skólans	400	400		
	2. — eldiviðar, ljósa og vatns...	1,400	1,400		
	3. — skólahússins utan og innan	1,400	1,400		
	4. til fasts aukakennara	1,600	1,600		
	5. — annarar tímakenslu og til prófdómenda ..	3,200	3,200		
	6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720	720		
	7. námsstyrkur... ...	2,000	2,000		
	8. læknisþóknun	100	100		
	9. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200		
	10. til vísindalegra áhalda við kenslu	300	300		
	11. til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000		
	Flyt...	13,320	13,320	21,700	21,700	219,300

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	13,320	13,320	21,700	21,700	219,300
12. til áhalda við fimleikakenslu..	100	100			
13. til verðlaunabóka ...	300	300	13,720	13,720	
			35,420	35,420	70,840

Húsaleigustyrk og námsstyrk við mentaskóla má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.

III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:

a. laun ... ... Af þessari upphæð eru 400 kr. hvort árið persónuleg launaviðbót til 3. kennara skólans, præp. hon. Jónasar Jónassonar.			9,000	9,000	
b. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna.	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa	800	800			
3. — tímakenslu og aukakenslu	3,200	3,200			
4. til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	800	800			
5. ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,600	1,600			
			7,000	7,000	
			16,000	16,000	32,000

IV. Kennaraskólinn:

	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun	6,600	6,600			
b. önnur útgjöld:					
1. tímakensla	1,200	1,200			
2. til aukakennara ..	1,000	1,000			
3. eldiviður og ljós ...	800	800			
4. bókakaup og áhöld..	300	300			
5. námsstyrkur ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	1,500	1,500			
6. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200	12,600	12,600	25,200
Flyt...			... ..	... ...	347,340

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	.....	.....	347,340
V.	Stýrimannaskólinn:			
	a. laun	3,200	3,200	
	b. önnur útgjöld: 1912 Kr. 1913 Kr.			
	1. til tímakenslu 1,000 1,000			
	2. — áhaldakaupa o. fl. 400 400			
	3. — eldiviðar og ljósa 400 400			
	4. ýmisleg útgjöld ... 600 600	2,400	2,400	
		5,600	5,600	11,200
VI.	Til annarar kenslu: 1912 Kr. 1913 Kr.			
	a. til kvennaskóla:			
	1. til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði 6,000 6,000			
	2. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að 2,000 2,000			
	3. námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla,.. ... ... 600 600	8,600	8,600	
	b. 1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000...	24,000	24,000	
	Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
	2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers	18,000	18,000	
	Styrkur þessi veitist gegn því að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða			
	Flyt...	50,600	50,600	358,540

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	50,600	50,600	358,540
annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ...	20,000	20,000	
4. tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	1,000	1,000	
5. til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
6. a. laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. til eftirlitsferða eftir reikningi ...	600	600	
c. til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi	200	200	
c. Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1000 kr. til hvers, alt að ... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið hefir sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingaskóla $^{10}/_{9}$ 1910, og að þeir njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.	8,000	8,000	
d. Til unglingaskólahalds á Ísafirði, alt að	1,500	1,500	
e. Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði alt að	1,200	1,200	
f. Til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík, alt að ... ... Styrkurinn til allra þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða.	500	500	
g. Til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði	1,500	1,500	
h. Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að	600	600	
Flyt...	91,200	91,200	358,540

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	91,200	91,200	358,540
i.	til gagnfræða- og alþýðuskólans í í Flensborg	7,000	7,000	
j.	til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
k.	til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
l.	styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
m.	til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7,000	7,000	
n.	til kenslu blindra barna í Danmörku gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
		107,500	107,500	
VII.	Til sundkenslu:			215,000
a.	í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b.	til sundkenslu annarstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,200	1,200	
c.	Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi	450	450	
d.	Ferðastyrkur til leikfimiskennara Björns Jakobssonar til þess að sækja alþjóðamót um líkamsuppeldi, sem haldið verður í Odense í sumar	300		
		2,250	1,950	4,200
VIII.	Styrkur til Stefáns Eirikssonar til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	.....	.....	579,740

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 166,040.

	1912	1913	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið;					
a. laun landsbókavarðar ..	3,000	3,000			
b. — 1. bókavarðar.. ...	1,500	1,500			
c. — 2. bókavarðar... ...	1,000	1,000			
d. til að kaupa bækur og handrit.	6,000	6,000			
e. til bókbands...	1,700	1,800			
f. til kostnaðar við spjaldskrár (eftir reikningi) ...	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið...	360	360			
k. ýmisleg útgjöld	250	250	16,310	16,410	
2. Landsskjalasafnið:	kr.	kr.			
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. laun aðstoðarskjalavarðar	960	960			
c. til að binda inn, búa um skjöl o. fl.	900	900			
d. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600	600			
e. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.	250	250	4,510	4,510	
3. Þjóðmenjasafnið:	kr.	kr.			
a. laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að...	800	800			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,500	1,500			
d. til að gefa út safnskrá (Katalog) alt að.	500	»			
e. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að	1,000	1,000	5,600	5,100	
Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. Júní til 15. September 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
		Flyt...	26,420	26,020	

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	26,420	26,020	
4.	Náttúrufræðisfélagið:	1,000	1,000	
	Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári.			
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.			
5.	Landsbókasafnshúsið: kr. kr.			
	a. til eldiviðar, ljósa o. fl. ... 3,200 3,200			
	b. til dyravarðar. 1,400 1,400			
	c. til viðhalds og áhalda ... 2,000 1,000	6,600	5,600	
6.	Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði..	2,000	2,000	
7.	Til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur...	500		
8.	Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði, ...	1,500	1,500	
9.	Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
10.	Til Þjóðvinafélagsins	750	750	
11.	Til Fornleifafélagsins	400	400	
	Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið			
12.	Til sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...	750	750	
13.	Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbréfasafni	800	800	
	Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.			
14.	Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra...	1,000	1,000	
15.	Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi	2,000	2,000	
16.	Til bindindissameiningar Norðurlands ...	300	300	
	Þessi 2 síðastnefndu félög gefi stjórnarráðinu reikning fyrir, hvernig fénu er varið.			
17.	Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
	Flyt...	46,420	44,520	

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt ..	46,420	44,520	
18.	Til Jóns sagnaskálds Stefánssonar	1,200		
19.	Til Jóns Ófeigssonar til að fullsemja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók, er sé eigi minni en 45 arkir prentaðar, 60 kr. fyrir örkina, alt að	1,500	1,500	
20.	Til Einars skálds Hjörleifssonar	1,200	1,200	
21.	Til Þorsteins Erlingssonar skálds..	1,200	1,200	
22.	Til síra Valdimars Briem's.	800	800	
23.	Til Guðm. skálds Magnússonar	1,200	1,200	
24.	Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ...	600	600	
25.	Til Guðmundar Friðjónssonar skálds... ...	400	400	
26.	Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
27.	Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
28.	Til Jónasar Jónssonar til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng (Hymnologi) frá 1550 til 1900	600	600	
29.	Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins... ...	500	500	
30.	Til Karls Sveinssonar frá Hvammi til þess að fullkomna sig í rafmagnsfræði í Þýzkalandi	600	600	
31.	Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
32.	Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að .	2,000	2,000	
33.	Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands.. ...	1,000	1,000	
34.	Til Hannesar Þorsteinssonar alþingismanns til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum...	2,500	2,500	
35.	Til landmælinga á Íslandi...	5,000	5,000	
36.	Til dr. Helga Péturss til jarðfræðisrannsókna...	2,000	2,000	
37.	Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,500	1,500	
38.	Til Jóns Ólafssonar rithöfundar styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að... ...	1,500	1,500	
39.	Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar...	600	600	
40.	Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina, alt að...	600	600	
41.	Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings til þess			
	Flyt...	74,570	71,470	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	74,570	71,470	
að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík	300		
42. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ...	400	400	
43. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur	400	400	
44. Til jarðskjálftarannsókna	550	550	
45. Til Jóns Sigtryggssonar Espólíns til þess að nema vélfræði í Mittweida á Þýzkalandi .	800	800	
46. Til ungfrú Kristínar Jónsdóttur til framhaldsnáms í dráttlist	500	500	
47. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
48. Til Einars Jónssonar myndasmiðs... ...	1,200	1,200	
49. Til Guðmundar heimspekings Finnbogasonar, til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
50. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands	600	600	
	84,720	81,320	
Samtals...	.....	.....	166,040

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 433,294.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara..	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld: 1912 Kr. 1913 Kr.			
1. til verklegrar kenslu... 700 700			
2. til kensluáhalda ... 500 500			
3. til eldiviðar og ljósa... 800 800			
4. til styrkveitinga nemendum... ... ... 400 400			
5. til að kaupa trésmíðaáhöld ... ... 800 »			
6. ýmisleg útgjöld. ... 1,000 1,000			
d. til að byggja leikfimishús úr steinsteypu alt að ... 6,000 »	10,200	3,400	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara.	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld: Kr. Kr.			
1. til verklegrar kenslu. ... 700 700			
2. til kensluáhalda 500 500			
3. til eldiviðar og ljósa. ... 700 700			
4. til styrkveitinga nemendum 400 400			
Flyt... 2,300 2,300	17,600	10,800	

		1912 Kr.	1913 Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
	Flutt ..	2,300	2,300	17,600	10,800	
	5. ýmisleg útgjöld	800	800	3,100	3,100	
3.	Til Torfa Bjarnasonar			1,500	1,500	
4.	Til bryggjugerðar í Vestmannaeyjum			5,000		
5.	Til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslur...			3,000		
6.	Til Eiðaskólans til verklegrar búnaðarkenslu...			1,500	1,500	
7.	Til »Sambands íslenzkra samvinnufélaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfélagsskap og öðrum samvinnufélagsskap ... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að.			500	500	
8.	Til búnaðarfélaga...			22,000	22,000	
9.	Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið ...			54,000	54,000	
10.	Laun skógræktarstjóra..			3,000	3,000	
11.	Til skóggræðslu.. ... ... Skógræktarstjóri hagi ferðum sínum um landið eftir samráði við landsstjórnina.			8,000	8,000	
12.	Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ..			1,000	1,000	
13.	Styrkur til Ungmennafélags Gagnfræðaskólans á Akureyri til að koma upp leikvelli...			400		
14.	Til sandgræðslu			4,000	4,000	
15.	Styrkur til samvinnu-smjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905, að undanskildum þeim smjörbúum, er notið hafa styrks úr landssjóði 10 ár eða lengur ...			12,000	10,000	
16.	Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	a. laun	3,000	3,000			
	b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500	3,500	3,500	
17.	a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
	c. Styrkur til að semja dýralækningabók, alt að			400		
18.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna			300	300	
19.	Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis ... ... Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun.			1,200	1,200	
20.	Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri			1,000	1,000	
			Flyt...	145,800	128,200	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	145,800	128,200	
21. Til kvenfélagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds	1,000	1,000	
22. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík	5,000	5,000	
23. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til kvöldskólahalds	1,000	1,000	
24. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds..	1,000	1,000	
25. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds.. ... ... Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ reksturskostnaðar.	400	400	
26. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,500	2,500	
27. Til Páls Jónssonar frá Djúpavogi til þess að fullgera og kaupa einkaleyfi á atkvæðavél	600		
28. Handa hæfum manni fyrst til utanfarar um nokkra mánuði til að kynna sér verkun og flokkun á ísl. ull undir markaðinn og því næst til að ferðast um landið og kynna bændum meðferð á ull til útflutnings á markaðinn	1,200	1,200	
29. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir $^4/_5$ reksturskostnaðar	5,000	5,000	
30. Til viðskiftaráðunauta, alt að	12,000	12,000	
31. Heiðursgjöf til prósessors við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn C. O. Jensen	2,000		
32. Til byggingafróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar ..	1,600	1,600	
33. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að	400	400	
	1912 Kr.	1913 Kr.	
34. a. Laun handa 5 fiskiyfirmatsmönnum	7,800	7,800	
b. Til ferðakostnaðar. ...	400	400	
	8,200	8,200	
35. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði ...	1,200	1,200	
36. Til Fiskifélagsins	2,500	2,500	
37. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
Flyt...	191,760	171,560	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	191,760	171,560	
38. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
a. laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. til húsaleigu	700	700	
c. til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500	
39. Til fiskiveiðasjóðs Íslands...	6,000	6,000	
40. Leiga eftir Gullfoss...	300	300	
41. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	300	300	
42. Styrkur til Samábyrgðarinnar	5,000	5,000	
43. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...	600	600	
44. Til bryggjugerðar á Húsavík, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almennings nota.	... ...	3,000	
45. Til aðgerðar og umbóta á bryggjunni í Krossvík á Akranesi ... ... Styrkurinn veitist hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota og að hreppurinn annist og ábyrgist viðhaldið.	1,000	... ...	
46. Til lendingarsjóðs Bolvíkinga ... ... Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur sjóðsins.	1.000	... ...	
47. Styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði, alt að ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að annars staðar frá komi að minsta kosti 3/4 hlutar kostnaðarins, og að bryggjan verði bygð undir umsjón verkfræðings landsins.	25,000	... ...	
48. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að ... ... Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.	3,000	... ...	
49. Til síra Arnórs Árnasonar í Hvammi uppgjöf á eftirstöðvum af húsbyggingarláni ...	174	... ...	
50. Styrkur til hlutafélagsins klæðaverksmiðjan Iðunn	6,000	... ...	
	243,334	189,960	
Samtals...	... ...	... ..	433,294

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 158,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimanna-skólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 100 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

Upphæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eftirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, og $^2/_3$ hlutum andvirðis upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum, greiðist í ríkissjóð Danmerkur sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eftirlitsskipið.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði kr. 320,417.34, greiðist af viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1911 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum eftir tillögum landbúnaðarfélagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, séu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum.

5. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfélags Íslands og gegn ábyrgð sveita eða sýslufélaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr. til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

7. Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

8. Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

9. Úr viðlagasjóði má lána Ásahrepp í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins alt að 30,000 kr. til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og lands þess er að henni liggur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

10. Úr viðlagasjóði má veita niðursuðuverksmiðjunni »Ísland« á Ísafirði alt að 50,000 kr. lán gegn 1. veðrétti í verksmiðjunni og annari tryggingu, er stjórnin telur gilda. Lánið ávaxtast með $4^1/_2$% og endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum á 18 árum.

11. Ráðherra veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd alt að 60,000 kr. lán, er sýslufélag Vestmannaeyja hefir í hyggju að taka til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

12. Afborgunarfrest af viðlagasjóðsláni til Verksmiðjufélagsins á Akureyri, er tekið var 18. janúar 1908, má framlengja til 31. desember 1915. Úr því endurborgist lánið með jöfnum árlegum afborgunum á 15 árum.

Sþ.

833. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911, veitast kr. 105,751,23 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—8. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin voru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við dómgæzluna o. fl., veitast kr. 4,925,00.

Við A. 3. Til að koma upp miðstöðvarhitun í hegningarhúsinu í Reykjavík ... ... kr. 4,800,00

Við A. 5. komi nýr liður h.
Til að kaupa peningaskáp handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum ... ... kr. 125,00

Kr. 4,925,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast kr. 16,000,00.

		1910	1911
Við 7. lið.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins	kr. 8,000,00	kr. 8,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast kr. 59,979,98.

Við B. I. 3. Viðbót við skrifstofukostnað ... ... kr. 129,98

Við B. II. Til Reykjadalsbrautar ... ... — 5,000,00

Til Borgarfjarðarbrautar ... ... — 2,000,00

Til brautarlagningar meðfram Ingólfsfjalli — 7,000,00

Við B. XIII. Til brúargerðar á Hölknú í Þistilfirði ... ... — 4,500,00

Til brúargerðar á Víðidalsá í Steingrímsfirði — 1,000,00
Fjárveitingin til beggja brúnna er bundin þeim skilyrðum, að héruðin greiði það sem á vantar byggingarkostnaðinn, og að brýrnar séu járnbrýr.

Við D. II. Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Reykjavíkur og Borðeyrar (Sveinatungu — Borðeyrar) — 12,575,00

Til að fullgera tvöfalda símalínu milli Akureyrar og Sauðárkróks (Valla — Sauðárkróks) — 17,225,00

Flyt kr. 49,429,98

		Flutt kr.	49,429,98
	Til að kaupa símalínuna frá Dalvík til Ólafsfjarðar	—	7,600,00
Við E. V.	Til að byggja hús handa vitaverði á Siglunesi ... ... kr. 2,500,00		
	Launaviðbót til vitavarðar ... ... kr. 150,00	—	2,650,00
Við E. VI.	Stjórninni er heimilt að verja af spöruðu fé frá Rifstangavita til að kaupa nauðsynleg vitatæki alt að 4,000,00.		
Við E. XII.	Til að setja rautt horn í Garðskaga- og Reykjanesvita...	kr.	300,00
		Kr.	59,979,98

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast kr. 9,550,00.

Við A.	Tveir nýir liðir bætast við:		
	1. Til að greiða álag á Garpsdalskirkju	kr.	1,200,00
	2. — — — — - Rafnseyrarkirkju	kr.	250,00
		Kr.	1,450,00
Við B. I—III.	Háskóli Íslands skal settur 17. júní þ. á., en laun háskólakennaranna samkvæmt lögum nr. 36, 30. júlí 1909, reiknist þó ekki fyr en frá 1. október þ. á.	kr.	3,450,00
Við B. V.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri: Til að mála skólann, og til annara nauðsynlegra umbóta... ... ... kr. 3,550		
Við B. VI.	Til aðgerðar á kennaraskólanum ... — 600	kr.	4,150,00
Við B. VII.	Til aðgerðar á loftum í kenslustofum stýrimannaskólans	—	500,00
		Kr.	9,550,00

6. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta veitast kr. 2,200,00.

	Til umbóta á herbergi jarðskjálftamælisins ...	kr.	300,00
	Ferðastyrkur handa fulltrúa Bókmentafélagsins til háskólans í Kristjaníu	—	400,00
	Styrkur til Bókmentafélagsins til þess að gefa út bréf Jóns Sigurðssonar alt að...	—	500,00
	Ferðastyrkur til mag. Guðmundar Finnbogasonar til þess að sækja þúsund ára hátíð Normandis sem fulltrúi Íslands...	—	1,000,00
		Kr.	2,200,00

7. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitast kr. 12,296,25.

Við 1. lið.	Til aðgerðar á gamla skólahúsinu á Hólum alt að	— 3,000,00
Við 2. lið.	Til að reisa leikfimishús á Hvanneyri	— 2,000,00
Við 27. lið.	Til ferðakostnaðar síldarmatsmanns til að kynnast síldarverkun og síldarmarkaði í útlöndum	— 396,25
Við 35. lið.	Til fyrirhleðslu við Markarfljót til varnar frekari skemdum	— 2,400,00
— — —	Til nánari rannsóknar á hafnarstæði í Vestmannaeyjum og undirbúnings undir hafnargerð þar, alt að	— 4,000,00
	Til að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða á fæðingarstað hans Rafnseyri í sambandi við hátíðahald þar í 100 ára minningu hans 17. júní næstk., gegn ekki minna framlagi frá héraðsbúum, alt að	— 500,00
		Kr. 12,296,25

8. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 18. gr. fjárlaganna fyrir 1910 og 1911, veitast kr. 800,00, þar af ekkjufrú Þóru Melsted eftirlaun 600 krónur og ekkjufrú Björgu Einarsdóttur 200 krónur fyrir síðara árið.

9. gr.

Eftirstöðvar af láni til Sogsbrúarinnar, tekið 25. apríl 1906, að upphæð nú kr. 4,333,33 og sem hvílir á Grímsneshreppi við sparisjóð Árnessýslu, taki viðlagasjóður að sér að greiða frá 25. apríl 1911.

Stjórninni veitist heimild að selja Miklaskála á Þingvöllum fyrir 3000 kr. og með þeim skilmálum, sem fram eru teknir í bréfi stjórnarráðsins til fjárlaganefndar 1. marz 1911.

Nd. **834. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Björn Jónsson.

Við 22. gr. Á eftir 12. tölul. komi nýr liður:

13. Vestur-Barðastrandasýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu endurgreiðist 2,500 kr. hvorri af framlagi þeirra til talsímans frá Ísafirði til Patreksfjarðar og dragast þær fjárhæðir frá lánum sýslnanna úr viðlagasjóði.

Nd. **835. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka símskeyti viðvíkjandi ráðherraskiftunum.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson, Jón Jónsson frá Hvanná og Jón Þorkelsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 3 manna nefnd til að rannsaka símskeyti þau, er ýmsir þingmenn hafa sent til íslenzku skrifstofunnar í Kaupmannahöfn viðvíkjandi ráðherraskiftunum í vetur. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Nd. **836. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar um strandferðir (þskj. 807).

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Við 2. lið. Á undan »Selvík« komi: Kolkuós í þremur ferðum, og
við sama lið: Orðin (»fyrstu og síðustu ferð«) falli burt.

Nd. **837. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands o. s. frv. (þingskj. 816).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 13. gr. frumvarpsins.
Í stað: »17. júní eða næsta virkan dag« komi: lögmæltan dag.

Ed. **838. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland 8. nóvember 1901.

Frumvarp þetta — sem komið er frá háttv. Nd. — fer að eins fram á litla breyting á gildandi tolllögum. Tollurinn á kaffi hækkaður um 2 au. á pundi og á sykri um 1 eyri. Auk þess er gert ráð fyrir 10 au. toll af limonaði og 2 au. af sódavatni. Þessi tollur mun þó ekki hafa neinar tekjur svo

teljandi sé í för með sér, með því að drykkir þessir eru búnir til í landinu og yrði því með þessari tollálögu hætt að flytja þá inn.

Enda þótt vér undirskrifaðir, sem háttv. Ed. kaus í nefnd til þess að athuga frumvarp þetta, játum, að ærinn tollur sé þegar lagður á kaffi og sykur, getum vér þó af sömu ástæðum og háttv. nefnd, er bar frumvarpið fram í hv. Nd., fallist á þessa tollhækkun, og leggjum vér því til að frumvarpið verði samþykt.

Nokkrar orðabreytingar viljum vér gera á frumvarpinu; verður gerð grein fyrir þeim við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við fyrirsögn frumvarpsins:
   Á eftir orðinu »Ísland«, komi: nr. 37.

2. Við 1. gr.
   Alstaðar þar sem orðið mæli eða mælis kemur fyrir í greininni skal í þeirra stað koma: litra.

3. Sömuleiðis alstaðar þar sem orðið tvípund kemur fyrir skal í þess stað koma: kilogr.

4. Á eftir orðunum í 5. línu síðustu málsgreinar »er bryti skipsins« komi: eða aðrir menn á skipinu kunna

5. Orðið »kann« í þessum sama málslið falli burt.

6. Í 4. línu að neðan í enda greinarinnar komi orðið: skipinu, í stað orðsins »skipum«, er falli burt.

Efri deild alþingis, 2. maí 1911.

Stefán Stefánsson, formaður.	Aug. Flygenring, framsm. og skrifari.	Sigurður Hjörleifsson.

Eiríkur Briem. Gunnar Ólafsson.

Nd. **839. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til almennra viðskiftalaga.

Frv. þetta er að voru áliti ákaflega þörf réttarbót, sem með engu móti má lengur úr hömlu dragast að samþykkja.

Ed. hefir enga verulega efnisbreyting gert við frv. stjórnarinnar, aðeins orðabreyting, sem vér að vísu teljum til engra bóta. En af því að svo er á-

liðið þingtíma viljum vér ekki ráða til að gera þær eina eða tvær orðabreytingar, sem vér annars hefðum talið æskilegar.

Sjálft frv. er annars svo vandlega hugsað og vel úr garði gert, að vér getum ekki hugsað oss efnisbreyting á því gerða nema til spillis, þar sem þetta frv. er einn liður í þeirri viðleitni ýmsra þjóða, til að hafa samhljóða lög um verzlunarefni.

Vér ráðum því háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1911.

Ólafur Briem, form.	Jón Ólafsson, framsögumaður.
Magnús Blöndahl.	Jón Jónsson S.-M.

Skúli Thoroddsen
(með fyrirvara).

Nd. **840. Viðaukatillaga**

við tillögur til þingsályktunar um strandferðir (þgskj. 807).

Frá Benedikt Sveinssyni og Pétri Jónssyni.

Á eftir tölul. 4. komi 2 nýir liðir:

5. Að strandferðabáturinn »Austri« komi við í hverri ferð fram og aftur á Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópaskeri, einkum í ferðunum haust og vor. Ennfremur í Fjallahöfn í ágúst eða september.

6. Að sami bátur komi við í Flatey á Skjálfanda í september eða október.

Tala liðanna breytist samkv. þessu.

Nd. **841. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um vatnsveitingar á þingskj. 786.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Orðin í 2. línu: »næsta reglulegt« falli burt.
2. Í stað orðanna í annari og þriðju línu: »almenn réttarfarsákvæði um notkun vatns« komi: almenn ákvæði um rétt til notkunar vatns.

Nd. **842. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um ferðir millilandaskipanna á þingskjali 806.

Flutningsmenn: Jóh. Jóhannesson og Björn Þorláksson.

Aftan við tillöguna bætist svohljóðandi 3. liður:
Að séð verði fyrir beinum og hentugum ferðum milli Reykjavíkur og Austfjarða fyrir alþingismenn af Austurlandi til og frá alþingi.

Nd. **843. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um ferðir millilandaskipanna (á þingskj. 806).

Frá Benedikt Sveinssyni.

Aftan við tillöguna bætist:
3. að einhver millilandaskipanna komi við á Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópaskeri að minsta kosti í einni ferð haust og vor.

Nd. **844. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 2. gr. 6. tölul.: Á undan orðinu »Axarfjörð« komi: Kelduhverfi.

Við 6. gr. Í stað orðanna: »vesturströnd Grænlands, ef þar kæmi upp loftskeytastöð« komi: Vesturheims.

Nd. **845. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (477).

Frá Eggert Pálssyni og Einari Jónssyni.

Við 4. gr.
Í stað orðanna: »og um efri hluta Árnessýslu« komi: um efri hluta Árnessýslu og upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu.

Ed. **846. Frumvarp**

til viðauka við lög um verzlunarbækur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur bætist: nemi viðskiftin meiru en 2 kr.

2. gr.

Á eftir 7. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur komi ný grein, sem verði 8. gr. svohljóðandi:

Brot gegn 2. gr. varða sektum, í fyrsta sinn eigi lægri en 2 kr., og hækki sektin, ef oftar er brotið, þó ekki yfir 100 kr.

3. gr.

3. gr. verði 9. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur svohljóðandi:

Kveði svo mikið að brotum gegn 3. og 5. gr. laga þessara, að öll bókfærslan sé í þeirri óreiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það sektum og eftir atvikum missi verzlunarleyfis eitt ár eða lengur.

8. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur verði 10. gr. o. s. frv.

4. gr.

Í stað: »innan árs« í upphafi 8. gr. í lögunum um verzlunarbækur 30. júlí 1909, komi: þriggja missira, og næst síðasta málsgrein 8. gr. í sömu lögum orðist svo:

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir lögskipuð frumbók það sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, o. s. frv.

5. gr.

Á milli orðanna »rita ... ... samanlagðar« í 3. gr. laga 30. júlí 1909 um verzlunarbækur komi:

viðskiftin eins og þau eru skráð í frumbókina eða

6. gr.

Þá er þessi lög eru staðfest, skal stjórnin fella þau saman við lög 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, og gefa þau út með fyrirsögninni:

Endurskoðuð lög frá 30. júlí 1909 um verzlunarbækur.

Ed. **847. Nefndarálit**

um tillögur út af athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikningana fyrir árin 1908 og 1909.

Við tillögur þessar höfum vér ekki annað að athuga en að oss þykir 7. tillagan ekki eiga hér heima. Ekki af því að vér höfum neitt að athuga við efni

hennar, heldur af því að oss sýnist að það ætti betur við, að það kæmi þá fram sem sérstök þingsályktun, heldur en sem einn liður í tillögum þeim, sem hér er um að ræða. Þess viljum við þó geta, að því er snertir 3. tillöguna, sem vér annars höfum ekkert að athuga við, að þar sem tilefnið til þess að hún er komin fram í þetta sinn, er það, að ráðherra hefir í svörum sínum við athugasemdir yfirskoðunarmanna um landsreikninginn 1909, tekið fram að reikningur lagaskólans væri að »sumu leyti ekki greinilegur« og reikningur gagnfræðaskólans á Akureyri »ekki vel aðgengilegur«, þá höfum vér fengið að sjá skilyrðislausa kvittun stjórnarráðsins fyrir reikningi hins fyrnefnda skóla 1909 með þeirri viðbót, að ekkert hafi fundist athugavert við reikninginn, og að því er hinn síðarnefnda skóla snertir, þá hefir hlutaðeigandi reikningshaldari skýrt oss frá, að honum sé ekki kunnugt um hvað hér sé átt við.

Vér leggjum það því til, að hin háttv. deild samþykki tillögurnar 1.—6. og 8.—10., en gerum þá

BREYTINGARTILLÖGU

að 7. liður sé feldur burt.

Alþingi 2. maí 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður.	Eiríkur Briem, skrifari og framsögum.

Kristinn Daníelsson.

Ed. **848. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

Við frumvarp þetta eins og það kom frá stjórninni, var það meðal annars athugavert að námsstyrkur við prestaskólann, greiddur af landssjóði 1909, var talinn 600 krónum of hár. Úr þessu hefir hin háttv. neðri deild bætt, með því að færa gjöldin á reikningnum niður um þessar 600 krónur, en ef vangá hefir niðurfærslan lent á gjaldalið 6 A. í staðinn fyrir gjaldalið 6. B.

Vér leggjum það því til að þetta sé lagað með því:

1. að í stað við gjöld 6 A. »44.686,40« komi: 45.286,40.
2. að í stað við gjöld 6 B. »343.285,81« komi: 342.685,81.

Að öðru leyti höfum við ekkert að athuga við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 2. maí 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður.	Eiríkur Briem, skrifari og framsögum.

Kristinn Daníelsson.

Ed. **849. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Í landsreikningnum á bls. 78 er talað um, að greiddar hafi verið þrjár upphæðir, samtals kr. 6677,92 »eftir væntanlegum fjáraukalögum«, en í frumvarpi því til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909 voru þessar upphæðir ekki nefndar á nafn, en þær voru þó fólgnar í frumvarpi því til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909, sem lagt var fyrir þingið, og það var fyrst nefndin í háttv. neðri deild sem kom með viðaukatillögur um að bæta þeim við, og eru þær 8. greinin í frumvarpi því, sem oss hefir verið falið að athuga, og getum vér ekki leitt hjá oss að taka það fram, að 2. liðurinn, kostnaður við vatnsæðalagning að Kleppi, kr. 5937,92, er þess eðlis, að eigi er sjáanlegt annað, en að það hefði verið meinlítið að láta þetta bíða þess tíma, að þingið hefði getað veitt því samþykki sitt, og það er eins og yfirskoðunarmeun landsreikninganna taka fram, þessum liðum viðvíkjandi, að leggja inn á hála braut, að borga fé úr landssjóði, sem engin fjárveiting er fyrir. Sama er að segja um 3. liðinn, til síldarmatsmanns Jóns Bergsveinssonar, til að kynnast síldarverkun erlendis, kr. 540. Í svari sínu til yfirskoðunarmannanna getur stjórnin þess, að skýrsla um ferð hans muni birtast á prenti bráðum, en sú skýrsla er ekki komin enn, svo vér vitum.

En þótt vér viljum leggja það til við hina háttv. deild að hún, úr því sem komið er, láti við svo búið standa, að því er upphæðir þessar snertir, þá hefir meiri hluti nefndarinnar, Lárus H. Bjarnason og Eiríkur Briem, þó eigi viljað leiða hjá sér að benda hinni háttv. deild á, að hér er um fjárgreiðslur að ræða, sem engin fjárveiting var fyrir, og sem að þeirra áliti engan vegin voru óumflýjanlegar, og að því er fjárveitinguna til Jóns Bergsveinssonar snertir tæpast forsvaranlegt. Ýmsar misfellur er að öðru leyti voru á frumvarpinu hafa verið lagaðar í hinni háttv. neðri deild. Vér leyfum oss því að leggja það til við hina háttv. efri deild, að hún, eftir atvikum, samþykki frumvarpið eins og það liggur fyrir óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1911.

Lárus H. Bjarnason, formaður.	Eiríkur Briem, skrif. og framsögum.	Kristinn Daníelsson, (með fyrirvara).

Nd. **850. Breytingartillaga**

við »Tillögur til þingsályktunar um strandferðir« (á þingskjali 807).

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Á eftir 1. lið komi:

2. Að strandbáturinn verði í hverri ferð sinni norður og suður um land látinn koma við að Hesteyri í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, eða þá í svo mörgum ferðum, sem við verður komið.

Nd. **851. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Ólafur Briem.

Við 13. gr. B. II. 4. Skagfirðingabraut, fyrra árið komi: 10,000.

Nd. **852. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um útflutningsgjald (641).

Frá tolllaganefndinni.

Í stað orðanna »sjávarafurðum ... flytja þær til útlanda« komi: fiski þeim og öðrum gjaldskyldum sjávarafurðum, sem fermt er milli skipa á höfnum hér við land eða í landhelgi, og aldrei er í land flutt, en útflutt síðan á erlendan markað.

Nd. **853. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 11. gr. 1. málslið. Fyrir orðin: »enda standi hann eigi í sveitarskuld fyrir þeginn sveitarstyrk« komi: enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk síðustu 10 árin.

Við 16. gr. Fyrir orðin: »og gæta þess — án heimildar« komi: og gæta þess hvort tekjur landsins séu þar allar taldar. og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar.

Nd. **854. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. 1884.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðarbætur, sem ekki eru áskildar í byggingarbréfi, og tilkynnir hann það landsdrotni og leitar samkomulags við hann um, hvernig

kostnað við verkið skuli greiða. Vilji landsdrottinn ekki kosta jarðarbótina, gerir leiguliði hana á sinn kostnað. Heimilt er þó landsdrotni að líta eftir því, að jarðarbótin sé vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta jarðarbótina til dagsverka samkvæmt gildandi reglum um það efni. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. 50 aurum fyrir hvert dagsverk þeirra jarðarbóta, sem ekki eru áskildar í byggingarskilmálum og styrkhæfar þykja og til fullra nytja hafa komið. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðarbótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 11 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því að jarðarbótin var unnin.

2. gr.

Þegar jarðeigandi byggir jörð sína eftir að lög þessi öðlast gildi, þá skal hann láta jörðinni fylgja öll bæjarhús, sem nauðsynleg eru til ábúðar á henni. Húsin skulu að mati úttektarmanna vera í viðunanlegu standi og að stærð við hæfi jarðarinnar, og er landsdrotni skylt að bæta úr því á sinn kostnað, sem ávant þykir. Mati úttektarmanna getur hann þó skotið til yfirúttektar.

Til byggingar bæjarhúsanna er landsdrottinn þó ekki skyldur að leggja fram meira fé en samsvari 8-földu afgjaldi jarðarinnar, eins og það hefir verið að meðaltali síðastliðin 5 ár.

3. gr.

Bæjarhúsum þeim, er leiguliði tekur við og jörð fylgja, er hann skyldur að halda við á sinn kostnað, svo að ekki rýrni þau að öðru en fyrningu. Landsdrottinn getur látið úttektarmenn meta, hvort svo sé hve nær sem hann vill, en bera verður hann allan kostnaðinn við matið, nema svo reynist, að leiguliði hafi ekki fullnægt skyldu sinni um viðhaldið, en þá ber leiguliði kostnaðinn hálfan.

Vanræksla á viðhaldi húsanna af hendi leiguliða varðar útbyggingu og fullum skaðabótum.

Vextir af húsaverðinu og fyrningargjald skal vera innifalið í landskuld jarðarinnar.

Þegar bæjarhúsin eru svo forn orðin, að þau samkvæmt mati úttektarmanna þurfa að endurbyggjast, er jarðeigandi skyldur að byggja þau upp að nýju á sinn kostnað. Því mati getur hann þó skotið til yfirúttektar.

4. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er, frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin gegn því, að leggja jörðinni til aðra eign jafn-góða sem hún þarfnast:

a. Í húsum, er leiguliði á og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni.
b. Í jarðarbótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð og eru full eign leiguliða eða þeim hluta jarðarbótanna, sem er lögmæt eign hans, samkv. 1. gr. hér að framan.

Úttektarmenn meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin.

Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

5. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti og er honum það heimilt, hvenær er hann vill. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldarhækkun meta úttektarmenn, nema hlutaðeigendur komi sér saman.

6. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver þeirra óskar þess. Kostnaðinn greiða þeir allir eftir jarðarstærð.

7. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sérstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sérstakt býli, þá hefir hann rétt til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eiganda að meiri hluta landsins, skifta því landi, sem sérstök hlunnindi eru við, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótekja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, reki, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins fara eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiðir sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað að út sé skift nema nokkrum hluta þess lands, er býli hans tilheyrir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

8. gr.

Skifti þau, sem ræðir um í 7. gr., skulu vera til fullrar eignar og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, að vera við þau. Hver sá eigandi, sem óánægður er með skiftin, getur heimtað yfirmat; skal sýslumaður dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma það, og fá þeir hver um sig 4 kr. kaup á dag meðan þeir eru að skiftum. Rétt til að heimta yfirmat hefir og hver veðhafi í landi því, sem skift er, í 2 ár frá því að honum eru tilkynt skiftin. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er óskar þess, sé engin breyting gerð á skiftunum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

9. gr.

Nú vill jarðeigandi girða land jarðar sinnar með gripheldri vírgirðingu á landamerkjum, og skal hann þá láta skoðunarmann jarðarbóta á því svæði og úttektarmenn mæla fyrir girðingunni, gera áætlun um kostnað við hana og ákveða legu hennar. Skal girðingin liggja beint yfir nes, þar sem merki liggja í smákrókum, en þó þannig að hvorugur missi slægju og beitiland eftir því, sem við verður komið. En réttur til annara afnota helzt óbreyttur.

Því næst tilkynnir jarðeigandi fyrirætlun sína þeim, er land á móti honum, og leitar samkomulags um girðinguna og kostnað til hennar. Komi þeir sér ekki saman, getur sá, er girða vill, eigi að síður girt, og ber þá sá, er land á móti honum, helming hins áætlaða kostnaðar. Þó verður af einni jörð eigi krafist meira framlags á þennan hátt á hverjum 5 árum, en sem svari eins árs afgjaldi jarðarinnar, og er gjalddagi í byrjun hvers fimm ára timabils, unz kostnaðurinn er greiddur að fullu. Um greiðslu þess kostnaðar fer sem um viður-

kenda skuld, er á jarðeiganda hvílir, og flyzt hún yfir á nýjan eiganda ef eigandaskifti verða.

10. gr.

Eign og viðhald girðinga þeirra, sem um er rætt í 9. gr., er sameiginleg báðum jörðum frá því hún er upp komin fullger. En skifta skal girðingunni jafnt milli jarðanna, svo að sinn hluta annist hvor. Sé viðhald girðingar vanrækt af öðrum hvorum jarðeiganda, þá á hinn rétt á að krefjast nauðsynlegra umbóta á kostnað þess, sem vanrækslunnar er valdur.

Úttektarmenn skulu skifta girðingunni og meta, hvort henni er haldið við svo gilt sé.

11. gr.

Ákvæðin í 9. og 10. gr. um girðingar á landamerkjum gilda ekki um fjalllendi, nema slægjuland sé, og ekki um önnur viðlend beitilönd, sem ekki eru notuð til slægna, né liggja að slægjulöndum. Úttektarmenn skera úr, hvort landið samkvæmt þessu sé undanþegið girðingarskyldu þeirri, sem ræðir um í 9. og 10. gr.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 6. gr. og 20. gr. í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ed. **855. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. laga nr. 13, dags. 9. júlí 1909 um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Landssjóður leggur fram helming af tryggingarfé því, sem Landsbankanum er gert að leggja fram í 3. gr. laga nr. 13, dags. 9. júlí 1909 um heimild fyrir veðdeild Landsbankans, til að gefa út 3. flokk bankavaxtabréfa, í ríkisskuldabréfum og bankavaxtabréfum fyrsta og annars flokks, eftir því hlutfalli, er greinin tiltekur. Vextir af þeim hluta tryggingarfjárins, er landssjóður leggur fram, renna í landssjóð.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **856. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um ferðir millilandaskipanna á þingskjali 806.

Flutningsmaður: Jón Jónsson frá Hvanná.

Á eftir 2. lið komi 3 nýir liðir svo hljóðandi:

3. Að millilandaskipin hafi Reyðarfjörð á áætlun sinni og séu skyld að koma þar við.
4. Að fastákveðið sé í áætlun, að millilandaskip Thorefélagsins komi að minsta kosti 8 sinnum við árlega hvora leið á Vopnafirði.
5. Að millilandaskipin komi nokkrum sinnum við á Borgarfirði (eystra) á ferðum sínum umhverfis landið.

Nd. **857. Viðaukatillögur**

við tillögu til þingsályktunar um tolleftirlit (645).

Flutningsmaður: Jón Þorkelsson.

Á eftir 2. lið komi 2 nýir liðir:

3. að útlendir fiskimenn og aðrir útlendir atvinnurekendur, er fara í útver hingað til lands og dvelja hér að sumrinu og stunda hér fiskiveiðar eða aðra atvinnu og nesta sig heiman að með vistum, greiði hér lögmæltan toll af öllum tollskyldum varningi, er þeir birgja sig eða láta sig birgja upp með heiman að,
4. að þeir, sem að öðru leyti reka nokkura verzlun í landhelgi, verði bæði að kaupa verzlunarleyfi, gjalda toll af tollskyldum vörum og að öðru leyti gegna öllum þeim þjóðfélagsgjöldum, sem lögmælt eru hér á landi.

Nd. **858. Viðaukatillaga**

við tillögu á þingskjali 806.

Flutningsmenn: Björn Sigfússon og Hálfdan Guðjónsson.

Aftan við tillöguna bætist:

3. að millilandaskip, sem fer frá Reykjavík um mánaðamótin júní—júlí norður um land, verði látið koma við á Hvammstanga.

Nd. **859. Nefndarálit**

í stjórnarskrármálinu.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Eins og nú er komið er enginn tími til að semja langt nefndarálit, en vér verðum að vísa til framsögunnar og umræðna vorra um málið í dag.

Aðalbreytingar vorar eru eiginlega tvær: skipun efri deildar og úrfelling niðurlagsatriðisins.

Vér höldum fast við það að deildirnar sé kosnar hvor í sínu lagi og hvor á sínum grundvelli.

Tólf ára kjörtíma, þann er háttv. efri deild hefir samþykt, viljum vér stytta í 10 ár, en láta kosning helmings e. d. þingmanna fara fram 5. hvert ár.

Fyrir þessum og öðrum tillögum vorum verðum vér að gera grein við umræðu málsins.

Alþingi, 3. maí 1911.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Jón Ólafsson, framsögum. Ólafur Briem.

Jón Jónsson S.-M. Jóh. Jóhannesson.

H. Hafstein.

Nd. **860. Breytitillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. október 1903. (Þskj. 816).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Almenn tillaga (orðbreyting): Hvar þess er í frv. þessu stendur »stjskl.« eða »stjskr.« skal rita fullum stöfum »stjórnarskipunarlög« eða »stjórnarskrá« (í því falli og tölu, sem við á).
2. Við 1., 7., 8., 10., 12.—21. gr. Þar sem nýmæli (breyting, viðauki o. s. frv.) byrjar framarlega í þessum greinum, sé höfð línuskifti, svo að nýmælið byrji nýja línu.
3. Við 6. gr.: Fyrir »rofið Alþingi ... sem segir í 10. gr.« komi: rofið neðri deild alþingis«.
4. Við 9. gr. Í stað »10 kosnir hlutfallskosningum um land alt ..... tölu þingmanna breytt« — komi: kosnir hlutfallskosningum um land alt.
5. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   16. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:
   Þingmenn neðri deildar skal kjósa til 6 ára. Nú deyr einhver þeirra eða

fer frá áður en kjörtímabilið er á enda, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans.

Þingmenn efri deildar skal kjósa til 10 ára, 7 þingmenn 5. hvert ár, og jafnmarga varamenn um leið. Nú verður sæti autt í efri deild áður en kjörtímabil er úti, og tekur þá það sæti sá varaþingmaður, sem til þess var kosinn.

Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögum.

6. Við 11. gr. Orðin »eða vistskyld« (í 2. málsgr.) og »og vistskyldu fólki« (í 4. málsgr.) falli burt.
7. Við 12. gr. Milli »Alþingis« og »hver sá« bætist inn í er.
   Síðasta málsgrein (»Nánari reglur« o. s. frv.) falli burt.
8. Aðaltillaga við 15. gr.: »eða minni« í síðustu málsgr. falli burt.
9. Varatillaga við 15. gr.: »Breytingartillögur ... ... hvorri þingdeild um sig« falli burt.
10. Í upphafi 16. gr. komi »burt« fyrir »niður«.
11. Við 16. gr. Fyrir »ásamt með« komi »ásamt«.
12. Við 17. og 18. gr. Í stað »falli niður« komi; »falli burt«.
13. Við 18. gr. Í stað »stjórnarskipunarlaga frá 3. okt.« komi: »stjórnarskipunarlaga 3. okt.«.
14. Við 18. gr. Fyrir »engæta« komi: »en gæta«.
15. Við 20. gr. Í stað »til barnafræðslu gjöld þau« komi: »til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau«.
16. Við 23. gr. Í stað »rjúfa Alþingi« komi: »rjúfa neðri deild Alþingis«.
17. Við 23. gr. Síðasta orðið »stjórnarlög« breytist í »stjórnarskipunarlög«.
18. Aftan við 23. gr. bætist ný málsgrein:
   »Sömu meðferð sæti frumvörp til laga um samband Íslands og Danmerkur«.
19. Við »ákvæði um stundarsakir«.
   Í fyrstu málsgrein breytist »tíu« (á báðum stöðum) í »tjórtán«.
   Í 2. málsgrein breytist »6« í »5« og »hlutfallskosning« falli burt.
20. Niðurlagsgreinin »þegar stjórnarskipunarlög þessi . . .«, út til enda, falli burt.

Nd.

861. Breytingartillögur

við frumv. til stjórnarskipunarlaga (þingskj. 816).

Frá Jóni Þorkelssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi og Benedikt Sveinssyni.

1. Við 9. gr. í 3. línu 2. málsgr. Fyrir: »10« komi: 7.
2. — 9. gr. í 4. línu 2. málsgr. Fyrir: »4« komi: 7.
3. — 10. gr. í 1. línu. Fyrir: »30« komi: 33.
4. — 10. gr. í 3. línu. Fyrir: »10« komi: 7.
5. — 10. gr. í 4. línu. Fyrir orðin: »12 ára...fresti« komi: 6 ára allir í senn.
6. — 10. gr. í 5. línu. Fyrir: »10« komi: 7.
7. — 10. gr. í 1. línu 2. málsgr. Fyrir: »10« komi: 7.
8. — 10. gr. í 2. línu 2. málsgr. Orðið: »sérstökum« falli niður.

9. — 11. gr. í 1. línu 2. málsgr. Orðin: »óhlutbundinna kosninga« falli niður.
10. — 11. gr. í 3.—4. línu 2. málsgr. Orðin: »eru ekki í vist eða vistskyld« falli niður.
11. — 11. gr. í 3. og 4. málsgr. (»með sömu...einföldum lögum«) falli niður.
12. — 12. gr. 2. málsgr. orðist svo: Kjósa má samt þann mann, sem ekki á heima í kjördæminu eða hefir verið þar skemur en eitt ár, en heimilisfastur skal hann hafa verið á Íslandi að minsta kosti síðasta árið áður en kosning fer fram.
13. — 15. gr. Síðari málsgrein (Breytingartillögur.....hvorri þingdeild um sig«) falli niður.
14. — 17. gr. Greinin orðist svo: Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sé löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hefir mist kjörgengi.
15. — 20. gr. í 3. línu fyrri málsgreinar. Fyrir orðið: »barnafræðslu« komi: til Háskólasjóðsins.
16. — 23. gr. Aftan við greinina bætist svo látandi málsgrein: Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.
17. — »Ákvæði um stundarsakir« í 2. og 3. línu 1. málsgrein: Fyrir orðið: »tíu« (á báðum stöðum) komi: sjö.
18. — »Ákvæði um stundarsakir«, 2. málsgrein falli niður.
19. Síðasta grein frv. (»Þegar stjórnarskipunarlög þessi.....Íslands«) falli niður.

Nd. **862. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Birni Jónssyni.

Við 13. gr. E. VIII.
Aftan við þennan lið komi nýr liður svohljóðandi:
Til að reisa vita á Bjargtöngum f. á. kr. 14,000.

Ed. **863. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Nefndin, sem háttv. e. d. kaus til að íhuga þetta frumvarp telur fremur vafasamt, að mikil réttarbót sé í því fólgin, og er hún sérstaklega sammála í því um ákvæðin í 1. gr.

Þar er svo ákveðið, að fæðiskostnaður barns utan heimilis og styrkur til að standa straum af 6 börnum eða fleiri skuli ekki talinn »reglulegur sveitarstyrkur«. En þetta er þó í eðli sínu reglulegur sveitarstyrkur og getur ekki orðið annað þrátt fyrir nein ákvæði. Af slíku ákvæði mundi og geta leitt hið mesta misrétti. T. d. maður á færri en 6 börn, bjargast hér um bil, en fær þó lítilsháttar styrk, og missir við það kosningarrétt. Annar nær ákvæðistölunni 6 börn og er með fjölskyldu sinni svo að telja alinn af sveitinni, en heldur öllum rétti. Úr réttindamissi, sem stafar af sveitarstyrk virðist ekki ráðlegt né sanngjarnt að reyna til að bæta á þennan hátt; hitt þá nær, að láta þeginn styrk engum réttindamissi valda fyrir neinn.

Nefndin ræður því til að 1. gr. frumv. sé feld úr því.

Aftur á móti voru skoðanir nefndarmanna nokkru skiftari um ákvæði 2. og 3. gr. Telja tveir af nefndarmönnum ekki heldur vera ástæðu til að gera þau að lögum, en meðundirritaður skrifari vill þó ekki ráða til að fella þær greinar, telur hann þær geta stuðlað að meiri sanngirni og nærgætni í viðskiftum milli dvalar- og framfærslusveitar, þar sem dvalarsveitin annars vegar losast við miður sanngjarna kvöð að kosta að þriðjungi ef til vill langa legu þurfalings allan legutímann, en þar sem hún þó hins vegar á að gera það um tvo mánuði, þá er síður hætt við að hún að ástæðulitlu sé fljót á sér að koma lasburða manni á sjúkrahús til að koma honum af höndum sér og baka framfærslusveit kostnað, sem hjá hefði mátt komast.

Um leið og nefndin með þessum ummælum leggur á vald hv. deildar meðferð frumvarpsins, ræður hún þá sérstaklega til þeirrar breytingar að:

1. gr frumvarpsins falli burt
(breytist þá greinatalan samkvæmt því).

Efri deild alþingis, 3. maí 1911.

Júlíus Havsteen, formaður.	Kristinn Daníelsson, skrifari.

Steingrímur Jónsson.

Nd. **864. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. B—XI. Fyrir: »5,000—5,000« komi: alt að 7,500—7,500.

Nd. **865. Nefndarálit**

um frumvarp til siglingalaga.

Nefndin, sem háttv. neðri deild alþingis kaus til þess að athuga frumvarp stjórnarinnar til siglingalaga komst brátt að þeirri niðurstöðu, að málið hefði fengið algerlega ónógan undirbúning af stjórnarinnar hálfu, og að nauðsyn væri á mjög rækilegri endurskoðun bæði á orðalagi þess og ýmsum efnisatriðum, áður en til mála gæti komið að ráða þinginu til að samþykkja það. Þessi mikli lagabálkur, í 314 greinum, er útlegging á dönsku siglingalögunum frá 1. apríl 1892, að eins með hinum nauðsynlegustu breytingum, er stafa beint af því, að lög þessi eru heimfærð upp á Ísland, og eru lögin vafalaust góð í sjálfu sér. En íslenzka þýðingin ber þess ljósan vott, að hún er eigi gerð af lögfræðingi, og brestur bæði á réttan skilning á ýmsum atriðum í dönsku lögunum, þekking á íslenzku lagamáli og samræmi í orðalaginu, og að því er efni frumvarpsins snertir vantar að auka þar við ákvæðum, sem eiga við fyrirkomulag það, sem nú er á fiskiveiðum hér við land, sérstaklega þilskipaveiðum, þar er skipshöfnin er ráðin gegn hluta af afla. Um þetta efni barst nefndinni erindi frá nefnd manna, sem útgerðarmannafélagið í Reykjavík kaus í vetur til þess að íhuga, hverjar breytingar væri æskilegar á gildandi farmannalögum, svo og álitsskjal um það, er nauðsynlega þyrfti að auka við frumvarpið til þess að það gæti fullnægt þörfinni á lagaákvæðum um ýmislegt, sem er alveg sérstaklegt fyrir Ísland.

Með því að nefndin taldi æskilegt að koma máli þessu sem fyrst og bezt áleiðis, en hins vegar taldi sér ókleift að inna af hendi jafnframt öðrum þingstörfum hið yfirgripsmikla undirbúningsstarf, sem nauðsynlega verður að ganga á undan endanlegum tillögum um málið, fékk hún með samþykki forseta Nd. sérfræðing í íslenzkum sjóréttí, lagaskólakennara Jón Kristjánsson, til þess að yfirfara stjórnarfrumvarpið nákvæmlega grein fyrir grein, bera íslenzka textann saman við danska frumtextann og athuga ákvæði frumvarpsins í sambandi við gildandi íslenzk lög. Hefir hann samið ítarlegt álitsskjal, sem nefndin hefir athugað, eftir því sem tími gat til unnizt, og getur fallizt á í flestum greinum, það sem það nær. Álitsskjal þetta höfum vér látið prenta, og fylgir það nefndaráliti þessu sem fylgiskjal I. Enn fremur höfum vér látið prenta erindi og álit Útgerðarmannafélagsins, sem að framan er nefnt, og fylgja þau skjöl, auðkend sem fylgiskjöl II—III. Teljum vér með þessu fenginn góðan stuðning fyrir stjórnina til þess að undirbúa málið undir næsta þing, en sjáum oss eigi fært að koma fram með neinar breytingartillögur að svo stöddu.

Vér viljum því ráða hinni háttvirtu deild til þess að láta málið ókútkljáð á þessu þingi, og vísa því til stjórnarinnar með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti að stjórnin undirbúi og leggi fyrir næsta alþingi frumvarp til siglingalaga, þar sem tekið sé sem mest tillit til framkominna óska um sérstök ákvæði, er átt geti við það fyrirkomulag, sem nú er á fiskiveiðunum hér við land, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Neðri deild alþingis, 1. maí 1911.

Magnús Blöndahl, formaður. H. Hafstein, framsögum. og skrifari.

Jón Magnússon. Bjarni Jónsson frá Vogi. Björn Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Álitsskjal

um frumvarp til siglingalaga, lagt fyrir alþingi 1911.

Háttvirt nefnd neðri deildar alþingis í frumvarpi til siglingalaga hefir falið mér að gera athugasemdir við frumvarpið, og leyfi eg mér að skýra frá starfi mínu á þessa leið:

Þegar endurskoða á lög um eitthvert efni, er þrent að athuga: *1) Hver lög eru nú í landinu um þetta efni;* endurskoðun, sem ekki byggist á þekkingu á lögum þeim, sem nú gilda, með öðrum orðum: sem ekki stendur á innlendum merg, hættir við að slíta samhengið og koma í bága við réttarmeðvitund manna og önnur lög. *2) Hverjir annmarkar eru á lögum þeim, sem nú gilda;* því að eins er rétt að breyta lögum þeim, sem menn hafa vanist, að annmarkar séu á þeim, og því að eins að annmörkunum sé kipt burt nær endurskoðunin tilgangi sínum. *3) Hvernig lagfæra eigi annmarkana;* því að eins að nýja reglan sé betri en hin eldri borgar breytingin sig; hér verður vel að gæta staðhátta og þjóðar- og atvinnu-einkenna: Það sem á vel við í verzlunarlandi er ef til vill til ills eins í fiskiveiðalandi o. s. frv.

Eg hefi reynt að sýna, hver lög séu nú hér á landi um siglingar, í sjórétti mínum, sem út kom í haust er leið, og leyfi ég mér að vísa til hans um það efni. Þeim, sem siglingaatvinnu stunda, hefir lengi komið saman um, að lög þessi væru bæði ónóg (glompótt), úrelt og óviðeigandi eftir staðháttum; einkanlega hafa þau þótt fullnægja illa þörfum fiskiveiðanna. Vafalaust hefir þetta vakað fyrir þeim, sem fluttu þingsályktunartillögu um þetta efni á alþingi 1909 og fyrir stjórninni, er hún lagði siglingalagafrumvarp þetta fyrir þingið. Eg skal nú athuga stuttlega, hvernig stjórninni hefir tekist að lagfæra annmarkana, hvernig samræmi frumvarpsins er við núgildandi lög, hvort allir annmarkarnir hafa verið teknir til íhugunar, og hvort breytingarnar eru til batnaðar. Eg skal strax geta þess, að athugasemdir mínar geta yfirleitt einungis átt við formhlið málsins, lögfræðislegu hliðina, en ég mun sjaldan ráðast í að dæma um efni ákvæðanna.

FYRSTI KAPÍTULI.

Um skip.

1. gr.

Þessi grein vísar til skrás.l. 31, 13. des. 1895, 1. gr. og er því ætlast til að sú grein standi óbreytt. En á henni er sá annmarki að hún virðist krefjast þess að allir hluthafar í hlutafélagi séu innlendir til þess að skrásetja megi skip félagsins hér á landi. Þetta er ekki í samræmi við l. 35, 27. sept. 1901, og

var aldrei tilætlunin. Þegar skrásetningarlög fyrst voru sett hér á landi, með ts. 25. júní 1869, var þetta ákvæði eins og nú í l. 1895; þótti það brátt óhafandi og var því breytt með l. 16, 21. sept. 1883, í þá átt, að stjórn félagsins ein átti að fullnægja persónuskilyrðunum. Þá er skrásetningarlögin síðan voru endurskoðuð 1895, var, eins og vant er, öll áherzlan lögð á dönsku þýðinguna, en íslenzki textinn fór í gamla horfið; líklega hafa lög 1883 gleymst. Nú virðist ástæða til að lagfæra þetta, ef íslenzk siglingalög eru endurskoðuð.

Greinin talar um skip, sem »eiga heima á Íslandi«, en í l. 1895 er talað um skip sem »hafa rétt til að hafa danskt flagg«. Hið síðara er réttara af því að flaggið er þjóðernis-einkennið og samkv. skrás.l. 2. gr. mega íslenzk skip ekki hafa annað flagg sem þjóðerniseinkenni en danska flaggið. — Í athugasemdunum (að § 1 og § 5) segir að breytingin stafi af því, að alþing geti ekki sett lög um skilyrðin fyrir því að mega hafa danskt flagg. En það virðist varhugavert að alþing fari sjálft að afneita réttmæti fyrri löggjafar sinnar, skrás.laganna frá 1895, og ætti að halda fast við að það geti nú — eins og þá — ákveðið skilyrðin fyrir því að skip geti með skrásetning á Íslandi (þ: sem íslenzkt skip) öðlast rétt til þess að hafa danskt flagg.

Ég legg því til að þessi 1. gr. verði orðuð eins og 1. gr. skrás.l. 31, 13. des. 1895, nema síðasta málsgrein, sem orðist þannig: »Nú er skipið hlutafélagseign, og verður stjórn þess þá að hafa aðsetur sitt á Íslandi eða í Danmörku og fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hér að framan«. Orðin »í Danmörku« er þó athugunarvert, hvort ekki megi falla burtu; en þá yrði að breyta l. 35, 27. sept. 1901, ts. 12. febr. 1872 o. fl. lögum um leið.

2. gr.

vísar til skrás.l. 1895. Í athugasemdunum er gefið í skyn, að rétt sé að endurskoða þau lög, og væri það gott til þess að tryggja sér fult samræmi við siglingalögin. — »Skip, sem heima eiga á Íslandi« er hér rétt til aðgreiningar frá öðrum (dönskum) skipum, sem hafa rétt til þess að sigla með danskt flagg.

3. gr.

Um þetta efni eru nú l. 20, 16. nóv. 1907, um veð í skipum. Það virðist alveg óþarft að boða ný lög um trygging réttinda yfir skipum, sem gjörbreyti stefnu þeirri, sem alþing 1907 tók, og nemi úr gildi þinglestur, en setji skrásetning í staðinn. Um trygging réttinda yfir skipum eru tvær stefnur, sem báðar hafa talsvert til síns máls: þinglesturs-stefna og skrásetningar-stefna. Nú hefir alþingi með lögum frá 1907 hallast að þinglesturs-stefnunni, menn hafa vanist þinglestrinum og engar kvartanir hafa heyrst um prinsípið, og er þá varhugavert að breyta til, þar sem ekki eru knýjandi ástæður. Hitt er annað mál að l. 20, 1907, er í ýmsum atriðum ábótavant og er hin mesta þörf á að þau verði rækilega íhuguð og síðan endurskoðuð. Ég skal að eins leyfa mér að benda á þessi atriði:

1) Lögin ná eiginlega einungis til veðs í skipum, en tala ekki um eignarrétt, löghald, fjárnámsrétt o. s. frv. Þó hefir yfirdómurinn í úrskurði 21. febr. 1910 gert ráð fyrir að svipaðar reglur gildi um þessi réttindi sem um veð.

2) Það er talsverðum vafa undirorpið hver eru »almenn fyrirmæli laganna«, sem 1. gr. 2. p. talar um.

3) Skrásetning virðist að jafnaði eiga að vera óþörf, nema nauðsynleg sé vegna þjóðernisákvörðunar (eignarréttar).

4) Lögin ættu ef til vill að ná til allra skipa og báta, sem skrásett eru (á smáskipaskrá, skipaskrá eða fiskiskipaskrá).

5) Sérstakar afsals- og veðmálabækur ættu ef til vill að vera fyrir skip. — —

Um »farslysveðrétt« sjá aths. við kap. 6. — Um siglingarveðrétt sjá aths. við kap. 11.

4. gr.

Samkv. 5. gr. skrás.l. 1895 ræður eigandi skips, sem er yfir 30 tonn, hvar það er skrásett, og er sá staður talinn heimili skipsins; en 30 tonna skip og minni skulu skrásett þar sem eigandinn á heima. Þessi regla virðist ekki óheppileg. Nú er að vísu ekki alveg ljóst hvort og hve mikið 4. gr. frv. fer í bága við hana, því að báðar greinarnar — 4. gr. frv. og 5. gr. l. 1895 — eru talsvert óljósar, og væri því rétt að gera alveg nýja gr. að efni til eins og 5. gr. skrás.l. Ósamræmið stafar af því að skrásetningarreglurnar eru ekki hinar sömu í báðum löndunum. — Ef til vill á 4. gr. frv. við það að útgerðarmaður ráði í hvaða höfn innan skrásetningarumdæmisins skipið skuli talið eiga heima, en orð greinarinnar verða ekki samrýmd þeim skilningi. Á hinn bóginn er sú regla sjálfsögð, sjá Instr. om Skibes Registrering 7. maí 1896, 16.

5. gr.

1. p. er viðauki við 17. gr. skrás.l. 1895 og virðist að efni ekki óheppilegur.

»eign útlendings« ætti að vera ‚eign manns, sem ekki fullnægir skilmálum 1. gr.', því að þeir útlendingar, sem hafa fast aðsetur hér á landi, geta átt íslenzk skip.

Orðin »við það . . . hjúskap« eru óþörf og ættu að falla burt. — Fresturinn er í dönsku sjólögunum 4 mánuðir, en í frv. 8 mán., og er rétt að hafa hann lengri hér, þótt það sé álitamál, hvort nauðsynlegt sé að hafa hann helmingi lengri.

2. p. er víðtækari en 5. gr. l. um veð í skipum 16. nóv. 1907 og því líklega betri. Réttast virðist að sleppa þessu hér, en breyta ákvæðinu í l. 1907, svo að öll ákvæðin um veð séu á sama stað.

6. gr.

»Lögskoðun« er í íslenzkum lögum og sumstaðar í frv. kölluð ‚lögleg skoðunargjörð' og virðist ekki ástæða til að breyta til.

ANNAR KAPÍTULI.

Um útgerð skipa.

7.—8. gr.

eru ný ákvæði og góð; þau taka af bagalegan vafa, sem verið hefir um þessi efni hér á landi, og virðast yfir höfuð eiga vel við.

7. gr. Um takmörkun ábyrgðar við skip og farmgjald, sjá aths. við kap. 11. — »sem sjálfskuldarmaður« (í dönsku þýð.: »personlig det er«) er óþarft. »Sjálfskuldarmaður« er annars í íslenzkum lögum kallaður ‚sjálfskuldarábyrgðarmaður' eða ‚sjálfskuldari'.

8. gr. Orðin í dönsku þýð. »i Tjenesten« hafa verið talin vafasöm, en orðin »við skyldustörf« virðast taka af vafann eftir því sem hægt er. — »Vangeymsla eða yfirsjón«, ætti heldur að vera ‚yfirsjón eða hirðuleysi' eða eins og norsku sjólögin segja: »svik, hirðuleysi eða gáleysi«. — »í skipinu« er ekki nægilega víðtækt, á að vera, í þarfir skipsins'.

9.—23. gr.

eru um félagsútgerð, þar sem félagsmenn ábyrgjast skuldir með öllum eigum sínum (‚ótakmarkaðri ábyrgð'). Um þessi útgerðarfélög eru engar sérstakar reglur, nema Jb. fml. 25, og verður því nú að fara um þau eftir almennum reglum um félög. Frv. fer nú fram á að þessu verði breytt í þá átt, 1) að meiri hluti skuli ráða um málefni félagsins, 12. gr. (sbr. Jb. fml. 25), 2) að hver félagsmaður ábyrgist skuldir einungis í hlutfalli við eign sína í félaginu, 9. gr., og 3) að hver félagi megi selja sinn hluta án samþykkis hinna, 20. gr. Það virðist nú dálítið varhugavert að lögleiða svo miklar breytingar án þess að þeir séu spurðir, sem búa eiga undir lögunum. — Um samlagsfélög og hlutafélög eiga að gilda almennar reglur.

9. gr. »Hlutaútgerð« er í daglegu máli kallað ‚félagsútgerð'. Orðið minnir á hlutafélög og virðist óþarflega nákvæm þýðing á ‚Partrederi'. — »Hluthöfum« er haft um félaga í hlutafélagi, virðist réttara að segja ‚félögum'.

10. gr. Orðin »Sé það skip . . . mæla fyrir« eru í ósamræmi við gildandi lög, því að samkv. 7. gr. l. 13. des. 1895 er ekki skylt að skrásetja útgerðarstjóra. Ef til vill má gera við þessu með því að fella burt orðin »á þann hátt . . . mæla fyrir«, en réttast væri að breyta skrásetningarlögunum í samræmi við greinina. — Síðasta málsgrein greinarinnar vísar einungis til »hluthafa«, en virðist eiga að ná einnig til útgerðarstjóra. — »Hlutaeign« félagseign. »Hluthafar« félagsmenn.

11. gr. Hér virðist réttast að taka nokkur dæmi, sem geta valdið deilum hér á landi, t. d. rétt til að kaupa skipinu vistir, selja aflann verkaðan eða óverkaðan(?) o. s. frv.

12. gr. »Hluthafi« félagi. »Úlgerðarsamningur« prentvilla f. »Útgerðarsamn.«

13. gr. »nýjar og ólíkar« virðist eiga að vera ‚verulega ólíkar' (danska þýð.: ‚væsentlig forskellig'). Ef til vill væri rétt að nefna einnig t. d. nýjar veiðiaðferðir. — ‚Hluthafi' félagi.

14. gr. Það virðist mjög varhugavert að gefa dómurum heimild til þess að víkja útgerðarstjóra frá, án þess gefnar séu reglur um aðferðina. Þess ber að gæta, að í Danmörku eru í dóminum (Retten ɔ: Söretten) menn með sérþekkingu, en svo er eigi hér á landi. Enn varhugaverðara er þó ef til vill er dómarinn má velja nýjan útgerðarstjóra, þó ekki sé nema til bráðabirgða. — »Hluthafi« félagi.

15. gr. »Hluthafi« félagi.

16. gr. »Hluthafi« félagi. »Reikningsglöp« er í 60. gr. kallað »misreiknun«, og skal ég ekki leggja dóm á hvert orðið er betra, en rétt virðist

að sama orðið sé jafnan haft um sama hugtakið í sömu lögunum. — Hér er frestur (6 mánuðir) látinn vera hinn sami og í dönsku sjólögunum, en venjulega eru frestir samkv. frv. lengri; sömu ástæður virðast þó vera fyrir lengingu í þessu tilfelli eins og í hinum.

17. gr. »Hluthafi« félagi. — Um siglingarveðrétt sjá aths. við kap. 11.

18. gr. »Hluthafi« félagi. — 3 dagar er hér á landi nokkuð stuttur frestur.

19. gr. »Hluthafi« félagi.

20. gr. »Verði skipshlutur . . .« virðist samkv. íslenzkum lögum réttara að orða þannig: »Verði skipshlutur eign manns, sem ekki fullnægir skilmálum 1. gr. . . .« — »Hluthafi« félagi. »Söluþing« er í íslenzkum lögum og víða í frv. kallað ‚uppboð' og virðast ekki fullnægjandi ástæður til þess að breyta til. ‚Hlutaútgerð' er hér kallað »samútgerð« og er það orð vafalaust betra.

21. gr. »Hluthafi« á hér eftir sambandinu í greininni að vera ‚sameigandi'.

22. gr. Um frávikning með dómsúrskurði sjá aths. við 14. gr. — »Hluthafi« félagi. »Sameign« félagsútgerð eða samútgerð; »sameign« og »samútgerð« fer oft saman, en stundum ekki, t. d. þegar eigendur leigja öðrum skipið og þeir gera það út á sinn kostnað. »Sameignarsáttmáli« er annarstaðar í frv. kallaður útgerðarsamningur og er það réttara.

23. gr. Það er ekki allskostar ljóst hvort »erlendis« á að þýða utanlands eða utanríkis; réttast virðist að taka af vafann og segja utanlands. — »Sameign« félagsútgerð eða samútgerð. »Söluþing« uppboð.

ÞRIÐJI KAPÍTULI.

Um skipstjóra.

24. gr.

vísar til laga um atvinnu við siglingar nr. 50, 10. nóv. 1905, og er því ætlast til þess að þau haldi óbreytt gildi um skilyrðin til þess að vera skipstjóri, stýrimaður eða vélamaður, þrátt fyrir talsvert ákveðna óánægju útgerðarmanna. Þeim þykja skilyrði l. 1905 of ströng og þrengi þau því kosti fiskiveiðanna, að óþörfu. Og víst er um það, að lögin eru tekin eptir lögum, sem sniðin eru eingöngu eftir þörfum kaupsiglinga. Skilyrði norskra laga nr. 4, 7. apríl 1906 um fiskiskip, eru miklu vægari. Til skipstjórnar á seglskipum í innanlandssiglingum þarf yfir höfuð engin skilyrði, og á seglskipum 200 tonn eða minni í utanlandssiglingum litlu strangari skilyrði en sett eru í 2. gr. l. 1905. — Þessu næst er sá galli á l. 1905, að í þeim eru lítil sem engin ákvæði um vélamenn. 1905 var þess ekki þörf, en nú eru íslenzk gufuskip orðin margfalt fleiri, og nokkur reynsla fengin um það, hvernig ákvæðin eigi að vera. Nú hefir verið flutt í e. d. alþ. frv. um atvinnu við vélagæzlu á ísl. skipum (Ág. Flygenring). — Enn þykir mér ekki rétt

að viðurkenna með lögum útlend próf (hið alm. danska stýrimannspróf) eða próf, sem útlent löggjafarvald (danska löggjafarvaldið) viðurkennir jafngilt sínum prófum (sjá l. 1905 9. og 11. gr.). Vér Íslendingar höfum ekki og getum ekki haft neitt eftirlit með þessum prófum eða áhrif á það, hver próf þetta löggjafarvald vill viðurkenna. Réttara virðist að gefa stjórninni heimild til þess að viðurkenna öll þau útlend (dönsk, norsk o. s. frv.) próf, sem þá og þá eru jafn tryggileg sem prófin við stýrimannaskólann í Rvík. — Loks eru á l. 1905 nokkrir formgallar, en oflangt mál yrði að rekja þá hér. —

»Greini menn . . . dómsúrskurðar« er sjálfsögð setning og því óþörf. Í dönsku lögunum á þessi setning ef til vill við það, að sjórétturinn (sem »fag«dómur) megi úrskurða um kaup án venjulegrar málsóknar; þó er mér þetta ekki fullkunnugt. Slík regla er varhugaverð hér á landi af þeim ástæðum, sem nefndar eru í aths. við 14. gr.

25. gr. er í samræmi við lög þau, sem nú gilda, sjá l. 13, 22. marz 1890, 13. og 20. gr. og réttarb. 1314 § 26 (§ 23 í Jb. útg. Ól. Halldórssonar).

26. og 32. gr.

er í samræmi við núgildandi lög, sjá t. d. l. 25, 3. okt. 1903, og nátengd frv. því til laga um öryggi skipa og báta, sem liggur fyrir þinginu (e. d.), en hefir þó sjálfstæða þýðingu. — Yfirleitt virðist ákvæðið heppilegt. Þó virðist rétt að taka fram um t. d. veiðarfæri, beitu, salt, verkfæri samkv. ts. 15, 2. marz 1900, og ts. 2, 2. mars 1903, 21. gr. og ef til vill fleira, sem snertir fiskiveiðaskip. — »Sé farmur á þilfari« er ekki rétt þýtt ‚Kan Dækslast föres'. ‚Instrumenter' er meira en »mælingatæki«; réttara er ‚siglingaverkfæri' eins og segir í frv. um ör. — »Kjölfesta« er í íslenzkum lögum venjulega kallað ‚seglfesta'. »Fermsla og aftermsla« er venjulega (og víða í frv., sjá 31., 37. o. fl. gr.) kallað ‚ferming og afferming'. ‚Honum og' er víst réttara en »og honum« í 4. línu. »Liðað« er kallað ‚ment' í frv. um ör. 2. gr. — Hegningarákvæði er í 292. gr.

27. gr. er í samræmi við l. 31, 13. des. 1895, 2. gr. og lög 13, 22. marz 1890, 72. gr. — Hegningarákvæði í 286. gr.

28.—30. gr. eru ný ákvæði og yfirleitt til bóta. — »erlendis« í 30. gr. ætti að vera ‚utanríkis'.

31. gr.

Aðalreglan er í núgildandi lögum, sjá strandl. 14. jan. 1876, 1., 3. og 6. gr. sbr. Jb. fml. 12, l. 9. sept. 1899 2. gr. og l. 54, 30. júlí 1909 12. gr., að skip eru skyld til að bjarga jafnt fjármunum sem mönnum. Það virðist nú eftir því sem hagar til hér á landi, varhugavert að breyta þessu eins og 31. gr. frv. fer fram á. Sjóhættan er hér mikil og sama sem engin von um frjálsa björgun (t. d. frá björgunarfélögum), því að björgunin er afar erfið og kostnaðarsöm í samanburði við það sem bjargast. — Verði þessu samt sem áður breytt virðist nauðsynlegt að breyta einnig strandlögunum, því að engin ástæða virðist til þess að láta aðrar reglur gilda um björgun af landi en björgun af sjó. Danir hafa líka breytt ákvæðunum um strönd í samræmi við sjólög sín með strandl. frá 1895. Aftur á móti væri sjálfsagt að ákv. í l. 1899 2. gr. og l. 1909 12. gr. stæðu ó-

högguð, sbr. einnig 223. gr. frv. — »þ ó m á e k k i . . .« er rangt til orða tekið, sbr. dönsku þýðingu: »For at bjerge . . .«

33.—34. gr. Ekkert að athuga. — 34. gr. er eftir ts. 3. febr. 1836 I.

35.—39. gr.

eru um leiðarbækur skipa og yfirleitt í samræmi við dagbókarbálk frml. 22. marz 1890.

35. gr. Sbr. l. 1890 1. og 2. gr. — Í dönsku sjólögunum eru fiskiskip að jafnaði undanþegin dagbókarskyldunni. Í norsku sjólögunum er konungi aftur á móti veitt heimild til að ákveða að dagbækur skuli hafa jafnvel á skipum, sem eingöngu fara í innanlandssiglingar. Ef til vill er réttast að lögskipa dagbókarhald á öllum skipum, en hafa það auðveldara og brotaminna á öllum fiskiskipum og skipum, sem eingöngu fara í innanlandssiglingar. Að minsta kosti virðist ósanngiarnt að botnvörpungar þeir, sem fara með afla sinn til Englands og selja hann þar, séu fyrir það eitt skyldaðir til þess að hafa (stöðugt?) dagbók, en ekki fiskiskip, sem fara t. d. alla leið til Langaness og kring um land. — Sýning leiðarbókar er ekki lögskipuð í norsku sjólögunum.

36. gr. Sbr. l. 1890 3. gr. — »B r á ð a b i r g ð a b ó k« er í dönsku þýðingunni kallað ‚Kladde', en ‚Kladde' er hér ekki annað en ‚uppkast' t. d. á laus blöð. — Hegningarákvæði er í 287 gr.

37.—39. gr. Sbr. l. 1890 3.—6. og 10. gr. — »K j ö l f e s t a« seglfesta. »S k i p s v æ t t i« sjá aths. við 40. gr. — Hegningarákvæði í 287. gr.

40. gr.

»S k i p s v æ t t i« er venjulega kallað ‚sjóferðaskýrsla' og hefir ekki verið lögskipað hingað til. Á hinn bóginn hafa sjóferðaskýrslur tíðkast þegar slys hefir borið að höndum. Nú eru skýrslurnar lögboðnar með þessari gr. frv., þá er svo stendur á sem greinin segir. Þó vantar enn ákvæði um aðferðina o. s. frv. og ætti annaðhvort að gera um það sérstök lög (sbr. dönsku l. nr. 72, 12. apr. 1892, § 8) eða bæta við þessa gr. ákvæði um það. — Orðin »eða svo fljótt sem unt er« koma ekki vel heim við orðin »beri slysið að á sjó« o. s. frv., það er sjálfsagt að ef slysið ber að á sjó er ekki unt að tilkynna það fyr en komið er í lægi eða höfn. — »H é r í r í k i n u« ætti að minsta kosti að breyta í ‚innanríkis'; í rauninni er de jure réttast að segja ‚í Danaveldi', sbr. l. 2. jan. 1871 1. gr., þótt hitt sé algengara í ísl. lögum. »e r l e n d i s« utanríkis eða utan Danaveldis. »e r l e n t y f i r v a l d« sama. — Hegningarákvæði í 288. gr.

41.—42. gr. »H l e ð s l a« í 42. gr. o: hvernig farminum er komið fyrir í skipinu.

43. gr. er í samræmi við l. 13, 22. marz 1890, 9. gr. og strandl. 2, 14. jan. 1876.

44.—47. gr.

um afstöðu skipstjóra gagnvart skipverjum.

44. gr. 1. p. er eins og l. 1890 33. gr. — 2. p. 1. mgr. er þannig í norsku lögunum: »Paa Söndage og andre her i Riget anordnede Helligdage bör der saa-

vidt muligt gives Anledning til Gudstjeneste ombord« og virðist það ákvæði betra, en réttast virðist að hafa ekkert ákvæði um þetta efni, sem ekki kemur siglingum við og ætti að vera afskiftalaust af hálfu löggjafarvaldsins. — 2. p. 2. mgr. nær eftir orðunum einnig til fiskiskipa og á þá ekki allskostar við.

45. gr. Sbr. l. 22. marz 1890, 71. gr.

46. gr. Sbr. l. 13, 22. marz 1890, 64. gr. og l. 44, 10. nóv. 1905, 24. gr. 1. mgr. greinarinnar ætti að orða í samræmi við fátækralögin, sem er betur orðuð (greinin á einungis að koma til greina þá er skipverji andast á ferð, og ‚útför' er betra en ‚greftrun' t. d. þegar líki er sökt). — 2. mgr. er dálítið óljós: hvað á skipstjóri að gera ef skipverji hefir andast á ferð innanlands? »Utanlands« ætti að vera ‚utan ríkis' eða ‚utan Danaveldis', og þá vantar ákvæði um það ef skipverji andast utanlands en innan Danaveldis (t. d. í Danmörku). — Í frv. er alstaðar haft orðið »konsúll« um mann þann, sem annars hefir verið kallaður ‚verzlunarfulltrúi', ‚verzlunarræðismaður' eða ‚ræðismaður'. Rétt virðist að taka fram að hér sé um danskan konsúl að ræða.

47. gr. Sbr. l. 13, 1890, 52. gr., breytingarnar virðast sumar vera til hins betra, sumar til hins verra. — »Erlendis« á að vera ‚á landi eða í landhelgi utan Danaveldis' (ɔ: paa udenlandsk Territorium) ‚í útlendri höfn' höfn utanríkis eða utan Danaveldis. Þá vantar ákvæði um glæpi sem drýgðir eru í (eða síðar er komið til) hafnar í Danaveldi annarstaðar en Íslandi; ákvæðið um þetta í 52. gr. l. 1890 hefir verið felt úr.

48.—53. gr.

eru um umboð skipstjóra og hin þörfustu nýmæli, því að nú eru engin almenn lög til um það og veldur það oft ágreiningi milli skipstjóra og umbjóðenda hans og því, að skipstjóri þorir ekki að gera nauðsynlega samninga; þó hefir einungis einn slíkur ágreiningur komið til yfirdómsins, sjá dómas. VII. 431.

48. gr. er í norðurlanda sjólögunum um »legitimation« skipstjórans, en í frv. er greinin orðuð eins og hún ætti við um »rétt« skipstjóra til þess að gera samninga fyrir hönd útgerðarmanna. Þetta þyrfti að lagfæra. — »selur og skipið á leigu« ætti að vera ‚gerir farmsamninga'. »Málflytjandi« er »prokurator«, en á hér að vera ‚sóknari'.

50. gr. »Söluþing« uppboð.

51. gr. »eigi vissu hana« í þessari gr. og 49. gr. er ekki alveg nákvæmt. »Bona fides« vantar stundum, þótt maðurinn vissi ekki um takmörkunina, þ. e. ef hann átti að vita um hana.

53. gr. Sbr. ts. 22. marz 1620 í. f. og ts. 5. febr. 1751.

54. gr. »löggildir samningar« ætti að vera »löggerningar« eða ‚játast undir skuldbindingar' (í samræmi við dönsku þýðinguna og dönsku og norsku sjólögin). »Málflytjandi« saksóknari.

55. gr. »það var dæmt« þ. e. ‚löglegir skoðunarmenn dæmdu'.

56. gr. »eigi vissu hana« sjá aths. við 51. gr. — ‚hinn' prentvilla fyrir ‚hinu'.

57. gr. Str. 43. gr. 2. p. og l. 2, 14. jan. 1876. — »Söluþing« uppboð.

59. gr.

»Yfirsjónum sínum eða vanrækslu á skyldum« ætti að vera »svik« hirðuleysi eða athugaleysi við skyldustörf« sjá aths. við 8. gr. — »Athygli né eftirlit« á að vera ‚athygli og eftirlit' sbr. dönsku þýðinguna.

60. gr.

Í norsku lögunum er skipstjóra gert að skyldu að láta útgerðarmann áður en för er hafin fá skrá yfir það, sem greitt hefir verið fyrirfram upp í kaup. — »Leigutaki«, betra er ‚fartaki', því að skipleiga er sjaldgæf. »Misreiknun« sjá aths. við 16. gr.

61.—68. gr.

eru um endir skipstjórasamningsins og kaup skipstjóra í ýmsum tilfellum. Einkar þörf nýmæli.

61. gr. »Dómari« sjá aths. við 14. gr. — »Hluthafi« félagsmaður, samútgerðarmaður.

62. gr. Hér væri ef til vill rétt að ákveða hvort hver »túr« fiskiskips skuli talin ferð eða einungis partur úr ferð (»tímanum«); virðist mér varhugavert að heimila skipstjóra að rifta samningnum milli ‚túra'. — »Ráðningasáttmáli« skipstjóra- eða ráðningar-samningur. »Réttur til að bera danskan fána« sbr. 1. gr. og aths. stjórnarinnar við hana; ‚fáni' er sumstaðar í frv. og líklega ávalt í daglegu máli kallaður ‚flagg'.

63. gr. »Á hann þá kaup« réttara ‚á hann þá einungis kaup', sbr. dönsku þýðinguna. »Missir hann rétt til kaups« (í 3. p. gr.) réttara ‚rétt til frekara kaups' eða ‚kaups frá því'. »Löghald« er í íslenzkum lögum sama sem »Arrest«, sbr. 69. gr., en ekki »Embargo«. ‚Embargo' er hald sem lagt er á skip í ófriði og í sérstökum tilgangi. hliðstætt »Blokade«, sem kallað hefir verið herkvíun; mætti því ef til vill kalla »embargo« herhald. Í l. 22. marz 1890, t. d 58. gr., er það einungis kallað ‚hald'.

64. gr. »Hér á landi« er í dönsku þýðingunni kallað ‚her i Riget'. Rjett virðist að láta réttindi þau, sem greinin ræðir um, velta á því hvort skipstjóri víkur úr stöðunni hjer á landi eða utanlands, fremur en innanríkis — utanríkis. En hvort sem valið er verður að athuga að þýðingin sé í samræmi við textann.

65. gr. »Réttur til að bera danskan fána« sjá aths. við 62. gr.

66. gr. »Ráðinn hér í ríkinu«, virðist réttara að hafa ‚hér í landinu' eða ‚hér á landi'. »erlendis« utanlands. — »Ráðningarsáttmáli« skipstjórasamningur eða ‚samningur'.

67. gr. Hér væri þörf á ákvæði um það, hvenær telja eigi að skip hafi farist, sem er við fiskiveiðar, t. d. þegar liðinn er helmingur af meðalútiveru skipa frá þeim stað á þeirri vertíð.

68. gr. Hér vantar ákvæði um skipstjóra á fiskiskipum, sem borgað er

m. a. með »premíu« (upphæð fyrir hvert skippund afla). Þá er undir því komið hve mikið aflað er þegar skipstjórinn lætur af stöðu sinni; en ef ekki er hægt að sanna það mætti setja t. d. helming alls aflans (í samræmi við 67. gr.) eða aðra reglu.

69. gr.

Hér er »l ö g h a l d« haft í réttri merkingu, um »arrest« sbr. aftur á móti 63. gr.

FJÓRÐI KAPÍTULI.

U m s k i p s h ö f n.

Hér er sama máli að gegna um skilyrði af hálfu þess opinbera (til þess að vera stýrimaður eða vélamaður) sem um skipstjóra, sjá aths. við kap. 3.

70. gr.

»F a r b æ k u r« eru ekki og hafa aldrei verið til hér á landi og eru heldur ekki lögskipaðar með frv. »Söfartsbog« er bók sem landvarnarskyldum dönskum sjómönnum er fengin, sbr. dönsk l. 6. marz 1869 § 52. Greinin virðist því eiga að falla alveg niður. — Í norsku lögunum er í þessari grein gert að skyldu að gera jafnan skriflegan samning við skipverja.

71.—73. gr.

um ráðningu í skiprúm.

Samkvæmt núgildandi lögum, sjá l. 22. marz 1890, 13.—17. gr., þarf til þess að ráðning sé lögleg 1) að farmanni sé fengin viðskiftabók með samningnum í, 2) að gerð séu tvö eintök af skipshafnarskrá með samningum allra skipverja, og 3) að skipverjar séu lögskráðir til skiprúms. Þessum ákvæðum hefir frv. haldið í öllum verulegum atriðum óbreyttum, en bætir svo við 4) sérstökum skriflegum samningi í vissum tilfellum, (sjá 71. gr. 5. p.). Segir í aths. stjórnarinnar við frv. að þetta ákvæði sé í samræmi við hin ákvæði greinarinnar. — Frá sjómannastéttinni hafa nú heyrst ýmsar raddir um að núgildandi ákvæði væru ekki heppileg, sérstaklega fyrir fiskiskip. Það sem aðallega er fundið að, virðist vera a) að ráðningin sé óþarflega margbrotin, og b) tryggi þó ekki nægilega hag útgerðarmanna gegn tvíráðningu. Þessar mótbárur virðast á rökum bygðar og verður þá að koma til athugunar hvernig bæta megi úr göllunum. Ó b r o t n a r i getur ráðningin orðið t. d. með því að sleppa viðskiftabókunum (fyrir fiskiskip); það rýrir varla tryggingu sjómannsins, að minsta kosti virðast þeir ekki líta svo á því að venjulega er ekkert skrifað í bækurnar og altítt er að þeim er kastað jafnharðan og þær eru keyptar. Aftur á móti verður ráðningin ekki óbrotnari með viðbótinni um samninginn. Hitt atriðið, hvernig gera eigi ráðninguna t r y g g a r i gegn tvíráðningu, er erfiðara viðfangs. Útgerðarmenn hafa á eigin spýtur reynt það með því að taka upp sérstaka skriflega samninga, og munu samningar frv. komnir þaðan. En þá virðist engin ástæða til að einskorða ákvæðið við þá sem ráðnir eru gegn hluta af aflanum, en láta það ekki ná til kaupamanna. Og vafasamt er hvort það þætti fullnægjandi að

gera samningana í viðurvist lögskráningarstjóra (um leið og lögskráð er?); samkv. núgildandi lögum má gera slíka samninga í viðurvist lögskráningarstjóra (sjá 17. gr. l. 1890), en samt hafa útgerðarmenn ráðið sérstakan ‚ráðningarstjóra'. Og loks er þess að gæta að þessir skriflegu samningar eru ófullnægjandi neyðarúrræði, og sést það á því að útgerðarmenn samþyktu í haust að hætta við þá, ef hægt væri að koma málinu öðruvísi fyrir. Þeim hafði nefnil. hugkvæmst að freista hvort ekki mætti fá skipverja lögskráða þegar eftir nýár jafnóðum og þeir yrðu ráðnir; mundi ráðningin þá verða engu margbrotnari en fulltrygg. Frá sjónarmiði farmanna er þó ýmislegt sem mælir á móti þessu fyrirkomulagi og það mundi auka störf lögskráningarstjóra mjög mikið. En auk þess væri þá nauðsynlegt að breyta ýmsum lögum sem snerta þetta efni, fyrst og fremst gera lögskráningarbálk l. 1890 skýrari. — Þetta spursmál alt þarf að taka til rækilegrar íhugunar með mönnum sem vit hafa á því.

71. gr. er yfirleitt í samræmi við 13.—15. gr. l. 1890 og virðist óþarfi að breyta orðalaginu eins og gert hefir verið; núgildandi orðalagi eru menn orðnir vanir og skilningur orðanna orðinn ljós. — Það virðist óþarfi að taka fram ‚aldur og fæðingarstað' farmannsins; ákvæðið er tekið úr dönskum lögum, og er þar sett vegna landvarnarskyldunnar. — »Kauphæð« er í dönsku þýðingunni ‚Vilkaar, derunder Hyre'. — Aftan við þriðja part greinarinnar þyrfti að bæta ákvæði um það, hvernig reikna eigi tíma- (mánaðar-) kaup, þegar ráðið er gegn hálfdrætti. Öll ákvæði núgildandi farmannalaga um kaup hafa reynst ónýt fyrir fiskiskip, af því að ekki hefir verið hægt að koma þeim heim við hálfdrættisráðninguna, sem algengust er á fiskiskipum. — Hegningarákvæði í 286. gr.

72. gr. er í öllu verulegu í samræmi við 16. og 17. gr. l. 1890; þó er gerð sú breyting að skipverjar eiga að játa samninginn fyrir lögskráningarstjóra ekki einungis þá er farið er í utanlandssiglingar, eins og áður, heldur einnig þegar förinni er heitið á fiskiveiðar. Ekki veit eg til þess að þessa hafi verið óskað. — Í gr. er gert ráð fyrir að skipstjóra sé í sjálfsvald sett hvort hann geri sérstaka bréflega samninga við skipverja (sjá orðin »ef skipstjóri vill«), en verði 5. p. 71. gr. að lögum verður að sjálfsögðu að breyta þessu í samræmi við hana.

73. gr. er í samræmi við réttarbót 1314 26. gr. (§ 23 í útg. Ól. Halldórss.). »Þ ó s k a l ..... r á ð n i n g a r« verður að falla niður, sbr. aths. við 70. gr.

74.—85. gr.

um skyldur skipverja o. fl.

74. gr. Sbr. kgbr. 28. febr. 1758 1. gr. og l. 1890, 43. gr. — »R á ð n i n g a r t í m i« á að vera ‚réttur farmanns til kaups' sbr. dönsku þýðinguna.

75. gr. Sbr. l. 1890 35. gr. — »L ö g r e g l u l i ð s« lögreglunnar.

77. gr. Sbr. l. 1890 32. gr.

78. gr. Sbr. l. 1890 32. gr. — »M i s g r i p, h i r ð u l e y s i, v a n r æ k s l a« sjá aths. við 8. gr. o. fl. — Hegningarákvæði í 301. gr.

79. gr. »A t h u g a n i r o g m æ l i r e i k n i n g«, rjettara, ‚athuganir þær og mælireikning, sem nauðsynlegur er'. — »Á s j ó n u m« réttara er ‚um siglinguna'. — Hegningarákvæði í 287. gr.

80. gr. »Einkanlega skylda vélastjóra« gæti misskilist; ótvírætt er ‚skylda vélastjóra einkanlega' — Hegningarákvæði í 287. gr.

81. gr. Hegningarákvæði í 307. gr.

82. gr. Sbr. l. 13, 22. marz 1890, 53. gr. »Útlendur« og »innlendur« þýðir hér sama sem ‚á Íslandi' og ‚utan Íslands'. — »Farmtöku« fermingar.

83. gr. Sbr. l. 1890, 53. gr. 1. p. í f. — »síðasta lögskráning fór fram«, skýrara: ‚síðasta lögskráning hans fór fram', því að meiningin er auðvitað ekki að neinn farmaður sé skyldur að vera lengur á skipi fyrir það að annar maður er ráðinn og lögskráður á það. — »Farmtöku« fermingar.

84. gr. Danska þýðingin er ekki alveg nákvæm, en þó rétt að efninu til (upptalningarröðin önnur). — »Kjölfestu« seglfestu.

85. gr. Sbr. l. 13, 22. marz 1890, 54. gr.

86. gr. Í þessari grein og annarstaðar í frv., þar sem talað er um kaup skipverja, aukakaup og skaðabætur, vantar algjörlega ákvæði um það er skipverji er ráðinn gegn hálfdrætti. Í gildandi lögum vantar líka ákvæði um þetta tilfelli og hefir það orsakað mikinn ágreining og óánægju, auk þess sem hásetar hafa oft tapað rétti sínum fyrir það að hann varð ekki metinn til peninga.

87. gr. Sbr. l. 1890, 58. gr. — Hegningarákvæði í 302. gr.

88. gr. Sbr. l. 1890, 53. gr. í f. – »Heimild til að bera danskan fána«, sjá aths. við 62. gr.

89. gr. 1. p. »Erlendis«. Það þyrfti skýringar hvort hér er átt við ‚utanlands' eða ‚utanríkis'. Í dönsku lögunum er átt við hið síðara og orðalag frv. virðist benda til hins sama; fyrri merkingin hefir þó ýmislegt til síns máls sérstaklega sjálft orðið ‚erlendis'. — 2.—3. p. Sbr. l. 22. marz 1890, 67. og 37. gr.

90. gr. Sbr. l. 1890 63. og 65.—66. gr. og l. 44, 10. nóv. 1905 23. og 25.—26. gr. — Grein þessi ætti að vera í betra samræmi við fátækralögin, en auðvitað mætti eins koma samræminu á með því að breyta þeim lögum, ef hin nýju ákvæði þykja betri.

91. gr. 1. p. sbr. l. 1890, 57. gr. — »Lögheld« herhald, sbr. aths. við 63. gr. — »Víkingar« sjóræningjar, sbr. hl. 25. júní 1869, 246. gr. — Síðasta málsgrein greinarinnar er í samræmi við l. 1890, 61. gr. 2. p. og l. 2, 14. jan. 1876.

92. gr. Vafasamt hvort »erlendis« á að þýða, ‚utanlands' eða ‚utanríkis'.

93. gr. Sbr. l. 22. marz 1890 64. gr. og l. 44, 10. nóv. 1905 24. gr.

94. gr. Sbr. l. 1890, 56., 57. og 59. gr. – »Lögheld« herhald, sbr. aths. við 63. gr. — »Farmtaka« ferming.

95. gr. er endurbætt 68. gr. fml. 22. marz 1890.

96. gr. Sbr, l. 1890, 69. gr. — Þessi grein er nátengd 44. gr. frv. Báðar eiga við sama tilfellið og ætti það því að vera eins orðað á báðum stöðum (»að

ekki verði frestað« í 44. gr., en »brýna nauðsyn bera til« í 96. gr.). — Greinin virðist ekki eiga við um fiskiskip. — Síðasta málsgreinin er tekin úr norsku sjólögunum, en sama undantekning virðist eðlileg um 44. gr. — »F a r m t ö k u« fermingu.

97. gr. »M a ð u r« farmaður, sbr. dönsku þýðinguna: »Sömand«. — »Sk r á n i n g a r m á l i« skiprúmssamningur, ráðningarsamningur. — »Ú r s k r á r i n g« prentvilla fyrir ‚úrskráning'. — Sbr. l. 22. marz 1890, 60. gr.

98. gr. Sbr. l. 1890 61.—62. gr. — »V í k i n g a r« sjóræningjar. — »H e r m u n i ð« prentvilla f. hernumið.

99. gr. Sbr. l. 1890, 55. gr., 58. og 63. gr. — Hér vantar ákvæði um það hvenær hálfdrættingar eiga rétt á kaupi sínu. Enn fremur um það hvernig fer ef hálfdrættið er selt útgerðarmanni. Þetta veldur oft ágreiningi milli útgerðarmanna og farmanna, og sérstaklega hefir útgerðarmaðurinn eftir þeim lögum, sem nú gilda, tögl og hagldir gagnvart farmanninum, þar sem honum ber engin skylda til þess að greiða neitt fyrirfram af kaupverði aflans og að jafnaði er heldur ekki skylt að láta aflann af hendi, því að hann hefir keypt hann. Rétt virðist og að það væri tekið fram að »lán« sem veitt eru skipverjum áður en skipið fer í leiðangur sinn, en veitt í sambandi við ráðninguna, skuli talin fyrirframgreiðsla á kaupi; um þetta virðist nfl. vera nokkur ágreiningur. Sama er um úttekt í verzlun, sem veitt er eða leyfð, einmitt vegna ráðningarinnar, sbr. dóm í dómas. Lyd. VI. 654.

100. gr. Sbr. l. 22. marz 1890, 17. gr. — »E r l e n d i s« ætti að vera ‚utan ríkis' eða ‚utan Danaveldis'. Ákvæði vantar um það ef skipið er í Danmörku eða Færeyjum (hinum dönsku Vesturindíaeyjum eða Grænlandi); eftir sambandinu milli Danmerkur og Íslands virðast »hlutaðeigandi stjórnarvöld« eiga að skera úr þar. — »Ú r s k i p i« úr skiprúmi. — »Á g r e i n i u g u r« prentvilla f. ‚ágreiningur'. »D a n k s a« prentvilla f. ‚danska'.

101.–107. gr.

eru aðallega um vald skipstjórans yfir skipverjum. Almenn hegningarákvæði fyrir brot á þessum skyldum eru í 289. gr.

101. gr. Sbr. l. 13, 22. marz 1890, 34. gr. — Hér er að því er virðist að ástæðulausu vikið frá orðalagi 34. gr. l. 1890; eldra orðalagið virðist í flestum atriðum eins skýrt og orðalag frv. og er því betra, því að því hafa menn vanist.

102. gr. Sbr. l. 1890, 36. gr. — Síðasti liður greinarinnar er nýmæli og virðist talsvert varhugaverður, enda ólíklegt að hans sé nein þörf hér á landi. — Um fiskiskip getur greinin eftir ákvörðun hegningarinnar ekki átt, ef ráðið er gegn hluta í aflanum; skipstjóri á slíkum skipum hefir því de facto ekkert hegningarvald, því að jafnvel síðasti liðurinn er bundinn því skilyrði að farmaðurinn hafi áður verið látinn sæta sektahegningu. Á hinn bóginn virðist þarflegt og getur jafnvel verið nauðsynlegt, að skipstjóri geti framfylgt skipunum sínum með hegningu. Þyrfti því að bæta hér við ákvæði, sem t. d. mætti vera á þá leið, ‚að 1 dags kaup skuli telja ... kr. ef kaupið er ekki talið í peningum'.

103. gr. Sbr. fml. 22. marz 1890, 37. gr.

104. gr. Sbr. l. 1890, 39. gr. og 40. gr. — Hér vantar ákvæði um það, ef skipið kemur í danska höfn eða færeyska. — »Útlendur« ‚utanríkis' eða ‚utan Danaveldis'. Orðalagi er sumstaðar breytt að óþörfu frá 39. gr. l. 1890. — »Umbúa« virðist ekki vera rétt þýðing á ‚oplægges'.

105. gr. Sbr. l. 1890, 41. og 47. gr. — Hér vantar ákvæði um það, ef lögskráð er úr skiprúmi í Danmörku eða Færeyjum. »Erlendis« utanríkis eða utan Danaveldis.

106. gr. Sbr. l. 1890 47. gr. – Ef til vill er þessi regla nokkuð ströng, þá er um fiskiskip er að ræða og útgerðarmaður kaupir aflann.

107. gr. Sbr. l. 1890 47. gr. 2. p.

108. gr. er þarft nýmæli.

FIMTI KAPÍTULI.

Um skipsleigu.

»Skipsleiga« er ekki rétt orð um ‚Befragtning'. Skipsleiga er hlutaréttargerningur, en ‚Befragtning' kröfuréttargerningur ɔ: samningurinn um flutning á skipi, en ekki samningur um leigu skips. Þessir samningar eru í Jónsbók, sjá fml. 1, kallaðir ‚fartekja', en fartekja er tvennskonar, fyrir hluti og fyrir menn. Samning um far fyrir hluti er rétt að kalla farmsamninga, en hina farsamninga. Í stað ‚skipsleigu' í fyrirsögn kapítulans, ætti því að setja ‚fartekju'.

109. gr. »Skipsleiga«, hér ‚farmsamningur' sbr. aths. við fyrirsögnina.

110. gr. »Leigurúm«, þessari setningu þarf að breyta allri í samræmi við það, sem áður er sagt. — »Tók á leigu« fartaki eða fartakandi. »Leigusali« farsali eða farseljandi.

111. gr. »Valdir að« er ekki sama sem ‚tilregnes'. Nema það vitnist að ‚útgerðarmaður átti ekki sök á töfinni' er betra; með því er tekið fram að töfin skuli vera saknæm (»tilreiknanleg«). — »Farmtökustaður« fermingarstaður. »Farmtaka« ferming. »Skipsleigusamningur« farmsamningur. »Leigutaki« fartaki.

112. gr. »Leigutaki« fartaki eða fartakandi. »Leiguréttur« réttur.

113. gr. »Leigutaki« fartakandi.

114. gr. »Tekið alt skipið á leigu« samið um alt skipið. »Farmtökustaður« fermingarstaður. »Leigutaki« fartaki eða fartakandi.

116. gr. Þetta ákvæði hefir verið talið lög hér á landi með dómi í dómas. Lyd. VI. 87. — »Leigusali« farsali eða farseljandi. »Farmtökustaður« fermingarstaður.

118.—121. gr.

eru um biðdaga og aukabiðdaga. Dagar þessir eru kallaðir »dvöl« og »dvalauki« í 57. gr. l. 22. marz 1890, og eru hvergi annarstaðar nefndir í íslenzkum lögum, svo kunnugt sé. Í frv. eru þeir nefndir ‚biðdagar' og ‚biðaukadagar' (137. gr.). ‚Aukabiðdagar' virðist betra orð og ætti að hafa það alstaðar.

118. gr. »Leigutaki« fartaki. »Farmtaka« ferming. »Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Miðaftan« kl. 6; ‚miðaftan' er svo óalgengt — að minsta kosti við sjávarsíðuna — að réttara virðist að nefna beinlínis kl.stundina.

119. gr. »Meira en ..... minna en ...« er ekki rétt til orða tekið því að þá vantar ákvæði um þau skip, sem t. d. eru rjett 50, 100, 150 o. s. frv. tonn. Rétt er t. d. ‚meira en ..... ekki meira en'. — »Smálest« virðist rétt að kalla ‚tonn'; ‚tonn' er íslenzkulegt og almenningi eins tamt eins og t. d. kirkja. »Farmöku« prentvilla f. ‚farmtöku' fermingu. — Það er annars mjög vafasamt hvort dagatalan, sem tekin er óbreytt úr dönsku lögunum, á við hér á landi, þar sem engar hafnir eru og því engin trygging fyrir að hægt sé að ferma og afferma, og þótt það sé hægt, þá er ferming og afferming hér talsvert seinlegri en þar sem hafnir eru. Að minsta kosti virðist eiga að fara eftir norsku lögunum um minni skip en 50 tonna, en biðdagar eru samkvæmt þeim 4 dagar fyrir öll slík skip.

120. gr. »Krefja má kaups« gjalddagi aukabiðdagagjalds (sbr. dönsku þýðinguna). »Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Smálest« tonn. »Vöruskírteini«, sjá aths. við 132. gr.

121. gr. »Biðaukadagar« aukabiðdagar. —

122. gr. »Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Vöruskírteini«, sjá aths. við 132. gr.

123. gr. »Fyrirsögn« tilkynning, krafa (sbr. dönsku þýðinguna).

124. gr. »Vöruskírteini« sjá aths. við 132. gr.

125. gr. »Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Vöruskírteini«. Sjá aths. við 132. gr.

126. gr. »Taka á leigu« semja um. »Skipsleiga« farmgjald. »Biðauki«, »biðaukadagar« aukabiðdagar. »Leigutaki« fartaki. »Vöruskírteini«. Sjá athugasemd við 132. gr.

127. gr. »Leigutaki« fartaki. »Farmtökukostnaður« fermingarkostnaður. »Biðaukadagar« aukabiðdagar.

128. gr. »Leigt skip« samið um skip. »Leigutaki« fartaki. »Biðauki« aukabiðdagar. »Farmtaka« ferming. »Farmtökustaður« fermingarstaður. »Vöruskírteini«. Sjá aths. við 132. gr.

129. gr. »Leigt skip« samið um flutning í skipi. »Hluthafar« fartakar eða fartakendur. »Biðaukagjald« aukabiðdagagjald.

130. gr. »Taka skip á leigu« semja um flutning á skipi. »Leigutaki» fartakandi.

132.—134. gr.

eru um farmbréf. Um þau eru engin íslenzk lög til, þótt þau séu nefnd sumstaðar í lögum. Ákvæði þessi, ásamt öðrum ákvæðum frv. um farmbréf, eru því þörf nýmæli, því að farmbréf eru orðin talsvert algeng hér á landi, en óvissa um hver lög gildi um þau.

132. gr. Bréf þau, sem hér ræðir um, eru kölluð ‚farmbréf' í kgl. augl. 23, 9. nóv. 1894, fullnaðargjörð III, ‚farmskrá' í l. 13. apr. 1894 (um gjaldþrotaskifti) 16. gr. og l. 16, 4. nóv. 1881, 3. gr., en ‚hleðsluskírteini' í l. 16, 9. júlí 1909, 2. gr. Farmskrá er í öðrum lögum (sbr. 203. gr. frv.) haft um »manifest« og á það betur við. Hleðsluskírteini er langt og stirt. Farmbréf er aftur á móti stutt og laggott, svarar til ‚farmsamnings', ‚farmgjalds' o. s. frv., og ‚farbréfs' farþega. Það virðist því langheppilegast og engin þörf á nýyrðinu »vöruskirteini« sem haft er í frv. — »Vara« er eiginlega einungis söluvarningur og því ekki nægilega viðtækt; ‚góss' eða ‚farmur' virðist heppilegra. — »ffytja« prentvilla.

133. gr. »Vöruskírteini« farmbréf. — »Það eintak skipstjóra, sem nú var getið« er ekki rétt til orða tekið eftir sambandinu í greininni og ekki í samræmi við dönsku þýðinguna; rétt er, ‚eintak skipstjóra' ‚það eintak, sem skipstjóra er fengið í hendur'.

134. gr. Í 2. p. er ákvæði, sem svarar til 39. greinar víxillaganna 13. jan. 1882, og ætti að vera meira samræmi í orðalagi þeirra; þó er þess að gæta að orð l. 1882 39. gr. er mjög óheppileg á einum stað (»fullkomnum framsölum eða eyðuframsölum, sem .....« fyrir ‚fullkomnum framsölum, sem ..... eða eyðuframsölum') og þyrfti að breyta því. — »Að tilvísun« þess, sem hann tilvísar'. »Ekki að tilvísun« ‚ekki til framsals' sbr. l. 1882 9. gr. — »Ófylt framsal« ‚eyðuframsal' sbr. l. 1882 13. gr. o. fl. — »Vöruskirteini« farmbréf.

135.—141. gr.

um réttarstöðuna á áætlunarstaðnum.

135. gr. »Farmtöku« fermingu.

137. gr. »Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Farmtaka« ferming.

138. gr. »Stykkjavara« er kölluð ‚stykkjagóss' í 123. gr. og er það réttara. — »Bending« (sbr. fyrirsögn í 123. gr.) tilkynning, krafa, sbr. aths. við 123. gr.; sömuleiðis »vísbending« síðast í gr.

139. gr. »Vöruskírteini« farmbréf.

140. gr. »Vöruskirteini« farmbréf. »Merkt raðartölum« tölusett, sbr. ‚tölumerkt' í 141.

141. gr. »Eignarskifti« framsal; á auðvitað ekki við arf, hjónaband o. s. frv. — »Vöruskírteini« farmbréf.

142.—149. gr.

um ábyrgð á farminum.

142. gr. »Líkindi séu til« er ekki sama sem ‚göres antageligt' (sjá dönsku þýðinguna); í dönsku orðunum felst að skipstjóri eða útgerðarmaður

verða að benda á líkindin, en íslenzku orðin skera ekki úr því hver á að sanna farmeigandi eða útgerðarmaður. — »Vörunni« farminum, góssinu. »Leigusali« farsali, farseljandi.

143. gr. »Vara« farmur. »Leigusali« farsali.

144. gr. »Vöruskírteini« farmbréf. »Skipsleigusamningur« farmsamningur. »Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Biðaukagjald« aukabiðdagagjald. »Farmtaka« ferming.

145. gr. »Vöruskírteini« farmbréf. »Farmtaka« ferming.

146. gr. »Vara« farmur, góss. »Vöruskírteini« farmbréf.

147. gr. »Vara« farmur, góss. »Vöruskírteini« farmbréf.

148. gr. »Sök« þýðir í lagamáli ‚subjektiva' orsök, handvömm eða ásetning; hér er aftur á móti átt við ‚objektiva' orsök, en um hana er haft orðið ‚orsök' eitt sér. — »Yfirsjón eða hirðuleysi« sjá aths. við 8. gr. frv. »Vara« farmur, góss.

149. gr. »Vara« farmur, góss. »Leigusali« farsali, farseljandi.

150.—155. gr.

um farmgjaldið.

150. gr. »Vara« farmur, góss. »Farmtökustaður« fermingarstaður.

151. gr. »Vanhirða«, hirðuleysi er algengara í íslenskum lögum. »Vara« farmur, góss.

152. gr. »Vörunnar« á auðvitað einungis við innihald þess íláts. »Vöruskírteini« farmbréf.

153. gr. »Leigusali« farsali, farseljandi. »Leigutaki« fartaki, fartakandi.

154. gr. »Vara« farmur, góss. »Vöruskírteini« farmbréf. »Skipaði« skipar, segir.

155. gr. »Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Vara« farmur. »Farmtökustaður« fermingarstaður. — ‚Kyrsetning' er að vísu rétt orð um ‚Arrest', en í frv. þessu er víðast haft orðið ‚lögheld' og er það betra, en óþarfi að hafa fleiri orð en eitt.

156.—158. gr.

156. gr. Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Vara« farmur, góss. »Stykkjavara« stykkjagóss. — »Skipstjóri« skipið (c: þeir sem yfir skipinu ráða, en það geta verið aðrir en skipstjóri, t. d. útgerðarmaður, veðhafi o. s. frv.).

257. gr. »Vara« farmur, góss.

158. gr. »Þó er rétt...« er samskonar ákvæði og 93. gr. vl. 13. jan. 1882 og 12. gr. tékkl. 8. nóv. 1901 og ætti orðalag gr. að vera sem næst orða-

lagi þeirra ákvæða. »Allar kröfur« er þó í þessu sambandi betra en ‚fjárheimtan‘ (í 93. gr. vl. 1882). — »Vara« farmur, góss.

159.—164. gr.

Riftun farmsamnings.

159. gr. »Löghald« herhald (sjá aths. við 63. gr.). »Vara« farmur, góss. »Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Taka skip á leigu« vera fartakendur, taka far (sbr. Jb. fml. 1 í f.). »Leigjandi« fartakandi. — »Sæfir« prentvilla f. sætir.

160. gr. »Vara« farmur, góss.

161. gr. »Leigutaki« fartaki, fartakandi. »Farmtökustaður« fermingarstaður. »Sameiginlegt sætjón« sjá aths. við kap. 7.

162. gr. »Vara« farmur, góss.

163. gr. »Farmtökustaður« fermingarstaður. »Leigutaki« fartaki, fartakandi. »Bætur« kröfur (sbr. dönsku þýðinguna). »Vara« farmur, góss.

164. gr. „Leigutaki« fartaki, fartakandi. »Vara« farmur, góss.

165.—168 gr.

um ýmislegt viðv. farmbréfum.

165. gr. »Vöruskírteini« farmbréf. »Vara« farmur, góss, »Mörkuð raðartölum« tölusett.

166. gr. Ákvæði þetta er nú alveg óþekt í íslenzkum lögum, en er ætlast til þess að það verði nokkuð breytt, lögleitt með frv. til viðskiftalaga, sem liggur fyrir þinginu. Viðskiftalög þessi eru þýðing úr dönskum lögum »Om Köb« frá 6. apr. 1906 og breytir í sumum atriðum eldri ákvæðunum; því voru í Danmörku samþykt ný lög um breyting á þessari grein siglingalaganna frá 1892. Ef nú bæði þessi frv., siglingalagafrv. og viðskiftalagafrv., verða að lögum er nauðsynlegt að þetta ákvæði þeirra verði eins í báðum. — »Vöruskírteini« farmbréf. »Vara« farmur, góss.

167. gr. Venjulega veitir lögreglustjóri eða stjórnarráðið leyfisbréf til þess að fá ógildingardóm, en hér er farið fram á að dómari geri það. — Óþarfi virðist að birta stefnuna í dönsku »Stadstidende«, því fremur sem fyrir þinginu liggur frv. um afnám skyldunnar til þess að birta almennar auglýsingar o. s. frv. í dönskum blöðum. Orðin »alm. augl.« ná vafalaust til þessara auglýsinga og færi ákvæði frv. því beint í bága við þau, ef samþykt væri óbreytt. — »Vöruskírteini« farmbréf. »Vara« farmur, góss.

168. gr. er að efni í samræmi við 76. gr. vl. 13. jan. 1882, en orðalag nýtt. — »Vöruskírteini« farmbréf.

169.—173. gr.

um farsamninga. Hin sérstöku ákvæði um flutning á mönnum alfarið í aðrar heimsálfur, í l. nr. 3, 14. jan. 1876 o. fl., er ætlast til að haldi gildi.

171. gr. »18, gr.« á að vera ‚81. gr.‘

SJÖTTI KAPÍTULI.

Um farslyslán.

Orðið »farslyslán« er ekki gott um »Bodmeri«, því að slys er ekki skilyrði fyrir því, að skipstjórinn megi taka lánið. »Bodmeri« er dregið af hollenska orðinu »bodem« (á ensku ‚bottom') þ. e. botn, og þýðir því eiginlega ‚botnlán'. Á íslenzku væri ef til vill réttast að kalla það ‚sjólán', því að einkenni þess stafa af einkennum siglinga, sbr. og að það á ætt sína að rekja til hins rómverska »phoenus nauticum«. — Um þessi sjólán (Bodmeri) gildir nú hér á landi 5. kapituli 4. bókar dönsku laga Chr. V., sjá ts. 19. des. 1794 § 7.

174. gr. »Fé« merkir hér ‚peninga' (löglegan gjaldeyri). »Eða til framhalds för sinni«, ‚eða' falli burt, sbr. dönsku þýðinguna. — »Siglingarvéttr« sbr. aths. við 11. kap.

175. gr. »Lán við farslys« sjólán (Boðmerí). »Farslysveð« sjólánsveð.

176. gr. »Lán við farslysveði« sjólán.

177. gr. »Lán við farslysveði« sjólán. »Farslysveðbréf« sjólánsbréf. »Farslysför« sjólánsför.

178 gr. »Farslysveðbréf« sjólánsbréf. »Lántaka gegn farslysveði« sjólántaka. »Nú verða eigendaskifti. »Nú er sjólánsbréf framselt (nær ekki einungis til eignaframsals, heldur einnig til framsals að veði o. s. frv.).

179. gr. »Farslysveðlögðu« veðlögðu eða veðlögðu fyrir sjóláni. »Farslysveðskuldin« sjólánsskuldin. »Farslyslánsali« sjólánsali.

180. gr. »Alfaraleið« venjuleg leið. »Til bjargar mönnum í sjávarháska« sbr. aths. við 31. gr. »Farslysaveðbréfið« sjólánsbréfið. »Farslysskuld« sjólánsskuld.

181. gr. »Farmslysskuld« sjólánsskuld, »Farslysveðbréf« sjólánsbréf. »Frestauki« er kallaður ‚frestdagar' í 31. gr. vl. 13. jan. 1882 og virðist ekki ástæða til að breyta til.

182. gr. »Farslysveðskuld« sjólán. »Skal tími talinn« skal tími að eins talinn, sbr. dönsku þýðinguna.

183. gr. »Farslysveðbréf« sjólánsbréf.

184. gr. »Farslyslán« sjólán.

185. gr. »Farslysveðbréf« sjólánsbréf. »Farslysskuld« sjólán (skuld). »Söluþing« uppboð. »Heimt« krafist. »Kominn er eindagi á« ‚fallin er í gjalddaga' (‚eindagi' er ekki kominn á skuld fyr en borgunar hefir verið krafist, en í gjalddaga er skuldin fallin þegar krefjast má borgunar).

186. gr. »Veðlánsför« sjólánsför (sbr. aths. við 177. gr.).

SJÖUNDI KAPÍTULI.

Um sætjón.

187. gr. Að því er nafnið »sameiginlegt sætjón« snertir má benda á að það kennir þetta efni við forsendur ákvæðanna, tjónið. Í þeim eina stað í íslenzkum lögum, sem nefnir þetta efni nafni, er nafnið aftur á móti dregið af ákvæðinu sjálfu, og er ‚skiptapajöfnuður', sjá l. 2, 14. jan. 1876 20. gr. (sbr. hjá rómverjum »lex Rhodia de jactu«). Um ‚skiptapajöfnuð' eða ‚sameiginlegt sætjón' gildir nú hér á landi 10. kap. fml. Jónsbókar og eru ákvæði frv. að mestu leyti í samræmi við hann.

188. gr. »Vara« farmur. »Víkingar« sjóræningjar. »Bjarghöfn« neyðarhöfn, sbr. orðin ‚leita hafnar í neyð'. »Farmtaka« ferming. »Farslysl án« sjólán. »Skipsvætti« sjóferðaskýrsla. — Í 7° segir: »á uppskipunarbátum eða með öðru óvenjulegu móti«, orðið ‚öðru' ætti að falla burt eftir því sem hér hagar til. — Í sama lið er prentvilla: ‚hins' fyrir ‚hinn'.

189. gr. »Við framkvæmd« meðan á framkvæmdum stendur. — »Bjarghöfn« neyðarhöfn.

190. gr. »Vara« farmur, góss. »Víkingar« sjóræningjar. »Bjarghöfn« neyðarhöfn.

191. gr. »Háskinn var að kenna skipstjóra« skipstjóri var sök í háskanum; ‚sök' tekur fram subjektiva skilyrðið, sem felst í orðinu »tilregnes« í dönskunni.

194. gr. Sbr. Jb. farml. 10. — »Ófyrirsynju« fyrir yfirsjón skipstjóra, sbr. dönsku þýðinguna.

195. gr. »Skipsvætti« sjóferðaskýrsla.

200. gr. »Vara« farmur, góss. »Bjarghöfn« neyðarhöfn. — »Leggja skulu . . .«, þessi verðlegging er í dönsku og norsku lögunum ætlast til að framkvæmd sé með lögmæltu mati skynbærra manna, þ. e. í réttarfarsformi; í frv. er aftur á móti verðleggingin formlaus.

201. gr. »Vara« farmur, góss. — »Leggi skynbærir menn verð á vöruna«, sjá aths. um 200. gr. (lögmælt mat).

202. gr. »Meta skynbærir menn«, sjá aths. við 200. gr. (lögmætt mat).

203. gr. »Vöruskírteini« farmbréf.

204. gr. »Bjarghöfn« neyðarhöfn. — »Gæti hafa sparast« á eftir efninu að vera ‚hefir sparast'; sbr. og dönsku þýðinguna ‚maatte være besparede'; ɔ: kann að hafa sparast.

208. gr. »Vara« farmur, góss.

210. gr. »Ef engar tekjur ... ... slysa« á að vera ‚ef ekki er unnið til neins farmgjalds vegna slysa', sbr. dönsku þýðinguna: ‚ingen Fragt fortjenes'.

212. gr. »Hernaðargögn« er í dönsku þýðingunni »Krigsforraad«. — 2o greinarinnar getur komið ójafnt niður þegar um fiskiskip er að ræða og mennirnir eru ráðnir gegn hálfdrætti, nema skilja megi hann svo, að skipverjar eigi að fá þann afla, sem varpað er fyrir borð, bættan að fullu (án afdráttar samkv. 208. gr.).

217. gr. »Vara«, farmur, góss.

218. gr. »Vara« farmur, góss.

ÁTTUNDI KAPÍTULI.

Um tjón af árekstri.

Um þetta efni eru sama sem engin ákvæði í núgildandi lögum og eru ákvæði frv. því þörf nýmæli; þau eru í samræmi við grundvallarreglur íslenzkra laga og dóma Lyd. um árekstra.

219. gr. Í samræmi við l. 25, 9. des. 1889, sbr. ts. 20. jan. 1899. — Hegningarákvæði er í 294. gr. 2. p.

220. gr. »Olli« er objektivt, en á að vera subjektivt: ‚átti (var) sök á (í)', sbr. dönsku þýðinguna og ‚nú eru bæði skipin sek' í 2. p. og ‚meta skal sök' í 3. p.

221. gr. »Vitnaðist« vitnast.

223 gr. Í samræmi við l. 13, 9. sept. 1899, 2. gr. — Hegningarákvæði í 294. gr.

NÍUNDI KAPÍTULI.

Um björgunarlaun.

Um þetta efni eru ákvæði í strandl. 14. jan. 1876, 7. og 25. gr., en þau ákvæði ná einungis til björgunar af landi og björgunar mannlausra skipa af hafi, en ekki til björgunar af hafi í öðrum tilfellum. Frv. fyllir þetta skarð og nær til allrar björgunar úr sjávarháska. — Frv. fer fram á að breyta ákvæðum l. 1876 um upphæð björgunarlauna. Eftir l. 1876 eiga bjargendur ávalt rétt á fullri borgun fyrir starf sitt og stundum meiru. Eftir frv. eiga þeir aftur á móti aldrei rétt á meiru en andvirði þess sem bjargast (sbr. ‚björgunarlaun af því, sem bjargað var' í 224. gr.) og vanalega ekki meira en þriðja hluta andvirðisins að frádregnum ýmsum útgjöldum (sbr. 226. gr.), jafnvel þótt það hrökkvi ekki fyrir venjulegum daglaunum. Eftir því sem til hagar hér á landi virðist þetta nú ekki hyggilegt. Þess verður að gæta, að samkv. l. 1876 eru allir skyldir til þess að aðstoða við björgun, en skyldunni verður að *minsta kosti* að fylgja réttur til venjulegrar tímaborgunar. Og ekki virðist ráðlegt, að nema þessa skyldu úr lögum hér á landi, eins og gert hefir verið í Danmörku með str.l. 1895. En jafnvel þótt skyldan til þess að bjarga fjármunum yrði tekin úr lögum er þess að gæta

að að jafnaði eru mannslíf í hættu, og ekki getur komið til mála að afnema þá skyldu, sem lögð er á með 201. gr. hl. 25. júní 1869. Og hvernig sem fer um þetta þýður almenningsheill að menn séu hvattir til björgunar úr sjávarháska, en eins og hagar til hér á landi, verða ákvæði frv. að jafnaði engum hvöt til þess. Þegar skip stranda má nfl. telja undantekning ef 1/3 þess, sem bjargað er, hrekkur fyrir björgunarkostnaði; björgunin er svo erfið (og þar af leiðandi kostnaðarsöm) og markaðurinn fyrir strandgóssið lítill. Það mun jafnvel vera algengt, að alt andvirði þess, sem bjargaðist, hrekkur ekki fyrir kostnaði; og það hefir víst komið fyrir að alt andvirðið hrökk ekki fyrir tolli og öðrum opinberum gjöldum.

224. gr. »Sker þá dómur úr«; greinin nær til alls vogreks, og getur þá oft verið óþarflega umstangsmikið að skjóta máli um björgunarlaun til dómstólanna, í samanburði við andvirði þess sem bjargað er. Eftir strandl. 1876 (7. gr.) sker amtmaður (nú stjórnarráðið) að jafnaði úr þess konar þrætum, og eftir norsku siglingalögunum er amtmanni falið úrskurðarvaldið, ef það, sem bjargað var, er ekki meira virði en 500 króna.

226. gr. »A farerfið« óvanalega erfið, sbr. dönsku þýðinguna.

227. gr. Sbr. l. 14. jan. 1876, 5. og 8. gr. Frestir greinarinnar eru — eins og í dönsku siglingalögunum — taldir frá því björgunarsamningur var gerður. Í norsku lögunum er fyrri fresturinn aftur á móti talinn frá því það, sem bjargað var, er komið til hafnar. Ákvæði sænsku laganna voru eins og dönsku laganna, en var breytt í samræmi við norsku lögin með lögum 25. maí 1894. Eftir því sem til hagar hér á landi virðist ákvæði norsku laganna eiga bezt við hér; það getur komið fyrir að það skip, sem bjargað var, komi ekki til hafnar — og geti því ekki skotið málinu til dóms — fyr en 2 mánuðirnir eru alveg liðnir; það kemur oft fyrir að allerfitt er að ná til dómstóla áður fresturinn er liðinn.

228. gr. »Ef gufuskipi var borgið«; eftir eðli málsins á hér að standa ‚ef gufuskip bjargaði', því að engin ástæða er til þess að láta útgerðarmenn fá meiri laun fyrir að bjarga gufuskipi en seglskipi í hlutfalli við skipstjóra og skipverja; útgerðarmaðurinn leggur í þessu tilfelli ekki meira til en þeir. Aftur á móti er full ástæða til þess að veita útgerðarmanni gufuskips meiri björgunarlaun en skipstjóra þess og skipshöfn, því að bæði leggur hann þá meira verðmæti í sölurnar (gufuskipið er dýrara) og skipverjar þurfa ekki að leggja eins mikla vinnu fram (vélar skipsins má nota við mest af vinnunni). Þannig er ákvæðið líka í dönsku, norsku og sænsku siglingalögunum, og danska þýðing frv. er í samræmi við þau.

229. gr. Í norsku lögunum er hér sérstaklegt varnarþingsákvæði: mál út úr ákvörðun björgunarlauna eða skiftingu á þeim má höfða þar, sem björgunin fór fram eða þar, sem hið bjargaða var flutt á land

TÍUNDI KAPÍTULI.

Um sjóvátrygging.

Um þetta efni eru engin íslenzk lög til (sbr. þó l. um Samábyrgðina nr. 54, 30. júlí 1909), enda ekki mikil þörf á þeim, þar sem vátryggingarsamningar eru venjulega mjög ítarlegir eða vísa til laga, reglugerðar o. s. frv. vátryggjara.

230. gr. »Farslyskröfur« sjólán. »Ábyrgðarsali«; samningurinn er venjulega kallaður ‚vátrygging', sá sem tekst trygginguna á hendur ‚vátryggjari' og sá sem tryggir hagsmuni sína ‚vátryggjandi', en ‚ábyrgðarsali' er annars fullgott orð og ótvírætt.

231. gr. »Sá er vátrygging keypti« vátryggjandi.

234. gr. »Áform« er í þessu sambandi kallað ‚tilgangur' í hegningarlögunum.

241. gr. »Stuðlaði að samningnum« aðstoðaði við samningsgerðina.

248. gr. »Valdur að tjóninu« er sök í tjóninu (subjektivt) — Cfr. l. 54, 30. VII. 1909, 7. gr. b).

249. gr. »Yfirsjónir eða hirðuleysi« sbr. aths. við 8. gr.

256. gr. 6°: »Farslysfé« sjólán.

259. gr. »Löghald (Embargo)« herhald, sjá aths. við 63. gr. »Víkingar« sjóræningjar.

264. gr. Fyrningarfresturinn er hér ákveðinn 5 ár eins og í dönsku siglingalögunum. Almennur fyrningarfrestur er í Danmörku 20 ár og er þetta ákvæði því sérstök undanþága, sem styttir almenna frestinn. Hér á landi er almennur fyrningarfrestur krafna eins og þessarar aftur á móti 4 ár, sjá l. 14, 20. okt. 1905, 3. gr. 4°, svo að ákvæði frumv. lengir frestinn. Samkvæmt norskum fyrningarlögum er fresturinn 3 ár og í norsku siglingarlögunum er þessi frestur í samræmi við það einnig ákveðinn 3 ár. Rétt virðist því samkv. þessu, að setja frestinn hér á landi í samræmi við almenn lög — 4 ár — þar sem hér er ekki — eins og í Danmörku — þörf á styttingu, og alls engin þörf á lengingu. Það skiftir víst engu, þótt fresturinn sé hér talinn frá því krafan verður til, en í almennum lögum (1. 1905 5. gr.) frá því krafan verður gjaldkræf, því að þessar kröfur munu ávalt verða gjaldkræfar um leið og þær verða til; þó væri ef til vill réttast að breyta einnig þessu í samræmi við l. 1905.

ELLEFTI KAPÍTULI.

Um siglingarveðrétt og fyrning á siglingarkröfum.

Eftir þeim lögum, sem nú gilda hér á landi, ábyrgist útgerðarmaður útgerðarskuldir sínar að fullu sem sjálfskuldari. Í siglingalögum flestra annara

þjóða er ábyrgð þessi aftur á móti takmörkuð þegar hún stafar af atvikum, sem útgerðarmaður að jafnaði getur ekki séð við. En takmörkunin er gerð með ýmsu móti. Samkvæmt enskum siglingalögum ábyrgist útgerðarmaður að vísu þessar skuldir sínar sem sjálfskuldari, en ábyrgðin getur ekki farið fram úr ákveðinni upphæð pr. tonn skipsins og er upphæðin stærri ef skipið er gufuskip heldur en ef það er seglskip. Í frönskum lögum ábyrgist útgerðarmaðurinn skuldirnar að fullu sem sjálfskuldari, en getur látið skipið eða farminn fyrir skuldina ef hann kýs þann kost heldur en að borga í gjaldgengum eyri. Í þýskum lögum ábyrgist útgerðarmaðurinn þessar kröfur að engu leyti sem sjálfskuldari, en kröfuhafi hefir lögveð í skipi, farmi og farmgjaldi; getur hann því gengið að veðinu en engu öðru. — Frumv. fer nú fram á, að núgildandi lögum verði breytt og ábyrgð útgerðarmanna takmörkuð, og velur þá leið, sem þýzku lögin — og Norðurlandalögin — hafa farið: enga persónulega ábyrgð, en veð; þó verður sumstaðar vart við frönsku stefnuna (Abandon system), sjá t. d. 18., 152. og 160.3º gr. frv. Það má verja þetta val laganna með því, að minna skifti að beztu ákvæðin séu valin, heldur en að þau séu í samræmi við lög þeirra þjóða, sem við höfum mest siglingaviðskifti við. — »Siglingarveðréttur« er óþarflega langt og óþjált orð; »sjóveð« virðist mér vera betra. »Siglingarkröfur« sömuleiðis; »sjókröfur«.

267. gr. »Siglingarveðréttur« sjóveð. »Siglingarveðkröfur« sjókröfur.

268. gr. »Siglingarveðréttur« sjóveð. »Farslyskröfur« sjólán. »Farslysveðbréf« sjólánsbréf. »Yfirsjónir eða hirðuleysi« sjá aths. við 8. gr.

269. gr. »Nema mundi« nemur, sbr. dönsku þýðinguna.

270. gr. »Siglingarveðréttur« sjóveð.

271. gr. »Nauðungarsala« nauðungaruppboð, sbr. dönsku þýðinguna ‚Tvangsauktion'. »Siglingarveðréttur« sjóveð.

272. gr. »Siglingarveðréttur« sjóveð. »Siglingarkrafa« sjókröfur.

273. gr. »Útlend eign« eign manns, sem ekki getur átt íslenzkt skip, sbr. 1. gr. og skrás. l. 1859; útlendingar (þ. e. utanríkismenn, menn sem ekki hafa danskan rétt innborinna manna) geta átt íslenzkt skip ef þeir eru búsettir hér á landi, og þegar svo stendur á er engin ástæða til að láta fyrri eiganda ábyrgjast skuldina, því að réttur skuldareiganda virðist ekki rýrast neitt við eigandaskiftin. Öðru máli er að gegna í Danmörku, því að skilyrðin fyrir því að eiga danskt skip eru önnur. — »Siglingarveðkröfur« sjókröfur.

274. gr. »Siglingarveðkrafa« sjókrafa.

275. gr. »Fái« leigi; »farar« fara eða ferða; hér er átt við hina eiginlegu skipleigu (hlutaréttargerning um afnot skips). »Siglingarveðhafi« sjóveðhafi.

276. gr. »Siglingarveðréttur« sjóveð. »Farslyslán« sjólán. »Biðaukadagar« aukabiðdagar. »Farmtaka« ferming.

277. gr. »Siglingarveð« sjóveð. »Nauðungarsala« nauðungaruppboð.

278. gr. »Siglingarveðeigandi« sjóveðhafi. »Siglingarveðréttur« sjóveð.

279. gr. »Siglingarveðhafi« sjóveðhafi. »Siglingarveðkrafa« sjókrafa.

280. gr. »Siglingarkrafa« sjókrafa.

281. gr. »Siglingarkrafa« sjókrafa. »Siglingarveð« sjóveð.— Greinin er eins og í dönsku lögunum, en í norsku lögunum vantar 3. liðinn og í sænsku lögunum bæði 2. og 3. lið.

282. gr. »Siglingarkrafa« sjókrafa. »Siglingarveðréttur« sjóveð.

283. gr. »Siglingarveð« sjóveð. »Siglingarveðkröfur« sjókröfur.

284. gr. »Siglingarveðréttur« sjóveð.

TÓLFTI KAPÍTULI.

Yfirsjónir skipverja.

Um þennan kafla í heild sinni skal þess getið, að sektir eru að jafnaði helmingi lægri hér á landi en í Danmörku, sjá 31. gr. hl. 25. júní 1869 sbr. 30. gr. dönsku hl. 10. febr. 1866. Þessu hefir að vísu ekki ávalt verið gætt í seinni lögum, og svo er og um frumv., en það er ósamkvæmni, sem ætti að laga. Annaðhvort er rétt að sektir séu hér lægri en annarstaðar, eða svo er ekki. Ef til vill hefir stjórnin nú litið svo á að ekki væri ástæða til að lækka sektir hér á landi og ef alþingi felst á þá skoðun er ekkert að athuga við frv. í þessu efni. En ýmislegt mælir þó heldur með lækkuninni: Peningar eru hér yfirleitt dýrari en annarstaðar og þar af leiðandi meira virði; en af því leiðir aftur að t. d. 100 kr. sekt er hér tilfinnanlegri — þ. e.: meiri hegning — en annarstaðar; ef því sama sekt er lögð við sama verki hér og annarstaðar er það sama sem að því sé hegnt þyngra hér. Og hvernig sem á þetta er litið er ekki — eins og fyr segir — fult samræmi milli almennu og sérstöku hegningarlaganna, sjá t. d. að lágmark hegningar samkv. frumv. (280. gr.) er 5 krónur, en samkv. hl. 1869 2 krónur.

286. gr. Sbr. l. 13, 22. marz 1890 72. gr. — »5« ætti að vera »2«.

287. gr. Sbr. l. 13, 1890 5. gr., 7.—8. og 9. gr. —

289. gr. Sbr. l. 13, 1890 42. gr.

290. gr. »Launflutningar« er í dönsku þýðingunni »Smugleri«. — »Vara« farmur, góss.

292. gr. Eftir frumv. til laga um öryggi skipa og báta, sem liggur fyrir þinginu, verða þessi brot »sektum alt að 1000 krónum, nema þyngri hegning

liggi við að lögum« (10. gr.). Þó að þetta ákvæði og 292. gr. frumv. séu ekki alveg ósamrýmanleg, er viðkunnanlegra að þau séu í fullu samræmi hvort við annað. 10. gr. frv. um ör., nær ekki einungis til skipstjóra heldur einnig til útgerðarmanns. — »Vörusendandi« farmsendandi. »Fermsla« ferming.

293. gr. »Ónytjungsháttur« er í dönsku þýðingunni ‚slet Sömandskab'.

294. gr. Sbr. l. 9. sept. 1899 2. gr. og l. 25, 9. desbr. 1889.

295. gr. Sbr. ts. 3. febr. 1836 I. — »Afsökun« er í dönsku þýðingunni »Forhindring« og bendir það orð á hverjar afsakanir séu lögmætar.

296. gr. »Málsskot« áfrýjun.

297. gr. Sbr. l. 13, 22. marz 1890 36. gr. 2°, — »5« ætti að vera »2«.

298. gr. Sbr. l. 13, 22. marz 1890 43. og 44. gr.

299. gr. Sbr. l. 1890 46. gr. — »Fjársvik« svik.

300. gr. Sbr. l. 13, 1890 45. gr.

301. gr. »Góður sjómaður« er á dönskunni »god Sömand«, sbr. latínu »bonus pater familias«. Í Jónsbók er þessi maður — sem að vísu er ekki annað en mælikvarði á sök eða sakleysi — kallaður »skynsamur maður«.

303 gr. Sbr. l. 13, 22. mars 1890, 50. gr. — »Staðgengill« staðgöngumaður.

304. gr. Sbr. l. 13, 22. mars 1890, 50. gr.

305. gr. Sbr. l. 13, 1890, 49. gr.

311. gr. Sbr. l. 13, 1890, 48. gr. — »Að tilhlutun yfirvalda« af yfirvöldum, ‚höfða yfirvöld ekki mál, nema . . .' »Almenn lögreglumál« opinber lögreglumál.

312. gr. Sbr. l. 13, 1890, 41. gr. — Eftir 41. gr. l. 1890 renna sektir þær sem hér ræðir um, að jafnaði til ‚stofnunar til hagsmuna farmönnum eða í þarfir siglinga', nú Fiskimannasjóð Kjalarnesþings frá 1840, sbr. lhbr. 18. sept. 1893. Nú væri rétt, að sektirnar rynnu í Fiskiveiðasjóð Íslands, sem stofnaður er með l. nr. 52, 10. nóv. 1905. Frv. fer aptur á móti fram á, að sektirnar renni í landssjóð. — Um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sjá ts. 25. júní 1869.

ÞRETTÁNDI KAPÍTULI.

Hve nær lögin öðlast gildi o. s. frv.

313. gr. Úr því lögin nefna ts. 1792, o.b. 1828 o. s. frv., væri rétt að nefna líka 10. og 25. kap. farmannalaga Jónsbókar, 26. gr. réttarbótar 1314, ákvæði strandlaganna 1876 um björgunarlaun o. s. frv. Það er dálítið óviðkunnanlegt að nema berum orðum úr gildi hin og þessi lög, sum alls ómerkileg (t. d. ts. 1794), en nefna ekki önnur jafnmerk eða merkari (t. d. l. 1876).

Reykjavík, 27. marz 1911.

Jón Kristjánsson.

Fylgiskjal II. **Eftirrit.**

Nefnd sú, sem útgerðarmannafélagið kaus í vetur til þess að íhuga hvaða breytingar væru æskilegar á gildandi farmannalögum, hefir nú lokið störfum sínum.

Eins og kunnugt er, hefir stjórnin lagt fyrir alþingi frumvarp til siglingalaga. Frumvarp þetta er hér um bil orðrétt þýðing á hinum dönsku sjólögum. Það liggur því í hlutarins eðli, að frumvarp þetta fullnægir eigi þörf þeirri, sem er á lagaákvæðum um ýmislegt, sem alveg er sérstaklegt fyrir Ísland. En frumvarpið hefir auðvitað inni að halda ýmsar lagareglur, sem nytsamar eru fyrir þetta land, þó þær, eins og nú er ástatt, séu ekki sérlega nauðsynlegar.

Nefndin var í nokkrum vafa um hverja leið væri, eins og nú stendur á, heppilegast að fara til þess að koma inn í siglingarlöggjöfina þeim ákvæðum, sem hún taldi mesta nauðsyn á. En með því að nefndin bjóst við, að frumvarp stjórnarinnar til siglingalaga yrði lagt til grundvallar við meðferð málsins á alþingi, en frumvarp þetta svo umfangsmikill lagabálkur, að nefndin sá fram á, að hún mundi eigi hafa tíma til að rannsaka málið svo nákvæmlega sem þörf væri á, til þess, að skrifa inn í frumvarpið lagagreinar, þannig að örugt væri að ákvæði þeirra gætu að öllu leyti samrýmst öllum öðrum ákvæðum frumvarpsins svo og öðrum lagaákvæðum hér að lútandi, þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að Útgerðarmannafélagið skrifaði nefnd þeirri á alþingi, sem fyrst fengi málið til meðferðar, bréf, þar sem félagið tæki fram hvaða lagaákvæði það teldi sérstaklega nauðsynlegt að sett yrðu í hin nýju siglingalög um ýms efni.

Frumvarp stjórnarinnar hefir nú verið lagt fyrir neðri deild alþingis og nefnd verið kosin þar til að íhuga málið.

Samkvæmt framanrituðu er það því tillaga nefndarinnar, að Útgerðarmannafélagið skrifi téðri þingnefnd svo hljóðandi bréf:

Reykjavík, 25. febr. 1911.

Jón Laxdal. Eggert Claessen. Hannes Hafliðason.

Ásgeir Sigurðsson.

Til

Útgerðarmannafélags Reykjavíkur.

Fylgiskjal III.

Nefndarálit „Útgerðarmannafélagsins“ í Reykjavík 1911.

Undanfarin ár hafa allir, sem fást við fiskiveiðaútgerð hér sunnanlands og víðar, fundið mjög til þess, að farmannalögin frá 22. marz 1890 væru að ýmsu leyti ónóg og ófullkomin og ættu eigi við eins og fiskiveiðum nú er hagað, sérstaklega á þilskipunum.

Nú í vetur var því sameiginleg nefnd sett í Útgerðarmannafélaginu í Reykjavík og skipstjórafélaginu »Aldan« til þess að rannsaka málið og koma fram með tillögur til breytinga og viðauka við farmannalögin.

En síðan hefir landsstjórnin lagt fyrir alþingi frumvarp til siglingalaga að mestu leyti samhljóða dönsku sjólögunum. Það kann nú að vera þarflegt að lögleiða lagabálk þennan hér á landi þó eigi sé það nauðsynlegt, eins og landsstjórnin sjálf tekur fram í athugasemdum sínum við frumvarpið. En hitt er afarnauðsynlegt og í rauninni alveg óhjákvæmilegt, að gildandi farmannalög séu þannig aukin og breytt, að þau geti átt við það fyrirkomulag, sem nú er á fiskiveiðunum, og meinum vér þar sérstaklega fiskiveiðar á þilskipunum, þar sem skipshöfnin er ráðin gegn hluta af afla, en það er á hinn bóginn víst, að stjórnarfrumvarpið hefir eigi inni að halda ákvæði, er bæti úr því ástandi, sem nú er hvað þetta snertir, enda vitum vér eigi til að stjórnarfrumvarpið hafi verið borið undir nokkurn mann, sem rekur útgerð.

Undirrituð stjórn Útgerðarmannafélagsins í Reykjavík leyfir sér því að láta í ljósi við hina háttvirtu þingnefnd, að félagið telur nauðsynlegt og hyggilegt, að núgildandi siglingalöggjöf verði breytt og aukin á þann hátt og í þeim atriðum er hér segir:

1. að ákvæði séu sett um færslu dagbóka á fiskiskipum hér við land og meðal annars tekið fram, að í dagbókina skuli færa svo nákvæmlega sem auðið er, stað skipsins á hádegi hvern dag, svæði það sem fiskað er á, tölu fiskjar sem veiðist á hverjum sólarhring, tegundir fiskjarins, dýpi, botnlag og veðrátta.
2. Að viðskiftabækur háseta á fiskiskipunum séu afnumdar. Þær hafa enga þýðing með því fyrirkomulagi sem nú er alment. Menn eru ráðnir með skriflegum samningum, sem hásetar fá eintak af, en óþægilegt er að færa inn í viðskiftabækur. Sjómönnum er borgað smámsaman að nokkru leyti og mætti rita þær greiðslur á samningana, en fullnaðarborgun fá þeir fyrst þegar sést hvað aflinn selst. Það er nú líka komið svo, að greiðslur til sjómanna eru sjaldnast ritaðar í viðskiftabækurnar.
3. Að lögskipaðar verði vitnisburðarbækur fyrir háseta.
4. Að útgerðarmenn þurfi eigi að greiða hjúkrunarkostnað fyrir háseta á þilskipum nema þeir hafi verið ráðnir fyrir alt fiskiveiðatímabilið, og á fiskiveiða-gufuskipum, sem eru við veiðar alt árið, minst átta mánuði, enda hafi þeir eigi sýkst eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins (sbr. 63. og 66. gr. farmannalaganna).

Það er mikið mein fyrir fiskiveiðarnar hversu menn eru óstöðugir við þær og ilt er að fá þá til að ráða sig fyrir allan tímann, sem skipin halda

úti ár hvert. Er því gagnlegt og eðlilegt að þeir hafi sérstök hlunnindi, sem í raun og veru hafa alla eða mesta atvinnu sína af fiskiveiðum, eins og það á hinn bóginn er óeðlilegt að maður, sem til dæmis að eins ræður sig frá marzbyrjun til 14. maí og ef til vill ekkert fæst annað við fiskiveiðar, fái greiddan hjúkrunarkostnað í 4 vikur eins og ákveðið er í 66. gr. farmannalaganna, ef hann er veikur þegar skipið kemur heim.

5. Þar sem talað er í lögum um reikningsskil skipstjóra við háseta þarf að bæta við ákvæðum, sem taki tillit til þess að ávalt er það útgerðarmaður sjálfur sem gerir upp við háseta á fiskiskipunum.
6. Þar sem í lögum er talað um frádrátt á vissum hluta mánaðarkaups, t. d. sem refsing eða bætur miðaðar við mánaðarkaup, er nauðsynlegt að ákveðnar upphæðir séu settar í krónutali þegar um fiskiskip er að ræða og menn ráðnir gegn hluta í afla, og mundu þá 2 krónur á dag vera hæfilegt. Eigi dugir að vísa til venjulegs mánaðarkaups, því nú er engin venja til, að því er það snertir, þar eð enginn háseti er nú ráðinn að minsta kosti á Suður- og Vesturlandi, öðruvísi en gegn hluta af afla.
7. Lögskráningarskylda ætti að takmarkast við 12 tonna skip.
8. Það mun vera nokkuð vafasamt eftir núgildandi lögum hvort heimilt er að lögskrá á skip fyrri en um leið og menn fara til skips. Nú er venja hér sú, að menn fara að ráða til skipanna strax eftir 1. janúar og jafnvel í nóvember- og desembermánuði, en hásetar eiga ekki að fara til skips fyr en um miðjan febrúar.

Það er nú áríðandi fyrir útgerðarmenn að þessir ráðningarsamningar séu haldnir, bæði til þess að standa ekki uppi mannlausir þegar skipin eiga að leggja út og enn fremur vegna þess, að strax og hásetar eru ráðnir þurfa þeir að fá fyrirframborganir til þess að geta útvegað sér lífsnauðsynjar fyrir sig og fjölskyldur sínar, en slíkar fyrirframborganir eru talsvert hættulegar fyrir útgerðarmenn, því ef hásetar svíkja ráðningarsamninga fá útgerðarmenn sjaldnast borgaðar fyrirframgreiðslurnar, og þó sektir séu ákveðnar í samningunum, þá eru þau ákvæði oftast þýðingarlaus, vegna þess að ekkert er af hásetunum að hafa. Hér er því þörf á fyrirkomulagi, sem tryggir frekar en nú á sér stað að hásetar, sem hafa ráðið sig, komi til skips þegar fiskiveiðar byrja. Ákvæði í þessa átt þurfa ekki að snerta nokkurn hinna ærlegu háseta, sem ekki vilja svíkja, en kæmi að eins við þá svikulu, sem enga vægð eiga skilið. Hér væru hugsanlegar fleiri leiðir, en mikil framför væri það, þó ekki væri gert frekar en að útgerðarmenn gætu látið lögskrá menn til skips um leið og þeir eru ráðnir, takmörk væru t. d. sett þannig, að eigi mætti lögskrá menn meira en þrem mánuðum áður en ráðgert er að skip leggi út.

Jafnframt þyrfti, vegna þess að skip eru látin liggja í vetrarlagi, að ákveða, að heimilt sé, að lögskrá annarstaðar en þar sem skipið liggur t. d. á þeim stað, þar sem skipið er skrásett, ef menn telja nauðsynlegt að setja nokkrar takmarkanir, að því er það snertir.

Enn fremur þarf í sambandi við þetta fyrirkomulag að breyta lögum nr. 25, 3. okt. 1903, um eftirlit með þilskipum, þannig að skoðunargerð verði eigi skilyrði fyrir lögskráning, en í þess stað mætti setja strangar reglur um það að skip megi ekki l e g g j a ú t án þess að skoðunargerð hafi farið fram, og ætti það að vera nógu trygt ef ströng hegning er látin liggja við fyrir þann skipstjóra, sem brýtur þær reglur. Að sjálfsögðu væri eðlilegt, að út-

gerðarmenn greiddu eitthvað gjald til lögskráningarstjóra fyrir hvern háseta, sem þannig yrði lögskráður, því búast má við að lögskráning með slíku fyrirkomulagi mundi auka lögskráningarstjóra kostnað.

9. Heppilegt væri að hásetum væri gert að skyldu að láta eigi líða meir en 14 daga frá því, að þeir hefðu fengið lokareikning frá útgerðarmönnum og þangað til þeir kæmu fram með mótmæli gegn reikningunum.

10. Ákvæði 58. gr. farmannalaganna um að fyrirframborganir á kaupi skuli undir vissum kringumstæðum ekki afturkræfar, er tekið úr útlendum lögum, en í útlöndum kemur aldrei fyrir að mönnum sé greitt neitt upp í kaup fyr en eftir að þeir eru komnir til skips og aldrei meir en mánaðarkaup. En hér á landi stendur alt öðruvísi á. Það er algengt að hásetar eru í reikningsskiftum við útgerðarmenn alt árið, og er þá oft ómögulegt að aðgreina réttilega hvað af úttektinni er látið, vegna þess að búist er við að hásetinn verði á skipi útgerðarmanns framvegis, sérstaklega þegar svo stendur á að háseti hefir ár eftir ár verið hjá sama útgerðarmanni. Og oft kemur það fyrir, að þegar háseti fer til skips þá skuldar hann útgerðarmanni alt það, sem hann og fjölskylda hans hefir þurft til lífsviðurværis allan veturinn.

En eins og ákvæði 58. gr. farmannalaganna getur orðið til stórtjóns fyrir útgerðarmenn, eins getur það líka á hinn bóginn orðið til þess, að sjómenn eigi mjög erfitt með að fá nauðsynjar sínar lánaðar á vetrum. Það virðist því eðlilegt að hér væri að minsta kosti gerð sú takmörkun að að eins þær fyrirframborganir væru ekki afturkræfar, sem farið hefðu fram eftir að háseti kom til skips, enda hafi greiðslurnar verið skriflega viðurkendar af útgerðarmanni, sem fyrirframborganir, t. d. með áritun á samning háseta, þó aldrei meira en 50 krónur.

11. Menn hafa verið í talsverðri óvissu hvernig fara skyldi að þegar fiskiskip, þar sem menn eru ráðnir gegn hluta af afla, kemur inn eftir stutta útivist vegna þess að það hefir bilað — en útgerðarmanni er eigi um að kenna, þar eð lögskipuð skoðun hefir farið fram áður en skipið lagði út. Í slíkum tilfellum virðist sjálfsagt að hásetar séu skyldir að bíða í skipinu meðan gert er við það einhvern hæfilegan tíma án endurgjalds, þar eð þetta er sameiginlegt slys fyrir þá og útgerðarmenn, sem ekki síður bíða tjón af slíku og auk annars verða að fæða skipshöfnina. Það væri því mjög æskilegt að sett væru lagaákvæði í þá átt, að í slíkum tilfellum ættu hásetar að bíða eftir aðgerð á skipinu endurgjaldslaust í 7 daga eftir að skipið kemur á aðgerðarhöfn, en að þeim tíma liðnum skuli þeir bíða í alt að 4 vikur gegn 2 kr. kaupi á dag auk fæðis að sjálfsögðu.

12. Loks teljum vér óheppilegt að hér að lútandi lögum verði eigi safnað saman í eina heild og að t. d. lögskráningarbálkur farmannalaganna sé ekki tekinn upp í almenn siglingalög eins og gert er ráð fyrir í 313. gr. stjórnarfrumv.

Vér búumst nú við, að við nánari athugun komi fram ýmislegt fleira, en hér er talið, sem þörf væri á að taka til yfirvegunar, og teljum í raun og veru óheppilegt að svo stórfelt mál sem þetta sé útkljáð án þess að það hafi verið undirbúið af milliþinganefnd, er skipuð væri meðal annars útgerðarmanni, skipstjóra og sjómanni. En vér höfum ekki viljað draga að senda þingnefndinni þetta

bréf, ef svo kynni að fara, að málinu yrði ráðið til lykta á þessu þingi, en jafnframt leyfum vér oss að óska þess að oss verði gefinn kostur á að láta álit vort í ljósi um það, sem gert verður í þessu máli.

Reykjavík, 25. febr. 1911.

Fyrir hönd stjórnar Útgerðarmannafélagsins.

Tryggvi Gunnarsson.
formaður.

Til

nefndar neðri deildar alþingis, sem kosin hefir verið til að íhuga frumvarp stjórnarinnar til siglingalaga.

Nd. **866. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 835.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Á eftir orðin: »hafa sent til«, sé skotið inn orðunum: konungs, handritara hans (Kabinetsecretair) eða

Nd. **867. Breytingartillögur**

við frumv. til stjórnarskipunarlaga (þingskj. 816).

Frá Ólafi Briem.

Við 11. gr. Í stað orðanna »óhlutbundinna kosninga til Alþingis« komi: neðri deildar Alþingis.
Við sömu gr. Fyrir »hlutfallskosningarrétt« komi: kosningarrétt.

Nd. **868. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913 (þingskj. 832).

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

Við 13. gr. B. III.
Eftir 7 komi nýr liður:
Til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu..... kr. 2,500—2,500.

Nd. **869. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson og Björn Kristjánsson.

Aftan við 22. gr. 10. lið komi nýr 11. liður svohljóðandi:
Úr viðlagasjóði má veita Sigmundi Sveinssyni á Brúsastöðum alt að 8000 kr. lán gegn 1. veðrétti í húseignum þeim á lóð Þingvalla, er hann ætlar að reisa þar og kaupa, og annari tryggingu, er stjórnin tekur gilda. Lánið veitist til 25 ára og ávaxtist með $4^1/_2$ %.
Liðatalan breytist eftir því.

Ed. **870. Frumvarp**

til laga um heimild til lántöku fyrir landssjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að taka lán fyrir hönd landssjóðs alt að 500,000 krónum.

Auk þess heimilast Inndsstjórninni að taka, þegar nauðsyn krefur, bráðabirgðarlán alt að 200,000 krónum, gegn landssjóðs-víxlum, er gefnir séu út til alt að tólf mánaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Ed. **871. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til að selja Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu prestsetrið Húsavík, að undanskildu túni, húsum og sex kúgildum staðarins, og kirkjujörðina Þorvaldsstaði, fyrir það verð, er dómkvaddir, óvilhallir menn meta, þó með því skilyrði, að verðið má eigi lægra vera en 25,000 kr.

Landsstjórnin kveður á um alla söluskilmála, og skal salan eigi fara fram fyr en Húsavíkurkauptún er orðið sérstakt sveitarfélag. Skulu þá jarðirnar fylgja kauptúninu.

Ed. **872. Frumvarp**

til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 37, 8. nóvember 1901.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. tollaganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til landssjóðs þannig:

1. Af alls konar öli, límónaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar ... ... kr. 0,10 af hverjum lítra.
2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar dykkjarföngum
   með 8° styrkleika eða minna ... ... — 1,00 - — —
   yfir 8° og alt að 12° styrkleika ... ... — 1,50 - — —
   yfir 12° og alt að 16° styrkleika ... ... — 2,00 - — —
   Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni og sams konar borðvínum (eigi freyðandi), af messuvíni, svo og af óáfengum ávaxtavínum, ávaxtasafa og öðrum óáfengum drykkjarföngum, sem ekki eru talin í öðrum liðum ... ... — 0,50 - — —
4. Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft) ... ... — 1,00 - — —
5. Af sódavatni ... ... — 0,02 - — —
6. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) — 1,00 - — 1/4 lítra eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í tölulíðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum 3/4 lítra sem af lítra í stærri ílátum.

7. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki ... ... kr. 2,00 af hverju kílógr.
8. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) — 5,20 - — —

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þær seljast í.

9. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar ... ... 30 aura af hverju kílógr.
10. Af alls konar brendu kaffi... ... ... 40 — — — —
11. Af sykri og sírópi ... ... 15 — — — —
12. Af tegrasi.. ... ... 100 — — — —
13. Af súkkulaði .. .. 50 — — — —
14. Af kakaódufti... ... ... 30 — — — —
15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum ... 80 — — — —

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í tölulíðunum 1—6, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 7.—15. lið, ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að 3/4 og þar yfir telst sem heil, 1/4 alt að 3/4 sem hálf, en minna broti sé slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfé, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyzlu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur

hér við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sérstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í té skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Sé skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neyzlu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hér að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Síðasta málsgrein í 4. gr. tollaganna skal hljóða svo: Um fastar verzlanir gilda þó fyrirmæli laga 16. nóvbr. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, en að öðru leyti er tollurinn fallinn í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

3. gr.

Í stað orðanna í 6. gr. tollaganna: »tölulíðunum 8—14« komi: tölulíðunum 7—15.

4. gr.

Á eftir 6. gr. tollaganna skal koma ný grein, svo látandi.

Hver maður, sem fær böggulsendingar fluttar með pósti frá útlöndum, er skyldur að láta í té skriflegt drengskapar- og samvizkuvottorð um það, hvort sendingar hafi inni að halda tollskyldar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Áður en slíkar sendingar eru afhentar viðtakendum, skulu póstmenn heimta téð vottorð, og síðan afgreiða þau tafarlaust til lögreglustjóra.

5. gr.

14. gr. tollaganna skal falla burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Lögin nr. 3, 31. marz 1909 um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi eru úr lögum numin.

7. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál tollaganna frá 8. nóvbr. 1901, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem tolllög fyrir Ísland.

Nd. **873. Frumvarp**

til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hér á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. —— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú.
4. —— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar, Seyðisfjarðar og Reykjavíkur.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Axarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði. —

Með ofantöldum línum teljast og aukaþræðir, sem vegna aukinna starfa á línum þessum eru lagðir eða hér eftir verður nauðsynlegt að lagðir sé á hinar eldri stauraraðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilsstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. —— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. —— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. —— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. —— Breiðumýri — Húsavík.
6. —— Fagriskógur — Hjalteyri.
7. —— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. —— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. —— Ísafjörður — Bolungarvík.
10. —— Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. —— Grund — Borgarnes.
12. —— Kalastaðakot — Akranes
13. —— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. —— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. —— Ölfusárbrú — Eystrigarðsauki.
16. Talsímalínan: Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
17. —— Stykkishólmur — Hjarðarfell — Ólafsvík.
18. —— Eskifjörður — Norðfjörður.
19. —— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur — Hornafjörður.
20. Hliðar-talsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.

21. Hliðar-talsími til Grenivíkur.
22. —»— — Hvammstanga.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: til Unaóss og Borgarfjarðar í NorðurMúlasýslu, Raufarhafnar, Kálfshamarsvíkur, Súgandafjarðar, um Barðastrandarsýslu, frá Ólafsvík til Sands, frá Reykjavík til Þingvalla, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, um efri hluta Árnessýslu og upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu. Ennfremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma fyrir lok ársins 1914, eftir þeirri röð, er henni með ráði landssímastjóra þykir rétt, bygging og kaup á þeim talsímalínum, er upp eru taldar í 2. og 3. grein og eigi eru þegar bygðar eða keyptar af landssjóðs hálfu, þar með talið talsímakerfi Reykjavíkur. Á sama tímabili er landsstjórninni heimilt að láta leggja tvöfalda aukaþræði á ritsímalínurnar: Borðeyri — Ísafjörður og Breiðumýri — Akureyri.

Ætlið skal þó tilskilið, áður en ráðist er í bygging eða kaup á símalínu er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hérað leggi til byggingarkostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

til 16. liðs 2. flokks	... ...	6000 kr.
— 17. — — —	... ...	7000 —
— 18. — — —	... ...	10000 —
— 19. — — —	... ...	5000 —
— 20. — — —	... ...	3000 —
— 21. — — —	... .	8000 —
— 22. — — —	... ...	5000 —
— 23. — — —	... ...	3000 —
— 24. — — —	... ...	2000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufélag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skiftíng á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við Vesturheim.

7. gr.

Þá er lokið er bygging og kaupum á talsímum og talsímakerfum samkvæmt 5. gr. er landsstjórninni heimilt að láta byggja og kaupa talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks og 8. liðs 1. flokks teljast, og enn fremur að leggja aukaþræði á eldri línur, eftir því sem nauðsyn krefur. Fari þessar framkvæmdir fram eftir þeirri röð, er landsstjórninni, með ráði landssímastjóra, þykir rétt, og smámsaman eftir því sem tekjuafgangur af rekstri landssímans hrekkur til. Þó skulu fjárveitingar til þessa jafnan standa á fjárlögum og þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi héraði.

8. gr.

Til framkvæmda á byggingum og kaupum síma og talsímakerfa, er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landssjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsféð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til rekstursкostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sé talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í rekstursкostnaðinum, er útrunnin, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau ná konungsstaðfestingu.

Nd. **874. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Við 6. gr. Orðin: »með þeim takmörkunum, sem segir í 10. gr.«, falli burt.

Við 10. gr. Í stað orðanna: »til 12 ára, 5 þingmenn á 6 ára fresti, og jafn margir varaþingmenn um leið, og á sama hátt«, komi: sömuleiðis til 6 ára í senn.

Við 10. gr. Orðin: »þingrof ná eigi til þessara 10 þingmanna«, falli burt.

Við 17. gr. Í stað orðanna: Hver deild alþingis um sig sker sjálf úr, hvort þingmenn hennar séu löglega kosnir«, komi: Alþingi sker sjálft úr því, hvort þingmenn séu löglega kosnir.

Við 17. gr. Í stað: »deildarmaður«, komi: »þingmaður«.

Við »ákvæði um stundarsakir«.

Önnur málsgreinin: »Á fyrsta reglulega Alþingi« o. s. frv. til enda málsgreinarinnar, falli burt.

Nd. **875. Frumvarp**

tillaga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón bæjarverkfræðingsins, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Má í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsið. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum.

Lóðareigendur skulu greiða:

A. $2^1/_2{}^0/_{00}$ af fyrstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra.

$2^0/_{00}$ af næstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverðinu.

$1^0/_{00}$ af þeirri upphæð er brunabótavirðingarverðið fer yfir 20,000 krónur.

Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sé eldra hús rifið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.

B. 45 aura fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu, þó því að eins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist, þegar búið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsi hafa verið lögð í áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni.

3. gr.

Steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir skulu kostaðar að $^7/_8$ úr bæjarsjóði en að $^1/_8$ af þeim, sem lóðir eiga, er teljast til götunnar þeim megin, sem gangstéttin er.

Kostnaði þeim, sem lóðareigendum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstétt hefir verið lögð í, eftir lengd lóðanna með fram götunni.

4. gr.

Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðaeigendum og húseigendum samkvæmt 1. og 2. gr., eru trygðar með veðrétti í húseignunum og hefir sá

veðréttur forgangsrétt fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt alt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá alt að 5% ársvexti.

5. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sér sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans og má fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma það.

Til þess að standast straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, má leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sé hún miðuð við það, hve oft er hreinsað. Húseigandi greiðir gjaldið.

6. gr.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

Sþ. **876. Tillaga**

til þingsályktunar um breyting á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðsson«.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að samþykkja eftirfarandi breytingar og viðauka við reglur þær um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«, sem settar voru á alþingi 24. ágúst 1881 og staðfestar af konungi 27. apríl 1882:

1. gr.

1. gr. orðist svo: Sjóðurinn skal vera í vörzlum Stjórnarráðs Íslands, sem annist um að hann ávaxtist.

2. gr.

2. gr. orðist svo: Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, og annars kostar til þess að styrkja útgáfur slíkra rita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmentum þess, lögum, stjórn eða framförum.

3. gr.

Fyrir orðið: »Landshöfðingi« í upphafi 4. gr. komi: Stjórnarráð Íslands.

Breytingar þessar skal færa inn í meginmál reglna um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« frá 24. ág. 1881, og síðan leita staðfestingar konungs á reglum þessum í heild.

Nd. **877. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmaður Jón Jónsson frá Hvanná.

Við 22. gr.

Á eftir 6. lið komi nýr liður svohljóðandi:

Úr viðlagasjóði má lána Sláturfélagi Austurlands til byggingar sláturhúss á Austurlandi (Reyðarfirði) 6000 kr. gegn ábyrgð, er stjórnin telur fulltrygga. Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum á 15 árum.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

Ed. **878. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar til að íhuga ýms fjármál landsins, (þingskjal 790).

Frá Aug. Flygenring og Steingrími Jónssyni.

1. Við 1. lið.

1. liður orðist svo:

Að rannsaka með hverju móti tiltækilegast sé að auka tekjur landssjóðs, og í sambandi við það, hvort heppilegt væri að landið hefði einkasölurétt á nokkrum aðfluttum vörum, svo sem tóbaki, steinolíu, kolum o. fl.

2. Við 2. lið.

Liðurinn falli burt.

3. Við 3. lið.

Liðurinn falli burt.

4. Málsgreinin: »Fjórir nefndarmanna ..... nefndarinnar« falli burt.

Nd. **879. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913 (þingskj. 832).

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 13. gr. B. III. 1. Á eftir þeim lið komi nýr liður svohljóðandi:

Til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn 3000 kr. fyrra árið.

Nd. **880. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1912—1913.

Frá Birni Sigfússyni og Hálfdani Guðjónssyni.

Við 14. gr. B. VI.

Á eftir 3. lið komi:

Til kvennaskólans á Blönduósi 5,500 — 5,500.

Nd. **881. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912—1913.

Frá Hálfdani Guðjónssyni.

Við 16. gr. 50.

Liðurinn falli burt.

Nd. **882. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912—1913.

Frá Hálfdani Guðjónssyni.

Við 4. gr. 1.

Orðin: »Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri . . . . . $^{18}/_{1}$ 1911« falli burt.

Nd. **883. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912—1913.

Frá Birni Sigfússyni og Hálfdáni Guðjónssyni.

Við 13. gr. B. IX.

Liðurinn orðist svo:

Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum f. á. kr. 2000.

Nd. **884. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga 1912—1913.

Flutningsm.: Sig. Gunnarsson.

1. Við 13. gr. B. II. Í staðinn fyrir »Borgarfjarðarbraut 10,000—20,00« komi: Borgarfjarðarbraut 10,000 fyrra árið.

2. — 13. — E. XVIII. Aftan við 2. lið komi: 3. á Svartatanga við Stykkishólm , . . 75.

Nd **885. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi

Við 14. gr. B. VI. n. Fyrir »til kenslu blindra barna i Danmörku« komi: til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms.

Nd. **886. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsm: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 14. gr. B. VI. g. Aftan við liðinn komi svohljóðandi athugasemd: Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið hafi eftirlit með starfsemi skólans, og að hann njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.

Nd. **887. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Bjani Jónsson frá Vogi.

Við 13. gr. B. III. Milli 6. og 7. liðs komi nýr liður svo hljóðandi:
Til þjóðvegarins milli Hjarðarholts og Ljárskóga 3000 kr. síðara árið.

Nd. **888. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 14. gr. B. VI. Milli f. og g. komi nýr liður svo hljóðandi:
Til unglingaskóla Ólafs prófasts Ólafssonar í Hjarðarholti 1,500—1,500.

Nd. **889. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 19. gr. Síðasti liður greinarinnar (Upphæð — eftirlitsskipið) falli niður.

Nd. **890. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913. Þingskj. 832.

Flutningsm: Eggert Pálsson og Einar Jónsson.

Aftan við 13. gr. B. II. 7. lið komi svohljóðandi athugasemd:
Sparist svo mikið fé við brúargerðina á Ytri-Rangá, að nægi til brúargerðar á Varmadalslæk, má verja því til þess.

Nd. **891. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

Við 11. gr. B. 6. Fyrir »1500—1500« komi: 2000—2000.

Nd. **892. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. Á eftir 14. lið komi nýr liður, sem verður 15. liður svo hljóðandi:
Til þess að veita vatni úr Ásakvíslum á Meðallandssandana til varnar frekari sandágangi og til sandgræðslu, fyrra árið, alt að 3,500,00.

Nd. **893. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913 (832).

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

22. gr. falli burt.

Nd. **894. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912—1913.

Flutningsmaður Björn Jónsson.

Við 13. gr. C. 1: fyrir »Til gufuskipaferða« komi: »Gufuskipaferðir Thorefélags eftir samningi 7 ágúst 1909.

Nd. **895. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912—1913.

Flutningsmaður: Björn Jónsson.

Aftan við 13. gr. E. VIII bætist: Til að reisa vita á Bjargtöngum síðara árið 14,000 kr.

Nd. **896. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 14. gr. VI. c. Fyrir »1000 kr.« komi 1200 kr.

Nd. **897. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi og Benedikt Sveinssyni.

Við 16. gr. 15. Fyrir orðin »10 ár« komi: 5 ár.

Nd. **898. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912—1913.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 16. gr. 30. Liðurinn orðist svo:
Til viðskiftaráðunauts alt að 10,000 — 10,000.
Þar af laun til Bjarna Jónssonar frá Vogi 6000 kr. hvort árið, og til sama alt að 4000 kr. hvort árið til ferðakostnaðar eftir reikningi.
Erindisbréf hans 30. júlí 1909 haldist óbreytt.

Sþ. **899. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um breyting á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

Frá Jóni Þorkelssyni og Hannesi Þorsteinssyni.

Við 2. gr.: Aftan við orðin »slíkra rita« komi: og til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita.

Ed. **900. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903: »Ráðherra Íslands má eigi ..... falið að veita« falli burt; en í staðinn komi:

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungs fund.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti. Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánara ákveðið með lögum.

Hver ráðherra skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni, er honum eru sérstaklega falin, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra sá, er mál skal flytja fyrir konungi, fer á konungs fund, þá er nauðsyn krefur, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það; þó skal engum vikið frá embætti til fullnaðar, nema honum sé áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

6. gr.

8. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur getur rofið Alþingi með þeim takmörkunum, sem segir í 10. gr., og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir séu liðnir frá því er þingið var rofið, og skal Alþingi stefnt saman innan árs frá þingrofi.

7. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

8. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

9. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 14 þingmenn, 10 kosnir hlutfallskosningum um land alt og 4, er sameinað Alþingi kýs óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtíma neðri deildar í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímanum.

Breyta má tölum þessum með lögum, sé tölu þingmanna breytt.

10. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í stað hennar komi: 30 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sérstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum, eftir því sem kosningarlög mæla fyrir, en 10 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 12 ára, 5 þingmenn á 6 ára fresti og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þessara 10 þingmanna. Nú deyr einhver þeirra þingmanna, sem kosnir eru í kjördæmum, á kjörtímabilinu, eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti meðal þeirra, sem kosnir eru hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varaþingmaður sá, er í hlut á.

Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögum.

11. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrétt til óhlutbundinna kosninga til Alþingis hafa karlar og konur, sem eru fædd hér á landi eða hafa átt hér lögheimili síðastliðin 5 ár, og eru 25 ára, er kosningin fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag og missir konan eigi kosningarrétt fyrir það.

Með sömu skilyrðum hafa og karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, hlutfallskosningarrétt til efri deildar.

12. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur til Alþingis er hver sá, sem kosningarrétt á, ef hann er ekki þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu þess.

Kjósa má samt þann mann, sem ekki á heima í kjördæminu eða hefir verið þar skemur en eitt ár, en heimilisfastur skal hann hafa verið á Íslandi að minsta kosti síðasta árið áður en kosning fer fram.

Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

13. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaþing sé haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

14. gr.

Á undan 20. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

15. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

16. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur

þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sé löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hefir mist kjörgengi.

18. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (34. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi svo látandi ný grein:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og rétt eiga þeir á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt hafa ráðherrar því að eins að þeir sé jafnframt þingmenn.

19. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breyta má þessu með lögum.

20. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist. Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sé í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

21. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveðið í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

22. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sérréttindi, er bundin sé við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

23. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort heldur eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi (sbr. þó 10.gr.) þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

24. gr.

Með sérstöku lagaboði má kveða á um, að þeim lagafrumvörpum, er Alþingi hefir samþykt, megi skjóta til leynilegrar atkvæðagreiðslu Alþingiskjósenda annaðhvort til samþykkis eða synjunar.

Heimild þessi er þó þeim skilyrðum bundin, að fullur þriðjungur hvorrar þingdeildar og þrjú þúsund kjósendur krefjist atkvæðagreiðslunnar, enda sé sú krafa komin í hendur stjórnarinnar fjörutíu dögum eftir að lögin voru afgreidd frá Alþingi. Konungsstaðfestingar skal þá fyrst leitað, er kjósendur hafa samþykt Alþingisfrumvarpið með atkvæðagreiðslu, eða hinn lögákveðni frestur er liðinn án þess að atkvæðagreiðslu hafi verið krafist.

Undanþegin þessari atkvæðagreiðslu eru fjárlög og fjáraukalög, svo og þau lög, er öðlast skulu gildi áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því, er þau voru afgreidd frá þinginu.

25. gr.

Hvar sem »ráðherra« er nefndur í eintölu í stjórnarskránni eða stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, skal svo skilja, þar sem það á við, sem orðið væri í fleirtölu.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn tíu þingmenn til efri deildar og tíu varaþingmenn með hlutfallskosningum um land allt.

Á fyrsta reglulega Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverir hlutfallskosnir þingmenn deildarinnar skuli fara frá eftir 6 ár.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar til efri deildar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

Nd. **901. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Frá Magnúsi Blöndahl.

Við 15. gr. Á eftir 45. lið komi nýr liður:

46. Til Guðjóns Samúelssonar úr Reykjavík, til þess að ljúka námi í húsbyggingarfræði í Kaupmannahöfn, 400 krónur hvort árið.

Nd. **902. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Flutningsm.: Magnús Blöndahl.

Við 22. gr.

1., 2., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10. og 12. liður falli burt.

Nd. **903. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

Við 12. gr. Á eftir 3. lið komi nýr liður, sem verður 4. liður: Styrkur til íbúa Hnappadalssýslu til að vitja læknis . . . . . 300—300. Styrkurinn greiðist 3 hreppsnefndum sýslunnar að réttri tiltölu við fólksfjölda.

Nd. **904. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: H. Hafstein.

Við 18. gr.

Í enda greinarinnar, á undan orðunum: »til allra þeirra hvort árið« bætist:

Til Sighvats Árnasonar, fyrrum alþingismanns, 300 krónur.

Nd. **905. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 13 gr. D. III. Milli 7. og 8. liðar komi nýr liður svolátandi:
Til starfrækslu loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alt að ... ... 6000 — 6000
til starfrækslu á þrem loftskeytastöðvum í Skaftafells- og Rangárvallasýslum alt að ... ... 2000 — 2000

Nd. **906. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Við 12. gr. 1. Athugasemdin falli burt. Í stað hennar komi nýr liður:
Styrkur til hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að útvega lækni til að setjast að í Bolungarvíkurverslunarstað . . . 400—400. Styrkurinn veitist með því skilyrði að lækninum verði greiddar að minsta kosti 800 kr. á ári annarstaðar frá.

Nd. **907. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr. 50.
Liðurinn falli burt.

Nd. **908. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 16. gr.
Á eftir 11. lið komi nýr liður.

Til að kaupa skógarsvæði í Öndverðanesskógi í Grímsnesi, er liggur á milli Grímsnesbrautarinnar og Álftavatns, fyrir alt að 2000 kr.

Nd. **909. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Frá Pétri Jónssyni.

1. Fyrir orðin: »byggja« (síma) og »bygging« allsstaðar í frv. komi: leggja og lagning.
2. Við 6. gr.
   Aðaltillaga fyrir orðið: »Vesturheim« komi: vesturströnd Grænlands.
   Til vara: greinin falli burt.

Nd. **910. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 12. gr. 2. Fyrir: »400—400« komi: 300—300.
2. Við 13. gr. B. I. Fyrir: 2. og 4. lið komi: aftan við einn liður svohljóðandi:
   Til verkfróðra aðstoðarmanna og vegamælinga alt að 4,000—4,000.
3. Við 13. gr. C. 1. Aftan við orðin: »Til gufuskipaferða« bætist: eftir samningi við Thorefélag 7. ágúst 1909.
4. Við 13. gr. C. 1. Á eftir liðnum bætist nýr liður: Til reglubundinna gufuskipaferða milli Svíþjóðar og Íslands 4,000—4,000.
5. Við 13. gr. D. II. 2. Aftan við bætist nýr liður:
   Til koparþráðs milli Borðeyrar og Ísafjarðar f. á. alt að 55,000.
6. Við 13. gr. E. VIII. Liðurinn falli burt.
7. Við 14. gr. A. b. 2. Aftan við liðinn bætist:
   Af uppbót þessari má verja alt að 1,000 kr. hvort árið til framlags í íbúðarhús úr steini eða steinsteypu í kauptúnum, reist samkvæmt lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum, þar sem fastráðið er prestssetur til frambúðar, og presturinn hefir ekki við neinu fé tekið í húsum eða álagi upp í tilskilið framlag af hans hálfu til húsbyggingarinnar.
8. Við 14. gr. A. b. 6. Liðurinn falli burt.

9. Við 14. gr. B. III a. Fyrir: »9,000—9,000 komi: 8,600—8,600.
10. Við 14. gr. B. III. a. Athugasemdin falli burt.
11. Við 14. gr. B. VI. a. 1. Fyrir; »en úr landssjóði 6,000—6,000« komi: 5,000—5,000.
12. Við 14. gr. B. VI. f. Liðurinn falli burt.
13. Við 14. gr. B. VII. b. Aftan við orðin: »til sundkenslu« bætist: o. fl.
14. Við 15. gr. 3. c. Fyrir: »1,500—1,500« komi: 1,000—1,000.
15. Við 15. gr. 19. Orðin: »60 kr. fyrir örkina alt að« falli burt.
16. Við 15. gr. 30. Liðurinn falli burt.
17. Við 15. gr. 34. Fyrir: »2,500—2,500 komi: 1,500—1,500.
18. Við 15. gr. 45. Liðurinn falli burt.
19. Við 15. gr. 46. Liðurinn falli burt.
20. Við 16. gr. 1. d. Liðurinn falli burt.
21. Við 16. gr. 6. Fyrir: »Til Eiðaskólans . . . . 1,500—1,500« komi: Til skólahalds á Eiðum 2,500—2,500.
22. Við 16. gr. 13. Orðin: »til ungmennafélags« falli burt.
23. Við 16. gr. 25. Fyrir: »400—400« komi: 600—600.
24. Við 16. gr. 25. Fyrir: »$^4/_5$« í athugasemdinni komi: $^3/_4$.
25. Við 16. gr. 27. Liðurinn falli burt.
26. Við 16. gr. 27. Nýr liður bætist hér inn: Til Helga Valtýssonar til þess að setja »Straumferju« á einhverja á landsins eftir samráði við Stjórnarráðið fyrra árið 1,500.
27. Við 16. gr. 30. Liðurinn falli burt.
28. Við 16. gr. 45. Liðurinn með athugasemd falli burt.
29. Við 16. gr. 47. Liðurinn með athugasemd falli burt.
30. Við 18. gr. Í 6 línu að ofan fyrir: »2,400« komi: 2,000.
31. Við 19. gr. Síðasta málsgreinin falli burt.
32. Við 22. gr. 11. Aftan við bætist nýr liður: Stjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd fyrir Vífilstaðahælið alt að 120,000 kr. lán.

Nd. **911. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Birni Sigfússyni.

Við 13. gr. A. 2.

Athugasemdin orðist svo:

Af póstflutningafénu greiðist 6000 kr. hvort árið til Thorefélagsins eftir samningi 7. ágúst 1909, og ennfremur má verja alt að 2000 kr. hvort árið fyrir að flytja alskonar póstsendingar með skipum, sem ekki hafa fast tillag, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum.

Nd. **912. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 13.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr. Á eftir tölulið 50 komi nýr liður svolátandi:

Til Magnúsar ljósmyndara Ólafssonar til þess að taka myndir af helstu stöðum hér á landi, íslenzkum mannvirkjum og viðburðum, 500 kr. f. á.

Nd. **913. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr. 2. Eftir staflið *e* komi nýr liður:

f. handa manni, er ráðinn sé af landsstjórninni eftir samráði við skjalavörð, til þess að afrita handa landsskjalasafninu merk skjöl, er snerta Ísland, í útlendum söfnum 1000—1000 kr.

Nd. **914. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Flutningsmaður: Jón Þorkelsson.

Við 15. gr. Á eftir 40. lið komi nýr liður, sem verði 41. liður svohljóðandi:

Styrkur til Péturs Árna Jónssonar cand. phil. í Kaupmannahöfn til fullkomnunar í sönglist, 800 kr. fyrra árið.

Sþ. **915. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Gunnari Ólafssyni.

Við 4. gr. við D. II. Aftan við liðinn komi:

1. Til loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja ... ... — 40,000,00

2. Til þriggja loftskeytastöðva:
Á Seljalandi undir Eyjafjöllum eða þar í grend,
í Vík í Mýrdal og í Hornafirði, alt að ... ... — 20,000,00

Nd. **916. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 14. gr. VI. b. 1.

Aftan við skilyrðin bætist svo hljóðandi málsgrein.

Barnaskólum, farskólum, unglingaskólum og fræðsluhéruðum, sem njóta landssjóðsstyrks á fjárhagstímabilinu, er skylt að kaupa 1 eintak af æfisögu Jóns Skálholtsrektors Þorkelssonar.

Nd. **917. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um eftirlaun. (Þingskjal 797).

Frá nefndinni.

Tillagan orðist svo:

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að taka til rækilegrar athugunar framkomnar óskir landsmanna um afnám lögákveðinna eftirlauna embættismanna, og í sambandi við það íhuga, hvort eigi verði hægt að nálgast þessar óskir með nýju skipulagi, er fari í þá átt, að embættismenn tryggi sér sæmilegan ellistyrk, og leggja síðan tillögur um þetta mál fyrir alþingi.

Nd. **918. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 16. gr. 50. Eftir þenna lið komi nýr liður svolátandi:

Til háskólahúss (fyrstu tveggja ára framlög) 50,000—50,000.

Upphæðir þessar endurgjaldist landssjóði af byggingasjóði opinberra bygginga jafnóðum og jarðeignir byggingasjóðs verða seldar.

Nd. **919. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson og Jón Þorkelsson.

1. Við 13. gr. B. II. 3. Fyrir: »15,000—5,000« komi: 10,000 f. á.
2. Við 13. gr. B. II. 8. Liðurinn falli niður.
3. Við 13. gr. E. XII. Liðurinn falli niður.
4. Við 15. gr. 9. Aftan við liðinn bætist svolátandi athugasemd:
   Félaginu er skylt, að láta Þjóðmenjasafninu og landsskjalasafninu ókeypis í té eitt eintak af bókum þeim, er það hefir gefið út og þau þurfa á að halda.
5. Við 21. gr. 8. Liðurinn falli niður.

Ed. **920. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. Tekjur:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé ...	86,000,00	105,374,61
2. Húsaskattur...	20,000,00	27,173,00
3. Tekjuskattur	36,000,00	70,259,13
4. Aukatekjur	90,000,00	125,232,84
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	7,256,11
6. Vitagjald	26,000,00	50,854,30
7. Gjöld fyrir leyfisbréf	8,000,00	15,210,14
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m. að frádregnum 2% í innheimtulaun...	200,000,00	395,643,24
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	330,000,00	372,110,06
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum...	280,000,00	315,491,04
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum...	660,000,00	768,085,66
12. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum innheimtulaunum	23,000,00	39,188,71
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	28,000,00	24,700,00
14. Tekjur af póstferðum	120,000,00	201,187,89
15. Tekjur af símum landsins	100,000,00	151,529,14
16. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	800,00	699,13
17. Sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar	20,000,00	58,390,05
18. Tekjur af efnarannsóknarstofu	1,200,00	» »
19. Óvissar tekjur	4,000,00	16,452,05
20. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu m. m.	42,000,00	44,086,12
Flyt...	2,081,000,00	2,788,923,22

	Fjárveiting	Reikningur
	kr. a	kr. a.
Flutt...	2,081,000,00	2,788,923,22
21. Tekjur af kirkjum	130,00	212,37
22. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ...	3,200,00	6,606,48
23. Tekjur af Ræktunarsjóði Íslands, lög nr. 34, 1905	» »	8,334,18
24. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins...	79,000,00	82,743,61
Borgað upp í lán, fjárveiting.. .. 55920 kr. 94 a.		
reikningur.. ... 94263 — 27 -		
25. Leigur af láni landssjóðs til Landsbankans	15,000,00	15,000,00
26. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	15,000,00	36,147,36
27. Arður landssjóðs af rekstri Íslandsbanka	» »	28,095,25
28. Vextir af Byggingarsjóði	» »	7,750,00
29. Greiðslur frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	4,000,00	5,965,19
30. Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	1,816,78
31. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	33,197,68
32. Tekjur af innlendri vindlagerð og bitter, lög nr. 41, 16. nóv. 1907...	» »	6,779,09
33. Tillag úr ríkissjóði Danmerkur	120,000,00	120,000,00
34. Lán úr ríkissjóði Danmerkur	500,000,00	500,000,00
Samtals...	2,822,530,00	3,641,571,21

II. Gjöld:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar landsins	100,000,00	97,847,97
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna og milliþinganefndir...	65,600,00	99,525,95
3. Til útgjalda við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.:		
A. Dómgæzla og lögreglustjórn	177,230,00	172,320,02
B. Ýmisleg útgjöld	29,800,00	48,412,72
4. Til útgjalda við læknaskipunina..	271,701,20	281,298,77
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	181,086,47	213,736,76
B. Til vegabóta	347,458,93	365,575,07
C. Til gufuskipaferða..	160,600,00	132,560,00
D. Til ritsíma og talsíma	589.666,00	515,261,65
E. Til vita	65,314 05	82,557,07
6. Til kirkju- og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	55,200,00	45,286,40
B. Til kenslumála...	312,050,00	342,685,81
7. Til vísinda og bókmenta...	164,110,00	164,049,14
8. Til verklegra fyrirtækja..	367,720,00	349,933,35
9. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	28,169,74
Flyt	2,892,736,65	2,939,220,42

	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
Flutt...	2,892,736,65	2,939,220,42
10. Eftirlaun og styrktarfé...	122,500,00	138,645,97
11. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld	10,000,00	129,196,17
12. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum	» »	111,723,20
13. Vextir af láni úr ríkissjóði Danmerkur	» »	18,944,45
14. Tekjuafgangur	» »	303,841,00
Samtals...	3,025,236,65	3,641,571,21

Eignir viðlagasjóðs voru 31. des. 1909 ... ... kr. 1,537,904,62
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. ... ... — 64,182,99
Peningaforði landssjóðs s. d. ... ... — 305,329,76

Sþ. **921. Tillögur**

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikningana fyrir árin 1908 og 1909.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina:

1. Að framfylgja stranglega fyrirmælum reglugerðar 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil o. fl.
2. Að ganga ríkt eftir, að umboðsmenn þjóðjarða innheimti jarðarafgjöld í tæka tíð, og gæti þess að lögtaksréttur gjaldanna glatist ekki.
3. Að gæta þess, að reikningshaldarar opinberra stofnana semji reikninga þeirra sem greinilegasta og samkvæmasta ákvæðum fjárlaganna.
4. Að láta þess getið í athugasemdum við landsreikninginn, ef tollur er endurgreiddur, hvort heldur af því, að hann er feldur niður eða innheimtur í öðru lögsagnarumdæmi.
5. Að láta hinni árlegu skrá yfir eftirlaun prestsekkna, sem greidd eru úr landssjóði, fylgja fullnægjandi skýringar um viðauka og breytingar, er orðið hafa síðan næsta ár á undan.
6. Að taka til endurskoðunar fyrirkomulagið á reikningsskilum landssjóðs, og breyta því í þá átt, að landsreikningarnir hafi að geyma sem fylst og glöggast yfirlit yfir allan fjárhag landssjóðsins, ekki að eins um tekjur og útgjöld, heldur einnig um eignir og skuldir landsins.
7. Að sjá um, að landsreikningurinn verði eftirleiðis árlega afgreiddur til yfirskoðunarmanna í tæka tíð, svo að nægur tími vinnist til allrar yfirskoðunarinnar, áður en alþingi kemur saman.
8. Að annast um, að auk hinna sérstöku reikninga Byggingarsjóðsins, Fiskiveiðasjóðsins og Ræktunarsjóðsins, verði hinn árlegi reikningur Kirkjujarðasjóðsins ásamt fylgiskjölum afhentur yfirskoðunarmönnum til athugunar, eftir að hann hefir verið yfirfarinn af hinni umboðslegu endurskoðun.

Nd. **922. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. laga nr. 13, dags. 9. júlí 1909 um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Landssjóður leggur fram helming af tryggingarfé því, sem Landsbankanum er gert að leggja fram í 3. gr. laga nr. 13, dags. 9. júlí 1909 um heimild fyrir veðdeild Landsbankans, til að gefa út 3. flokk bankavaxtabréfa, í ríkisskuldabréfum og bankavaxtabréfum fyrsta og annars flokks, eftir því hlutfalli, er greinin tiltekur. Vextir af þeim hluta tryggingarfjárins, er landssjóður leggur fram, renna í landssjóð.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **923. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Birni Jónssyni.

Við 15. gr. 5.

Fyrir »Landsbókasafnshúsið« komi: Mentasafnið.

Nd. **924. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 835, um skipun nefndar samkv. 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka símskeyti viðvíkjandi ráðherraskiftunum.

Flutningsmenn: Jón Jónsson S.-M. og Jóh. Jóhannesson.

Eftir orðin í 2. línu: »er ýmsir þingmenn«, komi: þar á meðal fráfarandi ráðherra.

Nd. **925. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Við 2. gr. tölul. 6. Á eftir orðunum: »frá Húsavík um« bætist inn í: Kelduhverfi.

Sþ. **926. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga ýms fjármál landsins.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd, til þess að taka til íhugunar fjármál landsins, sérstaklega:

Að rannsaka með hverju móti tiltækilegast sé að auka tekjur landssjóðs, og í sambandi við það, hvort heppilegt væri að landið hefði einkasölurétt á nokkrum aðfluttum vörum, svo sem tóbaki, steinolíu, kolum o. fl.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir af sameinuðu þingi með hlutfallskosningu, en landsstjórnin nefnir sjálf til einn þeirra, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr landssjóði. Aðstoð við nefndarstörfin, svo og útgjöld til þess að útvega nægar upplýsingar, teljast til kostnaðar við nefndina.

Nefndin skal senda landsstjórninni tillögur sínar svo fljótt sem hún fær því við komið og þau lagafrumvörp, er hún kann að semja um þessi efni, en landsstjórnin leggi fyrir alþingi svo fljótt sem unt er þau af frumvörpum þessum, er hún aðhyllist.

Ed. **927. Nefndarálit**

við frv. til laga um útrýming fjárkláðans (þingskj. 766).

Nefndin, sem háttv. efri deild fól mál þetta til athugunar, hefir athugað það eftir föngum, og borið sig saman við M. Einarsson dýralækni um það, og er álit hennar þetta:

Nefndin lítur svo á, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða.

Fjárkláðinn hefir fyr og síðar gert fjáreigendum á landinu mikið tjón, og hann veldur óefað tjóni, svo lengi sem honum ekki verður útrýmt með öllu.

Fyrir fám árum síðan voru gerðar allverulegar útrýmingar-tilraunir með því að baða alt sauðfé á landinu, og var til þess varið stórfé. En þrátt fyrir þetta hefir kláðinn þó gert vart við sig síðan, og ber einna mest á því nú í vetur, eftir þar að lútandi skýrslum, sem komnar eru til stjórnarráðsins.

Að þessu er þannig varið, liggur vafalaust langmest í því, að ekki var viðhöfð tvíböðun á öllu sauðfé þegar útrýmingarböðunin fór fram, því til fullrar útrýmingar verður ekki komist hjá tvíböðun, samkvæmt áliti þeirra manna, sem bezta hafa þekkingu á þessu máli.

Þessar tvíbaðanir með hæfilegu millibili er það, sem frumvarpið fer fram á, að landsstjórninni veitist heimild til að fyrirskipa, og með því að nefndin lítur svo á, að tvíbaðanirnar séu nauðsynlegar, eigi kláðinn að upprætast, og

hún telur rétt að stemma stigu fyrir útbreiðslu hans svo fljótt, sem tök eru á, og með því að nefndin ennfremur telur önnur ákvæði frumvarpsins viðunandi, en tími þingsins þegar á þrotum, þá leyfir hún sér eftir atvikum að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Efri deild alþingis, 4. maí 1911.

J. Havsteen, formaður. Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson, með fyrirvara.

Nd. **928. Breytitillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1912—1913.

Flutningsmaður: Jón Ólafsson.

Við 16. gr. 29. Fyrir: »$^4/_5$« komi: $^2/_3$.

Sþ. **929. Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Birni Sigfússyni og Hálfdáni Guðjónssyni.

Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:

Við B. VIII. Byggingarstyrkur til kvennaskólans á Blönduósi kr. 6,000,00.

Nd. **930. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912—1913.

Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson og Jón Þorkelsson.

Við 15. gr. 50. Aftan við liðinn komi nýr liður:

Til forseta sameinaðs Alþingis til þess, samkvæmt boði, að taka þátt í fyrir þingsins hönd, hátíðahaldi Frakka, í minningu um, að 1000 ár eru liðin síðan Norðmenn bygðu Norðmandí, 1200 kr. fyrra árið.

Ed.

931. Nefndarálit

um þingsályktunartillögu um gufuskipaferðir (á þingskjali 140).

Þegar síðasta alþingi heimilaði landsstjórninni að gera samning um gufuskipaferðir »um alt að 10 ára tímabil«, mun það hafa vakað fyrir þingmönnum, að með þessu mundi fást veruleg umbót á samgöngunum, sérstaklega millilandaferðunum og ferðum millilandaskipanna umhverfis landið. Hið sama mun og hafa verið markmið stjórnarinnar, er hún gerði samningana »um gufuskipaferðir« við gufuskipafélagið Thore og við Hið sameinaða gufuskipafélag 7. ágúst 1909. En á þessu hefir þótt verða misbrestur og má fullyrða, að óánægjan með fyrirkomulag ferðanna árin 1910 og 1911 sé almenn og í mjög mörgum atriðum á rökum bygð.

Undanfarin ár hefir, svo sem kunnugt er, sameinaða gufuskipafélagið haldið uppi hinum samningsbundnu millilandaferðum og strandferðum. En auk þess héldu einnig gufuskipafélögin Thore og Vathnes Arvinger uppi nokkurn veginn reglubundnum ferðum. Í aðalatriðunum er engin breyting gerð á þessu, nema að Thore-félagið annast nú strandbátaferðirnar og eru ferðirnar í raun og veru alls eigi bættar. Því þó þær ef til vill séu nokkru fleiri, þá er fyrirkomulagið í ýmsum greinum óhagfeldara. Og áreiðanlegt er það, að síðan skip Vathne-félagsins hættu að ganga, hafa skipaferðir á Norðurlandi verið miklu óhagstæðari en um mörg undanfarin ár.

Aðfinslurnar beinast að þessum aðalatriðum:

1. *Skipin.* Millilandaskip Thore-félagsins eru, að áliti nefndarinnar, flest óviðunandi sem farþegaskip og hæpið að nokkurt þeirra svari til þess, sem heimtað er af slíkum skipum. Sum eru skipin alveg óbrúkandi fyrir farþega. Sterling fer að eins milli útlanda og Reykjavíkur og kemur einstöku sinnum við á Austfjörðum og Breiðafirði. Til Norðurlands og Vestfjarða kemur því ekkert viðunandi farþegaskip frá þessu félagi. Strandferðabátarnir Vestri og Austri eru talsvert minni og lakari skip en Skálholt og Hólar, en eftir samningnum áttu þeir að jafngilda þeim að minsta kosti. Sérstaklega er það aðfinsluvert, að 2. og 3. farrými á skipum þessum eru mjög lítil og óhentug. Þá er báturinn Perwie. Er það alment álit manna, að hann sé algerlega óhæfur til ferðanna fyrir suðurstrðnd landsins alla leið til Fáskrúðsfjarðar eða Seyðisfjarðar. Skip hins sameinaða gufuskipafélags eru gömul og flest þeirra ekki samkvæm kröfum tímans, en þau eru þó mun betri en Thore-skipin og mega teljast viðunandi sem stendur. En nefndin vill benda á, að með ári hverju aukast ferðir útlendinga til landsins og jafnframt aukast kröfur manna til þæginda á skipunum. Þessum framtíðarkröfum fullnægja skip hins sameinaða heldur ekki, nema ef til vill eitt þeirra, Botnía.

2. *Niðurröðun ferðanna.* Samkvæmt áætlunum Thore og þess sameinaða fyrir 1911, eiga skip þeirra að fara 64 ferðir frá Kaupmannahöfn til Íslands, þar af 42 beint til Reykjavíkur eða um Seyðisfjörð.

Nefndin lítur svo á, að ferðum þessum mætti haga svo, að skip færu reglulega einu sinni á viku frá Kaupmannahöfn árið um kring. Reglulegar strandferðir mætti þá og fá sem næst því einu sinni í hverjum $^1/_2$ mánuði til jafnaðar

árið um kring og væru hin stærri og hraðskreiðari millilandaskipin látin fara sem flestar hringferðir að sumrinu. En eins og ferðunum nú er hagað, er langt frá að svo sé. Stundum fara skipin í hópum mörg á viku frá Kaupmannahöfn, en svo líða aftur heilir mánuðir. Úr þessu verður að bæta. Félög þau er styrk fá úr landssjóði og ríkissjóði mega ekki haga ferðum sínum eingöngu eftir því sem bezt er til samkepni þeirra á milli. Þau verða að taka einnig og fyrst og fremst tillit til þarfa almennings. Þessa virðist ekki hafa verið gætt við samning áætlananna fyrir árin 1910 og 1911.

3. *Samband Reykjavíkur við aðra staði á landinu.* Samkvæmt ferðaáætlun hins sameinaða fyrir 1911 fara skip þess 8 ferðir norðan um land til Reykjavíkur, og frá Reykjavík 4 ferðir norðan um land til Kaupmannahafnar. En millilandaskip Thore-félagsins fara aldrei frá Kaupmannahöfn norðan um land til Reykjavíkur né til baka sömu leið. Af þessu leiðir, að nær því ómögulegt er að komast til höfuðstaðarins frá Norðurlandi nema með strandferðabátunum, en það má heita ógerningur, þar eð þeir eru svo lengi á leiðinni. Úr þessu bættu að nokkru hringferðir Austra síðastliðið ár, og væri æskilegt að þær gætu haldist, þannig, að skipið kæmi við í nokkrum hinum stærri kauptúnum, án þess þó að ferðunum seinkaði mjög. Einnig væri æskilegt að þessar hringferðir byrjuðu mánuði fyr.

4. Hefir verið kvartað yfir því að ýmsar hafnir og héruð væru sett mjög hjá með viðkomur millilandaskipanna. Þannig komu skip Thore-félagsins aldrei við (eftir áætluninni) í Þingeyjarsýslu eða Norðurmúlasýslu og mjög sjaldan við á Húnaflóa árið 1910. Úr þessu er að nokkru leyti bætt í áætlun yfirstandandi árs, en alls eigi nægilega.

5. Ferðir strandferðabátanna byrja um miðjan apríl. Þær ættu að byrja nokkru fyr og mundi þá geta unnist tími til fleiri hringferða.

6. Loks má geta þess, að allmjög hefir verið kvartað yfir því, að skip Thore-félagsins héldu illa áætlanir og hefir það stundum leitt til þess, að ferðirnar hafa beinlínis komist á rugling. Hefir þetta óefað stundum stafað af því, að skipin hafa tafist á höfnum í Færeyjum eða Noregi.

Vér höfum nú minst á hinar helztu umkvartanir sem komið hafa fram um gufuskipaferðirnar eftir núgildandi samningum. Virðist oss alls eigi við unandi það ástand sem nú er, enda teljum vér stjórninni innan handar að bæta úr göllunum til mikilla muna, með því að krefjast breytinga á ferðaáætlunum skipanna, og ganga ríkt eftir því, að skip þau, sem notuð eru, séu góð og samsvari kröfum nútímans.

Samkvæmt þessu leggjum vér til að háttvirt deild samþykki svohljóðandi

TILLÖGU

til þingsályktunar um gufuskipaferðir.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að annast um að ferðaáætlunum gufuskipa Thore-félagsins og Hins sameinaða gufuskipafélags verði breytt þannig, að reglubundnar ferðir á viku hverri kæmist á milli útlanda og Reykjavíkur, og í sambandi við það strandferðir alt árið, sem hagkvæmastar fyrir alla landshluta, og
2. Að ganga ríkt eftir því, að skip þau, er félög þessi nota til ferðanna, séu svo

góð, að þau fullnægi öllum sanngjörnum kröfum landsmanna og ferðamanna, er til landsins koma.

Alþingi, 4. maí 1911.

Sigurður Stefánsson, formaður. Steingr. Jónsson, skrifari og framsögumaður. Augúst Flygenring.

Ari Jónsson, með fyrirvara. Gunnar Ólafsson.

Ed. **932. Breytingartillögur**

við frumvarp til viðauka við lög um verzlunarbækur.

Frá nefndinni.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
   Frumvarpstillaga um viðauka við lög um verzlunarbækur.
2. 5. gr. verði svo hljóðandi:
   Á eftir orðunum: »Í höfuðbók skal rita« í 3. gr. laga 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, bætist inn í:
   viðskiftin eins og þau eru skráð í frumbókina eða.
3. 6. gr. orðist þannig:
   Þá er lög þessi eru staðfest, skal fella þau inn í texta laganna frá 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, og getur konungur þá gefið lögin þannig breytt út sem lög um verzlunarbækur.

Ed. **933. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 37, 8. nóvember 1901.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við 1. gr. 9. Fyrir 30 aura komi: 40 aura.
2. — 1. — 10. — 40 — — : 50 —
3. — 1. — 11. — 15 — — : 20 —

Ed.

934. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Eftir eina umr. í Nd.).

[Prentað að nýju].

1. gr.

Síðari hluti 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903: »Ráðherra Íslands má eigi ..... falið að veita« falli burt; en í staðinn komi:

Landssjóður greiðir laun ráðherra, svo og kostnað við ferðir þeirra á konungs fund.

2. gr.

Á eftir 1. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (2. gr. stjórnarskrárinnar) komi tvær nýjar greinar (2. og 3. gr.):

Konungur vinnur eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gera tvö samhljóða frumrit, og geymir Alþingi annað þeirra, en hitt skal geymt í landsskjalasafninu.

3. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus og friðheilagur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórninni. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.

4. gr.

2. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (3. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Ráðherrar skulu vera þrír; konungur skipar þá og leysir þá frá embætti. Hann skiftir störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánara ákveðið með lögum.

Hver ráðherra skrifar ásamt konungi undir ályktanir um þau málefni, er honum eru sérstaklega falin, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér stjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra sá, er mál skal flytja fyrir konungi, fer á konungs fund, þá er nauðsyn krefur, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

5. gr.

4. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur veitir öll þau embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breyta má þessu með lögum. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það; þó skal engum vikið frá embætti til fullnaðar, nema honum sé áður gefinn kostur á að verja mál sitt fyrir dómi.

6. gr.

8. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Konungur getur rofið Alþingi með þeim takmörkunum, sem segir í 10. gr., og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sé liðnir frá því er þingið var rofið, og skal Alþingi stefnt saman innan árs frá þingrofi.

7. gr.

11. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþinga; eigi mega þó slík lög ríða í bág við stjórnarskrána og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Samþykki Alþingi þau ekki áður en þingi slítur, falla þau úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má eigi gefa út, ef fjárlög fyrir fjárhagstímabilið eru samþykt af Alþingi.

8. gr.

4. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 og 14. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í þeirra stað komi:

Á Alþingi eiga sæti 40 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

9. gr.

5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (15. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í hennar stað komi:

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn, kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 14 þingmenn, 10 kosnir hlutfallskosningum um land alt og 4, er sameinað Alþingi kýs óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtíma neðri deildar í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímanum.

Breyta má tölum þessum með lögum, sé tölu þingmanna breytt.

10. gr.

16. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í stað hennar komi: 30 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sérstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum, eftir því sem kosningarlög mæla fyrir, en 10 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 12 ára, 5 þingmenn á 6 ára fresti og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þessara 10 þingmanna. Nú deyr einhver þeirra þingmanna, sem kosnir eru í kjördæmum, á kjörtímabilinu, eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti meðal þeirra, sem kosnir eru hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varaþingmaður sá, er í hlut á.

Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögum.

11. gr.

6. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (17. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Kosningarrétt til óhlutbundinna kosninga til Alþingis hafa karlar og konur, sem eru fædd hér á landi eða hafa átt hér lögheimili síðastliðin 5 ár, og eru 25 ára, er kosningin fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sé fjár síns ráðandi, enda ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Nú hafa hjón óskilinn fjárhag og missir konan eigi kosningarrétt fyrir það.

Með sömu skilyrðum hafa og karlar og konur, sem eru 30 ára eða eldri, hlutfallskosningarrétt til efri deildar.

12. gr.

18. gr. stjórnarskrárinnar orðist þannig:

Kjörgengur til Alþingis er hver sá, sem kosningarrétt á, ef hann er ekki þegn annars ríkis eða að öðru leyti í þjónustu þess.

Kjósa má samt þann mann, sem ekki á heima í kjördæminu eða hefir verið þar skemur en eitt ár, en heimilisfastur skal hann hafa verið á Íslandi að minsta kosti síðasta árið áður en kosning fer fram.

13. gr.

7. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (19. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Reglulegt Alþingi skal saman koma lögmæltan dag annað hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyr það ár. Breyta má þessu með lögum.

Nú krefst meiri hluti þingmanna hvorrar deildar að aukaþing sé haldið, og kveður þá konungur Alþingi til setu svo fljótt sem unt er. Eigi má það þing lengur sitja en 4 vikur án samþykkis konungs.

14. gr.

Á undan 20. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein svo látandi:

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

15. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (1. málsgr. 25. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi:

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, undir eins og það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagstímabil, sem í hönd fer.

16. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Sameinað Alþingi kýs 3 yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þeir skulu kosnir með hlutfallskosningu. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur

þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir Alþingi ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lögum.

Rétt er yfirskoðunarmönnum, einum eða fleirum, að fá að sjá reikninga og bækur gjaldkera landssjóðs, og sömuleiðis stjórnarráðsins, fyrir ár það sem er að líða eða liðið er. Þyki þeim nokkuð athugavert, skulu þeir gera eftirmönnum sínum vísbendingu um það skriflega.

17. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í staðinn komi:

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sé löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hefir mist kjörgengi.

18. gr.

10. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903 (34. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt, en í staðinn komi svo látandi ný grein:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og rétt eiga þeir á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt hafa ráðherrar því að eins að þeir sé jafnframt þingmenn.

19. gr.

Aftan við 45. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Breyta má þessu með lögum.

20. gr.

Aftan við 47. gr. stjórnarskrárinnar bætist:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist. Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur sé í landinu.

Breyta má þessu með lögum.

21. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:

Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveðið í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

22. gr.

60. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Sérréttindi, er bundin sé við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

23. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Tillögur, hvort heldur eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa Alþingi (sbr. þó 10.gr.) þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir þingsins ályktunina óbreytta og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breyting á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþyktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

24. gr.

Með sérstöku lagaboði má kveða á um, að þeim lagafrumvörpum, er Alþingi hefir samþykt, megi skjóta til leynilegrar atkvæðagreiðslu Alþingiskjósenda annaðhvort til samþykkis eða synjunar.

Heimild þessi er þó þeim skilyrðum bundin, að fullur þriðjungur hvorrar þingdeildar og þrjú þúsund kjósendur krefjist atkvæðagreiðslunnar, enda sé sú krafa komin í hendur stjórnarinnar fjörutíu dögum eftir að lögin voru afgreidd frá Alþingi. Konungsstaðfestingar skal þá fyrst leitað, er kjósendur hafa samþykt Alþingisfrumvarpið með atkvæðagreiðslu, eða hinn lögákveðni frestur er liðinn án þess að atkvæðagreiðslu hafi verið krafist.

Undanþegin þessari atkvæðagreiðslu eru fjárlög og fjáraukalög, svo og þau lög, er öðlast skulu gildi áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því, er þau voru afgreidd frá þinginu.

25. gr.

Hvar sem »ráðherra« er nefndur í eintölu í stjórnarskránni eða stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, skal svo skilja, þar sem það á við, sem orðið væri í fleirtölu.

Ákvæði um stundarsakir.

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður, þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi, og skulu þá kosnir í fyrsta sinn tíu þingmenn til efri deildar og tíu varaþingmenn með hlutfallskosningum um land alt.

Á fyrsta reglulega Alþingi eftir kosningar skal ákveða með hlutkesti, hverir hlutfallskosnir þingmenn deildarinnar skuli fara frá eftir 6 ár.

Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningar til efri deildar, og ekki síðar en innan ársfjórðungs.

Ed. **935. Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. október 1903.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

Háttvirt neðri deild hefir gert nokkrar breytingar á frumvarpinu og eru sumar þeirra nokkuð stórvægilegar efnisbreytingar, sem nefndin verður að telja frumvarpinu til spillis, en meiri hluti nefndarinnar verður þó eftir atvikum að ráða hv. efri deild til að samþykkja frumvarpið svo, að því verði skotið undir atkvæði þjóðarinnar og nýkosið aukaþing.

Alþingi, 5. maí 1911.

Stefán Stefánsson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.

Lárus H. Bjarnason. Jósef Björnsson. Sigurður Hjörleifsson.

Steingrímur Jónsson. Ari Jónsson.

Nd. **936. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands (þingskj. 873).

Frá Sigurði Sigurðssyni

Við 4. gr.

Í stað orðanna:

»Um efri hluta Árnessýslu« komi: frá Hraungerði eða Ölfusárbrú upp Grímsnes, Biskupstungur og Hreppa.

Nd. **937. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1908 og 1909.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

	Fjárveiting	Reikningur
I. Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé ...	86,000,00	105,374,61
2. Húsaskattur...	20,000,00	27,173,00
3. Tekjuskattur	36,000,00	70,259,13
4. Aukatekjur	90,000,00	125,232,84
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	7,256,11
6. Vitagjald	26,000,00	50,854,30
7. Gjöld fyrir leyfisbréf	8,000,00	15,210,14
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m. að frádregnum 2% í innheimtulaun...	200,000,00	395,643,24
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	330,000,00	372,110,06
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum...	280,000,00	315,491,04
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum...	660,000,00	768,085,66
12. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum innheimtulaunum	23,000,00	39,188,71
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	28,000,00	24,700,00
14. Tekjur af póstferðum	120,000,00	201,187,89
15. Tekjur af símum landsins	100,000,00	151,529,14
16. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	800,00	699,13
17. Sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar	20,000,00	58,390,05
18. Tekjur af efnarannsóknarstofu	1,200,00	» »
19. Óvissar tekjur	4,000,00	16,452,05
20. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu m. m.	42,000,00	44,086,12
Flyt...	2,081,000,00	2,788,923,22

		Fjárveiting kr. a	Reikningur kr. a.
	Flutt...	2,081,000,00	2,788,923,22
21.	Tekjur af kirkjum	130,00	212,37
22.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli ...	3,200,00	6,606,48
23.	Tekjur af Ræktunarsjóði Íslands, lög nr. 34, 1905	» »	8,334,18
24.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins... ... ... Borgað upp í lán, fjárveiting.. .. 55920 kr. 94 a. reikningur.. ... 94263 — 27 -	79,000,00	82,743,61
25.	Leigur af láni landssjóðs til Landsbankans	15,000,00	15,000,00
26.	Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	15,000,00	36,147,36
27.	Arður landssjóðs af rekstri Íslandsbanka	» »	28,095,25
28.	Vextir af Byggingarsjóði	» »	7,750,00
29.	Greiðslur frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	4,000,00	5,965,19
30.	Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	1,816,78
31.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	33,197,68
32.	Tekjur af innlendri vindlagerð og bitter, lög nr. 41, 16. nóv. 1907...	» »	6,779,09
33.	Tillag úr ríkissjóði Danmerkur	120,000,00	120,000,00
34.	Lán úr ríkissjóði Danmerkur	500,000,00	500,000,00
	Samtals...	2,822,530,00	3,641,571,21

	II. Gjöld:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar landsins	100,000,00	97,847,97
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna og milliþinganefndir...	65,600,00	99,525,95
3.	Til útgjalda við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.:		
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn	177,230,00	172,320,02
	B. Ýmisleg útgjöld	29,800,00	48,412,72
4.	Til útgjalda við læknaskipunina..	271,701,20	281,298,77
5.	Til samgöngumála:		
	A. Til útgjalda við póststjórnina	181,086,47	213,736,76
	B. Til vegabóta	347,458,93	365,575,07
	C. Til gufuskipaferða..	160,600,00	132,560,00
	D. Til ritsíma og talsíma	589,666,00	515,261,65
	E. Til vita	65,314 05	82,557,07
6.	Til kirkju- og kenslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	55,200,00	45,286,40
	B. Til kenslumála...	312,050,00	342,685,81
7.	Til vísinda og bókmenta...	164,110,00	164,049,14
8.	Til verklegra fyrirtækja..	367,720,00	349,933,35
9.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	28,169,74
	Flyt	2,892,736,65	2,939,220,42

	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
Flutt...	2,892,736,65	2,939,220,42
10. Eftirlaun og styrktarfé...	122,500,00	138,645,97
11. Sektir fyrir ólöglegar fiskiveiðar og önnur óviss útgjöld	10,000,00	129,196,17
12. Fjárgreiðslur samkvæmt lögum og fjáraukalögum	» »	111,723,20
13. Vextir af láni úr ríkissjóði Danmerkur	» »	18,944,45
14. Tekjuafgangur	» »	303,841,00
Samtals...	3,025,236,65	3,641,571,21

Eignir viðlagasjóðs voru 31. des. 1909 ... ... kr. 1,537,904,62
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. ... ... — 64,182,99
Peningaforði landssjóðs s. d. ... ... – 305,329,76

Nd. **938. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um verzlunarbækur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur bætist: nemi viðskiftin meiru en 2 kr.

2. gr.

Á eftir 7. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur komi ný grein, sem verði 8. gr. svohljóðandi:

Brot gegn 2. gr. varða sektum, í fyrsta sinn eigi lægri en 2 kr., og hækki sektin, ef oftar er brotið, þó ekki yfir 100 kr.

3. gr.

3. gr. verði 9. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur svohljóðandi:

Kveði svo mikið að brotum gegn 3. og 5. gr. laga þessara, að öll bókfærslan sé í þeirri óreiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það sektum og eftir atvikum missi verzlunarleyfis eitt ár eða lengur.

8. gr. í lögum 30. júlí 1909 um verzlunarbækur verði 10. gr. o. s. frv.

4. gr.

Í stað: »innan árs« í upphafi 8. gr. í lögunum um verzlunarbækur 30. júlí 1909, komi: þriggja missira, og næst síðasta málsgrein 8. gr. í sömu lögum orðist svo:

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir lögskipuð frumbók það sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, o. s. frv.

5. gr.

Á eftir orðunum: »Í höfuðbók skal rita« í 3. gr. laga 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, bætist inn í:

viðskiftin eins og þau eru skráð í frumbókina eða

6. gr.

Þá er lög þessi eru staðfest, skal fella þau inn í texta laganna frá 30. júlí 1909 um verzlunarbækur, og getur konungur þá gefið lögin þannig breytt út sem lög um verzlunarbækur.

Ed.

939. Nefndarálit

um frumvarp til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Vér viljum í upphafi geta þess, að frumvarp það, sem hér er um að ræða og háttv. Ed. hefir falið oss að athuga, kom ekki frá háttv. Nd. fyr en löngu eftir að hinn lögboðni þingtími var útrunninn; 25. f. m. kom frumv. fyrst til umræðu í Ed., ásamt fleiri mikilsvarðandi málum, er um það leiti bárust deildinni. Tími til athugunar þessum ýmsu málum og einkum þó tolla, skatta og fjármálum, hefir reynst alt of naumur; því einmitt þessi mál þurfa rækilegan undirbúning og krefjast mikils tíma, bæði vegna örðugleika og fyrirhafnar með að útvega nokkrar ábyggilegar upplýsingar um ýmsa hluti hagfræðilegs efnis, og þá ekki síður hins, á hvern hátt auknum eða nýjum tollum yrði við komið, án annars tolleftirlits en nú höfum vér, og án þess að með þeim verði sérstaklega íþyngt einni fremur en annari atvinnustétt í landinu.

Um farmgjaldsfrumv. hefir nefndin ekki getað orðið sammála. — Meiri hluti nefndarinnar (E. Briem, A. Flygenring og St. Stefánsson) leggja til, að frumvarpið sé felt og það af þeim ástæðum er nú skal greina:

1. Að frumvarpið raskar algerlega þeirri reglu, sem nú gildir og ætíð hefir gilt að undanförnu: að tollstofnar séu fáir, og þeir einir teknir, sem allir nota og þar af leiðandi verða að greiða toll af, svo sem kaffi, te og sykur, eða aðrir, sem notaðir eru af einstökum mönnum, án þess nokkur þörf krefji, svo sem tóbak, vínföng og önnur munaðarvara. Þessa meginreglu í tollmálum viljum vér halda fast við, og það af þeirri ástæðu, sem margsinnis hefir verið bent á, að með því fyrirkomulagi sparast allur tollgæzlukostnaður og að vér erum lausir við töf og ýmsan óbeinan kostnað, sem verzlunin yrði fyrir með tollafyrirkomulagi líku því er farmgjaldsfrumv. gerir ráð fyrir.
2. Að frumvarpið, ef það yrði að lögum, hlyti að hafa í för með sér sérstakt tolleftirlit, sem eitt út af fyrir sig mundi gleypa mestar þær tolltekjur er með þeim fengjust, en auk þess valda afarmiklum óþægindum, töfum á afgreiðslu vörunnar og óbeinum kostnaði fyrir alla verzlun og viðskifti í landinu, eins og öll slík tolllög hafa í för með sér, þar sem slíkt eða þessu líkt tollkerfi er notað.

Því hefir verið haldið fram af einstökum mönnum í nefndinni, að

vel megi komast af án sérstaks tolleftirlits, þó frumvarpið yrði að lögum, á sama hátt og nú á sér stað um toll af kaffi, sykri o. fl., en því tekur meiri hluti nefndarinnar fjarri. Hér er sem sé um margbrotna flokkun á vörunum að ræða, með mismunandi gjaldhæð, en ekkert er auðveldara, en að segja ranglega til þeirrar flokkunar, ef eftirlit vantaði. Æru- og samvizkuvottorðin bæta hér sízt úr skák; í mjög mörgum tilfellum er ekki hægt að gefa þau með fullri vissu um nákvæmni, og hvað slíkt vottorð snertir af hendi skipstjóra, eins og heimtað er eftir frumv., þá má búast við, að þeir heimti rannsókn á öllum þeim vörum, er þeir flytja hingað til lands áður en þeim er hlaðið í skipin ytra, og ef svo færi, mundi tolleftirlit á þann hátt ekki hafa minni kostnað í för með sér, en þótt það færi fram hér heima, og auk þess hafa í för með sér engu minni framfærslu á verði vörunnar en afgjaldinu nemur.

Í meiri hluta nefndaráliti Nd., er búist við 180 þús. árlegum tekjuauka fyrir landssjóð, ef frumvarp þetta yrði að lögum. Eftir því sem vér höfum komist næst — bæði með því að kynna oss verzlunarskýrslur landsins, svo og með upplýsingum frá stjórnarráðinu — mun þessi áætlun vera fjarri öllum sanni.

Til landsins munu hafa flutzt árið 1909 ca 100 þús. tons af vörum. — Af þeim eru 89 þús. taldar eftir þyngd í skýrslunum, og eru þær allar tollfríar eftir frumv. Auk þess koma til viðbótar hinum tollfríu vörum ýmsar þær vörutegundir, samkv. 2. gr. frumv., sem ekki eru taldar eftir þyngd í verzlunarskýrslunum. Þessar vörur eru: Tilbúinn áburður, prentaðar bækur, gólfplötur úr leir og steini, ósútaðar húðir, hey, óunnið járn, leir, leirpípur, ísl. saltkjöt, ósútuð skinn, og allar þær vörur, sem keyptar eru og sendar í nafni landssjóðs. Sízt mun of hátt að áætla allar þessar vörur 1000 tons, og mundu því vörur þær, sem undanþegnar eru farmgjaldinu nema ca 90 þús. tons. Þessi útreikningur kemur nokkurn veginn heim við það, þegar maður reiknar út eftir verði (sem er að vísu að eins áætlað útsöluverð) þyngd hinna annara vörutegunda í verzlunarskýrslunum, en þyngdin ein er, eins og kunnugt er, lögð til grundvallar fyrir afgjaldinu samkv. frumvarpinu, að undanteknum trjávið.

Hinar helztu vörutegundir, sem afgjald yrði greitt af eftir frumv. eru eftirtaldar, og má búast við afgjaldsupphæð af þeim, sem hér segir:

Brauð allskonar	1,680,00
Ostar	1,300,00
Epli, önnur aldini, nýlenduvörur og önnur matvæli	3,000,00
Kartöflur	1,300,00
Edik og gosdrykkir...	200,00
Tjara og aðrar vörur til sjávarútvegs	2,200,00
Bátar, járnvörur, járn í stöngum	1,000,00
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, höfuðföt o. fl. þess háttar	10,000,00
Ýmsar vörur til iðnaðar og landbúnaðar...	500,00
Hljóðfæri o. fl.	800,00
Pappír	200,00
Steyptar vörur úr járni...	1,000,00
Húsgögu (stofugögn)	1,200,00
Trjáviður (áætlað 20,000 strd)	10,000,00
Þakjárn	2,500,00
Skepnufóður	2,200,00
Þetta nemur þá til samans kr.	39,080,00

Fyrir utan þær vörur, sem hér eru taldar, eru aðeins nokkrar vörur, sem yrðu afgjaldsskyldar eftir frumv. og er ekki auðvelt að gizka á hve miklu það afgjald mundi nema, en vér hyggjum, að það sé hátt áætlað 25,000 kr. Að því meðtöldu ætti þá þetta farmgjald alt að geta numið 64 þús. krónum. Af þessu virðist oss ljóst, að ekki geti komið til mála að samþykkja frumvarpið, þar sem það annarsvegar hefir í för með sér mikla fyrirhöfn, töf og kostnað, en hins vegar yki ekki tekjur landssjóðs að neinum mun.

Til tals hefir komið í nefndinni að breyta frumvarpinu í þá átt, að leggja lágt gjald á allar aðfluttar vörur, t. d. á

Kol, 60 þús. tons á 0,50 pr. ton	30,000
Salt, 22 — — - 0,50 — —	11,000
Tré, 2000 Strd. (ca. 330,000 cubf.) 3 au.	10,000
Steinolíu, 20 þús. föt á 0,50	10,000
Allar aðrar vörur áætl. 20 þús. tons 2,00 pr. ton	40,000
Á þennan hátt mætti auka tekjurnar um	101.000 kr.

Þessa leið til tekjuauka álítum vér heppilegri, einkum af því, að eftirlit og innheimtukostnaður gjaldsins yrði auðveldur og óbrotinn, auk þess sem gjaldið er lítt tilfinnanlegt á neinni sérstakkri vörutegund, en hins vegar hefir þó þessi gjaldálaga þann stóra ókost í för með sér, að hún lendir að mestu leyti á sjávarútvegi landsmanna, og af þeirri ástæðu getur nefndin ekki mælt með henni.

Ennfremur hefur nefndin minnst á hækkun á tolli á þeim tollstofnum, er nú höfum vér, og þá einkum á kaffi og sykri. Meiri hluti nefndarinnar er ekki í neinum efa um að þetta er ekki að eins heppilegasta leiðin, heldur sú sanngjarnasta, auðveldasta og minst tilfinnanleg fyrir alla landsbúa. — Og síðast en ekki síst: að með þessu eina móti getum vér bætt það skarð, sem bannlögin munu höggva í landssjóðinn, og losna við fyrirhafnarmiklar og vafasamar skattaálögur.

Meiri hluti nefndarinnar ráðleggur því háttv. deild til að fella farmgjaldsfrumvarpið, en leggur það jafnframt til, að hækkaður verði tollur á kaffi og sykri til þess að auka með tekjur landssjóðs í stað áfengistollsins, sem hann nú bráðum er sviftur.

Efri deild alþingis, 5. maí 1911.

Stefán Stefánsson, formaður.	Aug. Flygenring, skrifari og framsögumaður.

Eiríkur Briem.

Við undirritaðir ráðum deildinni aftur til að samþykkja frumvarpið, en áskiljum okkur rétt til þess að koma fram með breytingartillögur við það, ef tími vinst til að ræða málið í deildinni.

Sigurður Hjörleifsson.	Gunnar Ólafsson.

Nd. **940. Viðaukatillaga**

við tillögur til þingsályktunar um strandferðir (þgskj. 807).

Frá Benedikt Sveinssyni og Pétri Jónssyni.

A eftir tölul. 4. komi 4 nýir liðir:

5. að strandferðabáturinn »Austri« komi við í hverri ferð fram og aftur á Þórshöfn.
6. að sami bátur komi við á Raufarhöfn í síðustu ferð fram og aftur.
7. að báturinn komi á Fjallahöfn í ágúst eða september.
8. að sami bátur komi við í Flatey á Skjálfanda í september eða október.

Tala liðanna breytist samkvæmt þessu.

Ed. **941. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Flutningsmenn: Gunnar Ólafsson og Sigurður Hjörleifsson.

Við 1. gr. 1. flokkur orðist svo:
Af hverri smálest af kolum 50 aura.
Flokkatalan breytist eftir því.

Við 2. gr. Orðið »kolum« síðast í 2. línu, falli burt.

Nd. **942. Frumvarp**

til laga um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 37, 8. nóvember 1901.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. tollaganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til Íslands vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til landssjóðs þannig:

1. Af alls konar öli, límónaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar ... ... kr. 0,10 af hverjum lítra.
2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar dykkjarföngum
   með 8° styrkleika eða minna ... ... — 1,00 - — —
   yfir 8° og alt að 12° styrkleika... ... ... — 1,50 - — —

yfir 12° og alt að 16° styrkleika ... ... — 2,00 - — —
Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.

3. Af rauðvíni og sams konar borðvínum (eigi freyðandi), af messuvíni, svo og af óáfengum ávaxtavínum, ávaxtasafa og öðrum óáfengum drykkjarföngum, sem ekki eru talin í öðrum liðum ... ... — 0,50 - — —
4. Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft) ... ... — 1,00 - — -
5. Af sódavatni ... ... — 0,02 - — —
6. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) — 1,00 - — 1/4 lítra eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum 3/4 lítra sem af lítra í stærri ílátum.

7. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki ... ... kr. 2,00 af hverju kílógr.
8. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) — 5,20 - — —

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þær seljast í.

9. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar ... ... 30 aura af hverju kílógr.
10. Af alls konar brendu kaffi... ... ... 40 — — — —
11. Af sykri og sírópi ... ... 15 — — — —
12. Af tegrasi.. ... ... 100 — — — —
13. Af súkkulaði .. .. 50 — — — —
14. Af kakaódufti... ... ... 30 — — — —
15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum ... 80 — — — —

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—6, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 7.—15. lið, ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu þannig, að 3/4 og þar yfir telst sem heil, 1/4 alt að 3/4 sem hálf, en minna broti sé slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfé, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyzlu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land og á að sýna skipskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri, eða löggiltur umboðsmaður hans, rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn á skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sérstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í té skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar

vörur, er hann hefir hönd yfir. Sé skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir meiri en svo, að ætla má að nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neyzlu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði lögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra hér að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Síðasta málsgrein í 4. gr. tolllaganna skal hljóða svo: Um fastar verzlanir gilda þó fyrirmæli laga 16. nóvbr. 1907 um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, en að öðru leyti er tollurinn fallinn í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

3. gr.

Í stað orðanna í 6. gr. tolllaganna: »tölulíðunum 8—14« komi: tölulíðunum 7—15.

4. gr.

Á eftir 6. gr. tolllaganna skal koma ný grein, svo látandi.

Hver maður, sem fær böggulsendingar fluttar með pósti frá útlöndum, er skyldur að láta í té skriflegt drengskapar- og samvizkuvottorð um það, hvort sendingar hafi inni að halda tollskyldar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Áður en slíkar sendingar eru afhentar viðtakendum, skulu póstmenn heimta téð vottorð, og síðan afgreiða þau tafarlaust til lögreglustjóra.

5. gr.

14. gr. tolllaganna skal falla burt.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er staðfesting þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Lögin nr. 3, 31. marz 1909 um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi eru úr lögum numin.

7. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál tolllaganna frá 8. nóvbr. 1901, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem tollög fyrir Ísland.

Ed. **943. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir eina umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1 gr.

Árin 1912 og 1913 er ætlast til, að tekjur landsins verði 2,887,400 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 2,581,000.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2. Húsaskattur	13,000	13,000	26,000
3. Tekjuskattur	30,000	30,000	60,000
4. Aukatekjur	55,000	55,000	110,000
5. Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. Vitagjald	30,000	30,000	60,000
7. Leyfisbréfagjöld	6,000	6,000	12,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur	300,000	30,000	330,000
10. Tóbakstollur	160,000	160,000	320,000
11. Kaffi- og sykurtollur	380,000	380,000	760,000
12. Annað aðflutningsgjald	20,000	20,000	40,000
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	9,000	9,000	18,000
14. Pósttekjur	95,000	95,000	190,000
15. Símatekjur	100,000	105,000	205,000
16. Tekjur af Íslandsbanka	12,000	12,000	24,000
17. Óvissar tekjur	10,000	10,000	20,000
Samtals	1,423,000	1,158,000	2,581,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 40,200 kr.:

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls	18,000	18,000	36,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	20,100	20,100	40,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 137,000 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs ... ... Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.	54,000	52,000	106,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
Samtals...	69,500	67,500	137,000

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142.38 hvort árið, til túnasléttunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann slétti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.	2,000	2,000	4,000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ...	2,000	2,000	4,000
Samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1912 og 1913 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,277,167 kr. 34 aurar.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 99,633,34.

	1912	1912—13
1. Vextir af 4% láni landssjóðs frá 18. desember 1908 úr ríkissjóði Danmerkur, sem 1. jan. 1912 nemur kr. 433,333,33	17,000,00	15,666,67
Afborgun af láninu kr. 16,666.67 á hverju missiri	33,333,34	33,333,33
	50,333,34	49,000,00
2. Til vaxtagreiðslu á 4½% láni landssjóðs frá 26. júlí 1909, sem 1. jan. 1912 nemur 1,375,000 kr. ganga árið 1912 61,312 kr. 50 au. og 1913 59,062 kr. 50 aurar. Afborgun er 50,000 krónur árlega; bæði rentur og afborgun greiðast væntanlega af vöxtum, sem fást af bankavaxtabréfum þeim, sem keypt hafa verið fyrir lánsfjárhæðina, svo og af bréfum þeim, sem út eru dregin og innleyst. Til kostnaðar við lánið veitast	150,00	150,00
	50,483,34	49,150,00
Alls...		99,633,34

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 101,000 kr.

	kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
1. Til ráðherra:				
a. laun	8,000			
b. til risnu...	2,000	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra		2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara		6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra		10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar		16,000	16,000	32,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að		5,000	5,000	10 000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu		1,000	1,000	2,000
Samtals...		50,500	50,500	101,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitast 60,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 62,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. eru veittar 225,330 kr.

	1912.	1912.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. Laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	67,300	67,300	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður	4,715	4,715	
Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.			
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	5,100	5,100	
	86,515	86,515	173,030
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... kr. 450			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna 2,600			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur, alt að.. ... 3,600			
d. Kostnaður við sending með póstum 1,000			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímkeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar...	2,500	2,500	
4. Til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,500	1,500	
Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim er óska strandgæzlu og njóta hennar.			
7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ...	1,000	1,000	
Flyt...	21,950	21,950	173,030

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	21,950	21,950	173,030
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	4,000	4,000	
Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.			
	26,150	26,150	52,300
Samtals...			225,330

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 334,680 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	79,700	79,700	159,400
2. Styrkur til hreppsnefndarinnar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að útvega lækni til að setjast að í Bolungarvíkurverzlunarstað	400	400	800
Styrkurinn veitist með því skilyrði að lækninum verði greiddar að minsta kosti 800 kr. á ári annarstaðar frá.			
3. Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Árneshreppi og fellur niður þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhérað.			
4. Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
5. a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
6. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	83,500	83,500	167,000

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	83,500	83,500	167,000
7. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík...	1,000	1,000	2,000
Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Féldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum á læknaskólanum til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
8. Holdsveikisspítalinn	28,690	28,190	56,880
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: kr. kr.			
1. Laun ... ... 5,290— 5,390			
2. Viðurværi 67—69 manna 12,000—12,000			
3. Klæðnaður ... ... 850— 850			
4. Meðul og sáraumbúðir.. 1,300— 1,300			
5. Eldsneyti ... ... 2,700— 2,700			
6. Ljósmeti .. .. 550— 550			
7. Húsbúnaður og áhöld ... 1,000— 1,000			
8. Viðhald á húsum ... ... 1,800— 1,200			
9. Þvottur og ræsting.. ... 600— 600			
10. Greftrunarkostnaður ... 200— 200			
11. Skemtanir ... ... 300— 300			
12. Skattar o. fl.... ... ... 1,300— 1,300			
13. Ýmisleg útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey 800— 800			
28,690—28,190			
9. Geðveikishælið á Kleppi	19,900	19,900	39,800
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:			
A. Laun læknis 2,700			
B. Önnur útgjöld:			
1. Kaup starfsmanna... ... 3,950			
2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag 14,782 50			
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.) 1,800			
4. Meðul og umbúðir 500			
5. Ljós og hiti 3,600			
6. Viðhald og áhöld 2,300			
7. Þvottur og ræsting 800			
8. Skemtanir 200			
Flyt... 30,632 50	133,090	132,590	265,680

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	30,632 50	133,090	132,590	265,680
9.	Skattar m. m....	1,000			
10.	Óviss útgjöld	600			
		32,232 50			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag	10,585			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu	1,000			
		12,315 90			
	Mismunur:	19,916 60			
10.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		18,000	18,000	36,000
11.	Önnur útgjöld:	Kr.			
a.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ... ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hérað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.	4,000			
b.	Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs	3,000			
c.	bólusetningarkostnaður.	1,000			
d.	til náms yfirsetukvenna	2,000			
e.	til verkfæra handa yfirsetukonum	400			
f.	gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ...	4,000			
g.	gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
	Flyt...	15,400	151,090	150,590	301,680

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt...	15,400	151,090	150,590	301,680
h. styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar	600			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.				
i. tillag til Önnu Magnúsdóttur f. á.	1,000	17,000	16,000	33,000
Samtals..		168,090	166,590	334,680

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,133,450 kr.

A.		1912.	1913.	Alls
Póstmál.		kr.	kr.	kr.
1. Laun:	Kr.			
a. póstmeistara	4,000			
b. 1. póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík	6,600			
2. póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur	20,800			
c. bréfhirðingarmanna...	8,500	39,900	39,900	
2. Póstflutningur		56,000	56,000	
Af póstflutningafénu greiðist 6000 kr. hvort árið til Thorefélagsins eftir samningi 7. ágúst 1909, og ennfremur má verja alt að 2000 kr. hvort árið fyrir að flytja allskonar póstsendingar með skipum, sem ekki hafa fast tillag, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum.				
3. Annar kostnaður:	Kr.			
a. skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi alt að	5,000			
b. önnur gjöld	8,000	13,000	13,000	
Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.				
B.		108,900	108,900	
Vegabætur.				217,800
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:				

	1912.	1913			
	Kr.	Kr.			
1. Verkfræðingur landsins:					
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500			
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og vegamælinga alt að	4,000	4,000			
3. skrifstofukostnaður. ...	500	500			
Flyt...	8,000	8,000	.....	.....	217,800

		1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
	Flutt...	8,000	8,000			
	4. eftirlit með vegaviðhaldi	200	200	8,200	8,200	217,800
II.	Flutningabrautir	Kr.	Kr.			
	1. Borgarfjarðarbraut ...	10,000	»			
	2. Húnvetningabraut ..	10,000	10,000			
	3. Reykjadalsbraut... ...	15,000	5,000			
	4. Skagfirðingabraut ...	10,000	10,000			
	5. Grímsnesbraut	10,000	10,000			
	6. viðhald flutninga-brauta...	10,500	9,000			
	7. Til brúar á Rangá ... Sparist svo mikið fé við brúargerðina á Ytri-Rangá, að nægi til brúargerðar á Varmadalslæk, má verja því til þess.	45,000	»			
	8. Til brúa á flutninga-brautinni frá Grund að Saurbæ í Eyjafirði síðara árið: kr. Á Finnastaðaá 2,120 - Skjóldalsá ... 3,860 - Djúpadalsá... 3,510 Ahöld og verk-stjórn 510		10,000	110,500	54,000	
III.	Þjóðvegir:	Kr.	Kr.			
	1. Mosfellssveitarvegur með brú á Köldukvísl ...	6,000	»			
	2. Til viðgerðar og fram-halds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn ...	3,000	»			
	3. Brú á Hafffjarðará ...	10,000	»			
	4. Brýr á Hverfisfljót og Brunná	»	12,000			
	5. Til brúar á Hrúta-fjarðará	8,000	»			
	6. Til brúar á Rangá í Tungu	»	6,000			
	7. Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal	»	2,500			
	8. Til að setja upp drag-ferju á Þverá hjá Hemlu	1,600	»			
	9. Til þjóðvegarins í Aust-ur-Skaptafellssýslu ...	2,500	2,500			
	10. aðrar vegabætur og viðhald	12,000	12,000	43,100	35,000	
IV.	Fjallvegir			5,000	5,000	
V.	Til áhalda...			2,000	2,000	
			Flyt...	168,800	104,200	217,800

		1912	1913	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt ..	168,800	104,200	217,800
VI.	Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum	300	300	
VII.	Til dragferjuhalds á Lagarfljóti	300	300	
VIII.	Til dragferjuhalds á Þverá	150	150	
IX.	Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum	2,000		
X.	Styrkur til akvegarins í Eiðaþinghá gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
XI.	Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ... ... Fjárveitingin er bundin jafn-miklu tillagi annarstaðar frá.	7,500	7,500	
XII.	Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fé því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu	2,000		
	C.	182,050	113,450	295,500
1.	Til gufuskipaferða eftir samningi við Thorefélag 7. ágúst 1909	60,000	60,000	
2.	Til reglubundinna gufuskipaferða milli Sviþjóðar og Íslands	4,000	4,000	
3.	Gufubátaferðir og mótorbáta	42,150	42,150	
	Þetta sundurliðast þannig hvort árið:			
	1. Til Faxaflóabáts 14,000			
	2. Til Breiðafjarðarbáts 7,000			
	3. Til Ísafjarðarbáts 5,500			
	4. Til Eyjafjarðarbáts 12,000			
	5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði. 1,000			
	6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands 1,200			
	7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá 400			
	8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð 400			
	9. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti.. 250			
	10. Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu 400			
	Styrkirnir til gufubátaferða og mótorbáta veitast með því skilyrði, að bátar þeir, sem notaðir verða, séu að dómi stjórnarráðsins góð skip og hentug til þessara ferða og að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlanirnar.	106,150	106,150	212,300
	D.			
	Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I.	Ritsímafélagið mikla norræna umsamið árgjald (til 1925)	35,000	35,000	
II.	Til nýrra landsímalagninga o. fl.	1912.	1913.	
	1. talsími frá Borðeyri til Búðardals	Kr. 13,000	Kr. »	
	Gegn 4000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.			
	Flyt...	13,000	»	35,000	35,000	725,600

	1912.	1913.	1912	1913	Alls
	Kr.	Kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt...	13,000	»	35,000	35,000	725,600
2. talsími frá Búðardal um Stykkishólm og að Hjarðarfelli ... ... Gegn 8,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum. Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.	38,000	»			
3. Til koparþráðs milli Borðeyrar og Ísafjarðar allt að	55,000	»	106,000		
III. Til starfrækslu landsímanna m. m.	Kr.	Kr,			
1. a, laun forstjóra landsímanna	3,500	3,500			
b, persónuleg launaviðbót fyrir núverandi forstjóra	1,500	1,500			
2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	10,700	10,700			
3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	6,800	6,800			
4. ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu ... ... Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.	8,400	8,400			
5. ritsímastöð á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	5,900	5,900			
6. símastöð á Borðeyri ...	2,600	2,600			
7. símastöð í Hafnarfirði..	1,000	1,000			
8. til starfrækslu loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alt að	6,000	6,000			
9. til starfrækslu á þrem loftskeytastöðvum í Skaftafells- og Rangárvallasýslum alt að ...	2,000	2,000			
10. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... ... ... Þegar sú ábyrgð er liðin, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landsímastöðvar hefir gefið fyrir þátt-töku í reksturs-	2,000	2,000			
Flyt...	50,400	50,400	141,000	35,000	725,600

	1912	1913	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	50,400	50,400	141,000	35,000	725,600
kostnaðinum, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.					
10. Til rannsóknar símaleiða	2,000	2,000	52,400	52,400	
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m...			4,000	4,000	
V. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna..			2,000	2,000	
Stjórninni veitist heimild til að taka lán til að kaupa talsímakerfið í Reykjavík fyrir alt að 74,000 kr.					
VI. Viðhald landsímanna.			10,000	10,000	
VII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			209,950	103,950	313,900
E.					
Vitamál:					
I. Eftirlit með vitum:	Kr.	Kr.			
a. laun	700	700			
b. ferðakostnaður eftir reikningi alt að...	500	500	1,200	1,200	
II. Öndverðanesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		100			
2. reksturskostnaður		150	250	250	
III. Elliðaeyjarviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar		400			
2. reksturskostnaður		450	850	850	
IV. Arnarnesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		500			
2. reksturskostnaður og viðhaldskostnaður		500	1,000	1,000	
V. Kálfshamarsviti			... ...	6,500	
		Flyt...	3,300	9,800	1,039,500

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt ..	3,300	9,800	1,039,500
VI	Skagatáarviti..		... ...	14,000	
VII.	Siglunesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	900			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,500	1,500	
VIII.	Til að reisa vita á Flatey á Skjálfanda ...		... ...	14,000	
IX.	Til að reisa vita á Bjargtöngum		... ...	14,000	
X.	Rifstangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	150			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	550	550	
XI.	Langanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturskostnaður	200	400	400	
XII.	Dalatangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,200	1,200	
XIII.	Vattarnesviti:	Kr.			
	1. til að reisa vitann ...	6500			
	2. laun vitavarðar	50—100			
	3. reksturskostnaður	200	6,550	300	
XIV.	Dyrhólaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	600	600	
XV.	Vestmannaeyjaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	700			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	500	1,200	1,200	
XVI.	Reykjanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	1500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	1600	3,100	3,100	
XVII.	Garðskagaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	750			
	3. til að leggja gangbrú út að vitanum f. á.	2500	3,850	1,350	
XVIII.	Gróttuviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	450			
	3. til að breyta vitanum í blossa-vita f. á.	3500	4,450	950	
		Flyt...	26,700	62,950	1,039,500

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	26,700	62,950	1,039,500
XIX. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir fiskiskip: Kr.			
1. á Skipaskaga alt að 75			
2. á Gerðatanga 100			
3. á Svartatanga við Stykkishólm 75	250	250	
XX. Viðhald eldri sjómerkja og uppsetning nýrra	200	2,000	
XXI. Ýmislegur vitakostnaður	1,100	500	
	28,250	65,700	93,950
Samtals	... ...	... ...	1,133,450

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 588,540 kr.

	1912.	1913.	Alls
A.	kr.	kr.	kr.
Andlega stéttin: Kr.			
a. 1. laun biskups 5,000			
2. skrifstofukostnaður 1,000	6,000	6,000	
b. Önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	3,500	3,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum	4,500	4,000	
Af uppbót þessari má verja alt að 1,000 kr. hvort árið til framlags í íbúðarhús úr steini eða steinsteypu í kauptúnum, reist samkv. lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssj. til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum, þar sem fastráðið er prestssetur til frambúðar, og presturinn hefir ekki við neinu fé tekið í húsum eða álagi upp í tilskilið framlag af hans hálfu til húsbyggingarinnar.			
3. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	4,000	4,000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs	40,000	40,000	
5. Til sira Jóhannesar Lynge til að byggja baðstofu á Kvennabrekku	1,200		
Við ábúendaskifti sé skilað húsi, er sé 1200 kr. virði auk andvirðis hinnar gömlu baðstofu með álagi.			
	59,200	57,500	
Flyt...	...	...	116,700

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	... ...	... ...	116,700
	B.			
	Kenslumál:			
I.	Til háskólans:			
	a. Laun	34,600	34,600	
	b. Aukakensla: kr. kr.			
	1. Til héraðslæknisins í Reykjavík... ... . 800 800			
	2. Til kennarans í efnafræði 400 400			
	3. Til kennarans í lagal. læknisfræði 300 300			
		1,500	1,500	
	c. Styrktarfé: kr. kr.			
	1. Námsstyrkur... ... ... 5,400 5,400			
	2. Húsaleigustyrkur... ... 3,600 3,600			
	3. Utanfararstyrkur læknaefna 300 300			
		9,300	9,300	
	d. Til bókakaupa m. m.: kr. kr.			
	1. Bókakaup 1,800 1,800			
	2. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik... ... ... 200 200			
		2,000	2,000	
	e. Til útgáfu kenslubóka	2,000	2,000	
	f. Eldiviður, ljós og ræsting...	1,050	1,050	
	g. Önnur gjöld...	650	650	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 280 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.			
		51,100	51,100	102,200
	Flyt...	... ...	... ...	218,900

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...		... ...	... ...	218,900
II. Mentaskólinn almenni:					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:		Kr.			
handa söngkennaranum		600			
— fimleikakennaranum ...		700			
til dyravarðar		1,000			
fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans		200	2,500	2,500	
c. önnur útgjöld:	1912	1913			
	Kr.	Kr.			
1. til bókasafns skólans	400	400			
2. — eldiviðar, ljósa og vatns	1,400	1,400			
3. — skólahússins utan og innan	1,400	1,400			
4. til fasts aukakennara	1,600	1,600			
5. — annarar tímakenslu og til prófdómenda ..	3,200	3,200			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720	720			
7. námsstyrkur... ...	2,000	2,000			
8. læknisþóknun	100	100			
9. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200			
10. til vísindalegra áhalda við kenslu	300	300			
11. til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000			
Flyt...	13,320	13,320	21,700	21,700	218,900

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	13,320	13,320	21,700	21,700	218,900
12. til áhalda við fimleikakenslu..	100	100			
13. til verðlaunabóka ...	300	300	13,720	13,720	
			35,420	35,420	70,840

Húsaleigustyrk og námsstyrk við mentaskóla má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.

III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:

	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun			8,600	8,600	
b. önnur útgjöld:					
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna.	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa	800	800			
3. — tímakenslu og aukakenslu	3,200	3,200			
4. til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	800	800			
5. ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,600	1,600			
			7,000	7,000	
			15,600	15,600	31,200

IV. Kennaraskólinn:

	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun	6,600	6,600			
b. önnur útgjöld:					
1. tímakensla	1,200	1,200			
2. til aukakennara ..	1,000	1,000			
3. eldiviður og ljós ...	800	800			
4. bókakaup og áhöld..	300	300			
5. námsstyrkur ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	1,500	1,500			
6. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200	12,600	12,600	25,200
		Flyt...	... ..	... ...	346,140

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	.....	.....	346,140
V.	Stýrimannaskólinn:			
	a. laun	3,200	3,200	
	b. önnur útgjöld: 1912 Kr. 1913 Kr.			
	1. til tímakenslu 1,000 1,000			
	2. — áhaldakaupa o. fl. 400 400			
	3. — eldiviðar og ljósa 400 400			
	4. ýmisleg útgjöld ... 600 600	2,400	2,400	
		5,600	5,600	11,200
VI.	Til annarar kenslu: 1912 Kr. 1913 Kr.			
	a. til kvennaskóla:			
	1. til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði 6,000 6,000			
	2. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að 2,000 2,000			
	3. námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... ... ... 600 600			
	4. Til kvennaskólans á Blönduósi... ... ... 5,500 5,500	14,100	14,100	
	b. 1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000...	24,000	24,000	
	Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
	2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers	18,000	18,000	
	Styrkur þessi veitist gegn því að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða			
	Flyt...	56,100	56,100	357,340

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	56,100	56,100	357,340
annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ...	20,000	20,000	
4. tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	1,000	1,000	
5. til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
6. a. laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. til eftirlitsferða eftir reikningi ...	600	600	
c. til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi	200	200	
c. Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1000 kr. til hvers, alt að ... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið hefir sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingaskóla $^{10}/_{9}$ 1910, og að þeir njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.	8,000	8,000	
d. Til unglingaskólahalds á Ísafirði, alt að	1,500	1,500	
e. Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði alt að .... Styrkurinn til allra þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða.	1,200	1,200	
f. Til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði .... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið hafi eftirlit með starfsemi skólans, og að hann njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.	1,500	1,500	
g. Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að	600	600	
Flyt...	96,200	96,200	357,340

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	96,200	96,200	357,340
h.	til gagnfræða- og alþýðuskólans í í Flensborg	7,000	7,000	
i.	til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
j.	til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
k.	styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
l.	til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7,000	7,000	
m.	til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá...	1,000	1,000	
		112,500	112,500	
VII.	Til sundkenslu:			225,000
a.	í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b.	til sundkenslu o. fl. annarstaðar ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,200	1,200	
c.	Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi	450	450	
d.	Ferðastyrkur til leikfimiskennara Björns Jakobssonar til þess að sækja alþjóðamót um líkamsuppeldi, sem haldið verður í Odense í sumar	300		
		2,250	1,950	4,200
VIII.	Styrkur til Stefáns Eirikssonar til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	.....	.....	588,540

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 162,740.

	1912	1913	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið;					
a. laun landsbókavarðar ..	3,000	3,000			
b. — 1. bókavarðar.. ...	1,500	1,500			
c. — 2. bókavarðar... ...	1,000	1,000			
d. til að kaupa bækur og handrit.	6,000	6,000			
e. til bókbands...	1,700	1,800			
f. til kostnaðar við spjaldskrár (eftir reikningi) ...	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið...	360	360			
k. ýmisleg útgjöld	250	250	16,310	16,410	
2. Landsskjalasafnið:	kr.	kr.			
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. laun aðstoðarskjalavarðar	960	960			
c. til að binda inn, búa um skjöl o. fl.	900	900			
d. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600	600			
e. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.	250	250	4,510	4,510	
3. Þjóðmenjasafnið:	kr.	kr.			
a. laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að...	800	800			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,500	1,500			
d. til að gefa út safnskrá (Katalog) alt að.	500	»			
e. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að	1,000	1,000	5,600	5,100	
Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. Júní til 15. September 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
		Flyt...	26,420	26,020	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	26,420	26,020	
4. Náttúrufræðisfélagið:	1,000	1,000	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.			
5. Mentasafnið: kr. kr.			
a. til eldiviðar, ljósa o. fl. ... 3,200	3,200	3,200	
b. til dyravarðar. 1,400	1,400	1,400	
c. til viðhalds og áhalda ... 2,000	1,000	1,000	
	6,600	5,600	
6. Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði..	2,000	2,000	
7. Til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur...	500		
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði, ...	1,500	1,500	
9. Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
10. Til Þjóðvinafélagsins	750	750	
11. Til Fornleifafélagsins	400	400	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið			
12. Til sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...	750	750	
13. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbréfasafni	800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.			
14. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra...	1,000	1,000	
15. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi	2,000	2,000	
16. Til bindindissameiningar Norðurlands ...	300	300	
Þessi 2 síðastnefndu félög gefi stjórnarráðinu reikning fyrir, hvernig fénu er varið.			
17. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
Flyt...	46,420	44,520	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	46,420	44,520	
18. Til Jóns sagnaskálds Stefánssonar	1,200		
19. Til Jóns Ófeigssonar til að fullsemja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók, er sé eigi minni en 45 arkir prentaðar...	1,500	1,500	
20. Til Einars skálds Hjörleifssonar	1,200	1,200	
21. Til Þorsteins Erlingssonar skálds..	1,200	1,200	
22. Til síra Valdimars Briem's.	800	800	
23. Til Guðm. skálds Magnússonar	1,200	1,200	
24. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ...	600	600	
25. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds... ...	400	400	
26. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
27. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
28. Til Jónasar Jónssonar til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng (Hymnologi) frá 1550 til 1900	600	600	
29. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins... ...	500	500	
30. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
31. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að .	2,000	2,000	
32. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands.. ...	1,000	1,000	
33. Til Hannesar Þorsteinssonar alþingismanns til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum...	2,500	2,500	
34. Til landmælinga á Íslandi...	5,000	5,000	
35. Til dr. Helga Péturss til jarðfræðisrannsókna...	2,000	2,000	
36. Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,500	1,500	
37. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að... ...	1,500	1,500	
38. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar...	600	600	
39. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina, alt að...	600	600	
40. Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings til þess			
Flyt...	73,970	70,870	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	73,970	70,870	
að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík	300		
41. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ...	400	400	
42. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur	400	400	
43. Til jarðskjálftarannsókna	550	550	
44. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
45. Til Einars Jónssonar myndasmiðs... ...	1,200	1,200	
46. Til Guðmundar heimspekings Finnbogasonar, til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
47. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands	600	600	
48. Til Magnúsar ljósmyndara Ólafssonar til þess að taka myndir af helztu stöðum hér á landi, íslenzkum mannvirkjum og viðburðum, ...	500		
	83,320	79,420	
Samtals...	.....	.....	162,740

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 429,794.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara..	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.	
1. til verklegrar kenslu...	700	700	
2. til kensluáhalda ...	500	500	
3. til eldiviðar og ljósa...	800	800	
4. til styrkveitinga nemendum...	400	400	
5. til að kaupa trésmíðaáhöld	800	»	
6. ýmisleg útgjöld. ...	1,000	1,000	
	4,200	3,400	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara.	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld:	Kr.	Kr.	
1. til verklegrar kenslu. ...	700	700	
2. til kensluáhalda	500	500	
3. til eldiviðar og ljósa. ...	700	700	
4. til styrkveitinga nemendum	400	400	
Flyt...	2,300	2,300	
	11,600	10,800	

		1912 Kr.	1913 Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
	Flutt...	2,300	2,300	11,600	10,800	
	5. ýmisleg útgjöld	800	800	3,100	3,100	
3.	Til Torfa Bjarnasonar			1,500	1,500	
4.	Til bryggjugerðar í Vestmannaeyjum			5,000		
5.	Til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslur...			3,000		
6.	Til skólahalds á Eiðum			2,500	2,500	
7.	Til »Sambands íslenzkra samvinnufélaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfélagsskap og öðrum samvinnufélagsskap ... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að.			500	500	
8.	Til búnaðarfélaga...			22,000	22,000	
9.	Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið ...			54,000	54,000	
10.	Laun skógræktarstjóra..			3,000	3,000	
11.	Til skóggræðslu.. ... ... Skógræktarstjóri hagi ferðum sínum um landið eftir samráði við landsstjórnina.			8,000	8,000	
12.	Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ...			1,000	1,000	
13.	Styrkur til Gagnfræðaskólans á Akureyri til að koma upp leikvelli			400		
14.	Til sandgræðslu			4,000	4,000	
15.	Til þess að veita vatni úr Ásakvíslum á Meðallandssandana til varnar frekari sandágangi og sandgræðslu, alt að			3,500		
16.	Styrkur til samvinnu-smjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905, að undanskildum þeim smjörbúum, er notið hafa styrks úr landssjóði 10 ár eða lengur ...			12,000	10,000	
17.	Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	a. laun	3,000	3,000			
	b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500	3,500	3,500	
18.	a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
	c. Styrkur til að semja dýralækningabók, alt að			400		
19.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna			300	300	
20.	Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis ... ... Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun.			1,200	1,200	
	Flyt...			143,300	128,200	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	143,300	128,200	
21. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri	1,000	1,000	
22. Til kvenfélagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds	1,000	1,000	
23. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík	5,000	5,000	
24. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til kvöldskólahalds	1,000	1,000	
25. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds..	1,000	1,000	
26. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds..	600	600	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^3/_4$ reksturskostnaðar.			
27. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,500	2,500	
28. Til Helga Valtýssonar til þess að setja Straumferju á einhverja á landsins eftir samráði við Stjórnarráðið	1,200		
29. Handa hæfum manni fyrst til utanfarar um nokkra mánuði til að kynna sér verkun og flokkun á ísl. ull undir markaðinn og því næst til að ferðast um landið og kynna bændum meðferð á ull til útflutnings á markaðinn	1,200	1,200	
30. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir $^4/_5$ reksturskostnaðar	5,000	5,000	
31. Til viðskiftaráðunauts, alt að	10,000	10,000	
Þar af laun til Bjarna Jónssonar frá Vogi 6000 kr. hvort árið, og til sama alt að 4000 kr. hvort árið til ferðakostnaðar eftir reikningi.			
Erindisbréf hans frá 30. júlí 1909 haldist óbreytt.			
32. Heiðursgjöf til prósessors við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn C. O. Jensen	2,000		
33. Til byggingafróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar ..	1,600	1,600	
34. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að	400	400	
Flyt...	176,800	158,500	

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt ..	176,800	158,500	
	1912 1913			
35.	a. Laun handa 5 fiskiyfirmats- Kr. Kr.			
	mönnum 7,800 7,800			
	b. Til ferðakostnaðar. ... 400 400			
		8,200	8,200	
36.	Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síld-			
	ar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði ...	1,200	1,200	
37.	Til Fiskifélagsins	2,500	2,500	
38.	Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
39.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
	a. laun forstöðumanns, auk 25% af brutto			
	tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
	b. til húsaleigu	700	700	
	c. til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500	
40.	Til fiskiveiðasjóðs Íslands...	6,000	6,000	
41.	Leiga eftir Gullfoss...	300	300	
42.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiða-			
	merkursandi til að halda við bygð á Sand-			
	inum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina			
	og fylgd	300	300	
43.	Styrkur til Samábyrgðarinnar	5,000	5,000	
44.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...	600	600	
45.	Til bryggjugerðar á Húsavík, þó eigi yfir			
	1/3 kostnaðar, alt að	... ...	3,000	
	Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist			
	styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að			
	bryggjan verði til almennings nota.			
46.	Til aðgerðar og umbóta á bryggjunni í			
	Krossvík á Akranesi	1,000	... ...	
	Styrkurinn veitist hreppsnefnd Ytri-Akra-			
	neshrepps og hefir hún ábyrgð á að bryggj-			
	an verði til almenningsnota og að hreppur-			
	inn annist og ábyrgist viðhaldið.			
47.	Til lendingarsjóðs Bolvíkinga	1.000	... ...	
	Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur			
	sjóðsins.			
48.	Styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnar-			
	firði, alt að	25,000	... ...	
	Styrkurinn veitist með því skilyrði, að			
	annars staðar frá komi að minsta kosti 3/4			
	hlutar kostnaðarins, og að bryggjan verði			
	bygð undir umsjón verkfræðings landsins.			
49.	Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir			
	1/3 kostnaðar, alt að	3,000	... ...	
	Flyt...	234,460	189,160	

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	234,460	189,160	
Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.			
50. Til síra Arnórs Árnasonar í Hvammi uppgjöf á eftirstöðvum af húsbyggingarláni ...	174	... ...	
51. Styrkur til hlutafélagsins klæðaverksmiðjan Iðunn	6,000	... ...	
	240,634	189,160	
Samtals...	... ...	... ..	429,794

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 158,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 100 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eirikssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; til Sighvats Árnasonar, fyrrum alþingismanns, 300 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði kr. 389,767.34, greiðist af viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1911 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum eftir tillögum landbúnaðarfélagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, séu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum.

5. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfélags Íslands og gegn ábyrgð sveita eða sýslufélaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr. til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

7. Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

8. Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

9. Úr viðlagasjóði má lána Ásahrepp í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins alt að 30,000 kr. til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og lands þess er að henni liggur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

10. Úr viðlagasjóði má veita niðursuðuverksmiðjunni »Ísland« á Ísafirði alt að 50,000 kr. lán gegn 1. veðrétti í verksmiðjunni og annari tryggingu, er stjórnin telur gilda. Lánið ávaxtast með $4^1/_2$ % og endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum á 18 árum.

11. Ráðherra veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd alt að 60,000 kr. lán, er sýslufélag Vestmannaeyja hefir í hyggju að taka til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

12. Stjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd fyrir Vífilsstaðahælið alt að 120,000 kr. lán.

13. Afborgunarfrest af viðlagasjóðsláni til Verksmiðjufélagsins á Akureyri, er tekið var 18. janúar 1908, má framlengja til 31. desember 1915. Úr því endurborgist lánið með jöfnum árlegum afborgunum á 15 árum.

14. Vestur-Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu endurgreiðist 2,500 kr. hvorri af framlagi þeirra til talsímans frá Ísafirði til Patreksfjarðar og dragast þær fjárhæðir frá lánum sýslnanna úr viðlagasjóði.

Sþ. **944. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga ýms fjármál landsins (þingskj. 926).

Frá Peningamálanefndinni.

Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd, til þess að taka til íhugunar fjármál landsins, sérstaklega:

1. að rannsaka, hvort tiltækilegt sé að auka tekjur landssjóðs með einkarétti á aðfluttum vörum, svo sem tóbaki, steinolíu, kolum o. fl.
2. að íhuga bankamál landsins og önnur peningamál, er standa í sambandi við þau, þar á meðal á hvern hátt hagkvæmast verði að stofna fasteignaveðbanka og útvega markað fyrir íslenzk verðbréf.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir af sameinuðu þingi með hlutfallskosningu, en landsstjórnin nefnir sjálf til einn þeirra, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr landssjóði. Aðstoð við nefndarstörfin, svo og útgjöld til þess að útvega nægar upplýsingar, teljast til kostnaðar við nefndina.

Nefndin skal senda landsstjórninni tillögur sínar svo fljótt sem hún fær því við komið og þau lagafrumvörp, er hún kann að semja um þessi efni, en landsstjórnin leggi fyrir alþingi svo fljótt sem unt er þau af frumvörpum þessum, er hún aðhyllist.

Sþ. **945. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 915.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. Framan við orðið: »loftskeytasambands« komi: Marconi.
2. Framan við orðið: »loftskeytastöðvar« komi: Marconi.

Nd. **946. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um skipun 5 manna nefndar til að íhuga breyting á dómaskipun landsins.

Nefndin er að vísu þeirrar skoðunar, að margt sé það í réttarfarslögum vorum, sem þörf sé að endurskoða og breyta, enda virðist það líklegt, með því að lög þessi eru gömul og hafa aldrei tekið nægilegt tillit til landshátta hér. Til þessarar endurskoðunar, hvenær sem hún er látin fram fara, teljum vér nauðsynlega milliþinganefnd, og ætti hún þá um leið að athuga, hvort ekki sé ástæða til að breyta um leið dómaskipun landsins. En er ræða er um dómaskipunina eða breyting á henni, virðist oss fyrst og fremst eiga að íhuga það, hvort ekki sé tiltækilegt, að skilja dómstörfin algerlega, eða meira en nú er, frá umboðsstörfunum, og að láta almenning taka meir þátt í dómum. — Vér höfum þó ekki að þessu sinni séð oss fært að leggja það til, að veitt sé fé til slíkrar endurskoðunar, er verða mundi allumfangsmikil og kostnaðarsöm, enda lítum vér svo á, að það, sem ríður á mestu nú, sé að koma skattamálum og fjármálum landsins yfirleitt í lag, og að það verði að ganga á undan, enda byggjum vér á því, að nefnd verði nú sett til þess, að búa það mál milli þinga í hendur landsstjórnar og alþingis.

Neðri deild alþingis, 6. maí 1911.

Jón Þorkelsson, formaður. Jón Magnússon, skrifari.

Sigurður Sigurðsson. Skúli Thoroddsen.

Jóh. Jóhannesson.

Sþ. **947. Breytingartillaga**

við frumv. til fjáraukalaga fyrir 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Jóni Jónssyni frá Hvanná, Jens Pálssyni, Jósef Björnssyni og Benedikt Sveinssyni.

Síðasti liður 6. gr. orðist svo:

Ferðastyrkur til þess fyrir landsins hönd að sækja þúsund ára þjóðhátíð Nordmandis:

a. til forseta sameinaðs Alþingis	1200,00	
b. til Guðmundar meistara Finnbogasonar	1000,00	2200,00

Ed. **948. Frumvarp**

til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hér á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. —— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú.
4. —— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar, Seyðisfjarðar og Reykjavíkur.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði. —

Með ofantöldum línum teljast og aukaþræðir, sem vegna aukinna starfa á línum þessum eru lagðir eða hér eftir verður nauðsynlegt að lagðir sé á hinar eldri staurarðir þessara lína.

3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilsstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. —— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. —— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. —— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.

5. —— Breiðumýri — Húsavík.
6. —— Fagriskógur — Hjalteyri.
7. —— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. —— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. —— Ísafjörður — Bolungarvík.
10. —— Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. —— Grund — Borgarnes.
12. —— Kalastaðakot — Akranes.
13. —— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. —— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. —— Ölfusárbrú — Eystrigarðsauki.
16. Talsímalínan: Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
17. —— Stykkishólmur — Hjarðarfell — Ólafsvík.
18. —— Eskifjörður — Norðfjörður.
19. —— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur — Hornafjörður.
20. Hliðar-talsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.
21. Hliðar-talsími til Grenivíkur.
22. —»— — Hvammstanga.

4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru, en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: til Unaóss og Borgarfjarðar í Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Kálfshamarsvíkur, Súgandafjarðar, um Barðastrandarsýslu, frá Ólafsvík til Sands, frá Reykjavík til Þingvalla, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur, frá Hraungerði eða Ölfusárbrú upp Grímsnes, Biskupstungur og Hreppa, upp á Land og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu. Ennfremur símakerfi í kauptúnum og þorpum, sem landssjóður eignast.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma fyrir lok ársins 1914, eftir þeirri röð, er henni með ráði landssímastjóra þykir rétt, lagning og kaup á þeim talsímalínum, er upp eru taldar í 2. og 3. grein og eigi eru þegar lagðar eða keyptar af landssjóðs hálfu, þar með talið talsímakerfi Reykjavíkur. Á sama tímabili er landsstjórninni heimilt að láta leggja tvöfalda aukaþræði á ritsímalínurnar: Borðeyri — Ísafjörður og Breiðumýri — Akureyri.

Ætið skal þó tilskilið, áður en ráðist er í lagning eða kaup á símalínu er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hérað leggi til lagningarkostnaðar hennar eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

til 16. liðs 2. flokks	... ...	6000 kr.
— 17. — — —	... ...	7000 —
— 18. — — —	... ...	10000 —
— 19. — — —	... ...	5000 —
— 20. — — —	... ...	3000 —
— 21. — — —	... .	8000 —
— 22. — — —	... ...	5000 —
— 23. — — —	... ...	3000 —
— 24. — — —	... ...	2000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufélag eiga hlut að máli um tillag til símalínu, skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skiftingu á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við Vesturheim.

7. gr.

Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum samkvæmt 5. gr. er landsstjórninni heimilt að láta leggja og kaupa talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks og 8. liðs 1. flokks teljast, og enn fremur að leggja aukaþræði á eldri línur, eftir því sem nauðsyn krefur. Fari þessar framkvæmdir fram eftir þeirri röð, er landsstjórninni, með ráði landssímastjóra, þykir rétt, og smámsaman eftir því sem tekjuafgangur af rekstri landssímans hrekkur til. Þó skulu fjárveitingar til þessa jafnan standa á fjárlögum og þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi héraði.

8. gr.

Til framkvæmda á lagningu og kaupum síma og talsímakerfa, er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landssjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsféð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningnum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til rekstrarkostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sé talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í rekstrarkostnaðinum, er útrunnin, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstrarútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau ná konungsstaðfestingu.

Eb. **949. Rökstudd dagskrá**

um frumv. til laga um útrýming fjárkláðans (766, 927).

Frá Sigurði Stefánssyni.

(Samþykt í Ed. 6. maí 1911).

Í því trausti að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er skyldi alla fjáreigendur landsins til að baða sauðfé sitt þrifabaði, að minsta kosti einu sinni á ári, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Ed. **950. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla.

Hugmynd sú um húsmæðrafræðslu, sem í frumvarpi þessu felst, er ekki allsendis ný, heldur komin upp fyrir allmörgum árum og hefir einnig verið til meðferðar og umhugsunar nokkrum sinnum á alþingi. Einkum var það á alþingi 1907, er fram var borið frumvarp til laga um tvo húsmæðraskóla, sem náði þó ekki fram að ganga. Á alþingi 1909 var málið afgreitt með þingsályktunartillögu, og nú á þessu þingi er það enn komið fram í þeirri frumvarpsmynd, er hér liggur fyrir.

Bendir þetta á, að þingið muni fullkomlega taka málið að sér og koma því til framkvæmdar í nokkurri mynd fyr eða síðar. Erum vér og allir, sem háttv. efri deild hefir skipað í nefnd til að íhuga það, sammála um, að málið sé þess vert og verði, með vaxandi kröfum tímans, fullkomið nauðsynjamál.

Jafnframt og það verður öllum ljóst, að til að veita alment mentandi fræðslu, er hagkvæmast, meðal annars að því er kostnað snertir, að hafa að mestu leyti samskóla fyrir konur og karla, þá verður hitt augljóst, að ekki getur liðið á löngu, þangað til að sjá verður, á sérstakan hátt, eða með sérskólum, fyrir þeirri þekkingu, sem nauðsynleg er til undirbúnings vandasömustu stöðum lífsins fyrir konur sem karla.

En því fremur sem við það er kannast, að hér sé um að ræða nauðsynjamál, sem horfir til mikilsverðra framfara fyrir konur landsins, til þess að geta staðið sem bezt í þýðingarmikilli og oftast vandasamri stöðu sinni, því meira ríður á, að vanda sem mest til framkvæmdarinnar, svo að hún nái sem best tilgangi sínum og komi að sem fylstum notum; meðal annars í því, að sem flestar konur, og víðast af landinu, geti notið hinnar fyrirhuguðu kenslu, og að ekki sé hrapað að málinu undirbúningslítið, og ekki látið leiðast til að grípa tækifæri, sem í fljótu bragði virðist fela í sér nokkur skilyrði til að ráðast í framkvæmd málsins, en eru, þegar á alt er litið, í raun og veru alls ekki hentug.

Þessu takmarki, að sem flestar konur og sem víðast af landinu eigi kost á að hagnýta kensluna, er nú að vísu ekki að búast við, að verði viðun-

anlega náð meðan völ er á kenslunni á einum stað aðeins á landinu. En meðan svo stæði, að húsmæðraskóli væri aðeins einn — sem búast má við, að yrði all-langa stund, ekki sízt af fjárhagslegum ástæðum — þá skiftir miklu máli, að honum sé svo fyrir komið og hann þar settur, að sem viðtækustum og verulegustum notum komi.

Þetta hefir og frá upphafi vakað fyrir alþingi og öllum þeim, er þar hafa fjallað um málið, að auk góðra kenslukrafta og hentugs fyrirkomulags, yrði mjög að hafa fyrir augum, að sem flestar konur gætu hagnýtt kensluna, og að staðarvalið skifti þá miklu máli. Á Norður- og Austurlandi, þar sem mestur áhugi hefir verið á þessu máli og til mála hefir komið, að héruðin sjálf kæmu því í framkvæmd, þar hafa menn ekki getað komið sér saman um staðinn, og brytt mjög á þeirri tilhneigingu, sem oft virðist verða ríkari en góðu hófi gegnir, að hvert hérað vill hafa stofnunina innan sinna endimarka til hægðarauka fyrir sig, án þess að nægilega hafi verið haft fyrir augum, hvað hentugast væri fyrir þau öll í heild og notadrýgst.

Í frumvarpinu, sem fyrir alþingi lá 1907, var gert ráð fyrir tveim húsmæðraskólum í landinu, eins og frumvarpið kom fyrst fram, og skyldi annar vera fyrir Norður- og Austurland, hinn fyrir Suður- og Vesturland, og »settir þar, sem hagkvæmast þykir«. Þetta breyttist svo á þinginu, að eftir 3. umræðu í neðri deild var skólinn orðinn aðeins einn og skyldi vera á Norðurlandi, sjálfsagt með tilliti til þess að fullkomnasti kvennaskóli landsins var á Suðurlandi, í Reykjavík. Þannig var þá ályktun þingsins, er það skyldi ákveða, hvar »hagkvæmast þætti«, að hafa skólann, án þess að hafa fyrir augum nokkuð sérgóða kappsmuni hinna einstöku héraða, að hafa hann hvert hjá sér.

Nú er það um mál þetta að segja eins og það hér kemur fram í þessu frumvarpi, að meiri hluti nefndarinnar getur ekki betur séð, en að það skorti allmjög á viðunanlegan undirbúning; og þegar um það er að ræða, að koma á fót skóla, sem um all-langt skeið mundi verða eini húsmæðraskóli landsins, þá sé staðurinn alt annað en hagkvæmlega valinn, og það svo, að ef ekki væri fyrir hendi skólastofnunin á Eiðum, sem Múlasýslur nú vilja losast við, mundi þinginu naumast hafa til hugar komið, að hagkvæmt væri að hafa þar húsmæðraskóla fyrst um sinn fyrir alt landið, allverulega langa leið frá sjó og hafnarstöðum. Telur nefndin, meiri hlutinn, að á slíkum stað yrði skólinn nær eingöngu eða aðallega fyrir Múlasýslur einar, og getur ekki ráðið til að þingið taki málið í þeirri mynd að sér að öllu leyti, þótt það vilji stuðla og styrkja að því að af héraðastjórnunum verði þeirri eða annari kenslu haldið uppi á Eiðum til uppbyggingar og frama fyrir héruðin.

Þegar af þessum ástæðum getur meiri hluti nefndarinnar alls ekki ráðið til, að frumvarp þetta verði að lögum, og húsmæðraskóli, rekinn af landssjóði, settur á stofn á þessum stað því nær af handahófi, fyrir það eitt, að önnur kenslustofnun, sem nú eru einhver vankvæði á að halda uppi, hefir staðið þar, og má það að vorri hyggju hér engu ráða, þó að af héruðunum sé framboðin samkvæmt fyrirliggjandi skýrslum og virðingum — fremur ófullkomnum þó — ekki óálitleg eign, sem nokkru mundi muna til að draga úr stofnkostnaði hins fyrirhugaða skóla. Að öðru leyti liggja engar skýrslur fyrir um þetta mál, hver skilyrði eru fyrir höndum um hagkvæma húsaskipun o. fl., metin af neinum með sérþekkingu um þetta efni, ekkert nema kappsamlegt fylgi þingmanna þessara héraða, sem er það áhugamál, af ástæðum, sem geta

verið vel skiljanlegar og ólastanlegar þótt, þær eigi ekki því að ráða, að undinn sé svo bráður bugur að þessu.

Þar sem vér þannig ráðum háttv. deild frá að samþykkja frumvarpið, getum vér verið fáorðir um það að öðru leyti, efni þess og frágangi. Þó skulum vér taka það fram, og munu jafnvel allir nefndarmenn vera sammála um það, að einnig að því leyti þyrfti frumvarpið breytinga og bóta við, ef það ætti að verða að lögum. Sérstaklega bendum vér á, að vér teldum ekki við eiga ákvæði 2. gr. um skipun skólanefndar, er skólinn væri landssjóðsskóli undir umsjón stjórnarinnar, að vér teldum mjög varhugavert ákvæði 8. gr. um að búskap skólans megi reka á landssjóðs ábyrgð, og enn að ekkert er kveðið á um laun kennara, nema forstöðukonunnar.

Vér komum þó ekki með neinar tillögur um breytingar í þessa átt, en mundum gera það til 3. umræðu, ef háttvirtri deild litist ekki að hallast að því ráði voru að fresta málinu að sinni.

Efri deild alþingis, 6. maí 1911.

Sigurður Stefánsson, formaður. Kristinn Daníelsson.

Jósef Björnsson.

Við leggjum eftir atvikum til, að frumvarpið verði samþykt með farandi breytingum:

1. Við 2. gr. Frá og með: »Að öðru leyti eru forráð skólans« og gr. út falli burt, en í staðinn komi:
   Stjórnarráðið kveður að öðru leyti með reglugerð á um stjórn skólans.
2. Við 8. gr.: »Reka má búskap á landssjóðs ábyrgð, ef nauðsyn krefur« falli burt.

Vegna þrotins tíma geymum vér framsögunni frekari greinagerð.

Alþingi, 6. maí 1911.

Lárus H. Bjarnason. Eiríkur Briem.

Ed. **951. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (þingskj. 943).

Frá fjárlaganefnd.

1. Við 12. gr. 1. Aftan við liðinn komi athugasemd:
   Aðstoðarlæknirinn í Ísafjarðarhéraði skal sitja í Bolung-

arvíkur verzlunarstað, að því tilskildu, að honum verði greiddar að minsta kosti 600 kr. á ári annarstaðar að.

2. Við 12. gr. 2. Liðurinn með athugasemd falli burt.
3. Við 12. gr. 7. Fyrir orðið »læknaskólanum« í athugasemdinni komi læknadeild háskólans.
4. Við 13. gr. A. 2. Athugasemdin orðist þannig: Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.
5. Við 13. gr. B. II. 1. Fyrir »10,000 . . .« komi: 10,000—20,000.
6. Við 13. gr. B. III. 2. Liðurinn falli burt.
7. Við 13. gr. B. III. 9. Liðurinn falli burt.
8. Við 13. gr. B. IX. Aftan við orðið: »þjóðveginum« komi: gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá, alt að.
9. Við 13. gr. B. XI. Fyrir: »7500—7500« komi: 5000—5000.
10. Við 14. gr. C. 1. Liðurinn orðist svo: Til gufuskipaferða.
11. Við 13. gr. D. III. 8. Liðurinn falli burt.
12. Við 13. gr. D. III. 9. Liðurinn falli burt.
13. Við 13. gr. E. IX. Liðurinn falli burt.
14. Við 14. gr. B. III. a. Fyrir: »8,600—8,600« komi: 9,000—9,000.
15. Við 14. gr. B. III. a. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Af þessari upphæð eru 400 kr. hvort árið persónuleg launaviðbót til 3. kennara skólans præp. hon. Jónasar Jónassonar.
16. Við 14. gr. VI. a. 4. Liðurinn falli burt.
17. Við 14. gr. VI. h. Liðurinn orðist svo: Til Flensborgarskólans.
18. Við 15. gr. 5. Fyrir: »Mentasafnið« komi: Landsbókasafnshúsið.
19. Við 16. gr. 26. Fyrir: »$^3/_4$« í athugasemdinni komi: $^4/_5$.
20. Við 16. gr. 27. Á eftir þessum lið komi nýr liður: Til Páls Jónssonar frá Djúpavogi, til þess að fullgera og kaupa einkaleyfi á atkvæðavél, 600 kr. (fyrra árið).
21. Við 16. gr. 30. Fyrir: »$^3/_4$« komi: $^4/_5$.
22. Við 16. gr. 31. Liðurinn falli burt.
23. Við 18. gr. Fyrir: »2,000« í 6. línu komi: 2,400.

Ed.

952. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Ara Jónssyni.

Við 15. gr. 2. Eftir staflið *e* komi nýr liður:

f. handa manni, er ráðinn sé af landsstjórninni eftir samráði við skjalavörð, til þess að afrita handa Landsskjalasafninu merk skjöl, er snerta Ísland, í útlendum söfnum 800—800 kr.

Ed. **953. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912—1913 (þingskj. 943).

Frá Jósef Björnssyni.

Við 16. gr.

Á eftir 1. c. 6 komi svohljóðandi liður:

d, Til að byggja leikfimishús úr steinsteypu alt að 6000 kr. fyrra árið.

Ed. **954. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Gunnari Ólafssyni.

Við 13. gr. C. 3. aths. Á eftir orðunum »samþykki ferðaáætlanirnar« komi: eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda.

Við 13. gr. D. III. Á eftir 8. lið komi nýr 9. liður svohljóðandi:

Til Marconi-loftskeytastöðva milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja síðara árið alt að kr. 40,000,00.

Ed. **955. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (á þingskj. 943).

Flutningsmaður Steingrímur Jónsson.

Við 22. gr. 14. liður greinarinnar falli burt.

Til vara:

Aftan við síðasta lið greinarinnar bætist: Ennfremur endurgreiðist Suður-Þingeyjarsýslu 1600 kr. af framlagi hennar til talsímans frá Breiðumýri til Húsavíkur og dregst upphæðin frá láni sýslunnar úr viðlagasjóði.

Ed. **956. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá J. Havsteen.

Við 14. gr.

Á eftir VI. e komi svohljóðandi liður.

Til unglingaskóla Ásgríms Magnússonar í Reykjavík, alt að 500 kr. — 500 kr.

Ed. **957. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913 (þingskjal 943).

Frá nefndinni.

1. Við 14. gr. VI. a 4.
   Fyrir þennan lið komi 2 nýir liðir:
   4. Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 750 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði 3000—3000.
   5. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að 1400—1400.
2. Við 16. gr.
   Aftan við síðasta lið greinarinnar komi nýr liður:
   Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að kr. 1000—1000.

Sþ. **958. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Björn Jónsson og Kristinn Daníelsson.

Við 22. gr. 13.
Á eftir 13. tölulið komi nýr liður svohljóðandi:
Vestur-Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu endurgreiðist 2500 kr. hvorri af framlagi þeirra til talsímans frá Ísafirði til Patreksfjarðar, og dragast þær fjárhæðir frá lánum sýslnanna úr viðlagasjóði.

Sþ. **959. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Björn Jónsson og Kristinn Daníelsson.

Við 13. gr. E. VIII.
Á eftir liðnum komi nýr liður:
IX. Til að reisa vita á Bjargtöngum . . . . . 14,000.

Sþ. **960. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Ari Jónsson.

Við 13. gr. B. III. 1.

Á eftir þessum lið bætist við nýr liður svohljóðandi;

Til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn 3000 kr. fyrra árið.

Sþ. **961. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Birni Sigfússyni og Hálfdani Guðjónssyni.

Við 14. gr. B. VI. a.

4. og 5. liður verði einn liður og orðist svo:

Til kvennaskólans á Blönduósi 5,500—5,500.

Sþ. **962. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Jóni Þorkelssyni og Benedikt Sveinssyni.

Við 16. gr.

Á eftir 31. lið bætist inn nýr liður svolátandi:

Til Bjarna Jónssonar frá Vogi til viðskiftaráðunautsstarfa, samkvæmt erindisbréfi frá 30. júlí 1909, alt að 10,000—10,000.

Þar af 6000 kr. laun hvort árið, og alt að 4000 kr. hvort árið til ferðakostnaðar eftir reikningi.

Sþ. **963. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Jens Pálsson.

Við 13. gr. B. XI. Fyrir: »5,000—5,000« komi: 7,500—7,500.

Ed. **964. Ágripsskýrsla**

frá meiri hluta rannsóknarnefndar efri deildar alþingis um gerðir landsstjórnarinnar í Landsbankamálinu m. m.

Nefndin hefur alls haldið 22 fundi, og gengu þar af til aðalmálsins, *bankamálsins*, fleiri en 11 fundir.

Auk bankamálsins var hreyft í nefndinni afskiftum fyrverandi ráðherra Björns Jónssonar:

1. af áburði fyrverandi stjórnarblaðs »Ísafoldar« á *aðalsimastöð* landsins.
2. afskiftum hans af *silfurbergsmálinu* svo kallaða.
3. af *viðskiftaráðunautnum*, og loks hefir í
4. lagi fjárveitingu hans til *Thorefélagsins* fyrir póstflutning þess milli Danmerkur og Íslands verið lítilfjörlega hreyft.

Annars hefir hið svo kallaða Thoremál orðið út undan, en sú er bót í máli, að þar eru gögn flest hverjum manni aðgengileg, annars vegar skýr ákvæði fjárlaganna 1910—1911 13. gr. A 2 og C. 1 og hins vegar samningur landstjórnarinnar við »Thore« 7. ág. 1909. Stjt. 1909 B bls. 176—179. Yfirleitt hefir, því miður, alt of stuttur tími unnist til rannsóknar á öðrum málum en bankamálinu. Ber til þess, meðal annars, lítt kleift annríki nefndarmanna við önnur óhjákvæmileg þingstörf, svo sem fjárlög og stjórnarskrá. Varð því að ráði í nefndinni að láta aðallega sitja við prentun gerðabókar nefndarinnar og skjala þeirra, er máli þótti skifta í málefni hverju, er nefndin hefir hreyft, enda ættu menn þann veg bezt að geta myndað sér sjálfstæða skoðun um þær gerðir landsstjórnarinnar, er hér ræðir um.

Hér á eftir skal því að eins stuttlega drepið á aðalatriði áður nefndra málefna og á hvert þeirra sér í lagi.

I. Bankamálið.

Um það vísast aðallega til nefndarálits vors 6. mars þ. á., þingskjal 134, og er hér sérstaklega leidd athygli að því, að neðri deildar nefndin tók að sér að »rannsaka sérstaklega hag bankans, þar á meðal hið svo kallaða mat á tapi hans«.

Hér skal að eins eftirtekt vakin á 2 atriðum, fyrst því, að fyrverandi ráðherra Björn Jónsson setti hjá þá mennina, er réttkjörnastir hefðu átt að vera allra umsækjendanna um bankastjórasýslanirnar, en veitti þær mönnum, er engan sérfróðleik höfðu um bankarekstur, sbr. fylgiskj. nr. 21—23, bls. 50—54. Auk þess braut ráðherra fullkominn bág við framkomu undanfarandi stjórna, þar sem hann lét hina kjörnu bankastjóra setjast undirbúningslaust í bankastjórasætin, en þær höfðu látið báða fyrverandi framkvæmdarstjóra kynna sér bankastörf erlendis, áður en þeir tóku við bankaforstöðunni hér.

En í öðru lagi ber þess að geta, að fyrv. ráðherra hefir með öllu háttalagi sínu gagnvart bankanum, auk vansans og hættunnar, er af því leiddi, stofnað til algerlega óþarfs kostnaðar.

Rannsóknin á bankanum og útibúum hans kostaði samkv. skýrslu banka-

stjórnarinnar (bls. 35) um... ... ... kr. 8947,73
Málaflutningskostnaður m. m. samkv. reikningi Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns (bls, 38—39) varð... ... ... — 1126,30
Og laun hinna svo kölluðu stjórnkjörnu gæzlustjóra námu samkv. skýrslu bankastjórnarinnar (bls. 46)... ... . — 2667,68
Af upphæð þessari alls ... ... kr. 12741,71
hefir fyrv. ráðherra í fullu heimildarleysi og af handahófi skift rannsóknar- og málaflutningskostnaðinum, eða 10.074 kr. 03 au., jafnt niður á landssjóð og Landsbankann.

II. Símamálið.

Um það er sannað, að fyrv. ráðherra Björn Jónsson og einn trúnaðarmaður hans urðu til þess að segja dönsku bankaskoðunarmönnunum frá því, að ljóstrað hefði verið upp orði úr símskeytum frá þeim til útlanda, sbr. bréf dönsku skoðunarmannanna 2. IV. 1910 (bls. 62).

Enn fremur er það sannað, með símskeyti annars bankaskoðunarmannsins (bls. 63), að yfirlýsing þeirra bankaskoðunarmannanna, sú er spunnin var út úr árásin á símastöðina í 88. tölubl. XXXVI. árg. »Ísafoldar«: »Meiri drengskapur og ráðvendni«, var fengin fyrverandi ráðherra í hendur, eftir áskorun hans.

Loks má það heita bert af rithætti áminstrar »Ísafoldar«-greinar og af undanfærslu ritstjóra blaðsins hr. Ólafs Björnssonar, undan því að svara ákveðnum spurningum nefndarinnar, sbr. bls. 63—64, að fyrv. ráðherra Björn Jónsson sé höfundur árásarinnar á landssímastöðina, eins og hann var upphafsmaðurinn og aðalmaðurinn í aðsúgnum að annari stofnun landsins, Landsbankanum.

III. Silfurbergsmálið.

Það mál er ekki rannsakað til nokkurrar hlítar, enda hefði þurft eftirgrenslun um það bæði utanlands og víðar innanlands en nefndin náði til.

Þó þykir það bert, að afskifti fyrverandi ráðherra af því máli eru ekki forsvaranleg.

Fyrst og fremst er það lítt skiljanlegt, að landsstjórnin áskildi landssjóði engan hlut af þeim uppgripaágóða, sem þeir Guðm. Jakobsson og Magn. Blöndahl höfðu af framsali réttinda sinna til »Banque Française« aðallega vegna Helgustaðafjallsnámunnar. Þeir tóku þar stórgróða fyrirhafnarlaust á þurru landi. Hefði því ekkert verið eðlilegra en að landsstjórnin hefði áskilið landssjóði »landshlut af hvalnum«. Auk þess hefði farið miklu betur á því vegna fyrverandi ráðherra persónulega, úr því að annar sonur hans var með þeim G. Jak. og M. Blönd. í félagsskap um gróðafyrirætlanir út af silfurbergi nokkru áður og tók við óvanalega hárri þóknun »sem lögfræðislegur ráðunautur til aðstoðar við þessa samninga (ɔ: við landsstjórnina um Helgustaðafjallsnámuna) og aðra samninga út af silfurberginu«, svo sem Guðm. Jak. kemst að orði, sbr. gerðabók bls. 24. Með þeirri forsómun hefir fyrv. ráðherra, sem sjálfur veitti leyfi til framsalsins, bakað landssjóði tap, sem nemur mörgum þúsundum, jafnvel tugum þúsunda.

Og enn er það vottur um, að hagsmuna leiguliða landssjóðs hefir verið betur gætt en hagsmuna landssjóðs, að G. Jak. og M. Bl. og eftir þá »B. Franç.«

hafa samkv. 9. gr. sbr. 8. gr. samningsins 17. júní 1910,bls. 69, sömu ómakslaun, 45%, fyrir sölu á því silfurbergi, sem þeir tóku við af Tuliníusi án allrar fyrirhafnar, og þeir hafa fyrir það silfurberg, er þeir unnu sjálfir úr námunni með fyrirhöfn og tilkostnaði.

Þá má það og teljast mjög óheppilega ráðið að láta hr. Tulinius eftir helming af birgðum þeim, er hann hafði unnið úr námunni en ekki selt, áður en leigutími hans var á enda. Hr. Tulinius átti að minsta kosti ekki heimting á meiru en *helming söluverðs* af þeim birgðum. Landsstjórnin hélt því jafnvel fram, að hann ætti ekkert í þeim, sbr. 9. gr. nefnds samnings og bréf ráðh. 18. VI., 30. VI. og 2. VII. 1910 bls. 77, 78 og 79. — Skiftin eftir gæðum var og óforsvaranleg, svo sem Rée hæstaréttarmálaflm. hefir eftir hr. Tulinius í bréfi 1. VII. 1910: »om nogen Deling in natura kan der jo efter Deres Udtalelser ikke være Tale«, bls. 76. Og slík skifting var því hættumeiri fyrir landsjóð, sem réttargæzlumenn hans við afhendinguna, Magnús Blöndahl í Kaupm.h. og Guðmundur Jakobsson á Eskifirði, báru þá eðlilega lítið skyn á silfurberg. — Með afhendingu hálfra birgðanna til hr. Tuliniusar var og sköpuð óheppileg samkepni við landssjóð og leiguhafa Helgustaðanámunnar. Og enn leiðir það af aðferð þessari og ákvæði samningsins um jöfn sölulaun af öllu silfurbergi, er þeir Guðmundur Jakobsson og Magnús Blöndahl seldu, að landssjóður hlaut að tapa öllu hundraðsgjaldi af því silfurbergi, er féll í hluta hr. Tuliniusar, en varð hins vegar að greiða þeim sölulaun, 45% af þeim hluta, er honum hlotnaðist við skiftin. Það er ómögulegt að verðleggja tap landssjóð út af þessari aðferð, en sennilega nemur það mörgum tugum þúsunda. Hr. Tulinius tjáist í bréfi til konsúls Brillouins, 13. jan. þ. á., bls. 74—75, hafa selt nokkurn hluta birgða sinna fyrir, eftir því sem næst verður komist, kringum 75,000 kr. Af þeirri upphæð hefði landssjóður samkv. samningnum við hr. Tulinius átt að fá sem næst helming eða um 37,000 kr., en í stað þess fékk landssjóður silfurberg, að magni til jafnt því, er hr. Tulinius seldi fyrir nýnefnt verð, og verður að borga seljendunum 45% í sölulaun af því, þegar það selst.

Loks er það mjög aðfinningarvert, að ekki sést, að fyrv. ráðh. hafi látið hafa neitt eftirlit með námuvinslunni né með sölu silfurbergsins. Að vísu hafa fyrirrennarar hans heldur ekki haft nægilegt eftirlit í því efni, en þeim var meiri vorkunn, því að í þeirra tíð þektu menn hér á landi ekki hið sanna verðmæti silfurbergsins. Aftur á móti er eftirlitaleysi fyrv. ráðherra óafsakanlegt, eftir að »B. Franç.« og Jena-Zeiss fóru að keppa um Helgustaðafjallsnámuna.

Við svo lagað eftirlitsleysi má ekki með nokkru móti lengur standa. Það verður bæði að hafa eftirlit með vinslu námunnar, flokkun silfurbergsins, og eftir því sem kostur er, með sölu þess, enda mun nefndin hlutast til um, að farið verði fram á fjárveitingu í því skyni á næstu fjárlögum, og ef vel ætti að vera, þyrfti líka að rannsaka meðferð fyrv. leiguliða á héraðlútandi hagsmunum landssjóðs.

IV. Viðskiftaráðunauturinn.

Í því máli er brot fyrv. ráðherra alveg ljóst. Hann hefir frá 1. ágúst 1909 ráðstafað fé því, er var ætlað 2, nálega öllu til 1 manns.

Ráðherra mátti (bls. 95) veita viðskiftaráðunautnum

1909 $^{1}/_{8}$—$^{31}/_{12}$:	kr. 2083,33	en veitti kr.	4166,65
1910:	— 6000,00 —	— —	11069,21
1911:	— 6000,00 —	— —	10000,00
	kr. 14083,33	en veitti kr.	25235,86
			kr. 14083,33

og hefir þannig greitt honum um lög fram .. .. kr. 11152,53

Og sé nú annars vegar litið til árangursins af erindisrekstri viðskiftaráðunautarins, er skýrslur hans bera órækastan vott um, og svo hins vegar til þess, að Norðmenn borga sínum útsendu viðskiftaráðunautum ekki nema 2500—5000 kr. á ári, bls. 136, þá verður varla annað sagt, en að viðskiftaráðunauturinn hafi orðið landinu óþarflega dýrkeyptur. Og þó er því slept hér, að viðskiftaráðunauturinn hefir dvalið hérlendis tímunum saman, t. d. það sem af er þessu ári, enda vafasamt hvorum megin telja eigi þá dvöl, tekjumegin eða gjaldamegin.

V. Thore-málið.

Um það mál vísast sumpart til 13. gr. A 2 gildandi fjárlaga, sem vafalaust vanheimilar að borga Thorefélaginu þær 12,000 kr. fyrir póstflutning, er fyrverandi ráðherra hét því í 9. gr. samnings hans við félagið 7. ágúst 1909, og sumpart til þingskjals nr. 931, er lýsir því ljóst, að skilyrðum 13. gr. C 1 fyrir 10 ára samningi hefir eigi verið fullnægt.

Leggi maður nú saman hið beina tjón, er fyrv. ráðherra Björn Jónsson hefir valdið með berum brotum á gildandi lögum, þá koma út þessar upphæðir:

1.	með landsbankavastrinu	12,741 kr.	71
2.	— skipun viðskiftaráðunautar	11,152 —	53
3.	— samningnum við »Thore«	12,000 —	00
	eða alls	35,894 kr.	24

á tæpum 2 árum.

Hér er þó ótalið tjón það, er hann hefir bakað landinu með afskiftum sínum af silfurbergsmálinu og ýmsum öðrum stjórnarathöfnum. Eftir því sem hér hefir verið sagt og sýnt, virðist í rauninni ástæða til, að hann væri kærður fyrir landsdómi, en bæði er það, að þingtíminn er þrotinn og svo er alþingi nú svo skipað, að slíkri kæru yrði vitanlega ekki fram komið.

Alþingi, 8. maí 1911.

Lárus H. Bjarnason,	Stefán Stefánsson,
formaður.	skrifari.

Aug. Flygenring.

Ofanrituð »Ágripsskýrsla« var mér sýnd í próförk að kvöldi hins 8. þ. m. með þeim ummælum, að hún ætti að leggjast fyrir sameinað alþingi næsta dag.

Hér er því ekkert ráðrúm til rökstuddra mótmæla. En þess vil eg láta getið, að eg tel ályktanir meiri hluta nefndarinnar og þær staðhæfingar hennar, sem nokkru máli skifta, svo fjarri öllum sanni, að ekkert sé sannað af þessari nefnd, sem fyrverandi ráðherra Björn Jónsson verði víttur fyrir með sanngirni. Enda lít eg svo á sem allri þessari svo nefndu »rannsókn« hafi verið hagað þann veg, að kent hafi meiri hlutdrægni en sæmd þingsins sé samboðið, að því leyti sem »rannsóknin« hefir ekki verið einber hégómi.

Alþingi, 8. maí 1911.

Sigurður Hjörleifsson.

Gjörðabók

rannsóknarnefndar e. d. Alþingis 1911 með fylgiskjölum.

Ár 1911 þ. 22. febrúar átti nefndin fund með sér í Alþingishúsinu og kaus sér formann Lárus H. Bjarnason 5. kgk. og skrifara Stefán Stefánsson 6. kgk.

Þ. 23. s. m. átti nefndin aftur fund með sér á sama stað. Allir á fundi.

Þá voru framlögð nokkur skjöl:

1. Tilkynningarbréf frá forseta efri deildar um kosningu nefndarmanna d. s. í dag.
2. Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka gerðir landsstjórnarinnar í Landsbankamálinu m. m. þingskj. 35.
3. Erindi Kristjáns Jónssonar þm. Borgfirðinga til Efri deildar Alþingis d. s. 15. febr. 1911.
4. Staðfest eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til Kristjáns Jónssonar d. s. 22. nóv. 1909.
5. Staðfest eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til sama manns d. s. 3. jan. 1910.
6. Skýrsla Landsbankarannsóknarnefndarinnar.
7. Athugasemdir og andsvör við skýrslu Landsbankarannsóknarnefndarinnar.
8. Reikningur Landsbanka Íslands árið 1909.
9. Lögbirtingablað nr. 46 17. nóv. 1910.

Þá sneri nefndin sér að »*Landsbankamálinu*« og ályktaði eftir nokkrar umræður »að leita upplýsingar um það hjá ráðherra, hvort hann hafi spurst fyrir um það hjá stjórn »Landmandsbankens« í Kaupmannahöfn, hvort hún mundi slíta viðskiftasambandi við Landsbanka Íslands, ef hinir þingkosnu gæzlustjórar Landsbankans tækju aftur sæti í stjórn hans. Hafi svo verið, æskir nefndin þess, að hann skýri henni frá svari stjórnar Landmandsbankens. En hafi ráðherra eigi spurst fyrir um þetta, þá væntir nefndin upplýsinga um það, hvers vegna ráðherra hafi þá ekki fengið gæzlustjórunum aftur sæti þeirra í stjórn Landsbankans«.

Nefndin væntir svars fyrir kl. 6 síðd. laugardaginn þ. 25. þ. m.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 25. febrúarm. átti nefndin fund með sér.

Var fyrst lesin upp fundarbók frá síðasta fundi, samþykt og undirskrifuð.

Þá mætti landritari Kl. Jónsson á fundinum eftir beiðni nefndarinnar, og voru lagðar fyrir hann eftirfarandi spurningar:

1. Var landsbankarannsóknarnefndin 1909 skipuð með ráði landritara? — hann svaraði *nei.*
2. Varð skipunarbréf nefndarinnar til í stjórnarráðinu? — Landritari svaraði *nei* og sýndi uppkast að bréfinu. Hann gat þess, að hann hefði minst á það við ráðherra, að sér fyndist undarlegt, að gengið væri fram hjá stjórnarráðinu í sliku máli, og hefði þá ráðherra sagt eitthvað á þá leið, að það væri samþykt á flokksfundi og væri því pólitík og því stj.r. óviðkomandi. — Hann kveðst hafa lagt á móti einum nefndarmanni og kvaðst vita til, að ráðherra hefði viljað taka tillögu hans til greina, þó ekki hefði úr því orðið.
3. Hvort þeir Ólafur G. Eyjólfsson og Magnús Sigurðsson hafi verið skipaðir í nefndina með ráði stjórnarráðsins. Landritari svaraði, að ráðherra hefði skýrt sér frá, að hann ætlaði að skipa þessa menn og kvaðst hann hafa lagt á móti öðrum þeirra, án þess þó að það hefði verið tekið til greina, en skipunarbréf þeirra hefði verið skrifað í stjórnarráðinu.
4. Var afsetning bankastjórnarinnar 22. nóv. 1909 gerð að ráði landritara og varð afsetningarbréfið til í stjórnarráðinu? Svar »nei« við hvorutveggja. Og lætur landritari þess jafnframt getið, að hann hafi ekki haft neina hugmynd um afsetninguna fyr en kl. 12,15 mánud. 22. nóv. Þá hafi ráðherra sýnt sér bréfin til bankastjóra og gæzlustjóra hreinskrifuð, en óundirskrifuð. Hann kvaðst hafa gert sitt ítrasta til að fá breytt orðalaginu á bréfunum til gæzlustjóra, en ekki fengið því framgengt, því ráðherra hefði sagt, að þau væru nákvæmlega yfirveguð.
5. Hvernig fór afsetningin fram? Svar:

   Kl. 1 hafi þeir landritari og skrifstofustjóri Jón Hermannsson komið ofan í bankann og hafi þá annar bankagæzlustjórinn verið farinn, en hinn, Kr. Jónsson, í þann veginn að fara. Bankastjóri Tr. Gunnarsson hafi svo afgreitt þann mann, sem þar var við. Bankanum hafi síðan verið lokað og afhendingin síðan farið fram mjög friðsamlega og ekkert við hana að athuga.
6. Hafði nokkur kæra yfir bankastjórninni borist landsstjórninni áður en rannsóknarnefndin var skipuð eða afsetningin fór fram? Svar: Ekki svo landritari muni.
7. Var ráða landritara leitað um það, hvort setja ætti inn gæzlustjórana í störf þeirra við Landsbankann eftir nýárið? Svar: *Nei.* En landritari bætir því við, að hann hafi verið sjúkur frá jólum og fram yfir nýár til 3.—4. janúar.
8. Var landritari endurskoðari bankans og hve lengi? Svar: Landritari kvaðst hafa verið stjórnkjörinn endurskoðari rúma tvo mánuði í janúar til marz 1909, og hefði endurskoðun oft farið fram þenna tíma, og hann ekki orðið var við nein lagabrot, reglugerðarbrot eða óreglu af hendi bankastjórnarinnar, en gat þess jafnframt, að þenna tíma hafi endurskoðunin fremur verið töluendurskoðun en »kritisk«.
9. Sendi bankastjórnin ekki ársreikninga til stjórnarráðsins árlega? Svar: Landritari þorir ekki að fullyrða neitt um það, man það ekki.
10. Hvenær var síðasti ársreikningur landsbankans úrskurðaður af landstjórninni? Svar: Þetta kveðst landritari heldur ekki vita.

    Upplesið, staðfest. Landritari vék af fundi.

Þá mætti bæjarfógeti Jón Magnússon á fundinum. Gat hann svolátandi skýrslu að þar til gefnu tilefni.

Frá 1896—1908 var hann stjórnkjörinn endurskoðari. Framan af meðan hann var einn, kom hann iðulega í bankann og leit eftir störfum hans yfirleitt. Varð ekki var við neina óreglu í bankanum, og það, sem honum þótti athugavert, kemur fram í athugasemdum við reikningana. Þenna tíma lagði hann mikið verk í endurskoðun ársreikninganna. Eftir að endurskoðararar urðu tveir, var endurskoðuninni framan af hagað á líkan hátt og áður (hér um bil tveggja ára bil).

Þegar hér var komið, mætti Jón landsbókavörður Jakobsson á fundinum.

Síðar var tekin sú venja, að endurskoðendur komu að jafnaði daglega í bankann, báðir saman seinni hluta dags eftir bankatíma til þess að athuga það, sem fram hafði farið að deginum. Við þetta daglega eftirlit hafi þeir eigi orðið varir við, að bankastjórnin hafi brotið lög eða reglugerð, eða sýnt af sér vítaverða óreglu, en það, sem þeim hefði þótt athugavert, sérstaklega að því leyti að veðskuldarskjöl voru stundum eigi í fullu lagi, það hefði verið leiðrétt samstundis, eða svo fljótt sem unt var.

Aðspurðir um varasjóðinn svöruðu þeir, að þeir hefðu árlega gengið úr skugga um, að þau verðbréf voru fyrir hendi, sumpart í bankanum, sumpart annarsstaðar eftir skilríkjum, sem fyrir lágu, sem tilfærð voru í bankareikningnum.

Þetta, sem hér hefir sagt verið, gildir til ársloka 1906.

Árin 1907 og 1908 var endurskoðuninni hagað á nokkuð annan veg, einkum að því leyti að kassabókin var ekki daglega borin saman við bækur bankans, en í þess stað fóru endurskoðunarmennirnir ásamt bankastjórninni itarlega í gegnum mánaðarreikningana. Bæjarfógeti lætur þess getið, að þessi ár hafi hann mikið verið fjarverandi og hafi þá Eggert Briem skrifstofustjóri gegnt endurskoðunarstarfinu fyrir hans hönd.

Ársreikningur bankans var árlega sendur, fyrst landshöfðingja og síðar stjórnarráði.

Árið 1909 gegndi hinu stjórnkjörna endurskoðunarstarfi, með hinum þingkjörna endurskoðara Jóni Jakobssyni, fyrst landritari Klemens Jónsson og síðar Eggert Briem skrifstofustjóri og fór endurskoðunin fram með líkum hætti og sama árangri. Að gefnu tilefni lýsa endurskoðendur því yfir, að ráðherra hafi eigi leitað upplýsinga hjá þeim, »hvorki áður en rannsóknarnefndin var skipuð í apríl 1909«, né áður en afsetning bankastjórnarinnar fór fram í nóv. 1909.

Að gefnu tilefni frá einum nefndarmanni um það, hvort endurskoðendum hefði verið kunnugt, hvort víxlaeign bankans kæmi heim við bækur hans, svaraði bæjarfógeti Jón Magnússon því, að hann hefði orðið þess var, að víxlaeignin virtist ekki koma alveg heim við bækurnar, en fulla vissu um það hafi hann ekki getað fengið, enda munurinn svo lítill, að hann hefði vel getað ímyndað sér, að það stafaði af einhverri skekkju í bókfærslu, er hann ekki hefði getað fundið. Sama svar gefið af hinum endurskoðaranum. — Aðspurðir, hvenær þeir hafi orðið þessa varir, og svara þeir því, að það muni hafa verið síðustu árin.

Endurskoðari Jón Jakobsson lætur þess getið, út af ummælum, sem um það hafi fallið, að byggingarreikningur landsbankans hafi verið endurskoðaður.

Hinn stjórnkjörni endurskoðari bæjarfógeti Jón Magnússon er þessu samþykkur. Upplesið, staðfest.

Þá mætti skrifstofustjóri Jón Hermannsson á fundinum. Skrifstofustjórinn gefur eftirfarandi skýrslu:

Landsbankarannsóknarnefndarskipunin hafi eigi verið borin undir hann, enda hafi skipunarbréfið ekki verið samið á skrifstofunni. Afsetning bankastjórnarinnar haustið 1909 hafi heldur ekki verið borið undir hann, enda afsetningarbréfin eigi samin á skrifstofunni. Hann veit ekki til, að landsbankastjórnin hafi verið kærð fyrir landsstjórninni, að öðru leyti en því, að kærur hafi komið frá rannsóknarnefndinni. Hans ráða var eigi leitað um það, hvort setja ætti gæzlustjórana inn 1. janúar 1910. Hann kvaðst ekki að öllu leyti geta borið um, hvað fór á milli landritara og bankastjóra Tr. Gunnarssonar áður en afhendingin fór fram, með því að hann vék frá um stund.

Upplesið og samþykt, vék frá.

Eggert Briem skrifstofustjóri mætti þá á fundinum.

Skýrsla þeirra bæjarfógeta Jóns Magnússonar og Jóns Jakobssonar landsbókavarðar var lesin upp fyrir honum, og tjáir hann skýrsluna rétta fyrir þann tíma, sem hann hafi gegnt endurskoðarastarfinu, frá því um vorið 1909 til þessa dags, sérstaklega hafi hann ekki orðið var við neina vítaverða óreglu af hálfu bankastjórnarinnar og heldur ekki hafi ráðherra leitað upplýsingar hjá sér á undan rannsóknarnefndarskipuninni eða afsetningu bankastjórnarinnar.

Upplesið og samþykt. Vék skrifstofustjórinn af fundi. Formaður skýrði frá, að ráðherra hafi verið skrifað samkvæmt fundarályktun síðasta fundar og lagði fram uppkast að bréfinu (Nr. 10).

Enn fremur lagði hann fram yfirlýsingu um umyrði bankastjóranna dönsku, frá Ól. G. Eyjólfssyni, Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni ds. 23. febr. 1911, er ráðherra lét útbýta í neðri deild í gær (Nr. 11).

Formaður skýrði frá því, að svar ráðherra væri ókomið og skrifara hefði ekki tekist að ná tali af honum nú fyrir fundinn.

Fundarbók lesin og samþykt.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ar 1911 þ. 27. febrúar átti nefndin fund með sér í alþingishúsinu kl. 6 síðdegis. Allir á fundi. Formaður lagði fram:

1. Uppkast að skipunarbréfi bankarannsóknarnefndarinnar (Nr. 12).
2. Eftirrit af samningi landsbankans og Sparisjóðs Reykjavíkur (Nr. 13).
3. Afrit af tveim símskeytum, annað til Landmandsbankastjórnarinnar og hitt til »bankamannanna dönsku« Christensens og Jörgensens (Nr. 14).
4. Símskeyti frá Landmandsbankastjórninni (Nr. 15).
5. Eftirrit af landsyfirréttardómi 25. apríl 1910 (Nr. 16).
6. Staðfest eftirrit af landsyfirréttardómi 11. júlí 1910 (Nr. 17).
7. Spurningar til endurskoðenda frá Sigurði Hjörleifssyni (Nr. 18).

Þá var formanni og skrifara falið að útvega nauðsynlegar upplýsingar,

enda sé nefndarmönnum heimilt að heimta þær upplýsingar, sem þeir óska gegnum formann og skrifara.

Þar sem enn var ekkert svar komið frá ráðherra, var skrifara og Sigurði Hjörleifssyni falið að minna hann á að senda nefndinni tafarlaust umbeðna skýrslu, og sérstaklega skýrslu dönsku bankaskoðunarmannanna, er ráðherra hafði lofað á fundi í neðri deild þ. 24. þ. m.

Þá kom Kristján Jónsson dómstjóri á fundinn; gaf hann svolátandi skýrslu:

Þann 26. apríl 1909 tjáði ráðherra háyfirdómara, að hann ætlaði að skipa nefnd til þess að ransaka hag landsbankans, enda hefði sér borist tilkynning um það í landsbankanum samdægurs. Daginn eftir vakti hann athygli ráðherra á því, að mennirnir væru eigi vel valdir, en ráðherra bar á móti því og kvað það eigi rétt vera.

Daginn eftir nefndarskipunina hafi orðið ókyrð í bankanum, og á flokksfundi næsta dag var samþykt að skora á ráðherra að gefa út yfirlýsingu, er mætti lægja þessa ókyrð og þann 28. apríl gaf ráðherra þaraðlútandi yfirlýsingu í fundarbyrjun í neðri deild. Háyfirdómari lætur þess enn fremur getið, að þessa 4 daga hafi um 80 þús. kr. verið teknar út úr bankanum, en þar af mundi um 10 þús. kr. hafa verið útteknar undir venjul. kringumstæðum.

Rannsókn hinna fyrst skipuðu nefndarm. byrjaði fyrstu dagana í maí og endaði í september. — Honum er allsendis ókunnugt um, að þessi nefnd hafi sent ráðherra nokkrar skýrslur eða tillögur út af skoðun sinni, aðrar en hinar prentuðu. Í nefndinni sátu Indriði Einarsson skrifstofustjóri, Karl Einarsson aðstoðarm. í stjórnarráðinu og Ólafur Dan. Daníelsson kennari. Um mánaðamótin september—október varð sú breyting á nefndinni, að úr henni fóru Indriði Einarsson og Ól. Daníelsson, en í þeirra stað voru skipaðir Magnús Sigurðsson yfirdómsmálaflærslum. og Ólafur G. Eyjólfsson verslunarskólastj.

Um miðjan október kom vinur Björns Jónssonar, Björn Kristjánsson bankastjóri, sem þá var nýskipaður, heim til háyfirdóm., og gaf háyfird. í skyn, að ráðherra ætlaði að setja bankastjórnina af og taldi það mjög leitt, ef til þess kæmi. Af þessu samtali dró háyfirdómarinn síðar þá ályktun, að þá þegar hefði verið afráðið að setja bankastjórnina frá og bætir því við, að þá muni rannsóknarnefndin ekki hafa verið farin að rannsaka hag bankans neitt að ráði. Háyfirdómarinn segir, að ráðherra hafi lagt fyrir bankastjórnina með bréfi 15. nóvember að halda gerðabók með tilteknu formi, en af því að bankastjórnin hafi talið vankvæði á því, að halda bókum í því formi, hafi þeir, gæslustjórarnir, farið á fund ráðherra þegar í stað og tjáð honum erfiðleikana á bókarhaldinn og hafi þá ráðherra sagt: »Það verður þá að vera svona til nýárs«.

Háyfirdómari bætir því við að 18. eða 19. nóv. hafi ráðherra haft rannsóknarnefndarmennina á fundi heima hjá sér ásamt fleiri mönnum og hafi þá verið tekin ákvörðun um afsetninguna, en 17. s. m. hafi hann (háyfirdómarinn) verið í boði hjá ráðherra. Sunnudaginn 21. nóvbr. frétti háyfirdómari það áreiðanlega, að setja ætti bankastjórnina af, enda barst honum afsetningarbréfið í miðjum starfstíma bankans daginn eftir.

Háyfirdómarinn lætur þess getið, að honum hafi verið öldungis ókunnar ástæður til afsetningarinnar fyr en hann sá það, 31. jan. árið eftir, af

skýrslu rannsóknarnefndarinnar, að ástæðan til afsetningarinnar muni hafa verið bréf rannsóknarnefndarinnar 16. nóv. 1909 (sbr. skýrslu rannsóknarn. bls. 54—57). Hann tekur það jafnframt fram, að hann hafi ekki fengið skýrsluna fyr en eftir að hún hefði verið send með póstunum út um land síðast í janúar, og hafi hann þá orðið að kaupa hana, en um sama leyti hafi kunningi sinn stungið henni að sér.

Afsetningardaginn tjáist háyfirdómari hafa fundið ráðherra í stjórnarráðinu og kvartað yfir þessari meðferð, en ráðherra hafi tekið þvert fyrir alla úrgreiðslu. Og enn hafi hann sama dag skrifað ráðherra bréf það, er prentað var í ýmsum blöðum, og hafi hann í því leitt athygli ráðh. að því að afsetningin gæti ekki verið nema um stundarsakir, en ekkert svar fengið.

Frá því afsetningin fór fram og þar til skýrslan kom út, heyrði háyfirdómari ekkert frá nefndinni.

Háyfirdómari getur þess, að ráðh. muni hafa ætlað að setja gæzlustjórana inn eftir 1. jan. 1910. Séra Jens Pálsson í Görðum hafi verið hér í bænum seinustu dagana í desember og muni hafa unnið að því, að koma leiðréttingu á málið, enda muni hann hafa farið heim (þ. 30. eða 31.) með þeirri von, að svo mundi verða. 2. jan. 1910 hafi verið haldinn flokksfundur af nokkrum hérstöddum meirihl. þingmönnum og hafi þá verið rætt um innsetningu gæzlustjóranna, en Björn Kristjánsson hafi þá lýst því yfir, að ekki mundi af henni verða. Björn Kristjánsson hafi þá verið formaður flokksins, en eigi hafi hann boðað sig á fundinn.

Háyfirdómari getur þess ennfr., að kvittun fyrir skilum bankahaldsins muni vera í fórum Tryggva Gunnarssonar.

Upplesið, staðfest.

Fleira eigi fyrir tekið. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 28. febrúar átti nefndin fund með sér á sama stað og áður og á sama tíma.

Allir á fundi.

Fyrverandi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson kom á fundinn eftir áskorun nefndarinnar, og leggur fram *tvær kvittanir*, aðra ds. 22. nóv. 1909 og hina 2. des. 1909, og er eftirrit af þeim báðum lagt við bókina (nr. 19).

Aðspurður gaf hann eftirfarandi skýrslu:

Bréf rannsóknarnefndarinnar til stjórnarráðsins ds. 16. nóv. 1909 var eigi sent bankastjóra til umsagnar og honum enginn kostur gefinn á að kynna sér það, og yfirleitt enginn kostur gefinn á að kynnast ástæðum stjórnarinnar fyrir afsetningunni. Hann fékk ekki vitneskju um neitt þar að lútandi fyr en skýrsla rannsóknarnefndarinnar var prentuð og boðin til sölu, þá komst hann yfir hana sjálfur. Hann aftekur, að rannsóknarnefndin hafi borið matið á tapi bankans undir bankastjórnina eða sig, að öðru leyti en því, að nefndin hafi sýnt sér eða talað við sig um nokkur lán og hafi þeim komið saman um, að

2 eða 3 mundu ef til vill vera nokkuð tæp, og voru það smálán, nokkur hundruð króna hvert. Hann skýrir enn fremur frá því, að það hefði komið fyrir, að bókun rannsóknarnefndarinar á svörum bankastjórnarinnar hafi verið svo röng, að ekki hafi verið viðunandi og eitt sinn hafi kveðið svo ramt að því, að hann hefði lýst því yfir, að þetta hefði hann ekki hugsað og því síður talað, enda hefði formaður nefndarinnar þá kannast við, að bankastjórinn hefði ekki sagt það, sem eftir honum hefði verið bókað.

Skýrsla Klemens Jónssonar landritara um fullnægingu afsetningarinnar í Landsbankanum 22. nóv. var upplesin og hafði bankastjórinn ekkert verulegt við hana að athuga, en bætti þó við, að gengið hefði verið svo hart eftir skilunum, að sér hefði verið skipað að afhenda »tafarlaust« sjóði bankans, og lykla með meiru. Að öðru leyti skírskotar hann til »athugasemda og andsvara« bankastjórnarinnar. Upplesið, staðfest. Vék af fundi.

Þá kom prestaskólakennari Eiríkur Briem á fundinn eftir áskorun nefndarinnar, og gaf hann svolátandi skýrslu:

Hann kveðst ekki hafa átt nokkurn kost á að kynna sér áðurnefnt bréf bankarannsóknarnefndarinnar frá 16. nóv. né aðrar ástæður stjórnarinnar fyrir afsetningunni, fyr en skýrsla nefndarinnar var prentuð og boðin til sölu, þá hafi hann keypt hana, en ekki hefði sér verið send hún frá stjórninni. Með þessu vill hann sagt hafa, að stjórnarráðið hafi ekki gefið sér kost á að vita um þetta, en af Ísafold 24. nóv. þóttist hann hafa getað ráðið, hverjar ástæðurnar væru. Matið á tapi bankans hafi rannsóknarnefndin aldrei borið undir sig, enda hafi hann fyrst kynst því af nefndarskýrslunni. Hann tekur það fram, að hann hafi fundið ráðherra að máli í stjórnarráðinu ásamt Kristjáni Jónssyni háyfirdómara um miðjan nóvember í þeim erindum, að mælast undan fyrirskipuðu gjörðabókarhaldi, og tjáist hann hafa skilið ráðherra svo, að við svo búið mætti standa, enda hafi gjörðabókarmálinu ekki verið hreyft eftir það, en orð ráðherra hér að lútandi kvaðst hann ekki muna.

Út af bókun rannsóknarnefndarinnar á svörum bankastjórnarinnar lætur hann þess getið, að svör sín hafi verið meira eða minna aflöguð og tilfærir nokkur dæmi frá fundinum 9. nóv. Að öðru leyti skírskotar Eiríkur Briem til »athugasemda og andsvara«, bankastjórnarinnar, sem hann telur að öllu leyti rétt og sannleikanum samkvæm.

Sigurður Hjörleifsson skýrir svo frá, að hann hafi átt tal við ráðherra um erindi það, sem nefndin hefði sent honum, og hvatt hann til að svara sem fyrst, en talið hafi aðallega borist að skýrslu »dönsku bankamannanna« og hafi hann skilið ráðherra svo, að hann mundi leggja eftirrit af skýrslunni fyrir nefndina sem fyrst. Skrifari nefndarinnar St. Stefánsson kvaðst hafa spurt ráðherra, hvort Sig. Hjörl. hafi talað við hann um erindi nefndarinnar, og svaraði ráðherra »já«. »Þýðir þá nokkuð að eg endurtaki það?« spurði Stefán. »Nei, nei«, svaraði ráðherra.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Lárus. H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Árið 1911 þ. 1. mars átti nefndin fund með sér á sama stað og tíma. Allir á fundi.

Formaður lagði fram:

1. Eftirrit af bréfi stjórnarráðs Íslands til skrifstofustjóra Indriða Einarssonar d. s. 26. apríl 1909 o. fl. (Nr. 20).
2. Skýrslu um kostnað við rannsókn á hag Landsbankans og útibúa hans á Ísafirði og Akureyri (Nr. 21).
3. Reikning Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, yfir kostnað við hæstaréttaráfrýjun á máli ráðherra og Landsbankastjórnarinnar gegn Kristjáni Jónssyni háyfirdómara (Nr. 22).

Þá kom á fundinn skrifstofustjóri Indriði Einarsson eftir áskorun nefndarinnar.

Hann gaf svolátandi skýrslu:

Hann kvaðst hafa verið skipaður í nefndina með bréfi stjórnarráðsins 26. apríl 1909 og lét af starfinu 2. október sama ár.

Aðspurður, hvort hann hafi ráðið ráðherra til að skipa nefndina, svarar hann, að það hafi hann »sjálfsagt gert«. Hvort hann viti til, að aðrir hafi ráðið honum til þess. Svarar hann: »ímyndar sér það«. Aðspurður, hverja aðra hann ímyndi sér líklega til þess, nefnir hann til Björn Kristjánsson bankastjóra. Hann kvaðst hafa verið formaður nefndarinnar og hafi nefndin byrjað störf sín fyrst í maí. Hann segir, að þeir hafi mikið til verið búnir með endurskoðunina, þegar hann lét af starfinu. Það, sem þá var eftir, hafi verið mat á verðmæti krafa bankans að miklu eða mestu leyti.

Aðspurður, hvort hann, eða samnefndarmenn hans, hafi fundið nokkuð annað eða fleira athugavert við bankann en fram sé tekið í skýrslu nefndarinnar, »þá álítur hann það ekki vera«.

»Hve langt fram í tímann rannsökuðuð þið hag bankans?« Svar: »Svo langt fram í tímann sem hann átti kröfur eða skuldbindingar til«. Skrifstofustjóra var bent á, að eftir samstundis meðteknu skjali frá stjórnarráðinu, hafi landsstjórnin síðast úrskurðað landsbankareikninginn fyrir árið 1900.

Skrifstofustjórinn álítur, að rannsókninni hafi aðallega verið lokið, þegar hann vék úr nefndinni.

Hann kveðst ekki hafa vitað um afsetningu bankastjórnarinnar fyr en kvöldið áður en hún fór fram, og hafi þá ráðherra sagt sér það. Hverjir ætli hafi ráðið ráðherra til að setja bankastjórnina frá? Svar: Bankarannsóknarnefndin, að hann ætlar, og byggir það á því, að þáverandi form. nefndarinnar hafi sagt sér, að annaðhvort yrði að víkja bankastjórninni frá eða setja hana undir sakamálsrannsókn. Aðspurður, hvort honum hafi ekki komið óvart þessi ályktun ráðherra, svarar hann því, að honum hafi »sjálfsagt þótt þetta radikalt«. — »Réðuð þér ráðherra til afsetningarinnar«? Svar: Eg áleit, hún hafi verið afráðin áður en eg vissi nokkuð um hana, og hefði víst ekki ráðið honum til þess að afsetja bankastjórnina. Upplesið staðfest. Skrifstofustjóri vék af fundi.

Þá mætti dr. Ólafur D. Daníelsson á fundinum.

Gaf hann svolátandi skýrslu:

Hann hefði tekið sæti í nefndinni 26. apríl og starfið hafi byrjað fyrst

í maí og hafi hann starfað óslitið að rannsókninni fram undir miðjan júlí og svo einn eða tvo daga nokkru síðar. Þegar hann fór úr nefndinni, hafi verið lokið að mestu leyti samanburði verðmætis krafa bankans við bækur hans og að nokkru leyti gerð drög að mati á verðmæti á útistandandi kröfum bankans. Aðspurður, hvort hann hafi þá fundið nokkuð athugavert, svarar hann, að hann leggi engan dóm á það frammi fyrir rannsóknarnefnd alþingis, hvað athugavert sé í þessu efni, en lætur þess getið að ósamræmi hafi verið milli ýmsra konti og hinna faktisku eigna bankans t. d. víxlakonto og sparisjóðskonto, en hve mikill munurinn hafi verið, man hann eigi, en skírskotar til »skýrslunnar« í því efni. Hann neitar því, að stjórnarráðinu hafi verið, að sinni vitund, sendar aðrar skýrslur en hinar prentuðu og kveðst sjálfur enga skýrslu hafa sent. Hann segir, að nefndin hafi rannsakað allan hag bankans frá fyrstu. Hann hafi álitið sínu starfi lokið að mestu leyti, þegar hann vék úr nefndinni. Hann kveðst ekkert hafa lagt til um afsetningu bankastjórnarinnar og ekkert um hana vitað fyr en hún var framkvæmd.

Upplesið, staðfest. Dr. vék af fundi.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 2. dag marsmánaðar átti nefndin fund með sér á sama stað og tíma. Allir á fundi.

Formaður lagði fram þessi skjöl:

1. Reikning yfir kostnað við rannsókn á hag Landsbankans frá byrjun októbermánaðar. Eftirrit (Nr. 23).
2. Bréf stjórnarráðsins d. s. 1. mars 1911 nr. 24 með 5 fylgiskjölum (a—e.)
3. Símskeyti frá »dönsku bankamönnunum« (Christensen) nr. 25.

Yfirréttarmálaflutningsmaður Magnús Sigurðsson kom á fundinn eftir áskorun nefndarinnar og gaf hann svolátandi skýrslu:

Hann kvaðst hafa verið skipaður í nefndina 27. september og nefndin hafi tekið til starfa fyrst í október. Það, sem hann í svipinn man eftir að þeir hefðu sérstaklega rannsakað, voru t. d. fasteignaveðslán, handveðslán, lán gegn ábyrgð sveita og bæjarfélaga, accreditivlán, verðbréfaeign bankans, víxilfúlgan, sjálfskuldarábyrgðarlánin og reikningslánin, tryggingarfé veðdeildanna, og aðallega hafi rannsókn þessi verið kritisk.

Aðspurður, hve langt þessi rannsókn hafi verið komin um miðjan október, svarar hann, að hann muni það ekki með vissu. Hann minnir, að þeir hafi verið komnir vel á veg með mat á verðmæti útistandandi krafa bankans um 15. nóv., og þá verið búnir að mynda sér lauslegt álit um þetta efni, og minnir að rannsóknin á hag bankans hafi verið langt komin laust eftir frávikning bankastjórnarinnar.

Hann rekur ekki minni til, að nefndin hafi sent ráðherra né stjórnarráðinu neina skriflega skýrslu aðra en skýrsluna um víxlakaup starfsmanna bankans 16. nóv. En hann bætir því við, að ráðherra hafi fengið lánaða gjörða-

bókina og við og við átt tal við nefndina og einstaka nefndarmenn um rannsóknina. Aðspurður, hvort hann viti til þess, að nefndin eða einstakir nefndarmenn, þar með hann sjálfur, hafi ráðið ráðherra til að víkja bankastjórninni frá, 22. nóv. 1909, svarar hann því, að hann vilji ekki að svo stöddu svara þessari spurningu; að gefnu tilefni bætir hann því við, að hann hafi álitið rétt að víkja bankastjórninni frá, og hafi látið það uppi við ráðherra, sem sína skoðun, en man ekki í svip að nefndin öll hafi í einu gert það, en sér sé kunnugt um, að nefndin hafi öll haft þá skoðun, að rétt væri að víkja bankastjórninni frá. Hann minnir, að hann hafi heyrt Karl Einarsson láta þessa skoðun upp við ráðherra. Hann bætir því svo við, að hann hafi heyrt Indriða Einarsson skrifstofustjóra segja, að skýrslan 16. nóv. hafi gengið milli ýmsra manna, þar á meðal nokkurra meirihluta þingmanna. Hann skýrir svo frá, að hann hafi vitað af afsetningunni fyrir 22. nóv., en muni ekki eftir, hve löngu á undan.

Hann skýrði frá, að gjörðabók nefndarinnar og önnur plögg um rannsóknina, þar á meðal um verðmætismatið muni vera í forsigluðum pakka, sem Karl Einarsson eigi, og geymdur sé hjá sér. Að gefnu tilefni skýrir Magnús Sigurðsson frá því, að svo sem ekkert muni hafa verið »afskrifað« fyrir tapi af eldri lánum bankans.

Upplesið, staðfest. Magnús Sigurðsson vék af fundi.

Þá kom Ólafur G. Eyjólfsson skólastjóri á fundinn, eftir áskorun nefndarinnar.

Hann tjáir sig ekki reka minni til þess, að nefndin hafi gefið ráðherra aðra skriflega skýrslu fyrir 22. nóv. en bréfið frá 16. nóv. 1909 og rekur heldur ekki minni til, að hann einn hafi gefið ráðherra neina slíka skriflega eða munnlega skýrslu, en þorir þó hvorugt að fortaka. Hann segir, að þar til gefnu tilefni, að annarhvor nefndarmaðurinn hafi sagt sér laugardaginn eða sunnudaginn fyrir afsetninguna, að hún ætti að fara fram 22. nóvember. Hann segir, að afsetningin hafi ekki komið sér á óvart, af því að nefndin hafi búist við því, að að því mundi reka, enda búist hann við því, að formaður nefndarinnar hafi látið uppi skoðun nefndarinnar í því efni við ráðherra. Hann telur ekki rannsókninni lokið fyr en um það leyti, er skýrslan kom út, enda hafi þeir við og við þurft að skreppa í bankann alt þar til er skýrslan kom út, síðustu dagana, til þess að yfirfara aftur það, sem þeir áður höfðu rannsakað.

Upplesið, staðfest.

Þá var lesin upp skýrsla Magnúsar Sigurðssonar og fann Ól. G. Eyjólfsson ekkert við hana að athuga »eftir fljótum upplestri«, en tekur fram, að hann hafi verið skipaður í nefndina 4. október, og honum sé ekki kunnugt um, að skýrsla nefndarinnar 16. nóv. hafi gengið meðal ýmsra manna, né gjörðabókin verið sýnd ráðherra. Um uppgerð sparisjóðsins skýrir Ólafur G. Eyjólfsson frá, að hann hafi um 2—3 ár unnið að rentureikningi við sparisjóðinn og enn fremur að því að færa inn á lista sparisjóðsins, en að öðru geti hann ekkert dæmt um hina svokölluðu uppgerð sparisjóðsins.

Þá var lesin upp fyrir Ól. G. Eyjólfssyni yfirlýsing frá honum og bankastjórum Landsbankans ds. 23. febrúar (skjal nr. 11) og tjáist hann hafa undirskrifað það, og kveðst hafa heyrt »dönsku bankamennina« hafa þar til-

færð ummæli á dönsku, uppi í stjórnarráði í áheyrn ráðherra, nefndarmannanna allra og hinna nýskipuðu bankastjóra. Hann biður því nú bætt við, »að meining orðanna hafi að minsta kosti verið þessi«.

Upplesið, staðfest. Ól. G. Eyjólfsson vék af fundi.

Þá komu 3 af bankanefndarmönnum Nd. á fundinn til viðtals, til þess að koma sér saman um, hvernig nefndirnar ættu að starfa að svo miklu leyti sem verkahringur þeirra fellur saman. Mennirnir eru þessir: formaður nefndarinnar Jóh. Jóhannesson, skrifari Benedikt Sveinsson og Jón Jónsson þm. N.-Mýlinga. Samkomulag varð um það að nefndin sneri sér fyrst og fremst að því að rannsaka hag Landsbankans.

Þá voru framlögð tvö skjöl frá Sigurði Hjörleifssyni.

1. Fyrirspurnir til bankastjóra Björns Kristjánssonar (nr. 26).
2. Fyrirspurnir til bankastjóra Björns Sigurðssonar (nr. 27).

Formaður skýrði frá og lagði fram uppkast að bréfi til ráðherra ds. 1. mars (nr. 28) og enn fremur bréf ráðherra ds. í dag (nr. 29).

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Árið 1911 þ. 3. mars átti nefndin fund með sér á sama stað og tíma. Allir á fundi.

Formaður lagði fram:

1. Bréf frá Landsbankastjórunum ds. 2. III. (nr. 30).
2. Bréf til ráðherra ds. 3. III (nr. 31) árd. með áritun ráðherra ds. sama d.
3. Uppkast að bréfi til ráðherra ds. í dag síðd. (nr. 32).
4. Stjórnarráðsbréf ds. 3. mars 1911 (nr. 33).
5. Bréf frá Indriða Einarssyni ds. 3. mars 1911 (nr. 34).
6. Uppkast að bréfi til stjórnarráðsins 28. febr. 1911 (nr. 35).
7. Uppkast að bréfi til ráðherra 3. III 1911 (nr. 36).

Þá komu á fundinn þeir bankagjaldkeri Halldór Jónsson og bankabókari Albert Þórðarson og gáfu svolátandi skýrslu:

Þeir þykjast hafa haft allsherjar umboð framkvæmdarstjóra til þess að kaupa (»framlengja«) víxla án sérstakrar nýrrar útgjaldaskipunar, þegar ekki næðist til bankastjórnarinnar, en víxli lægi við afsögn, er væri lægri en hinn eldri víxill og trygging eigi minni. Þeir bæta því auk þess við, að þeir hafi oftast spurst fyrir um það hjá framkvæmdarstjóra eða þeim gæzlustjóra, er til náðist í síma, og hafi á þann hátt fengið munnlega útgjaldaskipun, eða ætíð er til þeirra náðist.

Þeir fortaka, að þeir nokkru sinni hafi keypt nýjan víxil ɔ: keypt víxil, sem ekki var til greiðslu annars víxils, án skriflegrar útgjaldaskipunar. Að gefnu tilefni getur bankagjaldkeri þess, að skrifleg útgjaldaskipun hafi verið tíðkuð við nýja víxla og ný lán frá því bankinn kom á fót, og mun sú tízka hafa komist á, sumpart vegna herbergjaskipunar í bankahúsunum og sumpart

til leiðbeiningar fyrir gjaldkera um það, hvernig með lánsféð skyldi fara, að svo miklu leyti sem það að einhverju leyti átti að ganga til greiðslu í bankanum sjálfum.

Þeir skýra enn fremur svo frá, að hin fráfarna bankastjórn muni aldrei hafa keypt víxil til lengri tíma en 6 mánaða og hljóti því víxlar þeir, sem hin eldri bankastjórn hefir keypt yfirleitt að vera borgaðir eða framlengdir af hinni nýju bankastjórn, nema nokkrir af þeim víxlum, sem afsagðir hafa verið. Þá rekur ekki minni til, að neinn af þeim víxlum, sem þeir hafi framlengt á framangreindan hátt, hafi tapast, en vilja þó eigi fortaka, að svo kunni að hafa orðið um einhvern þeirra.

Að þar til gefnu tilefni um uppgjörð sparisjóðs bankans skýrir Albert Þórðarson frá því, að rannsóknarnefndin hafi, honum vitanlega, að eins farið yfir eina af höfuðbókum sparisjóðsins af um 30 bókum, og hafi munurinn numið um áramót 1908 og 1909 rúmum 48 kr. og hafi hann skýrt rannsóknarnefndinni frá þessu, en hún hafi eigi fundið það sjálf.

Þeir fullyrða enn fremur, að sparisjóðurinn hafi verið nákvæmlega gerður upp á hverju ári. Þeir bæta því við, að með sparisjóðinn sé nú farið eins og fyrir 22. nóv. 1909 í öllum bókum bankans, að eins sé nú dregið frá eða bætt við í viðskiftabókinni, í hvert skifti, sem úr bók er tekið eða inn er lagt.

Aðspurðir, hve mörgum starfsmönnum hafi verið bætt við síðan 22. nóv. 1909, svara þeir, að 4 hafi verið bætt við, en bankinn hafi líka verið opinn seinni hluta dags, síðan í janúar 1910.

Upplesið, staðfest.

Bankastarfsmennirnir víkja af fundi.

Þá kom fyrv. bankastjóri Tr. Gunnarsson á fundinn eftir áskorun nefndarinnar.

Aðspurður, hvort hann hafi gefið gjaldkera og bókara umboð til þess, að kaupa (»framlengja«) víxla, svarar hann því, að það hafi hann gjört, er víxli lægi við afsögn og hinn nýi víxill væri lægri en hinn eldri, og trygging eigi minni fyrir hinum nýja víxli, þó því að eins, að ekki næðist til neins úr bankastjórninni. Hann bætir því við, að hann hafi aldrei orðið var við, að bankastarfsmennirnir hafi »keypt« nýjan víxil.

Upplesið, staðfest.

Tr. Gunnarsson vék af fundinum.

Þá kom á fundinn skrifstofustjóri Indr. Einarsson.

Hann skýrir svo frá, að hann reki ekki minni til, að hann hafi sagt við Magnús Sigurðsson eða í áheyrn hans, að skýrsla rannsóknarnefndarinnar 16 nóv. 1909 hafi gengið milli ýmsra manna, þar á meðal nokkurra meiri hluta þingmanna, enda man hann eigi til, að skýrslan hafi gengið milli manna.

Upplesið, staðfest.

Indriði Einarsson vék af fundi.

Þá voru upplesnar spurningar þær frá Sig. Hjörl., er framlagðar voru í gær á fundinum (nr. 26 og 27). Var formanni og skrifara falið að afgreiða

spurningarnar til bankastjóranna og biðja þá um, að svara þeim sem allra fyrst og senda svörin form. neðri deildar nefndarinnar.

Fleira eigi fyrirtekið. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 4. mars átti nefndin fund með sér á sama stað kl. 9 árdegis. Allir á fundi.

Fundurinn er aukafundur, haldinn til þess, að taka við framboðinni skýrslu ráðherra um skoðun dönsku bankamannanna, samkvæmt bréfi hans 2. mars og áritun hans á bréfi nefndarinnar 3. þ. m., sem og til að taka við áður umkröfðum upplýsingum af hans hendi. Ráðherra kom á fundinn kl. 9¼.

Formaður nefndarinnar bað »hæstvirtan ráðherra« þrisvar, að gera svo vel og fá sér sæti og tjáði honum, að nú væri nefndin, eins og hann hefði spurt um í bréfi 2. þ. m., viðlátin að hlýða til »er skjalið er lesið fyrir henni« o: »yrði lesið fyrir henni«, en ætlaði sér jafnframt, að spyrja hann ýmsra spurninga. Ráðherra fékst ekki til að taka sér sæti, og heldur ekki til þess, að tala við, eða víkja máli sínu að formanni eða neinum nefndarmanna, en stóð við borðshornið hjá Sigurði lækni Hjörleifssyni, nefndarmanni, sneri sér frá nefndinni, og talaði við hann nokkur orð í lágum róm. Formaður minti ráðherra þá með hógværum orðum á það, að hann bakaði sér ábyrgð samkvæmt ráðherra-ábyrgðarlögunum með því að verða ekki við fyrirmælum 22. gr. stjórnarskrárinnar, um að svara nefndinni, en ráðherra gekk þá af fundi.

Formaður nefndarinnar bar bókun þessa sérstaklega undir hvern nefndarmanna, og tjáðu þeir skrifari nefndarinnar, Sigurður prestur Stefánsson og Ágúst kaupm. Flygenring, hana rétta í öllum greinum, en Sigurður læknir Hjörleifsson óskaði fyrir sitt leyti eftirfarandi bókað: »Að ráðherra hafi að vísu snúið sér til sín, en lýst yfir því, að hann vildi eigi svara munnlegum fyrirspurnum, en vildi gefa skrifleg svör. Beiddist hann þess, að eftir þessu væri tekið, og beindi þá orðum sínum jafnframt til nefndarmannsins Sigurðar Stefánssonar. Sigurður Hjörleifsson benti honum þá á, að nefndarmenn væru saman komnir til þess, að hlýða á skýrslu dönsku bankastjóranna, og kvaðst ráðherra ekki láta á því standa, að hún yrði lesin upp. Skildi Sigurður Hjörleifsson svo, að form. nefndarinnar mótmælti því, að annar læsi skjalið upp en ráðherra sjálfur«.

Formaður lætur þess getið, að hann hafi ekkert í þá átt sagt.

Nefndarmaðurinn Sigurður Stefánsson sat næstur Sig. Hjörleifssyni og gegnt ráðherra, en á hlið við hann, og kveðst eigi hafa orðið var við, að hann nokkru sinni sneri máli sínu til sín í viðtali hans við Sigurð Hjörleifsson.

Þá kom á fundinn konsúll Svía Kristján Ó. Þorgrímsson og gaf svolátandi skýrslu:

Hann kannast við, að hann hafi verið og sé enn útsendingarmaður Stjórnartíðindanna, og segir, að sér hafi verið sent alt upplag af skýrslu lands-

bankarannsóknarnefndarinnar í janúar 1910. Hann segir, að ráðherra hafi komið á heimili sitt sama daginn og honum var sent upplagið, og bannað sér að láta nokkurt eintak af skýrslunni út til bæjarmanna fyr en hann hefði afgreitt hana út um landið með póstum, sem þá voru á leið héðan, og bætir því við, að hún hafi ekki verið látin til bæjarmanna fyr en daginn eftir að póstar fóru.

Framburðurinn var lesin upp fyrir konsúlnum og tjáir hann hann réttan, en bætir við, að hann hafi ekki fengið fleiri eintök af skýrslunni, en framan á er prentað »Viðbætir aftan við Stjórnartíðindin B. 1909«.

Sigurður Hjörleifsson óskar konsúl aðspurðan, hvort hann hafi nákvæmlega farið eftir skipun ráðherra um þetta og getur þess jafnframt, að hann hafi skilið svo framburð eins manns fyrir nefndinni, að hann hafi fengið þessa skýrslu hjá útsendingarmanni áður en póstar fóru.

Konsúllinn kveður skipuninni hafa verið fylgt stranglega.

Upplesið, staðfest.

Að þar til gefnu tilefni út af framburði landritara Kl. Jónssonar lýsa þeir Sigurður Stefánsson og Sigurður Hjörleifsson yfir því, að það hafi aldrei komið til orða á flokksfundum meirihluta þingmanna 1909, að skora á ráðherra að setja rannsóknarnefnd þá í Landsbankann, er skipuð var 26. apríl það ár.

Fleira eigi fyrirtekið. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911, þ. 6. mars átti nefndin fund með sér í Alþingishúsinu kl. 6 síðdegis.

Allir á fundi.

Formaður lagði fram þessi skjöl:

1. Uppkast að bréfi til landsbankastjórnarinnar ds. 2. mars (nr. 37).
2. Uppkast að bréfi til þeirra yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar og verzlunarskólastjóra Ól. G. Eyjólfssonar ds. sama dag (nr. 38).
3. Uppkast að bréfi til bankastjóranna Björns Kristjánssonar og Björns Sigurðssonar (nr. 39).
4. Bréf frá Birni Kristjánssyni bankastjóra (nr. 40).
5. Bréf til ráðherra með áskrift hans og stefnuvotta (Nr. 41).

Þá kom á fundinn bankastjóri Björn Kristjánsson eftir áskorun nefndarinnar.

Aðspurður um, hvort hann reki minni til að hafa komið á heimili Kristjáns Jónssonar háyfirdómara um miðjan október 1909 og gefið í skyn, að til mundi standa að setja bankastjórnina alla af, og jafnframt lýst því yfir, að sér þætti leitt, ef að því ræki, svarar bankastjóri, að hann reki ekki minni til þess.

Aðspurður um, hvort hann hafi lagt nokkuð til um skipun landsbankarannsóknarnefndarinnar, svarar hann, nei.

Aðspurður, hvort bréf rannsóknarnefndarinnar 16. nóv. 1909 hafi verið borið undir hann munnlega eða skriflega, beint eða óbeint, svarar hann, nei, og bætir því við, að hann hafi ekki séð eða kynst bréfinu fyr en það kom út í »Skýrslunni«, að því er hann frekast man.

Aðspurður, hvenær hann hafi fengið vitneskju um, að afsetningin stæði til, svarar hann, að eftir því sem hann muni, hafi hann ekki fengið ákveðna vissu um það fyr en daginn áður, en óákveðinn grun hafi hann fengið um það nokkru áður.

Þá var hann spurður um það, hvort hann hafi ritað nafn sitt undir yfirlýsinguna um ummæli bankamannanna dönsku og honum sýnt skjalið (Nr. 11) og játti hann því, og bætti því við, að hann hafi heyrt bankastjórana dönsku þríendurtaka þar greind ummæli og seinast í stjórnarráðinu hjá ráðherra.

Aðspurður um það, hvort hafi komið til umræðu á fundi flokksstjórnar meiri hluta þingm. öðru hvoru megin við nýár 1910 að setja inn gæzlustjórana í störf sín við bankann, svarar hann því, að hann vísi til gjörðabókar flokksstjórnar um þetta, og sé hún í vörzlum Sigurðar Stefánss.

Upplesið, staðfest.

Þá kom á fundinn háyfirdómari Kristján Jónsson og endurtekur hann skýrslu sína um heimsókn Björns Kristjánssonar hjá sér um miðjan október 1910 og bætir við, að samtal þeirra, sem hann hefir áður skýrt nefndinni frá, hafi átt sér stað í skrifstofu sinni undir rökkur að ókveiktu ljósi og reki hann sérstaklega minni til þess, af því að hann hafi séð þá ráðherra og bankastjóra ganga mikið saman um daginn, og hafi hann búist við, að bankastjóri hafi sagt sér þetta í framhaldi af því samtali.

Bankastjóri tjáist ekki muna eftir þessu.

Upplesið, staðfest.

Bankastjóri og háyfirdómari víkja af fundi.

Þá kom síra Jens próf. Pálsson á fundinn að áskorun nefndarinnar.

Aðspurður gefur hann svolátandi skýrslu.

Hann kveðst hafa verið staddur hér í Reykjavík laust fyrir jólin 1909. Hafi hann þá látið ráðherra í ljósi þá ósk sína, að gæzlustjórarnir yrðu settir inn eftir nýárið og hafi hann skilið ráðherra svo, að svo mundi verða, enda fór hann heim með þeirri von, að svo yrði. Hann tjáist aftur hafa komið hingað inn eftir rétt fyrir nýárið, og þá komið heim til háyfirdómara Kr. Jónssonar og látið honum í ljósi áður greinda von sína. Aftur á móti kvaðst hann ekki muna, hvort hann mætti á flokksstjórnarfundi um nýársleytið (1909—10), en var þó í flokksstjórn. Hann minnist þess ekki, að hann hafi fyrirfram vitað um skipun bankarannsóknarnefndarinnar 26. apríl 1909.

Um afsetning bankastjórnarinnar kvaðst hann hafa vitað kvöldið áður en hún fór fram. Hafi ráðherra þá sagt honum frá því áformi heima hjá sér. Kom prófasti þetta á óvart og lét í ljósi að sér fyndist, að málstaður gæzlustjóranna hlyti að vera betri en framkvæmdarstjóra, og því mundi mega hlífa þeim við afsetningu, þó framkvæmdarstjóra væri frá vikið, ef til þess þyrfti að koma, en ráðherra hefði litið öðru vísi á málið og talið skyldu sína að láta sama ganga yfir alla.

Upplesið, staðfest.
Prófastur víkur af fundi.

Þá komu þeir bankagjaldkeri Halldór Jónsson og Albert bankaritari Þórðarson á fundinn eftir áskorun nefndarinnar.

Að þar til gefnu tilefni frá formanni leggja þeir fram skýrslur um úttekt úr sparisjóði Landsbankans m. m. dagana 27. apríl—1. maí incl. og dagana 22. nóv.—30. nóv. incl. árin 1908, 1909 og 1910 og játuðu þeir hana báðir rétta í öllum greinum (Nd. 42). Halldór Jónsson lætur þess getið, að í tíð Lárusar Sveinbjörnssonar háyfirdómara sem framkvæmdarstjóra hafi framkvæmdarstjóri og gæzlustjórar verið saman í bankanum jafnlangan tíma og á sama tíma daglega og muni þeir þá að jafnaði hafa keypt víxla og veitt lán í sameiningu, en komið hafi þó fyrir, að framkvæmdarstjóri hafi einn keypt víxla og veitt sjálfskuldarábyrgðarlán. En eftir það að framkvæmdarstjóri — undir bankastjórn Tr. Gunnarssonar — fór að vera lengur í bankanum en gæzlustjórar, hafi það opt komið fyrir, að hann keypti einn víxla og veitti ábyrgðarlán.

Albert Þórðarson er samþykkur framburði H. J. um þetta efni fyrir þann tíma, sem hann hefir verið í bankanum.

Þeir kváðust, að þar til gefnu tilefni, hafa farið yfir þá tvo víxlalista, er fylgdu bréfi stjórnarráðsins 1. mars (skjal. nr. 24) og bera það nú eftir nákvæma rannsókn, að allir þeir víxlar, sem á listanum standa, séu borgaðir til fulls eða endurkeyptir af núverandi bankastjórn einu sinni eða oftar, og hafi ekkert tap á þeim víxlanúmerum orðið.

Sigurður Hjörleifsson beinir þeirri spurningu til bankamannanna, hvort þeir ætli, að tap muni verða á víxlum þeim, sem hin nýja bankastjórn hafi keypt til greiðslu á nefndum eldri víxlum, og kváðust báðir bankamennirnir hvorki vilja né geta spáð neinu um það, en Halldór Jónsson lætur þá skoðun í ljósi, að eftir þeirri þekkingu, er hann hafi á viðkomandi víxlaskuldunautum, muni ekki verða tap á víxlum þessum. Upplesið, staðfest.

Bankamennirnir víkja af fundi.

Þá kom á fundinn Ólafur kennari Rósenkranz að áskorun nefndarinnar.

Honum var sýnt gjörðarbókarskjal nr. 12 ódagsett og óstaðsett uppkast til skipunarbréfs rannsóknarnefndarinnar með journal nr. stjórnarr. II. (ad dagbók 2 nr 913) og þykist hann ekki sjá betur en ritHönd sín sé á því. Hann hefir ekki hugmynd um, hvar bréfið er skrifað né eftir hvers fyrirlagi það er skrifað, en kannast að þar til gefnu tilefni við, að hann hafi verið daglegur starfsmaður á skrifstofu Ísafoldar síðan 1903.

Aðspurður, hvort hann hafi nokkuð vitað til þess, að bréfið frá rannsóknarnefndinni 16. nóv. 1909 hafi gengið milli ýmsra manna eða verið borið undir hann, svarar hann, að sér sé það bréf og meðferð á því með öllu ókunnugt. Hann segir, að afsetning bankastjórnarinnar hafi komið alveg flatt upp á sig, hann hafi ekki vitað um hana fyr en hann hafi séð handrit eða próförk af götuauglýsingunni í Ísafoldarskrifstofu.

Upplesið, staðfest.
Rósenkranz vék af fundi.

Þá lagði formaður fram, auk þeirra skjala, sem áður eru nefnd:

Nr. 43. Uppkast að bréfi til bankastjóra Björns Kristjánssonar.
Nr. 44. Þrjú blöð úr stjórnartíðindunum B. bls. 201 og 260 1909 og 55—'6 1910.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 9. mars átti nefndin fund með sér á sama stað kl. 6 síðd. Allir á fundi.

Formaður lagði fram:

1. skjal nr. 45. Svör landritara við fyrirspurnum frá Sig. Hjörl. nefndarm. Rvík 1. mars 1911.
46. Sama frá Jóni Jakobssyni.
47. Sama frá bæjarfóg. Jóni Magnússyni ds. 7. febr. (sic!).
48. Bréf frá bankastjórunum ds. $^{8}/_{3}$—'11 með 2 fylgiskjöl a. og b.

Með því tillaga er komin inn í deildina frá nefndinni um innsetningu gæzlustjórans, sem kjörinn var af efri deild og sams konar tillaga er fram komin í neðri deild og með því önnur atriði málsins eru undir rannsókn nefndarinnar í neðri deild, þá er rannsókn bankamálsins hér í nefndinni slegið á frest um stund.

Þá lagði formaður fram:

Nr. II. 1. Ísafold nr. 88 36. árg.
— II. 2. — — 2 37. —
— II. 3. Bréf frá landsímastjóra Forberg með 8 fylgiskjölum a—h.

Þá kom landsímastjóri Forberg á fundinn að tilhlutun formanns nefndarinnar.

Hann kannaðist við, að bréf nr. 3 með 8 fylgiskjölum væri frá sér og gaf enn fremur svolátandi skýrslur:

Hann tjáist hafa talað við Magnús Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmann um mál það, er bréfið ræðir um, oftar en einu sinni, þar á meðal einu sinni í Austurstræti, að því er hann minnir í maímánuði 1910, og hafi hann þá spurt Magnús Sigurðsson að því, hver væri heimildarmaður hans að því, sem dönsku bankastjórarnir hefðu haft eftir honum í bréfi 3. apríl 1910 og hefði þá Magnús Sigurðsson svarað því, að heimildarmaður hans væri »frá ráðherrahúsinu« (eða »i ráðherrahúsinu«) og hafi jafnframt bætt við, að hann áliti málið lítilfjörlegt og bezt að láta það niður falla, enda dregist á að stuðla til þess, að það yrði leiðrétt með greinarkorni í Ísafold, sem þó aldrei varð. Símastjóri segir, að vegna bréfsins 3. apríl hafi hann skilið Magnús Sigurðsson svo, að hann að líkindum ætti við Björn Jónsson ráðherra. Símastjórinn bætir því við, að það hafi verið meining sín að heimta rannsókn til þess að hreinsa símafólkið af áburðinum, en hafi horfið frá því, þegar honum skildist, að ráðherra ætti hlut að máli, hafi þá talið það »illoyalt«. Símastjóri tjáir sig hafa gert sér fyrirhöfn um það að komast fyrir það, hvort nokkur hefði heyrt

um þetta áður en það kom fram í Ísafold, og spurði meðal annars alt starfsfólkið og ýmsa fleiri um þetta, þar á meðal landritara, lagaskólastjóra, fyrverandi ráðherra Hannes Hafstein o. fl. Hann tjáist muni hafa talað við landritara um málið, en man eigi fyrir víst, hvort hann talaði við ráðherra og Jón Hermannsson skrifstofustjóra um það, og taldi landritari víst og sjálfsagt að hefja rannsókn í málinu, þó eigi væri til annars en »statuera exemplum«. Aðspurður um, hvað af símafólkinu hafi tekið við skeytum dönsku bankastjóranna, þeim er ræðir um í bréfi þeirra 26. des. 1909, svarar hann, að Lára Blöndal hafi tekið við tveim fyrri skeytunum, en Midthun símritari við því síðasta. Símastjórinn bætir því við, að símaskeytin liggi svo á stöðinni, að alt símafólkið (7) eigi aðgang að þeim þann dag sem skeytin berast stöðinni.

Upplesið, staðfest. Landsímastjórinn vék af fundi.

Þá kom á fundinn Magnús Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður að tilhlutun formanns nefndarinnar.

Hann lýsir yfir því, að gefnu tilefni, að hann hafi spurt dönsku bankamennina á líkan veg og haft er eftir honum í bréfi 3. apríl (fundarskjal 3 h), en bætir því við, að hann hafi hvorki haft fyrirspurnarefnið frá ráðherra né nokkrum síma-starfsmanni, en hafi heyrt það í bænum, en man nú ekki, hvar eða frá hverjum.

Aðspurður, hvort hann hafi sagt Forberg landsímastjóra að »heimildarmaður hans væri frá ráðherrahúsinu eða í ráðherrahúsinu«, svarar hann, að það hafi hann ekki sagt, en maður nokkur hafi sagt sér, að kona í ráðherrahúsinu hafi fengið skrifað eitthvað líkt vestan af landi. Eitthvað þessu líkt hafi hann sagt Forberg og muni hér af stafa misskilningur Forbergs.

Upplesið, staðfest. Yfirréttarmálaflutningsmaðurinn vék af fundi.

Þá kom á fundinn ungfrú Guðrún Aðalstein að tilhlutun form.

Hún gaf svolátandi skýrslu:

Hún tjáist ekki geta munað neitt um skeyti dönsku bankamannanna og getur ekki gert sér í hugarlund, hvernig úr þeim hafi frézt.

Upplesið, staðfest. Ungfrúin vék af fundi.

Þá kom símritari Midtun á fundinn.

Framburður hans var nákvæmlega eins og ungfrúar G. Aðalsteins, að öðru en því að hann hafi tekið á móti skeytinu 24. des., og telur það því nær ómögulegt, að sendlar stöðvarinnar hafi náð í skeytin og kynt sér, hvað í þeim stæði.

Fleira eigi fyrirtekið. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 10. mars átti nefndin fund með sér á sama stað kl. 6 síðd. Allir á fundi.

Landritari Klemens Jónsson kom á fundinn til þess að lesa upp fyrir nefndinni skýrslu dönsku bankastjóranna.

Las hann þá upp afrit af skýrslunni Leith 2. jan. 1910., og bréf bankastjóra Landmandsbankans, sem skýrslunni fylgdi. Afrit skýrslunnar var óundirritað og óstaðfest, en landritari kvaðst geta fengið afritið staðfest, ef þess yrði krafist.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 15. mars var fundur haldinn í nefndinni á sama stað kl. 6. e. h.

Allir á fundi.

Landsímastjóri Forberg kom á fundinn eftir ósk hans til þess að bæta við framburð sinn 9. mars.

Gaf hann eftirfarandi skýrslu.

Hann kveðst nú muna, að hann hafi fundið ráðherra að máli upp í stjórnarráðinu nokkru eftir að Ísafold 30. des. 1909 kom út, og hafi þá borist í tal grein Ísafoldar nefndan dag, um uppljóstur á símskeytum dönsku bankamannanna. Tjáist símastjóri hafa lýst fyrir ráðherra, að sér þætti leitt, að slík áskorun væri komin fram í blaðinu, og jafnframt orðað það við hann að fá tekna upp í Ísafold leiðréttingu á þessu, og skildist honum, að ráðherra ekki hafa neitt á móti því. Hins vegar tjáist hann ekki hafa heimtað af ráðherra opinbera rannsókn í málinu.

Að gefnu tilefni kannast símastjóri við, að hann hafi talað um opinbera rannsókn um málið við landritara, en þeim hafi þá komið saman um, að eftir því sem málið horfði við, mundi eigi vera rétt (illoyalt) að halda því áfram, og meinti símastjóri með því, að ráðherra væri riðinn við málið.

Framburður Magnúsar Sigurðssonar um samtal hans við símastjóra var lesinn upp fyrir honum, og heldur símastjóri fyrri framburði sínum föstum, en bætir því við, að fyrir sér vaki, að einhver hafi orðað við sig bréf að vestan, ef til vill hafi það verið Magnús Sigurðsson.

Að gefnu tilefni upplýsir símastjórinn, að Björn Jónsson ráðherra hafi hækkað laun ungfrú G. Aðalstein, þrátt fyrir móttillögu hans. Þau voru þegar Björn Jónsson tók við stjórn, 800 kr., og hækkaði hann þau fyrst, að hann minnir í október 1909, upp í 1000 kr. og 2—3 mánuðum síðar upp í 1200 kr., og tekur hann það fram, að eigi hafi verið hækkuð laun við neitt af símafólkinu í tíð Björns Jónssonar móti tillögum sínum, nema G. Aðalstein eina. Hann bætir því við, að Björn ráðherra Jónsson, þegar umtal varð um laun G. Aðalstein, hafi spurt hver laun símaþjónn, sem rekinn hafði verið af stöðinni hefði haft, og voru það 1200 kr. Hann spurði hann enn fremur, hvort G. Aðalstein hefði eigi sama starf og skyldur eins og hinn burtrekni þjónn og hafði símastjóri játað því, sagt, að hún væri dugleg, og hefði þá ráðherra sagt,

að hún ætti þá að hafa sömu laun, þó kona væri, en símastjóri kvaðst hafa mótmælt því.

Að gefnu tilefni bætir hann því við, að hann hafi síðar skrifað stjórnarráðinu um launahækkun G. Aðalstein að undirlagi ráðherra.

Að gefnu tilefni upplýsir símastjóri, að maður á Akureyri, sem gegnir sömu störfum og G. Aðalstein, Friðbjörn Aðalsteinsson, hafi að eins 1000 kr. í laun, en hann sé yngri við starfið. Og um símakonurnar getur hann þess, að ein hafi 800 kr., hinar 6—700, en símritakonur sé engar aðrar fastar (vagthavende) en G. Aðalstein.

Upplesið, staðfest.

Landssímastjóri vék af fundi.

Þá kom á fundinn Paul Smith verkfræðingur landsímans.

Aðspurður, kveðst hann eigi hafa tekið við símskeytum til dönsku bankamannana og heldur eigi sent skeyti frá þeim.

Að þar til gefnu tilefni skýrir hann frá, að hann við 3. mann, að því er hann minnir fyrir jólin 1909, hafi hitt Halldór Jónsson bankagjaldkera og bankarannsóknin hafi þá borist í tal, og hafi þá einhver af þeim spurt Halldór Jónsson um, hvað dönsku bankarannsóknarmennirnir segðu um bankann, og svaraði hann á þá leið »Udmærket«. Þegar svo bankamennirnir seinna hafi birt yfirlýsingu sína í Ísafold, hafi hann reynt að mynda sér skoðun um hana, og þá hafi sér einmitt dottið í hug orðið »udmærket«, er hann hafði heyrt Halldór Jónsson af tilviljun brúka og litið svo á, að það kynni að hafa borist bankamönnum til eyrna. Og með því að þeir hafi brúkað sama orðið í símskeytum sínum til Danmerkur, hafi sér dottið í hug að þeir kynnu að hafa sett það í samband við skeyti sín, og þannig kastað grundsemd á símastöðina. Að öðru leyti geti hann ekki gert grein fyrir, hvernig þetta orð kunni að vera komið út, en trúir því eigi með nokkru móti, að nokkur símatólksins hafi borið þetta út frá símanum.

Upplesið, staðfest.

Fundarbók lesin. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 17. mars átti nefndin enn fund með sér á sama stað, kl. 6 síðdegis. Allir á fundi.

Formaður lagði fram:

1. Símskeyti ($^{10}/_{3}$) til bankastjóra Jörgensens (Nr. II. 4).
2. Svarskeyti Jörgensens $^{13}/_{3}$ (Nr. II. 5).
3. Uppkast að bréfi til Ólafs Björnssonar ritstjóra og Bjarna Jóhannessonar, Herberts Sigmundssonar og Ágústs Jósepssonar prentara í Ísafoldarprentsmiðju (Nr. II. 6).
4. Sama bréf með áritun stefnuvotta (Nr. II, 7).

Þá kom á fundinn ritstjóri Ólafur Björnsson eftir áskorun formanns og skrifara nefndarinnar.

Formaður byrjaði að leggja spurningar fyrir hann, en ritstjórinn neitaði að svara munnlega, en óskaði eftir að svara skriflega og bætti því við, að hann biði þess að hann yrði skyldaður til þess að svara munnlega, þar sem formaður nefndarinnar hafði lýst því yfir, að hann væri skyldur til þess.

Upplesið, staðfest. Ritstjórinn vék af fundi.

Þá kom á fundinn Bjarni Jóhannesson prentari í Ísafoldarprentsmiðju, sem verið hafði þar rúm 4 ár.

Honum var sýnt blað af Ísafold nr. 88, 36. árg. 30. des. 1909 með grein með fyrirsögninni: »Meiri ráðvendni og drengskapur«. Var hann spurður að, hvort hann ræki minni til, að hann hefði sett þessa grein að meira eða minna leyti, og kvaðst hann ekkert um það muna, og því síður hver hönd hefði verið á greininni.

Þá kom á fundinn Herbert Sigmundsson prentari í Ísafoldarprentsmiðju og hafði hann verið þar í 12 ár.

Honum var sýnt sama blað og spurður að, hvort hann hefði sett ofannefnda grein. Hann kvaðst aldrei setja neinar greinar í Ísafold. Aðspurður, hvort hann þekti höfund greinarinnar, svaraði hann að hann þekti hann ekki.

Aðspurður, hvort honum fyndist ritháttur Björns Jónssonar á greininni og svaraði hann: »Eg veit ekki«.

Upplesið, staðfest. Prentarinn vék af fundi.

Þá kom á fundinn prentari í Ísafoldarprentsmiðju Ágúst Jósepsson og hefir hann verið þar um 6 ár.

Honum var sýnt ofannefnt nr. af Ísafold og var hann spurður um, hvort hann hefði sett ofannefnda grein, rak hann ekki minni til þess, enda kvaðst hann sjaldan setja Ísafold og um höfund greinarinnar vissi hann ekkert.

Upplesið, staðfest. Ágúst Jósepsson vék af fundinum.

Þá kom á fundinn ungfrú Lára Blöndal símritari.

Aðspurð, hvort hún myndi til þess, að hún hefði tekið við skeytinu frá dönsku bankamönnunum, sem rannsökuðu Landsbankann með orðinu »udmærket«, svaraði hún, »nei«.

Hún kvaðst enn fremur geta fullyrt, að hún hefði hvorki viljandi né óviljandi ljóstrað neinu upp, sem í skeytunum hefði staðið, og gat heldur eigi getið sér til, hvernig þetta »orð« hafi getað borist út frá stöðinni.

Upplesið, staðfest. Ungfrúin vék af fundi.

Ár 1911, 23. mars kom nefndin saman á fund í Alþingishúsinu kl. 6 síðdegis.

Allir á fundi.

Formaður lagði fram bréf frá ritstjóra Ísafoldar Ólafi Björnssyni.

1. Bréf d. s. 18. febrúar (sic!), á að vera 18. mars Nr. II, 8.
2. Bréf d. s. 20. mars Nr. II, 9.
3. Spurningar til Ólafs Björnssonar ritstjóra d. s. 17. mars Nr. II, 9.

Formaður lagði þá fram skjöl um leigu á silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli.

1. Bréf frá Gísla Sveinssyni eftir umboði frá J. P. Brillouin ræðismanni Frakka Nr. III, 1.

Varð það að samkomulagi að athuga á næsta fundi skjöl þau, er hér að lúta.

Fleira ekki fyrirtekið.

Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911, þ. 1. apríl átti nefndin fund með sér á sama stað kl. 5.

1. Formaður las upp samning landshöfðingja við feðgana C. D. Tulinius og Th. E. Tulinius d. s. 22. apríl 1895, um leigu á silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli.
2. Formaður las enn fremur upp leigusamning um sömu námu milli stjórnarráðsins og Guðmundar Jakobssonar d. s. 17. júní 1910.
3. Þá las hann upp yfirlýsing um, að Magnús alþm. Blöndahl gangi inn í réttindi Guðmundar Jakobssonar, sem meðleigjandi með áskrifuðu samþykki ráðherra Björns Jónssonar d. s. 30. ágúst 1910.
4. Enn fremur framsal Guðm. Jakobssonar og Magnúsar Blöndahls til Banque Française með áritaðu samþykki ráðherra d. s. 5. des. 1910, samþ. af landsstjórninni 8. des. 1910.
5. Þá bréf frá hæstaréttarmálaflutningsmanni Rée til Th. E. Tulinius d. s. 1. júlí 1910.

Fundi frestað sökum annara starfa.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911, þ. 3. apríl átti nefndin fund með sér á sama stað kl. 6. síðd. Allir á fundi.

Formaður lagði fram þessi skjöl:

1. Nr. III, 2. Samning um leigu á silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli milli landshöfðingja og þeirra C. D. Tulinius og Thor E. Tulinius d. s. 22. apríl 1895.
2. Nr. III, 3. Samningur um sama milli ráðherra og Guðmundar Jakobssonar m. m. d. s. 30. ágúst 1910.
3. Nr. III, 4. Bréf frá consul Brillouin til ráðherra d. s. 16. febr. 1911.
4. Nr. III, 5. Bréf frá sama til ráðherra d. s. 13. mars 1911.
5. Nr. III, 6. Bréf frá Thor E. Tulinius til consuls Brillouins d. s. 13. jan. 1911.
6. Nr. III. 7. Bréf frá stjórnarráðinu til Thor. E. Tulinius d. s. 28. des. 1910 alt í staðfestum afritum.
7. Nr. III, 8. Afrit af bréfi frá hæstaréttarmálaflutningsmanni G. M. Rée, til Thor E. Tulinius d. s. 1. febr. 1910.

Þá lesin upp fundarbók frá síðasta fundi og samþykt.
Nefndin athugaði hin framlögðu skjöl og ræddi málið fram og aftur.
Fundarbók lesin og samþ. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911, þ. 25. apríl átti nefndin enn fund með sér á sama stað kl. 5. síðd.

Allir á fundi.

Sökum annríkis nefndarmanna við nefndarstörf undanfarið, sérstaklega í stjórnarskrármáli og fjárlögum, hefir nefndin ekki getað haldið fundi um skeið, en formaður og skrifari hafa reynt að safna að sér skjölum og skilríkjum í málum þeim, sem nefndin hefir fjallað um og búast má við að hún taki til rannsóknar.

Formaður lagði fram þessi skjöl:

1. III. 9. Bréf stjórnarráðsins til Thor E. Tulinius í Km.höfn dags. 18. júní 1910 og tilkynning til Guðm. Jakobssonar um bréfið.
2. III. 10. Símskeyti frá skrifstofu stjórnarráðsins í Höfn $^{29}/_{6}$ 1910 til stjórnarráðsins og svar þess.
3. III. 11. Bréf stjórnarskrifstofunnar til Th. E. Tulinius $^{30}/_{6}$ 1910.
4. III. 12. Bréf (svar) Tuliniusar d. s. 1. júlí 1910.
5. III. 13. Bréf frá stjórnarráðsskrifstofunni til Th. E. Tulinius d. s. 2. júlí 1910.
6. III. 14. Símskeyti stjórnarráðsins til stjórnarráðsskrifstofunnar og til Magnúsar Blöndahls 4. júlí 1910.
7. III. 15. Símskeyti frá stjórnarráðsskrifstofunni til stjórnarráðsins $^{5}/_{7}$ 1910.
8. III. 16. Símskeyti frá stjórnarráðinu til stjórnarráðsskrifstofunar d. s. $^{6}/_{7}$ 1910.
9. III. 17. Bréf frá stjórnarr. skrifst. til Thor E. Tuliniusar dags. 7. júlí 1910.
10. III. 18. Tilboð Magnúsar Blöndahls og Guðm. Jakobssonar til Zeiss í Jena um að selja og afhenda firmanu silfurbergsbirgðir þeirra og réttindi d. s. $^{27}/_{9}$ 1910.
11. III. 19. Bréf Magnúsar Sigurðssonar fyrir C. Zeiss til Guðm. Jakobssonar og Magnúsar Blöndahls d. s. 27. október 1910.
12. III. 20. Samningur þeirra Magnúsar Blöndahls við Banque Française pour le commerce et l'industrie d. s. 18. október 1910.
13. III. 21. Bréf Thor E. Tulinius til stjórnarskrifstofunnar d. s. 10. des. 1910.
14. III. 22. Símskeyti frá Guðm. Jakobssyni til stjórnarráðsins.
15. III. 23. Skýrsla um silfurberg úr Helgustaðafjalli d. s. 7. des. 1910.
16. III. 24. Bréf frá stjórnarráðsskrifstofunni til Kammeradvokats Aagesen 19. des. 1910.
17. III. 25. Svar Kammeradvokatsins 22. des. 1910.
18. III. 26. Eftirrit af samningi milli Guðm. Jakobssonar, P. J. Torfasonar og Sveins Björnssonar.

19. III. 27. Símskeyti frá nefndinni til Thor E. Tulinius 25. 4. 1911.
20. III. 28. Svarskeyti frá Tulinius 5. 4. 1911.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundarbók lesin og samþ.
Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 1. maí átti nefndin enn fund með sér á sama stað kl. 5 síðd.
Allir á fundi.
Formaður bar upp þá tillögu að nefndin léti prenta gerðabók sína og skjöl þau, er fram hafa verið lögð í nefndinni og var hún samþykt.
Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 2. maí átti nefndin fund með sér á sama stað kl. 5 síðd.
Allir á fundi nema Sigurður Hjörleifsson.
Eftir tilmælum nefndarinnar kom herra Sveinn yfirdómslögmaður Björnsson á fundinn, og fór formaður fram á, að hann svaraði nokkrum spurningum, er hann vildi leggja fyrir hann, en yfirdómslögmaðurinn óskaði að svara spurningunum skriflega og lofaði að gera það fyrir annað kveld.
Upplesið, staðfest. Yfirdómslögmaðurinn vék af fundi.

Þá kom á fundinn trésmíðameistari Guðmundur Jakobsson.
Var honum fyrst sýndur samningur í eftirriti milli þeirra Guðmundar Jakobssonar, P. J. Torfasonar og Sveins Björnssonar ds. 7. febrúar 1910, og kannast hann við, að líkur samningur hafi verið gerður milli þeirra, en ekki gæti hann fullyrt, að hann hafi verið svo orði til orðs. Hann segir, að Sveinn Björnsson hafi gengið úr þessum félagsskap um það leyti, sem hann fór að leita samninga við landsstjórnina um Helgustaðafjallsnámuna. Segir hann, að það hafi þá orðið að samningum milli Sv. Bj. og sín, að Sv. Bj. yrði sinn lögfræðislegi ráðanautur til aðstoðar við þessa samninga og aðra samninga út af silfurberginu, og muni hann hafa greitt Sveini Bj. í því skyni eitthvað á 4. þúsund krónur.
Að gefnu tilefni skýrir hann frá því, að Magnúsi Blöndahl alþm. hafi eignast hlut Páls Torfasonar í félagskap þeim, sem samningurinn frá 7. febr. ræðir um, og þau mannaskifti hafi orðið áður en hann fékk leigurétt að Helgustaðanámunni.
Hann getur þess að gefnu tilefni, að þeir M. Bl. hafi boðið Zeiss í Jena leigurétt þeirra til Helgustaðanámunnar m. m. með bréfi 27. sept. 1910 fyrir 50 þús. kr. og síðar 18. október Brillouin fyrir hönd Banque Française fyrir 55 þús. kr. og hafi þeir gert það til þess að hafa fleiri um boðið, en að tilskildu samþykki stjórnarinnar. Samningurinn við B. Fr. var gjörður 5. des.

1910. Hann segir, að það hafi aldrei komið til orða, að þeir félagar létu nokkuð af söluverði leiguréttarins renna í landssjóð. Söluverðinu 55 þús. kr. hafi verið skift jafnt milli þeirra M. Bl.

Að gefnu tilefni skýrir hann frá því, að Carl Sæmundsen hafi verið fyrir sína hönd við afhendingu Tuliníusar til sín á hálfum Kaupm.hafnarbirgðunum, en fyrir landsjóðs hönd hafi M. Blöndahl alþm. verið og hafi hann (G. J.) undirgengist að borga kostnað þann, sem leiða kynni af þeim erindisrekstri M. Bl., af því að landsstjórnin hafi krafist þess. Hann segir, að afhendingin muni að nokkru leyti hafa farið fram með hlutkesti.

Símskeyti frá Arnesen, Eskifirði, um afhending birgðanna þar, var lesið upp fyrir G. J og viðurkennir hann þar rétt skýrt frá. Sjálfur tjáist hann hafa haft litla þekkingu á silfurbergi.

Hann tjáir þá félaga hafa reiknað sér 45% einnig af þeim birgðum, er þeir tóku við af Tulinius í Kbh. og á Eskifirði.

Hann getur þess, að gefnu tilefni, að hann viti ekki til, að Tulinius hafi selt af helmingi sinna birgða fyr en eftir að Banque Française tók við sölunni. Hann bætir því við, að þeir félagar hafi borgað Ara Jónssyni líkt og Sveini Björnssyni fyrir líkt starf.

Upplesið, staðfest. Guðm. Jakobsson vék af fundi.

Þá kom alþingismaður Magnús Blöndahl á fundinn.

Honum var sýndur áðurnefndur samningur 7. febr. 1910 og kvaðst hann ekkert hafa verið við hann riðinn, en lætur þess getið, að hann hafi keypt réttindi Páls Torfasonar samkv. samningi þessum, en þorir ekki að fullyrða, hvenær það gerðist. Hann tjáist ekki muna, hve lengi hann og þeir Guðm. Jakobsson og Sveinn Björnsson hafi verið í félagi þessu, en það hafi verið stutt. Hann tjáist ekki muna, hvort Sveinn Björnsson hafi gengið úr félagskapnum fyrir, um eða eftir að samningar G. Jakobssonar tókust við stjórnina um Helgustaðanámuna.

Hann kveðst hafa tekið við helming af silfurbergsbirgðunum af Tuliniusi í Kaupm.höfn fyrir stjórnarinnar hönd og fóru afhendingin og skiftin á birgðunum þannig fram, að silfurbergið var flokkað í 4 flokka A., B., C. og D. Hverjum flokki var svo skift til helminga eftir vigt og síðan varpað hlutkesti um helmingana.

Hann skýrir enn fremur frá því, að þeir félagar hafi um sama leyti gefið Zeiss í Jena og Banque Française kost á silfurbergsréttindum sínum. Hann segir, að þeir G. J. hafi samið við landritara um samþykki til framsalsréttindanna og hafi þeir haft í ráðum með sér Svein Björnsson og Ara Jónsson yfirréttarmálafærslumenn og muni hvor þeirra hafa fengið frá þeim á 4. þúsund krónur. Hann segir enn fremur, að aldrei hafi komið til orða að nokkuð af silfurverðinu rynni í landssjóð og þeir hafi talið sig hafa rétt til 45% af birgðum þeim, sem þeir tóku við af Tuliníusi. Hann bætir því við að gefnu tilefni, að í hans hlut hafi komið 27½ þús. kr. af 55 þús. kr. söluverðinu brutto.

Loks skýrir hann frá því, að þeir hafi unnið talsvert silfurberg úr námunni þann tíma, sem þeir höfðu hana.

Að gefnu tilefni kveðst hann hafa heyrt frá Brillouin, að Guðm. Jakobsson hafi fengið aukaborgun fyrir framsalið, en veit engar sönnur á því.

Hann bætir því við, að af nafnsöluverði silfurbergsréttindanna (og Akra) hafi 3000 kr. runnið inn til Brillouins.

Upplesið, staðfest. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ar 1911 þ. 3. maí átti nefndin fund með sér í alþingishúsinu, kl. 5 síðd. Allir á fundi nema Sigurður Hjörleifsson.

Á fundinn kom Ari alþm. Jónson, eftir tilmælum nefndarinnar.

Að þar til gefnu tilefni skýrir hann frá, að hann hafi veitt þeim Magnúsi Blöndahl og Guðmundi Jakobssyni lögfræðislegar leiðbeiningar viðvíkjandi silfurbergsmálinu, og kveðst hann hafa tekið við borgun fyrir starfa sinn, en hve mikla, finnur hann ekki ástæðu til að skýra frá að sinni.

Formaður skýrði frá, að þeir Guðm. Jak. og Magn. Bl. hefðu á nefndarfundi í gær nefnt þá upphæð, sem þeir hefðu borgað A. J. á 4. þús. kr., en alþm. svaraði hvorki af né á.

Aðspurður um það, hvort þær 3800 kr., er hann hefði sent Sveini Björnssyni til útlanda 14. des. 1910, hefðu verið frá Magn. Bl, og G. J. til Sv. Bj., svaraði alþm., að hvorki vildi hann eða gæti svarað þeirri spurningu, og bætti því við, að hann óskaði að svara skriflega þeirri og öðrum spurningum, er fyrir hann kynnu að verða lagðar.

Upplesið, staðfest.

Þá kom Páll kaupmaður Torfason á fundinn að tilmælum nefndarinnar.

Formaður sýndi honum áður umgetið samningseftirrit frá 7. des. 1910 og kvað kaupm. P. T. það rétt eftirrit af hinum upprunalega samningi og bætti hann því við, að þar sem í samningnum sé getið um réttindi til silfurbergsnáma, þá sé aðallega átt við Helgustaðanámuna. Hann getur þess, að G. J. hafi verið hvatamaður að félagskapnum, og hafi þeir orðið ásáttir um að taka Svein Björnsson, son þáverandi ráðherra í félagið, vegna væntanlegra samninga við landsstjórnina. Hann skýrði frá því, að hann hefði gengið úr félagskapnum í maímánuði 1910, enda hafi Guðm. J. flutt sér þau orð frá ráðherra, að samningar væru ófáanlegir hjá ráðherra, ef hann (P. T.) væri í félaginu, en mundi fúslega fást, ef hann léti alþm. Magn. Bl. eftir rétt sinn samkvæmt samningnum, og hafi hann upp úr því afhent M. Bl. nefndan rétt sinn.

Að gefnu tilefni getur hann þess, að þeir M. Bl. og G. J. hafi tjáð sér, að Sveinn Björnsson hafi eigi gengið úr samningi þeim, er stofnað var til 7. febr. 1910, fyr en um það leyti sem M. Bl. gerðist samleigjandi G. J. að Helgustaðanámunni síðast í ágúst sama ár; enda kveðst hann eigi vita til, að Sveinn Björnsson hafi nokkurn tíma gengið úr samningnum nema í orði kveðnu.

Hann lætur þess getið, að landssjóður muni hafa átt í október 1910 32 þúsund pd. af silfurbergi.

Í vörzlum Tuliniusar í Kpmhöfn ...	... 3000 pd.	
- — — á Eskifirði ...	... 9000 —	12000 pd.
- — Guðm. Jak. í Kpmhöfn ...	... 3000 —	
- — — — á Eskifirði ...	... 9000 —	
Tekið upp úr námunni af G. Jak. ...	... 8000 —	20000 —
	Samtals	32000 —

Gerir hann þessi 32000 pd. 576,000 kr. virði og byggir það á meðalverði Tuliniusar um langan tíma, 18 kr. pr. pd. upp og niður af A. B. C. D. Sögusögn þessa byggir hann sumpart á yfirlýsingu úr stjórnarráðinu, sumpart á skýrslum, sem hann hefir aflað sér annarstaðar.

Auk silfurbergs þessa, sem hér er talið, getur hann þess, að hann hafi séð í opinberum prentuðum enskum listum yfir silfurbergsbirgðir að Turnbull nokkur átti miklar silfurbergsbirgðir bæði í Edinborg og London, og teljist sér til, að þessar birgðir geti eigi stafað frá Tuliniusi, borið saman við skilagrein hans til landsstjórnarinnar yfir silfurberg það, sem hann hefir selt árlega.

Hann getur þess enn fremur, að Brillouin hafi sagt sér og fleirum (M. Blöndahl) að hann hefði þurft að borga Guðm. Jak. ásjálegar aukaupphæðir, til þess að afhendingin yrði sem haganlegust fyrir viðtakanda, og muni mjög lítið hafa verið af hinum betri sortum silfurbergsins, og tiltölulega mikið af »D« í silfurbergi því, er þá var afhent. Sumir sögðu, að það hefði verið ósorterað og látið vera komið undir velvild hins útlenda félags, hvort nokkuð að gagni væri í því eða ekki.

Guðm. J. hefir heldur ekki farið neitt leynt með það, að Brillouin hafi flutt mikið af því skársta af silfurberginu í fari sínu merkt honum sjálfum, en ekki Banque Française, og hafa víst báðir sagt satt.

Loks leiðir hann (P. T.) athygli að því, að nú er Helgustaðanáma komin í hendur mönnum, er jafnframt hafa umráð yfir einstakra manna námum, þá sé enn meiri ástæða til að hafa betra eftirlit með námunni (upptektir úr henni og sölu silfurbergsins) af hálfu landstjórnarinnar en áður.

Upplesið, staðfest. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 þ. 4. maí átti nefndin fund með sér á sama stað kl. 5 s. d.

Allir á fundi nema Sig. Hjörl.

Formaður lagði fram:

1. Nr. III, 30. Spurningar til Sveins Björnssonar.
2. — III, 31. Svör Sveins Björnssonar með fylgiskj. a. og b.
3. — III, 32. Uppkast að bréfi til alþm. Björns Jónssonar fyrv. ráðherra þ. 4/5 1911.
5. — III, 35. Bréf Björns Jónssonar d. s. 4. maí 1911.

Fundi frestað.

Fundi haldið áfram á sama stað kl. 6 s. d.
Sömu á fundi.
Lögð fram eftirfarandi skjöl um bankamálið I.

1. I. 49. Bréfsuppkast til Landsbankastjórnarinnar ds. 3 maí 1911.
2. I. 50. Svar bankastjórnarinnar ds. 4. maí 1911.
3. I. 51. Reikningur frá henni yfir laun borguð hinum settu gæzlustjórum ds. 4. maí 1911.
4. I. 52. Umsóknarbréf Björns Kristjánssonar um bankastjórastöðuna með fylgiskj. a—g. ds. 25. sept. 1909.
5. I. 53. Umsóknarbréf Björns Sigurðssonar um bankastjórastöðuna ds. 21. sept. 1909.
6. I. 54 Umsóknarbréf um sama frá Gunnari Havsteen ds. 3. ágúst 1909 með 1 fylgiskj.
7. I. 55. Umsókn um sama frá Halldóri Jónssyni ds. 28. júlí 1909.
8. I. 56. Umsókn um sama frá Jóni Laxdal með fylgiskjölum a—e. ds. 5. sept. 1909.

Þá voru lögð fram eftirfarandi skjöl áhrærandi viðskiftaráðanautinn er auðkennast IV með áframhaldandi nr. 1—17.

1. Skipunarbréf stjórnarráðsins til Bjarna Jónssonar frá Vogi ds. 17. júlí 1909.
2. Erindisbréf sama manns ds. 30. júlí 1909.
3. Bréf stjórnarráðsins til utanríkisráðh. danska ds. 17. des. 1909.
4. Bréf stjórnarráðsins til viðskiftaráðanautsins Bjarna Jónssonar ds. 9. mars 1910 með 3 fylgiskj. (reikningum).
5. Skýrsla ráðanautsins fyrir september og október 1909.
6. — —— — nóvember 1909.
7. — —— um ferð hans til Ítalíu í nóv. 1909.
8. — —— fyrir desember 1909.
9. — —— — janúar 1910.
10. — —— — febrúar 1910.
11. — —— — mars 1910.
12. — —— — apríl 1910.
13. — —— — maí 1910.
14. — —— — júní 1910.
15. — —— — júlí—ágúst 1910.
16. — —— — október—desember 1910.
17. Útdráttur úr fjáraukalögunum 1908—1909, 6. gr. 21 og fjárlögum 1910—1911 16. gr. 23.

Nr. IV. 18. Uppkast að bréfi til konsúls norðmanna hér í bæ $^4/_5$ 1911.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ár 1911 7. maí átti nefndin enn fund með sér á sama stað kl. 11 árdegis.

Allir á fundi.

Framlagt var:

1. Nr. IV. 19. Bréf frá konsúl Thj. Klingenberg. d. 5. maí 1911.
2. Nr. IV. 20. Bréf frá Bjarna Jónssyni til stjórnarráðsins, d. 21. mars 1910 Kristiania (eftir ósk Bjarna).

Þá voru lögð fram 2 skjöl, er snerta Thoremálið og merkt eru V. 1—2.

1. Útdráttur úr fjárl. 1910—1911 13. gr. A.

2. Nefndarálit um þingsályktunartillögu um gufuskipaferðir (á þskj. 140) Ed. þskj. 931, 1911.

Samþykt með 3 samhljóða atkv. að lýsa því yfir, að fjárveitingin til Thore fyrir póstflutning samkv. fjárl. 1910—1911 13. gr. A. sé ólögleg.

Um framlagt nefndarálit voru allir sammála, nema Sigurður Hjörleifsson.

Fundarbók lesin og samþykt.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Fylgiskjöl.

I.

Bankamálið.

1.

Það er hinni háttvirtu efri deild alþingis kunnugt, að eg hefi um allmörg undanfarin ár verið gæzlustjóri við Landsbankann samkvæmt kosningu deildarinnar. Fyrst var eg kosinn gæzlustjóri af hinni háttvirtu deild á alþingi 1897 fyrir tímabilið $^1/_7$ 1898—$^{30}/_6$ 1902, í annað sinn á alþingi 1901 fyrir tímabilið $^1/_7$ 1902—$^{30}/_6$ 1906, í þriðja sinn á alþingi 1905 fyrir tímabilið $^1/_7$ 1906—$^{30}/_6$ 1910 og í fjórða sinn á alþingi 1909 fyrir tímabilið frá $^1/_7$ 1910—$^{30}/_6$ 1914. Í þetta síðasta sinn var eg kosinn með öllum (13) atkvæðum efri deildarinnar, og kosningin fór fram eftir að alþingi hafði samþykt lögin nr. 12, 9. júlí 1909 um breytingu á bankastjórnarfyrirkomulaginu, en eftir þessum lögum eru gæzlustjórarnir óafsetjanlegir, og fella þau úr gildi heimild þá, sem í þá átt var í hinum eldri bankalögum frá 18. sept. 1885.

Það er nú enn fremur hinni háttvirtu deild kunnugt, að ráðherra vék mér úr gæzlustjórastöðunni og rak mig frá Landsbankanum 22. nóv. 1909 og gaf mér að sök óreglu í stjórn minni á Landsbankanum og skort á eftirliti með honum, en engar ákveðnar sakir voru mér gefnar, og eigi var mér gefinn kostur á að svara fyrir mig eða bera hönd fyrir höfuð mér, enda var mér eigi gefið neitt tækifæri til þess að fá að vita, í hverju vanstjórnin og eftirlitsleysið af minni hálfu væri fólgið. Þegar af þessari ástæðu braut frávikningin bág við allar landsstjórnarreglur, er frá alda öðli hafa verið taldar sjálfsagðar hér á landi, sem sé aðallega þá reglu, að dæma engan að óheyrðu máli. En auk þess var frávikningin ólögleg að því leyti, að hún var frávikning fyrir fult og alt, en eigi um stundarsakir, sjá bankalögin 18. sept. 1885, 20. gr.

Nú er bankalögin nr. 12, 9. júlí 1909 gengu í gildi í ársbyrjun 1910, ætlaði eg að taka sæti í stjórn Landsbankans samkvæmt þeim og til þess þar að hafa það eftirlit með bankanum, er efri deild alþingis hafði falið mér með kosningunni, sem áður er um getið. Studdi eg mál mitt við hið beina og ótvíræða ákvæði í 1. gr. nýnefndra laga, þar sem segir: »Í stjórn Landsbankans eru...tveir gæzlustjórar, er kosnir séu sinn af hvorri deild alþingis til 4 ára í senn eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt«. En Landsbankastjórarnir neituðu þá að leyfa mér að taka nokkurn þátt í stjórn bankans og að hafa nokkur afskifti af málefnum hans, og báru fyrir sig úrskurð og skipun ráðherra, og síðan hefir mér stöðuglega verið meinuð öll þátttaka í stjórn bankans. Hins vegar hefir ráðherra sjálfur skipað tvo gæzlustjóra við bankann, en til þess hefir hann að lögum ekkert vald.

Til þess nú að halda uppi rétti alþingis (efri deildar) lét eg fógeta setja mig inn í landsbankann 4. jan. f. á. Fógetaréttarúrskurðurinn veitti mér að-

gang að húsum, bókum og skjölum bankans. Úrskurði þessum áfrýjaði landsstjórn og bankastjórn til yfirdómsins, en þar var hann staðfestur með dómi 25. apríl f. á. Til þess að fá enn ítarlegri úrskurð dómstólanna um *rétt alþingis og rétt minn* höfðaði eg mál fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn Landsbankanum til greiðslu gæzlustjórakaupsins fyrir janúarmánuð f. á., og var mér dæmt kaupið með dómi bæjarþingsins 7. apríl f. á., og þessi dómur, er landsbankastjórarnir áfrýjuðu til yfirdóms, var staðfestur þar með dómi 11. júlí f. á. Allir þessir dómsúrskurðir segja beint og ákveðið, *að eg sé löglegur gæzlustjóri efri deildar alþingis við Landsbankann,* þrátt fyrir frávikningu ráðherra.

Er eg nú hefi tjáð háttvirtri efri deild alþingis framangreinda málavexti, og jafnframt og eg get þess, að landsstjórnin og bankastjórnin hafa eigi enn viljað viðurkenna mig sem gæzlustjóra við Landsbankann samkvæmt kosningu hinnar háttvirtu deildar og áðurnefndum bankalögum frá 1909 og samkvæmt dómsúrskurðum þeim, er fengnir eru um málið, — leyfi eg mér virðingarfylst að snúa mér til hinnar háttvirtu deildar með þá málaleitun:

að deildin geri ráðstöfun til þess að landsstjórn og landsbankastjórn tafarlaust viðurkenni mig sem gæzlustjóra deildarinnar við Landsbankann, svo að eg geti tekið þann þátt í stjórn hans, er mér ber að lögum;

að deildin sjái um, að eg fái gæzlustjórakaup mitt óskert greitt af Landsbankanum, og

að deildin styðji mig til þess að fá endurgoldinn kostnað þann, er Landsbankamálið alt hefir bakað mér, með því að eg í því hefi leitast við eftir mætti að halda uppi rétti hinnar háttvirtu efri deildar.

Reykjavík, 15. febr. 1911.

Virðingarfylst.

Kristján Jónsson,
þm. Borgf.

Til
Efri deildar alþingis.

Nr. I. 3 lagt fram á fundi rannsóknarnefndar Ed. Alþ. 23. febr. 1911.

Stefán Stefánsson.

2.

Stjórnarráð Íslands. Eftirrit.

Reykjavík, 22. nóvbr. 1909.

Með heimild laga 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 20. gr., er yður, herra háyfirdómari og alþingismaður, vikið frá gæzlustjórastöðu yðar við bankann sökum margvíslegrar, megnrar og óafsakanlegrar óreglu í starfsemi yðar í stjórn bankans og frámunalega lélegs eftirlits með honum.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til

hr. háyfirdómara Kristjáns Jónssonar,
R. af Dbr.
Reykjavík.

Rétt eftirrit staðfestir

Í stjórnarráði Íslands, 21. febrúar 1911.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Nr. I. 4 lagt fram á fundi rannsóknarnefndar Ed. alþ. 23. febr. 1911.

Stefán Stefánsson.

3.

Stjórnarráð Íslands. Eftirrit.

Reykjavík, 3. janúar 1910.

Með því að þér, hávelborni herra, hafið lýst því yfir, að þér þótt stjórnarráðið hafi með bréfi, dags. 22. nóvbr. f. á., vikið yður frá gæzlustjórastöðunni við Landsbankann, ætlið yður að mæta í Landsbankanum í dag og taka sæti þar sem gæzlustjóri bankans, þá þykir rétt að tjá yður hérmeð til leiðbeiningar, að stjórnarráðið telur yður þetta óheimilt, þar sem ákvörðun þess

í framannefndu bréfi um frávikning yðar stendur óhögguð, og það ætlar ekki að setja yður inn í gæzlustjórastöðuna aftur.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til

herra háyfirdómara Kristjáns Jónssonar,
R. af Dbg.
Reykjavík.

Rétt eftirrit staðfestir

Í stjórnarráði Íslands, 22. febrúar 1911.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Nr. I. 5 lagt fram á fundi rannsóknarnefndar Ed. 23. febr. 1911.

Stefán Stefánsson.

4.

Afrit

Símskeyti

til stjórnar Landmandsbankans í Kpmh.

Landmandsbanken Kjöbenhavn.

»Har Islands Minister forhört sig Direktionen hvorvidt den vilde betinge fortsat Forbindelse Islands Landsbank Kontroldirektörernes Ikke-Genindsættelse.

Altingets Undersögelskommission.

Bjarnason.

Stefánsson

Símskeyti

til bankamannanna dönsku.

»Bankdirektör Christensen, Frederiksberg.

Ministeren udtaler Altinget De og Bankdirektör Jörgensen har erklæret

ville henstille Landmandsbanken ophæve Forretningsforbindelsen Islands Landsbank, saa fremt Altingsvalgte Kontroldirektörer blev genindsatte.

Deres og Direktör Jörgensens Udtalelse Foregivendets Sandhed önskes snarest, bekræftende Fald Deres Grunde Henstillingen, Selverfaringer eller anden Haands Kundskab.

Altingets Undersögelseskommission.

Bjarnason.

Stefánsson.

Nr. I. 14 lagt fram á rannsóknarnefndarfundi 27. II. 1911.

Stefán Stefánsson.

5.

Símskeyti.

Altingets Undersögelseskommision, Reykjavík.

Nei.

Landmandsbank.

Nr. I. 15 lagt fram á rannsóknarnefndarfundi 26. II; 1911.

Stefán Stefánsson.

6.

Landsbanki Íslands

Telegramadr.: Landsbanki.

Telefon 65.

Reykjavík 27. febr. 1911.

Kostnaður

við rannsókn á hag Landsbankans og Útibúa hans á Ísafirði og Akureyri, greiddur »rannsóknarnefndinni«.

1.	Fyrir rannsókn Landsbankans	kr. 7191.18
2.	Fyrir rannsókn Útbúsins á Ísafirði	— 921.15
3.	Fyrir rannsókn Útbúsins á Akureyri	— 835,40
	Samtals	kr. 8947.73

Landsbanki Íslands.

Björn Kristjánsson. Björn Sigurðsson.

Nr. I. 21. Lagt fram á rannsóknarnefndarfundi e. d. 1. mars 1911.

Stefán Stefánsson.

7.

Eftirrit af bréfi Indriða Einarssonar til stjórnarráðsins, dags. 8. júní 1909.

Fyrir hönd meðnefndarmanna minna og mína eigin vildi eg virðingarfylst fara þess á leit við hið háa stjórnarráð, að okkur væri ávísað 600 kr.— sex hundruð — upp í starfslaun okkar í rannsóknarnefndinni.

Eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til skrifstofustjóra Indriða Einarssonar, dags. 8. júní 1909.

Eftir móttöku bréfs yðar, herra skrifstofustjóri, dags. í dag, er yður hér með send jarðabókarsjóðsávísun fyrir 300 kr. upp í kostnað við rannsókn yðar og samnefndarmanna yðar á hag Landsbankans.

Eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til skrifstofustjóra Indriða Einarssonar, dags. 22. júní 1909.

Hér með er yður, herra skrifstofustjóri, send jarðabókarsjóðsávísun fyrir 300 kr. upp í kostnað við rannsókn yðar og samnefndarmanna yðar á hag Landsbankans.

Eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til skrifstofustjóra Indriða Einarssonar, dags. 3. sept. 1909.

Hér með er yður, herra skrifstofustjóri, send jarðabókarsjóðsávísun fyrir 900 kr. upp í kostnað við rannsókn yðar og samnefndarmanna yðar á hag Landsbankans, sem greiddur er til bráðabirgða af fjárveitingunni í 19. gr. fjárlaganna.

Eftirrit af bréfi formanns rannsóknarnefndar Landsbankans til stjórnarráðs Íslands, dags. 28. janúar 1910.

Hér með leyfi eg mér virðingarfylst, að senda meðfylgjandi reikning yfir kostnað við rannsóknina með 27 fylgiskjölum.

Um leið og eg óska, að eftirstöðvar reikningsins kr. 2191,18 verði mér ávísaðar, skal eg taka það fram, að eg get ekki sent reikning yfir minn kostnað fyrr en eg er kominn heim.

Eftirrit.

Reikningur

yfir kostnað við rannsókn á hag Landsbankans frá byrjun októbermánaðar 1909.

1909.			Fsk.	Debet.	Credit.
Nóvbr.	10.	An. Í bókaverzlun Ísaf. samkv. reikningi	1.	22,90	
	11.	» Jónat. Þorst. samkv. reikn. (leiga á húsg.)	2.	20,00	
	10.	Pr. peningar frá landsstjórninni			1500,00
	11.	An. Bryde samkv. reikn.	3.	8,95	
	»	» Guðm. Gamalíelsson samkv. reikn. ..	4.	30	
Oktbr.	2.	» Sigf. Eymundsson samkv. reikn.	5.	1,75	
	»	» Nic. Bjarnasen samkv. reikn.	6.	0,50	
	»	» Guðm. Olsen do	7.	1,45	
	»	» Bókav. Ísaf. do	8.	90	
	»	» Hotel Ísland: Húsal. fyrir okt.-jan. '10	9 a/d	170,00	
Nóvbr.	10.	» Borgað Karli Einarssyni upp í kaup	10.	200,00	
	»	» » sama upp í kostn. hans	10 A	460,00	
	»	» » Magnúsi Sigurðssyni upp í kaup	11.	200,00	
	»	» » Ólafi G. Eyjólfssyni do	12.	200,00	
	»	» » Benedikt Sveinssyni do	13.	150,00	
	»	» » Jóni Pálssyni do	14.	150,00	
	»	» Bryde samkv. reikn.	15.	1,28	
Desbr.	4.	Pr. Peningar frá landsstjórninni			2000,00
	»	An. Borgað Karli Einarssyni upp í kaup	16.	400,00	
	»	» » Magnúsi Sigurðssyni do	17.	400,00	
	»	» » Ó. G. Eyjólfssyni do	18.	400,00	
	»	» » B. Sveinssyni do	19.	150,00	
	»	» » Jóni Pálssyni do	20.	150,00	
	»	» » Karli Einarss. upp í kostn. hans	20 A	500,00	
	»	» Eftirstöðvar af kaupi nefndarmannanna þriggja		1800,00	
	»	» Eftirstöðvar af kaupi Jóns Pálssonar og B. Sv.	21/22	200,00	
	»	» Fyrir aðstoð við skriftir í janúarm. ...	23/24	90,00	
	»	» Ísaf. bókaverzlun samkv. reikn.... ...	25/27	13,15	
		Mismunur			2191,18
			Kr.	5691,18	5691,18
		Skuld	Kr.	2191,18	

Formaður nefndarinnar Karl Einarsson sendir sinn kostnaðarreikning að heiman frá sér, væntanl. með s/s »Sterling« í næsta mánuði.

Reykjavík 28. jan. 1910.

Karl Einarsson.

Eftirrit.

Reikningur
til Landsstjórnar Íslands
frá Sveini Björnssyni yfirdómslögmanni.

1910.			Kr.	
Ágúst.	An.	Kostnaður við þýðingu skjala málsins: Landsstjórnin og Landsbankinn gegn Kristjáni Jónssyni:		
		1. Þýðingarlaun, 126½ örk á ⁴/₀₀	—	506,00
		2. Vélritaðar 164 arkir á ⁹/₇₅ þýdd 3½ örk á ⁴/₀₀ ...	—	137,00
		3. Þóknun til mín fyrir störf við þýðingu málsins og undirbúning til hæstaréttar	—	200,00
		4. Yfirdómsakt ¹⁵/₀₀ Burðargjald ⁴/₈₀	—	19,80
			Kr.	862,80
		Þar af ber landsstjórninni að greiða helming	Kr.	431,40

Reykjavík, 24. sept. 1910.

Sveinn Björnsson.

Eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til yfirréttarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar, dags. 29. sept. 1910.

Hér með er yður, herra yfirréttarmálaflutningsmaður, send jarðabókarsjóðsávísun fyrir 431 kr. 40 au. til greiðslu á reikningi þeim, dags. 24. þ. m., sem þér hafið sent hingað, yfir kostnað við þýðingu skjala í málinu Landsstjórnin og Landsbankinn gegn Kristjáni Jónssyni.

Nr. I. 23. Lagt fram á rannsóknarnefndarfundi þ. 1. mars 1911.
Stefán Stefánsson.

8.

Eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til Landsbankastjórnarinnar, dags. 1. febr. 1910.

Stjórnarráðið vill eftir atvikum fallast á tillögu heiðraðrar Landsbankastjórnar í bréfi 28. f. m., um að kostnaður af rannsókn á hag bankans, er framkvæmd hefir verið af nefnd þeirri, er til þess var skipuð með bréfi stjórnarráðsins 26. apríl f. á., greiðist að eins að hálfu af fé bankans, þar til alþingi leggur fullnaðarúrskurð á það mál; og er hér með skorað á bankastjórnina að greiða nú í svip formanni nefndarinnar, sýslumanni Karli Einarssyni, upp í sinn hlut (þ. e. bankans) kr. 2191,18, sem er eftirstöðvar af reikningi frá honum, dags. 28. f. m., með því skilyrði, sem bankastjórnin tiltekur í fyrnefndu bréfi.

Nr. I. 24b. lagt fram á rannsóknarnefndarfundi 2. mars 1911.
Stefán Stefánsson.

9.

Sveinn Björnsson Eftirrit.

Reykjavik, 31. mai 1910.

Til Landsstjórnarinnar.

1910.
Mars An. $^1/_2$ þóknun fyrir flutning málsins:
Landsstjórnin og Landsbankinn gegn Kr. Jónssyni $^{250}/_{00}$ 125,00
» $^1/_2$ réttarkostnaður $^{18}/_{50}$ 6,75
Kr. 131,75

Borgað
Sveinn Björnsson.

Eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til yfirréttarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar, Reykjavik, dags. 8. júní 1910.

Eftir móttöku reiknings yðar, herra yfirréttarmálaflutningsmaður, dags. 31. f. m., er yður hér með send jarðabókarsjóðsávisun, að upphæð 131 kr. 75 au., fyrir hálfum kostnaði við flutning málsins: Landsstjórnin og Landsbankinn gegn Kristjáni Jónssyni.

Landsbanki Íslands. Eftirrit.

Reykjavik 8. febrúar 1911.

Kostnaður við rannsókn á útbúum Landsbankans 1910.

1. Kostnaður við rannsóknarferðir til útbúsins á Ísafirði:
a) reikningur Ó. G. Eyjólfssonar, fylgiskjal 1 ... kr. 381,15
b) do sama do 2 ... » 300,00
c) do Magnúsar Sigurðssonar do 3 ... » 240,00
Kr. 921,15
2. Kostnaður við rannsókn á útbúinu á Akureyri:
Reikningur Ó. G. Eyjólfssonar, fylgiskjal 4 » 835,40
Samtals Kr. 1756,55

Landsbanki Íslands.

Björn Kristjánsson. Björn Sigurðsson.

Nr. I. 24. c. lagt fram á rannsóknarnefndarfundi 2. mars 1911.

Stefán Stefánsson.

10.

Stjórnarráð Íslands.

Reykjavík, 3. mars 1911.

Stjórnarráðið hefir 28. f. m. fengið bréf, sem tjáist vera frá bankarannsóknarnefndinni í efri deild, þótt ekki sé undirskrifað af öðrum en formanni nefndarinnar, og er þar spurt um, hvort stjórninni hafi borist kærur yfir Landsbankastjórninni áður en rannsóknarnefndin var skipuð á bankann 26. apríl 1909 eða þá áður en »afsetningin« á bankastjórninni fór fram 22. nóv. s. á.

Við fyrri spurningunni liggur það svar, að eftir bankalögunum þarf enga kæru til »að láta rannsaka allan hag bankans hvenær sem er«, (26. gr. laga 18. sept. 1885), án nokkurrar kæru. En rétt á undan »afsetningunni« 22. nóv. hafði rannsóknarnefndin skýrt ráðherra frá bæði skriflega og munnlega þeim hinum miklu ávirðingum, sem bankastjórnin hafði gert sig seka í og gerði að hans dómi frávikninguna ekki að eins réttmæta og sjálfsagða, heldur »gersamlega nauðsynlega«.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til

rannsóknarnefndar efri deildar í Landsbankamálinu.

Nr. I. 33 framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 3. mars 1911.

Stefán Stefánsson.

11.

Rannsóknarnefnd Ed. alþingis $^{3}/_{3}$ 1911.

Jafnframt því að senda bankastjórninni meðfylgjandi tvo lista yfir víxla þá, er fyrverandi rannsóknarnefnd Landsbankans taldi keypta »án þess að nokkur útgjaldaskipun væri til fyrir þeim frá bankastjórninni eða nokkrum bankastjóranna«, skulum vér mælast til þess að fá sem *allra fyrst* skýrslu bankastjórnarinnar um það.

1. hverjir af þar nefndum víxlum nú eru borgaðir til fulls eða endurkeyptir af núverandi bankastjórn.
2. hvort nokkurt tap hafi orðið á öðrum þar nefndum víxlum og sé svo þá
   a. hve mikið tapið hafi orðið á hverjum víxli og
   b. hvenær (ár og dag) það hafi orðið.

Fylgiskjölin með bréfi þessu, fyrnefndir 2 listar, óskast endursendir með svarinu.

Til

Landsbankastjórnarinnar.

Nr. I. 37. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 6. mars 1911.

Stefán Stefánsson.

13.

Fyrirspurnir

til endurskoðunarmanna Landsbankans.

Frá nefndarmanni Sigurði Hjörleifssyni.

1.

Hefir endurskoðunarmaðurinn borið saman lánsskjöl bankans (víxla, sjálfskuldarábyrgðarlán, fasteignaveðslán, reikingslán og lán til sveitarfélaga og bæja) við bækur bankans og athugað, hvort bankinn ætti þær eignir og að eins þær, sem bókfærðar eru í bókunum?

Hafi endurskoðunarmaðurinn gert þetta, óskast enn fremur upplýsing um, hve oft slík rannsókn hafi fram farið árlega, þegar hann var endurskoðunarmaður.

2.

Hefir endurskoðunarmaðurinn athugað í hvert sinn, hvort útdregin veðdeildarbréf hafi verið strikuð út úr númerabók veðdeildanna, og athugað eða séð um, að veðdeildarbréf, sem eiga að vera í umferð samkvæmt þessum bókum, komi heim við höfuðbók veðdeildanna?

3.

Hefir endurskoðunarmaður, þann tíma er hann gegndi starfinu, sjálfur verið viðstaddur, þegar inndregin og útborguð veðdeildarbréf voru eyðilögð, og athugað með samanburði, hvort rétt bréf hafi verið eyðilögð?

4.

Hefir endurskoðunarmaður fylgst með bréfaviðskiftum bankans, sérstaklega bréfaviðskiftum við útlönd?

5.

Var endurskoðunarmanni kunnugt um, um það leyti er frávikning bankastjórnar fór fram, að verðbréf þau, er Landsbankinn átti hjá Landmandsbankanum í Kaupmannahöfn, voru veðsett Landmandsbankanum, öll eða nokkur hluti þeirra?

Svör undirritaðs.

Um 1.

Iðulega borin saman lánsskjölin við bækurnar jafnótt og þau voru gefin út. Annars ekki borið öll lánsskjöl í einu saman við bækurnar, en endrum og sinnum borið eldri lánsskjöl saman við bækurnar. — Varð ekki var við annað en að allar eignir bankans væri bókfærðar, né vissi til að neitt vantaði af þeim, þó með skírskotun til þess, er eg skýrði nefndinni frá við munnlega yfirheyrslu viðvíkjandi víxlunum.

Um 2.

Eg hafði mjög nánar gætur á veðdeild bankans, og eg hygg, að mér sé óhætt að svara þessari spurningu játandi, en eg man samt ekki svo vel eftir þessu, að eg þori að segja, að eg hafi athugað í hvert sinn, hvort útdregin veðdeildarbréf hafi verið strikuð út úr bókunum, sérstaklega vegna þess, að eg var einatt fjarverandi (t. a. m. tímunum saman erlendis) síðustu árin, er eg var endurskoðandi bankans.

Um 3.

Já, eða maður fyrir mig í fjarveru minni.

Um 4.

Nei.

Um 5.

Virðist ekki ástæða fyrir mig að svara.

Reykjavík, 7. febr. 1911.

Jón Magnússon.

Nr. I. 47, framlagt á rannsóknarn.fundi 9. mars 1911.

Stefán Stefánsson.

14.

Svör

upp á fyrirspurn »Rannsóknarnefndar efri deildar alþingis« til endurskoðunarmanna Landsbankans.

Með þeirri athugasemd, að eg gegndi endurskoðunarmannsstörfum að eins frá janúar—mars 1909 svarast þessum fyrirspurnum þannig:

ad 1.

Nei, ekki þann tíma, sem eg hafði endurskoðun á hendi.

ad 2.

Sömuleiðis nei.

ad 3.

Já, eg hef verið viðstaddur eitt sinn, líklega meðan eg var endurskoðunarmaður, þegar slík bréf voru eyðilögð, og var nákvæmlega athugað með samanburði í það sinn, að rétt bréf væru eyðilögð.

ad 4.

Nei, hef aldrei séð nein bréfaviðskifti bankans, nema við stjórnarráðið,

að 5.

Nei, það vissi eg ekki þá, og veit ekkert um það enn.

Reykjavík, 1. mars 1911.

Kl. Jónsson.

Nr. I. 45 lagt fram á fundi rannsóknarn. Ed. alþ. 9. III. 1911.

Stefán Stefánsson.

15.

Svör

upp á »Fyrirspurnir til endurskoðunarmanna Landsbankans«

Að 1.

Að vísu hef eg eigi borið sjálf lánsskjöl bankans að jafnaði saman við bækurnar, en á síðari árum höfum við endurskoðendur fengið lista hjá ritara bankans yfir öll þau skjöl, sem hér eru nefnd, að víxlum undanteknum, og borið þá saman við bækurnar einu sinni á ári. Reyndar fór sá samanburður eigi fram árið 1909, enda sýndist óþarfur þá, þar sem bæði íslenzk rannsóknarnefnd og danskir eftirlitsmenn fjölluðu um skjöl og bækur bankans, hvort tveggja oftlega í þeirra höndum, þegar til átti að taka, og iðulega enginn staður til í húsinu fyrir endurskoðendur til að vinna verk sitt í.

Hvað fyrirspyrjandi meinar með þeirri spurningu, hvort eg hafi ekk endurskoðað fleiri eignir (»að eins þær &c«.) en þær, sem bókfærðar eru í bókunum, er mér óljóst. »Quod non est in actis non est in mundo« á eigi síður við um endurskoðendur en dómara, enda mér með öllu ókunnugt um, að bankinn hafi átt óbókfærðar eignir.

Að 2.

Nei, en skrá hef eg athugað yfir útdregin og innleyst veðdeildarbréf og borið hana saman við bréfin. Hvað skilið er við »númerabók« veðdeildanna veit eg ekki, með því að margar bækur (milli 10 og 20) eru haldnar yfir bankavaxtabréfin, og allar bera þær númer bréfanna.

Að 3.

Já, eg hef þau 10 ár, sem eg var endurskoðandi bankans, verið við staddur brennu á veðdeildarbréfum og vaxtamiðum, og síðari árin hef eg, að loknum samanburði, innsiglað þau með innsigli mínu og síðan athugað, unz leið og brennan fór fram, hvort innsiglin væru óhreyfð, og hefur það ætíð reynst svo.

Að 4.

Nei, alls eigi að staðaldri, enda ókleift verk og óþarft, heldur einungis þegar endurskoðun reikninganna virtist gefa ástæðu til.

Að 5.

Mér var kunnugt um, að til voru verðbréf, eign Landsbankans, sem lán hjá »Landmandsbanken«. Hitt varðar, að minni hyggju, minstu, hvort þau voru veðsett eða eigi. Eg hef jafnan skoðað varasjóð bankans fólginn í mismuninum milli »activa og passiva« bankans og talið bankastjórninni heimilt að veðsetja bréf sín til uppfyllingar þörfum sínum og kröfum þeim, er þingið sjálft hefir gert og gerir til þessarar stofnunar.

Hins vegar skal þess getið, að ekki var hægt að sjá af bréfaviðskiftum þeim, er mér báru fyrir augu, milli stjórnar Landsbankans og »Landmandsbanken«, að bréf þau væru veðsett Landmandsbanken, sem mest rekistefnan hefur úr orðið.

Reykjavík, 4. dag marsmán. 1911.

Jón Jakobsson.

Til

Landsbankarannsóknarnefndar efri deildar alþingis.

Nr. I. 46 lagt fram á fundi rannsóknarn. Ed. alþ. 9. III. 1911.

Stefán Stefánsson.

15.

Landsbanki Íslands.

Telegramadr.: Landsbanki.

Telefon 65. Reykjavík 8. mars 1911.

Vér sendum rannsóknarnefndinni hér með aftur:

»tvo lista yfir víxla þá, er fyrverandi rannsóknarnefnd Landsbankans »taldi keypta »án þess að nokkur útgjaldaskipun væri til fyrir þeim frá »»bankastjórninni eða nokkrum bankastjóranna««.

Til svars fyrirspurnum rannsóknarnefndarinnar 1. og 2. í bréfi dags. 2. þ. m., leyfum vér oss að vísa til meðfylgjandi skýrslna yfir feril þeirra víxilskulda, sem samþykkjendur fyr umræddra víxla voru með þeim komnir í við bankann, og vonum vér, að rannsóknarnefndin af þessum skýrslum geti séð alt, sem hún vill og þarf um þessar víxilskuldir að vita, því að þær eru gerðar svo nákvæmlega sem unt er, og hefir töluverð vinna verið lögð í þær, og því orðið þessi dráttur, sem orðinn er á framkomu þeirra.

Jafnframt viljum vér taka það fram, að þótt vér höfum keypt víxla til endurborgunar á þessum fyr umræddum víxlum, þá er ekki þar með sagt, að vér í öllum tilfellum höfum talið þá trygga. — Og rannsóknarnefndin getur sjálfsagt af hinum oft örsmáu afborgunum og fjölmörgu framlengingum ráðið í það, að hér er oft um að ræða skuldunauta, sem rétt berjast í bökkum. — En vér höfum talið það minni ábyrgðarhluta fyrir bankastjórnina, og í engu hættulegra fyrir bankann, jafnvel þvert á móti, að veita gjaldfrest á öllum eldri lánum, sem sýnilega hefir verið reynt að standa í skilum með, heldur en að ganga hart að hverri skuld, sem var ekki fulltrygg, þótt ekki hafi verið

unt að fá tryggínguna bætta. — Því að margir skuldunautar bankans, sem sýnilega reyna að standa í skilum, eru komnir í þær kringumstæður, að þeir geta ekki látið í té fulla tryggingu fyrir skuldum sínum.

Og þótt vér höfum keypt víxla til borgunar á þessum víxilskuldum, þá er auðvitað í mörgum tilfellum mjög líklegt, að vér hefðum algerlega neitað kaupum á víxlum þessum, ef skuldin hefði ekki þegar verið stofnuð með líkri eða ekki betri tryggingu.

En ef vér hefðum ekki fylgt þessari vægu reglu, þá hefðum vér orðið að afhenda málafærslumönnum mikinn hluta af ábyrgðarlánum og víxlum bankans til innkröfu og neita að framlengja nema full trygging væri sett, sem vitanlega var víðast ófáanlegt, og má búast við, að af slíkum aðförum hefði stafað svo mikið hrun, að jafnvel alþingi hefði ekki viljað bera ábyrgðina á því, hvað þá bankastjórn.

Landsbanki Íslands.

Björn Kristjánsson. Björn Sigurðsson.

Nr. I. 48 framl. á fundi rannsóknarn. 9. mars 1911.
Stefán Stefánsson.

16.

4. V. 1911.

Hér með skulum vér mælast til þess að fá í dag skýrslu heiðraðrar bankastjórnar um það, hve mikil upphæð hefir verið greidd úr Landsbankanum til manna þeirra, er landstjórnin lét gegna störfum hinna þingkjörnu gæzlustjóra frá því í nóvember 1909 og þangað til yfirstandandi alþingi fékk hinum þingkjörnu gæzlustjórum sæti þeirra í stjórn bankans.

Til stjórnar Landsbankans.

I. Nr. 49. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi Ed. 4. maí 1911.
Stefán Stefánsson.

17.

Reykjavík 4. maí 1911.

Eftir tilmælum yðar, heiðraða rannsóknarnefnd, í bréfi dags. í dag, sendum vér yður hér með skýrslu um laun þau, sem bankinn greiddi mönnum þeim, er gegndu gæzlustjórastörfum í bankanum frá 22. nóvbr. 1909 til 31. mars þ. á., og er skýrslan staðfest af bókara bankans.

Virðingarfylst.
Landsbanki Íslands.
Björn Kristjánsson. Björn Sigurðsson.

Til rannsóknarnefndar efri deildar alþingis.

I. Nr. 50. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi Ed. 4. maí 1911.
Stefán Stefánsson.

18.

Landsbanki Íslands.

Reykjavík 4. maí 1911.

Skýrsla

um laun greidd úr Landsbankanum til manna þeirra, er landsstjórnin lét gegna störfum hinna þingkjörnu gæzlustjóra á tímabilinu frá 22. nóvbr. 1909 til 31. mars 1911.

Magnús Sigurðsson	$^{22}/_{11}$ '09	til	$^{30}/_{11}$ '09	kr.
Karl Einarsson	$^{22}/_{11}$ '09	til	$^{30}/_{11}$ '09	—
Hannes Þorsteinsson	$^{1}/_{12}$ '09	til	$^{31}/_{12}$ '09	— 83,34
Jón Hermannsson	$^{1}/_{12}$ '09	til	$^{15}/_{2}$ '10	— 208,34
Guðm. Helgason	$^{1}/_{1}$ '10	til	$^{15}/_{2}$ '10	— 125,00
Oddur Gíslason	$^{15}/_{2}$ '10	til	$^{31}/_{3}$ '11	— 1125,00
Jón Gunnarsson	$^{15}/_{2}$ '10	til	$^{31}/_{3}$,11	— 1125,00
			Samtals	kr. 2667,68

Að þetta sé rétt samkvæmt bókum bankans vottar

Albert Þórðarson.

I. Nr. 51. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 4. V. 1911.

Stefán Stefánsson.

19.

Eg leyfi mér hér með virðingarfylst að fara þess á leit, að mér verði veitt annað bankastjórastarfið við Landsbankann frá 1. janúar næstkomandi.

Umsókn minni til stuðnings vil eg geta þess, að eg hefi all-fjölhæfa þekkingu á atvinnuvegum þessa lands og viðskiftum, og þekki víða til á landinu, sérstaklega á Suður-, Vestur- og Norðurlandi, þar sem eg hef verið heimilisfastur í þessum þremur landsfjórðungum. Auk þess hef eg ferðast talsvert um Austurland.

Eg hef verið við verzlunarstörf full 26 ár, og átt við vöruskiftaverzlun, kaupfélagaverzlun og viðskifti fyrir peningaborgun.

Erlendum viðskiftum hef eg kynst mikið, þar sem eg hef aldrei haft neinn umboðsmann í útlöndum, heldur annast sjálfur kaup mín og sölu. Sökum þessa kunnugleika á eg hægara með en flestir Íslendingar að koma Landsbankanum í hagkvæm og bein sambönd við þau lönd, er hann þarf að skifta við, sem hlýtur að vera afar-nauðsynlegt fyrir hann og til mikilla hagsmuna.

Hjálögð meðmæli munu sýna, hvers trausts eg hef notið erlendis í mörg ár.

Eg hef verið umboðsmaður hér á landi fyrir útflutnings-sambandið í Saxlandi, varð það 1891, og er nú trúnaðarmeðlimur þess sambands, eins og sjá má á hjálögðu korti.

Auk almennrar verzlunarfræði hef eg í nokkur ár kynt mér sérstaklega bankafræði, og sett mig inn í bankabókfærslu og önnur bankastörf.

Að öðru leyti leyfi eg mér að vísa til meðmæla frá nokkrum mönnum, sem eg leyfi mér að leggja hér með:

1. Frá yfirdómara Halldóri Danielssyni.
2. — Petersen & Steenstrup í Kaupmannahöfn.
3. — C. V. Steenstrup firma í ——
4. — G. Gluuds Sönner í ——
5. — P. W. Rumohr í Hamborg.
6. — Landt & Rickertsen í Hamborg.

Reykjavík 25. september 1909.

Allra virðingarfylst

Björn Kristjánsson.

Til ráðherrans yfir Íslandi.

I. Nr. 52, lagt fram á rannsóknarnefndarfundi 4. V. 1911 með fylgiskjölunum a—g.

Stefán Stefánsson.

Reykjavik d. 15. December 1903.

Idet jeg gjerne imödekommer Deres Anmodning, at udtale mig om Hr. Kjöbmand Björn Kristjanssons Hæderlighed og Forretningsdygtighed, skal jeg herved erklære följende:

Jeg har kjendt Hr. Björn Kristjánsson i 17—18 Aar, först som Kontorist i min Tjeneste, senere som Kæmner og Forretningsdrivende her i Byen. Ifölge det Kjendskab til ham, jeg saaledes har erhvervet, er det min Overbevisning, at han er en fuldt ud hæderlig Karakter. Ligesom han udförte sit Arbeide i min Tjeneste til min fulde Tilfredshed, saaledes har han ogsaa med Troskab og Dygtighed udfört de hans som Byens Kæmner paahvilende Pligter, og det var med Beklagelse, at jeg i sin Tid modtog hans Opsigelse af dette Hverv, Med Hensyn til Hr. Kristjanssons private Forretningsforhold, saa er jeg vel ikke nöje kjendt med disse, men tror dog at kunne sige, at han har lagt et ikke ringe Forretningstalent for Dagen, idet han, der begyndte med ringe Midler, har arbeidet sin Forretning op, saaledes at den nyder almindelig Tillid som solid og i enhver Henseende paalidelig.

Deres ærbödige

Halldór Danielsson
Byfoged.

ad I Nr. 52, a.

Petersen & Steentrup.

Köbenhavn, K. d. 5. December 1903.

I Henhold til Deres Æ. Forespörgsel af D. D. have vi herved den Fornöjelse at meddele Dem, at vi nu i 20 Aar have staaet i Forretningsforbindelse med Hr. Althingsmand, Kjöbmand Björn Kristiansson i Reykjavik, og i denne Aarrække have lært ham at kjende som en fuldtud hæderlig Karakter og som en dygtig stræbsom Forretningsmand, der ved ærligt Arbejde og streng Retskaffenhed har arbejdet sig op fra en ringe Position til sin nuværende velansete.

Med Höjagtelse

Ærbödigst

Petersen & Steenstrup.

ad I. Nr. 52, b.

C. V. Steenstrup.

Kjöbenhavn, K. d. 5. Decbr 1903.

I Besvarelse af Deres Forespörgel tjener:

Undertegnede, som har kjendt Hr. Björn Kristiansson, Reykjavik, fra Aaret 1878, og har staaet i Forretningsforbindelse med ham i ca. 20 Aar, kan udtale, at han, over for mig, har vist sig som en fuldt ud paalidelig og dygtig Mand, ogsaa paa Forretningsomraadet, ligesom de Oplysninger, jeg har andetsteds fra, ere særdeles gunstige.

Deres ærbödigst

C. V. Steenstrup.

ad I. 52, c.

G. Gluuds Sönner.

Kjöbenhavn 7. Decbr. 1903.

I Henhold til Deres Forespörgsel tillade vi os at meddele Dem, at vi have handlet med Herr Björn Kristiansson, Reykjavik, i mindst 18 Aar og kjende ham, som en dygtig, paalidelig og retskaffen Forretningsmand. Da Herr Kristjansson, saa vidt vi huske, hvert Aar har været her i Byen, have vi lært ham personlig nöje at kjende, og skatte ham, som en hæderlig Mand, hvis pekuniære Forhold ere gaaede betydeligt frem i de mange Aar.

Med Höjagtelse

pp. G. Gluuds Sönner

L. Gluud.

ad I. 52, d.

P. W. Rumohr.

Hamburg, 10. Decbr. 1903.

Auf Ihre ew Anfrage erwidere ich Ihnen, dass ich mit Herrn Björn Kristjánsson, Reykjavik, schon seit dem Jahre 1891 in recht angenehmen, geschäftlichen Verkehr stehe.

Seine geschäftliche Tüchtigkeit habe ich oft Gelegenheit gehabt, mich von solcher, durch seine vielseitige Sachkenntnisse, andauernden Fleiss & praktischen Sinn, zu überzeugen. Mein jährlicher Umsatz mit Herrn Bj. Kristjánsson beziffert sich auf ca. 120.000 Mk. & sind es häufig Einzelnbeträge bis zur Hälfte dieses Umsatzes, welche ich ganz seinen Händen anvertraue. In kritischen Fällen hat K. meine Rechte & Interessen vertreten & zur vollen Zufriedenheit durchgeführt.

Seine Gewissenhaftigkeit, strenge Reellität gepaart mit seinem mannigfachen, praktisch angewandten Wissen & ein gefälliges Wesen macht mir die Verbindung mit Herrn B. Kristjánsson zu einem, wie schon gesagt, recht angenehmen Verkehr.

Hochachtungsvoll

P. W. Rumohr.

ad I, 52, e.

Export-Verein im Königreich Sachsen

unter dem

Protektorate Sr. Majestät König Friedrich August von Sachsen.

Mitglieds-Karten Nr. 148.

für Herrn Björn Kristjansson
(als Vertrauensmann des Exportverein, Dresden)
in Reykjavik, Island.

Dresden, am 1. Juli 1909.

Der Vorstand des Export-Vereins im Königreich Sachsen.

Herm. Vogel	E. Robert Böhme
Vorsitzender.	Stellvertr. Vorsitzender.

Gültig für 1909–10.

ad I, 52, f.

Landt & Rickertsen.

Hamburg 14, den 23. Juli 1909.

Herr Björn Kristjánsson, Reykjavik, med hvem vi har staaet i behagelig udstrakt Forretningsforbindelse i ca. 15 Aar, glæder det os at kunne anbefale som en i enhver Henseende, paalidelig, energisk og dygtig Köbmand.

Herr K. har stedse punktlig opfyldt sine Forpligtelser og kan efter vort Omdömme trygt indrömmes enhver af ham forlangt Kredit, da han næppe paatager sig mere end hvad han bestemt ved at kunne udföre.

Vi har lært Herr Kristjánsson at kende som en sjælden begavet og hæderlig Mand med særdeles klart Blik og Kendskab paa alle merkantile Omraader.

Landt & Rickertsen.

ad I. 52, g.

20.

Björn Sigurðsson.

p. t. Reykjavík, 21. sept. 1909.

Hér með leyfi eg mér virðingarfylst að sækja um aðra bankastjórastöðu þá við landsbankann í Reykjavík, sem veita á frá n. k. nýjári að telja, samkvæmt auglýsingu dagsettri 5. ágústm. s. l.

Með tilliti til ýms undirbúnings, er eg þarf að hafa, ef mér verður veitt staða þessi, vil eg virðingarfylst mega mælast til þess, að mér verði símuð úrslitin hið fyrsta eftir að veiting fer fram. Kostnað við það greiðir herra konsúll Ásgeir Sigurðsson í Reykjavík fyrir mig.

Virðingarfylst

Björn Sigurðsson
stórkaupmaður.

Til stjórnarráðs Íslands, Reykjavík.

I. Nr. 53, framl. á rannsóknarnefndarfundi 4. V. 1911.
Stefán Stefánsson.

21.

Eg undirritaður leyfi mér hér með að sækja um bankastjórastarfið við Landsbanka Íslands, sem er laust frá næsta nýári.

Eg skal geta þess, að eg hefi nú á 15. ár verið starfsmaður í »Landmandsbanken« í Kaupmannahöfn, síðustu 7 árin sem »Fuldmægtig«, og leyfi mér jafnframt umsókn þessari að senda meðmælaskjal frá yfirbankastjóra við »Landmandsbanken« Gehejmeetatsraad Is. Glückstadt. Það skjal bið eg um, að verði sent mér aftur.

Kaupmannahöfn, 3. ágúst 1909.

Virðingarfylst

G. Hafstein.

Til ráðherra Íslands.

I. Nr. 54, framl. á rannsóknarnefndarfundi 4. V. 1911 með 1 fylgiskjali.
Stefán Stefánsson.

Den Danske Landmandsbank Hypothek- og Vekselbank Aktieselskab
Direktionen

Kjöbenhavn, den 3/8 1909.

Fuldmægtig Gunnar Havstein har været ansat hos os i snart 15 Aar.

Han blev i sin Tid ansat her paa Foranledning af hans Onkel, Bankdirektör Tr. Gunnarsson, med den Tanke for Öje, at han ved Onkelens Fratræden fra Islands Landsbank skulde kunne være saa uddannet i Banklaget, at han kunde overtage dennes Stilling.

Da Fuldmægtig Havstein nu söger den ledigblivende Post som Direktör for nysnævnte Bank, er det os en særlig Glæde paa det bedste at kunne anbefale ham hertil, idet det er vor Overbevisning, at han i særlig Grad — dels paa Grund af hans Födsel og dels paa Grund af hans Uddannelse med dette Maal for Öje — vil være skikket til dette Hverv.

Fuldmægtig Havstein har her i Banken haft Lejlighed til at sætte sig ind i alle en Banks Forretninger, og han har til enhver Tid rögtet sin Gerning til vor fulde Tilfredshed.

Vi föle os forvissede om, at Islands Landsbank vil kunne være vel tjent med at erholde Fuldmægtig Havstein til Direktör, og vi önske at udtale, at det kun vil være med Beklagelse, at vi ville se ham forlade vor Bank.

I. Glückstadt.

Ad I. Nr. 54.

22.

p. t. Edinborg 5. sept. 1909.

Eg leyfi mér hér með virðingarfylst að sækja um aðra bankastjórastöðuna við Landsbankann í Reykjavík, sem samkvæmt auglýsingu stjórnarráðsins verður veitt frá 1. janúar n. k.

Eg legg hér með:

Meðmæli frá hr. S. Chr. Knudtzon, bankastjóra við Þjóðbankann í Danmörk.
— — » hr. Leonh. Tang stórkaupm. í Khöfn.
— — » The Nationalbank of Scotland Ltd.
— — » hr. Ásgeir Sigurðssyni konsúl, Rvík.
— — » hr. J. Gunnlögssyni stórkaupm., Höfn.

Að öðru leyti skal eg leyfa mér að taka fram, að eg hefi verið við verzlun síðan eg var 13 ára gamall. — Fyrstu 6 árin var eg við Gudmanns verzlun á Akureyri, því næst var eg 11 ár bókhaldari, eitt á Blönduósi og 10 ár við verzlanir P. C. Knudtzon & Söns í Keflavík og Reykjavík, og loks var eg 12½ ár forstjóri verzlunar Leonh. Tangs á Ísafirði.

Það er á vitorði allmargra, að þegar eg hætti forstöðu Tangs verzlunar, var mér boðin forstaða einnar stærstu og umfangsmestu verzlunar landsins.

Á seinni árum hefi eg leitast við að kynna mér bankastörf, bæði heima og erlendis. Var eg í því skyni, að öðru hvoru, við útbú Landsbankans á Ísa-

firði sl. vetur, og kynti mér til fullnustu öll störf þess og bókfærslu. Í vor sigldi eg til að afla mér frekari fræðslu í bankamálum og hefi eg nú í nær því 3 mánuði unnið í Þjóðbankanum hér, en hann er álitinn fyrirmynd annara banka í öllum greinum.

Er nú ásetningur minn, ef mér verður veitt staðan, að fara héðan til Danmerkur og Þýzkalands, til þess að kynna mér bankastörf þar. Ef hæstv. stjórnarráð óskar, að eg kynni mér þar eitthvað sérstaklega, er að bankastörfum lýtur, er eg fús til þess.

Verði mér veitt staðan, umbiðst veitingarbréfið sent herra alþingismanni Birni Kristjánssyni í Reykjavík.

Jón Laxdal.

Til
stjórnarráðs Íslands.
Reykjavík.

I. Nr. 55, framl. á rannsóknarnefndarfundi 4. V. 1911 með fylgiskjölum a—e.
Stefán Stefánsson.

Hr. Konsul John Laxdal var i Aarene 1885 til 1895 ansat som Bogholder ved mit Firmas Handelsteder paa Island.

Jeg mindes fra den Tid Hr. Laxdal som en elskværdig og dygtig Mand, der med Flid og Paapasselighed udförte sin Gerning, og jeg giver han derfor med Glæde min Anbefaling, om den skulde gavne ham til Opnaaelse af den Plads, han söger.

Kjöbenhavn, 6. Juni 1909.

S. Chr. Knudtzon.
Nationalbankdirektör.

Ad I. Nr. 55, a.

Herr Jon Laxdal, der har været Handelsbestyrer paa mit Handelsetablissement paa Isafjord, Island, fra Aaret 1896 til 1. Juli 1908 har anmodet mig om en Anbefaling.

Da jeg har bragt i Erfaring, at Herr Laxdal mulig vil söge om en Direktörpost i Landsbanken i Reykjavik, kan jeg med Sikkerhed udtale, at Herr Laxdal er en overordentlig dygtig Korrespondent og Bogholder, samt i Besiddelse af administrativ Dispositionstalent, samt at han igennem de mange Aar, han har været við Handelen paa Island, har erhvervet sig en Uddannelse og Kjendskab til Forretningsfolk deroppe, der særlig gör ham skikket til at kunne varetage Stillingen som handelskyndig Medlem i en Bankbestyrelse og giver jeg ham gerne denne Anbefaling.

Köbenhavn den 9. Juni 1909.

Leonh. Tang.

Ad I. Nr. 55, b.

The National Bank of Scotland Limited.

Edinburgh 3rd September 1909.

We have pleasure in stating that Mr. Jon Laxdal, of Isafjord, who has been resident in Edinburgh during the past three months, has had full opportunities of practically studying the system of Scottish Banking as carried on in this Bank. He has applied himself with much diligence and intelligence to the various matters engaging his attention, and it would give us pleasure to know that he had been successful in obtaining a Banking appointment in his own Country such as that for which he is a candidate.

Geo K. Hart.
Secretary.

Ad I. Nr. 55, c.

Reykjavik 19. ágúst 1909.

Herra Jón Laxdal R. af Dbr. hefir sagt mér, að hann hafi í hyggju að sækja um aðra bankastjórastöðuna við Landsbankann í Reykjavik.

Hr. Jón Laxdal er mjög vel kunnugur verzlunar- og fjárhagslegum högum landsins og hefur í seinni tíð gert sér mikið far um að kynna sér bankamál bæði hér á landi og í Skotlandi. Hann er að mínu áliti mjög hæfur maður í þessa stöðu.

Ásgeir Sigurðsson.

Ad I. Nr. 55, d.

Kjöbenhavn, d. 3. Sept. 1909.

Herra konsúl Jón Laxdal hefi eg þekt í mörg ár og hefi mikið og gott álit á honum. Hann var í mörg ár forstöðumaður fyrir verzlun Leonh. Tang á Ísafirði, og var sú verzlun á þeim árum með stærstu og álitlegustu verzlunum á Vesturlandinu. Hann hafði almenningsálit á sér fyrir dugnað og skyldurækni og var jafnan í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar og kosinn í ýmsar aðrar nefndir, og sýndi það, að menn höfðu gott traust til hans.

Eg álít, að herra Jón Laxdal hafi góða kosti til að bera til þess að vera bankastjóri á Íslandi, bæði er hann vel kunnugur íslenzkri verzlun yfir höfuð, er mjög áreiðanlegur og réttsýnn í öllum viðskiftum og hefir nú í sumar kynt sér bankastörf á Skotlandi.

Jakob Gunnlögsson
stórkaupmaður.

Ad I. Nr. 55, e.

23.

Eg leyfi mér hér með virðingarfylst að sækja um annað af þeim bankastjóraembættum, er stofnuð eru við Landsbankann samkvæmt lögum þeim, er konungur vor hefir staðfest hinn 9. þ. m.

Reykjavik 28. júlí 1909.

Halldór Jónsson
féhirðir Landsbankans.

Til
stjórnarráðs Íslands.

I. Nr. 55, framlagt á rannsóknarnefndarfundi 4. V. 1910.
Stefán Stefánsson.

II.

Símskeyamálið.

1.

Landsímastjórinn.

—— Reykjavík 25. febrúar 1911.

Bréf símastjóra með 8 fylgiskjölum.

Herra alþingismaður Lárus Bjarnason,
formaður rannsóknarnefndar í landsbankamálinu o. fl.
Reykjavík.

Samkvæmt kröfu yðar, herra formaður, og eftir úrskurði stjórnarráðs, sendi eg hjálagt bréfaviðskifti milli bankarannsóknarmannanna dönsku, herranna bankastjóra C. Christensen og Chr. Jörgensen, og mín, viðvíkjandi ásökun í síðasta tölublaði Ísafoldar 1909, um rof þagnarskyldu og að skýrt hefði verið frá símskeytum, sem herrarnir Christensen og Jörgensen sendu héðan til Danmerkur.

Fskj. nr. 1 kom til mín daginn eftir að bankastjórarnir voru farnir, sendi eg þá símskeyti til Danmerkur, fylgiskjal nr. 2, og setti svar í Ísafold 4. janúar, fskj. 3. Þetta svar mitt í Ísafold kom því til leiðar, að í næsta eintaki blaðsins kom grein, sem í raun og veru endurtók ásakanirnar.

Svar upp á skeyti mitt er bréf, fskj. nr. 4, sem eg svaraði aftur, fskj. nr. 5. Svar upp á það fylgiskjal nr. 6.

Þar eð nú viðkomandi menn, sem bankastjórarnir höfðu skrifað, ekki komu til mín, — eg beið eftir því í hálfan mánuð, — skrifaði eg eftir upplýsingum um heimildarmenn, fskj. nr. 7. Svar bankamannanna fskj. nr. 8.

Snemma í aprílmánuði sneri eg mér á skrifstofuna til Magnúsar Sigurðssonar lögmanns viðvíkjandi málinu og bað hann, með því að nefna heimildarmann sinn, að hjálpa mér til að finna þann, sem ljóstrað hefði upp skeytinu, ef það væri einhver af símaþjónunum, eða ef svo væri ekki, að hreinsa starfsfólk landssímans í Reykjavík af sakaráburði þessum. Herra M. Sigurðsson kannaðist við að hafa fengið bréf frá bankamönnunum, samkvæmt fskj. nr. 6, en hann vildi ekki nefna heimildarmann sinn, fyr en hann hefði talað við viðkomandi og fengið leyfi hans til þess. Ætlaði hann svo að láta mig vita um þetta innan fárra daga.

Eg hitti herra M. Sigurðson oft án þess að fá nokkuð ákveðið svar, en að lokum sagði hann mér þó, að heimildarmaður hans væri »frá ráðherrahúsinu« eða »í ráðherrahúsinu« og áleit hann heppilegast að fara ekki frekara út í þetta mál; við töluðum um, að í Ísafold ætti að koma grein um, »að skeytauppljóstrun sú, er skrifað hefði verið um, hefði að eins verið misskilningur, og að starfs-

menn landssímans hefðu ekki sagt frá innihaldi nefndra símskeyta«; en slík grein kom aldrei.

Eftir þetta átti eg ekki annars úrkosta en að snúa mér til ráðherrans, en þar eð ráðherrann, þrátt fyrir beiðni dönsku bankastjóranna um að nefna mér, hvaðan hann hefði fengið að vita innihald símskeytanna, — svo að þannig mætti komast fyrir, hver breytt hefði út orðróminn eða sagt frá skeytinu, — þó ekki sá sér fært að gera þetta, heldur lét ásökun þessa, sem borin var fram opinberlega, hvíla á ríkisstofnun, varð eg að álíta, að hann hefði ástæður fyrir því. Eg áleit þá, og geri enn, að eins og þá stóð á, hefði verið órétt, »illoyalt«, af mér að halda málinu lengur áfram.

I. Þar eð nefnd símskeyti, strax eftir að tekið var á móti þeim á símastöðinni hér, voru send með ritsíma beint til ritsímastöðvarinnar á Seyðisfirði og þaðan til Englands,

II. Þar eð þannig ekkert tækifæri hefir verið fyrir nokkra talsímastöð á landinu að heyra skeytin í talsíma, og

III. Þar eð eg enga ástæðu hef til að gruna símafólkið hér um rof á þagnarheitinu (það er alt fúst til að staðfesta með eiði að hafa engu sagt frá viðvíkjandi þessum skeytum), verð eg að halda því fast fram — meðan ekkert annað sannast — að »uppljóstrunin«, ef þetta getur nefnst svo, er ekki að kenna neinum af starfsfólki landssímans.

O. Forberg.

Nr. II, 3 framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. alþingis 9. III. 1911.
Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal 1.

p. t. Reykjavik, 26. Decbr. '09.

Til
Bestyrelsen for Islands Telegrafvæsen
Reykjavik.

Vi tillade os herved at rette en ærbødig Anmodning til det ærede Telegrafvæsen om, at der maa blive iværksat en Undersögelse af, hvorledes det har kunnet ske, at Indholdet af de af os afsendte Telegrammer er kommen til Udenforstaaendes Kundskab, idet det i Telegrammerne brugte Ord »Udmærket« er bleven kendt af andre uden at vi selv til nogensomhelst har meddelt Telegrammernes Indhold.

Vi forvente os Undersögelsens Resultat meddelt under Adresse til en af os.

Telegrammerne var afsendte:
Den 14. ds. til Christophersen, Gammelstrandvej 13. Helsingör og
Den 16. & 24. ds. til Bankdirektör Jörgensen, Fredericia.

Ærbödigst

Chr. Simonsen.
Bankdirektör Fredericia.

C. Christensen,
Bestyrer af Landmandsbankens Frederiksberg Afdeling, Kjöbenhavn.

Nr. II, 3 a. Framlagt á fundi rannsóknarn. Ed. 9. III, 1911.
Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal 2.

Afskrift.

Landssímastjórinn.

3/1. '10 Tjenestetelegram.

Bankdirektör C. Christensen.

Landmandsbanken Kjöbenhavn.

Velvilligst postsæt Ceres nærmere og mest mulig bestemte oplysninger angaaende i bladet Isafold offentliggjorte erklæring fra dhrr. bankdirektörer hvori telegrafen beskyldes for at have röbet deres telegrammer for at undersögelse snarest kan iværksættes.

Forberg.

Nr. II. 3. b. framl. á fundi rannsóknarn. Ed. 9. III. 1911.
Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal 3.

Eftirrit.

Landssímastjórinn.

Ritstjóri Ísafoldar!

Viljið þér gera svo vel, herra ritstjóri, að taka inn í fyrsta blað yðar eftirfylgjandi:

Í síðasta blaði Ísafoldar er það borið upp á starfsmenn landssímans í Reykjavík, að einhver þeirra hafi rofið þagnarskyldu sína og skýrt frá símskeytum, er bankastjórarnir Jörgensen og Christensen hafi sent héðan til Danmerkur. Þrátt fyrir það, þótt grein Ísafoldar fylgi yfirlýsing um þetta frá nefndum bankastjórum, þori eg að staðhæfa, að þetta er bygt á leiðum misskilningi, Það hefir ekki verið sagt frá innihaldi þessara símskeyta, og ekki heldur er sagt frá innihaldi neinna annara símskeyta, sem landsímanum eru fengin til afgreiðslu með ritsíma, Eg get ímyndað mér, að sögusögn sú um uppljóstrun, sem væntanlega hefir borist bankastjórunum til eyrna, hafi myndast á annan hvorn þann hátt er hér segir: Annaðhvort hefir einhver símanum óviðkomandi verið viðstaddur í almenningnum, og af tilviljun eða viljandi séð þetta eina orð »udmærket«, sem bankastjórarnir hafa látið uppskátt, um leið og símskeytið var skrifað eða afhent símaþjóninum — bankastjórarnir skrifuðu oftast skeyti sín á stöðinni — en sá hinn sami hefir ekki séð, að skeytið var stílað til ættingja sendanda, en haldið sig hafa komist á snoðir um eitthvað merkilegt, eða þá að orð, sem bankastjórarnir létu falla, rétt eftir að þeir komu, um bækur bankans eða bókfærslu hafa breyzt þannig við að ganga frá manni til manns, að bankastjórarnir sjálfir ekki könnuðust við þau eins og þau voru orðin, og saka svo starfsmenn landssímans í athugaleysi um brot á þagnarskyldu. Þessi umræddu orð bankastjóranna um bækur bankans eða bókfærslu hafa víst áreiðanlega verið töluð, því einn af starfsmönnum bankans skýrði mér frá þessum orðum án tilefnis frá minni hálfu.

En þar eð eg naumast get ímyndað mér, að slíkir menn sem þessir bankastjórar geti sett fram svo alvarlegan sakaráburð, sem þeir hér hafa komið með, nema þeir álíti sjálfir, að þeir hafi nokkra ástæðu til þess, hef eg skrifað bankasjórunum og krafist þess, að þeir létu uppi ákveðið, hvað eða hvern þeir meina, og skal eg þá seinna leyfa mér að víkja aftur að þessu efni.

Reykjavík 4. janúar 1910.

Forberg.

Nr. II. 3, c. framl. á fundi rannsóknarn. Ed. 9. III. 1911.

Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal 4.

Fredericia d. 7. Januar 1910.

Herr

Telegrafdirektör Forberg

Reykjavik.

Ifölge Deres ærede telegrafiske Anmodning til min Rejsefælle, Herr Bankbestyrer Carl Christensen, Landmandsbankens Frederiksberg Afdeling, Kjöbenhavn V., skal jeg herved tillade mig at meddele, at den af os under 26. December f. A. til Bestyrelsen for Island Telegrafvæsen indsendte Skrivelse har fölgende (omtrentlige) Ordlyd:

» Vi tillade os herved at rette en ærbödig Anmodning til det ærede »Telegrafvæsen om, at der maa blive iværksat en Undersögelse af, hvor»ledes det har kunnet ske, at Indholdet af de af os afsendte Telegrammer »er kommen til Udenforstaaendes Kundskab, idet det i Telegrammerne »brugte Ord »Udmærket« er bleven kendt af andre, uden at vi selv til nogen»somhelst har meddelt Telegrammernes Indhold. —

» Telegrammerne var afsendt den 14de, Adr. Christophersen, Gammel»strandvej 13, Helsingör, og 16 og 24de, Adr.:

» Bankdirektör Jörgensen, Fredericia. —

»Vi forvendte os Undersögelsens Resultat meddelt under Adr. til en af os.

» (sign.)

» Chr. Jörgensen. Carl Christensen«.

Mulig er Ordlyden ej ganske som i nævnte Skrivelse, idet jeg kun har en skreven, men ikke mekanisk Copi, — men det her meddelte er i hvert Fald Hovedindholdet.

Brevet blev afsendt pr. Post den 26. December, og burde saaledes have været det ærede Telegrafvæsen i Hænde. —

Med Höjagtelse

Chr. Jörgensen
Bankdirektör.

Nr. II 3, d. Framl. á fundi rannsóknarn. Ed. 9. mars 1911.

Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal 5. Afskrift.

Landssímastjórinn.

Reykjavik 13. janúar 1910.

D'hrr. bankdirektörer Chr. Jörgensen og
Carl Christensen
Kjöbenhavn.

I d'hrr. skrivelse af 26. decbr. f. a. til mig og i en nu offentliggjort erklæring til bladet »Isafold« er telegrafens personale her beskyldt for at have röbet indholdet af telegrammer som af Dem er indleveret her ved telegrafstationen til videre befordring til Danmark.

Da jeg ikke kan tænke mig, at De vil fremsætte og lade offentliggjöre en saa alvorlig beskyldning, uden at De selv mener at have beviser for, at beskyldningen er berettiget, tillod jeg mig at telegrafere til Dem en anmodning om pr. Ceres at opgive nærmere bestemte oplysninger, som kan give et udgangspunkt for undersögelserne.

Telegrafpersonalet her nægter paa det mest bestemte til nogen at have omtalt indholdet, ligesaalidt af Deres som nogetsomhelst andet telegram og er villig til at aflægge ed herpaa.

Det forstaaes let, at Deres i bestemte udtryk affattede og offentliggjorte erklæring under vore smaa personlige forhold har skadet telegrafetatens og telegrafpersonalets omdömme betydelig i folks öjne, og det er mit bestemte önske at söge at komme til kilden for det udspredte rygte om brud paa tausheden.

I sidste »Isafold« lod jeg indrykke et svar, hvoraf kan ses, hvordan jeg kan tænke mig, at sagen forholder sig. Notisen i oversættelse följer nærværende som bilag.

Jeg imödeser Deres meddelelse pr. Ceres, og skulle De efter modtagelsen af nærværende finde grund til yderligere oplysninger beder jeg Dem om at sende mig disse ufortövet.

Tilslut kan bemærkes, at af de mange jeg her har talt med om sagen har ingen selv hört eller kunne opgive andre, der har hört noget om »telegramröbningen« för »Isafold« offentliggjorde Deres erklæring.

Ærbödigst

O. Forberg.

Reykjavik 26. Januar 1910.

Efter at foranstaaende var skrevet, men ikke afsendt, da ingen skibslejlighed var, modtoges pr. Ceres hr. bankdirektör Chr. Jörgensens svar paa mit telegram af 3. januar.

Da dette svar intetsomhelst indeholder udover hvad der staar i d'hrrs

skrivelse til mig af 26. decbr. f. a., maa jeg næsten gaa ud fra at min telegrafiske anmodning er misforstaaet.

Omhandlende telegram var saalydende:

»Velvilligst postsæt Ceres nærmere og mest mulig bestemte oplysninger »angaaende i bladet Isafold offentliggjort erklæring fra d'hrr. bankdirek- »törer hvori telegrafen beskyldes for at have röbet Deres telegrammer, for »at undersögelse snarest kan iværksættes«.

Jeg skal herved paany tillade mig at anmode Dem om *snarest* at opgive mest mulig bestemte oplysninger om sagen, f. eks. af hvem De har hört, at Deres telegrammer er bleven röbede, saa undersögelser med dette udgangspunkt — om fornödent ad rettens vej — kan blive sat i gang.

Jeg mener at pligte som chef for telegrafvæsenet at sörge for, *enten* at den af Dem fremsatte beskyldning tilbagekaldes, *eller* ogsaa at vedkommende telegrafbetjent bliver udpeget for at straffes og fjernes fra telegrafstationen.

Ærbödigst

O. Forberg.

Omhandlede nr. af »Isafold« vedlægges.

Nr. II. 3, e. Framl. á fundi rannsóknarnefndar Ed. 9. mars 1911.
Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal 6.

Herr Telegrafdirektör Forberg,
Reykjavik.

I Gensvar paa Herr Telegrafdirektörens Skrivelse af 13. og 26. Januar og dermed fulgte Oversættelse af en i Aviserne indrykket Erklæring skulle vi meddele, at vi i et og alt kunne beholde os til vor Skrivelse til Dem af 26. Decbr. '09 og kunne meddele, at Sagen *ikke* er opkommen ved et Rygte, og at der *ikke* fra vor Side foreligger nogen »Misforstaaelse« eller »ubetænksom« Beskyldning, idet der forinden vor Afrejse fra Reykjavik fra to forskellige Sider, förste Gang den 22. Decbr. og anden Gang den 26. Decbr. 1909, blev meddelt os, at vi, hver Gang vi »var færdige med en Afdeling i Banken, havde telegraferet til Danmark og brugt Ordet »Udmærket«.

Da vi til Brug ved en Undersögelse ikke kunne blande vor Hjemmelsmænds Navne ind i Sagen, uden deres Billigelse, have vi tilskrevet disse og anmodet dem om, enten direkte til Telegrafdirektoratet eller til os, at bekræfte deres Udtalelser, nævnte foran. Skulde de — mod Forventning — ikke være villige dertil, skulle vi senere opgive deres Navne og henvise Telegrafdirektoratet til selv hos d'Herrer at afkræve Forklaring.

Med Hensyn til de i Avisartiklen nævnte Gisninger om, *hvorledes* Telegrammerne ere komne til Udenforstaaendes Kundskab — noget »Rygte« er det ikke, da vi som nævnt have navngivne Mænd at holde os til, — da skulle vi meddele, at den först antagne Mulighed, at nogen Udenforstaaende har været tilstede i Telegraflokalet og læst vore Telegrammer, *ikke* passer; vi vare stedse

som oftest begge samtidig ved Indleveringslemmen og har ikke ladet andre se nogetsomhelst Telegram eller Kopi. Vi har stedse iagttaget den allerstörste Omhyggelighed ved Nedskrivning og Aflevering, ligesom vi ikke til nogen har omtalt, hvad eller hvorhen vi telegraferede. Endvidere udtalte vore Hjemmelsmænd, at vi havde afsendt flere Telegrammer med Indhold »Udmærket«, og det ville dog være urimeligt at tro, at der hver Gang skulde være nogen tilstede, der tilfældigt blev bekendt med Indholdet.

Hvad angaar den anden i Avisartiklen nævnte Gisning om vore i Banken eller til Bankens Personale faldne Udtalelser om »Bankens Böger eller Bogförsel«, da kan en Udtalelse derom, selv om vi virkelig skulde til en af Bankens Personale have nævnt noget om den Maade, Bögerne vare förte paa, — hvad tænkeligt er naar man i mere end 14 Dage daglig beskæftiger sig med Bankens Böger — ikke i mindste Maade blandes sammen med Telegrammerne til vor Familier, med hvilke den intetsomhelst Beröringspunkt har eller havde.

Publikums eller »Rygtets« Brug eller Misbrug af vore private, kun af os og Telegrafpersonalet kendte Telegrammer, stammer *ikke* fra *os*, og kunne vi afvise enhver Gisning derom som urigtig, ellers havde vi ejheller dristet os til vor Klage af 26. Decbr. 1909 eller den samtidig dermed udstedte Erklæring.

Ærbödigst

Chr. Jörgensen.	C. Christensen.
Fredericia d. 18. Febr. 1910.	Köbenhavn, 17. Febr. 1910.

Nr. II. 3. f. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 9. III. 1911.

Stefán Stefánsson.

Landssimastjórinn. Afskrift.

Reykjavík, 12. mars 1910.

Til

D'hrr. bankdirektörer Chr. Jörgensen og C. Christensen Kjöbenhavn.

Deres skrivelse af 17. februar angaaende telegramröbningin er modtaget.

Efter de i skrivelsen givne oplysninger at dömme, maa det altsaa være en af telegrafvæsenets funktionærer, som har sladret af skole.

Da Deres hjemmelsmænd ikke har fundet sig foranlediget til at bekræfte udtalelserne hertil, skal jeg i henhold til Deres skrivelse anmode Dem om velvilligst og snarest mulig at opgive mig mændenes navne, saa efterforskningen kan blive igangsat.

Ærbödigst

O. Forberg.

Nr. II. 3. g. Framlagt á fundi rannsóknarn. Ed. 9. mars.

Stefán Stefánsson.

Fredericia, den 3. April 1910.
Frederiksberg, den 2. April 1910.

Hr. Telegrafdirektör Forberg

Reykjavik.

I Svar paa Ærede af 12 ds. meddele vi Dem herved, at de Herrer, som fortalte os, at udenforstaaende Folk vidste, at vi havde telegraferet Ordet »udmærket« flere Gange til Danmark, er:

Overretssagförer Magnus Sigurdsson og
Minister Björn Jonsson.

Den förste udtalte den 22. Decbr. 1909 uden nogensomhelst Foranledning fra vor Side, og uden at vi forud havde nævnt noget om, hvornaar eller hvad vi havde telegraferet, og i det Hele uden at vi havde nævnt noget om Telegrammer eller andre Meddelelser til Danmark om Landsbanken, omtrent följende:

»Der fortælles, at D'Herrer, hver Gang de ere færdige med en »Afdeling, telegrafere hjem og sige »Udmærket« —, altsaa er »der ikke noget i Vejen med Banken«.

Den sidste udtalte den 26. Decbr. 1909 ligeledes uden nogensomhelst Foranledning fra vor Side omtrent följende:

»Jeg har fra Vestlandet faaet Brev om D'Herrers Telegrammer »til Danmark.

De har i Telegrammerne brugt Ordet »Udmærket« om Banken og af den Grund mener man, at der ikke er noget i Vejen med den og forlanger mig afskediget.

Vi tegner med Højagtelse
C. Cristensen.

Nr. II. 3. h. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 9. mars 1911.

Stefán Stefánsson.

2.

Simskeyti.

Bankdirektör Jörgensen, Fredericia.

Er Offentliggörelsen 26. dec. 1909 Telegram Indiskretionen sket Opfordring bekræftende Fald efter hvis

Altingsundersögelseskommissionen
Bjarnason Stefansson

Rétt eftirrit.
17/3 Smith.

Nr. II. 4. Lagt fram á fundi rannsóknarn. Ed. 17. III. 1911.
Stefán Stefánsson.

3.

Símskeyti.

Altingsundersögelseskommission, Reykjavik.

Erklæringen givet Minister Jónsson dennes Opfordring men ikke offentliggjort af os

Jörgensen.

Nr. II. 5. Lagt fram á fundi rannsóknarnefndar Ed. 17. III. 1911.
Stefán Stefánsson.

4.

Rannsóknarn. Ed. alþ. 18. III. 1911.

Með því þér hafið skorast undan að svara munnlegum spurningum nefndarinnar, en það mundi hins vegar taka oflangan tíma að fá yður skyldaðan til þess, viljum vér eftir atvikum skora á yður að svara eftirfarandi spurningum skriflega og leiðum jafnframt athygli yðar að 156. gr. hegningarlaganna.

1. Samdi fyrv. ráðh. B. J. greinina: »Meiri ráðvendni og drengskapur« í 88. tölubl. Ísafoldar 36. árg. útk. 30. des. 1909?
2. Hafi hann aldrei gert það, átti hann þá nokkurn beinan eða óbeinan þátt í samningu eða birtingu greinarinnar, og hafi svo verið, þá hvernig lagaðan?
3. Hafi svo ekki verið, þekti hann þá ekki greinina áður en hún var birt í Ísafold og vissi hann ekki, að hún átti að birtast þar?
4. Átti fyrv. ráðherra B. J. nokkurn þátt í því að yfirlýsing þeirra C. Christensen's og Chr. Jörgensen's d. s. í Reykjavík 26. des. 1909 var birt í blaðinu. Og hafi svo verið, þá hvernig lagaðan?
5. Hver skrifaði bréfið »vestan af landi«, sem vitnað er til í greininni?
6. Hverjum hér í bæ eða annarstaðar var það bréf skrifað?
7. Hvar, hvenær og hjá hverjum fenguð þér fyrst vitneskju um að dönsku bankamennirnir Christensen og Jörgensen hefðu símað orðið »Udmærket« til Danmerkur?
8. Um »Athugas.« fyrir aftan greinina »Frá landsímastjóranum« í 2. tölublaði 37. árg. Ísafoldar 12. jan. 1910 óskast sömu upplýsingar og æskt er eftir í spurningunum 1, 2 og 3 hér að framan.

Svör yðar óskast fyrir kl. 6 annað kvöld þ. 18. þ. m.

Herra
ritstjóri Ólafur Björnsson.

Nr. II. 10. framlagt á fundi rannsóknarnefndar Efri d. 1911 23. III.
Stefán Stefánsson.

5.

Ólafur Björnsson,
ritstjóri
Tals. 48 — Símn.: Ísafold.
Pósthólf A 57.

Reykjavík 20. mars 1911.

Samkvæmt bréfi mínu $^{18}/_{3}$ sendi eg hér með þau hin skriflegu svör, er formaður og ritari beiddust af minni hálfu í bréfi $^{17}/_{2}$, þótt eg raunar telji mér alls eigi skylt að svara neinum spurningum, er snerta föður minn.

Ad. 1. spurningu: Eg fylgi þeirri sjálfsögðu blaðamenskureglu, sem fylgt er um síðaðan heim, að láta alls eigi uppi, hverir ritað hafi nafnlausar greinar í blað mitt. Þær standa þar á mína ábyrgð, en hver ritað hafi tel eg koma mér einum við. Vegna þess arna tel eg mér skylt að neita að svara spurningunni, þótt meinfangalaust væri ella.

Ad. 2 og 3: Tel mér og skylt að neita að svara þessum spurningum af sömu ástæðum og 1. spurningunni.

Ad. 4. Afrit af yfirlýsingunni fekk Ísafold hjá þeim manni, er hafði frumritið undir höndum.

Ad. 5 og 6. Tel hvorttveggja »Redaktionshemmelighed« og mér því skylt að neita að svara — þótt meinfangalaust væri ella.

Ad. 7. Það er mér ómögulegt að svara — svo langt um liðið.

Ad. 8. Sama svar og við spurningunum 1, 2 og 3.

Ólafur Björnsson.

Til rannsóknarnefndar efri deildar alþingis.

Nr. II. 9. framlagt á fundi rannsóknarn. Ed. 23. III. 1911.
Stefán Stefánsson.

III.

Silfurbergið.

1.

Eftir tilmælum hr. J. P. Brillouins, ræðismanns Frakka hér í bæ, leyfi eg mér fyrir hönd hans að skora á nefnd þá, er efri deild Alþingis 1911 hefir kosið samkv. 22. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka gerðir ráðherrans, að taka til athugunar og rannsóknar ráðstafanir Björns ráðherra Jónssonar á silfurbergsbirgðum þeim, er Þórarinn Tulinius í Khöfn hafði undir höndum, eftir að rekstursréttur silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli var kominn í hendur annara. Mun hr. Brillouin fús til þess að koma fyrir háttvirta nefnd, er hún æskir þess, og veita henni þær upplýsingar hér að lútandi, er hann getur í té látið.

Virðingarfylst.

Reykjavík, 8. mars 1911.

Eftir umboði

Gísli Sveinsson.

Til rannsóknarnefndar Ed. Alþingis 1911 á gerðum ráðherrans.

Nr. III. 1. framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. Alþingis 23. mars 1911.

Stefán Stefánsson.

2.

Eftirrit.

Samningur um silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli.

Landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðs Íslands og eg vicekonsúll Carl. D. Tulinius, fyrir mig og son minn kaupmann Thor E. Tulinius, gjörum hér með svofeldan samning.

1. gr.

Samkvæmt þar til fengnum myndugleika frá ráðgjafanum fyrir Ísland í bréfi, dags. 20. febr. 1895, heimilar landshöfðinginu yfir Íslandi kaupmönnunum Carl D. Tuliniusi og Thor E. Tulinius einum að nota silfurbergsnámurnar í Helgustaðafjalli um fimm ára tímabil frá 1. júlí 1895 til 30. júní 1900, með þeim þeim skilmálum, er hér greinir:

2. gr.

Þeir skulu vinna námuna að öllu leyti á eigin kostnað undir umsjón hr. Carl D. Tulinius og koma silfurberginu í verð á sem hentugastan hátt, og sér hr. Thor E. Tulinius í Kaupmannahöfn um söluna.

Helmingurinn af söluverði silfurbergsins að frádregnum kostnaði við sölu þess — en þar til telst að eins flutningskostnaður héðan frá landi, geymslukostnaður utanlands, vátrygging fyrir sjó og eldi, 2% í sölulaun og 1% delcredere — skal árlega greiða í landssjóð, en að öðru leyti skulu þeir ekki greiða sérstakt eftirgjald eftir námuna.

3. gr.

Húskofa þann, sem við námuna er, svo og verkfæri þau, sem til kunna að vera tilheyrandi landssjóði, er notuð hafa verið við námuna, er þeim feðgum heimilt að nota endurgjaldslaust, en þeim ber að skila þeim aftur í jafngóðu standi, þegar samningur þessi er úthlaupinn.

4. gr.

Þeir Carl D. Tulinius og Thor E. Tulinius skuldbinda sig til að fara vel með námuna og hlífa henni fyrir skemdum, að því er auðið er. Kalkspatsgangana skulu þeir vinna á vanalegan hátt með meitlum, hömrum og tréfleygum, en ekki nota sprengingar, nema við blágrýti, sem kann að vera til fyrirstöðu við vinnuna.

5. gr.

Landsstjórnin hefir leyfi til að láta skoða námuna hvenær sem vera skal og hafa eftirlit með vinnunni, ef þörf þykir.

6. gr.

Við árslok hvers árs skal konsúl Carl D. Tulinius á Eskifirði senda beina leið til landshöfðingja skýrslu um það, hve mikið af hinum 4 betri silfurbergstegundum í pundatali og hve mikið af »rosta« í tonnatali hefir verið tekið upp á hinu liðna ári, hve mikið hefir verið sent til útlanda og hve mikið er eftir hjá honum.

Skýrsla þessi skal útgefin upp á æru og samvizku og skal hlutaðeigandi sýslumaður votta, hvort honum er nokkuð kunnugt, er komið geti í bága við réttleika skýrslunnar.

7. gr.

Kaupmaður Thor E. Tulinius í Kaupmannahöfn skal ár hvert við árslok senda hinu íslenzka stjórnarráði í Kaupmannahöfn nákvæman reikning yfir alt það, sem selt hefir verið á árinu af því, er unnist hefir úr námunni, og um það, hvað er fyrirliggjandi utanlands. Þá ber honum og að greiða í peningum þann helming af nettó-söluverðinu, er landssjóði ber, sbr. 2. gr.

8. gr.

Um það — fimm — 5 ára timabil, sem nefnt er í 1. gr., má enginn annar en kaupmennirnir Carl D. Tulinius og Thor E. Tulinius láta taka upp

og eða flytja burtu neitt af silfurbergi úr námunni að viðlagðri ábyrgð eins og lög standa til, en fyrnefndir herrar ráða því sjálfir, hve mikið þeir taka upp á ári hverju.

9. gr.

Ef stjórnin krefst þess, skal hr. Thor E. Tulinius útvega þá tryggingu, er stjórnin álítur nægilega fyrir því, að samningur þessi verði haldinn í öllum greinum af námuvinnendanna hálfu.

Af samningi þessum eru gjörð tvö samrit, og leggist annað við skjalasafn landshöfðingja, en hitt afhendist konsúl Carl D. Tuliniusi.

Reykjavík 22. apríl 1895.

Magnús Stephensen. Carl D. Tulinius.

Vitundarvottar:
Hannes Hafstein
Gísli Ísleifsson.

Samningur þessi endurnýjast hér með til að gilda um fimm ár frá 30. júní 1900, eða til 30. júní 1905.

Reykjavík 2. maí 1900.
Samkv. heimild frá ráðgjafanum yfir Íslandi.
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Kaupmannahöfn 26. maí 1900.
Fyrir hönd vicekonsúls
Carl D. Tulinius, Eskifirði,
og sjálfs mín
Thor E. Tulinius.

Vitundarvottar:
F. Gijas
Sveinn Hallgrímsson.

Samningur þessi endurnýjast hér með til að gilda um fimm ár frá 30. júní 1905, eða til 30. júní 1910.

Í stjórnarráði Íslands 20. febr. 1906.
Í fjarveru ráðherrans
Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Thor E. Tulinius.

Vitundarvottar:
F. Gijas
A. Steiner.

Rétt eftirrit staðfestist
Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

III. 2. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 3. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

3.

Eftirrit.

Samningur um Silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli

Stjórnarráð Íslands fyrir hönd landssjóðs og Guðmundur Jakobsson trésmíðameistari í Reykjavík gera hér með svofeldan samning:

1. gr.

Stjórnarráðið veitir nefndum Guðmundi Jakobssyni einkarétt til að reka silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli um 10—tíu— ára tímabil frá 1. júlí 1910 — 1. júlí 1920, með þeim skilmálum, er hér greinir:

2. gr.

Hann skal vinna námuna að öllu leyti á eigin kostnað, koma silfurberginu í verð á sem hentugastan hátt og hafa útsölu á því á hentugum stað í Kaupmannahöfn og á öðrum stöðum erlendis, ef nauðsynlegt eða hagkvæmt þykir. Silfurbergið má hann ekki selja undir því verði, er það hefir verið á síðasta 5 ára leigutímabili, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, og ekki má hann heldur hækka svo verð á því, að sala þess minki að mun, ef ágreiningur skyldi verða úr þessu síðasttalda milli leigusala og leigjanda, skal gjörðardómur samkvæmt 10. gr. skera úr.

3. gr.

55% af söluverði silfurbergsins að frádregnum sölukostnaði — en þar til telst að eins flutningskostnaður héðan af landi á sölustað, geymslukostnaðaður utanlands, vátrygging fyrir sjó og eldi, 2% í sölulaun og 1% fyrir að hafa ábyrgð á greiðslu söluverðsins (Delcredere) — skal árlega greiða í landssjóð, en að öðru leyti skal hann ekki greiða sérstakt eftirgjald eftir námuna.

4. gr.

Húskofa þann, sem við námuna er, svo og verkfæri þau, sem til kunna að vera tilheyrandi landssjóði og notuð hafa verið við námuna, er honum heimilt að nota án endurgjalds, en skila skal hann þessu aftur í jafngóðu ásigkomulagi, þegar samningstíminn er útrunninn.

5. gr.

Að silfurbergsvinslu skal hann láta starfa í námunni að minsta kosti að sama skapi og tíðkast hefir á síðasta leigutímabili.

Hann skal fara vel með námuna og hlíta henni fyrir skemdum, svo sem auðið er. Kalkspatsgangana skal hann vinna á venjulegan hátt með meitlum, hömrum og trefleygum, en ekki viðhafa sprengingar, nema við blágrýti, sem kann að vera til fyrirstöðu við vinnuna. Et ágreiningur verður um, hvort leigjandi hafi fullnægt skilyrðum þessarar greinar, sker gerðardómur samkvæmt 10. gr. úr.

6. gr.

Landsstjórnin hefir leyfi til að láta skoða námuna hvenær sem vera skal og hafa eftirlit með vinnunni, ef þurfa þykir.

7. gr.

Við árslok árslok ár hvert skal hann senda stjórnarráðinu skýrslu um, hve mikið af hinum 4 betri silfurbergstegundum í pundatali og hve mikið af »rosta« í smálestatali hefir verið tekið upp á hinu liðna ári, hve mikið hefir verið sent til útlanda og hve mikið er eftir hjá honum. Skýrsla þessi skal gefin að drengskap viðlögðum, og skal hlutaðeigandi sýslumaður votta, hvort honum er nokkuð kunnugt, er komið geti í bága við skýrsluna.

8. gr.

Hann skal við árslok ár hvert senda stjórnarráðinu nákvæman reikning yfir alt það, sem selt hefir verið á árinu af því, er unnist hefir úr námunni, og um það, hvað er fyrirliggjandi erlendis. Þá ber honum og að greiða í peningum þau 55% af söluverðinu, sem landssjóði ber, samkvæmt 3. gr.

9. gr.

Alt það silfurberg, sem er fyrirleggjandi óselt á hverjum tíma, er eign landssjóðs, þar með taldar birgðir þær, sem til eru, er samningur þessi öðlast gildi, en birgðum þeim, sem nú eru í vörzlum núverandi leigjanda stórkaupmanns Thor E. Tulinius, skal leigjandi landssjóðs að kostnaðarlausu taka við af honum til varðveizlu og sölu samkvæmt samningi þessum.

10. gr.

Leigjandi má eigi selja árlega hlutfallslega meira af hverri samsvarandi tegund af silfurbergi úr silfurbergsnámu þeirri á Ökrum á Mýrum, er hann hefir umráð yfir, heldur en úr Helgustaðafjallsnámunni. Hlutfall þetta skal ákveða með hliðsjón á því eingöngu, hve mikið er tekið upp úr námunum á ári og hve mikið er selt, þó þannig, að fyrirliggjandi silfurbergsbirgðir landssjóðs skuli teljast teknar úr Helgustaðafjallsnámunni á 1. ári eftir að samningur þessi öðlast gildi.

Til þess að stjórnarráðið geti gengið úr skugga um, að þetta atriði samnings þessa sé haldið, ber leigjanda að gefa skýrslu um, hve mikið hann hefir tekið upp úr Akranámunni á ári hverju, og hve mikið hann hefir selt. Skýrsla þessi skal gefin samtímis og skýrslan um Helgustaðanámuna og í sama formi. Verði ágreiningur um, hvort ákvæðum þessarar greinar hafi verið fullnægt, skal úr því máli skorið með gerð tveggja manna, er tilnefndir skulu sinn af hvorum málsaðilja, og oddamanni tilnefndum af bæjarfógetanum í Reykjavík, ef gerðarmenn aðilja geta komið sér saman. Ef annarhvor aðilja vanrækir að tilnefna gerðarmann af sinni hálfu í 30 daga eftir að honum hefir verið tilkynt að ágreiningurinn skuli lagður í gerð, hefir hinn aðilinn rétt til að nefna báða mennina í gerðina. Gerðardómur sker úr, hver greiða skuli kostnað við gerðina, ef nokkur verður.

11. gr.

Leigjandi skal setja 5000 kr. tryggingu, sem stjórnarráðið tekur gilda, fyrir því að hann standi í skilum samkvæmt samningi þessum.

12. gr.

Leigjandi má eigi framselja rétt sinn eftir samningi þessum, öðru vísi en með samþykki landsstjórnarinnar.

13. gr.

Verði málsókn út af samningi þessum, skal málið sótt og varið fyrir gestarétti Reykjavíkurkaupstaðar, hvort sem það er persónulegt varnarþing aðilja eða ekki.

14. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö frumrit og fær sinn samningsaðili hvort þeirra.

Reykjavík, 17. júní 1910.

Stjórnarráð Íslands.

Björn Jónsson. Guðmundur Jakobsson.

Jón Hermannsson.

Vitundarvottar:
Magnús Vigfússon.
Þorkell Þorláksson.

Við undirritaðir, ég Guðmundur Jakobsson trésmíðameistari og ég Magnús Blöndahl alþingismaður, lýsum því hér með yfir, að það er samningur okkar á milli, að öll réttindi mín, Guðmundar Jakobssonar, samkvæmt framanrituðum samningi, séu okkar beggja að jöfnu, og að jeg, Magnús Blöndahl, taki á mig til hálfs gagnvart honum allar þær skyldur, er hvíla á núverandi leigjanda Guðmundi Jakobssyni, eftir téðum samningi, en gagnvart landssjóði hvíla skyldur þessar á okkur öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan.

Deyi annarhvor okkar áður en leigutíminn er á enda, ganga öll réttindi og allar skyldur samkvæmt samningnum yfir á þann okkar, sem eftir lifir.

Reykjavík 30. ágúst 1910

Guðmundur Jakobsson. Magnús Blöndahl.

Vitundarvottar:
Brynjólfur Þorláksson.
Þorkell Þorláksson.

Framanskráð breyting samþykkist hérmeð.

Í stjórnarráði Íslands, 30. ágúst 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Vi undertegnede Guðmundur Jakobsson og Magnus Blöndahl overdrager herved til Banque Française pour la Commerce et l' Industrie 9 rue

Boudreau Paris de Rettigheder, som der tilkommer os ifölge foranstaaende Kontrakt imellem os og den isl. Regering.

Samtidig forpligter Banque Française etc. sig til at opfylde de Forpligtelser, der ere opstillede af Regeringen i foranstaaende Kontrakt overfor de Hr. M. Blöndahl og G. Jakobsson og at opfylde de Betingelser, som der af den isl. Regering er blevet opstillet efter en Nota af 13. November 1910.

Reykjavík d. 5. December 1910.

Guðmundur Jakobsson.
Magnús Blöndahl.

Pour la Banque Française pour le Commerce et l' Industrie.
G. Claus.

Vitterlighedsvidner:
Ari Jónsson.
J. Brillouin.

Afhending sú til Banque française pour le commerce et l'industrie á réttindum þeim, sem framanritaður samningur veitir, samþykkist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að leyfishafi hafi ákveðinn útsölustað eða skrifstofu, sbr. 2. gr., þar sem silfurbergið sé haft til almennrar sölu, af öllum þeim tegundum, sem úr námunum fást, þannig að allir án tillits til þjóðernis eigi jafnan kost á að fá silfurberg keypt.
2. Að silfurbergið sé selt við því hæsta verði, sem fæst eða býðst af einstökum mönnum, verksmiðjum eða öðrum iðnaðarfyrirtækjum. En aldrei má leyfishafi veita einstökum kaupendum betri kjör en öðrum og eigi heldur hlynna að iðnaði í einu landi fremur en öðru, eða gera neina þá samninga, er orðið geta til þess að einstök iðnaðarfyrirtæki nái undir sig einkarétti, svo sem um sölu á allri ársframleiðslunni á eina hönd.
3. Stjórnarráðið áskilur sér rétt til að hafa eftirlit með, að þessum ákvæðum verði hlýtt, og til að setja nánari ákvæði um söluna, ef nokkurt iðnaðarfyrirtæki skyldi með rökum kæra yfir því, að leyfishafi láti einstök fyrirtæki sitja fyrir öðrum í stað þess að gefa öllum kost á frjálsri samkeppni um silfurbergið.
4. Stjórnin ber enga ábyrgð á innihaldi námanna.
5. Silfurberg það, sem nú er óselt í vörzlum leyfisseljanda, og þeir hafa látið vinna á síðastliðnu sumri, skal leyfishafi selja og gera skil fyrir á þann hátt, sem segir í samningi þessum.
6. Hvernig sem fer um silfurberg það, sem nú er í vörzlum stórkaupmanns Thor E. Tulinius, er landssjóður ábyrgðarlaus út af því. Þó á landssjóður, ef hann með fullnaðardómi fær eitthvað afhent af þessu silfurbergi, heimting á því, að leigjandi taki við því, landssjóði að kostnaðarlausu, og selji það samkvæmt samningi þessum.
7. Leyfishafi skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er taki við málsókn, ef til kemur, samkvæmt 13. gr. samningsins.

8. Leyfishafi skal að öðru leyti skyldur að hlíta íslenzkum lögum í öllum atriðum, er snerta samning þenna.

Í stjórnarráði Íslands, 8. desember 1910.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Rétt eftirrit staðfestir

Stjórnarráð Íslands, 24. mars 1911.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Rétt eftirrit staðfestir.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

III. 3. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 3. IV. 1911

Stefán Stefánsson.

4.

Copi í íslenzkri þýðingu.

Reykjavík, 16. febr. 1911.

Herra ráðgjafi.

Hérmeð leyfi eg mér að tilkynna yður, að eg rétt nýskeð hefi meðtekið símskeyti frá Banque Française, er hefur á leigu silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli. Í símskeyti þessu biður hr Rouvier mig að forvitnast um það hjá íslenzku stjórninni, hvaða fast tilboð hún getur gert Banque Française út af tapi því, er nefndur banki verður fyrir, vegna þess að 5000 kgr. af silfurbergi hafa óvænt komið á markaðinn; en þetta silfurberg hafið þér án undangengins dómsúrskurðar afhent hr. Thor E. Tulinius með bréfi yðar dags. 28. des. 1910.

Frá þessum tíma hefur herra Tulinius birgt markaðinn upp með silfurberg og hinir nýju leigjendur geta ekki staðist samkeppai hans, nema með því að selja svo ódýrt, að bæði landssjóður og þeir sjálfir hljóti stórt tap af því.

Framkoma áðurnefndra 5000 kgr. af silfurbergi á markaðinn stanzar þess utan söluna fyrir hinum nýju leigjendum í mörg ár.

Í leigusamninginum milli hinnar íslenzku stjórnar og Banque Française var það fyrirhugað, að ef Banque Française með dómsúrskurði yrði eigandi að silfurbergsforða þeim, er Tulinius hafði, ætti bankinn að borga landssjóði Íslands 55% af söluverði þessa forða. Banque Française samþykti skilyrði þessi meðan beðið var eftir endilegum dómsúrskurði í máli þessu, eins og fyrirhugað var í samningnum, en þvert á móti skilyrðum þessa samnings hefur hr.

Tulinius fengið eignarrétt á þessum forða með einföldu bréfi dags. 28. des. 1910, og það þótt Banque Française þegar hafði undirskrifað samninginn með stjórn yðar þ. 8. des. 1910 í þeirri von að fá forða þenna.

Með því að taka það fram í nefndum samningi, að ef endilegur dómur úrskurðaði, að landssjóður væri eigandi forða þessa, þá munduð þér krefjast að Banque Française borgaði í landssjóð 55% af söluverði forða þessa, takmarkaði stjórn yðar nákvæmlega réttindi landssjóðs á þessum forða. Þér gátuð raunar ekki krafist borgunar af hinum nýju leigjendum á þessum 55% af forða, sem þér ekki voruð eigandi að.

Bréf yðar til herra Tuliniusar dags. 28. des. segir, að þér afhendið honum þenna forða eftir ráði lögfræðings. Eg leyfi mér því að láta yður vita, að samningurinn frá 8. des. 1910 segir ekki, að ráð lögfræðings felli úrskurð í málinu um eignarrétt á forða þessum, heldur að reglulegur dómur felli úrskurðinn.

Á þenna hátt eru ekki einungis landssjóður Íslands og hinir nýju leigjendur blektir með hinni nýju ráðstöfun, sem kemur í bága við samninginn frá 8. des. 1910, heldur eru einnig skuldbindingar þær, sem samningurinn tekur fram, breyttar með ráðstöfun án dóms um eignarréttaratriðið, er varðar mjög landssjóð Íslands sem og einnig hina nýju leigjendur.

Einmitt þegar Banque Française hefur gert ráðstafanir og áætlanir um nýtízku útbúnað og framleiðslu með vélum, svo og áætlanir um samninga við stærstu verzlunarhús heimsins, sem hlaut að tryggja landssjóði mjög miklar tekjur allan leigutímann, og það þegar frá 1911 að reikna, þá stanzar framkoma silfurbergs þessa á markaðinum, fyrir yðar ófyrirséðu afskifti, fyrir langan tíma og líklegast fyrir mörg ár sölu silfurbergs með hagnaði fyrir landssjóð. Ráðstöfun yðar leyfir þess utan sölu silfurbergs þess, er Tulinius hefur, án nokkurs hagnaðar fyrir landssjóð og lækkar verð þess fyrir ótakmarkaðan tíma.

Undir öllum kringumstæðum veldur þetta mjög miklum og ófyrirséðum hnekki hinum nýju leigjendum, sem vegna stöðu sinnar í fjármálum, með tilboði sínu um lán til handa hinni íslenzku stjórn, fyrir sínar hagfræðislegu rannsóknir, og sakir tilboðs síns um peningahjálp handa landsbankanum og landssjóði Íslands, hugsuðu, að þeir með réttu gætu vænst eftir að njóta allrar velvildar yðar.

Þetta eru málefni þau, er eg hef verið beðinn að leggja fyrir yður til þess á einhvern hátt að finna veg til lagfæringar báðum hlutaðeigendum, landssjóði Íslands og Banque Française í vil, þar eð hagnaður þeirra tilfinnanlega hefur verið skertur með bréfi yðar frá 28. des. 1910. Þar eð hr. Tulinius h. 13. jan. síðastl. seldi hið bezta af hinum umþráttaða silfurbergsforða og frá þeim tíma selur daglega, verður málefni þetta eins og nú er komið ekki útkljáð með dómsúrskurði, eins og ákveðið var í samningnum.

Það verður ekki annað fyrir hina nýju leigjendur en að finna veg til að geta staðist verð og samkepni Tuliniusar.

Vegna þessa hefur Banque Française dottið í hug, til þess að komast hjá öllum kröfum og mögulegri neitun frá hans hálfu um reikningsuppgjörð, þá er leigusamningurinn bendir til, að landssjóður, sem hefur sömu hagnaðarvon og hinir nýju leigjendur, ætti að vera þeim hjálplegur til þess með skyndilegum ákvörðunum að finna aftur sameiginlegan hagnað á leigunni.

Þeir í París ætla, að nægileg niðurfærsla á hinni árlegu leigu, sem á að

borgast landssjóði Íslands, muni ef til vill leyfa Banque Française að vinna upp á nokkrum árum tap það, sem bréf yðar frá 28. des. 1910 hefur orsakað honum. Þeim hefur enn fremur dottið í hug, að til sameiginlegs hagnaðar leigjendum og landssjóði, mundi stjórn yðar geta lagt fyrir alþingi frumvarp til laga, er ákvæði, að allar nýjar silfurbergsnámur, er finnast kynnu á Íslandi, mætti taka lögnámi (expropriera) og að þær féllu inn undir leigusamninginn. Leigjendurnir mundu taka þátt í kostnaðinum við lögnám þetta, hlutfallslega við leigutímann. Eg væri yður mjög þakklátur, vilduð þér í skyndi athuga þetta málefni. Banque Française óskar að vita svo fljótt sem unt er, hvort hann getur byrjað á námurekstrinum og lagt út fyrir maskínu og vinnukraft, eins og hann ætlaði sér, og er það mjög áríðandi bæði fyrir hann og landssjóð Íslands að ákveða sem fljótast, á hvern hátt námurekstrinum og söl-unni verður hagað.

Eg vil láta yður vita, að eg persónulega hefi orðið að viðhafa öll mín áhrif við Banque Française, til þess að komast hjá of miklum örðugleikum út af bréfi yðar frá 28. des., og aðstoð mín er yður trygð til þess að komast að fljótum og unandi úrslitum í þessu málefni. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir, er mér hafa borist þessa dagana, hefi eg algerlega neitað blöðunum um nein-ar upplýsingar þessum málefnum viðvíkjandi, og eg hef gefið málaflutnings-manni Banque Française hér í Reykjavík bendingu um að gera ekki opinber-lega neinar ráðstafanir meðan svar yðar væri ófengið, svar sem herra Rouvier bíður eftir með óþreyju.

Virðingarfylst,
(sign.) Brillouin.

Pour copie certifie confirme.
Brillouin.

Svar á bréf þetta ófengið.
Brillouin.

III. 4. framlagt á rannsóknarnefndarfundi 3. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

5.

Telegramadresse Thore. Telefon H. 5567 & 189 ×

Thor E. Tulinius.

Privat. Havnegade 43
Kjöbenhavn K. d. 13. jan. 1911.

Kære Consul Brillouin!

Det gör mig ondt af Deres Privatbrev at se, at De synes at mene, at jeg ikke har optraadt fuldt loyalt overfor Dem med Hensyn til Forhandlin-gerne om Köbet af min Spathbeholdning, og at De navnlig bebrejder mig, at

min Pris, som jeg stadig har holdt paa, nemlig Frcs. 100,000 (= Kr. 72,000) for det hele tilligemed Kunderne, Garantier af forskellig Art etc. var for höj. De baserer Deres Kritik paa Hr. Jobins Vurdering, som igaar var Kr. 15000 og höjst nu er bleven Kr. 25,000 — d. v. s. inclusive Clientel etc. Jeg gentager, at Hr. Jobins Vurdering, der udelukkende er qua Optiker, er ganske fejlagtig, og til Bevis herpaa tjener, at jeg strax har solgt Partiet exclusive de 4000 Kilo, og 500 Kilo A. for en Pris, der er henved det tredobbelte af Hr. Jobins Vurdering og det uden nogensomhelst Forpligtelse af nogen Art.

Jeg siger Dem dette confidentielt, men tillader Dem at göre Brug deraf overfor Banken som Bevis paa, at Fordringen — 100,000 frcs. — ikke var for höj.

Naar De nævner 176,000 Kr., da refererer det sig til en Bruttoværdi ved Detailsalg, og jeg formener endnu, at de Folk, der har köbt Spathen, ikke tjener mindre end 100% paa den.

Jeg har hele Tiden overfor Dem forlangt Frcs. 100,000.

Hr. Jobin har kun varetaget Bankens Interesse slet ved at reducere Partiets Værdi ad absurdum og derved spille det over i Konkurrenters Hænder. Det Bud han har fremskaffet fra Banken betegner jeg som et rent Skambud.

Jeg har, Kære Ven, skrevet saa udförlig for at De personlig kan retfærdiggöre Dem ovenfor Banken.

Med venlig Hilsen og Önsket om en lykkelig Rejse er jeg

Deres hengivne.

Thor E. Tulinius.

Rétt eftirrit staðfestir.
Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Nr. III. 5 framlagt á rannsóknarnefndarfundi 3. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

6.

Islandsk Köbmand Thor E. Tulinius,
R. af Dbr. p. p.
den 28. Decbr. 1910.

Under Henvisning til tidligere Brevveksling og Forhandling angaaende den Beholdning af Dobbelspat, som var beroende hos Dem ved Ophöret af Deres Kontrakt om Regeringens Dobbelspatmine, skulde man herved meddele, at Ministeriet efter Overvejelse af de paagældende Kontraktbestemmelser og efter derom at have brevvekslet med Kammeradvokaten ikke for sit Vedkommende vil insistere paa Sagsanlæg angaaende den Halvdel af Dobbelspatbeholdningen, som ikke er afleveret af Dem, men at man dog maa önske Spörgsmaalet om eventuelt Sagsanlæg indtil videre holdt aabent for det Til-

fælde, at det i Februar n. A. sammentrædende Althing maatte önske saadant Sagsanlæg foretaget.

B. J.

Rétt eftirrit staðfestir.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Nr. III. 6 framlagt á rannsóknarnefndarfundi 3. IV. 1911.

Stefán Stefánsson.

G. M. Rée,
Höiesteretssagförer.
Kongens Nytorv 8 Mez.

Kjöbenhavn K., den 1. Juli 1910.

Hr. Grosserer Thor E. Tulinius
R. af Dbg. p. p.

Ved at forelægge mig Oversættelse af Kontrakt af 22. April 1895, indgaaet mellem Islands Landskasse paa den ene Side og Dem og Deres afdöde Fader paa den anden Side angaaende Driften af Dobbelspatminen paa Island samt ved at meddele mig, at denne Kontrakt efter Deres Faders Död er overgaaet paa Dem alene, og er bragt til Ophör Dags Dato, har De anmodet mig om en Udtalelse om, hvorledes der vil være at forholde i Henseende til den i Behold værende Dobbelspat, der er udvunden af Minen, og ganske særligt om, hvorvidt den islandske Landskasses Fordring paa Udlevering af denne Spatbeholdning er berettiget.

I denne Anledning tillader jeg mig at udtale, at det efter Kontraktens fuldstændige Tavshed om, hvorledes der vil være at forholde med denne Beholdning af Spat, og efter Kontraktens övrige Indhold, ikke kan være nogen Tvivl underkastet, at denne Beholdning jo er for Deres og Landskassens fælles Regning efter de i Kontrakten derom givne Regler, og at Landskassens Fordring paa Beholdningens Udlevering er ganske uberettiget.

Medens jeg anser dette for aldeles utvivlsomt, anser jeg det for noget tvivlsomt, hvorledes der vil være at forholde i Henseende til Beholdningens Opgjörelse og Fordeling mellem Dem og Landskassen. Tilböjeligst er jeg til at mene, at De er berettiget til at realisere denne Beholdning, som Kontrakten foreskriver, beregne Dem den kontraktlige Provision, hvorefter Restudbyttet, efter Fradrag af de i Kontrakten ommeldte Udgifter, tilfalder Dem og Landskassen hver med Halvdelen. Muligt er det ogsaa, at Landskassen kan forlange Oplösning af Samejet strax saaledes, at den kan kræve Beholdningen realiseret ved Auction; thi om nogen Deling in natura kan der jo efter Deres Udtalelser ikke være Tale. I Tilfælde af saadan Auction maa De være berettiget til af Provisionen at gjöre Dem betalt for Deres Udlæg til de i Kontrakten stipulerede Udgifter, hvorimod jeg ikke i saa Tilfælde anser Dem berettiget til at beregne Dem 3% Provision.

Til at udlevere Landskassen nogen Del af selve Beholdningen anser jeg Dem ikke forpligtet.

Deres ærbödige

G. M. Rée.

Nr. III. 7. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 3. apríl 1911.

Stefán Stefánsson.

Til 8.

1. hr. stórkaupm. Thor E. Tulinius, Kbh.

2. hr. trésmíðameistara Guðm. Jakobssonar, Rvík.

18. júní 1910.

1. Með því að stjr. hefir leigt Guðmundi trésmíðameistara Jakobssyni, hér í bænum, silfurbergsnámuna í Helgustaðafjalli frá 1. n. m., þar sem hann bauð landssjóði betri kjör en þér, herra stórkaupmaður, eruð þér hér með beðinn að afhenda honum eða umboðsmanni hans silfurbergsbirgðir þær, sem landssjóður á í vörzlum yðar, og senda síðan hingað samrit af afhendingargerðinni, sem óskast undirritað bæði af yður og hinum nýja leigjanda eða umboðsmanni hans. Enn fremur væntir stjr., að þér sendið hingað skilagrein um það, sem þér kunnið að hafa selt af silfurbergi á þessu ári.

Sþ. B. J. B. J.

2. Stjr. hefir í dag ritað (til 1.) á þessa leið: (bréf nr. 1).
Þetta birtist yður, herra trésmíðameistari, hér með til leiðbeiningar.

B. J.

Nr. III. 8. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 25. apríl 1911.

Stefán Stefánsson.

9.

Símskeyti.

1. Skrifstofa stjrs. Ísl. Kmhöfn.

2. herra stórkaupmaður Thor E. Tulinius Kmhöfn.

29. júní 1910.

1. Islandskontor, Köbenhavn.

I Anledning Tuliniuss Gaarstelegram paastaar Ministeriet tilstedevær-

ende Spathbeholdning per første Juli Landskassens Ejendom ifölge Tuliniuss Kontrakt.

Henvend Dem til Tulinius.

Ministeriet.

Sþ. B. J.

2. Tulinius Thore, Köbenhavn.

Henvend Dem til Islandskontor.

Ministeriet.

Sþ. B. J.

Nr. III. 9. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 25. apríl 1911.

Stefán Stefánsson.

Eftirrit. 10.

Islands Ministeriums
Kontor i Köbenhavn
den 30. Juni 1910.

Under Henvisning til mundtlig Forhandling skulde man herved bekræfte, at Islands Ministerium maa fastholde, at den pr. 1. Juli d. A. tilstedeværende Spathbeholdning er Landskassens Ejendom og at Beholdningen derfor maa afleveres af Dem i Overensstemmelse med den nærmere Meddelelse, som er givet Dem i Skrivelse fra Islands Ministerium.

Jon Krabbe.

Til

Hr. islandsk Köbmand Thor E. Tulinius, R. af Dbrg.

Nr. III. 10. Framl. á rannsóknarnefndarfundi 25. apríl 1911.

Stefán Stefánsson.

11.

Thor E. Tulinius
Telegramadresse:
»Thore«.
Telefoner:
H 557 Chefen.
H 556 Hovedkontor
5042 Dampskibsexpedition
Dict.

Havnegade 43

Kjöbenhavn K., den 1. Juli 10.

I Besiddelse af det höje Ministeriums Skrivelse af G. D. og henholdende

til mundtlig Konference maa jeg herved fastholde som min Opfattelse, at Halvdelen af den tilstedeværende Spatbeholdning tilhörer mig.

Jeg har i den Anledning tilladt mig at indhente vedlagte Responsum fra Herr Höjesteretsagförer G. M. Rée, der fuldtud giver mig Ret i min Opfattelse.

Jeg beklager i höj Grad, at der saaledes skal være Uoverensstemmelser mellem det höje Ministeriums og min Fortolkning af Kontrakten, men da det her drejer sig om ret betydelige Værdier, kan jeg ikke stille mig anderledes.

Det er mit Haab, at en mindelig Ordning kan træffes, og skal jeg selvfölgelig stille mig saa imödekommende som muligt.

Medens den simple Kvalitet Dobbeltspath D paa Grund af sin ringe Værdi nok kan deles efter Vægt, anser jeg det for ugörligt paa fultud retfærdig Vis at dele den bedre Spath, da de enkelte Stykkers Værdi afhænger af saa mange forskellige Forhold og ikke kan beregnes efter Vægten alene.

Ærbödigst

Thor E. Tulinius.

Islands Ministeriums Kontor i Köbenhavn.

III. Nr. 11. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 25. IV. 1911.

Stefán Stefánsson.

12.

Eftirrit.

Islands Ministeriums
Kontor i Köbenhavn
den 2. Juli 1910.

Under Henvisning til mundtlig Forhandling skulde man herved bekræfte, at ifölge telegrafisk Meddelelse fra Islands Ministerium har factor Arnesen nægtet uden Deres Ordre at udlevere Spathbeholdningen paa Eskifjord, i hvilken Anledning Ministeriet har önsket, at der telegrafisk af hr. Grossereren blev en givet saadan Udleveringsordre.

Da De har erklæret ikke at ville afsende Ordre til Udlevering, skal man meddele, at man maa fastholde Regeringens Ret til Udlevering af samtlige Beholdninger og at man i Anledning af Deres Nægtelse af at ville udlevere saavel Beholdningerne her som paa Eskifjord maa forbeholde ethvert Krav fra Regeringens Side, derunder ogsaa eventuelt Erstatningskrav.

Man skulde derhos anmode Dem om til Afsendelse med det den 6. d. M. afgaaende Postdampskib at ville indsende hertil en Fortegnelse over den herværende Beholdning og Regnskab over de siden 1. Januar d. A. stedfundne

Salg, ligesom Fortegnelse over de andetsteds, i Særdelshed paa Island, beroende Beholdninger snarest bedes foranledigede indsendte til Islands Ministerium.

Jon Krabbe.

Til
Hr. islandsk Köbmand Thor E. Tulinius
R. af Dbrg.

III. Nr. 12. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 25. IV. 1911,
Stefán Stefánsson.

13.

Símskeyti.
1. Skrifst. stjrs. Ísl. í Kph.
2. Trésmíðameistara M. Blöndahl.
4. júli 1910.

1. Islandskontor Köbenhavn.
Foreslaa Tulinius aflevere halv Spathbeholdning, der modtages med Reservation om Proces om Resten. Hvis accepteret Telegram Eskefjord.
Ministeriet.

2. Althingsmand Blöndahl
Kongehotel
Köbenhavn.

Henvend Dem Islandskontor.
Ministeriet.
Sþ. B. J.

III. Nr. 13. framl. á rannsóknarnf. 25. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

14.

Símskeyti.
Stjórnarráðið
Reykjavik.
Landsími Íslands.
Símskeyti frá Köbenhavn nr. 35 orð 14 þann $^{5}/_{7}$ 1910 kl. 3^{8} e. h.

Tulinius accepterer forslaget betingelse voldgift her löbet efteraaret istedetfor proces telegrafer.

Islandskontor.

III. Nr. 14, framl. á rannsóknarnf. 25. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

15.

Simskeyti.
Skrifstofa stjrs. Íslands
í Kmh. 6. júlí 1910.

Islandskontor
Köbenhavn.

Ikke Voldgift. Maa bero veð Mandagstelegram.

Ministeriet.
Sþ. B. J.

III. Nr. 15, framl. á rannsóknarnf. 25. IV. 1911.

Stefán Stefánsson.

16.

Afskrift.

Islands Ministeriums Kontor i Köben-
havn den 7. juli 1910.

Efterat nærværende Kontor havde meddelt Islands Ministerium, at Hr. Grossereren var villig til at udlevere Regeringen Halvdelen af Beholdningen af Dobbelttpath pr. 1. Juli 1910 med Reservation af Regeringens Ret til den anden Halvdel saafremt en her sammensat Voldgift gav Ministeriet Medhold i dets Forstaaelse af Kontrakten, har man fra Reykjavik modtaget telegrafisk Meddelelse om, at Ministeriet ikke kan indgaa paa Spörgsmaalets Afgörelse ved Voldgift.

Man maa derfor henholde sig til Ministeriets Forslag om, at Halvdelen af Beholdningerne straks udleveres, medens det maa afgöres ved Domstolene, hvem der er berettiget til den anden Halvdel.

Idet man med Hensyn til Fremgangsmaaden ved Delingen er enig, at dersom ved Deres ovennævnte Tilbud, forudsat om fornödent, foretages Lodtrækning, skulde man udbede sig Deres Meddelelse om, hvorvidt De vil udlevere Halvdelen af Behandlingerne paa nævnte Vilkaar. Blandt andet af Hensyn til, at Ministeriets Befuldmægtigede i denne Sag, Köbmand Magnus Blöndahl, om faa dage vil rejse til Island, maatte man anmode om den hurtigst mulige Afgörelse af Sagen.

Jon Krabbe.

Til
Hr. Grosserer Thor E. Tulinius
R. af Dbrg.

III, Nr. 16. framl. á rannsóknarnf. 25. IV. 1911.

Stefán Stefánsson.

17.

Magnús Sigurðsson — Sveinn Björnsson.
Yfirréttarmálaflutningsmenn.

Reykjavík, $^{27}/_{9}$.—1910.

Eftirrit.

Við undirritaðir, sem nú höfum leigurétt á silfurbergsnámum landssjóðs í Helgustaðafjalli í Suður-Múlasýsla um næstu tíu ár, og á silfurbergsnámunni á Ökrum m. m., samkv. samningi við stjórnarráð Íslands og eigendur Akra, bjóðum hér með að selja og afhenda öll okkar réttindi, sem við höfum öðlast með téðum samningum, og allan rétt til þeirra birgða af silfurbergi, sem við nú höfum, firmanu Carl Zeiss í Jena á Þýzkalandi, fyrir kr. 50,000 — fimtíu þúsund krónur, alls.

Tilboð þetta er bindandi fyrir okkur til 31. október 1910, en verði það ekki samþykt innan þess tíma, erum við lausir allra mála.

Umboðsmaður firmans Carl Zeiss skuldbindur sig til þess að halda tilboði þessu leyndu, nema fyrir forstjórum firmans.

Loks skal það tekið fram, að tilboð þetta er ekki bindandi fyrir okkur, ef stjórnarráð Íslands vill ekki á sínum tíma samþykkja þá breytingu á leigusamningi okkar við landssjóð, að firmað Carl Zeiss megi ganga inn í hann.

Til staðfestu nöfn okkar og vitundarvotta.

D. u. s.

(Sign.) Magnús Blöndahl.
(») Guðmundur Jakobsson.

Vottar:

(Sign.) Magnús Sigurðsson.
(») Pálína Guðmundsdóttir.

Ich verpflichte mich über den Inhalt dieser Abmachung zu niemandem zu sprechen.

(Sign.)
Dr. M. Herschkowitsch.

Rétt eftirrit staðfestir.

Reykjavík $^{5}/_{11}$.—1910.

Magnús Sigurðsson,
(yfirréttarmálaflutningsm.)

III, Nr. 17, framlagt á rannsóknarnefndarfundi 25. IV. 1911.

Stefán Stefánsson.

Eftirrit.

18.

Jafnframt því sem ég undirritaður, sem umboðsmaður fyrir hönd firmans Carl Zeiss í Jena á Þýzkalandi, samkv. mér þar til gefnu umboði, hér með

samþykki fyrir hönd nefnds firma tilboð það, sem þér, herra alþm. Magnús Blöndahl og trésmíðameistari Guðmundur Jakobsson, hafið gert firmanu 27. sept. þ. á. — þó að áskildu samþykki stjórnarráðs Íslands samkv. því sem umræðir í tilboðinu, um sölu á öllum silfurbergsréttindum ykkar, sem nefnd eru í greindu tilboði, fyrir kr. 50,000 – fimmtíu þúsund krónur —, skal ég jafnframt leyfa mér að tjá ykkur þegar í stað, að herra Páll Torfason frá Flateyri hefir sýnt mér sem umboðsmanni fyrir ofangreint firma skírteini fyrir því, að hann hefir forkaupsrétt að silfurbergsréttindum Magnúsar Blöndahls, og hefir herra Páll Torfason einnig símað um rétt sinn til firmans sjálfs.

Út af þessum tilkynningum herra Páls Torfasonar um forkaupsrétt hans, leyfi ég mér sem umboðsmaður C. Zeiss í Jena að taka það fram, að ég fyrir hönd firmans áskil því fullan og óskorinn rétt sinn gagnvart þessum eða öðrum brestum, sem ef til vill kynnu að reynast á hinu nú samþykta tilboði.

Reykjavík 27. október 1911.

Virðingf.

(Sign.) Magnús Sigurðsson,
(samkv. umboði).

Til

herra Guðm. Jakobssonar trésmíðameistara, Reykjavík, og Magnúsar Blöndahl.

Samhljóða skjal framanrituðu viðurkennum við undirritaðir að hafa meðtekið í okkar hendur í dag.

Jafnframt skal það tekið fram, að við ekki erum sammála öllum atriðum, er standa í framanrituðu skjali.

Reykjavík 27. október 1910.

(Sign.) Guðmundur Jakobsson.
(») Magnús Blöndahl.

Vitundarvottar:

(Sign.) Joh. Proppé.
(») Lárus J. Johnsen.

Rétt eftirrit staðfestir.

Reykjavík 5/11.—1910.

Magnús Sigurðsson,
(yfirréttarmálaflutningsm.).

III, Nr. 18, framl. á rannsóknarnefndarfundi 25. IV. 1911.

Stefán Stefánsson.

19.

Afrit.

Kontrakt.

Vi undertegnede Kancessionshavere af den islandske Dobbelspathmine i Helgustadafjall ifölge vedlagte Kontrakt af 17de Juni 1910 og 30te August s. A. og Indehavere at Rettighederne over de islandske Spathlejer ved Akrar ifölge vedlagt Kontrakt af 23de Oktober 1909, der vedlægges i verificeret Afskrift, erklærer ved nærværende Kontrakt, at vi afstaar til »Banque Française pour le commerce et l'industrie« i Paris og i et Tidsforlöb af 90 Dage at regne fra nærværende Kontrakts Underskrift:

1. Vore Rettigheder over Spathlejet ved Akrar med alle de Rettigheder og Forpligtelser, hvormed vi har faaet disse ved Kontrakt af 23. Oktober 1909, og jeg Magnus Blöndahl forpligter mig til at fremskaffe Sköde paa fuldstændig Ejendom af Akrar, uden Udlæg for »Banque Française etc« og udstede samme tilnævnte Banque.

2. Alle de Koncessionsrettigheder, som vi har fra den islandske Regering, saalænge denne Koncession varer.

3. Den Beholdning af Dobbelspath os tilhörende, som forefindes Dags Dato, hvad enten den Beholdning findes paa Island eller andre Steder, eller ihændehaves af Agenter, Kommissionærer o. s. v., deri indbefattede de Rettigheder, som vi maatte have over den Beholdning, som for Tiden ihændehaves af den forhenværende Koncessionshaver Hr. Tulinius.

4. Angaaende Salget af Spath i den Tid denne Kontrakt staar ved Magt, henholder vi os til den med den islandske Regering indgaaede Kontrakt.

Hvad Minen ved Akrar angaar, skal ingen Bearbejdelse af den foretages af os i et Kvartal fra Underskriften af nærværende Kontrakt. — Ingen Prövesending paa mere end 5 ℔ af blandet Kvalitet kan foretages til en og samme Person i dette Kvartal.

Ansvaret for Vanhjemmel ved denne Overdragelse paahviler os ifölge Lovgivningens almindelige Regler.

Vi undertegnede Indehavere af Rettighederne ovet Dobbelspathlejet ved Akrar ifölge Kontrakt af 23de Oktober 1909 og Koncessionen til Minen i Helgustadafjall ifölge Kontrakt af 17de Juni 1910 og 30. August s. A. forpligter os ved nærværende Kontrakt til at afstaa til Banque Française etc. alle de foran anförte Rettigheder for en Pris af Kr. 55,000 — fem og femti Tusinde Kroner — paa den Betingelse, at den endelige Köbekontrakt bliver udfærdiget og undertegnet inden 90 Dage fra nærværende Kontrakts Underskrift at regne.

Hvis Banque Française etc. ikke benytter sig af denne Kontrakt, skal dog den ved denne Kontrakts Underskrift udbetalte Sum af Kr. 10,000 — Ti Tusinde Kroner — tilfalde Sælgerne.

Vi forpligter os til at overlade Banque Française etc. til Gennemsyn og Benyttelse alle Papirer og Breve angaaende disse Spathminer, som vi har, saavel som alle Bestillinger paa Spath, som vi nu har.

Nærværende Kontrakt underkastes det islandske Ministeriums Godkendelse af Koncessionens Overförelse til Banque Française etc, og bliver i alle

Henseender forbindende for os, naar der foreligger Ministeriets endelige Nægtelse af Koncessionens Overförelse til Firmaet Zeiss i Jena.

Reykjavik, den 18de Oktober 1910.

Magnús Blöndahl.
Guðmundur Jakobsson.

Vitterlighedsvidner:
Ari Jónsson,
Gísli Sveinsson.

Jeg undertegnede paa »Banque Francaise pour le Commerce et l'industri« i Paris Vegne erklærer ved nærværende, at jeg tilbyder Indehaverne af Rettighederne over Dobbelspathminen ved Akrar og Koncessionshaverne af Minen i Helgustadafjall at köbe alle deres Rettigheder over nævnte Miner uden nogensomhelst Indskrænkning fra Privates, Tredjemands eller Regeringens Side for den Sum af Kr. 55,000 — fem og femti Tusinde Kroner — paa den Betingelse, at den endelige Köbekontrakt paa den i nærværende Kontrakt angivne Basis bliver sluttet inden 90 Dage fra nærværende Kontrakts Underskrift.

Hvis de Undersögelser, som Banque Française etc. foretager, og andre indhentede Oplysninger skulde före til at Köbet opgives, staar det Undertegnerne af nærværende Kontrakt, d'Herrer Magnus Blöndahl og Gudmundur Jakobsson, frit for efter Forlöbet af de 90 Dage at göre hvilkensomhelst Dispositioner overfor andre og skal nævnte Herrer i alle Tilfælde beholde de Forskud af Kr. 10,000 — ti Tusinde Kroner — som de faar udbetalt ved nærværende Kontrakts Underskrift.

Ovenanförte Option og Tilbud om kontant Forudbetaling bliver gyldig först efter at Regeringens Godkendelse er opnaaet.

Reykjavik den 18de Oktober 1910.

J. Brillouin.

Vitterlighedsvidner:
Ari Jónsson.
Gísli Sveinsson.

III. Nr. 19. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 25. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

20.

Thor E. Tulinius.

Kjöbenhavn K. d. 10. Dec. 1910.

Islands Ministeriums Kontor

her.

I Anledning af Det höje Ministeriums Forespörgsel skal jeg oplyse, at

der, ved Delingen af Dobbelspath Beholdningen her, leveredes Hr. Gudmundur Jakobsson

929 ℔ Spath A & B
122 ℔ do. C
1429 ℔ do. D.

Hvad det paa Eskifjord til samme Mand leverede angaar, er jeg ude af Stand til at opgive det nöjagtig, hvorfor Ministeriet i Reykjavik bedes henvende sig til Konsul Arnesen desangaaende.

Ærbödigst.

Thor E. Tulinius.

Duplokvittering vedlagt.

III. Nr. 20 framl. á rannsóknarn.f. 25. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

21.

Stjórnarráð Íslands.
Reykjavik.

Landsími Íslands.

Símskeyti frá Eskifirði nr. 89, 9 orð þ. $^{14}/_{7}$ 1910, kl. 10,$_{12}$ f. h.

Spathelmingur móttekinn 9549 pund.

Guðmundur Jakobsson.

III. Nr. 21 framl. á rannsóknarn,fundi 25. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

22.

Skýrsla
um silfurberg úr Helgustaðafjalli.

Móttekið i Kaupmannahöfn	2480 pund
Móttekið á Eskifirði...	9549 —
Tekið upp úr námunni 1910...	4500 —
Samtals	16529 pund

Selt silfurberg frá $^{1}/_{7}$—$^{8}/_{12}$ 1910:

Fylgiskjal I.:	Í Kaupmannahöfn 605 pund	fyrir kr.	19750,00
—— II.:	Í Reykjavik ... ... 108 —	— —	2225,00
		Samtals	21975,00

Silfurberg nú afhent Brillouin konsúl:

Í Kaupmannahöfn ... ... 1875 pund
Í Reykjavík... ... ... 13941 —

Samtals 15816 pund.

Nokkur ton af rosta eru við Helgustaðanámuna.
Náman á Ökrum hefur ekki verið unnin.

Reykjavík 7. des. 1910.

Guðmundur Jakobsson. Magnús Blöndahl.

III. Nr. 22., framl. á rannsóknarn.fundi 25. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

23.

Den 19. Decbr. 1910.

Idet man herved fremsender Oversættelse af en Kontrakt af 22. April 1895 mellem Landshövd. over Island paa Isl. Ldk. Vegne paa den ene Side og Vicekonsul Carl D. Tulinius og Köbmd. Thor E. Tulinius paa den anden Side, skulde man udbede sig Hr. Kammeradvokatens Udtalelse i följende Sag.

Efter at den nævnte Kontrakt, der angaar en Landkassen tilhörende Dobbelspatmine paa Island var fornyet uden Forandring af Kontraktens Bestemmelser, idet dog Köbmand Thor E. Tulinius efter sin Faders Död har overtaget dennes Rettigheder og Forpligtelser efter Kontrakten, udlöb Kontraktforholdet den 30. Juni d. A., fra hvilket Tidspunkt Regeringen sluttede Kontrakt med andre om Driften af Minen.

Ved Kontraktforholdets Udlöb var i Behold hos Koncessionshaveren en stor og værdifuld Beholdning af Dobbelspat, idet der i nogle Aar var optaget betydelig mere af Minen end der var solgt.

I den Anledning opstod Spörgsmaal om, hvorledes der vilde være at forholde med denne Beholdning. Ved Overenskomst med Köbmd. Tulinius var Sagen forelöbig ordnet saaledes, at han udleverede Halvdelen af Beholdningen til Regeringen in natura, idet Regeringen samtidig tog Forbehold om ved Sögsmaal mod ham at kunne paastaa ogsaa den anden Halvdel udleveret.

Man skulde nu udbede sig Hr. Kammeradvokatens Udtalelse om, hvorvidt Landskassen kan anses berettiget ogsaa til den Halvdel af Beholdningen, som endnu er beroende hos Köbmd. Tulinius, eller om Spörgsmaalet dog i hvert Fald kan anses saa tvivlsomt, at der er rimelig Grund for Regeringen til at ansöge det afgjort ved Domstolene.

Med Svaret bedes Bilaget tilbagesendt.

III. Nr. 23, framl. á rannsóknarn.fundi 25. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

24.

Den Cst Kammeradvokat
Journ. Nr. XXII. 1.

Köbenhavn, den 22. December 1910.

Til Ministeriet for Island.

Ved med Skrivelse af 19. ds. at fremsende den hermed tilbagefölgende Oversættelse af en d. 22. April 1895 mellem Landshövdingen over Island paa Islands Landskasses Vegne paa den ene Side og Vicekonsul Carl D. Tulinius og Köbmand Thor E. Tulinius paa den anden Side afsluttet Kontrakt angaaende Koncession paa Udnyttelsen af Dobbelspathminen i Helgustadafjall, har Ministeriet næst at meddele, at Kontraktforholdet er udlöbet d. 30. Juni d. A., udbedt sig en Udtalelse fra mig angaaende Ministeriets Retsstilling med Hensyn til den Beholdning af Dobbelspath, som Köbmand Thor E. Tulinius, der efter Vicekonsul Carl D. Tulinius Död har overtaget dennes Rettigheder og Forpligtelser eftir Kontrakten, laa inde med ved Kontraktens Ophör. Saaledes foranlediget skal jeg da tillade mig at udtale fölgende:

I Kontraktens § 8 er det bestemt, *at Koncessionshaveren selv kan bestemme, hvormeget han vil optage hvert Aar.* Herefter kan det ikke bestrides, at Koncessionshaveren er berettiget til i hvert enkelt Aar at optage mere end der sælges, og da Paragraffen ikke indeholder nogen som helst Begrænsning, kan det ikke afskære Koncessionshaveren fra Retten til at göre dette i de sidste Aar i Koncessionstiden, at han ikke maatte have gjort det i dens förste Aar.

Spörgsmaalet er nu, om Kontrakten kan forstaas saaledes, at Koncessionshaveren er pligtig til, samtidig med at han ved Kontraktstidens Udlöb afleverer Minen, at aflevere ogsaa den uafsatte optagne Beholdning. Da Kontrakten ikke indeholder nogensomhelst udtrykkelig Bestemmelse herom, *uagtet* den udtrykkelig giver Koncessionshaveren Ret til hvert Aar at optage *saa meget han vil*, og ikke blot, *hvad han kan sælge*, mener jeg ikke, at Regeringen kan göre nogen Fordring paa, at Koncessionshaveren skal aflevere den ved Koncessionens Udlöb i Behold værende optagne Dobbelspat.

Dette Resultat forekommer mig yderligere at stöttes derved, at den Afgift som Koncessionshaveren skal betale ikke er fastsat pr. Aar, men er fastsat i Forhold til hvad der sælges. Thi herved er Regeringen sikret imod, at Koncessionshaveren benytter de sidste Aar til at skaffe sig en uforholdsmæssig stor Beholdning, som han ikke skulde betale Afgift af. Og paa den anden Side vilde Regeringen, der som Kontrakten var at forstaa saaledes, at den ved Koncessionens Udlöb forhaandenværende Beholdning skulde afleveres, være udsat for, at Koncessionshaveren i den sidste Tid för Koncessionens Udlöb forcerede Salget og solgte til lave Priser for ikke at ligge inde med nogen Beholdning, naar Koncessionen ophörte, og herved vilde Regeringens Interesser formentlig skades.

Afgiften er jo i § 2 bestemt til Halvdelen af Dobbelspatens Salgsprovenu med Fradrag af Salgsomkostninger, og da det er bestemt, at der under disse Omkostninger kun falder saadanne, som paalöber, naar Dobbelspaten sendes bort fra Island, ser jeg ikke rettere end at Dobbelspatens Salgsprovenu bliver identisk med Værdien af den, efter at den er optagen af Minen. Efter

Kontraktens § 2 har som sagt Regeringen Krav paa Halvdelen af denne Værdi, og da Forholdet, som meddelt i Ministeriets Skrivelse, i Mindelighed er ordnet saaledes, at Regeringen har erholdt Halvdelen af Beholdningen in natura mener jeg, at den har faaet, hvad den har Krav paa, og at den derfor ikke kan have nogen Ret til at faa den anden Halvdel af Beholdningen udleveret.

Allerærbödigst.

Vagn Aagesen.

III. Nr. 24, framl. á rannsóknarn.fundi 25. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

25.

Eftirrit.

Vér undirritaðir Guðmundur Jakobsson, P. J. Torfason og Sveinn Björnsson gerum hér með með oss svofeldan samning:

1. gr.

Öll þau réttindi, sem hver og einn af oss kann að öðlast með samningum við landsstjórnina eða alþingi, til silfurbergsnáma (Dobbelspath) eða annara verðmætra steintegunda, (ekki málma) reksturs þeirra o. s. frv. skulu vera fullkomin sameign vor allra að jöfnu, þannig að hver af oss eigi sinn $^1/_3$ -- einn þriðja hluta — af þeim. Svo skal og hver einn af oss skyldur að taka þátt í kostnaði þeim, sem af sameign þessari leiðir í réttu hlutfalli við eign sína (o: að $^1/_3$ hluta).

2. gr.

Engar ráðstafanir, eða ákvarðanir hverju nafni sem nefnast, verða gerðar svo að bindandi séu fyrir hvern einstakan af oss, nema með samþykki vor allra.

3. gr.

Vilji einhver eða einhverjir af oss ganga úr félagskap þessum, skal hann eða þeir gefa þeim, sem eftir verður, kost á að kaupa sinn hlut fyrir það verð, sem samkomulag getur náðst um, eða kaupa sjálfur fyrir slíkt verð. Verði eigi náð samkomulagi skal félaginu skift á venjulegan hátt, með aðstoð skiftaráðandans í Reykjavík. Af samningi þessum eru þrjú trumrit undirskrifuð, og hefir hver af oss eitt þeirra.

Rvk. 7. febrúar 1910.

Guðmundur Jakobsson. P. J. Torfason.

Sveinn Björnsson.

III. Nr. 25, framl. á rannsóknarnefndarfundi 25. IV. 1911.
Stefán Stefánsson.

26.

Símskeyti

4. apríl 1911.

Thore Kjöbenhavn.

Hvor mange pund A, B, C, D. spath erholdt ved delingen med Landskassen. Hvor mange pund solgt hvert bogstav. Hvilken pris opnaaet hvert bogstav.

Altingets undersögelseskommission.

Bjarnason.

Stefansson.

Rétt eftirrit 24. apríl 1911. Forberg.

III, Nr. 26, framl. á rannsóknarnefndarf. 25. apríl 1911.
Stefán Stefánsson.

27.

Símskeyti

5. apríl 1911.

Eftirrit.

Altingets undersögelseskommission Reykjavik.

Kjöbenhavn 929 ab 122 c 1429 d Eskifjord ialt 9549 omsorterede mit andre principer meste usolgt köberne forlangt handelen hemmeligholdt.

Thore.

Rétt eftirrit, Rvk 24. apíl 1911. Forberg.

III, Nr. 27, framl. á rannsóknarf. 25. apríl 1911.
Stefán Stefánsson.

28.

Símskeyti

Eskifirði 2. maí 1911.

Rannsóknarnefnd Alþingis

Lárus Bjarnason, Stefán Stefánsson, Reykjavik.

Silfurberginu hafði verið skift í flokka A B C D jafnóðum og það var

pakkað. Flokkun þessi var ætluð til að gera léttari sorteringu utanlands. Guðmundur Jakobsson kaus sjálfur helming hvers flokks þannig: af AB, sem var einn flokkur, 409 pund, C 467 pund, D 8673 pund, og álitum við skiftin svo hagkvæm sem unt væri. Að eins um tvö stykki, sem eg áleit meira virði, var varpað hlutkesti.

Arnesen.

Nr. 28. Framlagt á fundi rannsóknarn. Ed. 2. maí 1911.

Stefán Stefánsson.

29.

Nefndin mælist til að þér, herra yfirdómslögmaður Sveinn Björnsson, svarið skriflega eftirfarandi spurningum, og ættu svörin að vera komin fyrir kl. 5 á morgun.

1. Voruð þér í félagskap þeim með G. J. og P. T., er yður sýndur samningur í gær, dags. 7. febrúar 1910, ræðir um?
2. Voruð þér í þeim félagskap eftir að M. Blöndahl hafði komið í stað P. Torfasonar?
3. Hve lengi voruð þér félagi þeirra G. J. og M. Bl.?
4. Hafið þér gengið úr, hver eða hverjir komu þá í yðar stað?
5. Hvað áskilduð þér yður fyrir afsal réttinda yðar?
6. Tölduð þér yður eiga rétt til nokkurs hluta af væntanlegum ábata þeirra G. J. og M. Bl.?
7. Voruð þér í ráðum eða verki með G. J. og M. Bl. fyrir annanhvorn eða báða um útvegun Helgustaðanámunnar eða um framsal á silfurbergsréttindum þeirra til B. Franç.?
8. Lögðuð þér beint eða óbeint, munnlega eða skriflega til þeirra mála við landsstjórnina?
9. Borguðu þeir G. J. og M. Bl. eða umboðsm. þeirra yður beint eða óbeint nokkuð fyrir aðstoð yðar þar að lútandi?
10. Hafi svo verið, þá hve mikið?

III. Nr. 29. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi Ed. 4. maí 1911.

Stefán Stefánsson.

30.

Reykjavík 4. maí 1911.

Út af fyrirspurnum yðar í bréfi til mín, dags. í gær, skal ég leyfa mér að senda yður:

1. Útdrátt úr bréfi frá mér til ritstjóra Lögréttu, dags. 5. des. 1910.
2. Eftirrit af samningi milli mín, Guðm. Jakobssonar og Páls Torfasonar.

Í skjölum þessum felst að mestu leyti svar við fyrirspurnum yðar. Eg skal að eins leyfa mér að bæta við fáum orðum til frekari skýringar.

Eg áskildi mér ekkert fyrir afsal réttinda minna samkvæmt samningnum 7. febrúar 1910 og taldi mig þá eigi eiga rétt til nokkurs hluta af væntanlegum ábata G. J. og M. Bl.

Í ágústmánuði 1910 urðu samningar milli mín og þeirra G. J. og M. Bl. um lögfræðislega aðstoð fyrir þá eða væntanlegt félag um silfurbergsnámurnar. Fyrir þá aðstoð hefi eg fengið borgun. En milligöngu hafði eg enga, hvorki við landsstjórnina né »B. Franç.« um þessi mál.

Með þessu tel eg svarað fyrirspurnum yðar, sem eg reyndar tel flestar eða allar þannig lagaðar, að mér ber eigi skylda að svara þeim.

Virðingarfylst.

Sveinn Björnsson.

Til
rannsóknarnefndar efri deildar alþingis.

III. 30. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi Ed. 4. maí 1911.

Stefán Stefánsson.

Eftirrit. 31.

Údráttur úr bréfi til ritstjóra »Lögréttu«.

Herra ritstjóri!

Þér hafið hvað eftir annað í blaði yðar rengt frásögn mína um það, að ég sé eigi eða hafi verið í neinum félagskap um Helgustaðanámuna. Nú í næstsíðasta blaði Lögréttu þykist þér styðja það mál yðar með því að tilfæra klausu úr skjali, sem yður hefir verið sýnt með mínu nafni undir. Sé átt við skjal, sem ég hefi skrifað undir, þá eru orðin rangt tilfærð.

En út af þessu skal ég örfáum orðum minnast á atburði þá, sem munu hafa gefið tilefni til þess, að sú saga hefir verið búin til, að ég væri einn í félaginu um Helgustaðanámuna.

Í febrúar síðastliðnum gekk ég í félag með tveim mönnum um það að reyna að notfæra silfurberg, sem kynni að finnast hér á landi. Um Helgustaðanámuna var þá ekki talað einu orði. Í samningum okkar var enn fremur tekið fram, að engar ráðstafanir eða ákvarðanir yrðu gerðar nema með samþykki vor allra. Ekkert gat því verið gert í voru nafni, nema með mínu samþykki. »Félag« þetta hafðist nú að svo komnu ekkert að. Í marsmánuði fór ég til útlanda og kom aftur úr þeirri ferð síðast í apríl. Skömmu eftir heimkomu mína kom einn félaganna til mín og sagðist vera að hugsa um að gera landssjóði boð í að reka námuna í Helgustaðafjalli, eftir 1. júlí þ. á., með

því að þá væri samningur sá, sem núverandi rekandi námunnar hefði við landssjóð, útrunninn. Eg tjáði honum þá, að ég vildi eigi, að samningur okkar frá því í febrúar næði til þessarar námu, af ástæðum, sem ég hirði eigi um að greina frá. Út af þessu og af öðrum ástæðum varð það að samkomulagi okkar, að félagskapnum skyldi slitið. Þetta gerðist þ. 30. apríl þ. á.

Fyrst löngu eftir þetta (í júnímánuði) mun Guðmundur Jakobsson hafa gert tilboð í að reka námuna og tilboð hans mun hafa verið tekið sem hæsta boði seint í júnímánuði. Af þessu má sjá, að ég hefi aldrei verið í neinum félagskap um Helgustaðanámuna og er ekki í neinum slíkum félagskap.

Reykjavík 5. desember 1910.

Sveinn Björnsson.

III. Nr. 31. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi Ed. 4. maí 1911.

Stefán Stefánsson.

32.

Eftirrit.

Vér undirritaðir Guðmundur Jakobsson, P. J. Torfason og Sveinn Björnsson, gerum hérmeð með oss svo feldan samning:

1. Öll þau réttindi, sem hver einn af oss kann að öðlast með samningum við landsstjórnina eða alþingi til silfurbergsnáma, (Dobbelspaths) eða annara verðmæta steintegunda (ekki málma), reksturs þeirra o. s. frv., skulu vera fullkomin sameign vor allra að jöfnu, þannig að hver af oss eigi sinn $^1/_3$ — einn þriðja hluta — af þeim. Svo skal og hver einn af oss skyldur að taka þátt í kostnaði þeim, sem af sameign þessari leiðir, í réttu hlutfalli við eign sína, (o: að $^1/_3$ hluta).

2. Engar ráðstafanir eða ákvarðanir, hverju nafni sem nefnast, verða gerðar svo bindandi séu fyrir hvern einstakan af oss, nema með samþykki vor allra.

3. Vilji einhver eða einhverjir af oss ganga úr félagsskap þessum, skal hann eða þeir gefa þeim, sem eftir verða, kost á að kaupa sinn hlut fyrir það verð, sem samkomulag getur náðst um eða kaupa hann sjálfur fyrir slíkt verð. Verði eigi náð samkomulagi, skal félaginu skift á venjulegan hátt með aðstoð skiftaráðandans í Reykjavík.

Af samningi þessum eru þrjú frumrit undirskrifuð, og hefir hver af oss eitt þeirra.

Reykjavík 7. febrúar 1910.

Guðmundur Jakobsson. P. J. Torfason

Sveinn Björnsson.

Hérmeð afsala ég undirritaður þeim Guðmundi Jakobssyni og Magnúsi Blöndahl báðum í Reykjavík öll réttindi mín samkvæmt framanskráðum samn-

ingi og skulu þeir frá þessum degi teljast réttir sameigendur greindra réttinda með öllum skyldum, sem þeim fylgja, svo þær séu mér alveg óviðkomandi.

Reykjavik 30. apríl 1910.

Sveinn Björnsson.

Samþykkir:
Guðmundur Jakobsson.
Magnús Blöndahl.

III. 31. b. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi Ed. 4. mai 1911.

Stefán Stefánsson.

33.

Rannsóknarnefnd Ed. alþ. 3. mai 1911.

Hér með er skorað á yður, hr. alþingismaður, að mæta á fundi nefndarinnar i alþingishúsinu kl. 6 síðdegis i dag. Nefndin þarf að leita nokkurra upplýsinga hjá yður um silfurbergsmálið svokallaða o. fl.

Jafnframt mun yður gefast kostur á því að kynnast því, sem hreyft hefir verið i nefndinni síðan nefndarálit vort um bankamálið var afgreitt til deildarinnar.

Til hr. alþm. Björns Jónssonar, R. af Dbr.

III Nr. 32. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi Ed. 4. mai 1911.

Stefán Stefánsson.

34.

Eg er ekki viðlátinn að »mæta« á fundi hjá »rannsóknarnefnd efri deildar« svo nefndri kl. 6 i dag, eins og nefnd þessi fer fram á bréflega i dag, auk annars vegna þess, að eg er þá á þingfundi i minni deild, en mun reyna að leysa bréflega úr, ef nefndin óskar upplýsinga um silfurbergsmálið o. s. frv.

Ekki er mér nein forvitni á að kynnast því, er hreyft kann að hafa verið i nefndinni frá því þá eða þá á þingtimanum.

Alþingi 4. mai 1911.

Vf. Björn Jónsson.
þm. Barðstr.

Til »rannsóknarnefndar efri deildar«.

III. 35. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 4. mai 1911.

Stefán Stefánsson.

IV.

Viðskiftaráðunauturinn.

1. Eftirrit.

Stjórnarráð Íslands.

Reykjavík, 17. júli 1909.

Hér með eruð þér, herra alþingismaður, samkvæmt umsókn yðar, settur til þess fyrst um sinn frá 1. n. m. að telja og þangað til öðru vísi verður ákveðið, að gegna sýslaninni sem viðskiftaráðunautur erlendis og ber yður, að því er snertir dvalarstaði og annað sýslaninni viðvíkjandi, að hegða yður eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Sem borgun fyrir starf þetta til ársloka þ. á. hefur verið lagt fyrir gjaldkera landssjóðs að greiða yður $^{5}/_{12}$ af 10000 kr. með $^{1}/_{5}$ mánaðarlega fyrir fram.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

M. Guðmundsson
aðstm.

Til hr. alþingismanns Bjarna Jónssonar.

IV, Nr. 1, framlagt á rannsóknarnefndarfundi 4. V. 1911.

Stefán Stefánsson.

2.

Erindisbréf til bráðabirgða
fyrir
viðskiftaráðunautinn erlendis.

1. Viðskiftaráðunauturinn er ætlast til að hafist við í þeim löndum, er landsstjórnin tiltekur, og skal hann auglýsa í hverju landi, hvar og hve lengi hann verður þar í það sinn. Þessi lönd munu verða Norðurlönd, Þýzkaland og England.

2. Starf hans er aðallega að svara ýmist munnlega eða bréflega fyrirspurnum bæði frá útlendum mönnum og hérlendum um sérhvað það, er að viðskiftum lýtur milli Íslands og annara landa um íslenzka atvinnuvegi og íslenzka landshagi og þjóðháttu, bókmentir, m. m. annars vegar, og hins vegar að láta í té þeim, er þess æskja og þarfnast sérstaklega, sams konar fróðleik

um önnur lönd, þau er hann dvelst í, þar á meðal einkum um markaði og markaðshorfur fyrir íslenzkar vörur, hvernig ganga ber frá íslenzkum afurðum og iðnaði til þess að útgengilegur verði erlendis, m. fl. þess háttar.

3. Þá er og ætlast til að hann kosti kapps um að gera Ísland og alla þess hagi almenningi sem kunnasta í öðrum löndum í ræðu og riti, taki með sama hætti svari landsins og landsmanna, ef á er ráðist, leiðrétti misskilning og mishermi, er bagi getur að orðið fyrir landið, og geri alt, sem í hans valdi stendur, til þess að aftra því, að land og þjóð sé hættulega afflutt erlendis.

4. Verzlunarviðskifti má hann engin hafa hvorki fyrir sjálfan sig né í annara umboði, né neina aðra atvinnu reka, er komi í bága við framangreint starf hans og skyldur í almenningsþarfir.

5. Hann skal jafnskjótt sem því verður við komið senda stjórnarráðinu sérstaklega skýrslur um alt það, er hann kemst eftir og telur geta haft þýðing fyrir landið að einhverju leyti eða fyrir landsstjórnina að fá vitneskju um; almenna skýrslu um athafnir sínar skal hann senda stjórnarráðinu að minsta kosti einu sinni á mánuði.

6. Hafist ráðunautur nokkuð það að, er kemur í bága við hlutverk hans eftir þessu erindisbréfi eða fer út fyrir verksvið það, er honum er þar ætlað, má svifta hann starfinu og kveðja heim tafarlaust.

Viðskiftaráðunauturinn verður að sætta sig við þær breytingar, er kunna að verða gjörðar á erindisbréfi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 30. júlí 1909.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

M. Guðmundsson
aðstm.

IV, Nr. 2, framlagt á rannsóknarnefndarfundi 4. V. 1911.

Stefán Stefánsson.

3.

Eftirrit.

Islands Ministerium.

Reykjavik, den 17. December 1909.

Ved at tilbagesende de med det kongelige Ministeriums Skrivelse af 10. f. M., angaaende den islandske Forretningskonsulent i Udlandet, fulgte 3 Bilag, samt at fremsende en Oversættelse af den ham givne forelöbige Instruks, undlader man ikke herved at fremhæve, at det skyldes en beklagelig Forglemmelse, at denne ikke för er bleven tilstillet Udenrigsministeriet.

Som Instruksen tydelig viser ligger politisk Virksomhed helt udenfor Forretningskonsulentens Virkefelt og man maa derfor i höj Grad beklage, hvis han, hvad Ministeriet betvivler, er fremkommen med saadanne politiske Ud-

talelser vedrörende Forholdet mellem Danmark og Island som de i de hertil indsendte Avisudklip anförte, hvorfor man har truffet Foranstaltninger til, at saadant ikke gentager sig og skulde det ske vil han ifölge Instruksens Paragraf 6 straks blive hjemkaldt.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til Udenrigsministeriet.

IV, Nr. 3, framl. á rannsóknarnefndarfundi 4. V. 1911.
Stefán Stefánsson.

4.

Eftirrit af bréfi til stjórnarráðs Íslands til viðskiftaráðunauts Bjarna Jónssonar frá Vogi, dags. 9. mars 1910.

Þér hafið, herra viðskiftaráðunautur, sent hingað með bréfi 21. f. m. nokkra (3) reikninga yfir ýmsan aukakostnað af starfi yðar, samtals 1118 kr. 21 e.

Þar af hafið þér fengið áður yður sendar 600 kr. til ferðar yðar suður á Ítalíu í haust.

Upp í afganginn eru yður hér með sendar 300 kr., en hitt látið bíða ítarlegri skilagreinar frá yðar hendi um ferðirnar 2, til Ítalíu og Frakklands (Parísar), og eru þeir reikningar báðir endursendir með þessu bréfi til þeirra umbóta, sem kleift er á þeim að gera, en það er einkum miklu nánari sundurliðun, til nokkurrar leiðbeiningar við væntanlega landsreikninga endurskoðun, með því að ekki verður ætlast til, að regluleg fylgiskjöl sé hægt að hafa með hverjum útgjaldalið. Auk þess er stjórnarráðið þeirrar skoðunar, að sumt af tilfærðum kostnaði beri ekki að endurgjalda aukreitis, heldur hljóti að felast í hinum föstu launum eða eiga að greiðast af þeim, svo sem fæði á ferðunum og húsnæði hvorttveggja að minsta kosti að meira eða minna leyti. Reglan virðist eiga að vera sú, að með aukakostnaði sé það eitt talið, er af ferðalaginu leiðir um fram hitt, ef haldið hefði verið kyrru fyrir heima, þ. e. þar sem dvalið er til nokkurra langframa. Með fullkominni nákvæmni er vitaskuld ekki hægt að gera upp í milli, enda ekki til þess ætlast, heldur er þetta að eins bending um, hvaða meginreglu réttast virðist við að miða: að hafa hvorki peningalegan ábata né halla af aukaferðalaginu um fram hitt, ef ferðin hefði verið ófarin.

Að fenginni svo vaxinni lagfæringu á reikningnum, sem hér er ávikið, munu þeir verða úrskurðaðir og mismuninum ávísað, ef þá verður einhver.

Eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til kaupmanns Magnúsar Gunnarssonar dags. 19. apríl 1910.

Samkvæmt ósk viðskiftaráðunautsins, eru yður, herra kaupmaður, hér með sendar 300 kr. *) svo og jarðabókarsjóðsávísun fyrir 88 kr. 79 au., til greiðslu á kostnaði við ferð hans til Ítalíu og Frakklands á yfirstandandi vetri.

Kvittun eruð þér beðinn að senda hingað.

IV, Nr. 4. Framl. á rannsóknarnefndarfundi 4. mars 1911 með fylgiskjölunum.

Stefán Stefánsson.

Eftirrit.

Der Verkehrsconsulent
Islands

Reikningur

til landssjóðs Íslands yfir ferðakostnað til Ítalíu.

Fargjald á járnbrautum	kr.	178,27
Matur á járnbraut í 15 daga	—	94,50
Matur í veitingahúsum í 17 daga	—	91,80
Herbergi í veitingahúsum í 32 nætur	—	144.00
Burðarmenn (inni á brautarstöðvum)	—	20,00
Akstur að og frá stöðvum	—	60,00
Sporvagnar	—	12,00
Gjafir til þjónustufólks	—	63,50
Hús og fæði í Rómaborg	—	40,32
Samtals	kr.	704,39
Fengnar áður en ferðin hófst	—	600,00
Óborgað mér	kr.	104,39
Hér frá dregst 2 kr. á dag í 40 daga	—	80,00
Eftir	kr.	24,39

Hamburg 19. febr. 1910.

(sign.) Bjarni Jónsson frá Vogi.

Rétt eftirrit.

L. H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Að IV, Nr. 4 a.

*) Þessar 300 kr. eru hinar sömu sem ræðir um í framanrituðu bréfi frá 9. mars 1910.

Eftirrit.

Der Verkehrsconsulent
Islands

Reikningur

til landssjóðs Íslands yfir ferðakostnað til Parísar.

Fargjald, svefnvagn, burðarmenn og akstur af stöðvum og á ..	kr.	146,40
Fæði og drykkur á leiðinni	—	12,60
Fæði og húsnæði í París, akstur um borgina. gjafir til þjónustufólks og annar nauðsynlegur eyðslueyrir	—	191,80
Símskeyti	—	13,60
Samtals	kr.	364,40

Hamburg 20. febr. 1910.

(sign.) Bjarni Jónsson frá Vogi.

Rétt eftirrit.

L. H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ad IV, Nr. 4, b.

Eftirrit.

Der Verkehrsconsulent
Islands

Reikningur

til landssjóðs Íslands fyrir frímerki, úrklippur og auglýsingar.

Frímerki til janúarloka...	kr.	20,00
Til »Danske Argus« fyrir úrklippur	—	26,70
Til »Norske Argus« — —»—	—	25,00
Auglýsing í »Dagbladet«	—	2,20
—»— - »Morgenbladet«...	—	2,30
—»— - »Hamburger Fremdenblatt«	—	4,32
Samtals	kr.	80,42

Hamburg 20. febr. 1910.

(sign.) Bjarni Jónsson frá Vogi.

Rétt eftirrit.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ad IV, Nr. 4, c.

5.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi, viðskiftaráðanauts, fyrir september og október 1909.

Þar er nú til að taka, sem fyr var fráhorfið, er eg var kominn til Kaupmannahafnar.

Hina fyrstu daga septembermánaðar var eg þar um kyrt. Þá bar svo við, að Cook kom þangað úr norðurför sinni og var þá fjöldi blaðamanna þar samankominn. Freistaði eg þá að leiða athygli þeirra að Einari Jónssyni, listamanni, og reit í því skyni bréf til William Stead. En hann var þá á svo hraðri ferð, að hann gat eigi sint því. Sömuleiðis reit eg þá Dr. Egan, sendiherra Bandaríkjanna um Einar, því að hann hafði séð nokkur verk hans og getist vel að. Einari var skömmu síðar falið að gera andlitsmynd (Medalion) Cooks.

Þessu næst hélt eg til Oslóar. Þar auglýsti eg, að eg mundi verða þar einn mánuð og um leið heimilisfang mitt.

Hitti eg þar fyrst nokkra blaðamenn að máli og hafði af þeim góðar viðtökur. Fluttu þau síðan greinar um för mína og erindi. »Dagblaðið« flutti von bráðar samtal við mig um íslenzka list. Af þeirri grein hefir sú afleiðing orðið, að listamannafélagið í Osló fastréð að bjóða listamönnum vorum að hafa sýningu í Noregi. Og af frásögn minni af íslenzkum söngskáldum leiddi það fyrst, að norsk blöð skoruðu á Sveinbjörn Sveinbjörnsson, er þá bjóst að halda samsöng í Kaupmannahöfn, að koma og til Oslóar. En síðar var honum ritað um það og stendur hann nú í samningum við þá.

Eg hafði auglýst skrifstofutíma minn og komu margir verzlunarmenn, verkfræðingar og aðrir og báru upp fyrir mér spurningar um margvíslega hluti, og leysti eg úr þeim öllum. Auk þess fékk eg úr Noregi fyrirspurnir í bréfum frá ýmsum landshlutum og svaraði eg þeim öllum; voru þær ýmist um fiskveiðar eða verzlun.

Einn þeirra manna er til mín komu, var formaður hafnargerða í Noregi, Gabriel Smith. Hann hefir með höndum áætlun um hafnargerð í Reykjavík. Sá eg hjá honum uppdrátt af höfninni og lét honum í té íslenzka fyrirsögn. — Hann taldi hafnargerð þessa eitthvert mesta og sjálfsagðasta framfarafyrirtækið heima. Sagði eftir mikla reynslu í Noregi væri hann sannfærður, að höfnin borgaði sig beinlínis auk þess sem hún mundi bæta allan verzlunarhag landsmanna. Hann kvaðst og vera þess fullviss, að fá mætti fé hjá norskum bönkum til hafnargerðarinnar með sömu kjörum sem til norskra hafna, hvort sem bærinn eða landið gerði höfnina eða land og bær í sameiningu. Hann kvaðst áður hafa sent ráðuneytinu íslenzka »Forarbejder til Havnelov 1894«. Þar er mál þetta skýrt röksamlega og vildi eg láta þessa getið núverandi stjórn til athugunar, ef hún vildi láta gott af sér leiða um framkvæmd þessa velferðarmáls. Mín trú er sú, að þar reisi stjórnin stjórnin sér óbrotgjarnan lofköst, ef hún hrindir því máli áleiðis, því að stórkaup og umráð verzlunarvega munu eigi fyr heim hverfa. Hefi eg fengið þess órækar sannanir í för minni, en oflangt mál yrði að telja þær hér.

Auk þess, sem fyr var getið um samtöl mín við blaðamenn til þess að gera Ísland kunnugt, hélt eg þrjá fyrirlestra í Osló. Fyrst kom til mín formaður stúdentafélagsins og bað mig að halda fyrirlestur í félaginu og varð eg við þeim tilmælum. Var þar mikill fjöldi manna saman kominn og tók vel máli mínu og var auðsætt að mikill vinarhugur til Íslands bjó undir þeim viðtökum. Þar talaði eg einkum um sjálfstæðisbaráttu vora svo sem eg hafði verið beðinn. En auk þess hafði eg skuggamyndir til sýnis og lét því fylgja yfirlit yfir lögun og eðli landsins og frjósemi, atvinnuvegi og menning. — Þar næst var eg beðinn að halda fyrirlestur um fjárhag landsins og viðskifti Íslands og Noregs á sameiginlegum fundi í »Statsökonomisk Forening og Statsökonomisk Gruppe af Polyteknesk Forening«, þar flutti eg erindi um framfarir í efnahag landsins á öldinni sem leið, samið eftir landshagsskýrslum Íslands, og um viðskifti landanna, samið eftir verzlunarskýrslum Íslands og Noregs. Lét eg þess getið, að þau viðskifti,

sem nú eru, gætu orðið beinni og hagfeldari, og að þar til mundi stuðla ef tollur væri lækkaður á íslenzkum hestum, saltkjöti og sauðfénaði. — Hér var og gerður góður rómur að máli mínu og þakkaði Morgenstjerne háskólakennari fyrir. Síðan var í umræðunum á eftir gerð fyrirspurn til Abrahamsens, verzlunarráðherra, sem var á fundinum, hvort honum þætti ekki ástæða til að senda erindreka til Íslands til þess að kynna sér þessi málefni til fullnustu. Hann svaraði svo, að stjórnin mundi eigi vilja ráðast í á eigin spýtur nú, er sendur væri sérstakur ræðismaður til Íslands, en hann hugði hana mundu vilja veita styrk til þess, ef verzlunarmenn vildu sjálfir leggja nokkuð af mörkum. — Það vissi eg síðast til þessa máls, að nokkrir kaupmenn með Andersen viðarsala í broddi fylkingar rituðu stjórninni og sóttu um þenna styrk. Síðan eg fór úr Noregi hefi eg engar spurnir haft af þessu. Hinn þriðja fyrirlestur hélt eg í »Bondeungdomslaget« um íslenzka list og íslenzka stjórnmálabaráttu. Sýndi eg þar skuggamyndir og lýsti um leið landinu og gróðri þess og þjóðháttum vorum og sýndi mönnum flest verk Einars Jónssonar. Var mér tekið forkunnar vel og málstað vorum. Bar formaður félagsins í ræðu sinni mikið lof á oss fyrir trygð vora við móðurmál vort og marga hitti eg þar velviljaða, svo sem Angell herforingja og Gjelsvik háskólakennara. Vildu þeir fegnir auka mentaviðskifti við oss og njóta íslenzkrar tungu í baráttu sinni fyrir lífi norsks máls.

Eg gekk á fund búnaðarstjórans (Landbruksdirektör) og spurði hann um tillögur hans um afnám eða lækkun tolls á ísl. hestum og kjöti. Sagði hann mér, að sínar tillögur hefði verið að afnema hann, en ráðgjafinn (Statsraad Fosnæs) hefði eigi viljað lengra fara en að lækka hestatoll um helming. Saltkjötstoll þyrði hann ekki að lækka fyrir bændum (Agrarer). Eg átti síðan tal við hann um fé á fæti. Taldi hann ekkert mundu verða því til fyrirstöðu að lækka eða afnema þann toll (2 kr. á kind). Þessu næst gekk eg til fundar við ráðgjafann. Sagði hann mér tillögur sínar og kvaðst eigi þora lengra að ganga. En um sauðfénað sagði hann slíkt hið sama sem búnaðarstjórinn.

Eg átti og tal um þetta við utanríkisráðgjafann. Sagði hann, að norska stjórnin mundi fús til að gera alt, sem auka mætti viðskifti landanna.

Enn átti eg tal við Berner forseta og hné tal hans að því sama sem hinna. En hann eggjaði mig fast á að fara til Björgvinjar og Niðaróss og leitast við að hrinda á stað nýjum verzlunarviðskiftum. Reit hann síðan á blað nöfn þeirra manna, er hann taldi mestu máli skifta að tala við, og sendi þeim kveðju sína. Eg réð því af að fara þar norður eftir, þótt féskylft sé að fara svo langar og dýrar ferðir.

En áður en eg lagði af stað frá Osló vildi eg freista, hvort þar mætti nokkru til framkvæmdar snúa. Eftir tilvísun ritstjóra þess við »Dagblaðið«, er bezt hefir reynst mér, fór eg því til dýralæknis eins, er Bernt Anker-Nilsen heitir. Hann kveðst þess fullviss, að íslenzkir hestar mundu verða notaðir bæði á smájörðum og í bæjum til léttaflutnings. Vildi hann byrja hestaverzlun, ef hann fengi í félag við sig íslenzkan mann, er kynni gott skyn á hestum. Skyldi sá gera góð kaup heima, þ. e. gæta þess að varan væri vönduð, en sjálfur mundi hann til fá mann fyrir sína hönd að selja í Noregi og verða skoðunarmaður að hestunum og taldi það mundu verða löndum sínum trygging þess, að svikalaust væri verzlað. Eg hafði hugsað mér, að Magnús Gunnarsson í Miðstræti 10 væri vel til þessa starfa fallinn. En fyrir þá sök vildi eg þó að stjórnin réði, að sá maður er í tengdum við.

Að því búnu hélt eg til Björgvinjar og hitti þar að máli þá menn, er Berner hafði mér til vísað. Rogge, fyrrum þingmann, Lund, forstöðumann fyrir gufuskipafélagi Björgvinjar, Jörgen Blydt, þingmannsefni, tengdason Berners, og Lehmkul, fyrrum ráðgjafa. Þessir menn tóku allir vel máli mínu, en litlar hygg eg verði framkvæmdir þeirra, nema Lehmkuls, ef til vill. Hinir vísuðu mér allir til hans, og sá eg af því, að hann mundi þar mest metinn. Hann er og aðalformaður eimskipafélags þess er fyr nefndi eg. Félag þetta hefir hafið ferðir sínar til Íslands fyrir hans tilstilli og hann sagðist vilja halda þeim fram, þar til er svo væri komið, að ferð yrði hverja viku. Kvaðst hann sjá, að mjög mundi

það styðja að þeim framkvæmdum, ef ykist vöruflutningar milli landanna, einkum frá Íslandi, svo að skipin þyrfti eigi að fara tóm aðra leiðina. Hann hét mér því að telja þingmenn þá, er kosnir yrðu, á mitt mál um tollana. — Eins vil eg enn geta. Þegar Björgvinjarbrautin er fullger, verður sú leið fjölförnust frá Íslandi og er það ætlun Austmanna, að íslenskur póstflutningur muni þangað renna og ferðamannaleið. -- Má vera, að stjórn Íslands geti neytt þess, er hún veit þessa ætlun t. d. í yfirstandandi samningum.

Eg sá, að eg mátti ekki meir til vegar snúa í Björgvin á svo skömmum tíma sem eg gat þar verið. Hélt eg því norður um Stað og kom við í Álasundi. Hittu mig þar blaðamenn og kaupmenn fáeinir, og leysti eg úr spurningum þeirra. — Þaðan fór eg til Niðaróss. Hitti eg þar blaðamenn og marga kaupmenn. Meðal þeirra var Brat ræðismaður, sá er mest var viðriðinn stofnun Skjaldbreiðar. Sagði hann, að menn vildu nú kippa að sér hendinni og borga eigi hlutaféð. Eg reyndi að styrkja trú hans á fyrirtækinu að svo miklu leyti sem eg gat án þess að segja ósatt. Bæði hann og aðrir, sem eg átti tal við, vildu fegnir stuðla að því, að viðskifti ykist milli landanna. Þeir vilja fegnir selja oss við sinn og þeir sáu, að slík kaup mundu fremur þar festast, ef vér flyttum vörur til þeirra héraða. — Þar talaði eg við dýralækni, er Lund heitir. Hann kvaðst fús til að gera tilraun til að selja ísl. hesta og sauði. Taldi hann rétt að byrja smátt og sjá, hversu gengi. Hann kvaðst mundu gera sig ánægðan með 10 kr. af hestinum í sölulaun. Eg tel rétt, að kaupfélög eða kaupmenn geri þessa tilraun.

Eins er ógetið enn. Eg sat einn dag í fjölsóttasta kaffihúsi í Osló og tók upp Landsbankaseðil til þess að borga með. Þjónarnir horfðu á mig sem tröll í heiðríkju og þorðu ekki að taka seðilinn. Eg gerði síðan sömu tilraun víða. Sá eg þá til fullnustu, að Landsbankaseðlar þykja alls eigi gjaldgeng vara í Noregi, en Íslandsbankaseðla tóku allir með fullu verði. Eg fór því til bankastjórans í Noregsbanka og spurði, hvort hann mundi eigi vilja eiga viðskifti við Landsbankann framvegis, ef óskað væri. Hann kvaðst vera fús til þess. Hann kvaðst stundum hafa tekið þá gegn 1% í þóknun, en kvaðst mundu innleysa þá fyrir bankann gegn $^1/_4$%, ef stjórnin óskaði og semdi um það við sig. Í Niðarósi átti eg tal við »Trondhjems Handelsbank« um þetta efni. Hét bankastjórinn því, að rita stjórn Landsbankans um málið, en eg sagðist mundi rita stjórninni í skýrslu minni um þetta mál. Þetta er í stuttu máli sagt, hvað eg hafðist að í Noregi.

Þess er þó enn ógetið, að eg svaraði nafnlausri árásum á landið, og sést það á úrklippum þeim, er eg læt fylgja. Vil eg mælast til, að þær úrklippur verði festar í úrklippuhefti og látnar liggja hjá skýrslu minni og vera fylgiskjöl hennar.

Svo er ákveðið í erindisbréfi mínu, að eg skuli rita skýrslu á hverjum mánuði. En mér þótti eðlilegast að rita samfelda skýrslu um Noreg, þótt hún næði yfir lengra tímabil en einn mánuð. Fyrir því sendi eg enga skýrslu fyrir september. Vona eg að stjórnin misvirði það eigi við mig.

Áður en eg færi frá Osló fékk eg nokkurn fjárstyrk til Ítalíuferðar frá stjórninni. Hefði eg helzt kosið að fara þá þegar suður, en það var mér ókleift að fara frá Noregi að hálfunnu verki og síðan þangað norður aftur. Tók eg því það ráð að ljúka fyrst tilraunum mínum í Noregi og fór því norður sem fyr var sagt. En er eg var kominn til Niðaróss, þá átti eg um að velja tvær leiðir, suður Noreg eða yfir fjöllin og suður Svíþjóð. Þann kost tók eg til þess að undirbúa komu mína til Svíþjóðar með vorinu.

Ragnar Lundborg vinur minn og Íslands tók mér opnum örmum. Bauð hann mér til veislu ásamt fjölda blaðamanna, til þess að eg fengi færi á að tala við þá sem flesta á sem styztum tíma. Blöðin fluttu síðan vinsamlegar greinar um Ísland og starf mitt. Læt eg fylgja úrklippur úr þeim. Þar hitti eg Wedrin nokkurn, sem stundað hefir síldarveiði heima nokkur ár. Hann sagðist gera tilraun með sölu á hestum og sauðfé frá Íslandi. Væri ástæða til fyrir stjórnina að leita tollsamninga við Svía eigi síður en Norðmenn. Þar eru 50 kr. á hestinn líka, en engu ólíklegra, að þar megi verða markaður. Því að nú verður Norrland

alt deilt í smábýli til þess að það byggist betur og þar væri vorir hestar við hæfi þeirra og mætti vel vera að þangað tækist og að flytja lifandi fé, enda er tollur þar eigi nema 1 kr. af sauðkindinni.

Um síld frá Íslandi fékk eg þær upplýsingar, að hún væri í háu verði í Svíþjóð og mjög mikið eftir henni sótt. Þar er étið hið mesta af henni. En sú verslun fer þann veg, sem nú skal greina. — Fyrst er hún send einhverjum »íslenzkum kaupmanni« í Khöfn. Þeir fá hana allir í hendur Gyðingi einum, er Levy nefnist. Sá hefir enn umboðsmann í Svíþjóð, er Oscar Jan nefnist. Af honum kaupa síðan sænskir stórkaupmenn, en af þeim smákaupmenn og þeir selja síðan í smásölu. Hér eru fjórir óþarfir milliliðir og mætti spara margar krónur á hverri tunnu, ef beint gengi varan til Svíþjóðar. En til þess þyrfti skipagöngur að vera milli Íslands og Gautaborgar. — Væri það til mikilla þjóðþarfa, ef skip Tuliniusar gætu komið þar við.

Í Stockhólmi hitti eg að máli Knud A. Vallenberg, forstöðumann fyrir Stockholms enskilda Bank og einn helsta fjármálamann Svía. Kvaðst hann fús á að eiga viðskifti við Landsbankann og hét því, ef vér vildum breyta nokkuð þeim banka, að gefa góð ráð, og er það eigi lítilsvert. Því að bæði Norðmenn og Danir hafa beðið hann að rita lög hinna nýjustu banka hjá sér. — Af því að talið barst að fjármálum Íslands, spurði eg hann, hvort vér mundum geta fengið ríkislán í Svíþjóð, ef oss þætti það haganlegra að borga þau lán, sem nú höfum vér tekið og taka annað nýtt og — stærra. Spurði hann þá, hvort vér mættum slíku ráða fyrir Dönum. Sagði eg honum þá, að vér hefðum umráð yfir öllum fjárhag vorum. Taldi hann þá, að vel mætti svo verða, ef um semdi skilmálana. — Að þessu búnu hóf eg ferð mína suður eftir.

Kaupmannahöfn, $^{31}/_{10}$ 1909.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Til stjórnarráðs Íslands.

IV, Nr. 5. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. $^{4}/_{5}$—1911.

Stefán Stefánsson.

6.

Skýrsla
Bjarna Jónssonar frá Vogi fyrir nóvember 1909.

Þá er eg kom frá Svíþjóð, sem fyr var ritað, varð eg að dvelja nokkra daga í Kaupmannahöfn fyrir þá sök, að ýmsir menn leituðu fræðslu til mín. Þar á meðal var maður einn að nafni Peder Andersen. Hann á félagskap við íslenzkan mann Chr. Nielsen að nafni, þann er verzlun átti í Kirkjustræti (í næsta húsi við Skjaldbreið). Hyggja þeir á að verða nokkurs konar milligöngumenn fyrir íslenzka verzlun í Hamborg. Eg læt þessa getið, ef vera kynni, að landsstjórnin vildi láta menn vita um það til hvatningar eða varnaðar. Þess vil eg og geta, að bæði þessir menn og Thomsen ræðismaður Þjóðverja ætlar sér að fá niðursett flutningsgjald frá Hamborg til Kaupmannahafnar (þeir nefna það »Gennemgangs Fragt«). Þetta mætti vel verða stundarhagur, ef fram gengi. En í raun réttri er það að vinna mót beinu sambandi milli Íslands og Hamborgar, sem þingið veitti fé til og ætlaði að verða skyldi liður á þeirri festi, er knýta skyldi Ísland í eðlileg viðskiftasambönd við önnur lönd. Hygg eg, að stjórn landsins þurfi hér til

að gæta og finna mótleik nokkurn, svo að eigi saki upptekin sambönd vor við Þýzkaland. Mun eg hafa gætur á, hvað fram fer í þessu og láta jafnskjótt uppi við stjórnina, ef eg verð nokkurs var, er máli megi skifta.

Þessir menn, er fyr nefndi eg, sýndu mér *niðgrein* um Ísland, er staðið hafði í Hamburger-Fremdenblatt. Hún var útdráttur úr grein einni, er staðið hafði í Norsk Sjöfartstidende og eg hafði svarað þar. Eigi veit eg, hvernig hún er þangað komin, en næst mér væri að halda, að einhver danskur maður hefði komið henni á framfæri. Eg mun grenslast eftir því áður en eg kem til Hamborgar. Tulinius kom og að máli við mig um þessa grein og taldi hann hana mundu spilla þar tiltrú til Íslendinga. Eg reit síðan svar og sendi blaðinu frá Berlín, en eg veit eigi um, hvort blaðið hefir tekið það. Ef svo er eigi, mun eg nú bráðlega gera gangskör að því að reka af oss það illmæli.

Svo þótti mér og öðrum sem hætta mætti stafa af því, að eitt félag hefði í hendi sér alla *steinolíuverzlun* á Íslandi. Eg spurðist því nokkuð fyrir um það mál í Kaupmannahöfn, en fékk eigi svo nána vitneskju um það, að eg geti að sinni gefið áreiðanlega skýrslu um málið. Eg mun rannsaka það ítarlega nú, er eg hefi lokið Ítalíuferð minni. Þess vil eg þó geta, að til mín kom í Kaupmannahöfn formaðurinn fyrir Skandinavisk-Amerikansk Petroleumsselskab og kvaðst ætla sér að keppa við félag það, er selur steinolíuna heima. Eg réð honum að auglýsa þetta í blöðunum heima og hét honum að láta hans getið í skýrslu minni. Hinn 3. nóvember hóf eg *suðurför* mína. Eg lagði leiðina suður um Dresden og München. Í þeim borgum og yfir höfuð á Þýzkalandi sunnanverðu er matur afar dýr, kjöt og fiskur. Mætti vafalaust selja þangað íslenzkar afurðir með miklum hagnaði, ef eigi væri flutningsgjald mjög hátt á járnbrautum. Þó er Dresden undanþegin þeim meinbug, því að skip ganga upp Saxelfi alla leið þangað, og mætti vel láta þau flytja bæði kjöt og ull og aðra vöru, sem geyma má. Eg drep að eins á þetta hér, en mun senda greinilega skýrslu um þessa hluti óðara en eg hefi fengið næði til að vinna úr því efni, sem eg hefi safnað mér á leiðinni. — Síðan hélt eg suður um Brennerskarð yfir Alpafjöllin og kom til Veronu. Þar virtist mér lítil viðskiftavon og hélt þaðan til Milano. Sú borg er ein af stærstu borgum Ítalíu og hygg eg þar mætti takast margvísleg viðskifti við þá borg. Eg nefni í svip ull frá okkur og silki þaðan. Þar eru feikimiklar tóvinnuvélar og dúkagerð mikil úr ull. Þær gefa 5—6 franka fyrir ullartvípundið (vesturheimsk ull og tyrknesk) og mundu að líkindum gjalda 5 fr. fyrir tvípundið af góðri íslenzkri ull. Þaðan hélt eg svo til Genua. Þar hafði eg mikla hjálp af dönskum manni, er Valdemar Jenssen heitir og búið hefir tvö ár þar í grendinni. Hann fór með mér um bæinn og var túlkur minn, því eg mátti eigi mæla á ítalska tungu og eigi skilja landsmenn latínu. En eg skil svo mikið í málinu, er eg heyri það, að eg má vel greina hvort hrekklaust er túlkað. Það sé eg með vissu á því, er okkur var sagt, að mikla og arðvænlega verzlun megum við reka við Genua og nágrennið þar, bæði með hesta, kjöt og fisk alls konar og nálega allar íslenzkar vörur. Til varúðar og samanburðar fékk eg svo til ungan mann að spyrjast fyrir um verðlag á vörum, og hygg eg því, að áreiðanlegt sé verðlagið, því að honum ber að mestu saman við okkur Jenssen.

Nú er það alkunna, að mjög margir ferðamenn sækja til Rómaborgar og er því mikið um akstur þar. Þótti mér því réttast að sjá þar með eigin augum, hversu til hagaði, og fór því þangað. Tel eg engin tvímæli á, að þar væri íslenzkir hestar ágæt vara. Og yfir höfuð var verðlag þar hið sama sem á Norður-Ítalíu. Matvæli öll mundu og eiga þar góðan markað. Þessa bráðabirgðaskýrslu rita eg í Basel á norðurleið. Mun eg leita hér fræðslu um verðlag á sams konar vörum sem vér flytjum út, og síðan fá vitneskju um farmgjald á járnbrautum. En samfast og ítarlegt yfirlit yfir alla þessa hluti þarf eg enn nokkurn tíma til að semja og fylla upp í þar sem enn vantar vitneskju.

Þá er eg kem til Hamborgar mun eg semja ítarlega skýrslu um Ítalíu-för mína og mun þá mega bera saman við skýrslu mína úr Noregi og sjá, hvert helzt

beri að beina verzlunarstraumnum. Vona eg að geta sent þenna ritling með næstu ferð.

Basel $^{2}/_{12}$ 1909.

Bjarni Jónsson frá Vogi.

Til stjórnarráðs Íslands.

IV. Nr. 6, framlagt á fundi rannsóknarnefndar 4. V. 1911.
Stefán Stefánsson.

7.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi um ferð hans til Ítalíu í nóvember 1909 með viðauka um ullarverð o. fl.

I.

Inngangur.

1. Þess mundi hver þjóðrækinn Íslendingur óska, að á oss rættist hið fornkveðna, að »brent barn forðast eldinn«. Raunasaga lands vors hefir sýnt það til fullnustu, hver örlög bíða þess eylands, sem engan hefir skipakost til þess að flytja afurðir sínar á markað og sækja nauðsynjar sínar. Ætti hún því að hafa kent oss það, hversu bráða nauðsyn ber til að vér eignumst sem fyrst þann skipastól, er nægja mætti til þessa. Því að aldrei fáum vér beint verzlun vorri í rétt horf fyr en það er framkomið.

Sú er hnattstaða Íslands, að eðlilegir höfuðvegir fyrir verzlun vora eru þrír. Liggur einn þeirra til austurs til Noregs og Svíþjóðar, annar í landsuður til Bretlands eður Frakklands og þaðan á markaði í miðhluta Norðurálfu. Hinn þriðji gengur til útsuðurs til Vesturheims.

Þá er verzlun öll er komin í vorar hendur og vér höfum nægan kost góðra skipa, munu allar þessar leiðir verða farnar jöfnum höndum ár hvert, og munum vér með þeim hætti mega sæta betri kjörum en ella fást. Því að þá mættum vér sækja þann markað, er oss væri hagkvæmastur, og eigi mundi þá fé vort eyðast til þess að auðga óþarfa milligöngumenn.

En bíða verðum vér enn um stund, þar til er svo kemur málum vorum. Þó megum vér eigi vera athafnalausir þangað til heldur litast um, hvar markaðurinn er fyrir oss. Vel má með sanni segja, að eigi þurfum vér markað vörum vorum hjá mörgum stórþjóðum, því að þær séu harla litlar. En þó mun hækka verðið, ef margir leita kaupanna, enda aukast vörumagnið, er menn vita með vissu, að nægir muni kaupendur. Til dæmis þarf eigi langan tíma til þess að stórauka sauðfjár og hestafjölda. Enda er og gott að vita, hvar leita skal nýrra viðskifta, ef þau bregðast, sem áður voru.

Fyrir því hefi eg jafnan litið eftir öllum slíkum viðskiftavonum þar sem eg hefi farið og látið þeirra getið, þótt eigi verði með vissu sagt, hvort betur mundi reynast en þau viðskifti, sem nú þykja bezt. Mun það auðskilið hverjum réttsýnum manni, að það er ofurefli hverjum manni að sjá svo glögt, en hitt vildi eg, að eigi þætti það illa ráðið eftir á að gera tilraun nokkra þar, er eg bendi til. Mun eg hverfa að því síðar, hverjar tilraunir eg mundi vilja gera láta og með hverjum hætti.

II.

Yfirlit yfir viðskiftavonir í Noregi og Svíþjóð.

Það tel ég víst, að auka megi viðskifti vor við Austmenn og Svía í ýmsum greinum, svo að mikill gróði verði að. Er þar fyrst að nefna hestaverzlun. Bæði þessi lönd þurfa á ódýrari hestum að halda en þau eiga nú kost á að fá og mundu íslenzkir hestar þeim í alla staði hagkvæmir. Sá er þó hængur á þessu, að tollur er hár (50 kr.) í báðum löndum. En eigi er það með öllu vonlaust, að sá tollur verði lækkaður, og hefi eg áður ritað stjórninni um undirtektir Austmanna í því efni. Tel eg það og líklegt, að Svíar muni tilleiðanlegir, einkum ef Austmenn rynnu á vaðið. — Þótt Austmenn telji það eigi nauðsyn að kaupa af oss lifandi fé, þá hygg eg þó veg til þess að koma á verzlun þangað með lifandi sauðfénað. Að minsta kosti mundi mega koma á nokkurri sauðfjárverzlun við Svía, því að þeir hafa nú í hyggju að auka mjög bygð og búnað í »Norðurlandi«. — Í báðum þessum löndum er saltkjötsmarkaður góður. Er það eitt ávant nú um þann markað, að hlykkjótt er leið vörunnar, er hún fer yfir Kaupmannahöfn mestöll. — Íslenzk síld þykir mata bezt í Svíþjóð enda er hún þar etin mestöll. En þar er sá galli á, að hún er eigi seld beint þangað. En þar er vissa um mikinn gróða frá því sem nú er, ef því verður kipt í lag. Er sá hlutur vel þess virði, að stjórn Íslands hlutist til um það. — Í verzlunarskýrslum vorum er lítið eða ekkert talið flutt til Svíþjóðar, en á skýrslum Svía má sjá það, að þangað flytjum vér fiskmeti fyrir $1^1/_2$ miljón, og mun það vera mestmegnis síld. Fyrir þetta að síldin gengur gegnum hendur danskra milligöngumanna. Nú má sjá, að hér er um góða fúlgu að ræða, þar sem 3 krónur leggjast á hverja síldartunnu, eftir því sem sænskir síldarkaupmenn segja og eg hefi áður ritað stjórninni um. — Ef menn bera saman, hve mikið flyzt til Íslands af húsaefni, einkum trévið frá Norðurlöndum, þá verður það hér um bil svo sem hér segir: Frá Danmörku flytjast járnvörur til jarðyrkju og iðnaðar fyrir 790,000 kr., frá Noregi fyrir 19,000 kr. og frá Svíþjóð fyrir 4,000 kr. Af húsaefni flyzt frá Danmörku fyrir 570,000 kr., frá Noregi og Svíþjóð fyrir 1,180,000 kr. (Þar af frá Svíþjóð fyrir 240,000 kr., eftir því sem næst verður komist). Af þessu er tréviður frá Danmörku fyrir 190,000 kr., frá Noregi fyrir 950,000 kr., og frá Svíþjóð fyrir tæp 190,000 kr. Engum dylst, að þessar háu tölur í verzlun vorri við Dani stafa af því, að vörurnar úr hinum löndunum ganga í gegnum þeirra greipar; einkum sænskur viður og járn. Er því allmikil nauðsyn að ná beinum samgöngum, svo að komist verði fram hjá óþörfum milligöngumönnum; að tryggja beinar skipaferðir milli Íslands og Noregs og koma á skipagöngum milli Íslands og Gautaborgar. —

III.

Ferð til Ítalíu.

Snemma í haust 1909 fékk eg bréf frá Ítalíu, og voru þar taldar ýmsar líkur til að markaðarvon væri þar fyrir allflestar útflutningsvörur vorar. Þótti mér því ástæða til að fara þangað og litast um bekki. Þá er eg hafði lokið ferð minni um Noreg, og farið snöggva ferð til Svíþjóðar, hétt eg því suður um Þýzkaland og yfir Mundíufjöll til Ítalíu.

Á leið minni um Þýzkaland sá eg, að ýmsar nauðsynjavörur, sem frá oss flytjast, eru þar afar dýrar. En flutningskostnaður mundi verða mikill, nema þar sem fara má eftir fljótum. Því að farmgjald er lítið á flutningaskipum. Til dæmis má flytja á skipum upp Saxefli alt til Dresden. Vereinigte Elbenschifffahrts-Gesellschaft, Raboisen 40, Hamburg, á þau skip, er þar ganga til flutninga. En sá er hængur á með kjöt, að tollur er svo hár að engi tiltök eru að selja það þar og tvísýnt, hvort leyfilegt er að flytja það þangað á land. Er alls eigi á þá verzlun hyggjandi, nema tollsamningar náist.

En í öllum stórborgum á Suðurþýzkalandi og einkum í Sviss mundi óþrotlegur markaður nýjum fiski, því að ferðamannastraumur er þar afar mikill svo sem kunnugt er. En þá yrði að finna aðferð til að flytja fiskinn nýjan um

langan veg. Eina aðferð tala eg um síðar í þessari skýrslu, þá er Sölling hefir fundið. Vísa eg hér til þess.

Smjör er önnur íslenzk vara, sem flytja má til þýzkra og svissneskra borga. Átti eg síðar tal við kaupmann einn í Varel a/d Jade í Oldenburg, þar sem Küchler býr, hinn alkunni Íslendingavinur. Kaupmaður sá heitir Büsing. Vildi hann gera tilraunir með íslenzkt smjör. Er því sú beiðni mín, að stjórnin fái kaupmann nokkurn eða rjómabú til þess að senda honum eitthvað til reynslu, svo að séð verði, hvort þýzkur markaður mætti til þess verða að auka verð á íslenzku smjöri.

Á hestum vorum er hár tollur þar í landi 72 mörk og hefir mér verið ómáttugt að gera nokkrar tilraunir til að fá þeim breytt. Enda er mikil tvísýna á, hvort takast mundi að kippa því í lag. Því að bændaríki (agrar-) er þar alvalda í tolllöggjöf.

Síðar hafði eg nokkrar eftirgrennslanir um ullarverð, er eg var á heimleið úr Ítalíu og eins þá er eg kom aftur úr ferð minni til Paris. Segir síðar frá því.

Þegar kom suður yfir fjöllin lá leið mín yfir Milano. Sá eg þá þegar og sannfærðist betur um það síðar að margt ber til þess að vér mættum eiga bein viðskifti við þann þæ. Því að þar er silkiverzlun mikil, og mætti fá silki með betra verði en nú gerist, ef beint væri þaðan flutt. Þar eru og ullarverksmiðjur og mun það sannast, ef reynt verður, að þangað megi selja íslenzka ull.

Þá er eg kom til Genova hitti eg danskan mann, er býr þar í nándinni, í Pegli. Reyndist hann mér í alla staði hinn bezti. Fórum við saman til kaupmanna í Genova og þar í grendinni og spurðumst fyrir um vöruverð.

Þessu fórum við fram nokkra daga. Að því búnu brá eg mér til Rómaborgar. Varð eg þess var að mjög litlu munaði þar á verði frá því, sem var í Genova. — Einkum var auðséð, að þar mætti selja íslenzka hesta, svo framarlega sem þeim yrði komið til Ítalíu með skaplegum flutningskjörum. Því að þar er akstur meiri en í nokkurri annarri borg, sem eg hefi í komið, fyrir þá sök að ferðamenn sækja þangað unnvörpum, En vorir hestar væri einmitt við hæfi til þess að draga slíkar léttikerrur sem þar eru handa ferðamönnum. Borgarbúar aka og mjög mikið einkum á helgum dögum, og sér þá vart út yfir lestina er um götuna fer Má því óhætt fullyrða, að þar mundi mega selja mjög marga af hestum vorum. — Ýmsar matvörur, sem vér flytjum út, þekkjast þar ekki, svo sem saltað sauðakjöt. Verður því eigi um sagt, hvort þar mundi mega fá því markað. En vel væri þess vert að reyna, hversu tækist. Hitt er víst, að selja mætti slíkt kjöt í hafnarbæjum þar á Ítalíu, svo sem Genova og víðar.

Meðan eg var í suðurför þessari ritaði Valdemar Jenssen, avvocato í Pegli (Genova), allar þær upplýsingar, er við höfðum safnað og það er hann hafði sjálfur séð og reynt áður, í eitt, og lét mér það í té, er eg kom aftur. Læt eg hér koma þýðingu af því.

[En svo síð kemur þessi skýrsla til stjórnarinnar af því, að eg leitaði víðar upplýsinga, er eg sá viðleitni kaupmanna og spjátrunga heima að hrinda henni. — En þótt Jón Krabbe, skrifstofustjóri, væri mér hinn hallkvæmasti í öllu, þá stóð þó lengi á, að hann fengi svar, t. d. frá Sölling, og eins átti hann erfitt með að senda mér sýnishorn af ull. En er eg hafði fengið þær upplýsingar, er fengist gátu, fyrir vingjarnlega milligöngu hans, þá varð eg að fara til Svíþjóðar til fyrirlestra og undirbúnings beinna viðskifta við Ísland. Vanst mér því eigi tími til að fullgera skýrsluna fyr en nú].

Valdemar Jenssen málflutningsmaður
Pegli (Genova), Ítalíu.

Hr. alþingismaður, cand. mag. Bjarni Jónsson frá Vogi, Íslandi.

Í sambandi við bréf mín til yðar leyfi eg mér hér með að skýra fyrir yður ítarlega athuganir mínar um þýðingu þá, er ítalskur markaður getur haft eða fengið fyrir íslenzkar afurðir, og hvernig eg geri mér í hugarlund, að komið verði á fót verzlunarviðskiftum milli atvinnurekenda þessara tveggja landa með sérstöku tilliti til núgildandi tollákvæða. Eg tek það fram strax, að ítölsk tollgjöld eru há og að greiða ber auk aðflutningstolls neyzlutoll (Dazio) til hverrar sveitar (Kommune), en verð hins vegar hátt á flestum neyzluvörum og einmitt ekki sízt á afurðum þeim, er almenningur neytir. Enn fremur læt eg þess getið, að útflutningur er geysimikill frá ítölskum borgum til Austurlanda, og einkum er það mikilsvert, að fjöldi útflytjendagufuskipa, er sigla frá stórbæjunum Genúa, Venezia, Neapel, Brindisi, Livorno, Arkona, Messína, Catanía og Palermo, taka nærri ætíð vistaföng á ítölskum höfnum, en margt af þessum vistaföngum væri hægt að taka af íslenzkum afurðum. Því að þó að íslenzkar afurðir séu að nokkru leyti kunnar hér á Ítalíu, má heita, að Ítalía sé nýtt land fyrir margar vörutegundir (saltað og reykt ket, reyktan fisk, nýjan fisk og því um líkt) og að minni hyggju er hægt að koma hér upp stórum markaði. Ástæðuna til þess, að lítið ber á íslenskum afurðum á ítalska markaðinum, mun eg hafa tjáð yður munnlega áður en skýrsla þessi var samin. Yfirleitt gerist hér gamla sagan, að eigi verður krafist, að kaupandinn leiti að seljandanum; það verður að vera seljandinn, sem finnur kaupandann, svo sem ísland gerir nú með stofnun þessa nýja verzlunarráðunautsembættis.

Eg fer þá fyrst nokkrum orðum um nokkrar helztu afurðirnar og síðan leyfi eg mér að gera nánari grein fyrir þessu máli. Vera má, að þetta verði engin nýung fyrir yður eftir viðræður okkar, en eg tel réttast að halda saman skriflega á einn stað öllu því, er eg kynni að vilja tjá yður. Upplýsingar þær, er eg hefi látið yður í té einslega og eigi heimilað yður að skýra öðrum frá án nánari samþykkis frá minni hálfu, gætu sem sé eigi skilist nema með hliðsjón af þessari skýrslu.

Gagnkynni mín af þessu umrædda efni styðst við 2 ára reynslu hér í stærri og smærri borgum á Ítalíu og ná frá Sviss til Miðjarðarhafsins og um allar borgir meðfram Miðjarðarhafinu alt niður undir landamæri Spánar, að meðtöldu Mónacó og Suður-Frakklandi, og hefi eg einnig áður ferðast um pólskumælandi lönd, þau er lúta Austurríki alla leið til Ungverjalands og Serbíu.

Saltfiskur.
Siginn fiskur (Stokfisk).
Harðfiskur.

Á Ítalíu er að vísu verzlað nokkuð með svonefndan íslenzkan fisk, en þar er sjálfsagt mikið selt af norskum fiski, sem kallaður er íslenzkur fiskur. — Þetta er þó alt smáræði í samanburði við ameríska saltfisk (Labrador-fisk), sem fiutt er af ógrynni hingað frá Labrador — oftast á norskum skipum þótt undarlegt megi virðast.

Frá einni af aðalástæðunum til þess, að slík ógrynni eru seld af Labrador-saltfiski hér á Norður-Ítalíu, get eg eigi skýrt nema munnlega. Önnur ástæðan getur verið sú, að íslenzkur saltfiskur er mjög þur og mikið saltaður á markaðinum hér, en Labrador-saltfiskur hins vegar rakari og lítið saltaður, að því er virðist, Sérstök verkun á Labradorfiskinum og einkum það, að hann er saltaður með spönsku salti, er sagt, að sé ástæðan til þess, að menn vilji hann heldur þó það sé öðru nær en að hann sé álitlegri að ytra útliti.

Saltaður fiskur er föstudags- og laugardagsmatur, en siginn fiskur er aftur dagleg fæða víða og á kaþólskum föstudögum neyta menn beggja tegundanna á

nærri öllum kaþólskum heimilum. Af signum fiski er því etið miklu meira, en eigi hefi eg getað enn þá náð í neina hagfræðisskýrslu um þetta efni, og þó að einhver slík skýrsla sé til, er hæpið að hún sé rétt, því að fiskur allur, saltaður og hertur, er fluttar hingað inn í ruglingi og tollgjaldið hið sama af báðum tegundum.

Eg er þeirrar skoðunar, að Íslendingar geti lagt undir sig stórt og nýtt svæði á markaði Suðurlanda, ef hingað er sent úrval af söltuðum og hertum fiski, helzt stórfiskur og ef til vill með afstýfðum sporðum og uggum og afskornum þunnildisbeinum. Ef fiskurinn er saltaður með spönsku salti og með hann farið eftir smekk Ítala og Suðurlandabúa, búið um hann í lérefti og hann látinn vera í mátulegum stykkjum með reglulegri lögun, þannig að menn spari toll og farmgjald af sporðum og uggum, sem eigi eru etnir hvort eð er, þá mundi fiskurinn áreiðanlega komast, oftar en nú á sér stað, í potta húsmæðranna og heita sínu rétta nafni, íslenzkur saltfiskur »Baccala' islandese«.

Tollur á söltuðum og hertum fiski er 5 Centesimi fyrir tvípundið.
Dazio (sveitatollur) - —— — — — — 5 —— — —

Verð í smásölu á saltfiski er 95 Cent., 1 Lire og upp í 1 Lire 10 Cent.

Verð í smásölu á signum fiski er 1 Lire 20 Cent. og upp í Lire og 40—80 Cent. eftir stærð. Stærstu fiskarnir ern keyptir hæstu verði.

Annar hertur, ósaltaður fiskur en siginn fiskur (Stokfisk), kemur eigi í verzlunina hér.

Fyrir íslenzkan fisk verður að vera sérstakt merki, svo að kaupmaðurinn sé aldrei í vafa um, að það sé íslensk vara, sem hann er að selja, ef hann óskar þess.

Síld,

sem aðallega er uppáhaldsfæða í verksmiðjuborgum og verzlunarstöðum á Ítalíu verður að koma á markaðinn sumpart í norskri verkun, sumpart í ítalskri. Hún á að vera þursöltuð og dálítið reykt áður en söltunin fer fram, og þjöppuð fast í hálftunnur og $^1/_4$ tunnur, en ekki látin í neinn lög. Þessa aðferð til að búa um síld verða Íslendingar að læra, líklega helzt í Labrador. Síld, sem þannig er með farið, nær líka tökum á mönnum, sem annars eru vanir að vilja helzt síld, sem um er búið með norska laginu.

Enn fremur ætti að búa um mjög feita síld með pipar, salti, lárberjablöðum, einiberjum og spönskum humli, því að þetta er uppáhaldsmatur í Suðurlöndum, einkum ef hægt er að hafa síldina beinalausa.

Hér á Ítalíu ætti að vera stöð, þar sem þessi feita síld eða beinlausa síld (ansjósur) er tekin upp, verkuð og látin niður í dósir eða litla kagga, líka og þá sem norskar »ansjósur« eru hafðar í, og alt af á að nota þá umbúnaðaraðferð og þær kryddtegundir, sem hlutaðeigandi þjóð kýs helzt.

Síld, sem þannig er látin niður í $^1/_8$ tunnur, er sjálfsagt mjög mikilsverð verzlunarvara. En þungi og síldatala á að standa letrað utan á hverjum umbúðum, svo að engin svik geti átt sér stað í því efni.

Frá Hernösand í Norður-Svíþjóð eru flutt út ógrynni af »Istersild (ístrusíld, feit síld) í köggum, er »Burkar« nefnast og vega 5 tvípund. Selst hver kaggi á 1 kr. 50 au. Þenna umbúnað og þessa söluaðferð ættu Íslendingar sennilega að kynna sér.

Á Ítalíu á reykt síld

áreiðanlega fyrir sér góðan markað, ef verðið er sanngjarnlegt í sér. Hér reykja menn aldrei síld né annan fisk á Ítalíu, líklega einkum vegna þess að mönnum finnst hér vera fátt til að reykja. Reykt síld er talin sælgæti bæði hér og í Austurríki. Af þessari reyktu síld er mest af svonefndum þýzkum »Böcklinge«, en það er stór — jafnvel mjög stór reykt síld; sjaldnar flyzt hingað miðlungsstór síld og nærri aldrei »fylt« síld (þ. e. a. s. maginn fyltur hrognum eða svilum). »Sprott« (örlítil reykt síld, í tréöskjum) sést sjaldan eða aldrei.

Verð á reyktri síld er alt af hátt á Ítalíu. Sama síld sem kostar í Austurríki og Ungverjalandi 10—15 Pfenninga kostar á Ítalíu í smásölu 40—50 og það upp í 60 Centesimi; miðlungssíld kostar 30 Centesimi hver.

Tollur á saltaðri síld er 6 Centesimi fyrir tvípundið, en á reyktri síld 5 Centesimi. Dazio (sveitatollurinn) er upp og niður, en venjulega alt að 10 Centesimi fyrir tvípundið.

Söltuð síld kostar í smásölu: 15 Centesimi hver stór síld, en smá niður undir 5 Centesimi, en aldrei minna, Af ansjósum kosta venjulega tveir tugir 60 —70 Centesimi og enn þá meira ef kryddaðar eru.

Oft kemur hingað síld og ansjósur, sem búið er um í legi, sem líkist olíu, en síldin þó all-þur. Oft er þá skift um á síldinni og þá blandað í löginn »Tomatpurée«. Þetta er hægt að gera tilkostnaðarlítið, því að tómatar kostar hér ekki nema 10 Centesimi tvípundið á haustin og vel er hægt að búa til Purée, sem geymist í honum alt alt árið.

Síldina verður að láta í tunnur m. m. á Íslandi, en vegna tollsins verður að láta síldina í smáöskjur hér, þá er greiddur hefir verið tollurinn, því að annars hækkar tollurinn upp í 30 Centesimi af tvípundinu (úr 6 Centesimi).

Á umbúðunum verður alt af að vera sérstakt merki, svo að það sjáist greinilega, að þetta sé íslenzk vara.

Kinda- og dilkaket

íslenzkt og í íslenzkum umbúðum er með öllu óþekt hér á Ítalíu og það er sannfæring mín, að hægt sé að selja mjög mikið af því hér. Við höfum á heimili mínu alt af haft íslenzkt dilkaket í síðustu 15 ár, svo að eg tala um þetta af sérstakri reynslu. Eg hafði undir mér mikinn verkalýð, meðal annars marga Pólverja, og þeim þótti mikið varið í íslenzka ketið, þegar þeir fengu það úr eldhúsinu hjá okkur.

Ketið ætti ef til vill að koma hingað þursaltað og lærketið þar að auki reykt. Í ketinu mega eigi vera ofstór bein og bezt væri að hafa alt smáket sérlagi, en gjaldgenustu partana út af fyrir sig.

Um saltkjötið á að búa á Íslandi eða þá hér í tunnum, sem sérstaklega eru til þess gerðar og ekki mega taka meira en 50 tvípund af keti, og aldrei má hafa til þess gamlar síldartunnur, þó að álitsskjal sé til frá kaupmannafélaginu (Grosserersocitertetet) að slíkt beri eigi að telja óleyfilegt.

Um söltunina, rétta tegund á salti og saltpétri, verður að fá nánari leiðbeiningar hér og reykt ket verður að vera ljósreykt og vel um það búið, svo að eigi komist að óhreinindi eða raki.

Tollur á söltuðu keti er 25 Centesimi á tvípundi, Dazio upp og niður, alt að 21 Centesmi á tvípundi.

Hér hlýtur að vera ástæða til niðurfærslu og tilslökunar á tolli gegn jafngildingsívilnun frá Íslands hálfu.

Hvort ástæða gæti verið til þess að koma af stað miklum innflutningi á lifandi sauðfé frá Íslandi til Ítalíu, verður að íhuga nánara frá öllum hliðum.

Lifandi kindur eru alt af dýrar hér, þó að haglendi sé bæði gott og ódýrt. Tollur á lifandi fé til Ítalíu er 3 Lire á hverja kind, en Dazio upp og niður.

Auðvitað verður fyrst að rannsaka nákvæmlega, hvernig dýralækningalöggreglan muni snúast í þessu máli.

Í sambandi við þetta leyfi eg mér að vekja athygli á þeirri vaxandi eftirtekt, er sauðfjárræktin hefir vakið á síðari árum í Danmörku. Þar eru menn smám saman farnir að hverfa frá gamla kyninu, sem aðallega var ullargott, og koma sér upp kyni, sem gefur af sér meira kjöt. Eg var í mörg ár formaður búnaðarfélags sveitar minnar í Danmörku (Hörsholms Distrikts ökonomisk Selskab á Norður-Sjálandi) og hafði því bæði skyldu og tækifæri til þess að fylgja tímunum í húsdýrarækt. Að því er kemur til sauðfjárræktarinnar var eg að taka eftir því í mörg ár, hvernig eitt vænt fjárkyn ruddi sér smám saman til rúms fram úr öllum öðrum, — »Oxfordshiredown-fé«. Á gripasýningum voru sýndar tröllvaxnar kindur af þessu kyni. Maður einn að nafni E. Schmidt, óðalsbóndi í Eskemosegaard pr. Birkeröd, á, að því er eg hygg, (og að því er Appel húsdýraráðunautur segir) óvenjugóðan fjárstofn. Hefir hann á síðustu 15 árum gefið sig

allan við að ala upp þetta fjárkyn og hann er því áreiðanlega einhver allra kunnugasti maður Dana á því sviði. Það gæti því verið ástæða til að íhuga, hvort eigi ætti að reyna að koma upp sérstaklega vænu fjárkyni á Íslandi og kaupa þá strax í byrjun góðan fjárstofn til undaneldis — með aðstoð ríkisins, ef á þarf að halda — um leið og kynbótabú eru sett á stofn á Íslandi. Schmidt óðalsbóndi í Eskemosegaard mun sjálfsagt verða fús á að komast í samband við Ísland í þessu efni og aðstoða þá með ráðum og dáð, er hug kynnu að hafa á þessu og vildu reyna þessa nýbreytni mína. Að því er snertir Oxfordshiredownféð og hina ágætu kosti þess vísa eg til bókar Appels húsdýraráðanauts »Faareavl og Faarehold« og til skýrslnanna um gripasýningar.

Verð hjá slátrurum á kinda- dilka og sauðaketi er 2 Lire til 2 Lire 50 cts., tvípundið. Verulegt dilkakjöt er fágætara, því að Ítalir tíma ekki að slátra ungviðinu.

A heilum kroppum er verðið 1 Lire 80 cts. — 2 Lire tvípundið.

Verð í smásölu á mör er 1 Lire tvípundið og á ull $2^1/_2$ Lire. Sauðargæra er 3 Lire og 30 cts. hver. Ull er ekki tollskyld.

Enn fremur tek eg fram í þessu sambandi, að það er mikilsvert, að kindur séu snemmbærar. Fram úr þessu vandamáli hefir mönnum tekist að ráða á Frakklandi og nú er byrjað á því líka í Danmörku. Með þessu er mjög hægt að koma ungum dilkum í mjög hátt verð — eigi minna en 1 krónu fyrir pundið á lambi, vegnu á fæti, t. d. frá desemberlokum og fram undir aprílmánuð.

Lax, nýr og reyktur,

er fágæt og dýrmæt vara bæði í Sviss, Frakklandi og Ítalíu. Einkum eru það stór veitingahús, sem þurfa á miklu að halda, og þau láta svo að segja engan tilkostnað fæla sig frá að ná í góðan lax. Verð á nýjum laxi er mismunandi, alt upp í 6 Lire tvípundið og reyktur lax kostar alt af 9—10 Lire tvípundið.

Vil eg í þessu sambandi leiða athygli að því, að á síðari árum fara hraðlestir milli hafnanna á meginlandinu við Norðursjóinn og Genua, svo að hægt er að senda hraðflutning frá Hamborg til Genua á 28 stundum, frá Hook van Holland til Genua á 32 stundum, frá Boulogne sur mer til Genua (via Linplow) á 25 stundum. Á helmingnum af þessum tíma komast lestirnar inn í Sviss, þar sem ferðamannastraumur er mjög mikill bæði sumar og vetur og miklu eytt af þessum vörum. Eg vil benda á þessar sérstöku hröðu ferðir, sem gera það að verkum, að vörur frá Íslandi komast á skemmri tíma til Genua en Kaupmannahafnar, og ef skipaferðir eru reglulegar milli Íslands og næstu meginlandahafnar er lafhægt að selja íslenzkar vörur meðfram allri járnbrautinni með Norðursjónum til Genua.

Þessar hugleiðingar, sem eg hef gert yður nánari grein fyrir, eiga einkanlega við nýjan fisk, sem búið er um í loftheldum pappír og sendur er í ílátum með muldum ís í, því að með þessu er hægt að halda vörunni nýrri í margar vikur, sem nýfiskaður væri. Þessa umbúnaðaraðferð má einnig nota við ýmsar aðrar vörur svo sem villibráð, rjúpur, nýtt ket, humar og, eins og áður er sagt, nýjan fisk, þorsk, golþorsk (Kabliau), flatfisk, lúður o. s. frv., en alt eru þetta dýrmætar vörur, sem mikil eftirspurn er að hér á Ítalíu og yfirleitt í öllum borgum Suðurlanda og þar sem veitinga- og ferðamannalíf er á háu stigi.

Lúður

nýjar er hægt að selja ótakmarkað, því að þær eru mesti uppáhaldsmatur. Í lausasölu í fiskibúðunum í Genua og Monaco hef eg séð þær látnar falar á 4 Lire tvípundið og þar yfir.

Rjúpur

eru allsendis óþektar hér á Ítalíu. Eg lét oft senda mér síðasta vetur með pósti nokkrar tylftir af íslenskum rjúpum handa heimili mínu, og þóttu þær kostafæða

og alt af vöru þær sem nýjar. Kjötið í þeim er álíka og í skógarrjúpum, en þær kosta 1 Lire 25 cts—1 Lire 50 cts., eða akurhænu, sem kostar hér 2—3 Lire.

Eg er sannfærður um að allar rjúpur, sem Ísland getur flutt út, væri hægt að selja í héruðunum hér fyrir sunnan Alpafjöll þar sem lítið er um villibráð, fyrir mjög hátt verð og talsvert hærra en það, er framleiðendur á Íslandi fá nú.

Að því er snertir skjóta sendingu hingað, vísa eg til athugasemda minna í skýrslunni um laxinn, en þó eigi væri um svo harðar ferðir að ræða, mundu samt mikil líkindi til, að rjúpur og aðrir fuglar seldust hér á Ítalíu.

Innflutningstollur á villibráð er 15 centesimi á tvípundið.

Þá er rjúpur eru sendar hingað, verður að gæta vel hreinlætis, og skal hver fugl vafinn í mjög þunnan og léttan pappír og á hann letrað, að villibráðin sé frá Íslandi.

Hvalur

er óþektur á Ítalíu með þessu nafni, en í verksmiðjuborgunum er seld vara, sem nefnist reyktur hundfiskur (Tunfisk) og mér finst líkjast hval. Í Danmörku er eftirspurn að hval og því vil eg benda á, að hér muni hægt að koma út vöru, sem sjálfsagt er eigi talin mikilsvirði á Íslandi.

Lýsi

kemur venjulega til Ítalíu frá Noregi, en íslenzkt lýsi er með öllu óþekt hér.

Lyfja-lýsi er mjög notað hér og er talsvert dýrt. Er sagt, að það komi frá Ameríku.

Tollurinn er, eftir því sem ég hefi komist næst, ekki nema 6 centesimi á tvípundi.

Hér eru mörg sútunarhús, og því hygg eg, að bein verzlun gæti farið fram á lýsi milli Íslands og Ítalíu án þess að fara yfir Noreg eða Ameríku.

Verðið á lýsi er mismunandi og skráð í kauphöll.

Ull

flyzt til Ítalíu í stórum mæli, bæði rúin ull frá Argentina og föst á gærum frá Tunis. Verðið er mismunandi og skrásett í kauphöllum. Af ull er eigi greiddur tollur.

Hestar

frá Íslandi eru fluttir til Sviss og Ítalíu, hefir mér dottið í hug fyrir löngu og haft um þetta nokkur bréfaviðskifti við menn, sem fróðir eru í þeim efnum (Svend Larsen dýralæknir í Kaupmannahöfn o. fl.)

Eg hygg, að íslenski hesturinn muni verða að miklu gagni, ýmist til reiðar, bæði í fjallahéruðunum og á sléttunum, eða til flutnings og áburðar, og loks til dráttar fyrir stórum flutningavögnum í fararbroddi. Stór hlöss, sem ekið er hér í kerrum, eru venjulega dregin af 2—3—4 hestum er ganga hver á eftir öðrum eða þá af álíka mörgum múldúrum, og er þá *lítill hestur* hafður í broddi farar. Loks til smáaksturs fyrir marga kaupmenn eða atvinnurekendur, garðyrkjumenn o. s. frv., sem verða að eiga hest til vöruflutninga til borganna.

Ef farið verður að senda íslenzka hesta hingað til Ítalíu, má ekki senda annað en hesta af beztu tegund, dökka að lit, með löngu tagli og faxi og velhirtum beinum hófum. Eg hafði hugsað mér, að þegar hestarnir kæmu hingað á haustin — í september og októbermánuðum — yrði strax farið með þá upp í haglendi nokkur, sem eg vísa til uppi í einhverjum dölunum í Appennínafjöllunum og þeir látnir vera þar dálítinn tíma til þess að venjast loftslaginu og rannsakaðir þar svo sem þörf er á, til þess að þeir falli einnig í geð Ítölum að útliti.

Hvort salan á síðan að fara fram í samráði við búnaðarfélögin hér eða beinlínis á opinberu uppboði eða markaði, er komið undir því einu, hvernig Ísland eða Íslendingar vilja haga verzluninni, en að því kem eg dálítið síðar.

Tollur á innfluttum hestum til Ítalíu er 40 Lire á hvern. Hér hlýtur að vera ástæða til að reyna fyrir sér um einhverja tilslökun til dæmis með því að

bjóða tollfrelsi á Íslandi fyrir hrís, Suðurlandaávexti, grænmeti, »Jóhannesarbrauð« til skepnufóðurs, hveitiúrsælding og hrísúrgang til skepnufóðurs og því um líkt.

Hestarnir verða að vera fullvaxta, 5 vetra gamlir. Aðallega verður að senda hingað hryssur fyrsta kastið, en graðhesta ekki nema mjög fallega. Geltir hestar verða að bíða betri tíma.

Á Ítalíu eru venjulega gefnar 350—400 Lire fyrir röska unga og *litla* hesta, en meira fyrir stóra. Litla hesta kalla eg þá, sem eru 8 kvartél á hæð eftir hestamæli, en stóra þá, sem eru 9 kvartél.

Eg veit það af sjálfsreynslu, að íslenzkir hestar eru fallegastir á sumrin eða snemma á haustin. Ætti því að senda þá hingað svo tímanlega, að síðasti farmur væri kominn hingað í byrjun nóvembermánaðar. Veturinn hér verður fyrir hestana sama sem hausttíminn á Íslandi og þetta ágæta haglendi hér verður gott millistig fyrir þá. Eg hygg, að útflutningnum verði bezt hagað með því að nota beinar gufuskipaferðir, sem geta farið frá Íslandi til Líguríu (hafnarbæjanna Genova, Savona, Oneglia, Porto-Mauritzio, San Remo, Monaco, Mentona og Nizza) á 11—12 dögum og þá verða skipin að hafa með sér ákveðnar heybirgðir, sem hægt er að skipa upp hér, til þess að hafa að millilið við fóðrunina á hestunum hér, Að minni hyggju ætti að flytja hestana fyrst til borgarinnar Oneglia, sem liggur nokkurn veginn nálægt valllendishögum þeim, er áður er getið, þar sem hafa ætti hestana fyrst um sinn.

Hestaverzlun er grein, sem venjulega er ilt að sameina annars konar verzlun. Því ætti sennilega að mynda sjálfstætt félag, sem hefði á hendi alla hestaverzlun milli Íslands og Ítalíu, *og eigi allur hagnaður af verðhækkuninni að lenda í höndum Íslendinga, verður þetta að vera íslenzkt félag.* Því að verði félagið ítalskt, má búast við, að Ítalir muni vilja nota tækifærið til þess að kaupa eins ódýrt og hægt er og selja svo dýrt sem hægt er. En að sama skapi mundi þetta hnekkja orðstír íslenzku hestanna, og fyrir þeim mun fara eins og rússnesku hestunum. Fyrir þetta er hægt að girða, eins og eg hef gert grein fyrir, ef þetta er íslenzkt félag, sem selur *eingöngu* gallalausa íslenzka hesta af beztu tegund fyrir meðalverð, en þó arðsamlegt fyrir félagið gegn borgun út í hönd, en vilja hins vegar eigi fyrir sér að bjóða kaupendum hér rétt til að heimta fé sitt endurgoldið ef þeir geta sannað, að hestur hafi haft einhvern þann galla, þá er hann var keyptur, er dragi að miklum mun úr verði hans eða notkunargildi.

Almennar athugasemdir.

Í efni því, er eg hef fengið yður í hendur, mun vera meðal annars skýrsla um baráttu íslenzks saltfisks í samkepninni við svonefndan Labradorsaltfisk, og skýrsla um uppgötvun Söllings kapteins, fiskiráðanauts Danmerkur í London, sem sé þá, að senda nýjan, slægðan og hreinsaðan fisk langa vegalengd í loftheldum og vatnsheldum pappír, sem fiskurinn er látinn í, og síðan búið um í muldum ís. Samkvæmt þessari síðastnefndu skýrslu var búið um og send ýsa og þorskur eftir þessari aðferð vorið 1909, og 14 dögum síðar var fiskurinn tekinn upp og etinn og var eigi hægt að þekkja hann frá nýveiddum fiski á bragðinu, og svipaður árangur hefur orðið af tilraununum, er gerðar hafa verið á lúðum, er veiddar hafa verið við strendur Grænlands og sendar til Skotlands. Sömuleiðis var búið um 1 þorsk, 1 skarkola og 1 ýsu við Ísland 10. júní 1909 og og sent til Boulogne sur mer á Frakklandi. Þar var fiskurinn tekinn upp 24. júní og reyndist þá bæði sem nýr og laus við öll litbrigði, sem annars koma á fisk, sem búið er um í ís.

Þessar athugasemdir mæla með sér sjálfar, þá er menn gæta að því, að íslenzkan fisk er hægt að veiða við Ísland, slægja hann og gera að honum á skipi á leiðinni til Norðursjóarhafnar, svo að hann getur verið kominn hingað til Ítalíu 8—9 dögum síðar. Hvernig bezt muni að haga umbúnaði öllum, hlýtur Sölling fiskiráðanautur að geta veitt leiðbeiningar um. Haganlega útbúið pjáturílát með neglu í (til þess að veita burt því, er bráðnar af ísnum) og nokkurs konar rimlagrind í botninn gæti eigi verið dýrt, og í þess konar ílátum mætti flytja aftur til Íslands matjurtir, ávextí og því um líkt.

Þér hafið frætt mig á því, að eigi sé til nein pappírsverksmiðja á Íslandi, og eg því að gefnu tilefni sýnt yður mjög einfaldar pappírsverksmiðjur hér í Liguriu, þar sem forsáfl er notað til þess að búa til pappír af öllum tegundum, og þar sem einnig væri hægt að búa til þenna lofthelda pappír til þess að búa um fisk í. Þess háttar verksmiðju, nægilega stórri til þess, að búa til allan pappír, sem notaður er á öllu Íslandi, mundi ekki kosta meira en 14000 krónur að koma upp, að meðtöldum húsum og vélum, og efni til að vinna úr mun víst vera til á Íslandi, svo sem gamall pappír, gamlar tuskur og því um líkt. Af hreyfingarafli er og sjálfsagt nóg á Íslandi nálægt Reykjavík.

Í sambandi við þetta vil eg minna yður á viðræður okkar um íslenzka fossa. Vegna reynslu minnar í öðrum löndum, vil eg ráða íslenzka ríkinu til að tryggja sér í tíma eignarrétt eða notkunarrétt á vatnsaflinu í öllum íslenzkum fossum, og er lafhægt að láta ríkið taka við fossunum með því að jafna niður á fossa þessa með lögum skatti til ríkisins, eða láta menn eiga í vændum skatt á allri notkun fossa og iðnaðar. Fossarnir ættu síðan að verða ríkiseign. Það mundi einkum koma í ljós, hve mikils virði þetta væri, ef Ísland kynni að vilja taka ríkislán, sem sérstakt ríki.

Eg vil enn fremur benda á, að vel mundi til fundið, að koma á ríkiseinokun á tóbaki, og er þetta einkum framkvæmanlegt nú, þar sem nærri enginn tóbaksiðnaður er til í landinu. Það mundu verða útlendingar, sem keyptu dýru tóbakstegundirnar, og þetta sýnir einmitt, að einokun mundi verða mjög hagkvæm, þar sem lagður væri einnig hár tollur á vörur þær, er útlendingar hafa með sér. Það liggur og í augum uppi, að slík einokun mundi verða mikilsverð, ef taka þyrfti ríkislán. Á Italíu er tollurinn *20—35 Lire* á tvípundið af vindlum og vindlingum.

Ef löggjafarvaldið kæmist að þeirri niðurstöðu, að eigi beri að banna að selja áfenga drykki á Íslandi — sem eg ætlast til og vona einkum vegna ferðamannastraumsins — væri og hægt að gera verzlun á þeim að ríkiseinokun, sem yrði mikilsverð fyrir ríkið. Vil eg í því efni að eins benda á, að áfengistollurinn á Ítalíu er frá 30 og upp í 90 centesimi fyrir hvern lítra, og sveitatollurinn frá 12 til 30 centesimi fyrir lítrann og verð á einum lítra af brennivíni í lausasölu er því 1 Lire og 70 centesimi — 1 Lire og 80 centesimi. Þeir, sem hafa ráð á að drekka, drekka því ríkissjóði í hag og einnig þeim í hag, sem drekka *ekki*. Tollur á víni í tunnum er 20 centesimi, en í flöskum 60 centesimi á hvern lítra. Tollur á öli er 12 og 20 centesimi á lítrann.

Skip, sem hingað flytja hesta, ket, fisk, saltfisk, síld, villibráð og lýsi, geta haft með sér aftur til Íslands héðan vín, olíu til þess að láta í lax og annan fisk, hrís, Suðurlandaávexti, leður, vefnaðarvörur, fóðurefni og því um líkt, komið við í St. Ybes í Portúgal og haft með sér þaðan spánskt salt, og auk þess jafnan komið við á heimleiðinni í enskri eða skozkri kolahöfn. Sé skipið eigi hlaðið á leið utan til Ítalíu, er alt af hægt að selja kol og hálfkol (kokes) á Ítalíuströndum, og því hægt að fullferma skipið með þeim á enskri eða skozkri höfn.

Jafnóðum og eg kynnist nýjum atvikum, sem geta orðið einhvers virði fyrir íslenzka verzlun, framleiðslu og framtakssemi, mun eg leyfa mér, að senda yður framhaldsskýrslu.

Yðar einlægur

V. Jenssen.

Pegli (Genova) Italia, 24. nóvember 1909.

Valdimar Jenssen, málaflutningsmaður.

Pegli (Genova) Ítalíu.

Hr. cand. mag. alþingismaður Bjarni Jónsson
frá Vogi,
Íslandi.

Ef eg, sem kunnugur er mörgum verzlunarefnum hér á Ítalíu, ætti að svara í stuttu máli fyrirspurnum þeim, sem beint hefir verið til mín, um það, hverjar leiðir skuli fara og ráð nota til þess, að útvega kaupendur íslenzkum afurðum, mundi svarið geta orðið einhvern veginn á þessa leið:

1.

Þar eð oft er mest um vert að flytja inn vörutegundir, sem nýjar eru hér, að minsta kosti frá Íslandi, ræð eg til þess, að komið sé upp á stórum verzlunarstöðum eða á skipi í ýmsum höfnum, nokkurs konar sýningu eða safni af sýnishornum til skoðunar, þar sem sýndar verði allar íslenzkar afurðir, og þá einkum saltfiskur, siginn fiskur (stokfisk), harðfiskur, nýr fiskur, lax, nýr og hálf-saltaður, reyktur lax, aðrar fisktegundir reyktar, söltuð síld, lýsi, ull, kinda- og dilkaket, rjúpur, hvalur og aðrar íslenzkar afurðir.

Það ætti að starfa að því, að á öllum sýningum hér og einkum á sýningunni í Turin í maí 1910, verði hæfileg sýning á íslenzkum afurðum, svo að atvinnurekendur fari að taka eftir Íslandi og verzlun við Ísland.

Sumar vörur ættu að vera altilreiddar við slík tækifæri, svo að hægt sé að bragða á þeim á staðnum.

Verðið á hverri tegund ætti að festa upp með auglýsingu á sýningarstaðnum.

Daglega ætti að vera grein í ítölsku blöðunum, þar sem athyglinni væri beint að Íslandi og íslenzkum afurðum og þessu nýja verzlunarsambandi við Ísland og sagt auk þess frá, hvar hægt sé að ná í alla nánari vitneskju um íslenzk verzlunarefni.

Umburðarbréf ætti að senda öllum kaupmönnum til þess, að íslenzkar afurðir, gæði þeirra og verð, verði einnig kunnar, meðal þeirra, sem annars er eigi auðið að ná tali af með sýningum.

2.

Það ætti að koma upp — fyrst um sinn taka á leigu — annaðhvort gufuskipum eða hraðskreiðum seglskipum til þess að flytja á íslenzkar afurðir til Miðjarðarhafslandanna. Eftir því sem auðið er, á að reyna að halda uppi föstum skipaferðum, svo að trygging sé fyrir innflutningi á nýrri vöru. Einkum með því að koma við á millihöfnum, svo sem St. Ybes eða enskum kolahöfnum, má alt af eiga víst, að skipið komi full-fermt þangað, sem förinni er heitið.

Til þess að færa sér í nyt söluvon á ísbyrgðum nýjum fiski í Sviss og Ítalíu, verður að gera ráð fyrir, að nokkurn veginn fast gufuskipasamband sé milli Íslands og meginlandshafnar við Norðursjóinn, Hamborgar, Hook von Holland eða Boulogne sur mer.

Á gufuskipunum væri líka hægt að hafa til sýnis vörusafn, þegar þau koma við á höfnum við Miðjarðarhafið.

3.

Það verður að hefja samninga við stjórnina á Ítalíu um tilslökun á tollgjöldum, svo að Ísland standi að minsta kosti jafnvel að vígi og þjóðir þær, er mestra ívilnana njóta, og ef til vill enn þá betur, ef heitið er á móti tollfrelsi á

Íslandi á innfluttum hrísgrjónum, vefnaðarvörum, fóðurtegundum, Suðurlanda-ávöxtum, víni o. s. frv.

Þess háttar toll-létti mun hægast fyrir Ísland að ná í á hestum vegna smæðarinnar og þar af leiðandi lægra sölugildis.

4.

Til þess að reka verzlun milli Íslands og Ítalíu þarf, ef vel á að vera, íslenzkt verzlunarfélag; annars lendir hagnaðurinn ekki allur í höndum Íslendinga.

Félag það, er eg er að stofna, mundi eigi ófáanlegt, til að fást við þetta, en þá mundum við auðvitað gera alt til þess að kaupa eins ódýrt og hægt væri. Íslenzkt félag, er sjálft hefði á hendi alla verzlunina, gæti hins vegar, með því að afla sér aðstoðar fróðra manna hér, haft eitt allan gróðann. Og þegar þetta er komið af stað, er ekki hætt við öðru, en að erindrekarnir haldi lífinu í verzluninni, ef fylgt er meginreglu minni, sem sé þeirri, að hafa duglegan kaupmann fyrir erindreka í hverri borg. Ef byrjað er með hægðinni og vörurnar látnar mæla með sér sjálfar með gæðum sínum, alt af sendar hingað góðar vörur eingöngu, og ónýttar, ef fyrir kemur, að skemmist, hygg eg, að koma megi á miklu og góðu verzlunarsambandi og ná í fjölda góðra viðskiftavina hér.

Eg hygg, að ef þér sjálfir eða einhver annar er vel væri að sér, hefði hér fasta búsetu og hefði á hendi konsúlsstarfa fyrir Ísland hér og ferðaðist um Ítalíu, Sviss, Suður-Frakkland og Spán, hvort heldur væri hann ráðanautur ríkisins eða verzlunarfélagsins, *mundi brátt rísa upp markaður hér í Miðjarðarhafslöndunum, nægilega stór til þess að taka við öllu því, er Ísland framleiðir af helztu útflutningsvörutegundum, fyrir hærra verð en Íslendingar fá nú — svo framarlega sem vörurnar eru tilreiddar og útbúnar með því sniði og á þann hátt, sem hlutaðeigandi þjóð æskir og með því að gæta stranglega allrar góðrar verzlunarvenju og samþykta.*

5.

Til þess að hægt sé að kenna allmörgum mönnum, er við þetta fást, að salta síld, ansjósur, þurka og fara með saltfisk og siginn fisk, svo að Ítölum líki, til þess að læra að reykja vel fisk (síld og lax) og kindaket (lærket) og ef til vill hval, ætti að senda nokkra röskva unga menn utan, og þeir síðan látnir skuldbinda sig til þess að kenna þetta öðrum ungum mönnum.

Söltun og þurkun á fiski er bezt að læra við Labrador, reykingu í Norður-Þýzkalandi, (Ekernförde, Danzig og Stettin eða Hamborg).

6.

Eg get boðið nokkrum ungum mönnum kenslu í pappírsgerð á pappírsverksmiðjum hér, þar sem pappír er búinn til svo að segja sjálfkrafa með vatnsafli.

Ungir menn, sem vilja læra tilbúning á jute- og baðmullarlérefti eða ullar- og klæðaiðnað, geta hæglega vandalítið með minni aðstoð komist að kenslu í þessum greinum hér. Eg nefni til dæmis, hve mikill iðnaður er hér í Liguriu, að einungis á bökkum fljóts þess, er fellur í sjóinn við Voltri, á hér um bil $1^1/_2$ mílu svæði eru um 60 verksmiðjur (pappírs-, lérefts-, klæða-, tvinna-, véla-, juta-, mjöl- og járnvöru-verksmiðjur) er veita atvinnu um 16000 verkamönnum og verkakonum. Hingað er flutt baðmull og Jute frá Norður-Ameríku og Indlandi. Síðan er unnið úr því hér og síðan flutt aftur út í stórum mæli til Kína, Japan, Indlands, Suður-Ameríku og annara fjarlægra staða. Úr því að þetta er tilvinnandi hér nú, hlýtur líka að liggja mikið fé fólgið í íslenzkum fossum þrátt fyrir fjarlægðina, og Íslendingar þá að missa löngun til þess að flytjast af landi burt, og ef til vill framtakssamir Íslendingar, er flutt hafa til Kanada, freistist til þess að hverfa aftur til Íslands.

* * * * * * * *

Eg veiti yður fulla heimild til þess að færa yður í nyt allar skýrslur mínar á hvern þann hátt, er þér teljið bezt henta yðar landi og mundi það gleðja

mig ef þér fynduð í þeim einhverja hugsun eða skoðun, er þér gætuð séð í Íslenzkan jarðveg. Vona eg, að þér sýnið mér þann sóma, að spyrja mig oft um, hvernig tilhagar um ýmislegt á Ítalíu og í Suður-Evrópu. Mun eg altaf svara yður og sendimönnum lands yðar af fúsu geði, vera óhlutdrægur og skjótur til svars. Starf það, er eg fer nú að fást við, mun á engan hátt geta kept við Ísland, og þar eð eg er nú fullviss þess, að Ísland getur fært sér í nyt góð ráð, mundi mér þykja vænt um að verða varðbergismaður yðar hér syðra. Eg hef ráðgert að fara í ferðalög mikil næsta ár og þá mun eg fá tækifæri til að auka betur þekkingu mína á öllum sérstökum atriðum hér suður frá.

Það mundi gleðja mig mjög ef eg gæti með skýrslum mínum stutt að því, að upp úr framtakssemi íslenzku þjóðarinnar sprytti stofnun íslenzks-ítalsks verzlunarfélags og með því væri lagður steinn í vegg þann, er verndar frelsi Íslands og sjálfstæði, sjálfstjórn þess — hamingju þess.

Yðar einlægur

V. Jenssen.

Pegli (Genova) Italia, 24. nóvember 1909.

V. Jenssen, málflutningsmaður
Pegli (Genova) Ítalía.

Hr. alþingismaður, cand. mag. Bjarni Jónsson frá Vogi, Íslandi.

Í sambandi við skýrslur mínar til yðar, um útflutning íslenzkra afurða *frá Íslandi* til Ítalíu, leyfi eg mér að benda yður á nokkrar af þeim vörutegundum, er þér munuð geta séð sjálfur hér, að vel eru fallnar til þess að flytja úr Ítalíu *til Íslands*, og að þeim vörutegundum verður að beina athygli tollstjórnarinnar á Ítalíu, ef til kæmi, að farið yrði að semja um tilslökun á tolli. Eg nefni vörurnar í sömu röð og þær eru í skýrslunni um aðfluttar vörur til Íslands:

Hrís og hrísgrjón. Góður ostur, Gorgongola og Svisslandsostur.

Suðurlandaávextir, appelsínur, sítrónur, fíkjur, drúfur, hnetur, tómötur, snemmsprottið kálmeti — og frá austurströnd Adríahafsins — sveskjur, og frá Spáni rúsínur og möndlur.

Vín. Gott rauðvín, betra en flest rauðvín, sem drukkin eru í Danmörku, kostar hér um 40 aura potturinn og fæst einnig ódýrara. Vín er hér hvers manns drykkur. Jafnvel menn af lægstu séttum neyta víns með mat sínum og bindindismenn og góðtemplarar eiga rétt á rauðvínum og hvítvínum úr drúfum heimalandsins með mat sínum. Öl og mjólk eru aldrei drukkin, enda geymast þau eigi í hitanum. Vínið er oft blandað vatni, svo að það verður mjög dauft. Með þessu verður það og ódýr drykkur og hollur drykkur. Til lengdar *trúi eg sem sé ekki á, að hægt sé að verja Ísland víni og öðrum hollum drykkjum*, en trúi hins vegar á, að auðveld kaup á daufum, ódýrum og góðum vínum, eins og þeim, er eg skal sýna yður, muni útrýma allri laundrykkju sterkra drykkja og ölfanga og að miklu leyti tollsvikum og auk þess hafa menn hér alveg við höndina góða skattvöru. Eg veit, að hægt er fyrir 30 aura að kaupa $^3/_4$ lítra flösku af góðu og bragðgóðu rauðvíni eða hvítu víni, heimkomnu til Íslands; ef gert er ráð fyrir 20 aurum í toll á hvern lítra, verður vínið samt alls ekki dýr drykkur, og Ísland tekur sig ekki út úr með tilliti til vínfanga.

Marsalavín, er líkist sherry eða madeira, en er milt og sætt, kostar um 80—90 aura lítirinn í tunnum, og fæst ódýrara og minna í einu. Það mun mega nota fyrir *messuvín*.

Vín-edik. Viðarkol.

Silkivefnaður, í engu landi jafn-ódýr og á Ítalíu og í Sviss.

Klæðavarningur. Ullarvefnaður. Baðmullarvefnaður. Tilbúinn skófatnuður, fjallstígvél. Allar járnvörur. Eldhúsbúnaður. Smeittar (emaillerede) járnvörur, pottar, pönnur. Koparmunir, sem eru ódýrir á Ítalíu. Úr og klukkur, staklega ódýr í Sviss og á Ítalíu. Plettvörur, skeiðar, gafflar, borðbúnaður. Bifvélabátar til fiskiveiða og farþegaflutnings, vélar o. s. frv. Hampur, hampgarn, netjagarn, kaðall, strigi, boldang. Spanskt salt frá Setubal (St. Ybes) í Portúgal, Járnbjálkar, steypumunir, Teinar undir sporvagna. Keðjur og festar, hlekkir og lásar. Brúkaðar víntunnur undir fisk og kjöt, hirzlur. Ritpappír. Prentpappír. Vatns- og loftheldur pappír til þess að búa um fisk í með ísi. Kalk, sement, steinflísar og steinskraut, marmari. Pappír til þakpappagerðar.

Jarðepli, hveitispýrur (maccaroni), sem allir eta daglega á Ítalíu. Fóðurvörur, hrísúrgangur, hveitiúrsældingur, baðmullarfræ, kókushnetur o. s. frv., og loks frá Austurríki gæsir, endur, hæns, sem vön eru hörðum vetrum og hægt eiga með að ílendast á Íslandi. *Þar á og að vera alifuglarækt í stórum mæli.*

Eg er viss um, að skip héðan eiga alt af hægt með að fara vel hlaðin aftur til Íslands, þegar alt þetta er komið blessunarlega af stað.

Vinsamlega og virðingarfylst

yðar

V. Jenssen.

Pegli (Genova) Ítalía, 24. nóvember 1909.

Hr. alþingismaður Bjarni Jónsson frá Vogi, Íslandi.

Eg get ímyndað mér, að þér kunnið að vilja vita, hver eg er, áður en þér farið að ráðgast við mig um viðskiftamál. Leyfi eg mér því að tjá yður það, er hér segir um sjálfan mig og fortíð mína.

Eg er fæddur í Næstved 23. september 1856 og er því danskur þegn. Lögfræðisprófi með 1. einkunn lauk eg veturinn 1879—80. Fyrst hafði eg á hendi embætti á stóreignaskrifstofu Skjoldenesholms og greifadæmisins Langalands, en síðar varð eg löggiltur fulltrúi í Bregentved Grisselfelds birkidæmi, bæjarfógetaskrifstofunni í Árósum, bæjar- og héraðsfógetaskrifstofunni í Ringsted og loks frá 1883—1891 1. fulltrúi í bæjar- og héraðsfógetaskrifstofunni í Rudköbing á Langalandi. Hvað eftir annað var eg lengi settur bæjar- og héraðsfógeti í Rudköbing. Síðan gerðist eg málflutningsmaður, fyrst í Rudköbing, síðar á Norður-Sjálandi. Þar eignaðist eg smám saman jörðina Hestköbgaard við Birkeröd (160 tunnur lands) og aðaljörðina Kvistgaard með tiglgerðarhúsi, og stýrði eg sjálfur búum þessum. Í 6 ár var eg formaður búnaðarfélagsins í Hörsholm (Hörsholm Landboforening), Árið 1907 varð ég fyrir slysi og meiddi mig og sýktist af taugagigt. Fór ég þá til Suðurlanda að leita mér heilsubótar og hefi ég síðan átt heima hér á Ítalíu. Mun ég framvegis hafa aðsetur hér og er nú ráðinn forstöðumaður fyrir ítalskt-danskt félag, er fæst við útflutning á matvörum, öli o. s. frv. og hefir félagsverzlun þessi aðalaðsetur í London og Genua (höfuðstóllinn ensk-amerískur).

Ég er kvæntur og á 8 börn. Ég hefi um æfina notað sumarleyfi mín til þess að ferðast um mestalla Evrópu og er vel kunnugur í Noregi, Svíþjóð upp að Dalarne, Danmörku, Þýzkalandi, Austurríki, Ungverjalandi, Sviss, Frakklandi og Norður-Ítalíu. Mér veitist nokkurn veginn auðvelt að tala dönsku, sænsku, þýzku, ensku, frönsku og ítölsku og er auk þess kunnugur pólsku, spönsku og portúgölsku.

Eg er nákunnugur öllum verzlunar- og bankamálum og auðvitað öllum lagastörfum, og einnig nokkuð kunnugur þýzkum og ítölskum rétti og ensku réttarfari. Eg get nú öðlast rétt innborinna manna hér á Ítalíu.

Frekari fyrirspurnum er eg fús á að svara.

Virðingarfylst. Yðar
V. Jenssen
málflutningsmaður.

Acquasanta (Genova) Italia 24. september 1909.

Utanákrift: Avvocato V. Jenssen
Acquasanta (Genova).

Maður þessi, Valdemar Jenssen, var mér hinn hallkvæmasti í alla staði og mjög velviljaður. Þó þóttist eg vegna skyldu minnar verða að afla mér frekari þekkingar. Hefir því Jón Krabbe spurzt fyrir um hann hér:

Maðurinn þykir fljóthuga og stórhuga, en fremur laus í rás. Hefir hann áhuga á mörgu og er jafnan nokkuð gott í tillögum hans og margt á þeim að græða, en fara verður varlega. Svo segir núverandi verzlunarráðgjafi Dana. Hefir Jenssen átt tal við hann um flutning á dönsku kvikfé á ítalskan markað. Þótti margt gott í tillögum hans og athugar danska stjórnin með athygli, hvað úr megi verða.

Enn er þess ógetið, að maður þessi átti áður stóreignir, en er nú illa staddur og á erfiðar fjárreiður.

Enginn þekkir neitt óheiðarlegt um hann.

IV.

Um ull.

Þá er eg fór norður aftur, kom eg við í Milano, og fór til Lanificio Nazionale Targetti og spurði, hve mikið þeir mundu gefa fyrir íslenzka ull. En sakir þess að eg hafði eigi sýnishorn með mér, sögðu þeir mér eftir ágizkun verð það, er eg nefndi í bráðabirgðaskýrslu minni. Er það að líkindum of hátt. Þá er eg kom norður yfir fjöllin fór eg í Basel til ullarkaupmanns, A. H. Guggenheim að nafni og spurði um ullarverð hjá honum. Hann kvaðst hafa keypt íslenzka ull af gærum, og kvaðst keypt hafa úr Norður-Þýzkalandi. En hann fór undan í flæmingi og vildi eigi segja mér verðið. En kvaðst þó mundu láta það uppi, ef eg sendi sér sýnishorn.

Eg ritaði því Jóni Krabbe skrifstofustjóra og bað hann að útvega mér sýnishorn. Brást hann vel við sem jafnan og sendi mér lítið sýnishorn. Þó dróst um hríð fyrir mér að senda það suður.

En er eg kom aftur úr ferð minni til Parísar, sótti eg heim Heinrich Erkes, stórkaupmann í ull. Hann er Íslendingavinur og hefir ritað margt um Ísland og alt vel. Þótti mér því gott og örugt að leita upplýsinga hjá honum. — Sagði hann mér margt um ullarverzlun, en eg mæltist til, að hann léti mig fá álit sitt þar um í bréfi, svo að eigi kæmist þar að rógur eða fákænskubrigzl. Ritaði hann mér síðan á þessa leið um málið:

»Sannvirði ullar fer eftir því, hvað verksmiðjur gefa fyrir tvípund (eða pund eða aðra einingu) af hreinþveginni ull, sundurgreindri eftir gæðum. Getur það verið mismunandi eftir ástæðum (svo sem framboði, eftirspurn, kaupafli, peningamarkaði, afstöðu ríkja innbyrðis o. þ. h.).

Bóndinn fær rétt verð fyrir ull sína, ef hann fær peningaverð verksmiðjutækrar ullar með þeim hætti sem nú var sagt að frádregnum kostnaði.

Kostnaður er þvotta og sundurgreiningargjald, flutningsgjald og vátrygging, geymslukostnaður og sölugjald.

Sé þessi kostnaður dreginn frá markaðsverði verksmiðjutækrar ullar frá Íslandi, þá er eftir sannvirði hennar.

Reikningurinn væri auðveldur, ef ullin kæmi hrein og sundurgreind af sauðkindinni. En því er ekki að heilsa, heldur er í ullinni töluvert af skarni, sauðfitu, ryki, mold og sandi. Hún er og ógreind eða þá ónákvæmt.

Raunar þvo íslenzkir bændur ullina, en löng leið er frá því að sá þvottur sé nægilegur til þess að gera verksmiðjutækt vinnuefni. Er hann og að mörgu leyti fremur til ógagns en gagns, af því að hann 1) flækir oft ullina og gerir hana verri til notkunar og 2) gerir sundurgreining ullarinnar eftir kröfum verksmiðju erfiðari eða ófæra.

Bændur ættu því ekki að þvo ullina, heldur selja hana óhreina. Svo er og gert undantekningarlítið í hinum miklu ullarlöndum, svo sem Ástralíu, Suður-Ameríku, Suður-Afríku og í Þýzkalandi. Hins vegar á bóndinn að greina óhreinu ullina svo vel sem auðið er eftir lit og gæðum, þ. e smágjörvi, lengd, lambsull o. s. frv., og eftir hlutum reifisins, þ. e. bakull, kviðarull, fótaull o. s. frv. hverja fyrir sig, og búa um hverja tegund fyrir sig. Nú þarf kunnáttu til slíkrar sundurgreiningar og mætti því ullfróðir menn gera það í geymsluhúsum í útflutnings höfnum, í stað bænda, fyrir sanngjarna borgun — Vel greind ull hefir hærra verð á markaði en ógreind og hefir reynst svo í öllum löndum.

Höfuðatriðið verður þá að vita, hve marga hundraðshluta af hreinni, verksmiðjutækri ull má fá úr óhreinu ullinni. Verð hreinu ullarinnar er allstöðugt og kunnugt á heimsmarkaðinum og alstaðar svipað. En hitt er mjög mismunandi, hve marga hundraðshluti má fá úr óhreinni ull. Til dæmis fást úr 100 tvípundum af góðri ungverskri ull ekki nema um 18 tvípund af hreinþveginni ull eða því sem næst 18%; góð óhrein ull í Þýzkalandi gefur 25—30%; meðalull úr Ástralíu 38—48%; gróf ull úr Suður-Ameríku 50—65%; áströlsk kynbótalambull 65—75% o. s. frv.

Þessir hundraðshlutar, þ. e. þungi hreinnar ullar, sem fæst úr hverjum 100 tvípundum óhreinnar ullar, kallast í ullarverzlun *rendement* á þýzku og frönsku, á ensku »the yield« (»hreinþungi«). Ef t. d. 1 tp af hreinni ull kostar 3 krónur, þá er óhrein ull með 50% hreinþunga 1 kr. og 50 aura virði tp.; með 40% = 1,20 kr.; með $33^1/_3$% = 1 kr.; með 25% = 75 aur. með 67% = 2 kr. Ullfróðir menn geta *metið* hreinþungann. En af því að margir verksmiðjueigendur kaupa ekki eftir mati eingöngu, heldur heimta trygging þess, að matið sé rétt, þá er hreinþunginn ákveðinn á opinberum ullþvottarstöðum til þess að varna þrætum. T. d. á ullþvottastöðinni í Burglesum hjá Brimum, í ullþvottastöðinni í Döhren hjá Hannover eða í ullþvottastöðvum í Belgíu o. s. frv. Í þessum ullþvottastöðvum er ullin »konditioniert«,[1]) þ. e. ullin er fyrst gjörþurkuð með hugvitssamlega gerðum verkfærum, en síðar er eðlilegum ullarraka bætt við, 17%. Þessi »þuraþungi« (konditioniergewicht) er grundvöllur undir söluverði.

Á Íslandi mundi haganlegast að fara svo að sem hér segir:

1. Hver bóndi ætti að flytja ull sína óhreina til geymslu- og sundurgreiningarhúsa í næsta kaupstað.

2. Einhver banki eða stórkaupmaður greiðir bónda fyrirfram í peningum tvo þriðjunga af matsverði. En full reikningsskil verða síðar gerð, þá er salan hefir fram farið.

3. Ullin er síðan réttilega sundurgreind í geymsluskemmunum, síðan um hana búið og hún send á einhverjar ullþvottarstöðvar meginlandsins.

4. Þá er ullin er þvegin og hreinþungi hennar fullvitaður, þá eru umboðssalar látnir selja hana verksmiðjueigendum og fer verðið til Íslands til þess manns, er fyrirfram borgaði bændunum. Sá dregur kostnaðinn frá og borgar bændunum síðan að fullu.

Mikið er undir því komið um ull, að sem mest sé saman af jafngóðri ull. Væri því gott, að margir ullarbændur sameinist, sem hafa sams konar ull (þ. e. innbyrðis líka og með sama hreinþunga). Þeir flytja ull sína allir saman til sundurgreiningar og skifta síðan með sér andvirðinu eftir hlutfalli ullarþunga þess, er hver hefir fram látið.

---

1) Þ. e. *hófþurkuð*.

Geðjist mönnum eigi að þessari aðferð, sem er þó best og affarasælust, ættu menn þó undir öllum kringumstæðum að sundurgreina ullina óhreina og búa um hverja tegund fyrir sig, og senda til sölu á eitthvert opinbert ullaruppboð í Lundúnum, Liverpool eða Anvers. Góður umboðssali (t. d. í Lundúnum: Charles Balme) verður þó að vaka yfir sölunni og koma í veg fyrir, að selt sé í skaða, þegar boð eru lág.

Hvor aðferðin sem höfð er, fær bóndinn það verð fyrir ull sína, sem hún hefir á heimsmarkaðinum, en milligöngusníkjan hverfur.

Heinrich Erkes, Köln«.

Eg sendi síðan Erkes sýnishorn það, er eg hafði og fékk frá honum svolátandi svar:

»Hreinþungi sýnishornsins er góður, líkl. 95%. Ullin er illa sundurgreind og illa með hana farið, og mundi nú mega fá fyrir hana í verksmiðju hér um bil 1,25 mark fyrir ℔ (= 1/2 kilo). En ef hún væri betur greind og vel með hana farið, þá mundi mega fá 1,50 mark fyrir ℔ (= 1/2 kilo) fyrir hana hreina. Og ef til vill meira«.

Heinrich Erkes er á ferð heima á Íslandi í sumar. Bað eg hann að grannskoða ullina þar á fénu og í kaupstöðum og hét hann því. Vonast eg því eftir mikilsverðum upplýsingum frá honum, er hann kemur aftur í haust.

Þessu sama ullarsýnishorni skifti eg síðan í tvent og sendi til Basel og Milano, en mestar líkur eru til að týnst hafi á leiðinni.

En til þess að gera fullnaðartilraunir þarf eg að fá 30—40 ℔ af ull, helming þveginn og helming óþveginn. Gæti eg þá látið ákveða hreinþunga (= þurapunga + 17% eðlisraki) hennar og sent síðan verksmiðjum sýnishorn með fyrirspurnum um verð. Auðvitað þarf sú ull að vera sundurgreind með þeim hætti, sem segir í grein Heinricks Erkes. — Tel eg líklegt, að þá muni mega komast að niðurstöðu um verð íslenzkrar ullar á heimsmarkaðinum, ef hún er seld svikalaust. Vil eg því biðja stjórnina að senda mér þetta sýnishorn, svo sem nú nefndi eg, og mætti þó vel vera meira. Þar með ætti og að fylgja embættisvottorð um að ullin væri af íslenzku fé og frá Íslandi.

Eg mun leita ráða viturra manna um það, hvernig bezt megi gera þessa rannsókn og síðan senda stjórninni fullnaðarskýrslu, þá er henni er lokið.

Eg vil mælast til, að stjórnin birti ummæli Erkes í blöðum. Og vilji menn reyna þessa aðferð sjálfir, þá set eg hér nöfn þau er hann lét mér í té:

Wollmakler für die Londoner Auktion:
Gharles Balme woolbrokers Basinghall Street, London.
Bremer Wollwäseherei, Burglesum bei Bremen.
Döhrener Wollwäscherei, Döhren bei Hannover.
Adolph Pelzer, Dolhain (Belgia).
A. E. Brüll, Dolhain, Goé (Belgia).

V.

Tilraunir.

Alt er það mitt og annara álit, sem að framan er skráð, um markaði og markaðsvonir. En nú vita það allir, að það er lítil fyrirhyggja að ráðast í ný stórfyrirtæki, án þess tilraunir séu gerðar um það, hversu endast muni. En bæði stjórn Íslands og öðrum er það fullljóst, að mín staða er ekki svo vaxin, að eg geti gert slíkar tilraunir, og auk þess undir hælinn lagt, hvort kaupmenn innan lands og utan láta mér í té sönn svör við fyrirspurnum mínum. Mun því eina ráðið að fá íslenzka kaupmenn til að reyna þessa nýju markaði.

Mætti það verða með ýmsu móti:

1. Að kaupmenn heima gerðu samband við kaupmenn í Noregi, Svíþjóð, Þýzkalandi, Sviss og Ítalíu. Yrði það þá verk þeirra verzlunarfélaga að gera tilraunirnar, áður en þeir byrjuðu.
1. Að stjórnin fengi einn eða fleiri kaupmenn eða kaupfélög til þess að standa

fyrir tilraununum og mundi þá mega veita til þess styrk af opinberu fé eða ábyrgjast, að þeir hefðu eigi beinan skaða á tilraunarvörunum.

3. Að reyna að fá menn úr þessum löndum til að kaupa vörur heima. Er það ráðið lakast, því að þeir mundu trauðla verða við því, nema auðsær væri hagnaður af því. En hagurinn mundi þá og lenda í þeirra vasa og það eitt gagn af hljótast að eftirspurn ykist.

Um þetta mætti rita langt mál og þó óvíst, að hverju gagni kæmi. En hitt mundi mér þykja æskilegt að ná tali stjórnarinnar um þessa hluti og ef til vill gæti þá stjórnin kallað nokkra framtakssama kaupmenn á fund til að ræða málið. Mér væri og að ýmsu öðru leyti nauðsyn að eiga tal við stjórnina um starf mitt. Vildi eg því biðja leyfis að koma heim snöggva ferð. Kynni og þar af að leiða, að eg kæmist í nánari samvinnu við kaupmenn, einkum þætti mér undir komið að eiga tal við stjórnina um, hversu með skal fara alt starf mitt.

Í þeirri von, að stjórnin fallist á þetta og símí til mín eitt »já«, ef henni þykir sem mér, læt eg hér óritað margt, sem betra er að tala um en rita.

Til Stjórnarráðs Íslands.

Skýrslu þessari læt eg fylgja nokkrar blaðagreinar, landabréf og sýnishorn af pappír og eru merkt með rómv. tölum I—IX.

IV. Nr, 7. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. $^{4}/_{8}$.

Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal a. *)

Enginn veit, hve mikill hagur það mætti verða fiskimönnum vorum og fiskikaupamönnum, ef fiskurinn kæmist með nýjabragði á markaði erlendis, svo sem til Sviss, þar sem ferðamannastraumurinn þarf ókjörin öll af þeim mat; eða til Ítalíu og Spánar og annara kaþólskra landa.

En hingað til hefir eigi þekst hér nein aðferð til þess að búa svo um hann að nýjabragðið héldist langa leið.

Í skýrslu minni til stjórnarinnar um ferð mína til Ítalíu og fleira getur um eina aðferð til þess. Hún er kend við höfund sinn *A. Sölling* fiskierindreka Dana í Englandi og hlaut heiðurspening úr gulli í Niðarósi 1908.

Sölling ritar svo um hana sjálfur:

»Eftir því sem tímar hafa liðið hafa menn reynt með mörgu móti að finna beztu og haganlegustu aðferð til þess að halda fiski nýjum um lengri tíma en hingað til hefir átt sér stað, en gallaðar eru allar þessar aðferðir meira eða minna, hvort sem nokkur varðveizluefni eru notuð eður eigi. Því að fiskurinn missir í ásjáleik og bragðgæðum, einkum ef heitt er í veðri.

Góð og holl aðferð til þess að halda fiski nýjum um langan tíma er sú að frysta hann, en hún hefir og sína miklu galla. Erfitt er að halda fiski frosnum um langan veg einkum á járnbrautum. Auk þess fara bragðgæðin af fiskinum, þegar hann þiðnar, og skemmist fljótt, þegar hann verður fyrir skaðlegum áhrifum loftsins. Almenn aðferð er að senda fisk í ís, en fiskurinn verður þá fyrir sífeldum áhrifum af ísvatninu og loftinu, og er aðferð þessi því stórgölluð. Það er alkunna, að kjöt, fiskur og önnur matvæli geymast lengur í köldu veðri en heitu og hugmyndin að hafa ís til geymslu fyrir matvæli er að búa til kulda, til þess að varna rotnun í lengstu lög. En þegar fiskurinn verður að staðaldri fyrir skaðlegum áhrifum af lofti og ísvatni, glatar hann sjáleik sínum, verður blár og rotnar fljótt í hlýviðri.

Fyrir hér um bil 40 árum fóru menn fyrst að geyma fisk í ís á enskum fiskiskipum. Áður fóru fiskiskip þessi að eins stuttar ferðir til þess að koma fiskinum óskemdum á markaðinn.

*) Prentað eftir tilmælum Bjarna Jónssonar frá Vogi.

Þó var nauðsynlegt að fara með þann fisk einan á markað, sem hélt sér bezt, svo sem ýmsar kolategundir og heilagfiski, sem enn eru taldar beztu fisktegundir, en öðrum fisktegundum sem héldu sér ver, var varpað fyrir borð og kallað rusl, svo sem skarkola, þorsk og ýsu.

Nú er þetta alt öðru vísi.

Um 1880 tóku menn að fiska á eimbotnvörpunga; þá fóru menn að hafa lengri útivist, viku til hálfan mánuð, stundum þrjár vikur, og var þá nauðsyn að hafa með sér mikinn ís til þess að geyma veiðina í. Þrátt fyrir þessa varkárni kemur þó mikið af þeim fiski, sem fyrst fæst, skemdur í land, einkum í hlýviðri. Á Englandi eru menn orðnir vanir þessum ísfiski, bragðlausum, því að menn halda að þetta geti eigi öðru vísi verið, en sá á bágt með að borða fisk úr ís, sem vanur er nýjum fiski.

Þegar ég sá, hve illa var með fiskinn farið á Englandi, datt mér fyrst í hug að reyna að finna betri aðferð til að búa um fisk, svo að hann komi betri og hollari í áfangastað.

Geymsla matvæla er undir því komin, að skaðlegum gerlum sé haldið frá og að þau séu sem bezt geymd fyrir lofti, sem geymir líka skaðlega gerla.

Ef geyma skal fisk í ís, þá er það enn fremur nauðsynlegt að varna því, að ísvatnið snerti fiskinn, því að það er fult af skaðlegum gerlum.

Lofti er bægt frá og ísvatni varnað að snerta fiskinn með þeirri aðferð, sem ég hefi fundið upp og reynt að gera almenningi kunna, að vefja fiskinn innan í eins konar pappír, vatnsheldan og loftheldan, og leggja hann síðan í mulinn ís. Kuldinn af ísnum verkar beint á fiskinn gegnum pappírinn og heldur honum nýjum um lengri tíma en nú á sér stað. Ef árangur á að verða góður af notkun pappírsins verður að skera fiskinn upp og hleypa úr honum blóðinu sem fyrst, þá er hann er veiddur og að þetta sé helzt gert á fiskiskipunum.

Fiskurinn heldur því lengur lit og bragði sem meir er að því gert að ná blóði úr fiskinum og hreinsa hann, og bezt er að minsta kosti að skera úr honum tálknin.

Pappírinn á ætíð að vera ferhyrndur og honum vafið svo um fiskinn að byrjað er frá einu horni, en tvö brotin inn um leið og vafið er fastlega þar til er fjórða hornið er komið og er fiskurinn jafnharðan lagður í ís. Sé fiskurinn stór, er bezt að vefja seglgarni utan um, til þess að halda pappírnum saman.

Sú viðbára hefir komið fram, að þessi umbúnaður væri of dýr og fyrirhafnarmikill. En þessi litli kostnaður og dálítill meiri tími og fyrirhöfn, sem er því samfara, vinst fljótt upp af hærra verði, sem fást mun fyrir fiskinn í þessum umbúðum, sem halda honum nýjum lengi eftir það að rotnu er kominn í fisk, sem búið er um eftir gamla laginu. Raunar mun það ekki borga sig að fara svo með alls konar fisk, og erfitt yrði að búa svo um allan aflann, en ýmsar kolategundir og heilagfiski mun verða í hærra verði en nú, ef svo er um þá búið. Dýrir vatnafiskar svo sem lax, silungur, karfi og gedda eru vanalega sendir óskornir upp, en sjálegri mundu þeir og verða, ef þeir kæmu á markaðinn vafðir í þenna pappír og ísaðir, en nú, er þeir hafa um langan eða skamman tíma orðið fyrir áverka loftsins.

Benda vel ég á, að höfuðatriði í umbúningsaðferð minni er, að fiskurinn sé skorinn upp, innýflin tekin úr og tálknin, fiskurinn þveginn vel úr saltvatni og þurkað af honum áður en hann er vafinn í pappírinn. Fyrsta tilraun var gerð með umbúningsaðferð mína í október 1905. Þá var búið um talsvert af fiski með ýmsu móti, bæði uppskorinn og óskorinn upp, bæði í pappír og án pappírs, svo að ísinn lá við hann. Þegar hann var tekinn úr umbúðunum eftir 12 daga kom það í ljós, að eingöngu sá fiskur hafði haldist nýr, sem var skorinn upp, vafinn í pappírinn og síðan lagður í ís. Allur hinn fiskurinn var meira og minna skemdur.

Hinn 26. mars 1906 voru keyptar í Grimsby 3 lifandi flyðrur, um þrjá fjórðunga að þyngd hver, skornar upp, þvegnar og vafðar í pappír og síðan látnar í ís og kassa og sendar sama dag með eimskipi til Kaupmannahafnar. Hinn 9. apríl, hálfum mánuði eftir umbúninginn, var fyrsta flyðran tekin upp; hún var alveg ný og hafði roðið alls eigi upplitast. Hinn 20. apríl, 25 dögum eftir um-

búninginn, var önnur flyðra tekin upp í margra viðurvist, og var ég þá viðstaddur sjálfur; var hún alveg ný og sögðu þeir, sem átu, að nýja bragðið hefði haldist. Hinn 26. apríl, 31 degi eftir umbúninginn, var síðasta flyðran tekin upp og var hún stinn og roðliturinn óskemdur. Margir átu, og hafði hún haldið bragðgæðum sínum.

Hinn 12. ágúst 1907 veiddust 39 flyðrur við vesturströnd Grænlands hjá Holsteinsborg og voru sendar með e/s Hans Egede til Peterhead á Skotlandi og þaðan með járnbraut til Grimsby. Þar voru þær seldar 3. september og fekst gott verð fyrir. Hinn 10. júní 1908 var ein flyðra, einn þorskur, einn skarkoli og ein ýsa vafið í pappír við Íslands strendur í frönskum botnvörpungi, »La Flandré«. Hinn 24. júní voru þau rannsökuð af útgerðarmönnum í Boulogne sur mer og reyndust sem ný og með óbreyttum roðlit.


Hinn 16. júní var búið um 2 flyðrur í Grimsby og voru sendar á sýninguna í Niðarósi. Hinn 8. júlí, 23 dögum eftir umbúninginn voru þær teknar upp og reyndust sem nýjar, þótt þær hefðu staðið íslausar í 8 daga.

Meðan eg dvaldi í Niðarósi voru tveir laxar vafðir í pappírinn og tveir í ís og látnir standa 8 daga. Þegar tekið var úr umbúðunum, þá höfðu þeir tveir laxar haldið lit og voru stinnir, sem vafðir voru í pappírinn, en hinir tveir höfðu glatað lit á holdi og roði og voru meyrir, sem höfðu legið við ísinn.

Vorið 1909 var ein ýsa og einn þorskur vafin pappírnum í Lemvig og hálfum mánuði síðar tekin upp og etin, og urðu þau ekki greind frá nýdreginni ýsu á bragðið«.

Nú getur Sölling um, að aðferðin hafi verið reynd um heim allan, segir Japansmenn hafa hana, Indverja og Englendinga. Síðan er tilsögn um, hversu upp skal rista fiskinn og myndir með. Fer hér á eftir ágrip af því.

Hér er sýnt, hversu bezt er að skera upp ýmsar fisktegundir:



1. *Flyðra.* Skorin eftir strikinu.

2. *Skarkoli* (og aðrir kolar). Kolinn tekinn í vinstri hönd og rist með hnífnum þvert yfir sem strikið sýnir; hrygginn skal skafa með hnífnum, til þess að veita því blóði framrás, er þar situr.

3. *Þorskur og ýsa.* Fiskurinn tekinn í vinstri hönd og ristur með hníf vinstra megin við brjóstbeinið. Gelgjubeinið skal beygja niður með vinstra þumalfingri. Safnast þá eigi vatn í kviðholið, ef svo er með farið.

Sýnishorn af pappír þeim, sem hér er nefndur, liggja í stjórnarráðinu á

annari skrifstofu. Mun Jón skrifstofustjóri góðfúslega leyfa mönnum að skoða þau, þeim sem gera vilja tilraunir með þessa fiskverzlun.

Eg gerði mér ferð hingað til lands til þess að fá menn til þess að reyna ýmislegt, er eg hafði getið um í skýrslum mínum til stjórnarráðsins. Fékk eg Dalamenn til þess að gera tilraun nokkra með ull.

Eg leitaði því næst ráða hjá Jóni skrifstofustjóra Hermannssyni. Vildi stuðla að því með öllu móti, að nokkrar tilraunir yrði gerðar. En fyrir þá sök, að stjórnarráðið hefir ekkert fé til slíkra hluta, leitaði hann til annarar opinberrar stofnunar, sem margt af þessu gat heyrt undir, og sendi þangað skýrsluna. Lá hún þar alllengi og er nú eigi tími til fyrir mig að fá einstaka menn eða félög til framkvæmda, því að eg er nú á förum. En af því að mér þótti mikils um vert að reynt væri, hvort hér væri um arðberandi aðferð að ræða og framkvæmanlega, þá hefi eg birt þessa lýsingu og tilsögn um meðferðina.

Vil eg biðja önnur blöð landsins að taka þessa grein upp, svo að sem flestir geti kynt sér hana og reynt, hversu þessi aðferð gefst.

Í stjórnarráðinu liggja allar upplýsingar um pappírinn, sem þörf er á, og mun önnur skrifstofa fús að leysa úr spurningum þar að lútandi.

Reykjavík 15. október 1910.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

8.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi fyrir desember 1909.

Þá er eg reit síðustu skýrslu mína, var eg staddur í Basel á norðurleið. Eg leitaðist þar við að fá að vita verð á ull og öðrum vörum, en varð ekki ágengt. Þar til liggur sú ástæða, að þeir versla eitthvað með íslenska ull, einkum haustull af gærum. — Viljá þeir því ógjarna segja verðið og því síður við hverja þeir skifta. — Sama hefir orðið fyrir mér annarstaðar hér á Þýzkalandi, ekki síst í Hamborg. — Eg tók þá það ráð, að eg reit Jóni Krabbe skrifstofustjóra og bað hann styðja mig í þessu og fá mér upplýsingar nokkrar í Höfn. En svo voru þeir þar varir um sig, að hann gat litlar sem engar upplýsingar útvegað mér og brást þó mjög vel við tilmælum mínum. Hann hefir nú lofað að útvega mér sýnishorn af íslenskum vörum nokkrum, að minsta kosti ull. Óðara en eg hefi fengið það, sendi eg sýnishorn í ýmsar áttir og mun þá hitta ráð til að fá svar. Eg get ekki lokið skýrslu minni um Ítalíuferðina fyr en þetta er um garð gengið,

En svo illa hefir tiltekist, að stjórnarráðið hefir látið birta í blaði það sem eg skrifaði því síðast í trúnaði um nafngreinda menn. Eg hefi litið svo á erindisbréf mitt, að eg ætti að gefa stjórninni skýrslu um alt, er mér þætti máli skifta fyrir hana að vita. Þar af leiðir, að eg rita fleira í skýrslu mína, en til þess er fallið að koma fyrir almenningssjónir. Og útgáfa þessi veldur því, að eg get engar upplýsingar fengið hjá kaupmönnum. Tefur þetta fyrir

Eg hefi komist að raun um, að það hefur hamlað íslenskri verslun, að kaupmenn vorir hafa eigi látið uppi, að þeir væri íslenskir, nema einstaka maður, og eins hitt, að ekkert hefir verið gert til að láta kaupendur vita, hver vara væri íslensk. T. d. er talað um lýsi frá Danmörku, en ekki frá Íslandi. Íslenzkir kaupmenn eru því varla til í meðvitund manna hér og ekki nema einstaka vörutegundir. Íslenzkir verslunarmenn hafa lítið sem ekkert kynt íslenska síld hér á

þýskum markaði, en hún mun þó geta verið góð vara hér, 20, 15 og 10 Pf. eintak eftir stærð. Lax er hér frá 1 M. ℔ og upp í 4—5 M., eftir því, hvaðan hann er. Mundi vel mega ná hér háu verði á íslenskum laxi. Eg nefni þetta til dæmis, en get ekki ennþá sent fullkomna skýrslu um þessa hluti. Því að eg kom eigi hingað fyr en 12. desember og sé nokkurstaðar erfitt að fá sannar upplýsingar um þetta, þá er það hér. *Því að danskir kaupmenn vinna að því leynt og ljóst, að sporna við beinni verslun héðan og heim.* Einhver grunsamlegur milligöngumaður hafði um mig talað hér við »Hamburger Fremdenblatt«. En það blað hefir lofað mér að taka hverja grein, er eg rita, og er eg nú byrjaður að skrifa í það um Ísland.

Töluverða eftirtekt vekur hið nýja samband vort hér. Hafa margir verslunarmenn til mín komið og leitað upplýsinga. Hefi eg gefið þeim slíkar, er eg vissi réttastar. Tólgarkaupmanni gaf eg nöfn á viðskiftamönnum um alt land og slíkt hið sama þorskalýsirkaupmanni, og öðrum almennari.

Nokkrar fyrirspurnir hafa til mín komið um það, hvernig menn eigi að ná rétti sínum. Hefi eg auðvitað sagt þeim það og nefnt þeim áreiðanlega málaflutningsmenn. En gott hygg eg væri, ef blöð vor heima brýndu fyrir alþýðu og jafnvel málaflutningsmönnum, hvílíkur alþjóðar skaði það er, ef það orð legst á, að vér séum óáreiðanlegir í viðskiftum. Oss er það léður leikur, að fá miklu víðar markað fyrir vörur vorar en nú er, og meiri eftirspurn, beinni verslunarvegi og hér af leiðandi hærra verð.

Sönnur mun eg færa á þetta alt í næstu skýrslum mínum. Hingað til hefi eg verið á hlaupum svo að eg hefi eigi næði haft til að rita ítarlega um þessa hluti.

Þess vil eg enn geta, að eg hefi átt allharðar ritdeilur við ýmsa Dani um mál vor, helst stjórnmál og verslunarmál. Hefi eg þar tekið svari Íslendinga sem eg kunni, og trúi eg því, að þær greinar séu heim komnar. En einn er sá hlutur, sem mér hefir verið ófært um að rita, og er það bankamálið. Um það hefir staðið sitt af hverju í flestum Norðurlandablöðum, en eg hefi engin gögn haft í höndum til þess að gefa áreiðanlegar upplýsingar. Hefði þess þó verið full þörf, sem sjá má af því, að yfir 200 greinar hafa komið út í dönskum blöðum um það mál. Eg vona því, að stjórnarráðið sendi mér nefndarskýrsluna jafnskjótt sem hún kemur út.

IV. Nr. 8.

Framlagt á fundi rannsóknurnefndarfundi 4 V.

Stefán Stefánsson.

9.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi fyrir janúar 1910.

Fram til hins 24. janúar sat eg í Hamborg svo sem ráð var fyrir gert. Hefi eg veitt upplýsingum hverjum, sem beiðst hefir, bréflega eður munnlega. Hafa allmargir til mín komið og spurt um margvíslegt, er að viðskiftum lýtur. Margir hafa spurt um verzlanir, er þeir gæti komist í samband við og hefi eg sagt þeim nöfn góðra kaupmanna og kaupfélaga víð svegar um land. Sumir hafa spurt um málmnám, brennistein og silfurberg. Hefi eg sagt þeim af hið sannasta og spurt dr. Helga Pétursson um það, sem mér var ókunnugt um sjálfum. — Nokkrir menn hafa og sent mér fyrirspurnir heiman af Íslandi og hefi eg svarað sumum, en sumum svara eg nú.

Í þessum mánuði hefi eg þurft að leita ýmsra upplýsinga í Noregi, t. d. um hlutfallið milli þurfisks og saltfiskjar, er eg mun rita í skýrslu mína um

Ítalíuferðina, þá er eg get fullgert hana. Chr. Gjerlöff, meðritstjóri Dagblaðsins í Kristjaníu, hefur reynst mér hið bezta um alla þess konar hluti. Hann ritar mér svo í einu svari sínu til mín: »Eg hefi talað við Aabert ritara í »Norges Oplysningskontor for Næringsvejene«. Þér megið láta þess getið, að heimilt sé hverjum Íslending, að snúa sér til þessarar skrifstofu og beiðast skýrslu um þá hluti í atvinnuvegum Austmanna, er hann vill vita um. — Skrifstofan veitir honum þá vitneskju með sömu kjörum sem Austmönnum. þ. e. a. s. kostnaðarlaust og með fyrstu ferð. — Eg vona, að þér fáið Íslendinga til að neyta þessa, því að stofnunin er ágæt og veitir allar upplýsingar með mestu samvizkusemi og vinsemd«.

Vil eg mælast til, að stjórnin geri almenningi þetta kunnugt, svo að Íslendingar megi þekkjast þetta góða boð.

Þess vil eg geta, að hingað kom D. Thomsen, ræðismaður Þjóðverja heima. Hann lagði hér stefnu við kaupmenn og fræddi þá um viðskiftalíf vort. Eigi veit eg, hverjar upplýsingar hann hefir veitt þeim. En tal átti hann við mig og taldi vafasamt, að Þjóðverjar vildu eiga bein skifti við Íslendinga, nema öruggur milligöngumaður fengist og skildist mér, sem hann væri þar til kjörinn. Taldi hann og þann veg beinastan til þess að vér næðum góðum kaupum. Segi eg stjórn Íslands þetta eigi í því skyni, að hún geri þessi ummæli Thomsens heyrinkunnug, heldur til hins, að hún viti og reisi nokkrar skorður við því, ef henni þykir þurfa, að verzlun vor við Þjóðverja lendi í eins manns höndum.

Ýmsir danskir kaupmenn og hálf-íslenzkir hyggja á, að hafa hér útibú eða skrifstofu, sem þeir kalla. Þar á meðal er D. Thomsen, og heyrt hefi eg, að Tulinius ætli sér hið sama.

Tvo unga og efnilega Íslendinga þekki eg, er vilja verða milligöngumenn í verzlun vorri við hérlenda menn. Eru þeir Guðmundur J. Hlíðdal, Heiligenstadt (Eichsfeld) og Karl Sæmundsen frá Blönduósi.

Hinn 24. janúar fór eg til Parísarborgar, svo sem stjórninni mun kunnugt vera, til þess að hafa tal af frakkneskum mönnum, er hyggja á verzlun og peningafyrirtæki heima á Íslandi. Skal hér talið, hvað þeir menn hyggja um viðskifti milli Íslendinga og Frakka: »Frakkland má verða Íslandi allra landa gagnsamlegast, hvað snertir fjárhag þess framvegis. Og þótt ýms Norðurálfulönd hafi nú verzlunarviðskifti við Ísland, þá mætti þó verzlun við Frakkland verða því hagfeldari. — Er þar fyrst til að taka, að á Frakklandi er mest og hagfeldust peningaverzlun. Má þar fá fé slíkt sem nauðsyn krefur til fjárhagsbóta á Íslandi, til þess að vinna náma, nota fossaafl, byggja brýr, verksmiðjur o. fl. — Löggjöf landsins amar erlendu fé, svo sem lög um náma, lög um fossa, og mætti það valda tregðu um fjárframlögin«. Þótti, sem rýmka þyrfti þar um, svo að möguleikar Íslands yrðu nýttir með frönsku fé. Mundi það ekki eingöngu auka efni landsmanna, heldur og stöðva útflutning á fólki og verða til þess, að verkamenn flyttust til landsins, bæði Íslendingar vestan um haf og aðrir, er brátt yrðu íslenzkir. — Þá töldu þeir Frakkland eiuna bezt fallið til viðskifta fyrir oss, af þeirri ástæðu, að það hefði engin afskifti af stjórnmálum vorum, og væri óttalaust fyrir oss að skifta við það land sökum þess, að það mundi aldrei seilast til yfirráða í landi voru. — Þeir töldu Frakka hafa unnið Íslandi gagn, er þeir hefði reist þar sjúkrahús og leyft Íslendingum þar ódýra vist, en lítið töldu þeir komið hafa í móti af vorri hálfu til þess að afla oss vináttu hjá stjórn Frakka. — Um vöruskifti milli landanna sögðu þeir, sem satt er, að þau væru nú engin. Hitt töldu þeir líklegt, að á Frakklandi mætti fá markað fyrir þær afurðir, er vér flytjum til Englands, Danmerkur, Noregs o. s. frv., svo sem ull, smjör, hesta, hey o. fl.

Hestar hafa verið fluttir inn í Frakkland bæði í Boulogne og Bretagne. En þeir þóttu of smáir og eigi nógu sterkir, og hefir eigi orðið úr verzluninni. Töldu þeir því eigi sérlegar líkur til, að markaður yrði góður fyrir hesta, nema ef Íslendingar bættu kynið og stækkuðu hestarnir. Þó þótti eigi óárennilegt að reyna, hvort reiðhestar gætu eigi selst góðu verði.

Hey hugðu þeir mundu mega verða verzlunarvöru, þar sem landgæði væri

hjá oss og gras gott, en auðvitað yrði að þrýsta því saman með vélum. En sáðgras töldu þeir líklegast til þeirra hluta.

Ull töldu menn mega selja dýrara en vér erum vanir, en sögðu það þó skilyrði, að féð væri klipt. Var mér sagt, að klippvél kostaði um 35 krónur í Frakklandi.

Saltkjöt kváðu þeir óþekt, en töldu vel mega verða markað fyrir það. Væri þá bezt að senda góð sýnishorn til kaupmanna í hafnarbæjum og útgerða.

Smjör töldu þeir ágætt hjá oss og hugðu það svo góða vöru að hún mætti ná góðu kauphallarverði í París.

Frakkland flytti nú ekkert til Íslands, en gæti látið í té betri og ódýrari vörur en flest önnur lönd, svo sem *salt, vín, korn, iðnaðarvörur, fatnað, veiðarfæri.* Væri skipakostur nógur til að flytja vörur til Íslands við lágu flutningsverði, því að 150—200 seglskip og eimskip færi á ári hverju til Íslands *farmlaus.*

Auk þess hafa nú útgerðarmenn frakkneskra botnvörpunga tekið sig saman um að flytja sjálfir kol til Íslands handa skipum sínum og munu þar að auki ætla að selja kol heima. Flutningaskip þeirra fara tóm heim aftur, ef þeir fá engar vörur til flutnings frá Íslandi. Mun kaupmönnum vorum þar kostur ódýrs vöruflutnings, hvort sem þeir vilja til Englands eður Frakklands. Ræðismaður Frakka í Reykjavík mun veita mönnum allar upplýsingar, er lúta að þessu.

Hreinskilni í viðskiftum segja þeir vera grundvallarreglu Frakka.

Af þessu sér stjórnin, að hér er um óruddar brautir að ræða og vanséð, hvað leiða mundi til vitaðs gróða, nema lág farmgjöld með flutningaskipum útgerðarmanna. En af líkum að dæma, mun mega gera ráð fyrir góðum markaði fyrir smjör, og óvíst, nema svo yrði um fleiri vörur, ef reynt væri. Hygg eg það mundu ómaksins vert, að gera nokkrar tilraunir, og mun því síðar rita nokkrar tillöggur mínar þar um.

Í byrjun febrúar sneri eg aftur heimleiðis. Hitti eg þá í Köln Heinrich Erkes stórkaupmann, sem vel er kunnur högum vorum. Hét hann mér að rannsaka nákvæmlega, hverju verði mundi mega selja íslenzka ull í Þýzkalandi og finna sanngildi hennar (rendement). Vona eg því, að eg geti næst gefið nákvæma skýrslu um það, og eins um hitt, hvernig helzt ætti að fara með ullina. Mun eg ganga svo frá þeim kafla, að prenta megi orðrétt mönnum til leiðbeininga.

Hamborg í Febrúar 1910.

Virðingarfylst

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Til stjórnarráðs Íslands.

IV. Nr. 9.

Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 4. V.
Stefán Stefánsson.

10.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi, fyrir febrúarmánuð.

Síðan eg kom frá París sat eg um kyrt í Hamborg og svaraði fyrirspurnum bæði erlendra manna og íslenzkra. Hinn 22. febrúar hélt eg fyrirlestur í Hamborg í verzlunarmannafélagi þar. Talaði eg um landsháttu, atvinnuvegi, verzlun og listir.

Í þessum mánuði ritaði eg og á þýzku um framfarir Íslands um síðastliðna hálfa öld.

Nú hafði eg fengið sýnishorn af íslenzkri ull frá skrifstofu stjórnarráðsins í Höfn; sendi eg hana ullarkaupmanni einum, er eg þekki. En hann ritaði mér um, hvers virði hún væri. Mun eg láta þess getið á öðrum stað.

Þá kom og til mín fiskisölumaður í Hamborg, Johann v. Eitzen, St. Pauli Fischhalle, Hamborg 4. Vildi hann kaupa nýjan fisk og kvaðst mundu senda skip beina leið, ef viðskifti væri næg. Lét eg honum í té nöfn fiskikaupmanna um alt land.

Til stjórnaráðs Íslands.

IV. Nr. 10. Lagt fram á fundi rannsóknarnefndar Ed. 4/5 1911.

Stefán Stefánsson.

11.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi, fyrir mars 1910.

Eg kom til Oslóar í öndverðum mars. Þar kom skipstjóri einn að máli við mig og kvaðst vilja koma á beinum skipaferðum milli Íslands og Miðjarðarhafslanda. Spurði hann, hvort þing og stjórn vor mundi vilja styðja slíkt fyrirtæki. Eg taldi þetta þarfaverk og kvaðst hyggja, að því mundi verða vel tekið heima. Hvatti eg hann til að byrja sem fyrst og sagðist hann mundu freista. Sagðist hann vera fús að hafa meðferðis sýnishorn af ýmsum íslenzkum varningi til þess að reyna markaðinn og eins, ef það þætti betra, að veita ókeypis far íslenzkum manni, er færi með slík sýnishorn. Maður þessi er þó enginn auðmaður, en hann kvaðst vera í sambandi við auðugan útgerðarmann. Nafns mátti hann þó ekki láta við getið. — Eg get eigi sagt neitt um framkvæmdir enn þá, en síðar mun eg skýra frá, hverju fram vindur.

Eg hefi nú gefið út fyrirlestur þann, er mest hefir verið gerð rekistefna úr, til þess að sanna til fulls, að eg hafi eigi farið lengra en erindishréf mitt segir og ekkert gert, það er eigi væri heimilt viðskiftaráðunaut Íslands og vel samandi.

Eg hefi nú gert þrautatilraun að fá létt tolli af kjöti voru og hestum hér. Hefi eg talað við marga málsmetandi þingmenn, við landbúnaðarnefnd og tollmálanefnd stórþingsins og reynt að sýna þeim fram á, að Noregi væri hagur í þeirri viðskiftabót eigi síður en oss. Svöruðu þeir vel máli mínu, einkum þó um hestana. Er eigi vonlaust um að stórþingið lækki tollinn, svo að enga þurfi ráðgjafasamninga um hann. En ef efndir verða engar á góðum heitum þessara manna, þá get eg eigi meira gert málinu til framgangs. Þess vil eg þó geta um hinn nýja landbúnaðarráðherra, að hann hafði öll hin sömu ummæli sem hinn fyrri.

Landbúnaðarráðuneytið hefir oft verið Íslendingum velviljað. Nú í vetur hefir það leyft íslenzkri stúlku, Helgu Helgadóttur, ókeypis vist og kenslu í húsmæðraskóla ríkisins.

Hér í landi vex drjúgum áhugi á að kaupa íslenzka hesta handa smábændum og hefi eg fengið bréf um það meðal annars frá Finnmörk. Væri ástæða til að bregðast vel við og reyna, hvern markað hér má fá.

Til stjórnarráðs Íslands.

IV. Nr. 11. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 4/5. — 1911.

Stefán Stefánsson

12.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi, fyrir aprílmánuð.

Í byrjun mánaðarins hélt eg til Svíþjóðar. Hafði Ragnar Lundborg undirbúið fyrirlestra mína þar. Hélt eg fyrst fyrirlestur í Kaupmannasamkundunni í Stokkhólmi um verzlun vora, land og lýð. Annan hélt eg í háskólanum í Uppsölum um land og lýð og menning. Hinn þriðja um verzlun og þjóðháttu. Hinn fjórða um verzlun og viðskifti, landsháttu og lýð og menning, í Gautaborg.

Alstaðar var mér vel tekið. Ragnar Lundborg og John Hamar »den svenska exportföreningens directeur«, Vasagata 6 Stockh. vilja gjarnan fá landshagsskýrslur og verslunarskýrslur vorar, síðustu árgangana, sömuleiðis Göteborgs handelskammare (Professor Dr. Lemke) og Stadrevisor, riddaren Aksel Ramm. Vil eg biðja stjórnarráðið, að gera svo vel, að senda þær þessum mönnum. Vilja þeir hafa þær til leiðbeiningar sér, því að allir þessir leggja mikið kapp á að ná beinum viðskiftum við oss. — Áhugi Svía á íslenskri hestaverslun fer sívaxandi og hefi eg fengið margar málaleitanir þar að lútandi.

Spurðist eg fyrir um tollinn og fór í þeim erindum til búnaðarráðgjafans. Tók hann því máli vel og lofaði John Wedin stórkaupm. mér því að sækja um afnám eða lækkun á tollinum, eftir því sem ráðgjafinn hafði lagt til. — Sést þá, hverjar undirtektir málið fær hjá stjórn og þingi. Vona eg að vel gangi, því að Norðmenn, keppinautar þeirra eru nú staðráðnir í því að lækka tollinn.

Eg fékk í apríl fyrirspurn frá Ítalíu, hvort stjórnin hefði nokkuð gert til þess að lækka toll á ísl. hestum sem er 40 lírur. Eg hefi því engu svarað. En hverju á eg þar til að svara. Þaðan kom og málaleitun um að fá 100 hesta og stóra ullarsending að heiman, mest til reynslu. Þessar málaleitanir sendi eg heim og gæti stjórnin snúið sér til Jóns kaupm. Þórðarsonar í Reykjavík, ef hún vildi stuðla nokkuð að framkvæmdum slíkra tilrauna.

Gleymt hefi eg að geta þess í síðustu skýrslu, að eg hélt fyrirlestur um Ísland á Hamri í Noregi í lok marsmánaðar.

Til stjórnarráðs Íslands.

IV. Nr. 12. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi Ed. $^{4}/_{5}$. — 1911.

Stefán Stefánsson.

13.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi fyrir maímánuð 1910.

Þá er eg hafði lokið fyrirlestrum mínum í Svíþjóð, hélt eg til Danmerkur og dvaldist nokkra daga í Kaupmannahöfn. Varð eg þess þá var, að »félag danskra þurrabúðarmanna« bauð Svíum íslenzka hesta. Get eg þess, svo að stjórnin megi setja til þess viturleg ráð, að hestaverzlun vor við Svía gangi beint.

Þaðan hélt eg til Hamborgar og svaraði sem fyr fyrirspurnum frá kaupmönnum þar. Þar varð eg þess vísari, að »Hið sameinaða gufuskipafélag« vinnur með öllu móti gegn beinum samgöngum vorum: Það flytur vörur ókeypis frá Hamborg til Kaupmannahafnar og það hefir tvenns konar farmgjald svo sem meðfylgjandi blað sýnir. Blað þetta fékk mér maður í trúnaði, en geta vil eg þess, að eg hefi eigi lagasönnun fyrir, að rétt sé. En eg er sanntærður um, að svo er. — Hygg eg að stjórn Íslands þyki gott að vita þetta, svo að hún geti

unnið nokkuð að því, að kaupmenn vorir styðji þær ferðir, er landið kostar, en gíni eigi yfir augnablikskostaboðum sinna eigin keppinauta.

Til stjórnarráðs Íslands.

IV. Nr. 13. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 4/5 1911.
Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal.

Bezeichnung der Ware	von	nach	jetzige Rate	pr.	Bemerkungen
Manufacturw . . .	Hamburg	Island	Kr. 77,—	M	63,— } Mit Umladung in Copenhagen
Eisenw			— 44,—	—	36,—
Zucker raff. . . .			— 35,—	—	27,—
Mehl in S			— 27,—	—	21,—
				per 1000 Kos.	

Während der Zeit wo ein Concurrent-Dampfer ladet sind die Mark-Raten gültig.

14.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi fyrir júní 1910.

Fyrri hluta mánaðar sat eg í Hamborg, en fór síðan til Kaupmannahafnar, er eg sá af bréfum Jóns Krabbe og Bjarnar ráðherra Jónssonar og Jóns Magnússonar, að eg mundi verða eins konar útlagi, ef eg tæki þar fast aðsetur. Varð eg af því að búa heimför konu minnar, svo að enginn mætti bera brigður á, að heimilisfang mitt sé og hafi verið í Reykjavík.

Eg hefi sem fyr veitt kaupmönnum upplýsingar um Ísland, en þess er eigi að dyljast að miklu minna er til mín leitað síðan lesin voru á ríkisþingi Dana bréfaskifti ráðherrans við utanríkismálaráðgjafa Dana um mig. Hefi eg því hugsað mér að rita fleira um hagi vori og vinna með því stöðu minni aftur það álit, sem bréfaskifti þessi hnektu. Hefi eg unnið að því, en engu lokið enn.

Leyfi eg mér að spyrja, hvort eg mundi fá styrk til útgáfu á smákverum nokkrum, því að mér mundi févant að kosta slíkt og gefa.

Til stjórnarráðs Íslands.

IV. Nr. 14. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 4/5 1911.
Stefán Stefánsson.

15.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi fyrir júlí og ágúst 1910.

Í júlímánuði sat eg í Kaupmannahöfn og svaraði fyrirspurnum, sem bárust.

Var alt tíðindalaust um starf mitt, nema ef nefna mætti, að mér tókst að útvega ungum kaupmanni vestanlands samband við góða verzlun í Hamborg.

Eg hafði og orðið þess áskynja, að íslenzkir kennarar tóku eigi sjálfstæðan þátt í kennarafundi í Stockhólmi, heldur voru þeir taldir danskir kennarar. Eg gerði tilraun til að fá að taka þátt í fundinum fyrir Íslands hönd. Sendi eg forstöðumönnum í því skyni skólalöggjöf vora, til þess að þeir mætti sannfærast um, að vér vorum með öllu sjálfstæð þjóð í mentamálum, og að það væri móðgun við oss að gera oss eigi jafnhátt undir höfði sem öðrum Norðurlandaþjóðum í þeim málum. Eg fekk þó engu til leiðar snúið. En benda vil eg á, að oss er það eigi vansalaust, að kennarar vorir taki þátt í slíkum fundum með því móti sem nú var.

Í ágústmánuði gerði eg mér ferð hingað heim til þess að tala við stjórnina um tilraunir um markað á ýmsum afurðum landsins. Sjálfur hefi eg ekkert fé til slíkra tilrauna enda má enga verzlun reka. Eg fór því vestur í Dali og fékk kaupfélag Dalamanna til þess að gera tilraunir með ull í samræmi við síðustu skýrslu mína. Hétu þeir mér því og mun eg á sínum tíma gera stjórninni grein fyrir árangrinum af þeirri tilraun.

Nú er ómak tekið af mér með tilraunir um hestamarkað í Svíþjóð, því að sænskir menn hafa keypt hér hesta í sumar og gefið vel fyrir. Hitt hefi eg og sannfrétt, að Zöllner ætlaði að senda þangað hesta og mun full þörf að athuga, hvort hann spilli markaðinum. Tekur þar til síðar.

En árangurinn, sem varð af því mikla umtali, er fyrirlestrar mínir vöktu um íslenzka hesta um endilangan Noreg og Svíþjóð, er sá, að í sumar hefir verið borgað hér um bil 15 kr. meira fyrir hvern hest en að undanförnu.

Reykjavík í ágústlok 1910.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Til stjórnarráðsins.

IV. Nr. 15. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. $^{4}/_{5}$ 1911.
Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal c. *)

Ófyrirgefanlegt gáleysi er það, er kennarar landsins sækja kennarafundi í öðrum löndum, sem þeim er eigi boðin hluttaka í. Því að vanvirða er oss í því ger, er *Danir* bjóða oss til Svíþjóðar, eða sænskir kennarar telja oss *danska kennara*, svo sem nú var í sumar. — Eg hefi það þó fyrir satt, að Jón Þórarinsson hafi spurzt fyrir um það, hvort íslenzkir kennarar mætti eigi taka sjálfstæðan þátt í þessum fundi, en fengið nei. Hann fór og hvergi og hefði allir íslenzkir kennarar átt að fara að hans dæmi. — Eg frétti þetta í Kaupmannahöfn skömmu áður en fundurinn átti að standa. Brá eg þá við og ritaði eg formanni forstöðunefndarinnar í Stokkhólmi B. J. Bergkvist sem hér segir:

»Samstundis frétti eg, að Ísland tæki engan þátt í kennarafundi þeim í Stokkhólmi, sem í hönd fer. Eg tel víst, að Íslendingum hafi verið boðin hluttaka, þar sem vér erum norræn þjóð, og að landar mínir hafi verið forfallaðir. Þess vegna leyfi eg mér að spyrja forstöðunefndina, hvort eg mætti koma fyrir hönd ættjarðar minnar Íslands á hinn 10. norræna kennarafund í Stokkhólmi 9.—12. ágúst 1910, og, ef verða mætti, fá tækifæri til að tala um kenslumál Íslands. — Eg er kand. mag. frá háskólanum í Kaupmannahöfn 1894 og hefi kent á Íslandi í 15 ár bæði í skólum og utan þeirra.

Þakka fyrirfram fyrir skjót svör.

Virðingarfylst
Bjarni Jónsson frá Vogi.

*) Prentað eftir tilmælum Bjarna Jónssonar frá Vogi.

Eftir nokkra daga fékk eg bréf frá dönskum kennara, að eg gæti komist að o. s. frv. — Því bréfi svaraði eg ekki, en reit Bergkvist á ný:

»Eg ritaði yður fyrir nokkru og spurði, hvort eg mætti eigi koma fyrir Íslands hönd á kennarafundinn í Stokkhólmi. Þér hafið eigi svarað fyrirspurn minni, og verð eg að skoða það sem neitun. Eg vissi það fyrirfram, að eg gæti tekið þátt í honum í skjóli Dana. En ósk mín var sú, að allir samkennarar mínir á Norðurlöndum litu svo á, að Ísland væri sjálfstætt land í mentamálum og jafnoki hinna, og sýndu þessa skoðun í verki með því að leyfa, að það sendi fulltrúa á kennarafund með sama hætti sem Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk, án þess að oss væri hrært saman við danska samkennara vora.

Hverjum kennara á Norðurlöndum hlýtur að vera það ljóst, að slíkt má verða, án þess að á það sé litið sem óhæversku í stjórnmálum eða afskifti af deilum Dana og Íslendinga. Til fullrar sönnunar á þessu sendi eg yður hér með helztu kenslumálalög Íslands, og munu þér mega sjá á þeim, að vér erum fullkomlega sjálfstæðir í þeim málum, þar sem vér, þ. e. Alþingi, setjum lög eigi síður um háskóla vorn en hina óæðri skóla. Það mundi því aldrei koma nokkrum dönskum manni í hug að þykkjast af því, þótt Íslandi sé gert jafnhátt undir höfði í þessu máli sem hinum Norðurlandaþjóðunum, en það særir þjóðarmeðvitund vora, ef það er ekki gert.

Þessu sinni verður það of seint, en eg skora á forgöngumennina að bjóða Íslendingum framvegis sjálfstæða hluttöku í slíkum fundum, því að annars er oss að fullu meinað að taka þátt í þeim.

Virðingarfylst
Bjarni Jónsson frá Vogi.

Loks fékk eg svar frá Bergkvist og kvaðst hann hafa fengið ritara nefndarinnar bréf mín. Honum sendi eg svo síðasta bréf mitt.

»Herra yfirkennari, Alexander Jónsson, skrifari í forstöðunefnd hins 10. norræna kennarafundar í Stokkhólmi.

Bergkvist kenslumálastjóri hefir sagt mér, að hann hafi sent forstöðunefndinni bréf mín og að eg skyldi snúa mér til yðar.

Eg bið yður að senda svar forstöðunefndarinnar til cand. phil. Jóns Sigurðssonar í íslenzku skrifstofunni í Höfn, Börsgade 8, svo að hann geti sagt íslenzkum kennurum, sem hér eru staddir frá boðinu, ef forstöðunefndin, sem eg vona, afræður að bjóða íslenzkum kennurum fyrir hönd menningarríkisins, Íslands.

Virðingarfylst
Bjarni Jónsson frá Vogi,
viðskiftaráðunautur Íslands«.

Alt varð þetta árangurslaust. En mér þykir rétt að gera þetta kunnugt, svo að því verði veitt eftirtekt, hverjir landar vorir verða svo lítilþægir að sækja slíka fundi framvegis með sama hætti sem nú.

Þótt eg telji eigi fleiri dæmi um tómlæti og gáleysi þjóð vorri til hneysu, þá eru þau þó eins og sandur á sjávarströnd.

Danir hafa vakandi auga á öllum slíkum smámunum, sem Íslendingar kalla svo. Er bláa bókin hans Kraks nýjasti vottur þess og eins hitt, að nú hafa þeir í hyggju að gefa út skrá yfir *danska* kaupmenn og ætla sér að telja þar í íslenzka kaupmenn.

16.

Skýrsla

Bjarna Jónssonar frá Vogi fyrir oktober—desember 1910.

Ég varð að vera nokkuð lengur hér heima en ég hafði ætlað mér og ollu því heimilisástæður. Hafði ég samþykki stjórnarráðsins til þeirrar dvalar.

Í lok októbermánaðar kom ég til Kaupmannahafnar. Hitti ég þar ráðherra og spurði, hvort hann hefði hugað mér nokkuð sérstakt starf, en hann neitaði því. — Ég dvaldi nú um stund í Danmörku og átti bréfaskifti við menn víða. Fékk ég sýnishorn af ull þveginni í Bremer Wollväscherei. Sendi ég þar af sýnishorn til Köln, Basel og Genova og spurði um verð. Svör eru eigi komin enn.

Jón Ísleifsson verkfræðingur hafði skrifað mér fyrir nokkru um nýlega aðferð í Noregi til þess að hagnýta síldarúrgang og gera úr honum olíu. Leitaði ég upplýsinga um það í Noregi. Eru slíkar oliugerðarvélar taldar gott fyrirtæki þar í landi. Er fullur hálfur tugur slíkra fyrirtækja þar í landi og bætist við á hverju ári. Vissi ég til, að íslenzkur maður var þar í samningum við Austmenn um að stofna slíkt fyrirtæki á Siglufirði. Var í áætlun þeirra gert ráð fyrir 30000 kr. kostnaði og mundi fyrirtækið þá borga sig vel. Lét ég þeim í té upplýsingar og lög, er lúta að hlutafélagsstofnun.

Þetta var í nóvembermánuði. Var ég þá í Osló. Fór ég þangað til þess að sjá, hversu gengi sýning málara vorra, hvað væri um skipagöngur milli Noregs og Íslands og hvort gott mundi um lán í Noregi til hafnargerðar í Reykjavík.

Sýningin var hjá Blomkvist í Karl Jóhannsgötu, andspænis Stúdentalundinum. Var hún sótt sæmilega og gazt mönnum vel að. Blöð voru þá ekki enn þá tekin að rita hana, en eftir heimkomu mína voru mér send ummæli þeirra um hana. Hefi ég ritað um það skýrslu í Fjallkonunni og læt ég þá grein fylgja. (Fylgiskj. I).

Ég fór til Magnúsar Andersen, umsjónarmanns yfir skipagöngum Noregs, og átti tal við hann um beinar skipagöngur milli Noregs og Íslands. Kvað hann þær með engu móti mega niður falla og sagðist mundu leggja gott eitt til þessa máls, ef á þyrfti að halda. Hitt vissi hann þá ekki, hvort Wathnes erfingjar mundu halda uppi ferðum sínum framvegis, en vísaði mér til, hvar eftir skyldi spyrja, Var mér þar sagt, að þeir hefðu samning til júlí 1912 og mundu því halda uppi ferðum, ef þeir gæti. En ef þeir yrðu gjaldþrota á þeim tíma, mundi annað félag taka að sér ferðirnar og fá ríkisstyrkinn.

Um höfnina átti ég tal við Gabriel Smith. Hafði sú fregn flogið víða um lönd, að Englendingar mundu vilja gína yfir öllu hér á landi. Þar með fylgdi, að þeim væri ætlað að gera höfn í Reykjavík með þeim skildaga, að þeir hefðu umráð yfir höfninni í 30 ár. Það taldi hann hið mesta óráð og þótti mér vænt um, því að sú var áður sannfæring mín. Hann sagði mér enn á ný, að vel mætti fá lé fé í Noregi til hafnargerðarinnar með góðum kjörum og ætlar hann að útvega tilboð þaðan. Bað hann mig því um upplýsingar um alt þar að lútandi. Þær hefi ég nú fengið hjá borgarstjóra hér og sendi þær þegar.

Þessa eftirgrenslun með tilmælum um tilboð gerði ég fyrir þá sök, að mér var og er ókunnugt um fyrirætlanir stjórnarinnar um lántöku handa landinu, en ég vildi feginn vita, að fram mætti ganga hafnargerðin, hvað sem liði láni hjá Frökkum eða Englendingum. Því að höfn hér í Reykjavík er höfuðskilyrði þess að verzlunarviðskifti landsins komist í eðlilegt horf.

Í þessari ferð kom ég við í Gautaborg og spurðist fyrir um verzlunaráform þeirra og samgangna.

Redin stórkaupmaður, auðmaður mikill, hafði enn sömu fyrirætlanir sem fyr. En sá maður hafði reynst ónýtur, sem ráðinn var fyrir hann hér. En þeir kváðust mundu fá til annan. Hefir ræðismaður Svía hér sagt mér, að nú hafi hann ráðið þá Johnson og Kaaber til þess starfa.

Gautbyrgingar hafa enn hug á beinum skipagöngum milli Íslands og Sviþjóðar, en engar framkvæmdir voru komnar í því máli. En þeir sögðu mér, að einhver dönsk félög hefðu boðist til að koma við í Gautaborg. Á öðrum stöðum í Sviþjóð er og áhugi á þessu máli, bæði í Halmstad og Stockhólmi. En allir sögðu þeir, að léttara mundi að koma slíku á stað, ef alþingi sýndi góðan hug Íslendinga með einhverri lítilli fjárveiting. Mundi ég telja það vel ráðið að veita til þess frá 5000 kr. Ber það til, að Svíar þekkja oss lítið, en slík veiting mundi sýna þeim, að vér viljum eiga bein viðskifti við þá.

Nú var það vitað, að alþingi yrði eigi frestað. Mátti ég því eigi síðar heim koma til þings en 2. janúar, en ferð féll skömmu fyrir jól. Fékk ég því leyfi ráðherra til að fara heim fyrir jólin, þar sem eigi munaði nema fáum virkum dögum. En af því að ég verð nú svo lengi heima, hefi ég fengið mér umboðsmenn í Noregi, Svíþjóð, Þýzkalandi og Englandi. Mun ég auglýsa í blöðum, hverjir þeir eru.

Á gamlársdag 1910.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Til stjórnarráðs Íslands.

IV. Nr. 16. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi Ed. 4. maí 1910.

Stefán Stefánsson.

17.

Rannsóknarnefnd efri deildar alþingis.

Útdráttur úr fjáraukalögum 1908—1909.

6. gr. 21.

Til viðskiftaráðunauta erlendis ... ... 10.000 kr.
Til Forretningskonsulenter udenlands ... ... 10.000 kr.

Útdráttur úr fjárlögum 1910—1911.

16, gr. 23.

Til viðskiftaráðunauta alt að ... ... 12.000—12.000
Til Forretningskonsulenter indtil ... ... 12.000—12.000.

Réttan útdrátt staðfestir

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

IV. Nr. 17. Framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 4. maí 1911.

Stefán Stefánsson.

18.

4. maí 1911.

Idet vi takker Herr Konsulen for Deres til undertegnede Formand mundtlig meddelte Oplysning om udsendte norske Handelskonsulenters Lönninger, turde vi maaske bede Dem give os skriftlige Meddelelser i saa Henseende, da mundtl. Oplysninger ikke kan indlemmes i Kommissionens Indberet-

ninger til Altinget. Og vilde det være os meget kært, om vi kunde vente Hr. Konsulens Svar i Löbet af Dagen.

Til det norske Konsulat.

IV. Nr. 19. Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 4. mai 1911.
Stefán Stefánsson.

Kongelig norsk konsulat for Island. Reykjavík, den 5. mai 1911.

»Rannsóknarnefnd efri deildar alþingis«.

Herr Professor L. H. Bjarnason.

I besiddelse av Deres skrivelse av gaars dato har jeg den ære at meddele, at jeg ved mottagelsen af samme telegraferte til det kgl. departement for handel, sjöfart og industri i Kristiania for at be mig opgit de norske handelsstipendiers störrelse.

Mit telegram var saalydende:

«Godhedsfuldt telegrafer handelsstipendiernes störrelse«.

Herpaa indlöp idag fra nævnte department följende telegramsvar:

»Fra 2500 til 5000 kroner«.

Jeg benytter anledningen til at forsikre Herr Professoren om min mest udmerkede höiagtelse.

Th. Klingenberg.

IV. Nr. 19.

Framlagt á rannsóknarnefndarfundi 7. mai 1911.

Stefán Stefánsson.

V.

Thore-málið.

Afrit.

Fjárlög 1910—1911:

13. gr. A.

	Kr.	Kr.
2. Póstflutningur	54,000	54,000

Þar af alt að 12,000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) með skipum, sem ekki njóta fasts tillags, milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skipin sigli með fastri áætlun, sem auglýst sé fyrirfram.

Réttur útdráttur staðfestist.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

V. Nr. 1. framl. á rannsóknarnefndarfundi 7. V. 1911.

Stefán Stefánsson.

Ed. 931. Nefndarálit

um þingsályktunartillögu um gufuskipaferðir (á þingskjali 140).

Þegar síðasta alþingi heimilaði landsstjórninni að gera samning um gufuskipaferðir »um alt að 10 ára tímabil«, mun það hafa vakað fyrir þingmönnum, að með þessu mundi fást veruleg umbót á samgöngunum, sérstaklega millilandaferðunum og ferðum millilandaskipanna umhverfis landið. Hið sama mun og

hafa verið markmið stjórnarinnar, er hún gerði samningana »um gufuskipaferðir« við gufaskipafélagið Thore og við hið sameinaða gufuskipafélag 7. ágúst 1909. En á þessu hefir þótt verða misbrestur og má fullyrða, að óánægjan með fyrirkomulag ferðanna árin 1910 og 1911 sé almenn og í mjög mörgum atriðum á rökum bygð.

Undanfarin ár hefir, svo sem kunnugt er, sameinaða gufuskipafélagið haldið uppi hinum samningsbundnu millilandaferðum og strandferðum. En auk þess héldu einnig gufuskipafélögin Thore og Wathnes Arvinger uppi nokkurn veginn reglubundnum ferðum. Í aðalatriðunum er engin breyting gerð á þessu, nema að Thore-félagið annast nú strandbátaferðirnar og eru ferðirnar í raun og veru alls eigi bættar. Því þó þær ef til vill séu nokkru fleiri, þá er fyrirkomulagið í ýmsum greinum óhagfeldara. Og áreiðanlegt er það, að síðan skip Wathne-félagsins hættu að ganga, hafa skipaferðir á Norðurlandi verið miklu óhagstæðari en um mörg undanfarin ár.

Aðfinslurnar beinast að þessum aðalatriðum:

1. *Skipin.* Millilandaskip Thore-félagsins eru, að áliti nefndarinnar, flest óviðunandi sem farþegaskip, og hæpið, að nokkurt þeirra svari til þess, sem heimtað er af slíkum skipum. Sum eru skipin alveg óbrúkandi fyrir farþega. Sterling fer að eins milli útlanda og Reykjavíkur og kemur einstöku sinnum við á Austfjörðum og Breiðafirði. Til Norðurlands og Vestfjarða kemur því ekkert viðunandi farþegaskip frá þessu félagi. Strandferðabátarnir Vestri og Austri eru talsvert minni og lakari skip en Skálholt og Hólar, en eftir samningnum áttu þeir að jafngilda þeim að minsta kosti. Sérstaklega er það aðfinsluvert, að 2. og 3. farrými á skipum þessum eru mjög lítil og óhentug. Þá er báturinn Perwie. Er það alment álit manna, að hann sé algerlega óhæfur til ferðanna fyrir suðurströnd landsins alla leið til Fáskrúðsfjarðar eða Seyðisfjarðar. Skip hins sameinaða gufuskipafélags eru gömul og flest þeirra ekki samkvæm kröfum tímans, en þau eru þó mun betri en Thore-skipin og mega teljast viðunandi sem stendur. En nefndin vill benda á, að með ári hverju aukast ferðir útlendinga til landsins og jafnframt aukast kröfur manna til þæginda á skipunum. Þessum framtíðarkröfum fullægja skip hins sameinaða heldur ekki, nema ef til vill eitt þeirra, Botnía.

2. *Niðurröðun ferðanna.* Samkvæmt áætlunum Thore og þess sameinaða fyrir 1911, eiga skip þeirra að fara 64 ferðir frá Kaupmannahöfn til Íslands, þar af 42 beint til Reykjavíkur eða um Seyðisfjörð.

Nefndin lítur svo á, að ferðum þessum mætti haga svo, að skip færu reglulega einu sinni á viku frá Kaupmannahöfn árið um kring. Reglulegar strandferðir mætti þá og fá sem næst því einu sinni í hverjum $^1/_2$ mánuði til jafnaðar árið um kring og væru hin stærri og hraðskreiðari millilandaskipin látin fara sem flestar hringferðir að sumrinu. En eins og ferðunum nú er hagað, er langt frá að svo sé. Stundum fara skipin í hópum mörg á viku frá Kaupmannahöfn, en svo líða aftur heilir mánuðir. Úr þessu verður að bæta. Félög þau, er styrk fá úr landssjóði og ríkissjóði mega ekki haga ferðum sínum eingöngu eftir því, sem bezt er til samkepni þeirra á milli. Þau verða að taka einnig og fyrst og fremst tillit til þarfa almennings. Þessar virðist ekki hafa verið gætt við samning áætlananna fyrir árin 1910 og 1911.

3. *Samband Reykjavikur við aðra staði á landinu.* Samkvæmt ferðaáætlun hins sameinaða fyrir 1911 fara skip þess 8 ferðir norðan um land til Reykja-

víkur og frá Reykjavík 4 ferðir norðan um land til Kaupmannahafnar. En millilandaskip Thore-félagsins fara aldrei frá Kaupmannahöfn norðan um land til Reykjavíkur né til baka sömu leið. Af þessu leiðir, að nær því ómögulegt er að komast til höfuðstaðarins frá Norðurlandi nema með strandferðabátunum, en það má heita ógerningur, þar eð þeir eru svo lengi á leiðinni. Úr þessu bættu að nokkru hringferðir Austra síðastliðið ár og væri æskilegt, að þær gætu haldist, þannig, að skipið kæmi við í nokkrum hinum stærri kauptúnum, án þess þó að ferðunum seinkaði mjög. Einnig væri æskilegt, að þessar hringferðir byrjuðu mánuði fyr.

4. Hefir verið kvartað yfir því, að ýmsar hafnir og héruð væru sett mjög hjá með viðkomur millilandaskipanna. Þannig komu skip Thore-félagsins aldrei við (eftir áætluninni) í Þingeyjarsýslu eða Norðurmúlasýslu og mjög sjaldan við á Húnaflóa árið 1910. Úr þessu er að nokkru leyti bætt í áætlun yfirstandandi árs, en alls eigi nægilega.

5. Ferðir strandferðabátanna byrja um miðjan apríl. Þær ættu að byrja nokkru fyr og mundi þá geta unnist tími til fleiri hringferða.

6. Loks má geta þess, að allmjög hefir verið kvartað yfir því, að skip Thorefélagsins héldu illa áætlanir og hefir það stundum leitt til þess, að ferðirnar hafa beinlínis komist á rugling. Hefir þetta óefað stundum stafað af því, að skipin hafa tafist á höfnum í Færeyjum eða Noregi.

Vér höfum nú minst á hinar helztu umkvartanir, sem komið hafa fram um gufuskipaferðirnar eftir núgildandi samningum. Virðist oss alls eigi við unandi það ástand, sem nú er, enda teljum vér stjórninni innan handar að bæta úr göllunum til mikilla muna, með því að krefjast breytinga á ferðaáætlunum skipanna, og ganga ríkt eftir því, að skip þau, sem notuð eru, séu góð og samsvari kröfum nútímans.

Samkvæmt þessu leggjum vér til að háttvirt deild samþykki svohljóðandi

Tillögu

til þingsályktunar um gufuskipaferðir.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að annast um að ferðaáætlunum gufuskipa Thore-félagsins og hins sameinaða gufuskipafélags verði breytt þannig, að reglubundnar ferðir á viku hverri kæmist á milli útlanda og Reykjavíkur og í sambandi við það strandferðir alt árið, sem hagkvæmastar fyrir alla landshluta, og
2. Að ganga ríkt eftir því, að skip þau, er félög þessi nota til ferðanna, séu svo góð, að þau fullnægi öllum sanngjörnum kröfum landsmanna og ferðamanna, er til landsins koma.

Alþingi, 4. maí 1911.

Sigurður Stefánsson, formaður. Steingr. Jónsson, skrifari og framsögumaður. Augúst Flygenring.

Ari Jónsson, með fyrirvara. Gunnar Ólafsson.

V. Nr. 2 framl. á rannsóknarnefndarfundi 7. V. 1911.

Stefán Stefánsson.

Útdráttur

úr 13. gr. C. 1. fjárlaga 1910—1911.

Svo veitist stjórninni og heimild til að gera samning um gufuskipaferðirnar um alt að 10 ára tímabil með sama árlegum styrk, ef mun betri ferðir fást með því móti, et kælirúm fást í minst tveimur skipunum, er fara milli landa, og ef minst eitt skip fer nokkrar ferðir á ári milli Hamborgar, Leith og Íslands.

Réttan útdrátt staðfestir

Lárus H. Bjarnason.

Þýðing.

Stjórnarráð Íslands og gufuskipafélagið »Thore« hafa í dag gert svofeldan samning um gufuskipaferðir.

1. gr.

Félagið skuldbindur sig til að halda uppi strandferðum þeim kringum Island, sem áskildar eru í fjárlögum fyrir árin 1910—1911.

Félagið skuldbindur sig til að halda uppi að minsta kosti 20 ferðum á ári milli Kaupmannahafnar og Íslands, og að gera ferðaáætlun þeirra 20 ferða að minsta kosti með ráði stjórnarráðsins og dönsku póststjórnarinnar, og sé þá millilandaferðunum hagað svo sem framast verður við komið eftir ferðaáætlun þess félags, sem fær danska pósttillagið til millilandaferðanna; þó áskilur félagið sér í því efni, að fá að vita um ferðaáætlun þessa félags í síðasta lagi í fyrstu viku desembermánaðar.

Loks skuldbindur félagið sig til að halda uppi minst 4 ferðum á ári milli Hamborgar, Leith og Íslands.

Félaginu er skylt að afhenda stjórnarráðinu og dönsku póststjórninni, er kemur til millilandaferðanna, ferðaáætlun sína til samþykkis í síðasta lagi 14 dögum eftir að ofangreind áætlun hefir verið send félaginu.

2. gr.

Strandferðaskipin. Tvö þeirra mega ekki vera að neinu leyti síðri en gufuskipin Hólar og Skálholt, sem hafa haldið þessum ferðum uppi að undanförnu. Hið þriðja skal vera 100—150 smálestir að stærð. Eitt skipið að minsta kosti skal vera nýtt. Í tveim skipunum skal vera kælirúm, hentugt til að flytja í kjöt og nýjan fisk.

Millilandaskipin. Eitt skipið á að vera með kælirúmi, hentugu til að flytja í kjöt og nýjan fisk alla þá leið, sem skipið fer, og fari það skip 7—9 áætlunarferðir.

Hamborgarskipin skulu taka minst 450 smálestir af flutningi.

Félaginu er ekki skylt að nota kælirúmin í millilandaskipunum, nema sagt sé til fyrirfram kælirúmsflutnings fyrir minst 50 kr. fyrsta árið og 100 kr. síðar.

3. gr.

Fargjöld og flutningsgjald skulu vera samþykt af stjórnarráði Íslands og mega ekki hærri vera, hvorki millilanda né strandlengis, heldur en sams konar gjöld eru látin

vera í samningi þeim, sem gerður var við sameinaða gufuskipafélagið um gufuskipaferðir 1908 og 1909.

Þessi gjöld mega og ekki hærri vera milli Hamborgar og Íslands en milli Kaupmannahafnar og Íslands.

Fargjöld og farmgjöld milli tveggja staða má ekki hækka, þótt skift sé um skip á leiðinni, en skyldur er þá farþegi að nota fyrsta skip, sem á að fara þangað, sem ferð er heitið.

Á ferðum þeim milli Íslands, Leith og Kaupmannahafnar, sem ræðir um í samningi þessum, skal veita alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum þá ívilnun í fargjaldi, að þeir geti ferðast í 2. farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og annars er áskilið fyrir aðra leiðina, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða þá sýslumanni eða bæjarfógeta í sýslu þeirri eða kaupstað, þar er maðurinn á heima.

Loks skuldbindur félagið sig til að flytja innflytjendur til Íslands frá Leith fyrir sama fargjald eins og hingað til hefir verið tekið af farþegum í 3. farrými frá Íslandi til Leith.

Félagið skal koma sér saman við sameinaða gufuskipafélagið um farmgjaldsgreiðslu fyrir flutninga til og frá viðkomustöðum strandferðaskipanna, þann veg, að farmgjaldið hækki eigi þótt skift sé um skip.

4. gr.

Um flutning á munum til og frá viðkomustöðum strandferðaskipanna og á Hamborgarskipunum, er félagið stranglega skuldbundið til að hafa hann ekki í fyrirrúmi fyrir öðrum flutningi, þó að framkvæmdarstjóri félagsins eða firma, sem hann á hlut í, eigi sér arðs von af honum, og má framkvæmdarstjórinn eigi, hvernig sem á stendur, nota sjálfur meira en í hæsta lagi einn þriðja hluta af farmrúmi skips í þessum ferðum, svo framarlega sem slíkt veldur því, að neita verður um flutning fyrir aðra, sem beiðst hafa flutnings hæfilega snemma.

5. gr.

Félaginu er skylt að flytja á öllum þeim ferðum, sem getur um í 1. gr., póstflutning allan, bréf og bögla — í millilandaferðunum milli Danmerkur og Íslands fram og aftur, þó að eins eftir sérstökum samningi og gegn sérstöku gjaldi — og ber ábyrgð á öllum póstflutningum meðan hann er í vörzlum skipsins, þ. e. a. s. frá því er skipverjar taka við honum og þar til er hann er fenginn í hendur þjónum póststjórnarinnar. Hann skal geyma mjög vandlega í lokuðu herbergi, nema bréfakassann, hann skal láta vera þar, sem allir geta að honum komist. Félagið ber ábyrgð á því tjóni eða þeim missi eða skemdum, sem póstflutningur kann að verða fyrir sökum þess, að hans er illa gætt. Farist skip eða hlekkist því á, skal reyna að bjarga póstflutningnum sem framast er kostur á og flytja hann til næsta pósthúss. Þurfi maður að fylgja póstflutningi á skipinu sökum þess, hve mikill hann er eða dýrmætur, fær hann ókeypis far bæði fram og aftur, en sjálfur verður hann að sjá sér fyrir fæði.

6. gr.

Póstflutning skal afhenda á skipsfjöl og af samkvæmt skrá og gegn kvittun skipstjóra og hlutaðeigandi póstembættismanns. Sýni viðtakandi, að póstflutiningurinn sé eigi samkvæmur skránni, er afhendanda skylt að rita undir athugasemd þar að lútandi.

Þegar eftir komu gufuskips skal flytja póstflutning úr skipi, hvort sem það liggur við land eða fyrir akkerum á sjó úti, til næsta pósthúss, og skal félagið bera kostnaðinn af flutningi þeim, nema í Kaupmannahöfn; þar verður póstflutningurinn sóttur. Sömu reglum skal fylgja um að koma póstflutningi á skip.

7. gr.

Félagið skuldbindur sig til að sjá um, að enginn skipverji eða nokkur maður annar flytji með sér muni, er skylt er að senda með pósti. Sá skal vera skiprækur, er slíkt verður uppvíst um, og greiði að auki lögboðna sekt. Þó er skipstjóra vítalaust að

flytja bréf um málefni skipsins frá útgerðarmönnum þess til afgreiðslumanna og þeirra í milli.

8. gr.

Félagið skuldbindur sig til að fá íslenzka yfirmenn og íslenzka háseta á strandferðaskipin, eftir því sem við verður komið.

9. gr.

Félagið greiðir öll útgjöld, enda bera því öll fargjöld og farmgjöld.

Fyrir allar þær skyldur, sem félagið hefir undir gengist, þar með talinn póstflutning á strandferðaskipunum og Hamborgarskipunum, fær félagið það endurgjald úr landssjóði, er nemur 60,000 kr. — sextíu þúsund krónum — á ári. En með því að félagið hefir eigi tekið að sér gufuskipaferðir þær milli Íslands og Danmerkur, sem styrkur er veittur til, að því undanskildu, er fyr greinir, áskilur það sér rétt til sérstaklegs endurgjalds fyrir að flytja póstsendingar fram og aftur milli Íslands og Danmerkur; um þóknun fyrir póstflutning frá Danmörku verður félagið sjálft að leita samninga við dönsku póststjórnina, þó er stjórnarráð Íslands fúst til þess að mæla með því við stjórnarráð innanríkismálanna, að þóknun sú verði hækkuð, sem greidd hefir verið undanfarið fyrir þann póstflutning.

Félaginu er skylt að sjá um póstflutning frá Íslandi til annara landa (að Hamborg undanskilinni) með þeim skilyrðum, sem til eru tekin í 13. gr. A. 2. tölulið fjárlaga Íslands um árin 1910—11, gegn 6000 kr. — sex þúsund króna — þóknun úr landsjóði, og á helmingur þóknunarinnar að greiðast 1. júlí og hinn helmingurinn 31. desember ár hvert.

Um saminn ársstyrkur, 60,000 kr., verður greiddur sem hér segir, hafi félagið þá fullnægt skyldum sínum eftir samningi: 6000 kr. í aprílmánuði, 6000 kr. mánaðarlega eftir það og afgangurinn, 6000 kr., eftir að síðustu ferð í desember er lokið.

10 gr.

Hamli ís því, að lokið verði einhverri strandferð og tilhlýðilegar sönnur eru á það færðar af félagsins hálfu, skal ekki draga neitt frá umsaminni árspóknun.

En sannist það ekki, að ís hafi tálmað ferð, sem fallið hefir niður að nokkru eða öllu leyti, eða láti félagið mót von eigi fara umsamdar strandferðir, Hamborgarferðir eða millilandaferðir með kæliskipi, skal það greiða 1000 kr. sekt fyrir hverja ólokna ferð, nema skipi hafi hlekst á, og skal auk þess draga 2500 kr. frá árspóknuninni fyrir hverja ólokna ferð.

11. gr.

Félagið gengur að því, að gestaréttur Reykjavíkurkaupstaðar sé varnarþing í mál um, er þeir menn, sem heima eiga á Íslandi eða þá stjórnarráð Íslands, kynnu að höfða gegn félaginu út af samningsrofi um strandferðirnar, þó því að eins, að stjórnarráðið láti uppi það álit sitt fyrirfram, í hverju dæmi einstöku fyrir sig, að málshöfðunin sé réttmæt og hafi félaginu verið veittur kostur á að tjá sig áður um málið.

12. gr.

Samningur þessi gildir fyrir árin 1910—1919, að báðum árum meðtöldum, svo framarlega sem félagið fullnægir settum skilmálum og svo framarlega sem hið danska fjárveitingarvald veitir á þessu tímabili af hálfu Danmerkur þá póstflutningsþóknun, sem heitin er sameinaða gufuskipafélaginu í samningi milli þess, stjórnarráðs innanríkismálanna og stjórnarráðs Íslands, dagsettum í dag.

Eftir fjárhæðinni 10 sinnum 60,000 kr., er stimpilgjaldið fyrir samninginn 100 kr. og greiði hvor samningsaðili helming þess.

Samningur þessi er gerður í 2 samritum og fær stjórnarráð Íslands og gufuskipafélagið Thore sitt eintakið hvort.

Kaupmannahöfn, 7. ág. 1909.

Stjórnarráð Íslands.

Björn Jónsson.

Hlutafélagið gufuskipafélagið Thore.

Thor E. Tulinius.

Jón Krabbe.

Sþ. **965. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

(Eftir eina umr. í Ed.).

I. kafli.

Tekjur:

1 gr.

Árin 1912 og 1913 er ætlast til, að tekjur landsins verði 2,887,400 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 2,581,000.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2. Húsaskattur	13,000	13,000	26,000
3. Tekjuskattur	30,000	30,000	60,000
4. Aukatekjur	55,000	55,000	110,000
5. Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. Vitagjald	30,000	30,000	60,000
7. Leyfisbréfagjöld	6,000	6,000	12,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur	300,000	30,000	330,000
10. Tóbakstollur	160,000	160,000	320,000
11. Kaffi- og sykurtollur	380,000	380,000	760,000
12. Annað aðflutningsgjald	20,000	20,000	40,000
13. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	9,000	9,000	18,000
14. Pósttekjur	95,000	95,000	190,000
15. Símatekjur	100,000	105,000	205,000
16. Tekjur af Íslandsbanka	12,000	12,000	24,000
17. Óvissar tekjur	10,000	10,000	20,000
Samtals	1,423,000	1,158,000	2,581,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 40,200 kr.:

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls	18,000	18,000	36,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	20,100	20,100	40,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 137,000 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs ... ... Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.	54,000	52,000	106,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
Samtals...	69,500	67,500	137,000

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142.38 hvort árið, til túnasléttunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann slétti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.	2,000	2,000	4,000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ...	2,000	2,000	4,000
Samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1912 og 1913 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,286,567 kr. 34 aurar.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 99,633,34.

	1912—13	
1. Vextir af 4% láni landssjóðs frá 18. desember 1908 úr ríkissjóði Danmerkur, sem 1. jan. 1912 nemur kr. 433,333,33	17,000,00	15,666,67
Afborgun af láninu kr. 16,666.67 á hverju missiri	33,333,34	33,333,33
	50,333,34	49,000,00
2. Til vaxtagreiðslu á 4½% láni landssjóðs frá 26. júlí 1909, sem 1. jan. 1912 nemur 1,375,000 kr. ganga árið 1912 61,312 kr. 50 au. og 1913 59,062 kr. 50 aurar. Afborgun er 50,000 krónur árlega; bæði rentur og afborgun greiðast væntanlega af vöxtum, sem fást af bankavaxtabréfum þeim, sem keypt hafa verið fyrir lánsfjárhæðina, svo og af bréfum þeim, sem út eru dregin og innleyst. Til kostnaðar við lánið veitast	150,00	150,00
	50,483,34	49,150,00
Alls...	99,633,34	

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 101,000 kr.

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherra: kr.			
a. laun 8,000			
b. til risnu... 2,000	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	16,000	16,000	32,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að	5,000	5,000	10 000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu..	1,000	1,000	2,000
Samtals...	50,500	50,500	101,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitast 60,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 62,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. eru veittar 225,330 kr.

	1912.	1912.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. Laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	67,300	67,300	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður	4,715	4,715	
Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.			
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	5,100	5,100	
	86,515	86,515	173,030
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.... ... ... kr. 450			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna... 2,600			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur, alt að.. ... 3,600			
d. Kostnaður við sending með póstum 1,000			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímkeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar...	2,500	2,500	
4. Til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,500	1,500	
Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim er óska strandgæzlu og njóta hennar.			
7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ...	1,000	1,000	
Flyt...	21,950	21,950	173,030

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	21,950	21,950	173,030
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	4,000	4,000	
Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.			
	26,150	26,150	52,300
Samtals...			225,330

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 333,880 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	79,700	79,700	159,400
Aðstoðarlæknirinn í Ísafjarðarhéraði skal sitja í Bolungarvíkur verzlunarstað, að því tilskildu, að honum verði greiddar að minsta kosti 600 kr. á ári annarstaðar að.			
2. Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Árneshreppi og fellur niður þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhérað.			
3. Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
4. a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	83,100	83,100	166,200

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	83,100	83,100	166,200
6. Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík...	1,000	1,000	2,000
Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Féldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
7. Holdsveikisspítalinn	28,690	28,190	56,880
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: kr. kr.			
1. Laun ... ... 5,290— 5,390			
2. Viðurværi 67—69 manna 12,000—12,000			
3. Klæðnaður ... ... 850— 850			
4. Meðul og sáraumbúðir.. 1,300— 1,300			
5. Eldsneyti ... ... 2,700— 2,700			
6. Ljósmeti .. .. 550— 550			
7. Húsbúnaður og áhöld ... 1,000— 1,000			
8. Viðhald á húsum ... ... 1,800— 1,200			
9. Þvottur og ræsting.. ... 600— 600			
10. Greftrunarkostnaður ... 200— 200			
11. Skemtanir ... ... 300— 300			
12. Skattar o. fl.... ... ... 1,300— 1,300			
13. Ýmisleg útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey 800— 800			
28,690—28,190			
8. Geðveikishælið á Kleppi	19,900	19,900	39,800
Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:			
A. Laun læknis 2,700			
B. Önnur útgjöld:			
1. Kaup starfsmanna... ... 3,950			
2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag 14,782 50			
3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.) 1,800			
4. Meðul og umbúðir 500			
5. Ljós og hiti 3,600			
6. Viðhald og áhöld 2,300			
7. Þvottur og ræsting 800			
8. Skemtanir 200			
Flyt... 30,632 50	132,690	132,190	264,880

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	30,632 50	132,690	132,190	264,880
9.	Skattar m. m....	1,000			
10.	Óviss útgjöld	600			
		32,232 50			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag	10,585			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu	1,000			
		12,315 90			
	Mismunur:	19,916 60			
9.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		18,000	18,000	36,000
10.	Önnur útgjöld:	Kr.			
a.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla	4,000			
	Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hérað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.				
b.	Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs	3,000			
c.	bólusetningarkostnaður.	1,000			
d.	til náms yfirsetukvenna	2,000			
e.	til verkfæra handa yfirsetukonum	400			
f.	gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ...	4,000			
g.	gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
	Flyt...	15,400	150,690	150,190	300,880

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt...	15,400	150,690	150,190	300,880
h. styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar	600			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.				
i. tillag til Önnu Magnúsdóttur f. á.	1,000	17,000	16,000	33,000
Samtals..		167,690	166,190	333,880

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,126,450 kr.

A.		1912.	1913.	Alls
Póstmál.		kr.	kr.	kr.
1. Laun:	Kr.			
a. póstmeistara	4,000			
b. 1. póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík	6,600			
2. póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur	20,800			
c. bréfhirðingarmanna...	8,500	39,900	39,900	
2. Póstflutningur		56,000	56,000	
Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.				
3. Annar kostnaður:	Kr.			
a. skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi alt að	5,000	13,000	13,000	
b. önnur gjöld	8,000			
Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stund. hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.				
B.		108,900	108,900	
Vegabætur.				217,800

I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:	1912. Kr.	1913 Kr.			
1. Verkfræðingur landsins:					
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500			
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og vegamælinga alt að	4,000	4,000			
3. skrifstofukostnaður. ...	500	500			
Flyt...	8,000	8,000	.....	.....	217,800

		1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
	Flutt...	8,000	8,000			
4.	eftirlit með vegaviðhaldi	200	200	8,200	8,200	217,800
II.	Flutningabrautir	Kr.	Kr.			
1.	Borgarfjarðarbraut ...	10,000	20,000			
2.	Húnvetningabraut ..	10,000	10,000			
3.	Reykjadalsbraut... ...	15,000	5,000			
4.	Skagfirðingabraut ...	10,000	10,000			
5.	Grímsnesbraut	10,000	10,000			
6.	viðhald flutningabrauta...	10,500	9,000			
7.	Til brúar á Rangá ... Sparist svo mikið fé við brúargerðina á Ytri-Rangá, að nægi til brúargerðar á Varmadalslæk, má verja því til þess.	45,000	»			
8.	Til brúa á flutningabrautinni frá Grund að Saurbæ í Eyjafirði síðara árið: kr. Á Finnastaðaá 2,120 - Skjóldalsá ... 3,860 - Djúpadalsá... 3,510 Áhöld og verkstjórn 510		10,000	110,500	74,000	
III.	Þjóðvegir:	Kr.	Kr.			
1.	Mosfellssveitarvegur með brú á Köldukvísl ...	6,000	»			
2.	Brú á Hafffjarðará ...	10,000	»			
3.	Brýr á Hverfisfljót og Brunná	»	12,000			
4.	Til brúar á Hrútafjarðará	8,000	»			
5.	Til brúar á Rangá í Tungu	»	6,000			
6.	Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal	»	2,500			
7.	Til að setja upp dragferju á Þverá hjá Hemlu	1,600	»			
8.	aðrar vegabætur og viðhald	12,000	12,000	37,600	32,500	
IV.	Fjallvegir			5,000	5,000	
V.	Til áhalda...			2,000	2,000	
			Flyt...	163,300	121,700	217,800

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	163,300	121,700	217,800
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum	300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti	300	300	
VIII. Til dragferjuhalds á Þverá	150	150	
IX. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá, alt að .	2,000		
X. Styrkur til akvegarins í Eiðaþinghá gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
XI. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ... ... Fjárveitingin er bundin jafn-miklu tillagi annarstaðar frá.	5,000	5,000	
XII. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fé því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu	2,000		
	174,050	128,450	302,500
C.			
1. Til gufuskipaferða	60,000	60,000	
2. Til reglubundinna gufuskipaferða milli Sviþjóðar og Íslands	4,000	4,000	
3. Gufubátaferðir og mótorbáta	42,150	42,150	
Þetta sundurliðast þannig hvort árið:			
1. Til Faxaflóabáts 14,000			
2. Til Breiðafjarðarbáts 7,000			
3. Til Ísafjarðarbáts... 5,500			
4. Til Eyjafjarðarbáts 12,000			
5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði. 1,000			
6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands 1,200			
7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá 400			
8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð 400			
9. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti.. 250			
10. Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu 400			
Styrkirnir til gufubátaferða og mótorbáta veitast með því skilyrði, að bátar þeir, sem notaðir verða, séu að dómi stjórnarráðsins góð skip og hentug til þessara ferða og að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlanirnar.	106,150	106,150	212,300
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafélagið mikla norræna umsamið árgjald (til 1925)	35,000	35,000	
II. Til nýrra landsímalagninga o. fl.	1912.	1913.	
1. talsími frá Borðeyri til Búðardals ... ... Gegn 4000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.	Kr. 13,000	Kr. »	
Flyt...	13,000	» 35,000	35,000 732,600

	1912.	1913.	1912	1913	Alls
	Kr.	Kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt...	13,000	»	35,000	35,000	732,600
2. talsími frá Búðardal um Stykkishólm og að Hjarðarfelli ... ... Gegn 8,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum. Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.	38,000	»			
3. Til koparþráðs milli Borðeyrar og Ísafjarðar allt að	55,000	»	106,000		
III. Til starfrækslu landsímanna m. m.	Kr.	Kr,			
1. a, laun forstjóra landsímanna	3,500	3,500			
b, persónuleg launaviðbót fyrir núverandi forstjóra	1,500	1,500			
2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	10,700	10,700			
3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	6,800	6,800			
4. ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu ... ... Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.	8,400	8,400			
5. ritsímastöð á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	5,900	5,900			
6. símastöð á Borðeyri ...	2,600	2,600			
7. símastöð í Hafnarfirði..	1,000	1,000			
8. til starfrækslu loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alt að	6,000	6,000			
9. til starfrækslu á þrem loftskeytastöðvum í Skaftafells- og Rangárvallasýslum alt að ...	2,000	2,000			
10. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... ... ... Þegar sú ábyrgð er liðin, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landsímastöðvar hefir gefið fyrir þátt-töku í reksturs-	2,000	2,000			
Flyt...	50,400	50,400	141,000	35,000	732,600

	1912	1913	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt..	50,400	50,400	141,000	35,000	732,600
kostnaðinum, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.					
10. Til rannsóknar símaleiða	2,000	2,000	52,400	52,400	
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m...			4,000	4,000	
V. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna..			2,000	2,000	
Stjórninni veitist heimild til að taka lán til að kaupa talsímakerfið í Reykjavík fyrir alt að 74,000 kr.					
VI. Viðhald landsímanna..			10,000	10,000	
VII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			209,950	103,950	313,900

E.

Vitamál:

	Kr.	Kr.			
I. Eftirlit með vitum:					
a. laun	700	700			
b. ferðakostnaður eftir reikningi alt að...	500	500	1,200	1,200	
II. Öndverðanesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		100			
2. reksturskostnaður		150	250	250	
III. Elliðaeyjarviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar		400			
2. reksturskostnaður		450	850	850	
IV. Arnarnesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		500			
2. reksturskostnaður og viðhaldskostnaður		500	1,000	1,000	
V. Kálfshamarsviti			... ...	6,500	
		Flyt...	3,300	9,800	1,046,500

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt ..	3,300	9,800	1,046,500
VI	Skagatáarviti..		... ...	14,000	
VII.	Siglunesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	900			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,500	1,500	
VIII.	Til að reisa vita á Flatey á Skjálfanda ...		... ...	14,000	
IX.	Rifstangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	150			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	550	550	
X.	Langanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturskostnaður	200	400	400	
XI.	Dalatangaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	600	1,200	1,200	
XII.	Vattarnesviti:	Kr.			
	1. til að reisa vitann ...	6500			
	2. laun vitavarðar	50—100			
	3. reksturskostnaður	200	6,550	300	
XIII.	Dyrhólaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	400	600	600	
XIV.	Vestmannaeyjaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	700			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	500	1,200	1,200	
XV.	Reykjanesviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	1500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	1600	3,100	3,100	
XVI.	Garðskagaviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar...	600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	750			
	3. til að leggja gangbrú út að vitanum f. á.	2500	3,850	1,350	
XVII.	Gróttuviti:	Kr.			
	1. laun vitavarðar..	500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður	450			
	3. til að breyta vitanum í blossa-vita f. á.	3500	4,450	950	
		Flyt...	26,700	48,950	1,046,500

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	26,700	48,950	1,046,500
XVIII. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir fiskiskip: Kr.			
1. á Skipaskaga alt að 75			
2. á Gerðatanga 100			
3. á Svartatanga við Stykkishólm 75	250	250	
XIX. Viðhald eldri sjómerkja og uppsetning nýrra	200	2,000	
XX. Ýmislegur vitakostnaður	1,100	500	
	28,250	51,700	79,950
Samtals	... ...	... ...	1,126,450

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 587,140 kr.

	1912.	1913.	Alls
A.	kr.	kr.	kr.
Andlega stéttin: Kr.			
a. 1. laun biskups 5,000			
2. skrifstofukostnaður 1,000	6,000	6,000	
b. Önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	3,500	3,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum	4,500	4,000	
Af uppbót þessari má verja alt að 1,000 kr. hvort árið til framlags í íbúðarhús úr steini eða steinsteypu í kauptúnum, reist samkv. lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssj. til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum, þar sem fastráðið er prestssetur til frambúðar, og presturinn hefir ekki við neinu fé tekið í húsum eða álagi upp í tilskilið framlag af hans hálfu til húsbyggingarinnar.			
3. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	4,000	4,000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs	40,000	40,000	
5. Til síra Jóhannesar Lynge til að byggja baðstofu á Kvennabrekku	1,200		
Við ábúendaskifti sé skilað húsi, er sé 1200 kr. virði auk andvirðis hinnar gömlu baðstofu með álagi.			
	59,200	57,500	
Flyt...	...	...	116,700

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	... ...	... ...	116,700
	B.				
	Kenslumál:				
I.	Til háskólans:				
	a. Laun		34,600	34,600	
	b. Aukakensla:	kr. kr.			
	1. Til héraðslæknisins í Reykjavík...	800 800			
	2. Til kennarans í efnafræði	400 400			
	3. Til kennarans í lagal. læknisfræði	300 300			
			1,500	1,500	
	c. Styrktarfé:	kr. kr.			
	1. Námsstyrkur...	5,400 5,400			
	2. Húsaleigustyrkur... ...	3,600 3,600			
	3. Utanfararstyrkur læknaefna	300 300			
			9,300	9,300	
	d. Til bókakaupa m. m.:	kr. kr.			
	1. Bókakaup	1,800 1,800			
	2. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik...	200 200			
			2,000	2,000	
	e. Til útgáfu kenslubóka		2,000	2,000	
	f. Eldiviður, ljós og ræsting...		1,050	1,050	
	g. Önnur gjöld...		650	650	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 280 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.				
			51,100	51,100	102,200
		Flyt...	... ...	... ...	218,900

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...		... ...	... ...	218,900
II.	Mentaskólinn almenni:				
	a. laun...		19,200	19,200	
	b. aðstoðarfé:	Kr.			
	handa söngkennaranum... ...	600			
	— fimleikakennaranum ...	700			
	til dyravarðar	1,000			
	fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans	200	2,500	2,500	
	c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.		
	1. til bókasafns skólans	400	400		
	2. — eldiviðar, ljósa og vatns...	1,400	1,400		
	3. — skólahússins utan og innan	1,400	1,400		
	4. til fasts aukakennara	1,600	1,600		
	5. — annarar tímakenslu og til prófdómenda ..	3,200	3,200		
	6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720	720		
	7. námsstyrkur... ...	2,000	2,000		
	8. læknisþóknun	100	100		
	9. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200		
	10. til vísindalegra áhalda við kenslu	300	300		
	11. til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000		
	Flyt...	13,320	13,320	21,700	21,700	218,900

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	13,320	13,320	21,700	21,700	218,900
12. til áhalda við fimleikakenslu..	100	100			
13. til verðlaunabóka ...	300	300	13,720	13,720	
			35,420	35,420	70,840

Húsaleigustyrk og námsstyrk við mentaskóla má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.

III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:

a. laun 9,000 9,000

Af þessari upphæð eru 400 kr. hvort árið persónuleg launaviðbót til 3. kennara skólans præp. hon. Jónasar Jónassonar.

b. önnur útgjöld:

	1912 Kr.	1913 Kr.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna.	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa	800	800			
3. — tímakenslu og aukakenslu	3,200	3,200			
4. til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	800	800			
5. ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,600	1,600	7,000	7,000	
			16,000	16,000	32,000

IV. Kennaraskólinn:

	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun	6,600	6,600			
b. önnur útgjöld:					
1. tímakensla	1,200	1,200			
2. til aukakennara ..	1,000	1,000			
3. eldiviður og ljós ...	800	800			
4. bókakaup og áhöld..	300	300			
5. námsstyrkur ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	1,500	1,500			
6. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200	12,600	12,600	25,200
Flyt...			... ..	... ...	346,940

				1912.	1913.	Alls
				kr.	kr.	kr.
			Flutt...	.....	.....	346,940
V.	Stýrimannaskólinn:					
	a. laun			3,200	3,200	
	b. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	1. til tímakenslu	1,000	1,000			
	2. — áhaldakaupa o. fl.	400	400			
	3. — eldiviðar og ljósa	400	400			
	4. ýmisleg útgjöld ...	600	600	2,400	2,400	
				5,600	5,600	11,200
VI.	Til annarar kenslu:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	a. til kvennaskóla:					
	1. til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði	6,000	6,000			
	2. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að	2,000	2,000			
	3. námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla...	600	600			
	4. Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 750 kr. framlögum annars staðar að en úr landssjóði	3,000	3,000			
	5. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að	1,400	1,400	13,000	13,000	
	b. 1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000... ... ... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.				24,000	24,000	
	2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers Styrkur þessi veitist gegn því að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða				18,000	18,000	
			Flyt...	55,000	55,000	358,140

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	55,000	55,000	358,140
annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ...	20,000	20,000	
4. tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	1,000	1,000	
5. til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
6. a. laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. til eftirlitsferða eftir reikningi ...	600	600	
c. til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi	200	200	
c. Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1000 kr. til hvers, alt að ...	8,000	8,000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið hefir sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingaskóla $^{10}/_{9}$ 1910, og að þeir njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.			
d. Til unglingaskólahalds á Ísafirði, alt að	1,500	1,500	
e. Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði alt að	1,200	1,200	
Styrkurinn til beggja þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða.			
f. Til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði	1,500	1,500	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið hafi eftirlit með starfsemi skólans, og að hann njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.			
g. Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að	600	600	
Flyt...	95,100	95,100	358,140

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	95,100	95,100	358,140
h.	til gagnfræða- og alþýðuskólans í í Flensborg	7,000	7,000	
i.	til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
j.	til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
k.	styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
l.	til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7,000	7,000	
m.	til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá...	1,000	1,000	
		111,400	111,400	
VII.	Til sundkenslu:			222,800
a.	í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b.	til sundkenslu o. fl. annarstaðar ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,200	1,200	
c.	Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi	450	450	
d.	Ferðastyrkur til leikfimiskennara Björns Jakobssonar til þess að sækja alþjóðamót um líkamsuppeldi, sem haldið verður í Odense í sumar	300		
		2,250	1,950	4,200
VIII.	Styrkur til Stefáns Eirikssonar til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	.....	.....	587,140

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 162,740.

	1912	1913	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið;					
a. laun landsbókavarðar ..	3,000	3,000			
b. — 1. bókavarðar.. ...	1,500	1,500			
c. — 2. bókavarðar... ...	1,000	1,000			
d. til að kaupa bækur og handrit.	6,000	6,000			
e. til bókbands...	1,700	1,800			
f. til kostnaðar við spjaldskrár (eftir reikningi) ...	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið...	360	360			
k. ýmisleg útgjöld	250	250	16,310	16,410	
2. Landsskjalasafnið:	kr.	kr.			
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. laun aðstoðarskjalavarðar	960	960			
c. til að binda inn, búa um skjöl o. fl.	900	900			
d. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600	600			
e. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.	250	250	4,510	4,510	
3. Þjóðmenjasafnið:	kr.	kr.			
a. laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að...	800	800			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,500	1,500			
d. til að gefa út safnskrá (Katalog) alt að.	500	»			
e. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að	1,000	1,000	5,600	5,100	
Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. Júní til 15. September 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
		Flyt...	26,420	26,020	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	26,420	26,020	
4. Náttúrufræðisfélagið:	1,000	1,000	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.			
5. Landsbókasafnshúsið: kr. kr.			
a. til eldiviðar, ljósa o. fl. ... 3,200	3,200		
b. til dyravarðar. 1,400	1,400		
c. til viðhalds og áhalda ... 2,000	1,000		
	6,600	5,600	
6. Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði..	2,000	2,000	
7. Til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur...	500		
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði, ...	1,500	1,500	
9. Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
10. Til Þjóðvinafélagsins	750	750	
11. Til Fornleifafélagsins	400	400	
Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið			
12. Til sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...	750	750	
13. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbréfasafni	800	800	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.			
14. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra...	1,000	1,000	
15. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi	2,000	2,000	
16. Til bindindissameiningar Norðurlands ...	300	300	
Þessi 2 síðastnefndu félög gefi stjórnarráðinu reikning fyrir, hvernig fénu er varið.			
17. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
Flyt...	46,420	44,520	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	46,420	44,520	
18. Til Jóns sagnaskálds Stefánssonar	1,200		
19. Til Jóns Ófeigssonar til að fullsemja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók, er sé eigi minni en 45 arkir prentaðar...	1,500	1,500	
20. Til Einars skálds Hjörleifssonar	1,200	1,200	
21. Til Þorsteins Erlingssonar skálds..	1,200	1,200	
22. Til sira Valdimars Briem's.	800	800	
23. Til Guðm. skálds Magnússonar	1,200	1,200	
24. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ...	600	600	
25. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds... ...	400	400	
26. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
27. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
28. Til Jónasar Jónssonar til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng (Hymnologi) frá 1550 til 1900	600	600	
29. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins... ...	500	500	
30. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
31. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að .	2,000	2,000	
32. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands.. ...	1,000	1,000	
33. Til Hannesar Þorsteinssonar alþingismanns til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum...	2,500	2,500	
34. Til landmælinga á Íslandi...	5,000	5,000	
35. Til dr. Helga Péturss til jarðfræðisrannsókna...	2,000	2,000	
36. Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,500	1,500	
37. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að... ...	1,500	1,500	
38. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar...	600	600	
39. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina, alt að...	600	600	
40. Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings til þess			
Flyt...	73,970	70,870	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	73,970	70,870	
að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík	300		
41. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ...	400	400	
42. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur	400	400	
43. Til jarðskjálftarannsókna	550	550	
44. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
45. Til Einars Jónssonar myndasmiðs... ...	1,200	1,200	
46. Til Guðmundar heimspekings Finnbogasonar, til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína ,50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
47. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands	600	600	
48. Til Magnúsar ljósmyndara Ólafssonar til þess að taka myndir af helztu stöðum hér á landi, íslenzkum mannvirkjum og viðburðum, ...	500		
	83,320	79,420	
Samtals...	.....	.....	162,740

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 418,394.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara..	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.	
1. til verklegrar kenslu...	700	700	
2. til kensluáhalda ...	500	500	
3. til eldiviðar og ljósa...	800	800	
4. til styrkveitinga nemendum...	400	400	
5. til að kaupa trésmíðaáhöld	800	»	
6. ýmisleg útgjöld. ...	1,000	1,000	
d. til að byggja leikfimishús úr steinsteypu alt að	6,000	»	
	10,200	3,400	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara.	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld:	Kr.	Kr.	
1. til verklegrar kenslu. ...	700	700	
2. til kensluáhalda	500	500	
3. til eldiviðar og ljósa. ...	700	700	
4. til styrkveitinga nemendum	400	400	
Flyt...	2,300	2,300	
	17,600	10,800	

	1912	1913	1912.	1913.	Alls.
	Kr.	Kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	2,300	2,300	17,600	10,800	
5. ýmisleg útgjöld	800	800	3,100	3,100	
3. Til Torfa Bjarnasonar			1,500	1,500	
4. Til bryggjugerðar í Vestmannaeyjum			5,000		
5. Til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslur...			3,000		
6. Til skólahalds á Eiðum			2,500	2,500	
7. Til »Sambands íslenzkra samvinnufélaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfélagsskap og öðrum samvinnufélagsskap ... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að.			500	500	
8. Til búnaðarfélaga...			22,000	22,000	
9. Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið ...			54,000	54,000	
10. Laun skógræktarstjóra..			3,000	3,000	
11. Til skóggræðslu.. ... ... Skógræktarstjóri hagi ferðum sínum um landið eftir samráði við landsstjórnina.			8,000	8,000	
12. Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ...			1,000	1,000	
13. Styrkur til Gagnfræðaskólans á Akureyri til að koma upp leikvelli			400		
14. Til sandgræðslu			4,000	4,000	
15. Til þess að veita vatni úr Ásakvíslum á Meðallandssandana til varnar frekari sandágangi og sandgræðslu, alt að			3,500		
16. Styrkur til samvinnu-smjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905, að undanskildum þeim smjörbúum, er notið hafa styrks úr landssjóði 10 ár eða lengur ...			12,000	10,000	
17. Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	1912	1913			
	Kr.	Kr.			
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500	3,500	3,500	
18. a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
c. Styrkur til að semja dýralækningabók, alt að			400		
19. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna			300	300	
20. Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis ... ... Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun.			1,200	1,200	
Flyt...			149,300	128,200	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	149,300	128,200	
21. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri	1,000	1,000	
22. Til kvenfélagsins Ósk á Ísafirði, til matreiðsluskólahalds	1,000	1,000	
23. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík	5,000	5,000	
24. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til kvöldskólahalds	1,000	1,000	
25. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds..	1,000	1,000	
26. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds.. ... ... Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ reksturskostnaðar.	600	600	
27. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,500	2,500	
28. Til Páls Jónssonar frá Djúpavogi, til þess að fullgera og kaupa einkaleyfi á atkvæðavél	600		
29. Til Helga Valtýssonar til þess að setja straumferju á einhverja á landsins eftir samráði við Stjórnarráðið	1,200		
30. Handa hæfum manni fyrst til utanfarar um nokkra mánuði til að kynna sér verkun og flokkun á ísl. ull undir markaðinn og því næst til að ferðast um landið og kynna bændum meðferð á ull til útflutnings á markaðinn	1,200	1,200	
31. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir $^4/_5$ reksturskostnaðar	5,000	5,000	
32. Heiðursgjöf til prósessors við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn C. O. Jensen	2,000		
33. Til byggingafróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar..	1,600	1,600	
34. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að	400	400	
Flyt...	173,400	148,500	

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt ..	173,400	148,500	
	1912 1913			
35. a. Laun handa 5 fiskiyfirmats-	Kr. Kr.			
mönnum	7,800 7,800			
b. Til ferðakostnaðar. ...	400 400			
		8,200	8,200	
36. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði ...		1,200	1,200	
37. Til Fiskifélagsins		2,500	2,500	
38. Þóknun til vörumerkjaskráritara		360	360	
39. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:				
a. laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar		2,000	2,000	
b. til húsaleigu		700	700	
c. til ljósa, eldsneytis og ræstingar		500	500	
40. Til fiskiveiðasjóðs Íslands...		6,000	6,000	
41. Leiga eftir Gullfoss...		300	300	
42. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		300	300	
43. Styrkur til Samábyrgðarinnar		5,000	5,000	
44. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...		600	600	
45. Til bryggjugerðar á Húsavík, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að		... ...	3,000	
Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almennings nota.				
46. Til aðgerðar og umbóta á bryggjunni í Krossvík á Akranesi		1,000	... ...	
Styrkurinn veitist hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota og að hreppurinn annist og ábyrgist viðhaldið.				
47. Til lendingarsjóðs Bolvíkinga		1.000	... ...	
Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur sjóðsins.				
48. Styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði, alt að		25,000	... ...	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að annars staðar frá komi að minsta kosti 3/4 hlutar kostnaðarins, og að bryggjan verði bygð undir umsjón verkfræðings landsins.				
49. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að		3,000	... ...	
	Flyt...	231,060	179,160	

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	231,060	179,160	
Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.			
50. Til síra Arnórs Árnasonar í Hvammi uppgjöf á eftirstöðvum af húsbyggingarláni ...	174	... ...	
51. Styrkur til hlutafélagsins klæðaverksmiðjan Iðunn	6,000	... ...	
52. Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að	1,000	1,000	
	238,234	180,160	
Samtals...	... ...	... ..	418,394

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 158,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 100 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eirikssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; til Sighvats Árnasonar, fyrrum alþingismanns, 300 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði kr. 399,167,34, greiðist af viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1911 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum eftir tillögum landbúnaðarfélagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, séu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum.

5. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfélags Íslands og gegn ábyrgð sveita eða sýslufélaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr. til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

7. Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

8. Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

9. Úr viðlagasjóði má lána Ásahrepp í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins alt að 30,000 kr. til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og lands þess er að henni liggur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

10. Úr viðlagasjóði má veita niðursuðuverksmiðjunni »Ísland« á Ísafirði alt að 50,000 kr. lán gegn 1. veðrétti í verksmiðjunni og annari tryggingu, er stjórnin telur gilda. Lánið ávaxtast með $4^1/_2$ % og endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum á 18 árum.

11. Ráðherra veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd alt að 60,000 kr. lán, er sýslufélag Vestmannaeyja hefir í hyggju að taka til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

12. Stjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd fyrir Vífilsstaðahælið alt að 120,000 kr. lán.

13. Afborgunarfrest af viðlagasjóðsláni til Verksmiðjufélagsins á Akureyri, er tekið var 18. janúar 1908, má framlengja til 31. desember 1915. Úr því endurborgist lánið með jöfnum árlegum afborgunum á 15 árum.

966. Skýrsla

rannsóknarnefndar neðri deildar Alþingis í Landsbankamálinu.

A. Skjöl og skilríki.

I.

Skipunarbréf.

Hér með leyfi eg mér að tilkynna yður, að hjálögð tillaga til þingsályktunar um að skipa nefnd samkv. 22. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka Landsbankamálið var samþykt í dag í neðri deild Alþingis og í nefndina kosnir:

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
Jón Ólafsson, 2. þm. S.-Múl.
Hálfdán Guðjónsson, 1. þm. Húnv.
Jóhannes Jóhannesson, 2. þm. N.-Múl., og
Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.

Neðri deild Alþingis, 28. Febrúar 1911.

Hannes Þorsteinsson.

Björn Þorláksson.

Til alþingismannanna:
Benedikts Sveinssonar,
Jóns Ólafssonar,
Hálfdáns Guðjónssonar,
Jóhannesar Jóhannessonar
og Jóns Jónssonar, þm. N.-Múl.

Fylgiskjal.

Tillaga

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka Landsbankamálið. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Gerðabókar-útdráttur[1]).

28. febrúar kom nefndin saman og kaus formann Jóhannes Jóhannesson, og skrifara Benedikt Sveinsson.

1) Gerðabókar-útdráttur er víðast mjög styttur, að eins tekið það, er með þarf til að tengja saman skjölin. — En skjöl öll eru heil og óbreytt, sé eigi annars getið sérstakl.

2. fundur var haldinn 2. Mars. Jón Ólafsson hafði tjáð forföll, og séra Hálfdán mætti ekki.

Útbýtt var skýrslu Landsbankarannsóknarnefndarinnar sérprentaðri úr Stjórnartíðindunum.

Rætt um, hversu nefndin skyldi haga störfum sínum og samþykt að leita um það samráða og samkomulags við rannsóknarnefnd efri deildar í sama máli.

Á sameiginlegum fundi nefndanna varð það samkomulag, að nefndirnar skyldu vera í samvinnu, að því leyti sem verkahringur þeirra er sameiginlegur, og þessi nefnd snúa sér fyrst að rannsókn á hag Landsbankans, sérstaklega á mati bankarannsóknarnefndar stjórnarinnar á útistandandi skuldum bankans.

3. fundur var haldinn 3. Mars. Allir á fundi.

Nefndin fól formanni og skrifara að krefjast af stjórnarráðinu, að henni sé léðar til afnota bækur þær, sem bankarannsóknarnefnd stjórnarinnar samdi og bygði á mat sitt á lánum bankans (þ. e. gerðabók og bók þá sem ræðir um á 17. bls. í skýrslu þeirrar nefndar), og önnur skjöl um mat þetta, er vera kunna í vörzlum stjórnarráðsins eða annara, er stjórnarráðið kynni að hafa falið þau til geymslu. Enn fremur lagt fram bréf frá stjórnarráðinu dagsett 2. Mars.

II.

Stjórnarráð Íslands.
Reykjavik, 2. Mars 1911.

Eg hefi fengið frá Landmandsbankanum í Kaupmannahöfn eftirrit af álitsskjali bankastjóranna dönsku, þeirra er hann sendi hingað í fyrra vetur að rannsaka ástand Landsbankans, með þeim ummælum, að það megi að eins nota til að lesa það í trúnaði fyrir væntanlegri bankarannsóknarnefnd á Alþingi, en hvorki lána það út né birta það á annan hátt.

Eg vil nú spyrja virðulega nefnd, hvenær hún sé viðlátin að hlýða til, er skjalið er lesið fyrir henni, og hvort hún muni ekki geta sammælst um það við sams konar nefnd í hinni deildinni, svo að ekki þurfi að lesa skjalið nema einu sinni, þ. e. fyrir báðum nefndunum í einu lagi.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til
bankarannsóknarnefndarinnar í neðri deild.

III.

Landsbankarannsóknarnefnd neðri deildar.

Alþingi, 4. Mars 1911.

Á blaðsíðu 1 í skýrslu Landsbankarannsóknarnefndar, þeirrar sem stjórnarráðið skipaði 26. Apríl 1909, er skýrt frá því, að nefndin hafi bókað í þar til löggilta gerðabók það, sem fram fór á fundum hennar. A bls. 17 í sömu skýrslu er það tekið fram, að allir þeir menn, er riðnir hafa verið við lán, þau er nefndin skrifaði upp til sérstakrar athugunar, hafi eftir stafrófsröð verið innfærðir í þar til gerða bók, og enn fremur þeir, sem viðriðnir voru víxla, sem nefndin fann ástæðu til að athuga sérstaklega, og reyndist tala þessara manna vera rúm 11 hundruð.

Þessar bækur leyfum vér oss hér með að biðja stjórnarráðið að lána oss sem allra fyrst til afnota við rannsókn, þá sem oss hefir verið falin.

Skyldu bækur þessar ekki vera í vörzlum stjórnarráðsins, er það beðið að útvega oss þær til afnota hið allra fyrsta.

Virðingarfylst

Jóh. Jóhannesson.

Benedikt Sveinsson.

Til stjórnarráðsins.

IV.

Landsbankarannsóknarnefnd neðri deildar.

Alþingi, 4. Mars 1911.

Í hæstvirtu bréfi dags. 2. þ. m. hefir stjórnarráðið skýrt nefndinni frá því, að það hafi fengið frá Landmandsbanken í Kaupmannahöfn eftirrit af álitsskjali bankastjóranna dönsku, þeirra er hann sendi hingað í fyrra vetur til að rannsaka ástand Landsbankans, með þeim ummælum, að það megi að eins nota til að lesa það í trúnaði fyrir væntanlegri bankarannsóknarnefnd á Alþingi, og spurst fyrir um það, hvenær nefndin væri viðlátin að hlusta á upplestur þess.

Í tilefni af þessu viljum vér láta þess getið, að vér munum vera til staðar í fjárlaganefndarherbergi efri deildar í alþingishúsinu Mánudaginn 6. þ. m. kl. $7^1/_4$ til kl. $8^1/_2$ síðdegis.

Virðingarfylst

Jóh. Jóhannesson.

Benedikt Sveinsson.

Til stjórnarráðsins.

4. fundur 6. Mars kl. 7 síðd. Allir á fundi.

Lesið bréf frá stjórnarráðinu dags. í dag með einu fylgiskjali (sjá V. hér á eftir).

Fyrir nefndinni mætti Klemens landritari Jónsson og las upp fyrir nefndinni skýrslu dönsku bankastjóranna.

Það upplýstist, að bækur þær og plögg, sem mat stjórnkjörnu bankarannsóknarnefndarinnar er bygt á, mundu vera í vörzlum Magnúsar Sigurðssonar yfirdómslögmanns.

V.

Stjórnarráð Íslands.

Reykjavík, 6. Mars 1911.

Jafnframt því að senda hinni háttvirtu nefnd eftirrit af bréfi stjórnar Landsbankans, dags. 4. þ. m., sem sýnir, að bækur, þær sem nefndin bað um í bréfi, dags. s. d., eru eigi í vörzlum bankans, skal það jafnframt tekið fram, að bækur þessar eru eigi heldur í vörzlum stjórnarráðsins og hafa eigi komið hér á skrifstofurnar.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til
Landsbankarannsóknarnefndarinnar í neðri deild alþingis.

Eftirrit

Landsbanki Íslands.

Reykjavík, 4. Mars 1911.

Oss barst nú samstundis bréf hins háa stjórnarráðs dags. í dag ásamt bréfi Landsbankarannsóknarnefndar neðri deildar alþingis 1911 líka dags. í dag, sem hér með endursendist.

Bækur, þær sem þar um ræðir, eru eigi í vorum vörzlum, en ætla má, að þær séu í höndum Landsbankarannsóknarnefndar, þeirrar sem stjórnarráðið skipaði 26. April 1909, úr því þær eru eigi í skjalasafni stjórnarráðsins.

Virðingarfylst

Landsbanki Íslands.

Björn Kristjánsson. Björn Sigurðsson.

Til
Stjórnarráðs Íslands.

VI.

Landsbankarannsóknarnefnd neðri deildar.

Alþingi, 6. Mars 1911.

Eins og meðfylgjandi staðfestur útdráttur úr gerðabók Landsbankarannsóknarnefndar efri deildar 1911 ber með sér, eiga bækur þær og plögg viðvíkjandi mati hinnar stjórnkjörnu Landsbankarannsóknarnefndar á væntanlegu tapi Landsbankans, sem vér báðum um í bréfi voru til stjórnarráðsins, dags. 4. þ. m., að vera í vörzlum Magnúsar yfirdómslögmanns Sigurðssonar hér í bænum.

Vér verðum því að skora á stjórnarráðið að hlutast til um, að vér fáum bækur þessar og plögg sem allra fyrst til afnota.

Virðingarfylst

Jóh. Jóhannesson.

Benedikt Sveinsson.

Til
Stjórnarráðsins.

5. fundur, 9 Mars kl. 7 síðd. Allir á fundi.

Formaður las bréf frá stjórnarráðinu, dags. í dag, ásamt (1) eftirriti af bréfi stjórnarráðsins til Magnúsar Sigurðssonar, dags. 7. þ. m., og (2) svari hans, dags. 8. þ. m.

Nefndin reit stjórnarráðinu enn á ný áskorun um að útvega nefndinni bækur þær og plögg, er hún hefur oft áður um beðið. Benedikt Sveinsson tók það fram, að hann teldi síðustu málsgrein þessa bréfs (IX hér á eftir) of snemma fram komna. Að öðru leyti var bréfið einróma samþykt.

Nefndin samþykti enn fremur að útvega sér eftirrit af útnefningum inna stjórnkjörnu Landsbankarannsóknarnefndarmanna og erindisbréfum, þeim er þeir kynnu hafa fengið.

VII.

Stjórnarráð Íslands.

Reykjavík 9. Mars 1911.

Samkvæmt ósk formanns Landsbankarannsóknarnefndar neðri deildar Alþingis er nefndinni hér með sent eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til Magnúsar Sigurðssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, dags. 7. þ. m., og af svari hans,

dags. 8. s. m., hvorttveggja viðvíkjandi skjölum þeim og bókum, er ræðir um í bréfi nefndarinnar, dags. 6. þ. m.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til
Landsbankarannsóknarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal 1 (við VII).

Eftirrit af bréfi stjórnarráðsins til yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar, dags. 7. Mars 1911.

Með skírskotun til hjálagðs útdráttar úr gerðabók Landsbankarannsóknarnefndar efri deildar Alþingis og samkvæmt áskorun Landsbankarannsóknarnefndar neðri deildar, eruð þér, herra yfirréttarmálaflutningsmaður, hér með beðinn að senda hingað sem allra fyrst þær bækur og skjöl, sem eru í yðar vörzlum, viðvíkjandi rannsókn þeirri á Landsbankanum, sem landstjórnin lét framkvæma 1909—1910.

Fylgiskjalið óskast endursent.

Fylgiskjal 2 (við VII).

Eftirrit af bréfi Magnúsar yfirréttarmálaflutningsmanns Magnúsar Sigurðssonar til stjórnarráðsins, dags. 8. Mars 1911.

Heiðruðu bréfi stjórnarráðsins, dags. 7. þ. m., leyfi ég mér að svara þannig:

Formaður nefndarinnar hafði einn í höndum öll gögn rannsóknarnefndarinnar hér í Reykjavík og hið sama gilti einnig á Ísafirði og Akureyri. Áður en formaður nefndarinnar, Karl Einarsson, fór burtu héðan úr bænum, þá bað hann mig um, að hann mætti »deponera« hjá mér sem málafærslumanni innsigluðum pakka og að láta hann ekki af hendi nema með sínu samþykki.

Er það ætlun mín, að í pakka þessum muni vera gögn Landsbankarannsóknarnefndarinnar; auðvitað hefi eg ekki skoðað í hann, svo eg viti það með vissu.

Samkvæmt framanrituðu get ég því ekki látið pakka þennan af hendi, sem Karl Einarsson á og geymdur er hjá mér, þar sem mig brestur heimild til þess frá honum. En auðvitað mun Karl Einarsson sýslumaður láta stjórnarráðinu í té öll gögn rannsóknarnefndarinnar undir eins og það skrifar honum og æskir að fá þau.

Fylgiskjalið endursendist.

Virðingarf.

Magnús Sigurðsson.

VIII.

(Eftirrit af útnefningu og erindisbréfi þeirra þriggja manna, er stjórnin skipaði fyrst í rannsóknarnefnd yfir Landsbankanum. Meðtekið þannig frá stjórnarráðinu óstaðsett, dagsetningarlaust og ártalslaust, óstaðfest og undirskriftarlaust).

Stjórnarráð Íslands II.
Ad Dagb. 2, nr. 913.

Stjórnarráðið felur yður, herra skrifstofustjóri Indriði Einarsson, ásamt aðstoðarmanni, cand. jur. Karli Einarssyni, og kennara við kennaraskólann, Ólafi Daníelssyni, samkv. fyrirmælum 26. gr. í lögum 18. September 1885, að rannsaka nú þegar allan hag Landsbankans, og eruð þér formaður þeirrar rannsóknarnefndar.

Nefndinni er falið sérstaklega:

að aðgæta seðlafúlgu bankans, þar á meðal, að hve miklu leyti gömlu seðlarnir hafi verið dregnir inn og hve mikið hafi verið gefið út af nýjum seðlum.

að aðgæta þær skuldbindingar, víxla, skuldabréf o. fl., sem bankinn hefir í höndum eða veðdeild bankans og gera sér grein fyrir gildi þeirra.

að aðgæta, hverjar og hve miklar skuldbindingar bankans eru, bæði við þá, sem lagt hafa fé í sparisjóð bankans, og hina, sem eiga fé hjá bankanum á annan hátt.

Þér getið lagt fyrirspurnir fyrir bankastjórnina eða sérstaka menn úr henni, sem skylt er að svara, krafist að yfirfara bækur bankans og heimta yður sýnd öll skjöl, verðbréf, skuldabréf, víxla eða skuldbindingar, sem bankinn hefir í höndum, og sömuleiðis heimtað, að yður séu sýndir og afhentir til gagnskoðunar allir reikningar, sem bankann snerta eða einhverja grein hans, eins þótt þeir séu frá umliðnum árum.

Að loknu verki gefið þér félagar ráðherra Íslands skýrslu um gerðir yðar.

IX.

Landsbankarannsóknarnefnd efri deildar.

Alþingi, 9. Mars 1911.

Með hæstvirtu bréfi, dags. í dag, hefir stjórnarráðið sent oss afrit af bréfi, því er það ritaði Magnúsi yfirdómslögmanni Sigurðssyni hér í bænum 7. þ. m. í tilefni af bréfi voru, dags. s. d., þar sem vér báðum það að útvega oss sem fyrst til afnota gerðabók þá, matsbók og önnur plögg, er hin stjórnkjörna Landsbankarannsóknarnefnd segist hafa haldið og notað við matið á tapi Landsbankans, — svo og af svari Magnúsar upp á þessa málaleitun, dags. í gær. Skýrir hann í svari þessu svo frá, að formaður téðrar nefndar, Karl sýslumaður Einarsson, hafi einn haft plögg þessi í höndum, og að hann, er hann fór burtu héðan úr bænum, hafi »deponerað« hjá sér »sem málfærslumanni« innsiglaðan pakka, er hann mætti eigi af hendi láta, nema með samþykki Karls sýslumanns.

Í þessum pakka ætlar hann gögn Landsbankarannsóknarnefndarinnar

vera, en telur sig bresta heimild til að láta hann af hendi, nema samþykki téðs sýslumanns komi til.

Nefndin lítur nú svo á, að það sé engum efa undirorpið, að plögg, þau sem hér er um að ræða, séu eign landsins og hefðu átt að fylgja skýrslu rannsóknarnefndarinnar til stjórnarráðsins.

Hún leyfir sér því, með skírskotun til 22. gr. stjórnarskrárinnar, hér með virðingarfylst að skjóta því til stjórnarráðsins, hvort það sjái sér ekki fært að opna eða láta opna hinn umrædda pakka og taka úr honum plögg, þau er landinu tilheyra, og afhenda oss til afnota við rannsókn vora.

Vér tökum það fram, að ef eigi næst til að rannsaka bækur þær og plögg, sem hin stjórnkjörna Landsbankarannsóknarnefnd segir til vera í skýrslu sinni, og byggir á, verður þeirrar hugsunar eigi varist, að eitt af tvennu sé, annaðhvort að bækur þessar hafi eigi verið til, eða að nefndarmenn treysti þeim eigi til að standast gagnrýni.

Virðingarfylst.

Jóh. Jóhannesson.

Benedikt Sveinsson.

6. fundur 10. Mars kl. 7½ síðd. Ritara vantaði og Jón á Hvanná.

Fyrir nefndina kom landritari og skýrði frá, að Magnús Sigurðsson hefði lofað sér að koma með margumrædda pakka kl. 12—1 síðd. á morgun upp í stjórnarráð og opna hann þar í sinni og annara viðurvist, og mundi landritari þá taka gerðabók og matsbók og afhenda nefndinni.

7. fundur 11. Mars 7¼ síðd. Enn vantaði ritara og Jón á Hvanná.

Formaður skýrði frá, að hann hefði verið uppi í stjórnarráði. Þar hefði landritari skýrt sér frá, að Magnús Sigurðsson hefði fengið frest til kl. 3 síðd. Þá hefði Ólafur Eyjólfsson komið þangað með honum, og hefðu þeir borið fram, að í sérstakan dálk í matsbókinni væri innfærðar upplýsingar, sem þeir hefði fengið frá einstökum mönnum, og vildu þeir því ekki láta hana af hendi við stjórnarráðið eða nefndina, heldur bjóða nefndinni að láta einhverja tvo menn, er þeir tiltæki, úr nefndinni, sjá bókina. Kváðu þeir ráðherra hafa sagt sér þegar í fyrravetur, að þar sem svona væri löguð matsbókin, þyrfti þeir ekki að afhenda hana, og hefði hann endurtekið þau ummæli í dag í viðtali við þá báða. Ella vildu þeir láta í té útskrift úr bókinni, er staðfest væri af manni, er ráðherra tilnefndi.

Formaður kvaðst hafa neitað að ganga að þessu boði fyrir nefndarinnar hönd og heimtað skriflegt svar við bréfi nefndarinnar til stjórnarráðsins, dags. 9. þ. m., er hann gæti borið undir nefndina.

X.

Stjórnarráð Íslands.
Reykjavík, 14. Mars 1911.

Stjórnarráðið hefir í gær ritað Magnúsi Sigurðssyni yfirréttarmálaflutningsmanni á þessa leið:

»Þér hafið, herra yfirréttarmálaflutningsmaður, í bréfi, dags. í dag, jafnframt því að skýra frá, að þér geymið fyrir Karl Einarsson, sýslumann í Vestmannaeyjum, böggul, sem þér haldið að hafi inni að halda gerðabók rannsóknarnefndar Landsbankans ásamt öðrum skjölum nefndarinnar, beiðst þess, að yður verði, ásamt meðnefndarmanni yðar Ólafi G. Eyjólfssyni skólastjóra, skipað að brjóta upp böggul þennan í votta viðurvist eða í viðurvist bæjarfógetans í Reykjavík, og afhenda gerðabókina rannsóknarnefnd neðri deildar Alþingis í Landsbankamálinu m. m.

Hins vegar hafið þér í bréfinu farið fram á, að stjórnarráðið úrskurði, að önnur skjöl rannsóknarnefndar Landsbankans, sérstaklega bók sú um mat nefndarinnar, sem nefnd er á bls. 17 í skýrslu hennar, séu privateign nefndarmannanna sjálfra, þar sem þau, einkum téð mat, hafi inni að halda skýrslur um ýmsa einstaka menn, sem nefndarmönnum hafi verið trúað fyrir af ýmsum mönnum, gegn loforði þeirra um, að skýrslur þessar færu eigi lengra en til nefndarinnar.

Út af þessu skal yður hér með tjáð til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að stjórnarráðið er yður samdóma um, hvernig farið skuli með téðan pakka, og leggur fyrir yður að fara með hann samkvæmt því, sem að framan er greint.

Enn fremur er stjórnarráðið yður samdóma um, að önnur skjöl nefndarinnar en gerðabókin séu privateign nefndarmannanna«.

Þetta birtist nefndinni hér með.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

8. fundur 14. Mars kl. 7 síðd. Allir á fundi.

Formaður las upp bréf stjórnarráðsins, dags. í dag (sjá X hér að framan).

Formaður leggur fram þingsályktunartillögu á þingskjali 43, sem vísað hafði verið til nefndarinnar á fundi N. d. í gær. Hún hljóðar svo:

XI.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landstjórnina, að gera nú þegar í stað ráðstöfun til þess að gæslustjóri, sá sem sæti á að eiga í stjórn Lands-

bankans samkvæmt kosningu neðri deildar Alþingis, geti þegar tekið sæti sem gæslustjóri við Landsbankann, og sjái um, að honum verði greidd þóknun, sú sem gæzlustjóra er ætluð, frá þeim degi, er honum var vikið frá starfi sínu við bankann«.

Nefndin ákvað, að snúa sér nú að því að rannsaka mat það á væntan legu tapi Landsbankans, er bankastjórarnir hafa gert.

9. fundur 16. Mars kl. 9 árd. Allir á fundi.

Rætt um þingsályktunartillöguna á þingskjali 43, og bar Jón Ólafsson fram svofelda tillögu:

»Nefndin leggur til: að þingdeildin skori á landstjórnina að sjá um, að úrskurði dómstólanna um rétt gæzlustjóra sé hlýtt, unz hann er úr gildi feldur með æðra. dómi«.

Frekari aðgerðum frestað til næsta fundar.

Nefndinni bárust 8 skjöl frá stjórn Landsbankans viðvíkjandi ýmsum útistandandi lánum bankans, svo og fyrirspurnir frá þingmanni Akureyringa til bankastjóranna ásamt andsvörum þeirra, alls 4 skjöl.

10. fundur 17. Mars kl. 9 árd. Allir á fundi.

Samþykt með þremur atkvæðum gegn tveimur (B. Sv. og H. G.), að nefndin mæli nú þegar með, að tillagan á þingskjali 43 verði samþykt í deildinni.

Jón Ólafsson kosinn skrifari og framsögumaður meiri hlutans í þessu atriði málsins.

11. fundur 21. Mars kl. 9 árd. Allir á fundi.

Athuguð nokkur plögg, þau er Landsbankastjórnin hafði sent nefndinni.

Samþykt að skrifa Magnúsi Sigurðssyni og krefjast »matsbókarinnar« til láns.

XII.

Landsbankarannsóknarnefnd neðri deildar.

Alþingi 22. Mars 1911.

Tveir af nefndarmönnum hafa tjáð nefndinni, að þér, herra yfirdómslögmaður, hafið skýrt frá því, að þér hafið eigi neitað nefndinni um matsbók, þá sem ræðir um á 17. bls. í skýrslu hinnar stjórnkjörnu Landsbankanefndar til afnota við störf hennar, heldur aðeins færst undan að láta hana af hendi við stjórnarráðið.

Út af þessu vill nefndin hér með, með skírskotun til 22. gr. stjórnarskrárinnar, skora á yður, að lána henni téða bók til afnota við rannsókn hennar í landsbankamálinu, og skal það tekið fram, að nefndin að sjálfsögðu

mun gæta þagnarskyldu sinnar um þær upplýsingar, sem bókin hefir inni að halda og eru þess eðlis, að þær mega eigi koma fyrir almennings sjónir.

Virðingarfylst

Jóh. Jóhannesson.

Benedikt Sveinsson.

12. fundur var haldinn í Landsbankanum 22. Mars og hófst kl $8^1/_2$ árd. Allir á fundi og bankastjórarnir viðstaddir.

13. fundur 23. Mars í Landsbankanum kl. $8^1/_2$ árd. Allir sömu á fundi.

Á þessum tveim fundum var tekið fyrir að rannsaka skýrslur bankastjórnarinnar XIII, nr. 1 og nr. 2.

XIII, Nr. 1.

Skrá yfir nokkur handveðslán í Landsbanka Íslands.

Láns-nr.	Lántöku-dagur	Láns-upphæð kr.	a.	Vaxtakjör	Handveð: Lífsábyrgðarskírteini frá Statsanstalten.	Verðmæti veðsins á lántökudegi kr.	Athugasemdir
l. A.	14. okt. 1893	3000	00	4½%	5 lífsábyrgðarskírteini hvert á 2000 kr. (= 10000 kr.), útgefin 8. mars 1983. — Sjá aths.	0.00	Árleg afborgun 25 krónur (120 ár). Ennfr. veð í forlagsbókum virtum á 20,000 kr. samkv. meðf. skrá, en þær ekki afhentar.
l. B.	30. apríl 1902	5000	00	5%	1 lífsáb.skírteini, 4000 kr., útg. 30. júlí 1891, sbr. athugasemd.	412.00 c. 40.00	Að veði eru einnig 2 lífsáb.skírteini frá Standard, útg. 14/1 1898 og 2/1 1902, hvort á 2000 kr., hið fyrra c. 40 kr. virði, hitt verðlaust.
l. C.	8. okt. 1809	3500	00	4½%	1 lífsábyrgðarskírteini 6000 kr., útgefið 3. nóv. 1890.	849.00	
l. D.	28. júní 1904	1200	00	Venjul. bankav.	2 lífsáb.skírteini 1/1000, útg. 4/11 84. 2/500 kr.. útg. 28/10 89, bæði samtals	283.00	
l. E.	28. okt. 1904	3000	00	4½%	1 lífsábyrgðarskírteini, 4000 kr., útg. 7. sept. 1894.	317.00	
l. F.	1. nóv. 1904	5000	00	Venjul. bankav.	3 lífsáb.skírteini, hvert á 2000 kr., (= 6000 kr.) útgefin 16. mars 1896.	616.00	Lánið hefir staðið afborgunarlaust?
l. G.	17. des. 1904	1500	00	4½%	2 lífsáb.skírteini, hvert á 1000 kr. útgefin 23. des. 1893.	166.00	
l. H.	16 sept. 1905	1200	00	5%	1 lífsáb.skírteini, 2000 kr., útgefið 6. október 1903.	0.00	
l. I.	29. júní 1907	4000	00	Venjul. bankav.	1 lífsáb.skírteini 5000 kr., útgefið 27. mars 1907.	00.0	Einn ábyrgðarmaður.
l. K.	21. nóv. 1908	2000	00	Venjul. bankav.	1 lífsáb.skírteini, 3000 kr., útgefið 8. desbr. 1908.	00.0	

XIII. Nr. 2.

Athugasemdir við formhlið nokkurra sjálfskuldar-ábyrgðarlána.

Nr. AA. Skift um einn ábyrgðarmanninn án þess að samþykki hinna ábyrgðarmannanna liggi fyrir.

Nr. BB. Í texta skuldabréfsins og í lánbeiðninni eru taldir 15 ábyrgðarmenn; undir bréfið vantar undirskrift eins ábyrgðarmannsins.

Nr. CC. Skift um einn ábyrgðarmanninn án þess að samþykki hinna ábyrgðarmannanna liggi fyrir.

Nr. DD. Sömuleiðis.

Nr. EE. Ábyrgðarskjalið, sem er sérstakt, er ódagsett og óstaðsett. Hið sama er að segja um Nr. EE1., Nr. EE2., Nr. EE3., Nr. EE4., Nr. EE5., Nr. EE6., Nr. EE7., Nr. EE8., Nr. EE9., Nr. EE10., Nr. EE11., Nr. EE12., o. fl.

Nr. FF. 1 af 17 ábyrgðarmönnum, sem taldir eru í texta skuldabréfsins, hafa aldrei skrifað undir það eða á annan hátt tekið að sér ábyrgðina.

Nr. GG. Sömuleiðis um 2 af 3 ábyrgðarmannanna.

Nr. HH. Í ábyrgðarskjalinu er tekið fram, að ábyrgðin gildi til 1 árs. Lánið hefir þó oft verið framlengt án endurnýjunar ábyrgðarinnar.

Nr. JJ. Lántakandi veðsetur húseign annars manns, en veðleyfi liggur ekki fyrir.

Nr. KK. Þegar við lántökuna er skift um 2 ábyrgðarmennina af 5, sem taldir eru í ábyrgðarskjalinu, án samþykkis hinna 3 (sem hafa skrifað undir sérstakt ábyrgðarskjal, þar sem allir 5 eru taldir upp).

Nr. LL. Vantar veðleyfi.

Nr. MM. Ábyrgðin er til 4 mánaða. (Sbr. Nr. HH hér að ofan).

Nr. NN. Undirskrift lántakanda vantar. — Ábyrgðin bundin við 1 ár, en en lánið framlengt; vantar þó endurnýjun 1 ábyrgðarmannsins.

Nr. OO. Vantar einn ábyrgðarmanninn, sem upphaflega var áskilinn.

Nr. PP. Sömuleiðis.

Nr. QQ. Lántakandi ómyndugur. Enginn meðráðamaður.

Nr. RR. Vantar undirskrift lántakanda.

Nr. SS. Vantar undirskrift lántakanda.

Nr. TT. Vantar veðleyfi.

Nr. UU. Vantar umboð til lántökunnar.

Nr. XX Samkvæmt ábyrgðarskjalinu hafa ábyrgðarmennirnir ekki tekið á sig neina ábyrgð fyrir lántakanda, heldur alt annan mann.

Nr. YY. Lánið er veitt gegn ábyrgð og 2. veðrétti í húseign, en viðbótar-veðdeildarlán er veitt síðar án samþykkis 2 af 5 ábyrgðarmönnum, og þessir 2 eru síðan með dómi leystir úr ábyrgðinni. Lántakandinn og hinir ábyrgðarmennirnir eignalausir.

Framanrituð skýrsla (XIII, Nr. 1) er ein af þeim skýrslum, sem Landsbankastjórnin hafði lið alþingismanni Sigurði Hjörleifssyni og hann notaði fyrst til að birta ágrip úr í Ísafold 11. Mars þ. á. á. 58. bls., öðrum dálki neðarlega, og er ágripið þar birt með tilbúnum viðaukum útgefanda, sem enga stoð hafa í skýrslunni sjálfri né í neinu öðru. Síðan notaði velnefndur þingmaður skýrslur þessar til þess að lesa upp úr þeim kafla í þingræðu í efri deild.

Í bókum bankans og í skýrslunni (XIII. Nr. 1) hefir hvert lán sína einkennistölu eða númer, en í stað þess að birta þau númer höfum vér einkent hvert lán með bókstaf (A-K), og er það gert til torkenningar. Sama er gert við nr. allra hinna skýrslnanna. Nú skal getið helztu skýringa, sem nefndin hefir aflað sér um hvert fyrir sig.

Lán A. Af því að árleg afborgun af láninu er að eins áskilin kr. 25,00, þá er í skýrslunni gefin sú góðfúslega skýring af bankastjórninni, að lánið sé veitt til 120 ára. Um hitt þegir bankastjórnin, að láninu má segja upp hvenær sem er til útborgunar með hálfs árs uppsagnarfresti. Af láninu eru þegar afborgaðar kr. 425,00. Veð er í lífsábyrgðarskírteinum upp á kr. 10,000,00, útgefnum 8. Mars 1893. Auk þess sjálfsvörzluveð í forlagsbókum samkvæmt skrá. Söluverð þeirra kr. 20,000.00. Að lífsábyrgðinni hafi ekki verið haldið við, eins og segir í Ísafold, er tilbúningur þess, sem birt hefir skýrsluna. Lántakandi talinn stórefnaður maður og inn áreiðanlegasti maður.

Lán B. Að veði lífsábyrgð upp á kr. 8000,00. Lántakandi efnaður embættismaður. Haldið eftir af gjaldkera landssjóðs fyrir afborgunum og vöxtum af láninu og iðgjöldum lífsábyrgðarskírteinanna, samkvæmt fyrirskipun landshöfðingja. Nú eftir af láninu að eins kr. 2400,00.

Lán C. Lánið upphaflega veitt til 10 ára. Lántakandi efnaður embættismaður. Veð kr. 6000,00 lífsábyrgð. Lánið reglulega afborgað, nú eftir kr. 1050,00. Sama ráðstöfun sem við lán B.

Lán D. Lántakandi efnalitill prestur. Veð kr. 1500,00 lífsábyrð. Af láninu þegar afborgaðar kr. 550,00. — Fyrir liggur yfirlýsing biskups, að prestur megi ráðstafa upp í lánið uppbót á brauðinu.

Lán E. Lánið veitt til 10 ára. Lántakandi stórefnaður embættismaður. Veð kr. 4000,00 lífsábyrgð. Haldið eftir af launum eins og við B. og C.

Lán F. Lántakandi stórefnaður embættismaður. Lánið veitt til 10 ára. Kr. 6000,00 lífsábyrgð að veði. Ávísun til að halda eftir af launum fjórum sinnum á ári. Hefir verið leyft að standa afborgunarlausu til þessa.

Lán G. Lánið veitt til 10 ára. Lántakandi velstæður sýslumaður. Veð 2000 kr. lífsábyrð. Hald á launum sem við B, C. E og F.

Lán H. Lánið veitt til 10 ára. 2000 kr. lífsábyrgð að veði. Hald á launum sem við B, C., E, F og G.

Lán J. Lántaki embættismaður, nú á eftirlaunum. Veð 5000 kr. lífsábyrgð. Auk þess sjálfsskuldarábyrgð eins af efnuðustu mönnum hér í bænum. Kr. 1500 eru nú afborgaðar.

Lán K. Lántakandi ungur reglusamur sýslumaður. Veð 3000 kr. lífsábyrgð. Engin eftirhaldsskipun á launum, en vextir og afborganir reglulega greitt. Kr. 400,00 afborgaðar.

Þess skal getið, að þar sem skráin talar um verðmæti veðsins á lántökudegi, þá er með því átt við, hve mikið þá þegar hafi verið greitt af árlegum iðgjöldum lífsábyrgðarinnar. Ef t. d. hafa verið greidd tvö tuttugu kr. ársiðgjöld af 1000 kr. lífsábyrgð, þá er lífsábyrgðin talin 40 kr. virði. Þó yrði hún vitanlega borguð út með 1000 kr., hvenær sem maðurinn dæi. Sé því trygging sett af launum mannsins fyrir vöxtum, afborgun og iðgjöldum, þá er lífsábyrgðin trygt veð, nema því að eins að embættismaðurinn geri eitthvað það fyrir sér, að hann verði settur af eftirlaunalaust. En tryggingin gegn því liggur vitanlega í siðferðisgildi mannsins. En sama má segja um allar sjálfsskuldarábyrgðir, því að hversu auðugur sem maðurinn er, getur hann þó drýgt glæp, svo að aleiga hans hrökkvi ekki til bóta.

Það skal enn fremur tekið fram, að þar sem sagt er í Ísafold um 4 af lánum þessum, með samtals 20000 kr. lífsábyrgðir að veði, að þær sé orðnar einskis virði af því að þeim hafi ekki verið viðhaldið, þá er þetta alveg tilhæfulaust, væntanlega bygt á misskilningi, af því að verðmæti þeirra á lántökudegi er talið 0, af því að lífsábyrgðin er nýtekin á lántökudegi. Samanber hér að ofan.

Loks er það talið furðulegt um eitt lífsábyrgðarskírteinið, að það er veðsett 21. nóvember, en ekki útgefið fyr en 17 dögum síðar. En þetta er ofur auðskilið. Lífsábyrgðin hefir auðvitað verið gerð áður en lánið var tekið, og bráðabirgða-skírteini þá gefið af umboðsmanni ábyrgðarfélagsins hér, en fullnaðarskírteini verið útgefið á aðalskrifstofu félagsins í Kaupmannahöfn og það svo afhent bankanum síðar, er það kom, í staðinn fyrir bráðabirgðaskírteinið.

Yfir höfuð finnur nefndin ekkert athugavert við neitt af þessum lánum.

Um skýrslu XIII, nr. 2.
(Sjálfskuldarábyrgðarlán)

Lán **AA.** — Athugasemd bankastjórnarinnar ósannindi. Að vísu skift um einn ábyrgðarm., en það gert með beinu samþykki hinna ábyrgðarmannanna.

Lán **BB.** Eigi auðið að sjá, hvort aths. hafi verið á rökum bygð, því að lánið er endurborgað að fullu, og skjölin því farin úr bankanum.

Lán **CC.** Lánið var 600 kr., veitt til 11 mánaða, hundrað krónur afborgaðar þegar annar ábyrgðarm. féll burt; en annar kom síðar í hans stað. Nú eftir ógreiddar 175 krónur.

Lán **DD.** Sama að segja sem um lán B. B.

Lán **EE.** 200 kr. lán óborgað. Heimild tilgreind við nafn hvers manns; vottar að undirskriftum, en vantar dagsetning og staðsetning, nema eins á-

byrgðarmanns. Ábyrgðirnar með vottuðum undirskriftum má »identificera« við lánið og virðist þetta því engin áhrif hafa á löglegt gildi ábyrgðanna.

Lán **FF.** Lánið var 24,000 kr. — Af 17 mönnum, sem taldir eru í ábyrgðarskjalinu, vantar undirskrift 4. 3 ábyrgðarmenn hafa skrifað undir sérstakt skjal, þar sem þeir skrifa undir, að ábyrgjast skuldina »ásamt fleirum«. Eftir standa af láninu ógreiddar 7600 kr.; hjá málflutningsmanni til innheimtu.

Lán **GG.** Sama að segja sem um B. B. og D. D.

Lán **HH.** 1200 kr. lán; helmingur nú borgaður. Í ábyrgðarskjalinu er sagt: »nær ábyrgð þessi einnig til vaxta af láninu og alls kostnaðar, er orsakast kann af innheimtu höfuðstóls eða vaxta, og gildir *unz* hinn tilnefndi tími er útrunninn og *lánið er greitt að fullu*«.

Lán **JJ.** Sjálfskuldarábyrgðarlán með húsveði að baki. Lántakandi veðsetur húseign, sem veðbókarvottorð nefnir annan mann (E. M.) eiganda að. Þessi E. M. er einn af ábyrgðarmönnum fyrir láninu. Veðbréfið þinglesið (sem eign lántakanda) athugasemdalaust næsta réttardag. — Auðsætt, að lántakandi hefir keypt eignina af E. M. áður en hann veðsetti hana og afhent bankanum afsalsbréfið til þinglýsingar. Annars hefði þinglýsingin ekki getað farið fram annan réttardag athugasemdalaust. Þetta hlaut að liggja bankastjórninni í augum uppi, enda hefði hún getað sannfært sig um það, hvort heldur í bókum bankans (þinglýsingargjöldin) eða í veðmálabókum bæjarins.

Lán **KK.** Athugasemdin ekki rétt, einn ábyrgðarmaður strykaður út og annar settur í staðinn, en ekki sést, hvort það er gert á undan eða eftir undirskriftum hinna.

Lán **LL.** — Sjálfskuldarábyrgðarlán með veði í húsi, sem var þingl. eign annars manns, en eigandinn veðsetur sem sína. Vantar veðleyfi; en veðsetning þinglýst *athugasemdalaust* 2 dögum síðar. Sýnilega samkynja tilfelli, sem við lán JJ. (sjá hér að ofan).

Lán **MM.** — Ábyrgðarskjalið stýlað fyrir láni, sem lántakandi »ætlar að taka til 4. mánaða«.

Lán **NN.** — Undirskrift lántakanda vantar, þangað til 1910. Einn ábyrgðarmaður hefir fallið úr við endurnýjun. Lánið þá lækkað úr 5500 ofan í 5000.

Bankastjórnin kannast við, að lán séu og hafi verið svo afgreidd, bæði hjá núverandi og fyrv. bankastjórn, að bankastjórnin skrifi lánveitinguna inni hjá sér, ef hún felst á framboðnar tryggingar; síðan sendir bankastjórnin skjölin yfir í afgreiðsludeild bankans, og er það ætlað gjaldkera og bókara bankans, að gæta þess þar, að lánið sé ekki útborgað fyrr en nauðsynlegar undirskriftir eru komnar undir skjölin (lántakenda og ábyrgðarmanna). Það verður því að vera á þessara starfsmanna ábyrgð, en eigi bankastjóranna, að lánveitingarskilyrðunum sé fullnægt á afgreiðslustofunni. Og hlutverk endurskoðunarmanna hlýtur það að vera, að segja til, ef eitthvað er áfátt í þessu efni, þá er þeir endurskoða skjöl bankans.

Lán **ÓÓ.** Athugasemdin rétt, það sem hún nær; en hún lætur þess ógetið, að húsveð er að baki. Nú borgaðar 600 kr. af láninu (900 kr. eftir).

Lán **PP.** og **QQ.** — Sama að segja, sem um (BB., DD og FF).

Lán **RR.** og **SS.** Athugas. rétt, en vísast til láns **NN** hér að framan.

Lánið RR upphaflega 100 kr.; nú 50 kr. eftir. Lánið SS. 600 kr.; 100 kr. greiddar af því.

Lán **TT.** Eigendur tveir samkv. veðbókarvottorði; annar veðsetur alla eignina án þess, að leyfi liggi *nú* fyrir. En 3 dögum síðar er veðsetningunni þinglýst *án* nokkurrar athugasemdar. Bersýnilega sama tilfelli, sem við lánin JJ. og LL. Auk þess hefir bankastjóri Tr. G. ritað á hornið neðst á veðleyfinu: »NB. eignarheimild afh.«.

Lán **UU.** Athugasemdin ekki rétt. Lántakandi hefir *sjálfur* undirskrifað skuldabréfið.

Lán **XX.** Lánið 100 kr. Sá, sem lánið er veitt, og sá, sem ábyrgðirnar eru stýlaðar upp á, eru báðir á sama bæ, og því líklegt, að hinn fyrnefndi hafi tekið lánið í umboði hins síðarnefnda. Hvort slíkt umboð hafi fylgt skjölum lánsins, getur nefndin eigi sagt. Nú kvað það eigi finnast með skjölunum. Hafi umboðið fylgt, getur nefndin því síður neitt um það sagt, hvort það hafi glatast hjá hinni gömlu bankastjórn eða hinni nýju.

Lán **ÝÝ.** Lánið upphaflega 2000 kr. Með gestaréttardómi Rvíkur 14. jan. 1910 eru 4 af 5 ábyrgðarm. dæmdir »*in solidum*« til að greiða eftirstöðvar lánsins kr. 1324,25, en 1 ábyrgðarmaður sýknaður, sakir breytingar á veðrétti, er var til tryggingar láninu.

Um lánin EE. 1 — EE. 12 (sjá undir EE. hér að framan) er þetta að segja: Athugasemdirnar við EE. 1 og EE. 3 eru ósannar. Við EE. 2 eru heimili ábyrgðarmanna tilgreind vtð nöfnin, sömuleiðis við EE. 4, EE. 5 — EE. 6. Lánin EE. 7 og EE. 8; um athugas. verður ekki sagt, því að lánin eru að fullu borguð og skjölin farin úr bankanum.

Við EE. 9 undirskriftirnar staðfestar. — Við EE. 10.: Athugas. rétt, en ábyrgð endurnýjuð nokkrum mánuðum síðar og þá staðsett og dagsett. — Við EE. 11, undirskr. vottaðar. EE. 12, athugas. rétt.

Lánbeiðnir allra þessara lána eru dagsettar og því auðgert, að »identificera« lánin. Gallarnir hafa því ekki áhrif á gildi skjalanna.

14. fundur 24. Mars kl. 8½ árd. Yfirfarnar aths. nefndarinnar við skjölin XIII, nr. 1 og nr. 2 út að láninu TT. (meðtöldu).

15. fundur 25. Mars árd. Form. lagði fram bréf frá stjórnarráðinu dags. 25. þ. m. (XIV) ásamt gerðabók landsbankarannsóknarnefndarinnar stjórnskipuðu, löggilta 2. okt. 1909. Lagði enn fremur fram bréf frá Magnúsi Sigurðssyni dags. 23. þ. m. (XV), þar sem hann býður nefndinni að formaður hennar og ritari (en ekki aðrir nefndarmenn) megi sjá matsbókina heima hjá sér til að sannfæra sig um, að hún sé þó til. Ennfr. tjáir hann nefndinni, að hann hafi ekki á móti, (fyrir sitt leyti) að nefndin fái útdrátt úr bókinni, ef samþ. meðnefndarmanna hans fáist til þessa. —

Nefndin tók til athugunar, hvort sinna ætti þessum tilboðum. Samþ. svofeld bókun með 4 atkv gegn 1 (H. G.):

»Með því að nefndin fær eigi séð að hún geti — eins og nú er áliðið þingtímans — rannsakað mat rannsóknarnefndarinnar stjórnkjörnu á tapi bankans neitt til hlítar, þótt hún fái seint og síðarmeir einhvern útdrátt úr matsbókinni, og eigi getur komið til mála að fara að gera upp á milli nefnd-

arm. þannig, að sumir fái að sjá matsbókina, en sumir ekki — sér hún ekki ástæðu til að sinna bréfi þessu frekara«.

Hálfdán Guðjónsson vildi halda áfram tilraunum til að fá staðf. útdrátt úr matsbókinni.[1])

XIV.

Stjórnarráðs Íslands.

Reykjavík, 21. Mars 1911.

Í framhaldi af bréfi héðan, dags. 14. þ. m., sendir stjórnarráðið hinni háttvirtu nefnd hér með gerðabók rannsóknarnefndar Landsbankans, löggilta 2. Okt. 1909.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Til
rannsóknarnefndar neðri deildar Alþingis.

XV.

Magnús Sigurðsson
yfirréttarmálaflutningsmaður.

Reykjavík, 23. Mars 1911.

Bréfi hinnar háttvirtu nefndar, dags. 22. þ. m., leyfi ég mér að svara á þessa leið:

Umrædda bók, sem í eru meðal annars upplýsingar um einstaka menn, sem gefnar voru oss rannsóknarnefndarmönnunum undir þagnarloforði, vil ég, eins og áður hefir verið boðið gegnum landritara, leyfa formanni og skrifara háttvirtrar þingnefndar að sjá heima hjá mér, svo að þeir geti fullvissað sig um, að bókin er til og á hvern hátt hún er færð, en auðvitað undir fullkomnu þagnarloforði um allar upplýsingar um einstaka menn, er þeir kynnu að sjá.

Ég geri ráð fyrir, að meðnefndarmenn, sem eru sameigendur mínir að bókinni verði þessu ekki mótfallnir.

Að lokum skal ég geta þess, að ég hefi látið það í ljósi við suma þing-

1) Stjórnarráðið hafði eftir ósk nefndarinnar ritað Karli sýslumanni Einarssyni um matsbókina, en hefir aldrei neina tilkynningu fengið um svör hans. Hefði verið farið að leita samþykkis hans til útdráttar um þetta leyti, hefði ekki svar hans getað komið og útdr. orðið fullger og staðfestur fyrri en svo langt var liðið á þing, að fjárlög og stjórnarskrá og önnur síðbúin stórmál tóku upp allan tíma þingmanna. — Meirihluti nefndarinnar.

nefndarmennina, að ég fyrir mitt leyti hafi ekki á móti því, að nefndin fái útdrátt úr framangreindri bók, þar sem að eins væru undanskildar upplýsingar um einstaka menn, en með því að ég er ekki einn eigandi bókarinnar og hefi ekki yfirráð yfir henni einn, þá þarf nefndin einnig að fá samþykki frá meðnefndarmönnum mínum, og er henni innan handar að fá strax að vita vilja meðnefndarmanns míns hér í Reykjavík í þessu efni.

Virðingarfylst.

Magnús Sigurðsson.

Til
rannsóknarnefndar neðri deildar Alþingis.

16. fundur í Landsbankanum kl. 8½ árdegis. Athugað það, sem eftir var af sjálfskuldarábyrgðarlánum á skrá bankastj. — lánin UU., XX. og YY.

17. fundur í Landsbankanum 29. Mars kl. 8½ árdegis. Á 16. og 17. fundi voru bankastj. viðstaddir. Á þeim fundum voru athugaðar aths. bankastj. við reikningslán (sjá XIII, nr. 3).

Skýrsla um nokkur reikningslán Landsbankans.

Nr.	Hámark lánsins kr.	Trygging	31. desbr. 1909		
			Upphæð lánsins		Vextir greiddir til
			kr.	a.	
RA	5000	[1]) 2. veðréttur í húseign félags. [2]) Sjálfskuldarábyrgð — 16 manna.	4898	93	1/1 1909
RB	3000	Kaupmaður ábyrgist í bréfi til bankastjórnarinnar dags. í Reykjavík 5/8 1904 alt að 3000 kr. reikningslán fyrir eina verzlun sina. Undirskrift hans eðlilega án votta.	8634	19	31/12 1909
RC	36000	Sjálfskuldarábyrgð 16 manna eftir samningum, en 23 hafa skrifað undir ábyrgðarskjalið.	35294	88	23/8 1909
RD	2000	Sjálfskuldarábyrgð 12 manna.	1968	18	1/8 1908
RE	3000	Sjálfskuldarábyrgð 4 manna.	2996	»	30/10 1909
RF	800	Sjálfskuldarábyrgð 2 manna.	799	23	26/5 1908

reikningslán Landsbankans.

Athugasemdir	4. mars 1911		
	Upphæð lánsins		Vextir greiddir til
	kr.	a.	
7. liður samningsins hljóðar svo: Í byrjun aprílmánaðar hvers árs (árin 1903—1905) greiðir lántakandi ½% af reikningsláns-upphæðinni í provision eður 25 kr. í hvert sinn, en hafi hann eigi greitt gjald þetta innan aprílmánaðarloka, er samningur þessi fallinn úr gildi. 8. liður hljóðar svo: »Með takmörkunum þeim og skilyrðum, sem að framan eru sett, gildir samningur þessi til marsmánaðarloka 1906«. — Úr því er hvorki samningurinn né ábyrgðin endurnýjuð skriflega, en lánuð upphæðin samningslaust úr því. — Samningurinn hefir ekki verið þinglesinn. Í ábyrgðarskjalinu er vitnað til laga félagsins um lántökuheimildina og ábyrgð félagsins, en lögin liggja ekki fyrir. —	4800	«	31/12 1910
Samningur var enginn til um lánið. Til 1906 fer skuldin aldrei upp úr 3000 kr., en þá er 3000 kr. í yfirskriftinni í reikningslánabókinni breytt í 5000 kr. (5 skrifaðir ofan í 3). Síðan stígur skuldin jafnvel yfir 10000 kr. Fyrir þessari hækkun lánsins finst hvorki leyfi kaupmannsins né nein önnur ábyrgð. Nú hefir nýr samningur verið gerður um lánið.	2498	76	31/12 1910
Ábyrgðarskjölin ódagsett og óstaðsett. Ábyrgðarmennirnir hafa ekki fengist til að endurnýja ábyrgðina, þó að stöðugar tilraunir hafi verið gerðar til þess síðastl. ár. — Lántökuheimildin vafasöm, þar sem 2 menn taka lánið fyrir félagið, án þess að umboð frá félaginu eða leyfi til lántökunnar liggi fyrir.	35054	54	31/12 1910
Lánið tekið af stjórn félags fyrir þess hönd. Lög félagsins liggja ekki fyrir né heldur nein skilríki fyrir heimild stjórnarinnar til þess að skuldbinda félagið á þennan hátt. — Lánið álitið illa trygt.	1968	18	Af áföllnum vöxtum til 31/12 1910, er alls námu kr. 260,37, auk dráttarvaxta, eru nú greiddar 100 kr.
Lánið hefir verið afhent málaflutningsmanni 14/9 1909, en tekið frá honum aftur, með því að lántakandi greiddi áfallna vexti til 30/10 1909. Síðan hefir hann hvorki fengist til að greiða áfallna vexti, né til þess að borga af láninu.	2996	«	30/10 1909
Lánið er álitið illa trygt. — Hámark lánsins er nú fært niður í kr. 712,14.	712	14	31/12 1910

Nr.	Hámark lánsins kr.	Trygging	31. desbr. 1909		
			Upphæð lánsins		Vextir greiddir til
			kr.	a.	
RG	4000	[1]) Lífsábyrgðarskírteini frá »Statsanstalten«, að upphæð 4000 kr. [2]) hlutabréf 500 kr. í verksmiðju. [3]) 1. veðréttur í jörð. [4]) 2. veðréttur í jörð. [5]) Húseign með 2. veðrétti. [6]) Erfðafestuland með 2. veðrétti.	3989	51	7/11 1909
RH	350	Sjálfskuldarábyrgð 5 manna.	350	»	1/12 1908
RI	40000	[1]) Húseign með 5345 □ ál. lóð. [2]) »Bær« með tilheyrandi lóð og sérstök lóð 803 □ ál. [3]) Sjálfskuldarábyrgð 8 manna. Enn fremur til tryggingar þessu láni og víxli þá að upphæð 11517 kr. 2. veðréttur í 2 húseignum.	39482	13	6/6 1909
RK	16000	[1]) 2. veðréttur í húseign. [2]) Sjálfskuldarábyrgð 8 manna.	15763	33	28/6 1909
RL	12000	[1]) 2. veðréttur í húseign. [2]) Sjálfskuldarábyrgð 11 manna.	11515	50	17/11 1907
RM	40000	[1]) Húseign með öðrum veðrétti næst eftir 18000 kr. veðdeildarláni og ýmis áhöld félagsins. [2]) Sjálfskuldarábyrgð 24 manna.	39995	49	11/8 1909
RN	15000	Sjálfskuldarábyrgð 110 manna.	14836	11	19/9 1909

reikningslán Landsbankans.

Athugasemdir	4. mars 1911		
	Upphæð lánsins		Vextir greiddir til
	kr.	a.	
Samningurinn gerður 6. maí 1905, en innritaður í veðmálabækur og þinglesinn ekki fyr en í mars 1910. Jarðirnar og húseignin nú leyst úr veði, enda hámark lánsins fært niður í 1000 kr.	1000	»	3/4 1910
Lánið álitið illa trygt. — Afhent málaflutningsmanni 18/7 1910.	350	»	1/12 1908
Lánið er álitið mjög illa trygt, enda bú sumra ábyrgðarmannanna tekin til þrotabúsmeðferðar. — Skiftaréttur-inn hefur selt aðra húseignina, sem var að veði fyrir þessu láni og víxli, 11517 kr., en jafnframt greitt inni lánið kr. 1541.91 upp í lán og víxil. — Sú húseign er því leyst úr veðbandi.	34647	85	6/6 1909
Lánið álitið illa trygt. — Afhent málaflutningsmanni, sem hefir fengið hjá lántakanda 600 kr. upp í vextina. Nokkuð af áföllnum vöxtum til 30/6 1910 er yfirfært á lánið sjálft; þess vegna er upphæð lánsins nú talin hærri en 31/12 1909.	15977	23	30/6 1910
Lánið álitið því sem næst altapað. Fasteignarveðið selt á nauðungaruppboði, afgangurinn af söluverðinu lagður inn í lánið, kr. 1465,46. — Með láninu voru upphaflega greiddir 3 afsagðir víxlar, samtals að upphæð 8400 kr. auk kostnaðar.	10050	04	17/11 1907
25/7 1910 er aukatrygging gefin í öllum áhöldnm félagsins, samkvæmt sundurliðaðri skrá. — Lánið álitið illa trygt. Hámark lánsins nú fært niður í 35000 kr.	34997	40	30/6 1910
Lánið álitið því sem næst altapað, með því að sömu 110 menn eru einnig í sjálfskuldarábyrgð fyrir öðru láni að upphæð 35000 kr. upphaflega, en nú að eftirstöðvum kr. 30257,20	14498	07	19/6 1909

Nr.	Hámark lánsins kr.	Trygging	31. desbr. 1909		
			Upphæð lánsins		Vextir greiddir til
			kr.	a.	
RO	23000	[1]) Lóðarblettir (erfðafestuland) með 1. veðrétti. [2]) Sjálfskuldarábyrgð 2 manna.	18173	72	27/8 1909
RP	1000	Sjálfskuldarábyrgð 4 manna.	991	05	14/12 1908
RQ	5000	[1]) Handveð í skuldabréfi trygðu með: a) 1. veðrétti í fiskiskipi. b) 2 veðrétti í húseign. [2]) Sjálfskuldarábyrgð 4 manna.	5044	60	31/7 1908
RS	3500	[1]) 2. veðréttur í jörð næst eftir 6500 kr. veðdeildarláni. [2]) Sjálfskuldarábyrgð 2 manna.	3445	21	30/8 1908
RT	10000	Sjálfskuldarábyrgð 5 manna. Enn fremur sem handveð ábyrgðarskjöl 25 manna.	9995	17	3/10 1902
RU	12000	[1]) 1. veðréttur í innanstokksmunum samkvæmt sundurliðaðri skrá. [2]) 2. veðréttur í húseign. [3]) Sjálfskuldarábyrgð 7 manna.	12311	76	22/9 1909

reikningslán Landsbankans.

Athugasemdir	4. mars 1911		
	Upphæð lánsins		Vextir greiddir til
	kr.	a.	
Leyst úr veðbandi 6684 □ áln. af veðinu, ódagsett. — $^{8}/_{9}$ 1909 leyst úr veðbandi »það, sem Reykjavíkurbær keypti af erfðafestulandinu«, og hámark lánsins fært niður í 18500 kr. $^{30}/_{12}$ 1907 selur lántakandi bankanum að handveði fyrir láninu: 4 skuldabréf að upphæð 5347 kr. Fyrir þessum skuldabréfum eru lóðir að veði. Vegna þessara breytinga, sem gerðar eru án samþykkis ábyrgðarmanna, telja þeir sig lausa við ábyrgðina. Lánið var því álitið illa trygt. $^{1}/_{8}$ 1910 er gefin aukatrygging í 3 lóðarblettum, virtum c. 20,000 kr.	16605	80	$^{31}/_{12}$ 1910
Lánið álitið illa trygt.	989	38	$^{31}/_{12}$ 1909
Lántakendur gjaldþrota. — Skipið selt. — Lánið afhent málaflutningsmanni til innheimtu $^{19}/_{6}$ 1909.	4920	60	$^{31}/_{7}$ 1906
Eftir að lánið er veitt, hefir lántakandi fengið viðbótarlán í veðdeildinni án samþykkis ábyrgðarmannanna. — Lántakandi og að minsta kosti annar ábyrgðarmaðurinn gjaldþrota. Hinn ábyrgðarmaðurinn talinn öreigi. — Veðið selt og lagt út veðdeildinni.			
Lántakandi skrifar undir samninginn sem lántakandi, og sem ábyrgðarmaður »í umboði« eins ábyrgðarmannsins, en umboðið er ekki við skjölin.	9176	12	$^{31}/_{12}$ 1910
Umboð til lántökunnar er gefið 5 mönnum, en að eins einn þeirra hefir »disponerað« yfir láninu og gefur síðan öðrum manni utan umboðsmannanna þann rétt, án þess að samþykki þeirra liggi fyrir.	11964	54	$^{30}/_{6}$ 1910

Athuganir við skýrslu bankastj. um nokkur reikningslán (XIII, Nr. 3).

Lán **RA**. Skuldabréfið ekki þinglesið, viðskiftum haldið áfram án endurnýjunar með sérstökum samningi, lántaki eitt öruggasta viðskiftafélag hér á landi. Sjálfskuldarábyrgðin ein virðist næg trygging, en auðvitað ætti að þinglesa samninginn.

Lán **RB**. Fyrv. bankastj. segir, að fyrir liggi fleiri bréf frá þessum kaupmanni, sem muni innihalda beiðni hans um lánshækkunina. Annars sér nefndin ekkert að athuga við lánið.

Lán **RC**. Ábyrgð fyrir þessu láni mun vera góð, (nokkrir af ábm. stórefnaðir menn), og ekki getur það spilt til, þó að fleiri hafi skr. undir ábyrgðarskjöl heldur en tilskilið var.

Lán **RD**. Sjálfskuldarábyrgðarmennirnir flestir orðnir lélegir nú, þótt sumir þeirra eigi eitthvað og hafi sumir góða atvinnu.

Lán **RE**. Lántakandi lítill skilamaður. En þrír af ábm. ættu hver um sig að vera fullgóðir fyrir láninu.

Lán **RF**. Lántakandi orðinn mjög tæpur nú, en lánið þó væntanl. örugt, ef eftir er gengið.

Lán **RG**. Lántakandi talinn stórefnaður maður, er lánið var veitt, nú orðinn öreigi. Lánið mun þó eftir atvikum mega kalla hættulaust.

Lán **RH**. Réttarsátt við 2 ábm. við greiðslu lánsins.

Lán **RI**. Sbr. 26. fund hér á eftir, og bréf fv. bankastj. Tr. Gunnarssonar til nefndarinnar, dags. 2. og 3. maí.

Lán **RK**. Lánið ekki sem bezt trygt, en þó að áliti kunnugs málafl.manns örðugt að segja enn, hvort nokkuð muni tapast af því.

Lán **RL**. Lánþegi efnil. kaupm. í uppgangi þegar lánið var veitt; nú öreigi, bygði sig á höfuðið. Lánið sjálfsagt að miklu tapað, þótt vera megi, að bankinn geti haft einhvern hagnað af húsinu, sem hann mun hafa eignast, síðar er fasteignir ná sér aftur í verði.

Lán **RM**. Lánið má teljast vel trygt, bæði með veði og ábyrgðarm.

Lán **RN**. Bændaverzlunin í Ólafsvík. Á það lán verður sérstaklega minst síðar.

Lán **RO**. Verður efiir atvikum að álítast vel trygt.

Lán **RP**. Um það þorir nefndin ekkert að segja. Maðurinn víst efnalítill, en hefir þó ávalt góða atvinnu.

Lán **RQ**. Lántakendur efnilegir aflamenn, er lánið var veitt, en urðu fyrir óhöppum og urðu gjaldþrota.

Lán **RS**. Séra Eiríkur Briem og Tryggvi Gunnarsson hafa gefið skýrslu um þetta lán á 27. fundi nefndarinnar, og visast þangað um það.

Lán **RT**. Lántakaudi er alþingism., og skulum vér engan dóm á lánið leggja.

Lán **RU**. Lántakandi nokkrar templarastúkur; veð í lausafé virtu á 20,000 kr.; 2. veðréttur í Templarahúsinu; 7 sjálfskuldarábyrgðarmenn; af þeim fimm, sem umboð fengu til lántökunnar, hefir að eins einn undirskrifað. En samkvæmt stöðu hans í reglunni virðist ekkert við það að athuga. Lánið virðist mega álíta trygt, ef sæmilega er eftir gengið.

18. fundur og 19. fundur

haldnir í Landsbankanum 6. og 10. apríl kl. 8½ árdegis. Jón Ólafsson hafði forföll á síðara fundinum. Á fyrra fundinum var athugað skjal bankastjórnarinnar XIII, Nr. 4., liðirnir Vd. 1. til Vd. 36 (meðtalið); á síðara fundinum liðirnir Vd. 37 til Vd. 59 (meðtalið).

XIII, Nr. 4.

Athugasemdir (bankastjóra) við lán 1. flokks veðdeildar Landsbanka Íslands.

Vd 1. 27. júlí 1900.
Kvittanir fyrir vátryggingargjöldum vantar eftir 1902.

Vd 2. 27. júlí 1900.
Kvittanir fyrir vátryggingariðgjöldum vantar eftir 1907.

Vd 3. 3. ág. 1909.
Engin lýsing á veðinu, að eins ákveðið virðingarverð.

Vd 4. 7. ág. 1900.
Kvittanir fyrir vátryggingargjöldum vantar eftir 1906.

Vd 5. 7. ág. 1900.
Virðingargerð er framkvæmd á annari eign en þeirri, sem veðsett er. Kvittanir fyrir brunabótargjöldum vantar eftir 1905.

Vd 6. 13. ág. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar eftir 1905.

Vd 7. 4. ág. 1900.
Veðbókarvottorð tilnefnir engan eiganda að veðinu.

Vd 8. 1. sept. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar eftir 1905.

Vd 9. 13. sept. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar eftir 1901.

Vd 10. 24. sept. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar 1906.

Vd 11. 24. sept. 1900.
Vátryggingarskírteini hefir aldrei verið afhent, þótt áskilið hafi verið, 1000 kr. vátrygging á íbúðarhúsi (á jörðu, sem er að veði), og engar kvittanir eru til — þ. e. vátrygging hefir aldrei komist í framgang.

Vd 12. 24. sept. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar eftir 1908; 1600 kr. vátrygging er áskilin, lánsupphæð 1600 kr. Umboð er gefið til að veðsetja 11,3 hndr. úr jörðu, sem samkv. veðbókarvottorði og jarðabók er 22,4 hndr., en í virðingargerð er talin 22,5 hndr. Í skuldabréfi er veðsett hálf jörðin.

Vd 13. 28. sept. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjötdum vantar eftir 1905. Askilin vátrygging 2000 krónur.

Vd 14. 1. okt. 1900.
Veðið er jörð með 14 hjáleigum. Engra húsa er getið í vátryggingargerð.

Vd 15. 6. okt. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar eftir 1904.

Vd 16. 6. okt. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar eftir 1909.

Vd 17. 6. okt. 1900.
Kvittanir fyrir brunbótagjöldum vantar eftir 1905.

Vd 18. 6. okt. 1900.
Vátryggingarskírteini hefir aldrei verið afhent bankanum. Engar kvittanir eru til eftir 1905. Áskilin vátrygging 2000 kr.

Vd 19. 6. okt. 1900.
Veðbókarvottorð getur ekki lóðar (húseign á Akureyri). Virðing er ósundurliðuð á 2 húsum og lóð. Kvittanir vantar eftir 1905.

Vd 20. 8. okt. 1900.
Veðið er húseign í Hafnarfirði. Engin vátrygging hefir verið áskilin. Þó eru kvittanir til fyrir iðgjöldum til 1906, en vátryggingarskírteini hefir aldrei verið afhent.

Vd 21. 9. okt. 1900.
Vátryggingarupphæð ótiltekin, (vátrygging ekki áskilin í skuldabréfi). Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til 1906. Lóðarsamningur tekur ekki fram leyfi til veðsetningar.

Vd 22. 10. okt. 1900.
Veðið er huseign í Reykjavík. Lóðar er ekki getið í veðbókarvottorði né skuldabréfi. (En tillit tekið til hennar í lánveitingunni).

Vd 23. 10. okt. 1900.
Veðið er húseign í Reykjavík. Lóðar er ekki getið í veðbókarvottorði né skuldabréfi. (En tillit tekið til hennar í lánveitingunni).

Vd 24. 11. okt. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar eftir 1907.

Vd 25. 11. okt. 1900.
Vantar vátryggingarskírteini og kvittanir eftir 1906.

Vd 26. 12. okt. 1900.
Sama aths. og við Vd 22.

Vd 27. 12. okt. 1900.
Sama aths. og við Vd 26 o. fl.

Vd 28. 13. okt. 1900.
Veðsett er húseignin nr. 61 við Laugaveg og er veðbókarvottorð um þá eign, en ekki getið lóðar. Virðing er gerð á húseign nr. 67.

Vd 29. 13. okt. 1900.
Sama aths. og við Vd 27.

Vd 30. 13. okt. 1900.
Sama.

Vd 31. 15. okt. 1900.
Veðsett er húseignin nr. 12 við Laugaveg. Í virðingargerð er talið með: Lóð og geymsluhús (554,25 + 620,00 kr.), alt virt 5109,25 kr., lánað 2,300 kr. En hvorki geymsluhúss né lóðar er getið sérstaklega í veðbókarvottorði eða skuldabréfi.

Vd 32. 15. okt. 1900.
Veðsett er: eignarhluti N. N. úr húseign nr. 12 við N. N.-stræti Veðbókarvottorð hljóðar um sama. En virt er »húseign N. N. (sama) N. N. (sama) stræti, nr. 12« — (þ. e. öll húseignin?) Hvergi talað um lóð, nema í virðingargerð.

Vd 33. 16. okt. 1900.
Húseign í Rvík. Lóðar ekki getið í veðbókarvottorði né skuldabréfi, en tillit tekið til hennar við lánveitinguna.

Vd 34. 17. okt. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar eftir 1907.

Vd 35. 18. okt. 1900.
Húseign á Akranesi. Engin skilríki eru til fyrir lóðinni og engin lóð veðsett. Kvittanir fyrir brunabótagjaldi vantar eftir 1902.

Vd 36. 18. okt. 1900.
Sama aths. og við Vd 33.

Vd 37. 18. okt. 1900.
Umboð hefir verið gefið til að taka lán hjá veðdeildinni, en ekki tekið fram, hvað setjast skyldi til tryggingar því láni.

Vd 39. 19. okt. 1900.
Sama aths. og við Vd 33.

Vd 39. 20. okt. 1900.
Sama.

Vd 40. 23. okt. 1900.
Sama.

Vd 41. 27. okt. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar fyrir 1908.

Vd 42. 30. okt. 1900.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum vantar fyrir 1902.

Vd 43. 30. okt. 1900.
Veðleyfi tekur ekki fram vexti af láninu eða kostnað við innheimtu þess.

Vd 44. 3. nóv. 1900.
Kvittanir fyrir vátryggingariðgjaldi vantar eftir 1905.

Vd 45. 8. nóv. 1900.
Kvittanir fyrir vátryggingariðgjaldi ná til 1910.

Vd 46. 8. nóv. 1900.
Veð húseign í Rvík. Veðbókarvottorð getur ekki um lóð, en hún á að vera 2426 □ al. ræktuð og óræktuð. Annar virðingarmaður er samkv. veðbókarvorði veðhafi í eigninni og sá maður tekur lánið »eftir umboði«, en í því umboði er ekki lagt fyrir, að setja neina eign að veði fyrir láninu, að eins að taka lán í veðdeildinni.

Vd 47. 8. nóv. 1900.
Samkv. veðbókarvottorði á veðsali að eins $^4/_5$ úr hinni veðsettu eign, og $^{25}/_2$ 1909 er $^1/_5$ úr allri eigninni leystur úr veðbandi (þ. e. sá hluti, sem veðsali átti ekki?) Auk þess er eignin í virðingargjörð talin töluvert stærri (c. 11 hndr. á landsvisu), en hún á að vera, að meðtöldum þessum oftalda $^1/_5$ hluta.

Vd 48. 10. nóv. 1900.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til 1905.

Vd 49. 13, nóv. 1900.
Veð: jörðin N. N.[1] með öllum húsum, jarðirnar N. N.[2] og N. N.[3] Lánsupphæð 1500 krónur. Virðingarverð allra jarðanna er c. 16000 kr. án húsa. En húsin í N. N.[1] eru virt á 21000 kr., og er hvorki í útgjaldaskipun né í skuldabréfi neitt minst á vátryggingu þessara húsa. Vátryggingarskirteini er þó til fyrir 10000 kr., en kvittanir ná að eins til 1907.

Vd 50. 14. nóv. 1900.
Hvorki í veðbókarvottorði né skuldabréfi er getið um lóð, er fylgi húseign þeirri á Akranesi, sem hér er að veði, og enginn lóðarsamningur er í skjölunum. Lóðarréttindi fylgja þannig engin í veðinu. Hin veðsetta húseign er samkv. virðingargjörð *tvö* hús. Í skuldabréfi er veðsett »svo kallað N. N.-hús« og því síðan *breytt* í »svokölluð« o. s. frv. Veðbókarvottorð er gefið um að eins eitt hús. Umboð er gefið til lántökunnar, og er þar talað um, að veðsetja »húseign mína á Skipaskaga«. — Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til 1908.

Vd 51. 17. nóv. 1900.
Veð: Húseign í Rvk. Vantar skilríki fyrir óbyggðri lóð, sem tekið er tillit til í lánveitingunni. —

Vd 52. 21. nóv. 1900.
Umboð, sem gefið er til þessarar lántöku og veðsetningar, er gefið til að »taka á móti peningum þeim, sem eg (þ. e. umbjóðandi) kann að fá í landsbankanum« og leggja fram hin nauðsynlegu skjöl »er eg sendi yður, og svo að senda mér peningana með næstu póstferð«(!) og skal alt, er velnefndur herra gerir í þessu efni hafa sömu þýðingu o. s. frv. Það er að segja: ekki minst á það, sem umboð átti að gefast til, sem sé *veðsetningu* og *lántöku*.

Vd 53. 28. nóv. 1900.
Veðið (jörð) er virt með öllum hlunnindum á 3000 kr., en samkv.

veðbókarvottorði er veiðiréttur að nokkru leyti (1/2) genginn undan jörðinni. Lán veitt 1500 krónur.

Vd 54. 1. des. 1900.
Vátryggingarskirteini vantar, en kvittanir ná til 1909.

Vd 55. 1. des. 1909.
Veðið er húseign á Stokkseyri. Lóðarréttindi eru ekki tilgreind, sem veðsett í skuldabréfi, en eru þó innifalin í virðingarverðinu. Vátrygging er ekki áskilin í útgjaldaskipun né henni heitið í skuldabréfssamriti, því er sent hefir verið til þinglesturs, né í eftirritinu, en aftur á móti er 1200 kr. vátryggingu heitið í samriti því, sem eftir hefir orðið í bankanum (sett í á eftir?) Kvittanir fyrir brunabótagjaldi ná þó til 1905.

Vd 56. 6. des. 1900.
Veðleyfi tekur ekkert fram um vexti og kostnað. —

Vd 57. 13. des. 1900.
Húseign í Rvík virt til brunabóta 1680 kr. og vátrygð fyrir 1120 kr. Lánsupphæð 1900 kr. Peningavirðing 3876 kr. Lóðar ekki getið í veðbókarvottorði né skuldabréfi. —

Vd 58. 15. des. 1900.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til 1907.

Vd 59. 18. des. 1900.
Húseign á Sauðárkróki. Engin skilríki fyrir lóð. Vantar vátryggingarskirteini og kvittanir eftir 1905.

Vd 60. 19. des. 1900.
Beðið hefir verið um 1800 kr. lán gegn veði í 2 jörðum, er virtar hafa verið á 1109 kr. + 2185 kr., en veitt 1600 kr. lán. En 28. okt. 1909 hafa verið borgaðar samtals kr. 283,33 af þessu láni og er þá minni jörðin leyst úr veðbandi. Ný virðing á hinni jörðinni telur hana þá að vísu 2350 kr. virði og hús hennar að auk 1000 kr. hærri en áður, en hús eru óvátrygð frá upphafi.

Vd 61. 19. des. 1900.
Veð: húseign á Stokkseyri. Lóðarsamningur er uppsegjanlegur frá lóðareiganda háltu, ef leigjandi »stendur ekki í skilum«. Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til 1905. —

Vd 62. 19. des. 1900.
Veðleyfi tekur ekki fram um vexti og kostnað. —

Vd 63. 20. des. 1900.
Vantar brunabótaskírteini.

Vd 64. 12. jan. 1910.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til 1907.

Vd 65. 28. jan. 1901.
Kvittanir fyrir brunabótagjaldi vantar eftir 1905.

Vd 66. 8. febr. 1901.
Veð: húseign á Stokkseyri ásamt lóð og hafnarfestum. Lóðarsamning vantar, á útgjaldaskipun er lagt fyrir að þinglýsa honum og hefir hann likl. lent í flækingi upp úr því(?) Vátrygging áskilin 1000 kr. Kvittanir ná til $^{24}/_{8}$ 1905.

Vd 67. 9. febr. 1901.
Húseign í Reykjavik. Umboð er gefið til lántökunnar, en það tiltekur enga eign, sem veðsetja megi fyrir láninu. Veðbókarvottorð getur ekki lóðar.

Vd 68. 18. febr. 1901.
Veðið: Jörðin V., virt húsalaus á 5500 kr., og G., virtur á 2000 kr. Lánsupphæð 3500 kr., Ár 1908 $^{21}/_{9}$ leysir Tr. G. G. úr veði, en þó hefir þá ekki verið borgað af láninu meira en kr. 262,29 alls. Full 3200 kr. verða því að hvila á V., eða 500 kr. meira en leyfilegt er. Hús eru öll óvátrygð. V. er fyrir skömmu keypt (af veðsala) með öllum húsum (húsin eru virt á kr. 1500,00) fyrir 5000 krónur.

Vd 69. 6. mars 1901.
Veð: húseign í Rvik. Veðbókarvottorð er gefið um hús við Garðbæjarstig og getur ekki um lóð. Virðingargerð á við húseign við Bræðraborgarstig með óbygðri lóð. Húsið virt á 2295 kr. + lóð kr. 680,70, lánað 1200 kr.

Vd 70. 14. mars 1901.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til 1909.

Vd 71. 14. mars 1901.
Vantar vátryggingarskirteini. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til 1906.

Vd 72. 14. mars 1901.
Veðleyfi er gefið af ómyndugum, samþykt af fjárhaldsmanni, en vottorð um fjárhaldsmann vantar.

Vd 73. 30. mars 1901.
Veðið jörð virt húslaus á 2551 kr. með húsum 5378 kr. Lán veitt 2000 kr.; vátrygging heitið í skuldabréfi 1000 kr. Vátryggingarskirteini er ekki til og ekki ein kvittun fyrir iðgjöldum.

Vd 74. 1. apr. 1901.
Ef samþykki giftrar konu þarf til veðsetningar á erfðahluta hennar af mannsins hendi, þá er veðleyfi hér ófullnægjandi (og eru það miklu viðar). Veðið er í skuldabréfi talið virt á 2100 kr., en á að vera 1500 kr.

Vd 75. 2. apr. 1901.
Vantar vátryggingarskirteini og að eins ein kvittun fyrir iðgjaldi er til og nær til $^{12}/_{9}$ 1902.

Vd 76. 13. apr. 1901.
Veð: hús á Siglufirði. Enginn lóðarsamningur og lóðar hvergi getið í skjölunum, nema í virðingargerð, og er þar sagt að »engin lóð fylgi húsinu«. Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til 1905.

Vd 77. 13. mai 1901.

Veð: húseign í Rvík. Virðingarverð án lóðar 4750 kr. (lóð 564 kr.) lán veitt 2500 kr. Veðbókarvottorð getur ekki um lóð. Húseign þessi var seld $^{14}/_{3}$ 1901 fyrir 4700 kr. (með lóð), en virðingargerð er dagsett $^{13}/_{4}$ 1901. Ekki er þess getið, að eignin hafi verið bætt eða aukin síðan salan fór fram. Vátryggingarskírteini vantar.

Vd 78. 14. mai 1901.

Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til $^{3}/_{2}$ 1907.

Vd 79. 15. mai 1901.

Vátryggingarskírteini vantar. Kvittanir ná til 1905.

Vd 80. 17. mai 1901.

Lóðarsamningur tekur fram, að »meðan leiguliði stendur í skilum með grunnleiguna, getur lánardrottinn ekki sagt honum upp«. — Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til 1906 og skírteini vantar frá því félagi, sem síðast hefir verið tryggt hjá.

Vd 81. 23. mai 1901.

Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til 1908.

Vd 82. 1. júní 1901.

Veð: húseign á Svalbarðseyri. Umboð er gefið til lántökunnar. Veðsali á lóðina, sem húsið stendur á, en hún er ekki veðsett í skuldabréfi, enda ekki gefið umboð til þeirrar veðsetningar og lóðarverðið virðist ekki vera innifalið í virðingarverði hússins. Vátryggingarskírteini hefir aldrei verið afhent bankanum og engin kvittun fyrir iðgjöldum. En með skjölunum liggur vottorð frá Chr. Nielsen í Kaupmannahöfn dags. $^{10}/_{5}$—'05 um að húsið sé vátrygt.

Vd 83. 8. júní 1901.

Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{7}/_{6}$ 1909.

Vd 84. 11. júní 1901.

Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til 1905.

Vd 85. 20. júní 1901,

Hús í Rvík. Söluverð 1000 kr., virt 1650 kr., lánað 700 kr.

Vd 86. 25. júní 1901.

Veðbókarvottorð vantar, en þinglestur er án athugasemdar.

Vd 87. 26. júní 1901.

Umboð gefið til lántöku í Landsbankanum, tekin ekki fram veðsetning á lóðarréttindum, sem ekki eru heldur nefnd sem veðsett í skuldabréfi. Eftirrit af óuppsegjanlegum lóðarsamning liggur með skjölunum. Í virðingargerð eru lóðarréttindi ekki talin með í virðingarverðinu. Áskilin vátrygging 6000 kr. — Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{29}/_{4}$ 1906.

Vd 88. 3. júlí 1901.

Veð: húseign á Sauðárkróki virt 3300 kr.; lánað 1100 kr.,, áskilin vátrygging 1500 kr. Vantar vátryggingarskírteini og kvittanir eftir $^{22}/_{7}$ 1902. —

Lóðar er ekki getið í veðbókarvottorði; hún er ekki veðsett í skuldabréfi, né umboð gefið til þeirrar veðsetningar; veð hennar er ekki innifalið í virðingarverði hússins, lóðarsamningur enginn.

Vd 89. 4. júlí 1901.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{10}/_{12}$ 1905.

Vd 90. 19. júlí 1901.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{15}/_{6}$ 1907.

Vd 91. 24. júlí 1901.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{28}/_{10}$ 1909.

Vd 92. 8. ág. 1901.
Kvittanir fyrir iðgjöldunum ná til $^{7}/_{8}$ 1909.

Vd 93. 10. ág. 1901.
Vantar vátryggingarskirteini og kvittanir fyrir iðgjöldum eftir $^{24}/_{10}$ 1902.

Vd 94. 16. ág. 1901.
Vantar vátryggingarskirteini og kvittanir fyrir iðgjöldum.

Ad 95. 19. ág. 1901.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til 1906.

Vd 96. 20. ág. 1901.
Vantar vátryggingarskirteini: kvittanir ná til 1906.

Vd 97. 23. ág. 1901.
Veðið: húseign á Sauðárkróki. Veðbókarvottorð getur ekki um lóð. Í virðingargerð er sagt, að húsið standi á Sauðárkrókslóð og fylgi því 600 □ al. Lóðarsamningur eða útmæling engin. Vátryggingarskirteini vantar og kvittanir ná til 1906.

Vd 98. 26. ág. 1901.
Húseign í Rvík, virt 19500 kr., þar af 4574 kr. óbygð lóð; veðbókarvottorð getur ekki um lóð og í skuldabréfi er lóðin ekki beint veðsett, þótt verð hennar sé innifalið í tilfærðu virðingarverði. — Lántakendur eru tveir og skrifar annar þeirra undir sem umboðsmaður hins og fyrir sína hönd. En í umboðinu er honum falið að taka 800 kr. lán. Alt lánið er 2500 kr. og er tekið fram í skuldabréfi, að 1700 kr. og 800 kr. eigi að koma í hlut. En þá virðist 800 króna lántakandinn hafa átt að gefa leyfi til 1700 kr. lántökunnar sem sameigandi, þar sem alt lánið hvílir á óskiftri eigninni. En það leyfi vantar. 4 aðrir sameigendur gefa veðleyfi, en taka ekki fram um vexti og kostnað. Skipunarbréf annars lántakanda og tveggja veðleyfenda vantar. Sbr. Vd. 172.

Vd 99. 28. ág. 1901.
Lántakandi er Þ. E., veðið húseign hans í Rvík. Veðbókarvottorð er um hús Þ. E., en getur ekki um lóð. Virðingin er á húsi Þ. Þ.

Vd 100. 3. sept. 1901.
Kvittaair ná til 1907.

Vd 101. 1. okt. 1901.
Veð: jarðeign virt 1200 kr. + 2000 kr. í húsum. Askilin vátrygging 1000 kr. Vátryggingarskírteini liggur með skjölunum, en hefir fallið úr gildi 11. júní 1901, því engar síðari kvittanir eru til. — Lánið veitt 1000 kr.

Vd 102. 4. okt. 1901.
Veð: hús í Rvík. Vátryggingarskírteini vantar; það skírteini, sem liggur með skjölunum, er eldra en húsið og virðingarverð því talið 585 kr., en veðsetta húsið er virt til peninga með lóð 3506 kr., lán veitt 1500 kr. Veðbókarvottorð getur ekki um lóð.

Vd 103. 5. okt. 1901.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{4}/_{10}$ 1905.

Vd 104. 7. okt. 1901.
Vátryggingarskírteini vantar. Kvittanir ná til 1905.

Vd 105. 8. okt. 1901.
Veðbókarvottorð er skakkt og ófullnægjandi. Veðið er, samkvæmt gefnu umboði (og í skuldabréfi) og virðingargerð, jörðin K. í E. með hjáleigunum S. og P., til samans að dýrleika 32,24 hndr. Veðbókarvottorð er gefið um jörðina K. 35 hndr. að dýrleik, og sögð að vera eign veðsala. Samkvæmt yfirlýsingu virðingarmanna stafar þetta af því, að þriðja hjáleigan R, hefir fyrir mörgum árum talist undir jörðinni K., en er nú eign annars manns, og gæti auðvitað verið eins um hinar hjáleigurnar og jafnvel jörðina sjálfa. Því að sannanlega vitlaust veðbókarvottorð sannar ekkert. Hjáleigurnar eru sérstök býli. Veðbókarvottorð hefði átt að vera um: K., S. og P.

Vd. 106. 21. okt. 1901.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{20}/_{10}$ 1907.

Vd. 107. 22. okt. 1901.
Veð: hús í Rvík, virt til brunabóta árið 1885 á kr. 11502,00, en til peningaverðs án lóðar árið 1901 á kr. 16500,00 og lóðin á 1150 kr. Lánað 6500 kr. — Veðbókarvottorð getur ekki lóðar.

Vd. 108. 25. Okt. 1901.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{24}/_{10}$ 1908.

Vd. 109. 13. nóv. 1901.
Hús í Rvk. virt á 1730 kr. (til brunabóta 1617 kr.) og lóð, sem eigninni fylgir, þess utan samkv. virðingargerð 1012 kr. — Lán veitt 1200 kr. Lóðar er ekki getið í viðbókarvottorði né hún (sérstaklega) veðsett í skuldabréfi.

Vd. 110. 15. Nóv. 1901.
Veð: Jörð með húsum. Jörðin er virt 2600 kr. og hús þess utan 2400 kr. Lán veitt 1800 kr. — Áskilin vátrygging 1000 kr., en ekki vátrygt fyr en $^{4}/_{4}$ 1905 og kvittun fyrir iðgjaldi til $^{3}/_{4}$ 1906, en ekki síðan.

Vd. 111. 19. nóv. 1901.

Virðingarverð er rangt til fært í skuldabréfi.

Vd. 112. 23. nóv. 1901.

Veðið er upphaflega tvær jarðir virtar með húsum 5000 kr., en án þeirra 3800 kr. Síðasta söluverð alls 3100 kr. Jarðirnar eru að dýrleika 22,1 hndr. og 15,2 hndr. Upphaflega beðið um 2000 kr. lán, en veitt 1600 kr. lán, 9. júní 1909 er minni jörðin leyst úr veðbandi, hafa þá verið borgaðar af láninu ca. 200 kr. Jarðirnar eru virtar saman og ekki virt á ný fyrir veðbandsleysinguna; en hlutfallslegt verð jarðar þeirrar, sem leyst er úr veðbandi, er eftir hundraðatali ca. 1500 kr., svo að eftir veðbandsleysinguna hvíla ca. 1400 kr. á 2300 kr. í virðingaverði. Hús hafa alt af verið óvátrygð.

Vd. 113. 25. nóv. 1901.

Stjórn hlutafélags veðsetur fasteign félagsins — hús og lóð í Rvík. Skilríki fyrir því, hverjir séu í stjórn, er ekki til og ekki heldur umboð þeirra eða leyfi til að veðsetja fasteignir félagsins. Virðing er ónákvæm, virt í einu lagi, 1 aðalhús, 2 geymsluhús og lóð 9500 kr. og jafnvel ekki getið um, úr hverju geymsluhúsin eru bygð. — Vátryggingarskírteini er ekkert né virðing til brunabóta. — Veðbókarvottorð hefir verið rangt, — sagt, að ekki hvíldi nema ein skuld á veðinu, þó tvær skuldir til bankans hvíldu á því — en eftir því hefir verið tekið og leiðrétt hefir það verið af bankastj. með randglósu — Lán veitt 3500 kr.

Vd. 114. 28. nóv. 1901.

Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{2}/_{1}$ 1909. Lóðarréttindi eru ekki veðsett.

Vd. 115. 7. des. 1901.

Húseign á Akranesi. »Veðbókarvottorð« er vottorð sýslumanns »p. t. Akranes 27. nóv. 1901«, um að veðsali sé eigandi að lóðarstykki, sem hann hafi keypt og sé »að sögn hans« 250 □ faðm. — Sýslumaður segir, að bæði hús og lóð séu óveðsett, en vitnar þó ekki í veðmálabækur. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{18}/_{2}$ 1906.

Vd. 116. 9. des. 1901.

Veðbókarvottorð ónýtt. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{28}/_{2}$ 1905.

Vd. 117. 10. des. 1901.

Veðbókarvottorð ónýtt. Umboð ekki gefið til að veðsetja alt, það sem veðsett er.

Vd. 118. 17. des. 1901.

Hús í Stykkishólmi. Vátryggingarskírteini hefir aldrei verið afhent bankanum, að eins vottorð umboðsmanns þar á staðnum, síðasta kvittun fyrir iðgjaldi nær til $^{15}/_{9}$ 1904.

Vd. 119. 17. des. 1901.

Húseign á Stokkseyri. Veðbókarvottorð getur ekki um lóð og hún er ekki veðsett (sérstakl.) í skuldabréfi; eigandi húss og lóða lýsir því yfir, að húsinu eigi að fylgja kaupum og sölum 150 □ faðma. — En sú yfirlýsing er ekki þinglesin. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{15}/_{2}$ 1905.

Vd. 120. 20. des. 1901.
Vantar vátryggingaskírteini. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{11}/_{2}$ 1905.

Vd. 121. 7. jan. 1902.
Lóðarréttindi eru ekki veðsett. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{15}/_{12}$ 1905.

Vd. 122. 13. jan. 1902.
Lóðarrétttindi eru ekki veðsett. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{4}/_{12}$ 1905.

Vd. 123. 8. febr. 1902.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{10}/_{10}$ 1905.

Vd. 124. 15. febr. 1902.
Lóð (erfðafestuland) ekki veðsett. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{5}/_{8}$ 1905.

Vd. 125. 3. apríl 1902.
Vátryggingarskírteini vantar. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{1}/_{1}$ 1908.

Vd. 126. 5. apríl 1902.
Lóðarsamningurinn gerir ekki ráð fyrir eigendaskiftum. Vátryggingarskírteini er ekki til og að eins ein kvittun fyrir iðgjaldi, fyrir tímabilið $^{25}/_{3}$ 1905—$^{24}/_{3}$ 1906, svo að þess vegna gæti húsið hafa verið óvátrygt þegar lánið var veitt.

Vd. 127. 5. apríl 1902.
Virðingargerð og vátryggingarskírteini segja hina veðsettu eign vera við Brekkustíg, en umboð, skuldabréf og veðbókarvottorð: við Garðbæjarstíg. Ekki getur veðbókarvottorð um lóð, og ekki er hún (sérstakl.) veðsett.

Vd. 128. 5. maí 1902.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til okt. 1906.

Vd. 129. 16. maí 1902.
Vátryggingarskírteini vantar. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{12}/_{12}$ 1908.

Vd. 130. 6, júní 1902.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{1}/_{1}$ 1906.

Vd. 131. 13. júní 1902.
Veðbókarvottorð getur ekki um lóð, lóðarréttindi eru ekki veðsett, enda enginn lóðarsamningur. Vátryggingaskírteini vantar og kvittanir ná til $^{25}/_{2}$ '04.

Vd. 132. 19. júlí 1905.
Virt eru 6,8 hndr úr jörðu á 900 kr., »með tilliti til þess, hve miklu jörðin fram fleytir«, en hve mikið það sé, er ekki getið um né um heyskap á túni og engjum. Í skuldabréfi eru veðsett 10 hndr. 16 al. úr jörðinni og virðingaverð talið 900 kr. (ættu að vera ca. 1300 kr.) Veðbókarvottorð er gefið um 10 hndr. 16 al., en umboð er gefið til að taka lán í veðdeildinni og ekki talað um að setja neitt veð fyrir því.

Vd 133. 19. júlí 1902.
Óbygð lóð (í Rvík), sem samkv. virðingargerð er veðsett, er 463 □ al.,

en $^{16}/_{10}$ '09 eru 550 □ al. leystar úr veðbandi e. t. v. lóðin undan húsinu! Veðbókarvottorð getur ekki um (stærð) lóð. —

Vd 134. 28. júlí 1902.
Lóðarréttindi eru ekki veðsett. Lóðin fylgir húsinu meðan skilmálar eru haldnir. Lóðarsamningur óþinglesinn. Veðbókarvottorð getur ekki um lóð. Lán veitt 1200 kr.; vátrygging áskilin 1200 kr. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{5}/_{12}$ 1905.

Vd 135. 13. ág. 1902.
Vátryggingarskírteini vantar. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{2}/_{8}$ '05. Lántökuheimildin ekki fulltrygg. Veðsett félagshús í Ólafsvík. Tvö félög eiga húsið og ritarar þeirra gefa vottorð um, að nefndir hafi verið kosnar til að annast húsbygginguna og taka nauðsynleg lán og um það, hverjir kosnir hafi verið. Útskrift úr fundarbókum vantar og sömuleiðis lög félaganna.

Vd 136. 15. ág. 1902.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{31}/_{8}$ 1905.

Vd 137. 16. ág. 1902.
Veðið er jörð með húsum. Vátrygging hefir verið áskilin 800 kr. og hún verið keypt til eins árs sama dag, en síðan eru engar kvittanir.

Vd 138. 23. ág. 1902.
Veðið er heiðarland, ekki metið til dýrleika. Veðsetjandi hreppsnefnd Þorkelshólshrepps. Hún hefir gefið umboð til lántökunnar gegn veði í heiðinni og ábyrgð hreppsnefndar. Vottorð (sýslum.) um það, hverjir séu í hreppsnefnd, vantar og leyfi sýslunefndar til lántökunnar.

Vd 139. 25. ág. 1902.
Veð: húseign í Flatey. Vátryggingarskírteini hefir vantað frá upphafi og kvittanir fyrir iðgjöldum eru engar til, að eins tvö vottorð um, að húsið sé vátrygt, þó ekki frá umboðsm. neins vátryggingarfélags. —

Vd 140. 25. ág. 1902.
Veðleyfi er fyrir $^{1}/_{4}$ hluta veðsins, en því má segja upp með 12 mánaða fyrirvara.

Vd 141. 25. ág. 1902.
Lóðarafsal ekki þinglesið. Lóðin ekki veðsett. Vátryggingarskírteini vantar. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{4}/_{8}$ 1905.

Vd 142. 13. sept. 1902.
Kvittanir ná til $^{12}/_{9}$ 1909.

Vd 143. 23. sept. 1902.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{21}/_{12}$ 1908.

Vd 144. 3. okt. 1902.
Vantar vátryggingarskírteini og kvittanir eftir $^{10}/_{4}$ 1908.

Vd 145. 4. okt. 1902.
Veð: erfðafestuland við Rvik með húsum. Veðbókarvottorð getur ekki um, hve stórt landið sé. Vátryggingarskírteini vantar. —

Vd 146. 4. okt. 1902.
Umboð gefið til lántökunnar af þrem mönnum í stjórn Goodtemplarastúku, en samþykki stúkunnar liggur ekki fyrir. Lóðarsamningur er ekki óuppsegjanlegur. Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{9}/_{5}$ 1906.

Vd 147. 4. okt 1902.
Veðbókarvottorð getur ekki um lóð. Enginn lóðarsamningur. Engin lóð eða lóðarréttindi veðsett. Vátryggingarskírteini vantar og kvittanir eftir $^{30}/_{6}$ 1906.

Vd 148. 6. okt. 1902.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{1}/_{5}$ 1906.

Vd 149. 6. okt. 1902.
Lóðarsamningur óþinglesinn, lóðin ekki veðsett. Vátryggingarskírteini vantar og kvittanir ná til $^{1}/_{8}$ 1905.

Vd 150. 8. okt. 1902.
Vátryggingarskírteini vantar. Kvittanir ná til $^{11}/_{2}$ 1905.

Vd 151. 7. nóv. 1902.
Lóðin er ekki veðsett sérstaklega. Vátryggingarskírteini vantar og kvittanir ná til $^{1}/_{11}$ 1905.

Vd 152. 11. nóv. 1902.
Veðleyfi eru tvö til veðsetningarinnar, en annar veðleyfandi er ómyndugur (enginn meðráðamaður). Virðingarverð er talið 800 kr. of hátt í skuldabréfi.

Vd 153. 20. nóv. 1902.
Vantar vátryggingarskírteini. Kvittanir ná til $^{9}/_{11}$ 1905.

Vd 154. 20. nóv. 1902.
Veð: jörð virt án húsa 1250 kr. — Lán veitt 800 kr. Vátrygging húsa er ekki áskilin, enda fylgja engin skilríki fyrir vátrygginga.

Vd 155. 20. nóv. 1902.
Veð: jörð virt á 2000 kr. án húsa; lán veitt 1300 kr., áskilin vátr. 1000 kr. á húsum, sem sérstaklega eru virt á 2530 kr. Útdráttur úr vátr. skírteini er til og kvittanir til $^{11}/_{2}$ 1904.

Vd 156. 20. nóv. 1902.
Kvittanir fyrir vátryggingariðgjöldum ná til $^{12}/_{11}$ 1907.

Vd 157. 20. nóv. 1902.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{2}/_{11}$ 1909.

Vd 158. 25. nóv. 1902.
Veðleyfi er þannig orðað, að eigandinn »lánar« veðsetjanda, »sem óskar

að fá lán«, veðið — ótiltekið hvort heldur til ábúðar, veðsetningar eða einhvers annars, ekki minnst á upphæð eða kjör.

Vd 159. 25. nóv. 1902.
Húseign í Rvík. — Í skuldabréfi er vitnað í virðingargerð dags. 7. okt. 1902, en hana vantar, og hefir hún líkl. glatast síðar, en veðbókarvottorð hefir alt af verið óundirskrifað.

Vd 160. 27. nóv. 1902.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{19}/_{2}$ 1907.

Vd 161. 2. des. 1902.
Vátryggingarskirteini vantar og kvittanir eftir $^{1}/_{12}$ 1903.

Vd 162. 12. des. 1902.
Hús í Rvík virt 3290 kr. og lóð að auk 814 kr,, lán veitt 900 kr. + eldra láni sömul. 900 kr. = 1800 kr. Lóðar er ekki getið í veðbókarvottorði, en húsið er veðsett »ásamt lóð« — ótiltekið hve stórri.

Vd 163. 19. des. 1902.
Lóðarréttindi eru ekki veðsett. Lóðarréttur bundinn við skil á afgjaldinu. Kvittanir fyrir brunabótagjaldi ná til $^{20}/_{2}$ 1907.

Vd 164. 9. jan. 1903.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{18}/_{12}$ 1906.

Vd 165. 28. janúar 1903.
Vantar vátryggingarskirteini. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{25}/_{11}$ 1908

Vd 166.
Veð: Goodtemplar-hús á Seyðisfirði. Umboðsmaður, æðsti templar og gjaldkeri stúkunnar gefa umboð til lántökunnar og veðsetningarinnar »í umboði stúkunnar« — en það umboð (þ. e. stúkunnar) er ekki til né nein önnur skilríki fyrir því, að þessir embættismenn stúku hafi vald til þess að veðsetja eignir hennar eða skuldbinda hana á líkan hátt. Lóðarréttindi eru veðsett, en enginn lóðarsamningur fylgir. Kvittanir fyrir brunabótagj. ná til $^{1}/_{11}$ 1903.

Vd 167. 17. mars 1903.
Umboð gefið til að taka lán »gegn tryggingu, sem hér með fylgir«, engin sérstök fasteign tilgreind.

Vd 168. 2. apríl 1903.
Brunabótaskirteini vantar, en kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{5}/_{5}$ '06.

Vd 169. 8. apríl 1903.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til $^{15}/_{1}$ '06.

Vd 170. 14. apríl 1903.
Veð: samkomuhús í Ólafsvík. »Forstöðunefnd« hússins gefur umboð til lántökunnar. Engin skilríki fyrir því, að þeir menn hafi leyfi til að veðsetja húsið, frekari en um er getið við Vd. 135. En þetta er viðbótarlán. Engin frekari skilríki fyrir vátryggingu.

Vd 171. 14. apríl 1903.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{14}/_{5}$ '06.

Vd 172. 21. apríl 1903.
Sbr. Vd 98. — Allir eigendur biðja um lánið — 2500 kr. — til viðbótar. Allir eigendur fela einum manni að »taka á móti viðbótarláni því, sem við höfum fengið í veðdeild Landsbanka Íslands að upphæð 2500 kr.«, en ekki að setja neitt að veði fyrir því. Eftir því ætti lánbeiðnin, sem allir skrifa undir að vera veðsetningarskjalið, en undirskrift umboðsmanns á skuldabréfið að eins kvittun fyrir móttöku fjársins. Lánbeiðnin er þó óþinglesin.

Vd 173. 13. nóv. 1903.
Veðið er húseign í Vestmannaeyjum. Áskilin vátrygging 9000 krónur — en vátryggingarskirteini vantar og kvittanir frá upphafi (vantar).

Vd 174. 29. nóv. 1903.
Hús í Reykjavík virt til brunabóta á 4850 kr., til peningaverðs á 5985 kr. + skúr 215 kr. + lóð 200 kr. = 6400 kr. — Lán veitt 2600 kr. Óbygðrar lóðar er ekki getið í veðbókarvottorði né í skuldabréfi (sérstaklega).

Vd 175. 15. júní 1903.
Vantar lóðarsamning og vátryggingarskirteini. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{5}/_{5}$ 1907.

Vd 176. 3. júní 1903.
Veð húseign félags eins í Rvík »með lóð«. Hús virt 3280 kr. og lóðin 2000 kr.; lán veitt 2000 kr. Hvorki veðbókarvottorð né skuldabréf getur um stærð lóðarinnar. Umboðið til lántökunnar vantar. Það »umboð« sem til er, er yfirlýsing ritara og *fundarstjóra* félagsins um að gjaldkera (= fundarstjóra) hafi á fundi (lögmætum eða ólögmætum) verið veitt umboð til lántöku og veðsetningar.

Vd 177.
Áskilin vátrygging 1800 kr. — Vátryggingarskirteini vantar og að eins ein kvittun fyrir iðgjaldi er til.

Vd 178. 1. júlí 1903.
Vátryggingarskirteini er gefið um skakt hús, nr. 23 í stað nr. 13 við sömu götu. Kvittanir ná til 1909. Hús og 2440 □ al. lóð er virt í einu lagi.

Vd. 179. 1. júlí 1903.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{1}/_{1}$ 1909.

Vd 180. 6. júlí 1903.
Vantar vátryggingarskirteini. Kvittanir ná til $^{14}/_{1}$ 1907.

Vd 181. 7. júlí 1903.
Áskilin vátrygging 800 kr. Ekkert vátryggingarskirteini né kvittanir.

Vd 182. 8. júlí 1903.
Veð: jörð 11 hndr. að dýrleika virt á 3200 kr.; hús virt á 1700 kr. og verður ekki betur séð en að sú upphæð sé innifalin í virðingarverði jarðar-

innar — þ. e. jörðin virt án húsa 1500 kr. — Lán veitt 1300 kr. Söluverð jarðarinnar var fyrir 12 árum (með húsum) 1980 kr.

Vd 183. 8. júlí 1903.

Veð: húseignin G..... við G.....(stræti) með lóð. Í virðingargerð er talað um húseign, er veðsali eigi sunnanvert við V...(stræti).

Vd 184. 9. júlí 1903.

Peningavirðing 2100 kr. (hús) + 979 kr. (lóð). Brunabótavirðing 1500 kr. Lán veitt 1000 kr. Húsið er veðsett »með lóð«, en stærð lóðarinnar ekki getið í veðbókarvottorði né skuldabréfi.

Vd 185. 6. ágúst 1903.

Vátryggingarskírteini vantar. Kvittanir ná til $^{11}/_{2}$ 1907.

Vd 186. 6. ágúst 1903.

Veðleyfi tekur fram, að veðsetjandi skuli bera alla ábyrgð á láninu og »greiða allan kostnað er af því leiðir« — er þá nokkur trygging í veðinu?

Vd 187. 8. ágúst 1903.

Vátryggingarskírteini er til, en féll úr gildi $^{8}/_{8}$ 1904; engar síðari kvittanir.

Vd 188. 24. ágúst 1903.

Engin skilríki fyrir lóð, engin lóð veðsett. Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{29}/_{7}$ 1906.

Vd 189. 25. águst 1903.

Vantar vátryggingarskírteini og kvittanir.

Vd 190. 31. ágúst 1903.

Engin skilríki fyrir lóð (engin lóð veðsett). Vátryggingarskírteini vantar og kvittanir eftir $^{15}/_{12}$ 1903.

Vd 191.

Veðleyfi tekur ekkert fram um vexti af láninu og kostnað, sem innheimta þess kynni að hafa í för með sér (svo er og miklu víðar). Vátryggingarskírteini vantar, en kvittanir ná til $^{11}/_{2}$ 1904.

Vd 192. 26. sept. 1903.

Lóðarsamningur er óþinglesinn. Vátryggingarskírteini vantar, en kvittanir ná til $^{1}/_{1}$ 1906.

Vd 193. 1. okt. 1903.

Veð: jarðeign í Suður-Múlasýslu. Skuldabréf er óþinglesið. Veðleyfi getur ekki um vexti og kostnað.

Vd 194. Okt. 1903.

Húseign (bær) í Rvík, virt á 760 kr.; óbyggð lóð að auki 514 kr. Veðsett er húsið »ásamt lóð« — veðbókarvottorð getur ekki um stærð hennar. Vátryggingarskírteini vantar (til sölu $^{30}/_{7}$ 1910).

Vd 195. 13. okt. 1903.
Veð: hús í Rvík með lóð og erfðafestulandi — ótiltekið, hve stórt landið er — (í veðbókarvottorði og skuldabréfi).

Vd 196. 6. nóv. 1903.
Vantar vátryggingarskírteini, kvittanir ná til $^{29}/_{8}$ 1904.

Vd 197.
Kvittanir fyrir iðgjöldum vantar eftir $^{1}/_{1}$ 1907.

Vd 198. 14. nóv. 1903.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til $^{13}/_{5}$ 1905.

Vd 199. 16. nóv. 1903.
Áskilin vátrygging 1200 kr., en virðist aldrei hafa verið virt. — Vantar bæði vátryggingarskírteini og kvittanir frá upphafi.

Vd 200. 20. nóv. 1903.
Vátrygging til $^{15}/_{10}$ 1910.

Vd 201. 21. nóv. 1903.
Vátrygging útrunnin $^{20}/_{11}$ 1910.

Vd 202. 4. des. 1903.
Vantar vátryggingarskírteini og kvittanir frá $^{1}/_{12}$ 1903.

Vd 203. 7. des. 1903.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{7}/_{12}$ 1906.

Vd 204. 26. jan. 1904.
Hús og lóð virt í einu lagi. Vátryggingarskírteini hefir aldrei verið afhent. Kvittanir ná til $^{12}/_{9}$ 1906.

Vd 205. 28. jan. 1904.
Sbr. að öllu leyti aths. Vd. 166. Auk þess: Til viðbótar er nú veðsett hús, bygt við endann á hinu fyrra, en eign annars manns. Veðleyfi getur ekki um vexti og kostnað; og engin skilríki eru fyrir því, að þessi húspartur hafi nokkurn tíma verið vátrygður, né því, að það hafi nokkur lóðarréttindi.

Vd. 206. 2. febr. 1904.
Kvittanir fyrir iðgjöldum ná til $^{8}/_{12}$ 1905.

Vd. 207. 9. febr. 1904.
Vátryggingarskírteini vantar. Kvittun nær til $^{8}/_{2}$ '06.

Vd. 208. 22. febr. 1904.
Kvittanir ná til $^{3}/_{12}$ 1908. Hús og lóð virt í einu lagi. —

Vd. 209.
Vátryggingarskírteini vantar, en kvittanir ná til $^{2}//_{10}$ '11.

Vd. 210. 23. febr. 1904.
Umboð gefið til að taka lán »gegn þeim tryggingarskjötum, sem hann

(þ. e. umbjóðandi) hefir í höndum«, en meðal skjala þeirra er ekkert veðsetningarskjal og því ekkert tryggingarskjal — og umboðið er ekki gefið til að veðsetja neina eign, þó það hafi verið gert. 3 veðleyfi eru fyrir $^3/_4$ úr eigninni, en tala ekki um vexti og kostnað.

Vd. 211. 19. mars 1904.

Veðið er (»eftir umboði«) $^3/_4$ úr jörðinni G..... .., en umboðið er gefið til að veðsetja $^3/_4$ úr S .....

Vd. 212. 21. mars 1904.

Vátryggingarskírteini vantar og kvittanir ná að eins til $^5/_9$ 1905. — Veðleyfi getur ekki um vexti og kostnað.

Vd. 213. 29. apr. 1904.

Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{31}/_1$ —'08.

Vd. 214. 8. júní 1904.

Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^5/_{11}$ — '04.

Vd. 215. 8. júní 1904.

Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{27}/_4$ '08. Húsið er veðsett með lóðarréttindum, en hver þau lóðarréttindi eru, verður ekki séð — geta verið uppsegjanleg eða skilyrðum bundin.

Vd. 216. 31. ág. 1904.

Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{31}/_8$ 1905.

Vd. 217. 1. okt. 1904.

Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^1/_{10}$ '08.

Vd. 218. 1. okt 1904.

Veð: Jörð, virt án húsa á 2200 kr. Lán veitt, 1600 kr., til 40 ára; hús óvátrygð frá upphafi (engrar vátryggingar krafist).

Vd. 219. 1. okt. 1904.

Athugasemd er gerð við þinglestur um, að veðsali hafi ekki þinglesna eignarheimild fyrir veðinu. Veðbókarvottorð telur »erfingja síra H..... ..... vitanlega eigendur. Veðsali ber það ekki með sér og sýnir engin skilríki fyrir því, að hann sé þessir »erfingjar«.

Vd. 220. 4. okt. 1904.

Veð: húseign með erfðafestulandi í Rvík. Stærð landsins er ekki tilgreind í veðbókarvottorði né í skuldabréfi — aðeins í lánbeiðni, þar sem sagt er, að með teljist 6 dagsl., sem veðsali hefir »ekki enn afsalsbréf fyrir« og í virðingargerð, þar sem alt landið er talið 4 dagsláttur.

Vd. 221. 10. okt 1904.

Hús virt á 6018 kr. og lóð á 1230 kr. Lán veitt 3300 kr. Stærðar lóðarinnar er ekki getið í skuldabréfi né veðbókarvottorði. Útnefningu meðráðamanns vantar.

Vd. 222. 14. okt. 1904.
Hús virt á 5710 kr., lóð 894 kr. Lán veitt 3000 kr. Stærðar lóðarinnar er ekki getið í veðbókarvottorði né í skuldabréfi.

Vd. 223. 15. okt 1904.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{11}/_{11}$ '04.

Vd. 224. 18. okt. 1904.
Hús virt á 2830 kr., lóð 630 kr. Lán veitt 1500 kr. Ekki getið um stærð lóðar í skuldabréfi né veðbókarvottorði. Síðan er rúml. $^{2}/_{3}$ lóðar leystir úr veðbandi.

Vd. 225. 22. okt. 1904.
Samsk. aths. og við Vd 224; (lán veitt út á lóð, en engin vissa um stærð hennar).

Vd. 226. 22 okt. 1904.
Vátryggingarskírteini hefir aldrei verið afhent bankanum. En kvittun er til til $^{5}/_{7}$ —'11.

Vd. 227. 1. nóv. 1904.
Vátryggingarskírteini hefir aldrei verið afhent. Kvittun nær til $^{31}/_{10}$ —'05. (Vátrygt að eins fyrsta árið).

Vd. 228. 16. nóv. 1904.
Vantar vátryggingarskírteini og kvittanir eftir $^{6}/_{11}$ —'09.

Vd. 229. 17. nóv. 1904.
Í virðingargerð frá $^{13}/_{6}$ 1904 er eignin (hús í Rvík) virt á 4,907 kr., en $^{14}/_{11}$ sama ár á 5887 kr. Hækkunin stafar af því, að lóðin er í síðara skiftið virt 60 aurum hærri pr. □ al. en áður. Lán er nú veitt 1200 kr. til viðbótar við eldra 1500 kr. lán. Stærðar lóðarinnar er ekki getið í veðbókarvottorði né í skuldabréfi.

Vd. 230. 26. nóv. 1904.
Veð: Jörðin Ó..... með húsum, virt alls á 6000 kr., þar af eru tvö timburhús virt á 2500 kr. samtals. Um lýsingu á jörðinni er vísað til eldri virðingargjörðar — frá 1902 — sem nú liggur ekki fyrir, en þá hefir jörðin verið virt á 3000 kr. með húsunum, en sú virðing er nú hækkuð upp í 3500 kr. vegna góðra fjárhúsa, sem bygð hafa verið. Líklegt er því, að jörðin húsalaus sé ekki virt meira en 2500 kr. í mesta lagi. — Lán veitt 2300 kr.; áskilin vátrygging 1500 kr Vátryggingarskírteini hefir aldrei verið afhent og að eins ein kvittun til $^{3}/_{8}$ —'05. Annað timburhúsið hefir verið bygt eftir 1902 (og hljóta því bæjarhús að hafa verið með í virðingargerðinni fyrri) en hitt húsið stendur ekki í neinu sambandi við notkun jarðarinnar, er utan túns, óinnréttað og verður ekki séð, til hvers það hefir verið ætlað (keypt eftir 1902).

Vd. 231. 7. des. 1904
Hús veðsett með lóðarréttindum, en lóðarsamning vantar. Vátryggingarskírteini vantar, og að eins ein kvittun er til (til $^{15}/_{12}$—'05).

Vd. 232. 7. des. 1904.
Sama aths. og við nr. 1174.

Vd. 233. 8. des. 1904.
Vantar vátryggingarskírteini.

Vd. 234, 13. des 1904.
Kvittanir ná til $^{31}/_{3}$ 1905.

Vd. 235. 31. des. 1904.
Vantar skilríki fyrir lóð. (Engin lóð veðsétt.). Kvittanir ná til $^{16}/_{5}$ —'05

Vd. 236. 6. jan. 1905.
Hús virt 4300 kr. + lóð 1300 kr., virt til brunabóta 3740 kr. Lóðar er ekki getið í veðbókarvottorði og stærðar hennar ekki í skuldabréfi, að eins »ásamt lóð«. — Lán veitt 2500 kr.

Vd. 237. 12. jan. 1905.
Húseign virt 7550 kr. veðsett »ásamt lóð«. Stærðar lóðarinnar ekki getið annarstaðar en í virðingargerð. Lán veitt 4400 kr. Lóð virt 2054 kr.

Vd. 238. 18. jan. 1905.
Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til $^{9}/_{11}$ 1905.

Vd. 239. 19. jan. 1905.
Kvittanir ná til $^{19}/_{7}$ —,07.

Vd. 240. 13. febr. 1905.
Sams konar aths. og við nr. Vd 237.

Vd. 241. 24. febr. 1905.
Sams konar aths. og við Vd 237 og Vd 240.

Vd 242. 11. apríl 1905.
Vátryggingarskírteini aldrei afhent; að eins ein kvittun til $^{7}/_{10}$ 1905. —

Vd 243. 28. apríl 1905.
Veð: jörð virt á 6130 kr. og hús virt á 4830 kr. Lán veitt 3500 kr. Vátryggingar hefir ekki ekki verið krafist, þó eru til kvittanir til $^{17}/_{12}$ 1910.

Vd 244. 2. maí 1905.
Hús virt 2175 kr. og lóð virt 4600 kr. — Lán veitt 2400 kr. Húsið er veðsett »ásamt tilheyrandi lóð«, en stærðar lóðar ekki getið í veðbókarvottorði né skuldabréfi.

Vd 245. 11. maí 1905.
Engin skilríki fyrir lóð eða lóðarréttindum tilheyrandi veðsettu húsi (utan Rvík) og ekki nefnt í skuldabréfi. Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{2}/_{10}$ 1905.

Vd 246. 15. maí 1905.
Vantar vátryggingarskírteini (Rvík).

d 247. 20. maí 1905.
Lánað út á óbygða lóð, sem skilríki vantar fyrir, gagnst. veðdeildarlögum. —

Vd 248. 8. júní 1905.
Jörð virt án húsa 4500 kr. Lán veitt 3400 kr. Vátrygging á húsum hefir verið áskilin, en kvittanir ná að eins til $^{3}/_{11}$ 1905. —

Vd 249. 17. júní 1905.
Húsið ýmist talið nr. 13 eða 25 við G...(stræti) í Rvík. —

Vd 250. 21. júní 1905.
Sama athugas. og við Vd 247.

Vd 251. 22. júní 1905.
Sama athugas. og við næsta á undan.

Vd 252. 5. júlí 1905.
Kvittun fyrir vátryggingu nær til $^{19}/_{10}$ 1905.

Vd 253. 16. ágúst 1905.
Vátryggingarskírteini vantar, en kvittanir ná til $^{6}/_{8}$ 1906.

Vd 254. 17. ágúst 1905.
Sama athugas. og við nr. Vd 247.

Vd 255. 28. ág. 1905.
Áskilin vátrygging 5000 kr. Skírteini er til, en engin síðari kvittun (1906).

Vd 256. 2. sept. 1905.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{14}/_{1}$ 1906.

Vd 257. 9. sept. 1905.
Viðbótarlán við 900 kr. lán (500 kr.); allir fyrri veðhafar hafa ekki gefið leyfi til þessarar veðsetningar.

Vd 258. 23. sept. 1905.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{22}/_{9}$ 1907.

Vd 259. 26. sept. 1905.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{26}/_{9}$ 1906.

Vd 260. 3. okt. 1905.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{15}/_{5}$ 1907.

Vd 261. 7. okt. 1905.
Vantar lóðarsamning. Kvittanir fyrir brunabótagjöldum ná til $^{7}/_{10}$ 1909.

Vd 262. 10. okt. 1905.
Kvittanir ná til $^{3}/_{4}$ 1906.

Vd 263. 24. okt. 1905.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{7}/_{12}$ 1907.

Vd 264. 25. okt. 1905.
Kvittanir ná til $^{9}/_{12}$ 1906.

Vd 265. 27. okt. 1905.
Áskilin vátrygging 2000 kr., að eins bráðabirgðaskírteini er til og engar síðari kvittanir fyrir vátryggingu.

Vd 266. 14. nóv. 1905.
Áskilin vátrygging 1500 kr., kvittun er ein til og nær til $^{22}/_{8}$ 1906.

Vd 267. 28. nóv. 1905.
Viðbótarlán við Vd 51. Aths. sú sama og þar.

Vd 268. 6. Des. 1905.
Bráðabirgðaskírteini er til, en engin síðari kvittun né skírteini.

Vd 269. 8. des. 1905.
Áskilin vátrygging 2,500 kr. Bráðabirgðaskírteini er til og kvittanir til $^{28}/_{1}$ 1907.

Vd 270. 14. des. 1905.
Sama aths. og við Vd 247.

Vd 271. 5. jan. 1906.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{5}/_{7}$ 1910.

Vd 272. 16. jan. 1906.
Veð fyrir þessu láni og Vd 31. og Vd ... er húseign nr. 12 við L..... En samkvæmt virðingargerð er þessi húseign tvö aðalhús og 4 minni geymsluhús og skúrar. En annað aðalhúsið er samkvæmt vátryggingarskjali talið við B..... og er því óvíst, að það geti talist veðsett með þessu skuldabréfi, sem að eins telur húseignina nr. 12 við L..... veðsetta. Vátryggingarvirðing allrar eignarinnar er 1700 kr., en peningavirðing 20,600 kr., og auk þess lóð með mannvirkjum 6100 kr. Upphafleg upphæð allra lánanna er 11000 kr. Í síðasta skuldabréfi er engin lóð veðsett sérstaklega. Við samanburð á virðingargerðum verður maður þess var, að húsin eru stöðugum breytingum undirorpin, jafnvel hækka eða lækka um svona $^{1}/_{2}$ alin frá ári til árs og innrétting gerbreytist og auðvitað virðingarverð þá um leið.

Vd 273. 26. jan. 1906.
Áskilin vátrygging 2000 kr. Kvittun er ein til og nær til $^{20}/_{2}$ 1906.

Vd 274. 23. febr. 1906.
Veð: húseign í Húsavík með lóð og túnréttindum. Þinglestursvottorð óundirskrifað. Vátryggingarskírteini vantar, en kvittanir ná til $^{11}/_{2}$ 1911.

Vd 275. 23. febr. 1906.
Veð: húseign í Húsavík með lóðarréttindum. Þinglestursvottorð er óundirskrifað. Vátryggingarskírteini vantar og að eins ein kvittun er til — hún nær til $^{15}/_{9}$ 1906.

Vd 276. 28. febr. 1906.
Kvittanir fyrir vátryggingu ná til $^{28}/_{2}$ 1907.

Athuganir

við athugasemdir bankastj. við lán 1. flokks veðdeildar. (XIII. Nr. 4).

Nefndin athugaði liðina Vd 1, til Vd 59, en getur hér á eftir þeirra einna af þessum liðum, sem hún álítur nokkra ástæðu til að minnast á. 20.—21. fundur bera með sér, hvað nefndin sá sér fært að eiga við hina síðari liði á þessu skjali. Um það, sem sagt er í skjali þessu um kvittanir fyrir brunabótagjöldum, vísast til þess sem hinir fyrri bankastj. hafa skýrt frá á 27. fundi, og teljum vér þá skýrslu þeirra alveg fullnægjandi.

Um **Vd 3.** Lýsing á veðinu er að vísu mjög ófullkomin; þó er þess getið, hverjum fénaði og gripum jörðin framfleytir, að hún sé grasgefin og ekki undirorpin skemdum. Virt 2000 kr. með húsum. 3 nefndarmenn: Jóh. J., Jón J. og J. Ó., þekkja til jarðarinnar og álíta hana ekki of hátt metna.

Um **Vd 5.** Virðingarmenn kvaddir til að virða 1/3 úr jarðeign G. E., en virða 1/3 úr sömu jarðeign S. A. — Hugsanlegt er að þetta sé sami þriðjungurinn, en hafi um það leyti skift um eigendur. En þótt svo væri ekki, þá er eigninni svo háttað, að á sama má standa, hver þriðjungurinn virtur er, þar sem jörðinni er svo háttað, að allir þriðjungar hennar hljóta að vera jafn mikils virði. — Aðalverðmæti hennar liggur í óskiftum hlunnindum.

Um **Vd 7.** Aths. virðist óþörf.

Um **Vd 11.** Aths. virðist rétt.

Um **Vd 19.** Aths. virðist ástæðulaus; veðbókarvottorðið gefið með skírskotun til lóðaskrár kaupstaðarins, lóðin veðsett í skuldabréfinu, stærðin tiltekin í virðingargerðinni.

Um **Vd 20.** Engin **ákveðin** vátryggingarupphæð áskilin.

Um **Vd 21.** Eins og Vd. 20. — Sala og leiga er heimiluð í lóðarsamningi.

Um **Vd 22.** Húsið veðsett »með öllu sem fylgir og fylgja ber, samkvæmt virðingargerð«, en í virðingargerð er stærð lóðarinnar tiltekin og lóðin virt. Aths. því ástæðulaus.

Um **Vd 23** og **26.** Sama sem Vd. **22.**

Um **Vd 28.** Veðsett hús nr. 61 við ... (stræti) og virðist það vera sama hús sem það er virt er, þótt virðingargerðin nefni nr. 67. Væntanl. ritvilla.

Um **Vd 29—30—31.** Gildir sama sem Vd 22.

Um **Vd 32.** Aths. er rétt, en hefir hún nokkra þýðingu?

Um **Vd 33.** Gildir sama sem um Vd 22.

Um **Vd 35.** Gildir sama sem um Vd 32, en lóðarsamn. vantar.

Um **Vd 36.** Gildir sama sem um Vd. 22.

Um **Vd. 37.** Í umboðinu til að taka veðd. lán er tekið fram, að alt sem umboðsm. geri í þessu efni, sé jafngilt eins og umbjóðandi hefði gert það sjálfur.

Um **Vd. 38., 39.** og **40.** gildir sama sem um Vd. 22.

Um **Vd. 43.** Veðleyfi er fyrir svo miklu sem út á veðið geti fengist.

Um **Vd. 46.** Aths. rétt, en bankinn hafði áður veð í sömu eign. Að því er umb. snertir, gildir sama sem um Vd. 37.

Um **Vd. 47.** Veðsettar jarðeignir 17,400,50 krónur, en lánið 5000.

Um **Vd. 49.** Gildir sama sem um Vd. 20.

Um **Vd. 50.** Lóðinni lýst í virðingargerð. Aths. annars rétt,

Um **Vd. 51.** Gildir sama sem um Vd. 22.
Um **Vd. 52.** Rétt.
Um **Vd. 53.** Aths. rétt; jörðin virt án húsa.
Um **Vd. 54.** Rétt.
Um **Vd. 55.** Sama sem um Vd. 22.
Um **Vd. 56.** Gildir sama sem um Vd. 43.
Um **Vd. 57.** Líklega eitthvert bezt trygða lán, samanb. upplýsingar á 27. fundi.
Um **Vd. 59.** Útg. vátryggingarskýrteini fylgja með. Lóðarstærð tilgr. í virðingargerð. Lóðarsamning vantar.

20. fundur 10. apríl síðd.

Með því að nefndin sá fyrir, að henni gat ekki unnist tími til að vinna hlutverk sitt, og þar á meðal að fara svo vendilega yfir það, sem eftir er af fyrirliggjandi skýrslu (XIII. Nr. 4.), þá réð hún með sér að lesa upp það, sem eftir var skýrslunnar, og gerði hún það, og merkti við þær aths., er henni þótti sérstök ástæða til að velja úr, til athugunar.

21. fundur. 11. apríl kl. 8½ árd.

Benedikt Sveinsson og Jón Ólafsson fjarverandi. Haldið áfram að skoða lán á skjali XIII, Nr. 4.
Um **Vd. 61.** Rétt.
Um **Vd. 67.** Alt, sem umboðsm. gerir, er bindandi fyrir umbjóðanda.
Um **Vd. 69.** Eigandi er sami maður eftir veðbókarvottorði og virðingu; húseignin söm, stræti síðar breytt nafni.
Um **Vd. 76.** Í virðingargerð stendur, að engin lóð fylgi húsinu, nema grjóttröð rúmar 3. al. á breidd hringinn í kringum það. Sýslum. vottorð um eignarheimild.
Um **Vd. 88.** Aths. eigi rétt. Veðb.vottorð og umboð tala um húseign; virðingargerð segir, að lóð til sjávar fylgi 1800 □ ál. að stærð.
Um **Vd. 99.** Nafnið auðsjáanlega misritað í virðingargerðinni.
Um **Vd. 116.** og **117.** Sýslum. vottorðið gefið utan skrifstofu án tilvísunar í veðmálabækur. En það hlýtur að vera á ábyrgð sýslum., að vottorðið sé rétt.
Um **Vd. 119.** Óþinglesið, að lóðin fylgi húsinu.
Um **Vd. 121.** Í virðingargerð er stærð lóðar ófútfylt. Erfðafestusamningur um 368 □ faðma lóð þinglesin.
Um **Vd. 132.** Rétt.
Um **Vd. 133.** og **134.** Eins.

22. fundur 19. apríl kl. 8½ árd.

Jón á Hvanná vantaði og Jón Ólafsson forfallaður á öðrum fundi. — Haldið áfram með skjal XIII, Nr. 4.
Um **Vd. 182.** Aths. röng. Virðingargerðin tekur beint fram, að jörðin **án húsa** sé virt á 3200 kr.

Um **Vd. 190.** Aths. röng. Samningur um afnot af læk til iðnaðarfyrirtækja og nauðsynlegra bygginga.

Um **Vd. 193.** Skuldabréfið óþinglesið.

Um **Vd. 247.** Gildir sama sem um Vd. 22.

Um **Vd. 274.** og **275.** Veðið þinglesið, en sýslum. gleymt að setja nafn sitt undir þinglestrarvottorðið. Getur engin áhrif haft á gildi þinglestrarins.

23. fundur 21. apríl kl. 5 síðd. Allir á fundi.

Litið yfir »Skrá yfir lán og ábyrgðir nokkurra viðskiftamanna landsbankans í janúar 1910 eður um áramótin þau«.

24. fundur í landsbankanum 22. apríl kl $8^1/_2$ árd.

Fjarverandi voru: Benedikt Sveinsson og Jón Ólafsson (sá síðari forfallaður á öðrum fundi). Athugað aðallega eitt lán, svo kallaðað Bakkabúðarlán, og aðallega þrjár ábyrgðir eins fyrverandi embættismanns, sem nú er öreigi. Þessum þremur ábyrgðum svo háttað, að aðrar ábyrgðir og tryggingar fyrir lánunum virðast nægar. Öll eiginlán mannsins hafa aðrir nú tekið á sig.

25. fundur 25. apríl kl. 5 síðd. Allir á fundi.

Samþykt að endursenda bankastjórnnini skjal frá henni, »Skrá yfir ábyrgðarlán þar sem ábyrgðin hefir ekki verið endurnýjuð«, og óska að bankastj. gefi nefndinni skrá yfir nöfn lántakenda og ábyrgðarmanna þessara lána. Gæzlustjóra Jóni Ólafssyni var falið að útvega þetta hjá bankastjórninni, en hann skýrði frá því nokkrum dögum síðar, að bankastj. neitaði að gefa nefndinni skrá yfir þessi nöfn, en sagði henni hins vegar heimilt að sjá þau í bankanum. En með því að nefndin hafði engan tíma til að skrifa nöfnin upp í bankanum, en taldi gagnslaust að sjá þau án þess, þá var henni eigi auðið að rannsaka þetta skjal.

26. fundur 26. apríl kl. $8^3/_4$ árd. Allir á fundi.

Mættir voru fyrir nefndinni Tryggvi Gunnarsson fyrv. bankastjóri og Eríkur Briem gæzlustjóri. Fyrst var yfirfarið XIII, Nr. 1. um handveðslán og það, sem nefndin hafði um það skráð í gerðabókina.

Þeir Tr. G. og E. Br. gerðu þessar aths.:

Við l. **A.** Lánið tekið til að vera sem »depositum« til tryggingar viðskiftum lántakanda við Dansk Boghandlerforening.

Við l. **K.** o. fl. Reglan var, að lána eigi út á lífsábyrgðarskírteini embættismanna, nema því að eins, að tilskilið væri, að haldið væri eftir af launum fyrir vöxtum, afborgunum og iðgjöldum. Þeir ætla, að svo hljóti og að hafa verið um þetta lán, og óska það nánara rannsakað. Þeir gera þá almennu aths., að það sé alstaðar álitið góð trygging, ef fyrir afborgunum og vöxtum lána og iðgjöldum lífsábyrgðarskírteina, sem sett væru til tryggingar lánum embættismanna með eftirlaunarétti, væri haldið eftir af launum þeirra, því að þá væri það embættislaunin, en ekki lífsábyrgðin, sem væri aðallega að veði fyrir láninu.

Þá var á sama hátt litið yfir skjalið XIII, Nr. 2., »Formhlið nokkurra sjálfskuldarábyrgðarlána«.

Almenn aths. þeirra Tr. G. og E. Br. við lán EE. og önnur lán, sem eins væri ástatt með: Úr því að ábyrgðarmennirnir eru nægilega auðkendir, svo og lánin sem þeir ganga í ábyrgð fyrir, og undirskriftir þeirra staðfestar, telja þeir ábyrgðarskírteinin fullgild að lögum, og telja ábyrgðarhluta, að neita utananbæjarmönnum um lán af þeirri ástæðu einni, að ábyrgðarskjölin beri eigi með sér, hvar og hvenær hver einstakur ábyrgðarmaður hefir undirskrifað þau.

Við l. **FF.** Tr. G. segir, að hús hafi einnig verið í ábyrgð fyrir þessu láni; sú eign nýseld fyrir 8000 kr. — E. Br. skýrir frá, að þegar það hafi komið fyrir við endurnýjun lána, að eigi hafi fengist undirskrift allra ábyrgðarmannanna undir endurnýjunina, þá hafi eldra bréfinu verið haldið ókvitteruðu, og getur hugsað sér, að slíkt hafi átt sér stað í þessu tilfelli.

Lán **NN.** Vanræksla gjaldkera að borga út án þess að athuga að lántaki hafi skr. undir skuldabréfið.

Enn fremur athugað skjalið XIII, Nr. 3., og það sem nefndin hafði um það bókað.

Lán **R. J.** E. Br. og Tr. G. álíta, að tap bankans á þessu láni hefði ekki þurft að vera mikið, ef hyggilega hefði verið farið í innheimtuna.

27. fundur 27. apríl kl. 8¾ árd.

Allir á fundi. Mættir Eiríkur Briem og Tryggvi Gunnarsson.

Haldið áfram með skjal XIII, Nr. 3.

Lán. **R. L.** Lánið upphaflega sæmilega trygt að dómi fv. bankastj., en lántakandi var óheppinn í fyrirtækjum sínum. Bygði t. d. hús fyrir 26,000 krónur, sem var selt á nauðungaruppboði fyrir 14,000 krónur.

Lán **R. N.** Um þetta lán ætlar Tr. G. að gefa nefndinni skriflega skýrslu. Hún kom síðar og er svo látandi:

XVI.

Skýrsla Tryggva Gunnarssonar um Ólafsvíkurlánið.

Samkvæmt ósk rannsóknarnefndarinnar á alþingi, skal eg skýra frá, eftir því sem eg bezt man, láni því, er Landsbankinn lánaði bændaverzlunarfélaginu í Ólafsvík sumarið 1908.

Formaður félagsins, Einar Markússon, kom það sumar til bankans með 35,000 kr. lánbeiðni og sýndi ársreikninga félagsins við næstliðið nýár; og minnir mig, að útistandandi skuldir og vöruleifar væru nálægt 80,000 kr., og hús öll með bryggju og verslunarhöldum yfir 60,000 kr. Auk þess átti félagið 3½ þilskip, sem gengu til fiskveiða. Skuldarupphæð, sem hvíldi á félaginu, man eg ekki glögt; en auk eignanna voru 110 menn, sem vildu ábyrgjast lánið.

En eigi að síður neitaði eg í þrjá daga að veita lánið úr bankanum, af því mér þótti lánið ekki nægilega tryggilegt. En á fjórða degi kom Einar til mín og sýndi mér símskeyti frá L. Zöllner, hvar í hann bauðst til að gefa félaginu 35,000 kr. af skuldinni, ef afgangurinn væri borgaður; og annað símskeytið var frá Jakob Gunnlaugssyni í Khöfn., hvar í hann lofaði að gefa 12,000 kr. eftir af skuld sinni, ef afgangurinn, álika stór, yrði borgaður.

Þegar eg sá þetta, sagði eg við gæzlustjórana, að það væri ef til vill illa gert af mér, að standa á móti því að lánið væri veitt, þar sem nú væri sýnilegt að bændafélagið

græddi 47,000 kr. ef lánið fengist, og þar af leiðandi væri ekki sjáanlegt annað en að tryggingin fyrir láninu væri nægileg. Og endirinn varð sá, að öll bankastjórnin varð sammála um, að veita lánið gegn ábyrgð 110 manna — hvar af hún þekti suma jarðeigandi menn —, 1. veðrétti í vöruleifum og útistandandi skuldum, ásamt 3½ þilskipi, og 2. veðrétti í allri húseigninni næst eftir Íslandsbanka

En þar sem formaður félagsins Einar Markússon stóð við fæst af því, sem hann hafði lofað, hvað snerti afborgun af víxlum hans og lánum félagsins, þá sendi bankastjórnin vorið 1909 æfðan kaupmann til Ólafsvíkur til þess að selja vöruleifar og innheimta skuldir. Síðar sendi hún málafl.mann Einar Jónasson til þess að hjálpa til að innheimta skuldir og fá áreiðanleg tryggingarskjöl hjá þeim, sem mikið skulduðu.

Um sumarið fékk eg kaupmann Jón sál. Þórðarson í Rvík til að gera tilboð að kaupa húseignina fyrir 22,000 kr. En þau kaup gengu til baka síðar, af því umboðsmaður Jóns í Kaupm.höfn var ekki viljugur til þess, að senda umbeðnar vörur til Ólafsvíkur. En þá samdi eg við hr. Einar Jónasson, að fara vestur og bjóða í húseignina, þegar Ísl.-banki léti selja hana, alt að 19,000 kr., því eg þekkti, að fyrir það verð var hægt að selja hana, og til þess að Ísl.banki, sem átti 1. veðrétt, gæti eigi gert háar kröfur í búið. En um þetta leyti var bankastjórninni vikið frá öllum afskiftum við bankann, svo hún gat ekki bjargað þessu máli né öðrum skuldum, sem miður hafa farið.

Síðan hef eg frétt, að Íslandsbanki hafi látið selja fasteignirnar við uppboð, og að þar hafi honum verið útlögð öll eignin fyrir 4500 kr., sem var hæsta boð, af því stjórn Landsbankans hafði enga ráðstöfun gert, til þess að hafa mann við uppboðið, til að sjá um hag bankans, sem þó átti 2. veðrétt í eignunum.

Nokkru síðar frétti eg, að Íslandsbanki hafi selt eignina aftur kaupmanni hér í bænum fyrir alt að 22,000 kr.

Í öðru lagi hef eg frétt, að stjórn Landsbankans hafi látið selja við uppboð í bankanum sjálfum, skuldirnar vestur í Ólafsvík alt að 30,000 kr., en hæsta boð var svo lágt, að það var ekki samþykt, heldur selt síðar undir hendinni fyrir 2000 kr. Núverandi eigandi skuldanna telur sér minst 6000 kr. brúttó hag af þeim kaupum.

Þetta er í stuttu máli saga bændaverzlunarlánsins. Upphaflega var ekki hægt að sjá, að lánið væri óhyggilegt, einkum þegar tekið er tillit til þess, að hér með átti að reyna að hjálpa 2 eða 3 sveitum frá falli. En það er eins og alt hafi hjálpast að til þess, að eyðileggja góða afkomu, og þar á meðal ekki síst hin aðfinslusama núverandi bankastjórn, sem alt af er að leita að sakargiftum í eldri skjölum bankans, auðvitað ekki til eflingar áliti hans.

En hvað þetta mál snertir, er hörmulegast, að ástandið í landinu skuli vera svo, að 110 búandi menn skuli ekki geta borgað tæpra 30,000 kr. skuld annað hvort vegna efnaleysis eða viljaleysis að reynast heiðarlegir menn.

Með mikilli virðingu

Reykjavík, 2. maí 1911.

Tr. Gunnarsson.

Til

Rannsóknarnefndar neðri deildar alþingis í Landsbankamálinu.

Lán **RQ.** Lánið var veitt til að gera út fiskiskip. Eigendur svikust um að borga af skuldinni og ábyrgðarmenn urðu gjaldþrota.

Lán **RS.** Eftir að fjárnám var gert í veðinu fyrir slátt 1910, seldi eigandi alt hey burt af jörðinni (fyrir 1000 kr.?) án þess að núverandi bankastjórn gengi eftir að andvirði heysins gengi upp í skuldina. Jörðin lögð út veðdeildinni fyrir lítið verð.

Þá voru skoðaðar athugasemdir við veðdeildarlán á skjali XIII Nr. 4.

Þeir E. Br. og Tr. G. gera þá almennu athugasemd, að brunabótatrygging á veðum hafi því að eins verið tekin gild, að hún væri keypt hjá félögum, sem höfðu umboðsmenn í Reykjavík. Voru það einkum félög þau, er þeir Sighvatur Bjarnason bankastjóri og Brydes-verzlun höfðu umboð fyrir, en ef brunabóta-

kvittun var eigi send í tæka tíð, voru umboðsmenn spurðir um, hvort tryggingin væri í lagi, og lagði þá bankinn út iðgjaldsborgun, ef ekki hafði verið borgað, og voru þá teknar 2 kr. af hlutaðeigendum í provision — enn fremur tók bankinn gildar vátryggingar frá félagi því, er Jakob Havsteen á Oddeyri var umboðsmaður fyrir, og liggur fyrir í bankanum yfirlýsing frá félaginu sjálfu um, að brunaábyrgðirnar verði greiddar, þótt eigi hafi verið staðið í skilum með iðgjöldin. Hús í Rvík eru öll í skylduábyrgð, og þarf því eigi að athuga, hvort hún sé í lagi.

Um **Lán Vd. 11.** Fyrverandi bankastjórn trúir eigi öðru, en að vátrygging hafi komist á, þó að vátryggingarskjal liggi nú eigi við skjölin.

Um **Vd. 47.** Lánið aldrei veitt nema út á $^4/_5$ eignarinnar. Misritun í veðbréfi.

Um **Vd. 57.** Í samningnum við bæjarstjórnina var áskilið, að hún láti »jafngóða lóð« ef hún heimti húsið flutt, en lóðin er svo verðmæt, sakir þess hvernig hún liggur, að jafngóð lóð mun torfengin í Reykjavík.

Vd. 59. Landssjóður á lóðina og þótti því óþarfi að krefjast lóðarsamnings.

28. fundur 29. apríl $8^1/_2$ árdegis.

Allir sömu á fundi sem síðast. Fyrverandi bankastjórn lætur þess getið, að hún mundi hafa getað gefið miklu fyllri upplýsingar um það, er athugavert hefir þótt við lánveitingar í bankanum, ef lánsskjölin hefðu verið við hendina.

XVII.

Skýrsla yfir vixillán, reikningslán og sjálfskuldarábyrgðarlán til innheimtu hjá Magnúsi Guðmundssyni cand. jur.

1. Vixillán.

Nr.	Upphæð kr.	Upphæð a.	Afsagnar-dagur	Afhent til innheimtu	
1	830	00			
2	300	00	7/9 1910	3/10 1910	
3	1600	00	10/9 1910	s. d.	
4	240	00	2/9 1910	s. d.	
5	400	00	21/9 1910	s. d.	
6	75	00	12/10 1910	31/10 1910	
7	625	00	8/11 1910	30/11 1910	
8	100	00	31/10 1910	s. d.	
9	1200	00	16/11 1910	s. d.	
10	55	00	8/11 1910	s. d.	Borgað 45 krónur.
11	180	00	9/11 1910	s. d.	
12	50	00	26/11 1910	s. d.	
13	120	00	8/12 1910	2/1 1911	
14	150	00	3/12 1910	s. d.	
15	325	00	15/12 1910	s. d.	
16	198	00	2/12 1910	s. d.	
17	200	00	5/12 1910	s. d.	
18	80	00	18/2 1911	9/3 1911	
19	625	00	27/1 1911	s. d.	
20	75	00	1/2 1911	s. d.	
21	615	00	18/2 1911	s. d.	Kr. 8,043,00.

2. Reikningslán.

Nr.	Upphæð kr.	Upphæð a.	Afhent til innheimtu	
1	1968	18	1/12 1910	
2	757	41	s. d.	
3	1000	00	s. d.	
4	15763	00	s. d.	
5	10050	04	s. d.	Kr. 29,538,63.

3. Sjálfskuldarábyrgðarlán.

B-lán Nr.	Upphæð kr.	a.	Athent til innheimtu	
1	2473	00	5/10 1910	
2	1200	00	20/10 1910	
3	175	00	s. d.	
4	600	00	s. d.	
5	4000	00	2/11 1910	
6	420	00	s. d.	
7	200	00	s. d.	
8	40	00	s. d.	
9	200	00	s. d.	
10	166	00	s. d.	
11	341	00	s. d.	
12	183	00	s. d.	
13	2150	00	s. d.	
14	3000	00	s. d.	
15	4200	00	s. d.	
16	100	00	15/2 1911	
17	50	00	s. d.	
18	1500	00	s. d.	
19	1100	00	s. d.	
20	100	00	s. d.	
21	75	00	s. d.	
22	374	00	s. d.	
23	700	00	s. d.	
24	1220	00	s. d.	
25	1700	00	s. d.	
26	1350	00	s. d.	
27	700	00	s. d.	
28	140	00	s. d.	
29	260	00	s. d.	
30	2263	00	s. d.	
31	1300	00	s. d.	
32	6000	00	s. d.	
33	1600	00	s. d.	Kr. 39880,00

29. fundur 1. maí kl. 8½ árdegis. Allir á fundi. Mættur cand. jur. Magnús Sigurðsson, sem gaf nefndinni upplýsingar þær, sem hér fara á eftir um einstaka liði á skýrslunum á skjali XVII, og voru þær á þessa leið:

Víxlar.

1. Dómur, reynt fjárnám; líklega verður talsvert tap; fáist lítið eða ekkert — hagur skuldunauta breyzt.
2. Von um að borgist bráðlega.
3. Álitið trygt.
4. Dómur, lítil von að nokkuð fáist.
5. Von um að greiðist bráðlega.
6. Tapað.
7. Hyggur muni fást.
8. Tapað að mestu.
9. Trygt.
10. Borgað.
11. Framlengt með afborgun.
12. Borgað.
13. Framlengt með afborgun.
14. Verður borgað úr dánarbúi.
15. Borgað.
16. Framlengt með afborgun.
17. Hæpinn mjög.
18. Fæst að líkindum borgað.
19. Tryggur.
20. Nokkurn veginn tryggur.
21. Að meira eða minna leyti tapað.

R.-lán.

1. Hæpið, illa statt félag, fæst ef til vill eitthvað.
2. Framlengt með afborgun.
3. Mun vera trygt.
4. Mjög erfitt að segja. — N. N. borgar 270 kr. á mánuði.
5. Að öllu eða mestöllu tapað. Bankinn hefir yfirtekið veðið fyrir lágt verð.

Sjálfskuldaráb yrgðarlán.

1. Ótrygt, áreiðanl. allmikið tap. Borg. svolítið af.
2. Vafasamt.
3. Von um að komi.
4. Vafasamt.
5. Verður að álíta trygt.
6. Vafasamt.
7. Vafasamt.

8. Mun nást.
9. Fæst sennilega.
10. Að líkindum tapað.
11. Tapað.
12. Vafasamt.
13. Að miklu leyti tapað.
14. Óvíst um tap.
15. 982 kr. borgað, hitt væntanl. tapað.
16. Kynni að nást hjá einum ábm.
17. Óvíst.
18.
19.
20.
21. Framl. með afb.
22. Borgað.
23. Býst við einhv. tapi.
24. Ótrygt.
25. Álítur góða von um borgun.
26. Framl. með afb.
27. Fæst væntanl.
28. Fæst væntanlega.
29. Að mestu tapað.
30. Vafasamt, ábyrgðarmenn bundnir og flæktir.
31. Vafasamt veð með 2 veðr. í húsi. — Ábm. ónýtir.
32. Alveg tapað.
33. Nú 1100 kr. Mun trygt.

Þá var tekin fyrir skrá yfir víxla og sjálfskuldarábyrgðarlán, er liggja til innheimtu hjá E. Claessen 9. Mars 1911.

Skjal þetta er svolátandi (3 næstu töflusíður):

XVIII.

Skrá yfir víxla og sjálfskuldarábyrgðarlán, er liggja til innheimtu hjá E. Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, 9. marz 1911

Víxlar.

Nr.	Upphæð kr.	Nær afsagður	Nær afhentur málaflutningsm.	Athugasemdir.
1	350,00	12/12 1907	2/4 1908	Dómur 21/6 1908.
2	160,00	17/12 1907	2/4 1908	Dómur 14/5 1908.
3	425,01	16/6 1908	20/7 1908	Dómur 8/10 1908.
4	300,00	7/2 1908	20/7 1908	Dómur 8/10 1908.
5	1060,76	19/11 1908	20/11 1908	Fjárnám hjá útgefanda árangurslaust, en ekki reynt hjá samþykkjanda vegna annara skuldbindinga.
6	300,00	20/7 1908	25/11 1908	Dómur 11/2 1909.
7	340,00	16/7 1908	s. d.	Dómur 8/2 1909.
8	94,32	22/10 1908	s. d.	Dómur 8/2 1909.
9	70,00	19/2 1909	9/6 1909	Fjárnám ekki framkvæmt vegna annara skuldbindinga.
10	60,00	5/3 1909	s. d.	Krafa gerð í 2 þrotabú.
11	85,00	25/3 1909	s. d.	Fjárnám ekki framkvæmt vegna annara skuldbindinga.
12	100,00	14/4 1909	s. d.	Dómur 24/6 1909.
13	300,00	27/4 1909	22/6 1909	Útgefandi og ábekingur synja fyrir nöfn sín með eiði. Gerð krafa í dánarbú samþykkjanda; úr því fást kr. 46,23.
14	425,00	17/5 1909	s. d.	Fjárnám eigi gert hjá samþykkjanda, en hann varð gjaldþrota 1911. Hjá öðrum árangurslaust fjárnám.
15	650,00	14/5 1909	s. d.	Árangurslaust fjárnám gert hjá öllum nema framseljanda, sem varð gjaldþrota 1911.
16	950,00	26/5 1909	s. d.	Dómur 16/9 1909. Útgefandi synjar fyrir nafn sitt með eiði. Gerð krafa í dánarbú samþykkjanda; úr búinu fást kr. 146,40.
17	180,00	22/5 1909	s. d.	Krafa gerð í þrotabú útgefanda og samþykkjanda.
18	130,00	s. d.	s. d.	Krafa gerð í þrotabú útgefanda og samþykkjanda.
19	150,00	s. d.	s. d.	Dómur 30/9 1909.
20	450,00	9/6 1909	s. d.	Dómur 2/9 1909. Eiður útgefanda og framseljanda fyrir nöfn þeirra. Krafa gerð í þrotabú samþykkjanda; úr búinu fást kr. 69,35.
21	100,00	16/6 1909	s. d.	Dómur 23/9 1909.
22	300,00	14/6 1909	s. d.	Dómur 30/9 1909. Framseljandi synjar fyrir nafn sitt með eiði. Krafa gerð í þrotabú ábekings; úr búinu fást 46,23.
23	1000,00	22/5 1909	s. d.	Útgefandi og framseljandi synja fyrir nöfn sín með eiði. Krafa gerð í þrotabú samþykkjanda; úr búinu fást kr. 154,10.
24	100,00	19/6 1909	s. d.	Réttarsætt 30/10 1909. Krafa gerð í dánarbú útgefanda; úr búinu fást kr. 15,41.
25	90,00	24/6 1909	11/8 1909	Dómur 20/1 1910.
26	230,00	28/4 1909	s. d.	Fjárnám ekki gert vegna annara skuldbindinga.
27	1830,00	18/5 1909	s. d.	Árangurslaust fjárnám, þar sem það hefur verið framkvæmt 28/11 1910; afborgað kr. 868,28.
28	11517,00	18/5 1909	s. d.	Fjárnám gert 21/2 1910.
29	580,00	19/6 1909	s. d.	Fjárnám gert 5/4 1910.
30	500.00	24/6 1909	s. d.	Dómur 14/12 1909. Samþykkjandi synjar fyrir nafn sitt með eiði. Krafa gerð í

Vixlar.

Nr.	Upphæð kr.	Nær afsagður	Nær afhentur málaflutningsm.	Athugasemdir.
				dánarbú útgefanda; úr búinu fást kr. 77,05.
31	190,00	30/7 1909	11/8 1909	Dómur 28/10 1909.
32	1450,00	17/7 1909	s. d.	Dómur 3/8 1910.
33	400,00	1/7 1909	s. d.	Krafa gerð í dánarbú útgefanda og þrotabú samþykkjanda; úr dánarbúinu fengust kr. 61,64.
34	60,00	24/8 1909	28/9 1909	Dómur 25/11 1909.
35	160,00	23/9 1909	s. d.	Lagt í dóm 31/3 1910.
36	180,00	26/8 1909	s. d.	Dómur 2/12 1909. Krafa gerð í þrotabú framseljanda.
37	220,00	4/8 1909	s. d.	Dómur 2/12 1909. Krafa gerð í þrotabú útgefanda.
38	180,00	27/9 1909	20/11 1909	
39	20,00	1/10 1909	s. d.	Lagt í dóm 31/3 1910.
40	1000,00	17/9 1909	s. d.	Dómur 10/2 1910.
41	600,00	Ekki afsagður	s. d.	Eiginn víxill. Málsókn frestað til 11/4 1910,
42	150,00	13/10 1910	s. d.	Dómur 10/2 1910. Krafa gerð í þrotabú.
43	195,00	29/9 1909	s. d.	Lagt í dóm 31/3 1910.
44	1375,00	19/6 1909	22/6 1909	Dómur 2/9 1909. Útgefandi og framseljandi synja fyrir nöfn sín með eiði. Krafa gerð í dánarbú samþykkjanda; úr því fengust kr. 211,89.
45	2470,00	13/7 1909	19/7 1909	Dómur 30/9 1909. Útgefandi og framseljandi synja fyrir nöfn sín með eiði. Krafa gerð í dánarbú samþykkjanda; úr því fengust kr. 380,63.
46	150,00	30/11 1909	24/2 1910	
47	100,00	9/12 1909	s. d.	
48	70,00	24/12 1909	s. d.	
49	360,00	7/12 1909	s. d.	
50	1430,00	17/12 1909	s. d.	
51	40,00	25/1 1909	s. d.	
52	60,00	16/12 1909	s. d.	
53	380,00	21/12 1909	s. d.	Afborgaðar 5 kr.
54	450,00	16/2 1910	11/3 1910	
55	120,00	2/2 1910	s. d.	
56	1275,00	16/2 1910	s. d.	Afborgaðar 300 kr.
57	180,00	s. d.	s. d.	
58	1175,00	5/2 1910	s. d.	
59	3350,00	19/3 1910	3/5 1910	
60	1160,00	24/3 1910	s. d.	
61	1690,00	27/4 1910	s. d.	
62	3200,00	3/5 1910	10/5 1910	Afborganir kr. 75,42.
63	375,00	11/5 1910	7/6 1910	
64	70,00	18/5 1910	s. d.	
65	96,00	19/5 1910	s. d.	
66	180,00	4/6 1910	22/7 1910	
67	120,00	s. d.	s. d.	
68	75,00	16/6 1910	s. d.	
69	29,00	1/7 1910	22/7 1910	
70	121,00	19/8 1910	2/9 1910	
71	1850,00	18/8 1910	s. d.	Borgað 10/1 1911.
72	90,00	3/8 1910	s. d.	
73	125,00	19/7 1910	s. d.	
74	160,00	16/7 1910	s. d.	
75	1600,00	4/7 1910	6/9 1910	

Sjálfskuldarábyrgðarlán.

Nr.	Upphæð kr.	Hvenær afhent málaflutningsm.	Athugasemdir.
1	670,20	Í júlí 1909	Dómur 31/1 1910. Greiddar 34 kr.
2	420,00	19/6 1909	
3	800,00	s. d.	
4	3200,00	s. d.	
5	2200,00	s. d.	Dómur 28/1 1910. Greiddar 900 kr.
6	70,00	s. d.	Dómur 8/12 1909.
7	500,00	s. d.	Lagt í dóm 15/4 1910.
8	51,00	12/7 1909	
9	1500,00	14/9 1909	
10	700,00	s. d.	
11	1500,00	s. d.	Dómur 14/1 1910. Afborgað kr. 43,50. Vextir borgaðir til 25/11 1910.
12	485,00	s. d.	Lagt í dóm 5/4 1910.
13	1900,00	s. d.	Árangurslaust fjárnám hjá þeim, er það hefir verið reynt.
14	1000,00	12/11 1909	
15	700,00	s. d.	
16	260,00	s. d.	
17	2500,00	s. d.	Sætt 12/8 1910.
18	7600,00	24/9 1910	
19	650,00	24/5 1907	
20	1500,00	27/5 1910	
21	600,00	13/7 1910	
22	4660,00	s. d.	
23	4800,00	s. d.	
24	1400,00	s. d.	
25	2500,00	26/7 1910	
26	320,00	6/9 1910	
27	25,00	s. d.	
28	150,00	s. d.	
29	2750,25	s. d.	
30	1100,00	s. d.	
31	500,00	s. d.	
32	567,50	s. d.	
33	300,00	s. d.	
34	400,00	s. d.	
35	100,00	s. d.	
36	300,00	s. d.	

Reikningslán.

Nr.	Upphæð kr.	Hvenær afhent málaflutningsm.	Athugasemdir.
1	5044,60	26/6 1909	9/8 1910 greiddar 124 kr. Krafa gerð í þrotabúi lántakenda.

Þá mætti fyrir nefndinni E. Claessen og voru eftir hans bendingu fengnar nokkrar nýjar bendingar til næsta fundar.

30. fundur. 1. maí kl. 1¼ síðd.

Allir á fundi. Claessen aftur mættur. Hann gaf þær skýrslur, sem hér fara á eftir um einstaka liði skrárinnar á skjali XVIII:

Víxlar.

Nr.	
1	
3	
2	
6	
7	
8	
14	
22	
35	Allir þessir víxlar að upphæð samtals 3725 kr., tapað fé, að undanteknum 46 kr. 23 a., sem komið er inn úr búi.
36	
37	
39	
35	
43	
47	
48	
52	
55	
63	
65	

Sjálfskuldarábyrgðarlán.

8	Tapað.
16	

Víxillán

4. Borgað $^{29}/_{8}$ 1911.
5. Hlífst við innh. að sinni sakir atvika. Fæst væntanl. með tímanum.
9. Borgað $^{29}/_{3}$ 1901.
10. Tapað væntanlega. —Búin ekki uppgerð.
11. Lántakandi er að hagræða skuldum sínum og reyna að tryggja þær.
12. Trygt.
13. Náðist 15,41 % úr þrotabúinu.
15. Tapað.
16. Sama sem um nr. 13.
17. } Krafa í þrotabúi.
18. }
19. Sjá nr. 11.
20. Sjá nr. 13.

21. Sjá nr. 11.
23. Sjá nr. 13.
24. Sama.
25. Borgað upp í dómkröfuna 70 krónur.
26. Sjá nr. 11.
27. Borgað 898 kr. 28 a. upp í dómkr.; þar af 868,28 upp í skuldina. Að öðru leyti tapað.
28. Bakkabúðarvíxillinn.
29. Tapað.
30. Sjá nr. 13.
31. Sjá nr. 11.
32. Næst áreiðanlega.
33. Úr dánarbúi 61 kr. 64 a.
38. Borgaðar 15 kr.; hitt tapað.
40. Næsta áreiðanlega.
41. Skuldunautur að reyna að semja við skuldheimtumenn um að borga 25—50 %. Dómur; fjárnámi frestað í samráði við núv. bankastjóra.
42. Krafa í þrotabú.
44. Sjá nr. 13.
45. Sama.
46. Tapað.
49. 50. 51. Krafa í þrotabúi.
53. Afborgun 5 kr.; annars krafa í þrotabúi.
54. Borgaðar 50 kr. Fjárnám gert hjá einum ábm. í lausafé virtu 25,50 au.
56. Borgaðar 300 kr. — Krafa í þrotabúi.
57. 58. 59. 60. 61. Krafa gerð í þrotabúum.
62. Sami lántakandi; ábyrgðarm. í Árnessýslu og Borgarfirði. Dóminum ekki framfylgt, en næst líkl. með tíð og tíma.
64. Tapað.
66. Krafa í þrotabúi.
67. Tapað, nema náist úr þrotabúi annars manns.
68. Tapað að líkindum.
69. Borgaðar 6 kr.; von um hitt.
70. Tapað.
71. Borgað $^{10}/_{1}$ þ. á.
72. Tapað.
73. Gerð krafa í þrotabúi; að öðru leyti tapað.
74. Tapað.
75. Samkomulag að gera ekki fjárnám að svo stöddu.

31. fundur 1. maí, kl. 7 síðd. Allir nefndarmenn á fundi, nema Jón á Hvanná. Eggert Claessen var á fundinum eftir tilmælum nefndarinnar og gaf upplýsingar þær, sem hér fara á eftir, um sjálfskuldarábyrgðarlánin, sem talin eru á skjali XVIII.

1. Eftirst. 2700 kr. láni. Trygt.
2. Tapað.
3. Dómur fyrir láninu. Ókunnugt um efnahag hinna dæmdu. (H... í S...).
4. Frestað fjárnámi (hjá G... J...).
5. Dómur. Borgað 900 kr. — B... V... á að borga það eftir er.
6. Undir máli. Vafasamt.
7. Undir máli; hefst væntanlega.
9. Afb. og framlengt (eftir 1100 kr.).
10. Afhent Magn. Guðm. 1. okt. 1910.
11. Einn ábm. sýknaður, af því að fyrri veðréttur var hækkaður, án þess hann hefði samþ. — Afb. 43, 50. Vextir borg. til $^{25}/_{11}$ 1910. Tapað að öðru leyti.
12. Undir máli. Regress-krafa á hreppstjóra, svo að lánið verður að álítast trygt.
13. Eftir að gera fjárnám hjá S... E... Fjarska hæpið að fáist.
14. Frestur samkvæmt samn. við núverandi bankastjórn. Trygt.
15. Borgað.
17. Selt veð á uppboði. Ókunnugt, hve mikið það hefir gert upp í lánið.
18. E... S... & Co. Sjá aths., sem gerð var við fyrri lán þeirra. Trygt.
19. Tapað.
20. Gerð krafa í þrotabú S... G...
21. Í máli; hyggur að muni fást.
22. S... Ó... Veð í K.....lóð. Í máli. Ókunnugt um verðmæti veðsins og tryggingarmanna.
23. Undir málarekstri. J... K... J... 2. veðréttur í húsi. Ekki dæmt um veð né ábm.
24. Í máli. Margir ábyrgðarmenn í Ólafsvík.
25. Borgað bankanum með framl. 20. Mars.
26. Trygt. Í máli.
27. Í máli.
28. Í máli (G. á M.). Trygt.
29. Afh. bankanum. Framl.
30. Gerðar kröfur í þrotabú Bakkabúðarmanna.
31. Í máli. Trygt.
32. Í máli. Talið trygt.
33. Í máli. Lántakandi ómögulegur. Gjaldþol ábyrgðarm. ókunnugt.
34. Afh. Landsb. 12. apríl þ. á.
35. Í máli, en trygt.
36. Í máli. Ókunnugt um trygging.

Reikningslán nr. 1. Afb. 124 kr. Það eina, sem fékst af veðinu, hefst líklega ekkert upp úr þrotabúinu.

Claessen gerir þá almennu athugasemd um þær innheimtur, sem hann hefir haft fyrir bankann, og sem hann hefir skýrt, að afhentar séu bankanum, að honum sé eigi kunnugt um, að hve miklu leyti þau lán séu endurborguð eða

endurnýjuð, því að það hafi verið regla, að bankastjórnin sjálf hafi samið við skuldunauta og þá gefið honum tilkynningu um að lánin væru komin í lag og skipun að skila skjölunum í bankann, án þess honum væri skýrt frá því, með hvaða kjörum samningar hefði tekist.

Enn fremur tekur Claessen það fram að gefnu tilefni, að »hann muni ekki til, að hann hafi rekið sig á lán, sem hann hafi álitið óforsjállega veitt, að því er hann þekkir til, af lánum þeim, er hann hefir haft afskifti af í Landsbankanum«.

XIX.

Eg vil hér með leyfa mér að minnast nokkrum orðum á skrá þá, sem eg sá hjá rannsóknarnefnd neðri deildar alþingis frá núverandi bankastjórn Landsbankans, yfir 17 menn, sem mest skulda bankanum og talið er að mestu leyti tapað.

En jafnframt vil eg taka það fram, að eg hefi engan aðgang að bókum bankans, svo eg verð að skrifa eftir minni mínu, sem ekki er jafngott nú og á yngri árum; en svo mikið man eg, að eg sé að nefnd skýrsla er fölsk að því leyti, að hún gefur ranga hugmynd um tryggingar lánanna, með því að skrifað er hjá einum manni lán og sjálfsk.-ábyrgð, sem tilheyrir heilum stofnunum og félögum, bersýnilega í þeim tilgangi, að láta svo sýnast sem svo og svo mikið af lánum hljóti að tapast.

Sem dæmi má nefna, að skrifað er bæði hjá Bjarna Jónssyni og Þorsteini Þorsteinssyni þau lán, sem verzlunarfélagið Bakkabúð hefir fengið, um 40,000 kr., og trygð voru bæði með veði í mikilli fasteign og útistandandi skuldum verzlunarinnar, ásamt sjálfskuldarábyrgð 8 eða 9 manna annara. Þar af eru Gísli Magnússon, Guðmundur Magnússon, Sveinn Gíslason og Jón Jónsson, sem allir eru á nefndri skrá, og meiri hluti þessa láns einnig skrifað hjá þeim hverjum sérstaklega, en 40,000 kr. hjá hvorum fyrir sig Bjarna og Þorsteini, svo óhætt mun vera að álíta að þessi 40,000 kr. skuld Bakkabúðarverzlunar er orðin á skránni yfir 200 þús. krónur.

Í öðru lagi er skrifað hjá þremur af þessum mönnum á skránni, með fullri upphæð hjá hverjum 40,000 kr. lán, sem gufubátsfélagið við Faxaflóa fékk, með 1. veðrétti í s/s Ingólfi, sem er nýr og kostaði 74,000 kr., og auk þess sjálfskuldarábyrgð nálægt 20 hluthafa félagsins, sem margir eru vel efnaðir menn, svo ekki þarf að verða krónu tap á því láni.

Enn fremur mun vera skrifað hjá sömu þremur mönnum 45,000 kr. lán til klæðaverksmiðjunnar Iðunn með fullri upphæð, 45,000 kr. hjá hverjum þeirra, þó eru fyrir því láni 26 aðrir sjálfskuldarábyrgðarmenn — sumir efnaðir — og 2. veðréttur í öllum húseignum, lóð og vélum félagsins.

Hjá 2 af þessum mönnum sem á skránni standa, er líklega enn fremur talið lán til Slippfélagsins í Reykjavík 35,000 kr. með fullri upphæð hjá hvorum þeirra. Þó stóðu eða standa fyrir þessu láni 23 ábyrgðarmenn, hvar af 6 eru með allra efnuðustu mönnum í bænum, svo ekki tapast 1 kr. af því láni; enda er Slippfélagið sjálft svo efnað, að það hefir gefið í ársarð 10% og mun einnig gefa sama fyrir næstliðið ár. Samt telur skýrslan þetta með töpuðum skuldum.

Þegar litið er á þessi dæmi og fleiri, sem of langt yrði upp að telja, held eg, að ekki sé ofmælt, að þeir menn, sem þessa skýrslu rita, geri sig seka í því að birta alþingi og alþýðu falska skýrslu.

Margir af þeim, sem á skránni eru taldir »öreiga og gjaldþrota«, voru vel efnaðir menn þegar lánin voru veitt. En það er auðvelt að gera vel efnaða menn að öreigum og gjaldþrotamönnum, þegar gengið er að þeim með oddi og egg, eins og Bakkabúðarmönnum o. fl., þegar verst lætur í ári, og eignir þeirra seldar á uppboði undir hálfvirði, af því enginn þorir að bjóða í þær, vegna þess, að þeir geta ekki fengið lán þótt jafnvel allgott veð sé boðið. Sem dæmi má nefna að húseignir Bakkabúðar-verzlunar með stórum tilheyrandi lóðum á góðum stað í bænum og bólverki og steinbryggju voru slegnar á uppboði fyrir 12 eða 14 þús. krónur, þótt þetta alt væri í sæmilegu ári 40,000 kr. virði, eða meira.

Einnig hefi eg tekið eftir því, að sumar skuldir á skránni eru taldar tapaðar, þó 4—6 ungir vel vinnandi menn séu sjálfskuldarábyrgðarmenn, ef þeir fyrir 2 ára atvinnu-

brest eru efnalitlir nú. Vinnuafl og góður vilji ábyrgðarmanna sýnist ekki vera í háu verði hjá skýrslusemjendunum.

Sem dæmi vil eg nefna lán Benedikts Stefánssonar. Hann hafði nokkur ár verzlun hér í bænum, og gekk vel, svo hann hafði traust bankanna og margra borgara bæjarins. Eftir skýrslunni hefir hann 2 lán, annað 1400 kr., sem 16 ábyrgðarmenn eru fyrir, þar af nokkrir iðnaðarmenn, svo það lán ætti að vera allvel tryggt; en eftir reglu skýrslusemjanda er þetta líklega tilfært 16 sinnum 14 eða 22,400 kr., og þá er lánið illa tryggt auðvitað. Hitt lánið er kr. 1569,50 og ábyrgðarmenn 5 iðnaðarmenn á bezta aldri og sumir allvel efnaðir, þó er þetta lán talið meðal tapaðra lána.

Eftir lögum bankans er hann skyldur til að styrkja atvinnuvegi landsmanna, innlenda kaupmenn, iðnaðarmenn, fiskútvegsmenn m. m. En ekki yrði mikið úr því að rækja þær skyldur, ef svo ströng lánsskilyrði væri sett, að ómögulegt væri, að nokkurt lán tapist. En öll þau lán, sem á skránni standa voru lánuð til einhvers af nefndum fyrirtækjum.

Eg fullyrði, að á þeim tíma, sem lánin voru veitt, hafi tryggingin verið sæmileg, en fjárhagsteppa sú, sem gekk yfir þetta land árin 1907—1908, eins og fleiri lönd, hafi valdið því, að efnahagur margra lántakenda hafi stórum versnað. En þótt svo sé, virðist mér, að tapið þyrfti ekki að vera tilfinnanlegt fyrir bankann, ef hyggin og hagsýn bankastjórn stýrði innheimtu lánanna.

Eg skal kannast við það, að of háar ábyrgðarupphæðir hvíla á nöfnum sumra, en þegar ábyrgðarskjalið kom til bankastjórnarinnar með nöfnum þeirra, þá hlífðist hún við að strika út nöfnin, og þar með móðga mennina, en lánin voru ekki miðuð við nöfn þeirra, heldur hinna, sem á skjalinu stóðu og álitust tryggilegir.

Virðingarfylst

Reykjavík 3. maí 1911.

Tryggvi Gunnarsson.

Til

Rannsóknarnefndar neðri deildar alþingis í Landsbankamálinu.

Niðurlagsorð.

Eins og sést á skýrslunni hér að framan tregðaðist bæði fyrverandi ráðherra og rannsóknarmaður sá, er stjórnin hafði skipað og vér snerum oss til samkvæmt fyrirmælum 22. gr. stjórnarskrárinnar, yfirdómslögmaður Magnús Sigurðsson, við að láta af hendi umbeðin skjöl, og tafði það mjög fyrir starfi nefndarinnar, þar sem dregið var alt og oss neitað um matsbókina, sem vér eftir margra vikna drátt aldrei fengum. Þegar svo gerðabókin loks kom, bar hún það með sér, að í hana var svo sem ekkert innfært, sem neinu máli skifti, annað en það sem prentað var fyrir löngu í skýrslu nefndarinnar.

Hins vegar ber prentaða skýrslan það með sér, að nefndin hefir haldið tvær gerðabækur, og eru langsamlega flestir fundir, á að gizka 25 til 28 að minsta kosti, færðir inn í aðra gerðabókina; en þeirri gerðabók hefir nefndin haldið leyndri og ekki skilað oss henni.

Það var víst síðasta embættisverk Björns Jónssonar í ráðherrasæti að úrskurða, að matsbókin væri *privat*-eign rannsóknarnefndarmanna stjórnarinnar.

Þannig var oss með öllu meinað að rannsaka meginatriðið í gerðum þeirrar nefndar, matið á tapi bankans.

Hitt er auðvitað, að þar sem vér rannsóknarnefndarmenn neðri deildar vorum eðlilega bundnir þagnarskyldu um það, sem oss var trúað fyrir, og vænt-

anlega allir eins trúverðir menn, eins og þeir herrar Karl Einarsson, Magnús Sigurðsson og Ólafur Eyjólfsson, þá virðist það óþarfa tortrygni hjá þeim herrum, að oss væri eigi trúandi fyrir að sjá bókina. Af neitun þeirra herra um að sýna bókina, verður því að álykta, að þeir séu sér sjálfir þess meðvitandi, að mat þeirra hafi verið svo í lausu lofti og á rökleysum bygt, að það þoli ekki rannsókn.

Eftir því sem verkaskifti urðu milli nefndanna í efri og neðri deild, varð það aðallega hlutverk vort að rannsaka þær nýju sakargiftir hinnar nýju bankastjórnar, sem hún lét einum alþm. (Sigurði Hjörleifssyni) í té og hann las upp á alþingi og birtar voru í blaðinu Ísafold 11. og 15. Mars þetta ár.

Allar þær af þessum skýrslum núverandi bankastj., sem nefndin hafði til meðferðar og komst yfir að rannsaka, höfum vér prentað hér að framan, og sömuleiðis þær skýringar á þeim, sem tíminn leyfði oss að afla oss.

Vér getum ekki varist þess að láta í ljósi furðu vora á því, að bankastjórnin skuli hafa látið frá sér í sínu nafni skýrslur eins og þessar, sem sýnilega hlutu að veikja traustið á hag bankans, ef sannar væru, og auk þess innihalda á ýmsum stöðum bláber ranghermi og ósannindi, og í fjölda mörgum atriðum hvíla á þekkingarleysi á því, hvað áhrif hefir á löglegt gildi skjala.

Auðvitað dylst oss eigi það, að bankinn hafi beðið og hljóti að bíða talsvert tjón við greiðsluvanskil ýmsra skuldunauta, og þykir oss það ekki nema eðlilegt eftir þá miklu fjárkreppu og viðskiftaþröng, sem undanfarin ár hefir gengið yfir heiminn og sérstaklega Norðurlönd, og var engin von til, að þetta land færi varhluta af tjóni. Þó hyggjum vér, og þykjumst sjá rök fyrir því í framkomnum skjölum, að reynt hafi verið að gera mun meira úr því tjóni, en tilefni var til.

En er um hitt ræðir, hvort fyrv. bankastjórn sé sök á því tjóni gefandi, þá hefir ekkert það fram komið fyrir oss, er staðfesti það. Galla á formi skjala höfum við fundið á stöku stað frá tíð fyrverandi bankastjórnar, en verulegustu ávirðingarnar í því efni, (vanræksla á undirskriftum skuldabréfa, sem fara fram í afgreiðslustofunni) verða að teljast á ábyrgð annara starfsmanna bankans, ef tjón hefði af hlotnast, en það hefir reyndar eigi komið fram, að svo hafi orðið.

Hvort bankastjórnin hafi veitt mönnum óhyggilegt lánstraust, hefir oss eigi gefist kostur á að rannsaka á svo stuttum tíma; en í þeim tilfellum, sem helzt gáfu tilefni til athugunar í því efni, svo sem Ólafsvíkurlánið, Bakkabúðarlánið og fáein önnur, er vér hirðum eigi að nefna með nafni, höfum vér ekki fundið ástæðu til að telja veiting þeirra lána í upphafi ámælisverða eftir þeim skýrslum, sem vér höfum um það efni fengið. (Sbr. framburð Claessens).

Tíminn leyfir oss eigi að draga frekari ályktanir af gerðum nefndarinnar eða fara fleiri orðum um málið, þar sem nú eru að eins örfáar klukkustundir til þingloka.

Vér höfum hér að framan eigi tekið aðrar skýrslur til meðferðar en þær, sem lágu fyrir nefndinni og hún öll hafði til meðferðar.

Skjöl, sem einstökum nefndarmönnum kunna að hafa verið sýnd, en ekki nefndinni allri, getum vér eðlilega ekkert um sagt og teljum þau nefndinni óviðkomandi.

Þeir sem lesa skýrslurnar hér að framan, geta séð sýnishorn af því, hvort alt er á góðum rökum bygt, sem í þeim stendur.

— Þess skal getið, að til hægðarauka er á 2—3 stöðum í gerðabókarútdrætti skotið inn upplýsingum, er eigi komu fram á þeim fundi, heldur síðar.

En ekkert er þar að efni til úr lagi fært — að eins hagað þannig til fyrir stuttleika sakir, enda tími til skýrslusamnings ákaflega naumur.

Formaður lætur þess getið, að honum hafi eigi unnist tími til að bera saman útdrættina hér að framan við gerðabókina, sem er í vörzlum ritara (Ben. Sv.), en við fljótlegan yfirlestur hefir hann ekki fundið neitt afbakað eða rangfært, eftir því sem hann bezt man, hvað í henni stendur.

Alþingi, 9. maí 1911.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Jón Ólafsson.

Sþ. **967. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1912 og 1913.

Frá Birni Sigfússyni og Hálfdani Guðjónssyni.

Við 14. gr. B. VI. a.

4. og 5. liður verði einn liður og orðist svo:

Til kvennaskólans á Blönduósi 5,500—5,500 gegn 750 kr. annarsstaðar frá.

Sþ. **968. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður Þorleifur Jónsson.

Við 13. gr. B. III.

Eftir 7 komi:

Til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu kr. 2500,00—2500,00.

Sþ. **969. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Flutningsmaður: Sigurður Hjörleifsson.

Við 13. gr. A. 2.

Athugasemdin orðist svo:

Af póstflutningafénu greiðist 6,000 kr. hvort árið til Thorefélagsins eftir samningi 7. ágúst 1909, og ennfremur má verja alt að 2000 kr. hvort árið fyrir að flytja allskonar póstsendingar með skipum, sem ekki hafa fast tillag, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum.

Sþ. **970. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1912 og 1913.

Frá Hálfdáni Guðjónssyni og Birni Sigfússyni.

Við 13. gr. B. IX.
Orðin: »gegn að minsta kosti ... ... alt að« falli burt.

Sþ. **971. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1912 og 1913.

Flutningsm.: Björn Þorlákssón.

Við 16. gr. 1. d.
Aðaltillaga: Liðurinn falli burt.
Varatillaga: Fyrir »alt að 6,000« komi: 4,000.

Sþ. **972. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga árin 1912 og 1913.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. C. 1.
Aftan við orðin: »til gufuskipaferða« bætist: eftir samningi við Thorefélag 7. ágúst 1909.

Sþ. **973. Breytingartillaga**

við br.till. á þgskj. 967.

Frá Steingrimi Jónssyni.

Fyrir: »750 kr.« komi: 1350 kr.

Nd. **974. Nefndarálit.**

Frá meiri hluta Landsbankarannsóknarnefndarinnar í neðri deild.

Nefnd sú, er neðri deild alþingis kaus 28. febr. s. l. til þess að rannsaka Landsbankamálið hlýtur nú að binda enda á starf sitt, þar sem þingtíminn er á þrotum, þótt hún hafi ekki getað framkvæmt rannsókn sína til þeirrar hlítar, sem skyldi, sakir tímaskorts og annara atvika.

Hér skal með örfáum orðum skýrt frá því, hversu nefndin hagaði gerðum sínum.

Hún hefir haldið alls 33 sameiginlega fundi, sem bókfærðir hafa verið, hinn fyrsta 28. febrúar og hinn síðasta 2. maí. Auk þess hafa nefndarmenn átt nokkra fundi síðan til þess að ræða um nefndarálit o. fl., en oftast vantað einhverja á þá fundi.

Fundir nefndarinnar hafa venjulega staðið 1—2 kl.stundir í einu og ýmist verið haldnir í alþingishúsinu eða Landsbankanum.

Það lá fyrst fyrir að leita samvinnu við nefnd þá, er áður hafði verið kosin í efri deild til þess að rannsaka athafnir ráðherra, (B. J.), í Landsbankamálinu.

Í því skyni áttu nefndirnar sameiginlegan fund með sér 2. marz, og talaðist þá svo til, að rannsóknarnefnd neðri deildar skyldi snúa sér að rannsókn á hag Landsbankans, sérstaklega á mati á útistandandi skuldum hans.

Eftir þennan fund áttu nefndirnar enga fundi með sér og enga samvinnu að öðru leyti.

Á þriðja fundi nefndarinnar var samþykt að skrifa stjórnarráðinu og krefjast þess, að það léði nefndinni til afnota bækur þær, sem Landsbankarannsóknarnefndin stjórnkjörna samdi og bygði mat sitt á á lánum bankans (þ. e. gerðabók og bók þá, sem ræðir um á bls. 17 í skýrslu nefndarinnar) svo og önnur skjöl þessu atriði til upplýsingar, er vera kynnu í vörzlum stjórnarráðsins. Þessari málaleitun svaraði stjórnarráðið með bréfi dags. 6. s. m. og kvað bækurnar ekki vera í stjórnarráðinu né í vörzlum stjórnarinnar.

Nefndinni barst bréf frá stjórnarráðinu dags. 2. marz, þar sem skýrt var frá, að stjórnin hefði fengið frá Landmandsbankanum í Khöfn eftirrit af álitsskjali bankastjóranna dönsku, sem sendir voru í fyrra til þess að athuga hag Landsbankans.

Var þess og getið, að leyft hefði verið að lesa mætti skýrslu þessa í trúnaði yfir nefnd þeirri, er þingið kynni að kjósa til þess að rannsaka bankamálið og nefndin beðin að ákveða, hvenær hún vildi hlýða á lestur skýrslu þessarar.

Formaður nefndarinnar tjáði stjórnarráðinu, hvenær nefndin væri viðbúin að hlýða á álitið. Kom þá landritari á fund nefndarinnar 6. marz og las álitið þar fyrir öllum nefndarmönnum.

Var þeim ekki bannað að skrifa upp hjá sér til minnis einstök atriði um leið og lesið var fyrir.

Það hafði upplýst, að fyrnefndar bækur bankarannsóknarnefndarinnar stjórnkjörnu mundu vera í vörzlum Magnúsar Sigurðssonar yfirréttarmálaflutningsmanns.

Skrifaði því nefndin stjórnarráðinu bréf, dags. 6. marz, og fór fram á, að það útvegaði bækurnar. Því bréfi svaraði stjórnarráðið þrem dögum síðar og sendi jafnframt afrit af bréfi Magnúsar Sigurðssonar til stjórnarráðsins, dags. 8. marz, þar sem hann kveðst geyma forsiglaðan pakka fyrir Karl sýslumann Einarsson í Vestmannaeyjum, en kveður sig bresta heimild til þess að opna hann, fyr en leyfi Karls komi til. En auðvitað muni Karl Einarsson sýslumaður láta öll gögn rannsóknarnefndarinnar stjórnarráðinu í té undir eins og það skrifi honum og æski að fá þau.

Næstu daga varð þjark nokkurt og bréfaskriftir út af þessu atriði eins og fylgiskjölin á þingskj. ... bera með sér, og á 7. fundi nefndarinnar (12. marz) skýrði formaður hennar frá því, eftir landritara, að þeir rannsóknarnefndarmennirnir Magnús Sigurðsson og Ólafur Eyjólfsson hefðu komið upp í stjórnarráð og færst undan, að afhenda umrædda bók, af því að í sérstakan dálk hennar væri innfærðar upplýsingar, sem þeir hefði fengið hjá einstöku mönnum, og vildu ekki láta hana af hendi við stjórnarráðið eða nefndina, heldur bjóða nefndinni, að láta einhverja tvo menn, er þeir tiltæki úr nefndinni, sjá bókina.

Kváðu þeir ráðherra hafa sagt sér, að plögg þau, er þeir hefðu tekið saman til þess að nota við rannsóknina, væri þeirra privat-eign, nema gjörðabókin, og væru þeir eigi skyldir að láta þau af hendi.

Þessum boðum neitaði formaður og heimtaði skriflegt svar frá Magnúsi Sigurðssyni.

Hinn 14. marz barst nefndinni enn bréf frá stjórnarráðinu, þar sem það tilkynnir, að það hafi úrskurðað, að skjöl bankarannsóknarnefndarinnar stjórnkjörnu, önnur en gjörðabók nefndarinnar, sé privat-eign nefndarmannanna.

Sama dag vísaði neðri deild til nefndarinnar þingsályktunartillögu á þingskjali 43. um innsetning gæzlustjóra Nd.

Nefndin ræddi þetta atriði á tveim fnndum, og urðu þau úrslit á fundi 17. marz, að nefndin klofnaði.

Skrifuðu síðan báðir hlutar nefndarinnar sitt álitið hvor, og eru þau prentuð á þingskjali 242 og 251.

Á fundinum 14. marz ákvað nefndin að snúa sér nú að því að rannsaka mat það á væntanlegu tapi landsbankans, sem bankastjórnin hefir samið. Bárust nefndinni síðan 8 skjöl frá stjórn Landsbankans viðvíkjandi ýmsum útistandandi lánum bankans, svo og fyrirspurnir til bankastjóranna frá þingmanni Akreyringa ásamt andsvörum þeirra, alls fjögur skjöl (sjá fylgiskj. ..... og .....) og verður vikið að þeim nánara síðara.

Á fundi 21. marz var samþykt, að skrifa Magnúsi Sigurðssyni og krefjast »matsbókarinnar« til láns.

Bréfi nefndarinnar svaraði hann 23. marz, og kvaðst vilja heimila formanni og skrifara nefndarinnar að sjá bókina heima hjá sér, og að hann fyrir sitt leyti hefði ekki á móti því, að nefndin fengi útdrátt úr bókinni, ef samþykki meðnefndarmanna hans fengist til þessa.

Þessum boðum hafnaði meiri hluti nefndarinnar, með því að hann gerði ráð fyrir, að nefndin gæti ekki rannsakað mat rannsóknarnefndarinnar til hlítar, er svo áliðið væri þingtímans, þótt hún fengi síðar meir einhvern útdrátt úr bókinni, — vildi heldur ekki gera upp á milli nefndarmanna — og var því máli þar með lokið.

Upp frá þessu var það aðalstarf nefndarinnar að athuga skýrslurnar frá

bankastjórunum, og hélt hún þá fundi í Landsbankanum við og við til þess að bera skjöl bankans saman við skýrslurnar, eftir því sem tími vanst til. Voru bankastjórarnir jafnan viðstaddir á þeim fundum, sem nefndin hélt í bankanum. Skrifaði nefndin í gerðabókina athugasemdir sínar við skýrslurnar, og mun þeirra getið í fylgiskjölum.

Á fundum nefndarinnar 26., 27. og 29. apríl voru þeir staddir Eiríkur Briem og Tryggvi Gunnarsson fyrv. bankastjórar. Voru lesnar upp fyrir þeim athugas. bankastjórnar í fylgiskjali 1—3, svo og það, sem nefndin hafði skrifað um þær í gerðabókina, og voru bókaðar athugasemdir þær, sem þeir tóku fram þessu viðvíkjandi.

Um eitt reikningslán ætlaði Tr. G. að gefa nefndinni skriflega skýrslu, en hana höfum vér ekki séð, en heyrum nú (síðd. 8. maí), að hún sé nýkomin í prentsmiðjuna, og verður þá væntanlega, sem fylgiskjal á þingskj. ... . .

Þá komu á fundi nefndarinnar málaflutningsmennirnir Magnús Guðmundsson og Eggert Claessen, sem haft hafa á hendi innheimtu fyrir bankann, og gáfu nefndinni upplýsingar um víxillán, reikningslán og sjálfskuldarábyrgðarlán, sem talin eru á fylgiskjölum bankastjórnarinnar, og í þeirra vörzlum voru eða höfðu verið. Fór þetta fram á þrem fundum, sem allir voru haldnir 1. maí (Sjá flgskj....).

Úr þessu vann nefndin í heild sinni lítið saman á fundum. Á fundinum 2. marz var lauslega talað um tilhögun á nefndaráliti, en engin ályktun um það tekin. Og með því að tveir nefndarmanna þurftu þá að vinna í öðrum nefndum (formaður og Jón Ólafsson), þá var fundinum hætt í þinghúsinu, en hinir nefndarmennirnir þrír fóru niður í Landsbanka og byrjuðu þar að athuga skýrslur, er bankastjórnin hafði samið um lán og víxla, er hún taldi bankanum tapuð. (Sbr. fundargerð 2. maí) — Rannsökuðu þessir þrír nefndarmenn téðar skýrslur á þrem fundum, er þeir héldu í bankannm.

Eins og vikið er að í inngangínum, kom landritari á fund nefndarinnar 6. marz og las upp skýrslu þá, er dönsku bankastjórarnir höfðu gefið Landmandsbankanum um rannsókn sína á ástandinu í Landsbankanum og hag hans. En með því að nefndin heyrði að eins skýrsluna lesna upp tvisvar sinnum, getur hún ekki hagnýtt sér upplýsingar þaðan sem skyldi, en að eins getið hér einstöku atriða, sem einstakir nefndarmenn rituðu hjá sér við upplesturinn. Þar á meðal má geta þess, að þessir bankastjórar kváðu ýms af lánum bankans ekki koma heim við höfuðbækurnar, svo sem B-lán, reikningslán, víxla- og ávísanaeign. Reikningslán og sjálfskuldarábyrgðarlán hefðu verið látin hirðulaus, þótt ábyrgðarmenn væru fallnir frá eða orðnir gjaldþrota, nöfn stundum strykuð út án samþykkis hinna ábyrgðarmannanna og þess ekki ávalt gætt við endurnýjun lánanna, að allir ábyrgðarmenn skrifuðu undir. Dönsku bankamennirnir spurðu bankastjórnina um veðsetningu bréfa þeirra, sem væru í vörzlum Landmandsbankans. Og sagði Tryggvi Gunnarsson þá, að hann hefði alt af álitið, að bréfin væru sett Landmandsbankanum til tryggingar. Hann hefði fyrst neitað að undirskrifa yfirlýsingu bankastjórnarinnar um mótmæli veðsetningarinnar, en látið til leiðast flokksins vegna (»af Partihensyn«), en þó upp á ábyrgð Kristjáns Jónssonar. Kristján Jónsson áleit ekki, að hér væri að ræða um formlega rétta veðsetningu, en bað dönsku bankastjórana að gera ekki of mikið úr yfirlýsingu gömlu bankastjórnarinnar um þetta efni, með því að hún hefði verið gerð »í

Kampens Hede«[1]), enda hefði hann ekki nánara aðgætt bréf bankans hér að lútandi hvorki fyrir eða eftir að hann gaf yfirlýsinguna. Hann neitaði að láta uppi, hvort hann féllist á gerðir framkvæmdarstjóra í þessu efni eða ekki. Eiríkur Briem fékst ekkert til að láta uppi í þessu máli.

Bankamenn þessir láta í ljósi það álit sitt, að bankastjórarnir hafi farið alt of ógætilega með bankann, hafi lánað meira en bankinn þoldi og ekki verið nógu varfærnir með tryggingar. Enn fremur, að það hafi verið rangt að afskrifa ekkert í mörg ár, það sem tapað var. Hafi farið óhöndulega að við innheimtu á lánum og þar með mist tryggingar fyrir lánum.

Skuldalýsingar í dánar- og þrotabúum voru falnar bókara bankans án þess að bankastjórnin hefði neitt verulegt eftirlit með því.

Framkvæmdarstjóri áleit tap bankans síðastliðin 16 ár ekki nema meiru en 95 þúsund krónum. En háyfirdómarinn áleit tapið milli 100 og 200 þúsund krónur. Þeir álíta, að bankarannsóknarnefndin hafi ekki gert ofmikið úr verðmæti lána og tryggingu þeirra.

Þeir álitu stjórnaskiftin við bankann bráðnauðsynleg fyrir velferð bankans, vegna þess að gömlu bankastjórana vantaði yfirlit, starfið var þeim um megn og þeir voru ekki vaxnir því að koma bankanum í það horf, sem nauðsynlegt var eftir kröfum tímans. Jafnframt taka þeir það fram, að fyrirkomulag á stjórn bankans hafi verið úrelt.

Það, sem hér hefir verið skýrt frá af því, sem lesið var upp fyrir nefndinni, mun nægja til þess að sýna hinni háttvirtu deild skoðun dönsku bankastjóranna og álit á ásigkomulagi og hag Landsbankans við stjórnarskiftin 1909, og álit þeirra á stjórnarráðstöfun þeirri, er þá fór fram. Verðum vér að líta svo á, að álit þessara manna sé sérstaklega þýðingarmikið í þessu máli, með því að þeir eru sérfræðingar í bankamálum og ekki verður sagt um þá, að þeir hafi verið vilhallir, heldur þvert á móti var afstaða þeirra þannig, að þeir hlutu að koma fram sem óhlutdrægir og óháðir rannsóknarmenn í þessu máli. Af þessum ástæðum þótti oss rétt að skýra frá nokkrum aðalatriðum úr álitsskjali þeirra, sem einstakir nefndarmenn gátu ritað hjá sér við upplestur skjalsins.

Eins og að framan er getið, hafði einn nefndarmanna í rannsóknarnefnd efri deildar lagt nokkrar fyrirspurnir fyrir bankastjórana Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson. Fyrirspurnir þessar og svör bankastjóranna fylgja nefndaráliti voru, sem fylgiskjöl I. og II. a. og b. Með svörum sínum sendu bankastjórarnir nefndinni skýrslur þær, sem hér greinir:

Nr. 1. Skýrsla yfir nokkur handveðslán (sjá fylgiskjal).

Nr. 2. Athugasemdir við formhlið nokkurra ábyrgðarláua (sjá fylgiskj.)

Nr. 3. Skýrsla um nokkur reikningslán (sjá fylgiskj.)

Nr. 4. Athugasemdir við lán 1. flokks veðdeildar (sjá fylgiskj.)

Nr. 5. Nokkur dæmi um ábyrgðarskuldbindingar gjaldþrota og öreiga manna (sjá fylgiskj.)

Nr. 6. Skrá yfir víxla og sjálfskuldarábyrgðarlán, sem liggja til innheimtu hjá Eggert Claesen yfirréttarmálfærslumanni (sjá fylgiskj.)

---

1) Þ. e.: í vígamóði.

Nr. 8. Skýrsla yfir víxla, reiknings- og sjálfskuldarábyrgðarlán, sem liggja til innheimtu hjá Magnúsi Guðmundssyni cand. jur. (fylgiskj.)

Fylgiskjal nr. 7 með svörum bankastjóranna snertir atriði, sem nefndin telur sér eigi heimilt að gera uppskátt og verður því ekki prentað með nefndarálitinu. Svo er og slept úr svörum bankastjóranna köflum, sem snerta þetta atriði.

Þess skal getið, að greindar skýrslur bankastjóranna höfðu aðallega verið gerðar bankastjórninni sjálfri til leiðbeiningar, og gátu þeir þess, að verið gæti að einstöku atriði væru ekki fullkomlega nákvæm.

Eftir að nefndin hafði fengið þessar skýrslur í hendur, sneri hún sér að því að bera þær saman við frumskjölin í bankanum. Var þá farið í gegn um og rannsakað það af frumskjölunum, sem tími vanst til.

Fyrst voru athuguð handveðslán þau, sem talin eru í skýrslunni. Þau eru flest veitt embættismönnum og mega teljast nokkurn veginn trygg, þótt tryggingin sé aðallega persóna embættismannsins. — Forlagsbókaveðið við 1. lánið er ekki formlega trygt. Enn fremur finst oss það óviðkunnanlegt, að eitt handveðslán, sem veitt er 1904, að upphæð 5000 kr., og borgast á á 10 árum, skuli standa með öllu afborgunarlaust til þessa dags, enda þótt veðið sé trygt og hlutaðeigandi efnaður.

Því næst var farið yfir »athugasemdir við formhlið nokkurra sjálfskuldarábyrgðarlána« á skýrslu nr. 2. — Sum af lánum þessum voru borguð og skjölin því farin. Að öðru leyti reyndust flestar athugasemdirnar réttar, en þó sumar sprotnar af misskilningi og því rangar.

Þá voru yfirfarin reikningslánin á nr. 3. Athugas. bankastjóranna reyndust flestar réttar.

Næst var athuguð skýrsla nr. 4., um veðdeildarlán, og reyndust flestar athugasemdirnar réttar. Lóðar var þó allvíða getið í virðingargerð, þótt ekki sé frekar að orði kveðið í skuldabréfi, en að húsinu fylgi »alt sem fylgir og fylgja ber«, en það í sjálfu sér þarf ekki að ná til þess, að lóðarrétturinn sé fulltryggur.

Skýrslan á nr. 5 um »Lán og ábyrgðir nokkurra viðskiftamanna Landsbankans í janúar 1910 eða um áramótin þau« reyndust rétt.

Á þeim þrem fundum, sem tveir af gömlu bankastjórninni voru viðstaddir, var farið yfir aths. bankastjórnarinnar nýju á fylgisk. 1—5 og lesið upp það, sem nefndin hafði bókað um þau, eins og fyrr var greint.

Við skýrslu 1 athuguðu þeir það, að reglan hefði verið að lána eigi út á lífsábyrgðarskírteini embættismanna nema því að eins, að tilskilið væri, að haldið væri eftir af launum þeirra fyrir vöxtum, afborgunum og iðgjöldum. Væri það alstaðar talin góð trygging, þar sem lánað væri með þessum skildaga út á lífsáb. embættismanna með eftirlauna-rétti, því að þá væri það aðallega embættislaunin, en ekki lífsábyrgðin, sem að veði væri fyrir láninu.

Við skýrslu 2. tóku þeir fram, að þeir teldu ábyrgðarskírteini fullgild að lögum, þótt þau væru ekki staðsett og dagsett, úr því að ábyrgðarmennirnir væri nægilega auðkendir og undirskriftir þeirra vottfastar. — E. Br. gat þess, að þegar komið hefði fyrir við endurnýjun lána, að eigi hafi fengist undirskriftir allra ábyrgðarm. undir endurnýjan, þá hafi eldra bréfinu verið haldið ókvittuðu og gat hugsað sér, að svo hefði verið í því tilfelli, sem hér ræddi um.

Um eitt lánið í skjalinu 3 (RI) sögðu þeir, að tap bankans á því hefði

ekki þurft að verða mikið, ef hyggilega hefði verið farið í innheimtuna. — En vér getum ekki séð, að óhyggilega hafi verið farið í innheimtu þessa láns.

Við skýrslu 4. (veðdeildarlán) gerðu fyrverandi bankastjórar þá almennu aths., að brunabótatrygging á veðum hafi því að eins verið tekin gild, að hún væri keypt hjá félögum, sem hefði umboðsmenn í Rvík, og í félagi, sem Jakob Havsteen á Oddeyri var umboðsmaður fyrir. Hefðu þeir spurt þessa umboðsmenn í tæka tíð, hvort iðgjaldagreiðslan væri í lagi og bankinn þá greitt þau að öðrum kosti. Hús í Rvík öll í skylduábyrgð.

Skýrsluna 5. fékk Tr. G. léða og ætlaði ef til vildi að gera við hana nokkrar aths., en þær hafa engar borist nefndinni. — Loks létu þeir þess getið, að þeir mundu hafa getað gefið miklu fyllri upplýsingar, ef lánsskjölin hefðu verið við hendina.

Eftir upplýsingum þeirra Magnúsar Guðmundssonar og E. Claessens kom það í ljós, að megnið af því, sem þeir höfðu til innheimtu var að þeirra dómi vafasamt, hvort næðist eða þá algerlega tapað, eins og fundarskýrslurnar frá 29., 30. og 31. fundi bera með sér.

Auk skýrslna þeirra, sem þegar er getið um, athuguðu 3 nefndarmanna enn fremur »skýrslu um lán $^{26}/_{4}$ 1911, sem eigi verður annað séð, en að séu töpuð«, er bankinn hafði látið oss í té, og skýrslu um víxla, sem voru álitnir tapaðir að miklu leyti, dags. 26. apríl 1911, einnig frá bankanum.

Fórum vér í bankann og rannsökuðum skýrslur þessar með því að bera þær saman við bækur bankans og skjöl, frumskjölin, og með því að fá oss upplýsingar um efnalegar ástæður lántakenda og ábyrgðarmanna eftir föngum. Rannsókn þessi færði oss heim sanninn um það, að hér var svo mörgu ábótavant að furðu gegndi.

Við skulum taka það fram, að því er snertir tap bankans, að allur fjöldinn af þeim lánum, sem töpuð eru og fyrirsjáanlega tapast, vegna þess, hve illa þau eru trygð, eru úr Reykjavík, og það er hin mesta fjarstæða að vera að tala um tap bankans í sambandi við skilvindukaup, jarðabótalán til fátækra bænda, kaup ábýlisjarða, bygginga á heyhlöðum o. s. frv. — Nei, af þessu stafar oss vitanlega ekkert af því tapi, sem bankinn hefir tapað og telja má að hann tapi, heldur af eyðslulánum, óreigalánum, óreiðumannalánum og lánum til manna, sem studdir hafa verið af bankanum til þess að takast þau störf á hendur, sem þeir svo ekki reyndust hæfir til.

Vér skulum nefna sem dæmi, að iðnaðarmanni, sem byrjar verzlun, eru lánaðar milli 10 og 20,000 krónur; þessi maður fær mörg há lán sama árið. Nú er hann farinn af landi burt, og ekkert af honum að hafa.

Eða maður, sem fæst við smíðar, er gerður að kaupmanni og lánað of fjár gegn lélegri tryggingu og svo fer alt í hundana af því hann brestur verzlunarþekkingu.

Eða menn, sem sýnilega ættu ekki að hafa víxlalán í bankanum, að áliti voru, fá hvern víxilinn á fætur öðrum, og svo þegar loks kemur að skuldadögunum, þá er ekkert að hafa hjá þessum mönnum og bankinn tapar hverju þúsundinu á fætur öðru.

Svona mætti halda áfram að telja upp, en þess gerist ekki þörf, og sanna með ákveðnum dæmum, ef heimilt væri að nefna nöfn.

Margir segja sem svo, að það sé enn þá ekki farið að koma í ljós nema lítill hluti af þessu stóra tapi, sem verið sé að tala um, og þetta er rétt;

en þeir, sem ekki skilja, hvernig á þessu stendur, þeir bera ekki skynbragð á þessi efni.

Tapið fer þá fyrst að koma í ljós, í stærri stil, þegar skiftum er lokið á þeim þrotabúum, sem nú eru til skiftameðferðar og bankinn hefir lýst kröfum í; og smátt og smátt mun tapið koma í ljós, eftir því sem staðreynt er með ábyrgðarmenn og lántakendur, að ekkert er að hafa hjá þeim upp í lánin.

Rétt virðist oss, að tapinu sé skift niður á nokkur ár. Bankastjórnin nýja hefir framlengt ýms lán, sem voru að meira eða minna leyti vafasöm og illa trygð, þegar hún sá, að lántakandi reyndi sjálfur að halda láninu við, þó með smáafborgun væri. Verður eigi annað séð, en af þessum lánum tapist að meira eða minna leyti, en um það er ekki hægt að saka nýju bankastjórnina, eða segja, að hún verði að bera ábyrgð á því, sem tapast kann af þessum lánum, af því að hún hefir framlengt þau; það ber að líta á, í hvaða ástandi þau voru, þegar hún tók við stjórninni á bankanum, og dæma svo um þær ráðstafanir, sem hún hefir gert þeim viðvíkjandi, hvort þær séu heppilegar eða ekki.

Á fylgiskj. IV, nr. 8 og V, nr. 6, í skýrslum Eggerts Claessens og Magnúsar Guðmundssonar, má sjá mörg af þeim lánum, sem töpuð eru, annaðhvort alveg eða að meira eða minna leyti, og leyfum vér oss að benda á þær sem sýnishorn af ástandinu, eins og það var. Það skal tekið fram, að sumir víxlarnir, sem þar eru nefndir, hafa einmitt verið framlagðir af nýju bankastjórninni og þá fyrst afhentir til innheimtu, þegar hún sá, að ekki var annar útvegur fyrir höndum.

Þar sem vér höfum gengið úr skugga um það, að lán, svo þúsundum kr. skiftir, hafa verið lánuð mönnum, sem ekki hafa kunnað að fara með fé og ekki hefðu átt að fá lán — og einnig athugað víxla og sjálfskuldarábyrgðarsúpu þá, sem hvílir á mörgum mönnum í bankanum, og það oft bláfátækum mönnum, þar sem ábyrgð er hlaðið á ábyrgð ofan og hver víxlaður fyrir annan þannig, að þeir hanga hópum saman eins og í einni ábyrgðarkeðju, þá álítum vér varúðarvert að *véfengja* upphæð þá, sem rannsóknarnefnd Landsbankans áætlar um tapið, og álit bankastjórnar Landsbankans, um að tapið sé að minsta kosti ekki minna en áætlað var af nefndinni. Þetta efni gátum vér þó auðvitað ekki rannsakað til hlítar sakir tímaskorts. Auðvitað má þrátta um þetta, en tíminn mun leiða í ljós, hver hér hefir á réttu að standa. — Það skal tekið fram, að nýja bankastjórnin hefir unnið að því eftir mætti að kippa þeim misfellum í lag, sem verstar voru og hægt var að lagfæra, svo aðkoman að bankanum hlýtur að vera önnur nú en þegar rannsóknin stóð yfir 1909.

Þá finnur nefndin ástæðu til þess að taka það fram, hversu einstöku landshlutar hafa mjög farið varhluta af því að fá lán hjá bankanum, og þeirrar aðal-grundvallarreglu ekki gætt, sem á að vera leiðarstjarna bankans, að hann er stofnaður fyrir landið alt, — hann er þjóðar- og landsstofnun — en ekki til þess sérstaklega að hlynna að einum landshluta á kostnað hinna, en það verðum vér að álíta að verið sé að gera, þegar bankinn bindur fé sitt í svo stórum stíl á einum og sama stað, að hann getur ekki, eða að eins lítilsháttar sint kröfum sumra landshluta um lán. Hefði legið nær, að bankinn hefði framfylgt lögunum um það, að stofna útibú á Seyðisfirði, til þess að láta ekki Austurland verða svo mjög út undan, sem verið hefir til þessa og er enn.

Að öllu þessu athuguðu hlýtur meiri hluti nefndarinnar að álíta, að svo mikil brögð hafi verið að misfellunum á stjórn og rekstri bankans í höndum hinnar fyrri stjórnar hans, að eigi hafi verið annars kostur fyrir landsstjórnina, en að taka til einhverra alvarlegra og áhrifamikilla ráðstafana um stjórn hans.

Þessa skoðun vora skulum vér nú leitast við að rökstyðja nokkru gjör.

Vér lítum svo á, að það hafi verið alveg rétt af landsstjórninni að afla sér fullrar vissu um ástand bankans, þegar hún tók við völdum. Þar sem rannsókn í þá átt leiddi í ljós, að misfellur miklar voru á stjórn hans og rekstri í höndum hinnar fráförnu bankastjórnar, þá var ábyrgðarhluti fyrir landsstjórnina að afhenda nýrri bankastjórn bankann án þess að beina ábyrgð að fyrri bankastjórn fyrir misfellur þær, er vera kynnu og orðið höfðu hjá henni á stjórn hans. Hefði stjórnin engar framkvæmdir gert í þá átt, þá hefði hún, að voru áliti, vanrækt sjálfsagða skyldu sína og með því þegjandi staðfest rekstursfyrirkomulag á aðal-peningastofnun landsins, sem hlaut að leiða til þess fyrr eða síðar, að orðið hefði fjárhagslegt hrun hér á landi, sem eigi er hægt að sjá fyrir, hverjar afleiðingar hefði haft fyrir landið í heild sinni og sérstaklega Reykjavík. — Því verður tæplega neitað, að sljóvar höfðu tilfinningar bankastjórnarinnar verið fyrir því, hver skilyrði væru fyrir gjaldþoli einstaklingsins og fyrir skilvísi og reglusemi í peningamálum. En þetta hefir aftur haft skaðleg áhrif á hugsunarhátt ofmargra viðskiftamanna, hefir vakið hjá ýmsum hugsunarhátt, sem miðaði í áttina til fjárhagslegrar eyðileggingar. Þennan hugsunarhátt var nauðsynlegt að leitast við að leiða inn á hollari brautir. Og til þess teljum vér að framkvæmdir landsstjórnarinnar gagnvart bankanum hafi stuðlað. Áreiðanlega þurfti að taka duglega í taumana, svo að menn rönkuðu við sér, sæju á hverri háskabraut þeir væru staddir, fengju tilefni og tækifæri til að átta sig og kippa í rétt horf því, sem aflaga hafði farið. Teljum vér vafalaust, að nú sé mörgum manni það ljósara en áður en bankarannsóknin var hafin, hve óráðlegt það er að bendla sig að nauðsynjalausu um efni fram við vafasöm lán til tvísýnna fyrirtækja í sambandi við lítt hæfa og miður áreiðanlega lántakendur.

Þegar það kom í ljós við rannsóknina á bankanum, að mikið var athugavert við stjórn hans, talsvert meira en menn höfðu búist við, og bankinn hafði tapað töluverðu fé, þá var við því búið, að þessu yrði eigi á nokkurn hátt haldið leyndu — *þótt* stjórnin hefði *viljað* leyna því. En eins og áður er vikið að, teljum vér, að það hefði verið algerlega rangt að halda því leyndu. Þegar almenningur fékk vitneskju um þetta, hlaut það að rýra mjög mikið traustið á þeirri stjórn bankans, — sem hafði stjórnað bankanum svo, — bæði hjá hérlendum viðskiftamönnum hans og erlendum. Var þá við því búið, að bankinn misti traust sitt og álit, nema það kæmi glögt í ljós, að landsstjórnin hefði bæði vilja til að bæta verulega um stjórn bankans og dug til að framkvæma þann vilja sinn. En það hlaut að vera öllum mönnum ljóst, að slík stjórnarskifti, sem gerð voru við bankann af landsstjórninni hlutu að hafa þau áhrif á nýju bankastjórnina að gera hana sérstaklega árvakra og áhugasama um að forðast þau skerin, sem gamla bankastjórnin hafði steytt á. Nýju bankastjórninni hlaut að vera það ljóst, að kröfur almennings yrðu harðar, og hlaut að haga sér eftir því.

Enda þótt sumir líti svo á, að landsstjórnin hafi tekið ofhörðum tök-

um á hinni fráförnu bankastjórn og meðal þeirra er meðundirskrifaður, Jón Jónsson frá Hvanná, getur oss þó eigi dulist, eftir því sem fram hefir komið við rannsóknina, að nauðsynlegt var, að landsstjórnin gripi fast í taumana. Vér efum eigi, að margt gott hafi þegar leitt af þessu í fjármálastefnu landsmanna, og teljum það þó hvergi nærri alt í ljós komið enn.

Að lokum viljum vér láta þá skoðun vora í ljós, að reynsla liðinna ára sýni margan vott þess, að eftirlitið af hendi landsstjórnarinnar í fjármálum hjá sumum opinberum stofnunum og starfsmönnum þjóðarinnar hafi eigi verið nægilega rækilegt. Þegar slíkur eftirlitsskortur er landlægur, sljóvgar það ábyrgðartilfinninguna í fjármálum. Fyrir því teljum vér fulla nauðsyn á þeirri stefnubreytingu í eftirlitinu, sem landsbankarannsóknin ber vott um, og væntum, að landsstjórnin standi sem bezt á verði í þeim efnum framvegis.

Síðast skal þess getið, að á seinustu fundum nefndarinnar var gert ráð fyrir því, að nefndarmenn mundu ekki geta orðið sammála um nefndarálit, að því er skoðanir þeirra á hag bankans snertir þegar bankastjóraskifti urðu. Sáum vér því ekki annað ráð en skrifa sérstakt nefndarálit, sem vér að sjálfsögðu hefðum borið undir meðnefndarmenn vora, ef þess hefði verið nokkur kostur tímans vegna. En því verður með engu móti við komið nú á síðustu stundu.

Aths. Þess skal getið, að Jón Ólafsson tókst á hendur að skrifa útdrátt úr gerðabók nefndarinnar, og fékk í því skyni bókina til afnota fram á síðustu stundu. Vér höfum nú séð prótörk af miklu af útdrættinum, en hann er víða afbakaður, aukinn og villandi og ber vitni um hlutdrægni. Og þar sem nefndin hefir ekki átt kost á að athuga þennan útdrátt á fundi, finst oss skylt að geta þess, að vér berum enga ábyrgð á honum eins og hann er. — Til samanburðar prentum vér upp í fylgiskjölum (Fylgiskj. VI.) það, sem nefndin bókaði um reikningslánin og geta menn borið það saman við skýrslu hans um þau (á fylgisk. ...).

Neðri deild alþingis, 8. maí 1910.

Benedikt Sveinsson, skrifari nefndarinnar.	Hálfdán Guðjónsson.	Jón Jónsson, frá Hvanná.

Fylgiskjal I.

Fyrirspurnir þingmanns Akreyringa til bankastjóra Björns Kristjánssonar.

1. Lítur bankastjóri svo á, að handveðslán þau, er Landsbankinn átti útistandandi í nóv. 1909, hafi verið í góðu lagi og fullkomlega trygg? Ef svo er ekki, óskast skýrsla um, hverju helzt hafi verið áfátt.
2. Bar sparisjóðsbókum bankans og höfuðbók saman um sparisjóðsinneignina um áramótin 1909–10? Hafi svo ekki verið, hve miklu munaði þá, og er ekki hugsanlegt, að skekkjan hafi í raun og veru getað verið meiri?
3. Voru sjálfskuldarábyrgðarlánin og skuldabréfin fyrir þeim í góðu lagi og tryggingar nægilegar? Ef það var ekki, þá óskast skýrsla um það. — Hefir bankastjórnin ekki heimtað frekari tryggingar fyrir ótryggum lánum?
4. Voru víxlar í góðu lagi og vel trygðir, þegar bankastjóraskiftin urðu? Hafi svo ekki verið óskast skýrsla.
5. Voru reikningslánin í fullu lagi, nægilega trygð og ekki of mikið út úr þeim borgað? Hafi svo ekki verið, óskast skýrsla um það.
6. Eru veðdeildarskjöl bankans, þau er fyrri bankastjórn skildi við, í fullu lagi? Sé svo ekki, óskast skýrsla um það.
7. Er varasjóður sparisjóðsins í tryggum eignum? Sé svo ekki, óskast skýrsla um það.
8. Voru nokkur skuldabréf óundirrituð af lántakendum, er nýja bankastjórnin tók við? Ef svo var, óskast lántakandi tilgreindur og lánsupphæðin sömuleiðis, svo og hvort lánsskjölin voru í lagi að öðru leyti.
9. Voru obligobækur (skuldbindingaskrár) bankans í lagi? Ef þær voru það ekki, hve lengi höfðu þær verið í ólagi? Telur bankastjóri tiltækilegt að stjórna svo stórum banka án slíkra bóka?
10. Hve margir menn, hér um bil, eru viðriðnir ábyrgðarlán í bankanum, og má ekki ætla, að talan hafi verið svipuð um það leyti, er bankastjóraskiftin urðu?
11. Hve háar upphæðir af útistandandi lánum bankans í nóv. 1909 verða útstrykaðar sem ófáanlegar í reikningnum fyrir 1910.
12. Hve miklu námu helztu ábyrgðarskuldbindingar þeirra einstakra manna, sem þegar eru gjaldþrota, á sveit, dánir án þess krafa hafi verið gerð í bú þeirra, eða gert hefir verið hjá árangurslaust fjárnám, án þess skuldin sé útstrykuð á reikningi fyrir 1909 eða 1910?
13. Eru nokkur fleiri lán, er fyrri bankastjórn veitti, eða keyptir víxlar af henni, er telja má töpuð lán? Sé svo, því eru þessi lán ekki útstrykuð?
14. Hve miklu nam tapið á glötuðum víxlum og ávísunum?
15. Var varasjóður bankans veðsettur, er bankastjórarnar tóku við, og *líta* þeir svo á sem hann megi veðsetja.
16. Hefir bankastjórnin orðið vör við, að bankaþjónar hafi eigi staðið bankanum skil á fé, er viðskiftamenn bankans trúðu þeim fyrir?
17. Voru nokkrar bækur bankans rangt færðar af slíkum bankaþjónum, ef nokkrir eru, svo grunsamlegt geti verið um óráðvendni? Ef svo er, hverir eru þá um valdir óregluna eða prettina?

18. Lítur bankastjórinn svo á, að hægt hafi verið að stjórna bankanum sæmilega á þann hátt, að bankastjóri væri 1—2 tíma í bankanum daglega, en gæzlustjórar 1 tíma á dag samtímis honum?
19. Telur bankastjóri að það hefði getað orðið hættulegt fyrir bankann, ef gæzlustjórarnir hefðu verið settir inn í stöður sínar í bankanum eftir nýár 1910? Ef hann lítur svo á, á hverju byggir hann þá álit sitt?
20. Taldi bankastjórnin ráðherra Björn Jónsson á það, að skipa rannsóknarnefnd á Landsbankann og hvatti hann ráðherra til þess að víkja gæzlustjórunum frá eða latti hann þess, að gæzlustjórarnir væru settir inn aftur í stöður sínar í jan. 1910.

Nr. 26, framlagt á fundi rannsóknarnefndar Ed. 2. marz 1911.

Fylgiskjal II. a.

Svar Björns Kristjánssonar við spurningunum á fylgiskj. I.

Eg leyfi mér hérmeð að svara spurningum hinnar háttvirtu rannsóknarnefndar og vil eg í upphafi taka fram, að til þess að geta svarað þeim nógu ítarlega, hefði eg sjálfur orðið að rannsaka allan hag bankas, en það hefi eg ekki gert, eða við bankastjórarnir. Allur tími okkar hefir gengið til þess, að annast dagleg störf bankans, og höfum við því látið starfsmenn bankans smám saman, eftir því sem tími hefir unnist til, athuga, hvort skjöl bankans væru í lagi, og er það starf ekki komið lengra áleiðis en svo, að starfsmenn bankans hafa enn ekki komist yfir að athuga lánsskjöl annarar veðdeildar nema að litlu leyti.

Trygginguna fyrir ábyrgðarlánunum og víxlum höfum við bankastjórar metið jafnótt og lánin voru framlengd og eins það atriði, hvort bankanum væri hollast, að þau væru framlengd, þó þau væru illa trygð, eða jafnvel alveg tryggingarlaus að okkar áliti, sem oft hefir komið fyrir, þegar lántakandi hefur engar útgöngudyr haft til þess að bæta við tryggingina. Í þeim tilfellum hefir bankastjórnin álitið bankanum fyrir beztu að framlengja lánið meðan nokkur von var um greiðslur, þó smáar hafi verið stundum. Og oft höfum við framlengt slík lán og víxla án nokkurrar afborgunar, í þeirri von, að lántakanda yrði mögulegt, að greiða eitthvað síðar. Svo vil eg taka það fram, að reynsla okkar hefir sýnt, að ef við sendum slík lán til málaflutningsmanns, og fáum dóm eða sátt yfir skuldunaut, þá næst ekkert, en að bankinn verður, auk þess að tapa allri skuldinni, að borga kostnað við innheimtutilraunir.

Ef nú bankastjórnin hefði ekki haldið þessa leið, að taka sem vægast á stjórnarraumunum, en hefði í þess stað gengið hart að hverri skuld, sem var með ófullnægjandi tryggingu, þá hefði orðið mesta hrun, svo mikið, að eg ætla, að alþingi mundi ekki hafa þorað að bera ábyrgð á því, hvað þá bankastjórn.

Þess vegna er það hinn mesti misskilningur að halda því fram, að við bankastjórar berum ábyrgð á hverju láni og hverjum víxli, sem við höfum neyðst til að framlengja, eins og hefðum við veitt lánið frá upphafi. Og okkur hefir ekki dottið í hug að fara inn á þá glapstigu, að taka nokkurt tillit til slíkra um-

mæla í blöðum eða annarstaðar. Ef við hefðum tekið tillit til þessara óviturlegu ummæla, þá var afleiðingin auðsæ sú, að við hefðum orðið að afhenda þegar málsfærslumanni mikinn hluta af ábyrgðarlánum og víxlum, og neita að framlengja þau nema full trygging væri sett, sem vitanlega var víðast hvar ófáanleg.

Eg leyfi mér þá að snúa mér að spurningunum og svara þeim á þessa leið:

Að 1. Eg vísa til nokkurra dæma á skýrslu Nr. 1 yfir handveðslán, sem sýnir, hvernig þau hafa verið veitt og hvers virði tryggingin var þegar lánið var veitt.

Að 2. Nei. Mismunurinn var kr. 1783,55, vel getur verið, að mismunurinn hafi verið meiri eða minni; um það er ekki auðið að dæma, nema bankinn hafi svo mikið vinnuafl, að hægt sé að bera saman þangað til allar skekkjur eru fundnar. Ýmsar fyrri ára villur hafa fundist í sparisjóðnum á árinu 1910, sem hafa verið leiðréttar þegar það hefir verið hægt.

Að 3. Vegna naumleika tímans, og vegna þess, að það væri geypimikið starf að benda á öll ábyrgðarlán, sem athugaverð eru að formi eða tryggingu, þá verðum við að takmarka upplýsingar um ábyrgðarlánin við stutta skýrslu, er við munum senda næstu daga. Leggjum við nú sem Nr. 2. stutta skýrslu um nokkur ábyrgðarlán, að því er *form*-hlið þeirra snertir. Upphæð þessara lána nemur *nú* kr. 32,297.55. Mitt álit er, að fjölda mörg af ábyrgðar- og reikningslánum hafi, þegar eg tók við bankastjórastarfinu, verið með ofveikri tryggingu, og ekki nægrar varúðar gætt í því efni, að ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanna væri haldið í gildi.....

.. ... Bankastjórnin hefir ávalt farið fram á það við lántakendur, að tryggja betur lánin þegar þau voru illa trygð; hefir það sjaldan tekist, því lántakendunum hefir verið ómögulegt að fá nýja ábyrgð eða tryggingu. Að að öðru leyti vísast í upphaf skýrslu þessarar.

Að 4. Eg álít, að margir víxlar hafi verið mjög illa trygðir, og of mikil hætta fyrir bankann að geyma þá, eins og þeir voru geymdir, þar sem þeir voru *handhafa*víxlar og þeir ekki framseldir bankanum um leið og þeir voru keyptir. Að öðru leyti vísast til stuttrar skýrslu, sem við munum og senda nokkru síðar, og að eins verður að skoða sem dæmi. Svo vísa eg og einnig, að því er framlengingar á víxlunum snertir, til inngangsins fyrir þessari skýrslu.

Að 5. Við leggjum fram stutta skýrslu sem nr. 3 um nokkur reikningslán sem dæmi. Og vil eg geta þess, að komið hafði fyrir, að þeim, er reikningslán höfðu, var greitt meira út eftir tékkum þeirra, en þeir áttu inni.

Að 6. Skýrslu um lán 1. veðdeildar sendum við hér með sem nr. 4, sem sýnir helztu gallana á þeim. Lakastir eru gallarnir þar, sem lóðir undir húsum eru ekki veðsettar með húsunum, eða lóðarréttindin eru eigi skýlaus og að ábyrgðarskírteini vantar alveg og engin trygging fyrir, að húsunum hafi verið haldið vátrygðum. Eg geri ráð fyrir, að við verðum langt komnir með að athuga skjöl 2. veðdeildar undir þinglok.

Að 7. Varasjóður sparisjóðsins liggur í:

1. 10 hlutabréfum á 500 kr. í klæðaverksmiðjunni Iðunni,
2. Bráðabirgðakvittun dags. 21. nóv. 1907 fyrir 25 hlutabréfum á 100 kr. í sama fyrirtæki, sem bankinn aldrei hefir fengið.
3. Skuldabréf hlutafélagsins Málmur 2000 krónur, og
4. í hlutabréfi talsímafélags Reykjavíkur 100 krónur.

Að 8.

1. Eg hefi séð að eins þrjú ábyrgðarlán óundirskrifuð, B X að upphæð 5,500 kr., tekið 18. okt. 1906. Lántakandinn var N. N. Við endurnýjun 1907 hefir efnaðasta ábyrgðarmanninum verið slept úr ábyrgðinni, og einhvern tíma hafa orðin: »unz því er lokið að fullu« verið strikuð út úr prentaða máli skuldabréfsins, sem gerir ábyrgðina hæpnari, og loksins er endurnýjun ábyrgðarinnar, sem er dagsett í ágúst 1907, miðuð við framlengingu að eins til 20. janúar 1908.
2. Ábyrgðarlán B XX, 600 kr., er óundirskrifað af lántakanda. Lánsskjalið að öðru leyti í lagi. Lánið er tekið 16. janúar 1909. Lántakandi N. N.
3. Ábyrgðarlán B XXX, 100 kr., er óundirskrifað af lántakandanum N. N. Lánið er tekið 26. júní 1908. Lánsskjalið er að öðru leyti í góðu lagi.

Að 9. Obligobækur voru færðar fram á árið 1909, en eru óábyggilegar og ná að eins yfir ábyrgðir, ekki til lántakendanna sjálfra. Ekki virðast neinar afborganir hafa verið færðar þar, heldur lánið kvittað, þegar það var greitt að fullu. Í staðinn fyrir að leiðrétta þessar bækur og færa inn í þær það, sem vantaði, kusum við heldur að láta gera Obligobækur frá stofni. Það er ekki hægt fyrir mig að segja, hve lengi bækur þessar hafa verið í ólagi. Rannsóknarnefndin frá 1909 mun geta betur gefið upplýsingar um það. Álit mitt er það, að ekki sé hægt að stjórna jafnstórum banka án slíkra bóka, og að áríðandi sé, að þær séu reglulega færðar og jafnótt og lán breytast.

Að 10. Ábyrgðarmenn fyrir sjálfskuldarábyrgðar- og reikningslánum og lántakenda munu vera um $3^1/_2$ þúsund í bankanum, en tími hefir eigi unnist til að telja þá nákvæmlega. Talan mun vera svipuð nú og er eg tók við bankastjórastarfinu.

Að 11. Þessari spurningu get eg ekki svarað, með því að ekki er farið að gera það tap upp, en vil geta þess, að við álítum óheppilegt, að þurfa að sýna stórtap á meðan við ekki höfum fengið lagaheimild fyrir því að mega skifta stærra tapi niður í fleiri ár, eins og við nú förum fram á í frumvarpi er við leggjum fyrir þingið. Þetta var nauðsynlegt til þess að geta haldið uppi trausti bankans bæði út á við og inn á við.

Að 12. Mér er ómögulegt að svara þessari spurningu nema að litlu leyti; til þess þarf afarlangan tíma; og kunnugleiki minn á efnahag manna ekki svo, að eg geti sagt með áreiðanlegri vissu. Rannsóknarnefndin frá 1909 ætti að geta gefið beztar bendingar í þessu efni. Eg verð því í bráð að láta mér nægja nokkur dæmi um ábyrgðarskuldbindingar öreiga manna á meðfylgjandi skrá nr. 5. — Í þessari skýrslu eru ábyrgðir og lánsskuldbindingar eins og þær voru við árslok 1909, en auðvitað hafa þær raskast síðan hjá sumum.

Að 13. Það eru mörg lán og víxlar hér, sem telja má tapað að miklu leyti, þó þau eigi verði strykuð út úr reikningnum 1910. Ýmist liggja þau mál hjá málafærslumönnum óútkljáð, hjá skiftaréttinum, eða eigi er enn farið að afhenda þau málaflutningsmanni. Til þess að hin háttvirta nefnd fái hugmynd um, hvað innheimta slíkra lána gengur seint, munum við nú, eða litlu síðar, senda sem nr. 6, útskrift úr innheimtubókum málfærslumanna bankans, yfir þau lán og víxla, sem þeir enn ei hafa skilað bankanum sem ófáanlegum eða greiddum; eru þar á meðal t. d. víxlar frá 1907 og 1908.

Að 14. Tapaðir víxlar og ávísanir námu kr. 6216,41 þar af var fært til reiknings á reikn. 1909 kr. 4576,41, en afgangurinn kemur á reikning 1910 kr. 1640,00.

Að 15. Já. Varasjóður var veðsettur að miklu leyti, sem sjá má af athugasemd við bankareikninginn 1909 bls. 20 og fylgir hann hér með. Eg álít ekki, að varasjóð megi veðsetja.

Að 16. Ýmsar umkvartanir hafa komið um það til bankastjórnarinnar, og er mér ekki kunnugt um, hvort bankinn hefir enn fengið alt það fé, sem honum var ætlað, því viðkomendur hafa sjálfir átt um það við bankaþjón þann, er óreglunni olli.

Að 17. Já. Nokkur óregla var á bókfærslunni hjá þessum starfsmanni, sérstaklega á einu reikningsláni eins af þeim, sem taldi, að fé sitt hefði eigi alt komið til skila í bankanum, en mér er eigi kunnugt um, hvort þessi bókfærsluóregla var gerð með ásetningi . . . . . .

Að 18. Nei. Því fer fjarri.

Að 19. Eg áleit, að hætta gæti af því stafað, meðal annars af því, að bankastjórnin gat búist við að þurfa skyndilega að hætta að gefa ávísanir á Landmandsbankann og aðra banka, sem Landsbankinn hafði heimild til að ávísa á fyrir milligöngu Landmandsbankans. Eins og á stóð í janúarmánuði 1910, er allmikill aðsúgur var gerður að bankanum, gat svo farið, að óviðráðanlegur ótti hefði slegið almenning, ef samtímis hefði fyrir komið, að bankinn hefði orðið að hætta að selja venjulegar ávísanir á erlenda banka.

Að 20. Eg hafði ekki svo eg muni nein afskifti af því, að bankarannsóknin var hafin. Eg latti þess, að gæzlustjórunum yrði vikið frá, sökum óeirða, sem af þeirri frávikning mundi stafa, og er prófastur Jens Pálsson í Görðum vitni til þess, að svo gerði eg. Eg latti ráðherra að setja gæzlustjórana inn aftur í janúar 1910 af ástæðum, sem greindar eru undir tölulið 19.

Þar sem nöfn eru tilfærð á skrám þeim, sem fylgja, áskiljum við bankastjórar, að enginn maður utan nefndar fái vitneskju um þau. Þar sem aðeins nr. lána eða víxla eru tilfærð, getur nefndin fengið nánari upplýsingar í bankanum um þau lán, ef hún álítur þess þörf.

Spurningar endursendast hér með.

Reykjavík 9. marz 1911.

Virðingarfylst

Björn Kristjánsson.

Til rannsóknarnefndarinnar í neðri deild alþingis.

Fylgiskjal II. b.

Svör Björns Sigurðssonar bankastjóra við fyrirspurnum þingmanns Akureyringa, sem prentaðar eru á fylgiskj. I.

Spurningar til beggja bankastjóranna eru samhljóða, nema 20. spurning, sem er orðuð svo í skjalinu til Björns Sigurðssonar:

20. Var bankastjórinn þess fremur hvetjandi eða letjandi, að ráðherra setti gæzlustjórana aftur inn í stöðu sína í janúar 1910?

1. Eg leyfi mér virðingarfylst að vísa til nokkurra dæma í skýrslu nr. 1 yfir handveðslán. Má sjá af henni, hvers virði tryggingin var, er lánið var veitt.
2. Nei.—Samkvæmt bókum bankans var mismunurinn 1783 kr. 53 aur. Skekkjan getur eftir mínu áliti vel hafa verið meiri — eða minni.
3. Reynslan sýnir, að það hafi ekki verið fyrir nærri öllum. Hvað hið formlega snertir vísast vf. til skýrslu nr. 2 um nokkur ábyrgðarlán, en framhaldsskýrsla verður send svo fljótt, sem tími leyfir. — Já.
4. Reynslan virðist sýna, að allmargir víxlar hafa ekki verið nægilega trygðir. Stutt skýrsla verður send svo fljótt sem tími leyfir.
5. Vísast vf. til skýrslu nr. 3 um nokkur reikningslán sem sýnishorn. Komið fyrir að ofmikið var útborgað. Eyðublaðaformið virðist mér eigi fullnægjandi.
6. Eg leyfi mér að vísa til meðfylgjandi skýrslu nr. 4 um 1. fl. veðdeildarskjöl. Tími hefir enn eigi leyft rannsókn fleiri skjala.
7. Sparisjóðsvarasjóðurinn liggur í:
   a. 10 hlutabréfum í klæðaverksm. Iðunn.
   b. Bráðabirgðakvittun dags. 21. nóv. 1907, fyrir 25 hlutabréf, á 100 kr. í sama fyrirtæki, en sem bankinn hefir ekki enn þá fengið.
   c. Skuldabréf h/f Málmur 2000 kr.
   d. Hlutabréf í Talsímahlutafélagi Reykjavíkur 100 kr.
8. Mér er kunnugt um 3 ábyrgðarlán, er voru óundirskrifuð af lántakendum, þau voru: .....
9. Þær virtust mér ófullnægjandi, en ekki er mér kunnugt hve lengi þær hafa verið það. — Nei.
10. Við ábyrgðarlán og reikningslán ætla eg riðna um hálft fjórða þúsund, ekki ætla eg, að miklu muni á tölunni nú og þeirri er var við bankastjóraskiftin. Það hefir enn ekki gefist tími til að telja menn þessa nákvæmlega.
11. Það er ekki enn gert upp.
12. Þessari spurningu get eg ekki svarað fullnægjandi, en leyfi mér að vísa til skýrslu nr. 5 sem sýnishorns að því er snertir nokkrar ábyrgðarskuldbindingar.
13. Já. Útstrykun dregst þangað til búið er að reyna alt hvað unt er til að bjarga sem mestu af slíkum lánum, getur það dregist árum saman, sem auk annars má sjá á skýrslu nr. 6.
14. Samtals 6216 kr. 41 au. sem fram kom í reikningi 1909 kr. 4576,41, en 1910 kr. 1640.
15. Er frá er dregið það, sem bundið var af verðbréfum bankans fyrir veðdeildum, skuld við Landmandsbanken o. fl. var eigi nóg laust af verðbréfum til tryggingar varasjóði (sbr. reikning Landsbankans árið 1909 bls. 17 og 20.)
    Ekki álít eg hann megi veðsetja.
16. Að eins hefir verið kvartað um, að það hafi komið fyrir hjá einum manni, sem ekki er lengur í þjónustu bankans.
17. Nokkur óregla virðist hafa verið á bókfærslu hjá þessum starfsmanni. Ekki er mér kunnugt um, að það hafi stafað af óráðvendni .....
18. Ekki treysti eg mér til þess að stýra bankanum með svo litlum starfstíma, eins og fyrirkomulag hans er nú.
19. Eftir að trúnaðarmenn Landmandsbankans höfðu látið í ljósi — svo eigi

skyldi það síðar koma oss að óvörum — að þeir neyddust til að leggja til við stjórn hans, að slíta skiftum við landsbankann, ef gæzlustjórarnir yrðu settir inn, efaðist eg ekki um, að hún mundi verða að fara eftir tillögum þeirra. Var þá bersýnileg hætta yfirvofandi. Það mátti gera ráð fyrir að almenningur ryddist að bankanum og heimtaði út fé sitt, en aðrir mundu forðast viðskifti við hann. Þá var alveg óútreiknanlegt, hve ill áhrif það hefði haft á sölu íslenzkra veðbréfa erlendis, en fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar við það að ná aftur viðskiftasamböndum erlendis, eftir að það hafði orðið lýðum ljóst, að banki, sem landsbankinn hafði skift við frá upphafi vega sinna, hafði slitið sambandinu, e f t i r að trúnaðarmenn hans höfðu rannsakað, hvernig ýmsum kringumstæðum var varið, — margt var enn athugavert.

20. Eg hafði hvatt til þess þangað til eg heyrði ummæli trúnaðarmanna Landmandsbankans. Eftir það gat eg ekki forsvarað að hvetja til innsetningar. Lét eg þá það mál hlutlaust.

Í viðbæti við framangreind svör mín leyfi eg mér virðingarfylst að taka fram, að þar sem herra bankastjóri Björn Kristjánsson í svörum sínum upp á sömu spurningar talar í nafni okkar beggja bankastjóranna (»við«, »okkur«, »okkar«, »bankastjórar« o. s. frv.), er eg samþykkur því, sem hann segir.

Fyrirspurnaskjalið endursendist hér með.

Reykjavík, 10. marz 1911

Björn Sigurðsson

Til rannsóknarnefndar neðri deildar alþingis í Landsbankamálinu.

Fylgiskjal III. Nr. 5.

Skrá yfir lán og ábyrgðir nokkurra viðskiftamanna Landsbankans í janúar 1910 eða um áramótin þau.

Nr.	Eigin lán og víxlar	Lán veitt kr.	a.	Ábyrgðir veittar kr.	a.	Eftirstöðvar 31. des. 1909 kr.	a.	
1.	B-lán og R-lán	39,047	85	116,854	21			
sami	víxlar	»	»	15,377	»	171,279	06	Gjaldþrota.
2.	B- og R-lán	3,500	»	125,002	39			
sami	víxlar	1,800	»	13,517	»	143,819	39	Gjaldþrota.
3.	B- og R-lán	4,545	21	46,826	85			
sami	víxlar	150	»	12,017	»	63,539	06	Gjaldþrota.
4.	B- og R-lán	6,462	51	107,612	75			
sami	víxlar	15,405	»	23,420	»	152,900	26	Árangurslaust fjárnám.
5.	B- og R-lán	6,000	»	61,489	»			
sami	víxlar	23,362	»	6,125	»	96,976	»	Gjaldþrota.
6.	B-lán	7,700	»	7,670	»			
sami	víxlar	7,550	»	2,280	»	25,200	»	Gjaldþrota.
7.	B- og R-lán	2,001	40	6,422	30			
sami	víxlar	3,794	»	13,975	»	26,242	70	Gjaldþrota.
8.	B-lán	2,969	50	»	»	2,969	50	Strokinn, árangursl. fj.n.
9.	B-lán	2,150	»	6,384	»			
sami	víxlar	425	»	1,350	»	10,309	»	Gjaldþrota.
10.	B-lán	»	»	4,950	»			
sami	víxlar	»	»	300	»	5,250	»	Gjaldþrota.
11.	B- og R-lán	3,780	»	49,404	52			
sami	víxlar	1,300	»	»	»	54,484	52	Gjaldþrota.
12.	B- og R-lán	12,750	50	35,294	88			Árangurslaust fjárnám,
sami	víxlar	2,200	»	725	»	50,970	38	öreigi.
13.	B- og R-lán	1,600	»	39,887	88			Eigi þótt tilvinnandi að
sami	víxlar	650	»	»	»	42,128	88	framkvæma fjárnám þar.
14.	B-lán	1,800	»	1,500	»			Gj.þr., búinu skift, feng-
sami	víxlar	6,545	»	1,300	»	11,145	»	ust 15,41% af skuld. hans.
15.	B- og R-lán	»	»	65,754	63			
sami	víxlar	450	»	11,817	»	78,021	63	Alveg öreiga maður.
16.	B- og R-lán	»	»	48,382	»			
sami	víxlar	»	»	»	»	48,382	»	Alveg öreigi, gjaldþrota.
17.	B- og R-lán	»	»	53,753	03			
sami	víxlar	»	»	12,472	»	68,225	63	Alveg öreiga maður.

Fylgiskjal IV. Nr. 8.

Skýrsla yfir víxillán, reikningslán og sjálfskuldarábyrgðarlán til innheimtu hjá Magnúsi Guðmundssyni cand. jur.

1. Víxillán.

Nr.	Upphæð kr.	Upphæð a.	Afsagnar-dagur	Afhent til innheimtu	
1	830	00			
2	300	00	7/9 1910	3/10 1910	
3	1600	00	10/9 1910	s. d.	
4	240	00	2/9 1910	s. d.	
5	400	00	21/9 1910	s. d.	
6	75	00	12/10 1910	31/10 1910	
7	625	00	8/11 1910	30/11 1910	
8	100	00	31/10 1910	s. d.	
9	1200	00	16/11 1910	s. d.	
10	55	00	8/11 1910	s. d.	Borgað 45 krónur.
11	180	00	9/11 1910	s. d.	
12	50	00	26/11 1910	s. d.	
13	120	00	8/12 1910	2/1 1911	
14	150	00	3/12 1910	s. d.	
15	325	00	15/12 1910	s. d.	
16	198	00	2/12 1910	s. d.	
17	200	00	5/12 1910	s. d.	
18	80	00	13/2 1911	9/3 1911	
19	625	00	27/1 1911	s. d.	
20	75	00	1/2 1911	s. d.	
21	615	00	18/2 1911	s. d.	Kr. 8,043,00.

2. Reikningslán.

Nr.	Upphæð kr.	Upphæð a.	Afhent til innheimtu	
1	1968	18	1/12 1910	
2	757	41	s. d.	
3	1000	00	s. d.	
4	15763	00	s. d.	
5	10050	04	s. d.	Kr. 29,538,63.

3. Sjálfskuldarábyrgðarlán.

B-lán Nr.	Upphæð kr.	a.	Afhent til innheimtu	
1	2473	00	5/10 1910	
2	1200	00	20/10 1910	
3	175	00	s. d.	
4	600	00	s. d.	
5	4000	00	2/11 1910	
6	420	00	s. d.	
7	200	00	s. d.	
8	40	00	s. d.	
9	200	00	s. d.	
10	166	00	s. d.	
11	341	00	s. d.	
12	183	00	s. d.	
13	2150	00	s. d.	
14	3000	00	s. d.	
15	4200	00	s. d.	
16	100	00	15/2 1911	
17	50	00	s. d.	
18	1500	00	s. d.	
19	1100	00	s. d.	
20	100	00	s. d.	
21	75	00	s. d.	
22	374	00	s. d.	
23	700	00	s. d.	
24	1220	00	s. d.	
25	1700	00	s. d.	
26	1350	00	s. d.	
27	700	00	s. d.	
28	140	00	s. d.	
29	260	00	s. d.	
30	2263	00	s. d.	
31	1300	00	s. d.	
32	6000	00	s. d.	
33	1600	00	s. d.	Kr. 39880,00

Fylgiskjal V.

Nr. 6. Víxlar og sjálfskuldarábyrgðarlán, er liggja til innheimtu hjá E. Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, 9. marz 1911

Víxlar.

Nr.	Upphæð kr.	Nær afsagður	Nær afhentur málaflutningsm.	Athugasemdir.
1	350,00	12/12 1907	2/4 1908	Dómur 21/5 1908.
2	160,00	17/12 1907	2/4 1908	Dómur 14/5 1908.
3	425,01	16/6 1908	20/7 1908	Dómur 8/10 1908.
4	300,00	7/9 1908	20/7 1908	Dómur 8/10 1908.
5	1060,76	19/11 1908	20/11 1908	Fjárnám hjá útgefanda árangurslaust, en ekki reynt hjá samþykkjanda vegna annara skuldbindinga.
6	300,00	20/7 1908	25/11 1908	Dómur 11/2 1909.
7	340,00	16/7 1908	s. d.	Dómur 8/2 1909.
8	94,32	22/10 1908	s. d.	Dómur 8/2 1909.
9	70,00	19/2 1909	9/6 1909	Fjárnám ekki framkvæmt vegna annara skuldbindinga.
10	60.00	5/3 1909	s. d.	Krafa gerð í 2 þrotabú.
11	85,00	25/3 1909	s. d.	Fjárnám ekki framkvæmt vegna annara skuldbindinga.
12	100,00	14/4 1909	s. d.	Dómur 24/6 1909.
13	300,00	27/4 1909	22/6 1909	Útgefandi og ábekingur synja fyrir nöfn sín með eiði. Gerð krafa í dánarbú samþykkjanda; úr því fást kr. 46,23.
14	425,00	17/5 1909	s. d.	Fjárnám eigi gert hjá samþykkjanda, en hann varð gjaldþrota 1911. Hjá öðrum árangurslaust fjárnám.
15	650,00	14/6 1909	s. d.	Árangurslaust fjárnám gert hjá öllum nema framseljanda, sem varð gjaldþrota 1911.
16	950,00	26/5 1909	s. d.	Dómur 16/9 1909. Útgefandi synjar fyrir nafn sitt með eiði. Gerð krafa í dánarbú samþykkjanda; úr búinu fást kr. 146,40.
17	180,00	22/5 1909	s. d.	Krafa gerð í þrotabú útgefanda og samþykkjanda.
18	130,00	s. d.	s. d.	Krafa gerð í þrotabú útgefanda og samþykkjanda.
19	150,00	s. d.	s. d.	Dómur 30/9 1909.
20	450,00	9/6 1909	s. d.	Dómur 2/9 1909. Eiður útgefanda og framseljanda fyrir nöfn þeirra. Krafa gerð í þrotabú samþykkjanda; úr búinu fást kr. 69,35.
21	100,00	16/6 1909	s. d.	Dómur 23/9 1909.
22	300,00	14/6 1909	s. d.	Dómur 30/9 1909. Framseljandi synjar fyrir nafn sitt með eiði. Krafa gerð í þrotabú ábekings; úr búinu fást 46,23.
23	1000,00	22/5 1909	s. d.	Útgefandi og framseljandi synja fyrir nöfn sín með eiði. Krafa gerð í þrotabú samþykkjanda; úr búinu fást kr. 154,10.
24	100,00	19/6 1909	s. d.	Réttarsætt 30/10 1909. Krafa gerð í dánarbú útgefanda; úr búinu fást kr. 15,41.
25	90,00	24/6 1909	11/8 1909	Dómur 20/1 1910.
26	230,00	23/4 1909	s. d.	Fjárnám ekki gert vegna annara skuldbindinga.
27	1830,00	18/5 1909	s. d.	Árangurslaust fjárnám, þar sem það hefur verið framkvæmt 23/11 1910; afborgað kr. 868,28.
28	11517,00	18/5 1909	s. d.	Fjárnám gert 21/2 1910.
29	580,00	19/6 1909	s. d.	Fjárnám gert 5/4 1910.
30	500.00	24/6 1909	s. d.	Dómur 14/12 1909. Samþykkjandi synjar fyrir nafn sitt með eiði. Krafa gerð í
	22827,09			Afborganir kr. 1423,05

Víxlar.

Nr.	Upphæð kr.	Nær afsagður	Nær afhentur málaflutningsm.	Athugasemdir.
				dánarbú útgefanda; úr búinu fást kr. 77,05.
31	190,00	30/7 1909	11/8 1909	Dómur 28/10 1909.
32	1450,00	17/7 1909	s. d.	Dómur 3/3 1910.
33	400,00	1/7 1909	s. d.	Krafa gerð í dánarbú útgefanda og þrotabú samþykkjanda; úr dánarbúinu fengust kr. 61,64.
34	60,00	24/8 1909	26/9 1909	Dómur 25/11 1909.
35	160,00	23/9 1909	s. d.	Lagt í dóm 31/3 1910.
36	180,00	26/8 1909	s. d.	Dómur 2/12 1909. Krafa gerð í þrotabú framseljanda.
37	220,00	4/8 1909	s. d.	Dómur 2/12 1909. Krafa gerð í þrotabú útgefanda.
38	180,00	27/9 1909	20/11 1909	
39	20,00	1/10 1909	s. d.	Lagt í dóm 31/3 1910.
40	1000,00	17/9 1909	s. d.	Dómur 10/2 1910.
41	600,00	Ekki afsagður	s. d.	Eiginn víxill. Málsókn frestað til 11/4 1910,
42	150,00	13/10 1910	s. d.	Dómur 10/2 1910. Krafa gerð í þrotabú.
43	195,00	29/9 1909	s. d.	Lagt í dóm 31/3 1910.
44	1375,00	19/6 1909	22/8 1909	Dómur 2/9 1909. Útgefandi og framseljandi synja fyrir nöfn sín með eiði. Krafa gerð í dánarbú samþykkjanda; úr því fengust kr. 211,89.
45	2470,00	13/7 1909	19/7 1909	Dómur 30/9 1909. Útgefandi og framseljandi synja fyrir nöfn sín með eiði. Krafa gerð í dánarbú samþykkjanda; úr því fengust kr. 380,63.
46	150,00	30/11 1909	24/2 1910	
47	100,00	9/12 1909	s. d.	
48	70,00	24/12 1909	s. d.	
49	360,00	7/12 1909	s. d.	
50	1430,00	17/12 1909	s. d.	
51	40,00	25/1 1909	s. d.	
52	60,00	16/12 1909	s. d.	
53	380,00	21/12 1909	s. d.	Afborgaðar 5 kr.
54	450,00	16/2 1910	11/3 1910	
55	120,00	2/2 1910	s. d.	
56	1275,00	16/2 1910	s. d.	Afborgaðar 300 kr.
57	180,00	s. d.	s. d.	
58	1175,00	5/2 1910	s. d.	
59	3350,00	19/3 1910	3/5 1910	
60	1160,00	24/3 1910	s. d.	
61	1690,00	27/4 1910	s. d.	
62	3200,00	3/5 1910	10/5 1910	Afborganir kr. 75,42.
63	375,00	11/5 1910	7/6 1910	
64	70,00	18/5 1910	s. d.	
65	96,00	19/5 1910	s. d.	
66	180,00	4/6 1910	22/7 1910	
67	120,00	s. d.	s. d.	
68	75,00	16/6 1910	s. d.	
69	29,00	1/7 1910	22/7 1910	
70	121,00	19/8 1910	2/9 1910	
71	1850,00	18/8 1910	s. d.	Borgað 19/1 1911
72	90,00	3/8 1910	s. d.	
73	125,00	19/7 1910	s. d.	
74	160,00	16/7 1910	s. d.	
75	1600,00	4/7 1910	6/9 1910	
Alls kr.	51557,09			Afborganir alls kr. 2457,63

Sjálfskuldarábyrgðarlán.

Nr.	Upphæð kr.	Hvenær afhent málaflutningsm.	Athugasemdir.
1	670,20	Í júlí 1909	Dómur 31/1 1910. Greiddar 34 kr.
2	420,00	19/6 1909	
3	800,00	s. d.	
4	3200,00	s. d.	
5	2200,00	s. d.	Dómur 28/1 1910. Greiddar 900 kr.
6	70,00	s. d.	Dómur 3/12 1909.
7	500,00	s. d.	Lagt í dóm 15/4 1910.
8	51,00	12/7 1909	
9	1500,00	14/9 1909	
10	700,00	s. d.	
11	1500,00	s. d.	Dómur 14/1 1910. Afborgað kr. 43,50. Vextir borgaðir til 25/11 1910.
12	485,00	s. d.	Lagt í dóm 5/4 1910.
13	1900,00	s. d.	Árangurslaust fjárnám hjá þeim, er það hefir verið reynt.
14	1000,00	12/11 1909	
15	700,00	s. d.	
16	260,00	s. d.	
17	2500,00	s. d.	Sætt 12/8 1910.
18	7600,00	24/2 1910	
19	650,00	24/5 1907	
20	1500,00	27/5 1910	
21	600,00	13/7 1910	
22	4660,00	s. d.	
23	4800,00	s. d.	
24	1400,00	s. d.	
25	2500,00	26/7 1910	
26	320,00	6/9 1910	
27	25,00	s. d.	
28	150,00	s. d.	
29	2750,25	s. d.	
30	1100,00	s. d.	
31	500,00	s. d.	
32	567,50	s. d.	
33	300,00	s. d.	
34	400,00	s. d.	
35	100,00	s. d.	
36	300,00	s. d.	
	48678,95		

Reikningslán.

Nr.	Upphæð kr.	Hvenær afhent málaflutningsm.	Athugasemdir.
1	5044,60	26/6 1909	9/8 1910 greiddar 124 kr. Krafa gerð í þrotabúi lántakenda.
Alls kr.	53723,55		Afborg. alls kr. 1101,50.

Fylgiskj. VI. (Nöfnum og öðrum auðkennum slept).

A. 16. fundur

haldinn í Landsbankanum 28. marz. Hófst kl. $8^1/_2$ árdegis . ...

... ...

Þá voru athuguð reikningslán á fylgiskjali 3.

Lán RA. N. N. félag 5000 kr. Rétt fært inn. Skuldabréf ekki þinglýst. — Viðskiftin haldið áfram án endurnýjunar með skriflegum samningi.

— RB. N. N. 3000 kr. Athugas. réttar.

— RC. N. N.-félag í Rvík 36,000 kr. Athugas. réttar.

— RD. H/f. N. N. Skuldabréf hjá Magnúsi Guðmundssyni. Upphæð 2000 kr. frá 31. jan. 1905.

— RE. N. N. 3000 kr. Ábyrgðarm. N.N., N.N., N.N. og N.N.

— RF. N. N. Ábyrgðarm. N.N og N.N.

— RG. N. N. 4000 kr.

— RH. N. N. 350 kr. Réttarsátt við 2 ábyrgðarm. um greiðslu lánsins.

— RI. N. N. 40,000 kr.

B. 17. fundur.

... ...

Lán RK. N. N. Lánið nú ... ... kr. upphafl. ... ... kr., veð í húsinu í N-götu 2. veðrétt. Eftirstöðvar á 1. veðréttur nú ... ... kr. (Óborgað í veðdeild árgjald, sem féll í gjalddaga 1. okt. 1910).

— RL. N. N. kaupm. Upphafl. ... ... kr. 2. veðréttur í N.... Nr. á .....vegi. 11 ábyrgðarmenn. Eftir 10050 kr. + vöxtum frá $^{17}/_{11}$ 1907.

— RM. N. Upphafl. ... ... kr. 2. veðr. á eftir ... ... kr. í húseign og áhöldum ... ... X ábyrgðarm.

— RN. Bændaverzlunin í Ólafsvík.

— RO. N. N. ... ... kr. (Eftir ... ...)

— RP. N. N.

— RQ. N. N. og N. N. Kr. 5000.

— RS. N. N. 3500 kr. 2. veðréttur í (jörð).

— RT. N. N. Ábyrgðarskjal eins ábyrgðarmanns undirskrifað, en óútfylt.

— RU. Nokkrar Templarastúkur í ... ... 12000 kr. Veð í lausafé virtu 20,000 kr. Annar veðr. í Templarahúsinu. Sjálfskuldarábyrgðarmenn 7. Að eins 1 af þeim 5 mönnum, sem umboð hefir til lántökunnar skrifar undir.

[Hér á eftir koma athugasemdir gömlu bankastjóranna]:

C. 26. fundur.

... ...

Allir nefndarmenn á fundi og auk þeirra Tryggvi Gunnarsson fyrv. bankastj. og Eiríkur Briem.

... ...

RI. (N. N. 40,000 kr.). Bankastjórarnir álíta, að tap bankans á þessu láni hefði ekki þurft að verða mikið, ef hyggilega hefði verið farið í innheimtuna. — ... ...

Lesið upp, játað rétt bókað og fundargerðin undirskrifuð.

D. 27. fundur.

... ...

Allir nefndarmenn á fundi og auk þeirra Tryggvi Gunnarsson og Eiríkur Briem.

Haldið áfram að skoða athugasemdir bankastjórnarinnar á fylgiskj. 3.

RL. Lánið (N. N.) upphaflega sæmilega tryggt, að dómi bankastjóranna, en lántakandi var óheppinn í fyrirtækjum sínum. Bygði t. d. hús fyrir 26,000 kr., sem var selt fyrir 14,000 kr.

RN. Um þetta lán ætlar Tr. G., að gefa nefndinni skriflega skýrslu.

RQ. Lánið veitt til þess að gera út tvö fiskiskip. Eigendur svikust um að borga af skuldinni og ábyrgðarm. urðu gjaldþrota.

RS. Eftir að fjárnám var gert í veðinu fyrir slátt 1910, seldi eigandi alt hey burt af jörðinni, án þess að gengið væri eftir, að andvirði gengi upp í skuldina. Jörðin lögð út veðdeildinni fyrir lítið verð.

.. ..

Lesið upp, játað rétt bókað.

E. Umsögn Magnúsar Guðmundssonar málaflutningsmanns um nokkur reikningslán, á 29. fundi nefndarinnar, 1. maí.

... ...

»Gaf hann nefndinni upplýsingar um ... reikningslán ...

... ...

RD. kr. ..... Hæpið. Illa statt félag. Fæst ef til vill eitthvað.

RF. kr. ..... Framlengt með afborgun.

RG. kr. ..... Mun vera tryggt.

RK. kr. ..... Mjög erfitt að segja. NN. Borgar kr. ..... á mánuði.

RL. kr. ..... Að öllu eða mestöllu tapað. (Bankinn hefir yfirtekið veðið fyrir lágt verð).

... ...

Lesið upp það, sem hér að ofan er innfært eftir Magnúsi Guðmundssyni og játað rétt bókað«.

... ...

F. Umsögn E. Claessens. á 31. fundi nefndarinnar, 1. maí.

... ...

RQ. kr. 5044,60. Afborgun 124 kr. Það eina, sem fékst af veðinu, hefst líklega ekkert upp úr þrotabúinu.

... ...

Upplesið og samþykt.

---

975. Fjárlög

fyrir árin 1912 og 1913.

(Eins og þau voru samþykt í sameinuðu þingi 9. maí 1911).

I. kafli.

Tekjur:

1 gr.

Árin 1912 og 1913 er ætlast til, að tekjur landsins verði 2,887,400 kr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem taldar eru í 2.—6. gr.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi samtals 2,581,000.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2. Húsaskattur	13,000	13,000	26,000
3. Tekjuskattur	30,000	30,000	60,000
4. Aukatekjur	55,000	55,000	110,000
5. Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. Vitagjald	30,000	30,000	60,000
7. Leyfisbréfagjöld	6,000	6,000	12,000
8. Útflutningsgjald	150,000	150,000	300,000
9. Áfengistollur	300,000	30,000	330,000
10. Tóbakstollur	160,000	160,000	320,000
11. Kaffi- og sykurtollur	380,000	380,000	760,000
12. Annað aðflutningsgjald	20,000	20,000	40,000
13. Árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	9,000	9,000	18,000
14. Pósttekjur	95,000	95,000	190,000
15. Símatekjur	100,000	105,000	205,000
16. Tekjur af Íslandsbanka	12,000	12,000	24,000
17. Óvissar tekjur	10,000	10,000	20,000
Samtals	1,423,000	1,158,000	2,581,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 40,200 kr.:

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir landssjóðs, alls	18,000	18,000	36,000
2. Tekjur af kirkjum	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
Samtals...	20,100	20,100	40,200

4. gr.

Viðlagasjóðstekjur eru áætlaðar 137,000 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs ... ... Ullarverksmiðjufélaginu á Akureyri eru gefnar upp 6,000 kr., sem eru óloknir vextir af viðlagasjóðsláni frá $^{18}/_{1}$ 1908 til $^{18}/_{1}$ 1911.	54,000	52,000	106,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
Samtals...	69,500	67,500	137,000

5. gr.

Ýmislegar greiðslur og endurgjöld teljast 9,200 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880... ... ... Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142.38 hvort árið, til túnasléttunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann slétti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.	2,000	2,000	4,000
2. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurgoldnar aðrar fyrirframgreiðslur ...	2,000	2,000	4,000
Samtals...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði Danmerkur greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Árin 1912 og 1913 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem eru nákvæmar tilteknar í 8.—19. gr., 3,333,567 kr. 34 aurar.

8. gr.

Greiðslur af lánum landssjóðs teljast kr. 99,633,34.

	1912	1913
1. Vextir af 4% láni landssjóðs frá 18. desember 1908 úr ríkissjóði Danmerkur, sem 1. jan. 1912 nemur kr. 433,333,33	17,000,00	15,666,67
Afborgun af láninu kr. 16,666.67 á hverju missiri	33,333,34	33,333,33
	50,333,34	49,000,00
2. Til vaxtagreiðslu á 4½% láni landssjóðs frá 26. júlí 1909, sem 1. jan. 1912 nemur 1,375,000 kr. ganga árið 1912 61,312 kr. 50 au. og 1913 59,062 kr. 50 aurar. Afborgun er 50,000 krónur árlega; bæði rentur og afborgun greiðast væntanlega af vöxtum, sem fást af bankavaxtabréfum þeim, sem keypt hafa verið fyrir lánsfjárhæðina, svo og af bréfum þeim, sem út eru dregin og innleyst. Til kostnaðar við lánið veitast	150,00	150,00
	50,483,34	49,150,00
Alls...	99,633,34	

9. gr.

Til æðstu stjórnar landsins eru veittar 101,000 kr.

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherra: kr.			
a. laun 8,000			
b. til risnu... 2,000	10,000	10,000	20,000
2. Til utanferða ráðherra	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	16,000	16,000	32,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum eftir reikningi alt að	5,000	5,000	10 000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu	1,000	1,000	2,000
Samtals...	50,500	50,500	101,000

10. gr.

Til alþingiskostnaðar veitast 60,000 kr. Til landsreikninga yfirskoðunar 2,400 kr., alls 62,400 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. eru veittar 225,330 kr.

	1912.	1912.	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. Laun:			
a. til dómara og sýslumanna...	67,300	67,300	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. Til hegningarhússins í Reykjavík og fangelsaviðhalds kostnaður	4,715	4,715	
Af þessum upphæðum eru 200 kr. persónuleg launaviðbót handa umsjónarmanni.			
4. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	5,100	5,100	
	86,515	86,515	173,030
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.... ... ... kr. 450			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna... 2,600			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur, alt að.. ... 3,600			
d. Kostnaður við sending með póstum 1,000			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímskeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar...	2,500	2,500	
4 Til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,500	1,500	
Gegn jafnmiklu fjárframlagi frá þeim er óska strandgæzlu og njóta hennar.			
7. Til lögregluefirlits um síldveiðatímann ...	1,000	1,000	
Flyt...	21,950	21,950	173,030

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	21,950	21,950	173,030
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	4,000	4,000	
Þau sjúkrahús, sem styrks njóta úr landssjóði, geta ekki farið fram á hærra meðlag á dag með þeim sjúklingum, er um ræðir í 77. og 78. gr. fátækralaganna, en svo að jafngildi lægstu borgun, er tekin er á því sjúkrahúsi.			
	26,150	26,150	52,300
Samtals...			225,330

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 333,880 kr.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	79,700	79,700	159,400
Aðstoðarlæknirinn í Ísafjarðarhéraði skal sitja í Bolungarvíkur verzlunarstað, að því tilskildu, að honum verði greiddar að minsta kosti 600 kr. á ári annarstaðar að.			
2. Styrkur til hreppsbúa í Árneshreppi í Strandasýslu til að vitja læknis	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Árneshreppi og fellur niður þegar er læknir er skipaður í Reykjarfjarðarhérað.			
3. Styrkur til Öræfinga til að leita sér læknishjálpar	300	300	600
Styrkurinn greiðist hreppsnefndinni í Hofshreppi.			
4. a. Styrkur til augnlæknis Andrésar Féldsteds í Reykjavík	1,500	1,500	3,000
b. Styrkur til sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðardvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að	300	300	600
5. Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Flyt...	83,100	83,100	166,200

		1912	1913	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	83,100	83,100	166,200
6.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík...	1,000	1,000	2,000
	Styrkurinn hvort árið til læknanna Andrésar Féldsteds, Vilh. Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir hver um sig segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og hafi ókeypis klinik handa fátækum mönnum, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.			
7.	Holdsveikisspítalinn	28,690	28,190	56,880
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið: kr. kr.			
	1. Laun ... ... 5,290— 5,390			
	2. Viðurværi 67—69 manna 12,000—12,000			
	3. Klæðnaður ... ... 850— 850			
	4. Meðul og sáraumbúðir.. 1,300— 1,300			
	5. Eldsneyti ... ... 2,700— 2,700			
	6. Ljósmeti .. .. 550— 550			
	7. Húsbúnaður og áhöld ... 1,000— 1,000			
	8. Viðhald á húsum ... ... 1,800— 1,200			
	9. Þvottur og ræsting.. ... 600— 600			
	10. Greftrunarkostnaður ... 200— 200			
	11. Skemtanir ... ... 300— 300			
	12. Skattar o. fl.... ... ... 1,300— 1,300			
	13. Ýmisleg útgjöld 1,200 kr. að frádregnum 400 — fyrir hey 800— 800			
	28,690—28,190			
8.	Geðveikishælið á Kleppi	19,900	19,900	39,800
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:			
	A. Laun læknis 2,700			
	B. Önnur útgjöld:			
	1. Kaup starfsmanna... ... 3,950			
	2. Viðurværi 81 manns 50 a. á dag 14,782 50			
	3. Klæðnaður sjúklinga (30 kr.) 1,800			
	4. Meðul og umbúðir 500			
	5. Ljós og hiti 3,600			
	6. Viðhald og áhöld 2,300			
	7. Þvottur og ræsting 800			
	8. Skemtanir 200			
	Flyt... 30,632 50	132,690	132,190	264,880

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...	30,632 50	132,690	132,190	264,880
9.	Skattar m. m....	1,000			
10.	Óviss útgjöld...	600			
		32,232 50			
	Þar frá dragast tekjur:				
	Meðgjöf með 58 sjúklingum 50 a. á dag	10,585			
	Meðgjöf með 2 sjúklingum 100 a. á dag ...	730			
	Tekjur af búinu	1,000			
		12,315 00			
	Mismunur:	19,917 50			
9.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum		18,000	18,000	36,000
10.	Önnur útgjöld:	Kr.			
a.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ... ... Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 30 aurar fyrir hvern legudag og gegn því, að hérað, sem sjúkrahús á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.	4,000			
b.	Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2,000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs	3,000			
c.	bólusetningarkostnaður.	1,000			
d.	til náms yfirsetukvenna	2,000			
e.	til verkfæra handa yfirsetukonum	400			
f.	gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ...	4,000			
g.	gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000			
	Flyt...	15,400	150,690	150,190	300,880

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt...	15,400	150,690	150,190	300,880
h. styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar	600			
Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.				
i. tillag til Önnu Magnúsdóttur f. á.	1,000	17,000	16,000	33,000
Samtals..		167,690	166,190	333,880

13. gr.

Til samgöngumála veitast 1,153,450 kr.

A.		1912.	1913.	Alls
Póstmál.		kr.	kr.	kr.
1. Laun:	Kr.			
a. póstmeistara	4,000			
b. 1. póstafgreiðslumanna (4) í Reykjavík	6,600			
2. póstafgreiðslum. utan Reykjavíkur	20,800			
c. bréfhirðingarmanna...	8,500	39,900	39,900	
2. Póstflutningur		56,000	56,000	
Af póstflutningafénu má verja alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri ferðaáætlun.				
3. Annar kostnaður:	Kr.			
a. skrifstofukostnaður póstmeistara eftir reikningi alt að	5,000	13,000	13,000	
b. önnur gjöld	8,000			
Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stund. hvern virkan dag og 2 stundir hvern helgan dag.				
B.		108,900	108,900	
Vegabætur.				217,800
I. Stjórn og undirbúningur vegagjörða:				
	1912. Kr.	1913 Kr.		
1. Verkfræðingur landsins:				
a. laun	3,000	3,000		
b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500		
2. Til verkfróðra aðstoðarmanna og vegamælinga alt að	4,000	4,000		
3. skrifstofukostnaður.' ...	500	500		
Flyt...	8,000	8,000	.....	.....	217,800

		1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
	Flutt...	8,000	8,000			
	4. eftirlit með vegaviðhaldi	200	200	8,200	8,200	217,800
II.	Flutningabrautir	Kr.	Kr.			
	1. Borgarfjarðarbraut ...	10,000	20,000			
	2. Húnvetningabraut ..	10,000	10,000			
	3. Reykjadalsbraut... ...	15,000	5,000			
	4. Skagfirðingabraut ...	10,000	10,000			
	5. Grímsnesbraut	10,000	10,000			
	6. viðhald flutningabrauta...	10,500	9,000			
	7. Til brúar á Rangá ... Sparist svo mikið fé við brúargerðina á Ytri-Rangá, að nægi til brúargerðar á Varmadalslæk, má verja því til þess.	45,000	»			
	8. Til brúa á flutningabrautinni frá Grund að Saurbæ í Eyjafirði síðara árið: kr. Á Finnastaðaá 2,120 - Skjóldalsá ... 3,860 - Djúpadalsá... 3,510 Áhöld og verkstjórn 510		10,000	110,500	74,000	
III.	Þjóðvegir:	Kr.	Kr.			
	1. Mosfellssveitarvegur með brú á Köldukvísl ...	6,000	»			
	2. Til viðgerðar og viðhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn	3,000	»			
	3. Brú á Hafjarðará ...	10,000	»			
	4. Brýr á Hverfisfljót og Brunná	»	12,000			
	5. Til brúar á Hrútafjarðará	8,000	»			
	6. Til brúar á Rangá í Tungu	»	6,000			
	7. Til brúar á Austurá í Sökkólfsdal	»	2,500			
	8. Til að setja upp dragferju á Þverá hjá Hemlu	1,600	»			
	9. Til þjóðvegarins í Austur-Skaftafellssýslu ...	2,500	2,500			
	10. aðrar vegabætur og viðhald	12,000	12,000	43,100	35,000	
IV.	Fjallvegir			5,000	5,000	
V.	Til áhalda...			2,000	2,000	
			Flyt...	168,800	124,200	217,800

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	168,800	124,200	217,800
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum	300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti	300	300	
VIII. Til dragferjuhalds á Þverá	150	150	
IX. Til að koma Hvammstangaveginum alla leið að þjóðveginum, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá, alt að .	2,000		
X. Styrkur til akvegarins í Eiðaþinghá gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarstaðar frá	1,000	1,000	
XI. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ... ... Fjárveitingin er bundin jafn-miklu tillagi annarstaðar frá.	7,500	7,500	
XII. Til akvegar í Svarfaðardal, þó ekki yfir 1/3 af fé því, sem til vegarins verður varið á fjárhagstímabilinu	2,000		
C.	182,050	133,450	315,500
1. Til gufuskipaferða	60,000	60,000	
2. Til reglubundinna gufuskipaferða milli Sviþjóðar og Íslands	4,000	4,000	
3. Gufubátaferðir og mótorbáta	42,150	42,150	
Þetta sundurliðast þannig hvort árið:			
1. Til Faxaflóabáts 14,000			
2. Til Breiðafjarðarbáts 7,000			
3. Til Ísafjarðarbáts 5,500			
4. Til Eyjafjarðarbáts 12,000			
5. Til mótorbátsferða á Breiðafirði. 1,000			
6. Til mótorbátsferða milli Vestmannaeyja og lands 1,200			
7. Til mótorbátsferða upp eftir Hvítá 400			
8. Til mótorbátsferða upp í Hvalfjörð 400			
9. Til mótorbátsferða á Lagarfljóti.. 250			
10. Til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu 400			
Styrkirnir til gufubátaferða og mótorbáta veitast með því skilyrði, að bátar þeir, sem notaðir verða, séu að dómi stjórnarráðsins góð skip og hentug til þessara ferða og að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlanirnar.	106,150	106,150	212,300
D.			
Hraðskeyta- og talsímasamband.			
I. Ritsímafélagið mikla norræna umsamið árgjald (til 1925)	35,000	35,000	
II. Til nýrra landsímalagninga o. fl.	1912.	1913.	
1. talsími frá Borðeyri til Búðardals	Kr. 13,000	Kr. »	
Gegn 4000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum.			
Flyt...	13,000	»	35,000	35,000	745,600

	1912.	1913.	1912	1913	Alls
	Kr.	Kr.	kr.	kr.	kr.
Flutt...	13,000	»	35,000	35,000	745,600
2. talsími frá Búðardal um Stykkishólm og að Hjarðarfelli ... ... Gegn 8,000 kr. tillagi frá hlutaðeigandi héruðum. Nýjar talsímastöðvar verða því að eins settar á stofn, að hreppurinn ábyrgist reksturskostnað.	38,000	»			
3. Til koparþráðs milli Borðeyrar og Ísafjarðar allt að	55,000	»	106,000		
III. Til starfrækslu landsímanna m. m.	Kr.	Kr,			
1. a, laun forstjóra landsímanna	3,500	3,500			
b, persónuleg launaviðbót fyrir núverandi forstjóra	1,500	1,500			
2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	10,700	10,700			
3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímakerfinu	6,800	6,800			
4. ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímakerfinu ... ... Af þessari upphæð eru 600 kr. handa sendimanni til að bera skeyti um allan bæinn.	8,400	8,400			
5. ritsímastöð á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	5,900	5,900			
6. símastöð á Borðeyri ...	2,600	2,600			
7. símastöð í Hafnarfirði..	1,000	1,000			
8. til starfrækslu loftskeytasambands milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja alt að	6,000	6,000			
9. til starfrækslu á þrem loftskeytastöðvum í Skaftafells- og Rangárvallasýslum alt að ...	2,000	2,000			
10. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar... ... ... Þegar sú ábyrgð er liðin, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landsímastöðvar hefir gefið fyrir þátt-töku í reksturs-	2,000	2,000			
Flyt...	50,400	50,400	141,000	35,000	745,600

	1912 kr.	1913 kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	50,400	50,400	141,000	35,000	745,600
kostnaðinum, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum stjórnarinnar fyrir hvert einstakt tilfelli.					
10. Til rannsóknar símaleiða	2,000	2,000	52,400	52,400	
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m...			4,000	4,000	
V. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna..			2,000	2,000	
Stjórninni veitist heimild til að taka lán til að kaupa talsímakerfið í Reykjavík fyrir alt að 74,000 kr.					
VI. Viðhald landsímanna..			10,000	10,000	
VII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...			550	550	
			209,950	103,950	313,900
E. Vitamál:					
I. Eftirlit með vitum:	Kr.	Kr.			
a. laun	700	700			
b. ferðakostnaður eftir reikningi alt að...	500	500	1,200	1,200	
II. Öndverðanesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		100			
2. reksturskostnaður		150	250	250	
III. Elliðaeyjarviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar		400			
2. reksturskostnaður		450	850	850	
IV. Arnarnesviti:		Kr.			
1. laun vitavarðar...		500			
2. reksturskostnaður og viðhaldskostnaður		500	1,000	1,000	
V. Kálfshamarsviti			... ...	6,500	
		Flyt...	3,300	9,800	1,059,500

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt ..	3,300	9,800	1,059,500
VI	Skagatáarviti..	... ...	14,000	
VII.	Siglunesviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 900			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 600			
		1,500	1,500	
VIII.	Til að reisa vita á Flatey á Skjálfanda ...	... ...	14,000	
IX.	Til að reisa vita á Bjargtöngum		14,000	
X.	Rifstangaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 150			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 400			
		550	550	
XI.	Langanesviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 200			
	2. reksturskostnaður 200			
		400	400	
XII.	Dalatangaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 600			
		1,200	1,200	
XIII.	Vattarnesviti: Kr.			
	1. til að reisa vitann ... 6500			
	2. laun vitavarðar ... ... 50—100			
	3. reksturskostnaður 200			
		6,550	300	
XIV.	Dyrhólaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar 200			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 400			
		600	600	
XV.	Vestmannaeyjaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 700			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 500			
		1,200	1,200	
XVI.	Reykjanesviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 1500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 1600			
		3,100	3,100	
XVII.	Garðskagaviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar... 600			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 750			
	3. til að leggja gangbrú út að vitanum f. á. 2500			
		3,850	1,350	
XVIII.	Gróttuviti: Kr.			
	1. laun vitavarðar.. 500			
	2. reksturs- og viðhaldskostnaður 450			
	3. til að breyta vitanum í blossavita f. á. 3500			
		4,450	950	
	Flyt...	26,700	62,950	1,059,500

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flyt...	26,700	62,950	1,059,500
XIX. Styrkur til að halda uppi leiðarljósum fyrir fiskiskip: Kr.			
1. á Skipaskaga alt að 75			
2. á Gerðatanga 100			
3. á Svartatanga við Stykkishólm 75	250	250	
XX. Viðhald eldri sjómerkja og uppsetning nýrra	200	2,000	
XXI. Ýmislegur vitakostnaður	1,100	500	
	28,250	65,700	93,950
Samtals	... ..	... ...	1,153,450

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála eru ætlaðar 587,140 kr.

	1912.	1913.	Alls
A.	kr.	kr.	kr.
Andlega stéttin: Kr.			
a. 1. laun biskups 5,000			
2. skrifstofukostnaður 1,000	6,000	6,000	
b. Önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	3,500	3,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum	4,500	4,000	
Af uppbót þessari má verja alt að 1,000 kr. hvort árið til framlags í íbúðarhús úr steini eða steinsteypu í kauptúnum, reist samkv. lögum nr. 30, 16. nóv. 1907, um lán úr landssj. til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum, þar sem fastráðið er prestssetur til frambúðar, og presturinn hefir ekki við neinu fé tekið í húsum eða álagi upp í tilskilið framlag af hans hálfu til húsbyggingarinnar.			
3. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	4,000	4,000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs	40,000	40,000	
5. Til síra Jóhannesar Lynge til að byggja baðstofu á Kvennabrekku	1,200		
Við ábúendaskifti sé skilað húsi, er sé 1200 kr. virði auk andvirðis hinnar gömlu baðstofu með álagi.			
	59,200	57,500	
Flyt...	...	...	116,700

			1912.	1913.	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutt...	... ...	... ...	116,700
	B. Kenslumál:				
I.	Til háskólans:				
	a. Laun		34,600	34,600	
	b. Aukakensla:	kr. kr.			
	1. Til héraðslæknisins í Reykjavík...	800 800			
	2. Til kennarans í efnafræði	400 400			
	3. Til kennarans í lagal. læknisfræði	300 300			
			1,500	1,500	
	c. Styrktarfé:	kr. kr.			
	1. Námsstyrkur...	5,400 5,400			
	2. Húsaleigustyrkur... ...	3,600 3,600			
	3. Utanfararstyrkur læknaefna	300 300			
			9,300	9,300	
	d. Til bókakaupa m. m.:	kr. kr.			
	1. Bókakaup	1,800 1,800			
	2. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik...	200 200			
			2,000	2,000	
	e. Til útgáfu kenslubóka		2,000	2,000	
	f. Eldiviður, ljós og ræsting...		1,050	1,050	
	g. Önnur gjöld...		650	650	
	Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 280 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.				
			51,100	51,100	102,200
		Flyt...	... ...	... ...	218,900

			1912.	1913.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Flutt...		... ...	... ...	218,900
II.	Mentaskólinn almenni:				
	a. laun...		19,200	19,200	
	b. aðstoðarfé:	Kr.			
	handa söngkennaranum	600			
	— fimleikakennaranum ...	700			
	til dyravarðar	1,000			
	fyrir umsjón með húsum og áhöldum skólans	200	2,500	2,500	
	c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.		
	1. til bókasafns skólans	400	400		
	2. — eldiviðar, ljósa og vatns...	1,400	1,400		
	3. — skólahússins utan og innan	1,400	1,400		
	4. til fasts aukakennara	1,600	1,600		
	5. — annarar tímakenslu og til prófdómenda..	3,200	3,200		
	6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum 20 kr. handa hverjum	720	720		
	7. námsstyrkur... ...	2,000	2,000		
	8. læknisþóknun	100	100		
	9. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200		
	10. til vísindalegra áhalda við kenslu	300	300		
	11. til þess að gefa út kenslubækur handa mentaskólanum alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000		
	Flyt...	13,320	13,320	21,700	21,700	218,900

	1912. Kr.	1913. Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls kr.
Flutt...	13,320	13,320	21,700	21,700	218,900
12. til áhalda við fimleikakenslu..	100	100			
13. til verðlaunabóka ...	300	300	13,720	13,720	
			35,420	35,420	70,840

Húsaleigustyrk og námsstyrk við mentaskóla má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk, 200 kr. í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sé venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum.

III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:

a. laun 9,000 9,000

Af þessari upphæð eru 400 kr. hvort árið persónuleg launaviðbót til 3. kennara skólans præp. hon. Jónasar Jónassonar.

b. önnur útgjöld:

	1912 Kr.	1913 Kr.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna.	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa	800	800			
3. — tímakenslu og aukakenslu	3,200	3,200			
4. til styrkveitinga nemendum ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	800	800			
5. ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,600	1,600	7,000	7,000	
			16,000	16,000	32,000

IV. Kennaraskólinn:

	1912 Kr.	1913 Kr.			
a. laun	6,600	6,600			
b. önnur útgjöld:					
1. tímakensla	1,200	1,200			
2. til aukakennara ...	1,000	1,000			
3. eldiviður og ljós ...	800	800			
4. bókakaup og áhöld..	300	300			
5. námsstyrkur ... ... Styrkurinn sé veittur að eins utanbæjarmönnum.	1,500	1,500			
6. ýmisleg útgjöld ...	1,200	1,200	12,600	12,600	25,200
Flyt...			... ..	... ...	346,940

		1912.	1913.	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	.....	.....	346,940
V.	Stýrimannaskólinn:			
	a. laun	3,200	3,200	
	b. önnur útgjöld: 1912 Kr. 1913 Kr.			
	1. til tímakenslu 1,000 1,000			
	2. — áhaldakaupa o. fl. 400 400			
	3. — eldiviðar og ljósa 400 400			
	4. ýmisleg útgjöld ... 600 600	2,400	2,400	
		5,600	5,600	
VI.	Til annarar kenslu: 1912 Kr. 1913 Kr.			11,200
	a. til kvennaskóla:			
	1. til kvennaskólans í Reykjavík gegn að minsta kosti 1,500 kr. framlögum annarstaðar að en úr landssjóði 6,000 6,000			
	2. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að 2,000 2,000			
	3. námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla... ... ... 600 600			
	4. Til kvennaskólans á Blönduósi gegn að minsta kosti 750 kr. framlögum annars staðar að en úr landssjóði 3,000 3,000			
	5. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt árið, alt að 1,400 1,400	13,000	13,000	
	b. 1. Til barnaskóla, þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000...	24,000	24,000	
	Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda og með því skilyrði, að skólarnir njóti til móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarstaðar frá, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
	2. Til farskóla alt að 200 kr. til hvers	18,000	18,000	
	Styrkur þessi veitist gegn því að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða			
	Flyt...	55,000	55,000	358,140

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt ...	55,000	55,000	358,140
annarstaðar frá að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi fyrirskipuð kensluáhöld.			
3. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar, með því skilyrði að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu ...	20,000	20,000	
4. tillag til styrktarsjóðs handa barnakennurum	1,000	1,000	
5. til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
6. a. laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. til eftirlitsferða eftir reikningi ...	600	600	
c. til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikningi	200	200	
c. Til unglingaskóla utan kaupstaða, þó ekki yfir 1000 kr. til hvers, alt að ... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum þeim, er stjórnarráðið hefir sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingaskóla $^{10}/_{9}$ 1910, og að þeir njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.	8,000	8,000	
d. Til unglingaskólahalds á Ísafirði, alt að	1,500	1,500	
e. Til unglingaskólahalds á Seyðisfirði alt að .... Styrkurinn til beggja þessara unglingaskóla er bundinn sama skilyrði og styrkur til unglingaskóla utan kaupstaða.	1,200	1,200	
f. Til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði .... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið hafi eftirlit með starfsemi skólans, og að hann njóti styrks annarstaðar að, er ekki sé minni en helmingur landssjóðsstyrksins.	1,500	1,500	
g. Til sama skóla 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er í skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að	600	600	
Flyt...	95,100	95,100	358,140

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt...	95,100	95,100	358,140
h.	til gagnfræða- og alþýðuskólans í í Flensborg	7,000	7,000	
i.	til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
j.	til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
k.	styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
l.	til kenslu heyrnar- og málleysingja m. m.	7,000	7,000	
m.	til kenslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar frá...	1,000	1,000	
		111,400	111,400	
VII.	Til sundkenslu o. fl.:			222,800
a.	í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kensla þessi fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar Mentaskólans og Stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b.	til sundkenslu annarstaðar ... ... Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,200	1,200	
c.	Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo þær verði færar um að kenna leikfimi	450	450	
d.	Ferðastyrkur til leikfimiskennara Björns Jakobssonar til þess að sækja alþjóðamót um líkamsuppeldi, sem haldið verður í Odense í sumar	300		
		2,250	1,950	4,200
VIII.	Styrkur til Stefáns Eirikssonar til þess að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	.....	.....	587,140

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 162,740.

	1912 kr.	1913 kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
1. Landsbókasafnið;					
a. laun landsbókavarðar ..	3,000	3,000			
b. — 1. bókavarðar.. ...	1,500	1,500			
c. — 2. bókavarðar... ...	1,000	1,000			
d. til að kaupa bækur og handrit.	6,000	6,000			
e. til bókbands...	1,700	1,800			
f. til kostnaðar við spjaldskrár (eftir reikningi) ...	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið...	360	360			
k. ýmisleg útgjöld	250	250	16,310	16,410	
2. Landsskjalasafnið:	kr.	kr.			
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. laun aðstoðarskjalavarðar	960	960			
c. til að binda inn, búa um skjöl o. fl.	900	900			
d. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu	600	600			
e. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið.	250	250	4,510	4,510	
3. Þjóðmenjasafnið:	kr.	kr.			
a. laun þjóðmenjavarðar (fornmenjavarðar)	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að...	800	800			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,500	1,500			
d. til að gefa út safnskrá (Katalog) alt að.	500	»			
e. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að	1,000	1,000	5,600	5,100	
Þjóðmenjasafnið sé opið frá 15. Júní til 15. September 2 stundir á dag, en annan tíma árs 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.					
		Flyt...	26,420	26,020	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	26,420	26,020	
4. Náttúrufræðisfélagið: ... ... Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 300 kr. á ári. Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni í viku.	1,000	1,000	
5. Landsbókasafnshúsið: kr. kr.			
a. til eldiviðar, ljósa o. fl. ... 3,200		3,200	
b. til dyravarðar. 1,400		1,400	
c. til viðhalds og áhalda ... 2,000		1,000	
	6,600	5,600	
6. Til kaupstaðabókasafna gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði..	2,000	2,000	
7. Til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa eldri íslenzkar bækur...	500		
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði, ...	1,500	1,500	
9. Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
10. Til Þjóðvinafélagsins	750	750	
11. Til Fornleifafélagsins ... ... Styrkurinn greiðist því að eins, að Árbók félagsins komi út hvort árið	400	400	
12. Til sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að...	750	750	
13. Til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbréfasafni ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samskonar registur og við fyrsta bindi sé gefið út við hvert bindi af safninu.	800	800	
14. Til þess að gefa út hinar fornu Alþingisbækur frá 1570—1800, og vinna að útgáfu þeirra...	1,000	1,000	
15. Til Stórstúku Goodtemplara á Íslandi, til eflingar bindindi	2,000	2,000	
16. Til bindindissameiningar Norðurlands ... Þessi 2 síðastnefndu félög gefi stjórnarráðinu reikning fyrir, hvernig fénu er varið.	300	300	
17. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
Flyt...	46,420	44,520	

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	46,420	44,520	
18. Til Jóns sagnaskálds Stefánssonar	1,200		
19. Til Jóns Ófeigssonar til að fullsemja og búa undir prentun þýzk-íslenzka orðabók, er sé eigi minni en 45 arkir prentaðar...	1,500	1,500	
20. Til Einars skálds Hjörleifssonar	1,200	1,200	
21. Til Þorsteins Erlingssonar skálds..	1,200	1,200	
22. Til síra Valdimars Briem's.	800	800	
23. Til Guðm. skálds Magnússonar	1,200	1,200	
24. Til Guðm. skálds Guðmundssonar... ...	600	600	
25. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds... ...	400	400	
26. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
27. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
28. Til Jónasar Jónssonar til að rannsaka og rita um íslenzkan sálmasöng (Hymnologi) frá 1550 til 1900	600	600	
29. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins... ...	500	500	
30. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
31. Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn minst 500 kr. framlagi úr bæjarsjóði Rvíkur, alt að .	2,000	2,000	
32. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands.. ...	1,000	1,000	
33. Til Hannesar Þorsteinssonar alþingismanns til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum...	2,500	2,500	
34. Til landmælinga á Íslandi...	5,000	5,000	
35. Til dr. Helga Péturss til jarðfræðisrannsókna...	2,000	2,000	
36. Til dr. Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna.	1,500	1,500	
37. Til Jóns Ólafssonar rithöfundar styrkur til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að... ...	1,500	1,500	
38. Til Bjarna Sæmundssonar skólakennara til fiskirannsóknar...	600	600	
39. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 50 kr. fyrir örkina, alt að...	600	600	
40. Til Sighv. Grímssonar Borgfirðings til þess			
Flyt...	73,970	70,870	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	73,970	70,870	
að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík	300		
41. Til Laufeyjar Valdemarsdóttur til að nema tungumál við Kaupmannahafnarháskóla ...	400	400	
42. Til Guðmundar Hjaltasonar til þess að halda alþýðufyrirlestra utan Reykjavíkur	400	400	
43. Til jarðskjálftarannsókna	550	550	
44. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
45. Til Einars Jónssonar myndasmiðs	1,200	1,200	
46. Til Guðmundar heimspekings Finnbogasonar, til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra sína 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
47. Til cand. mag. Sigurðar Guðmundssonar til að undirbúa bókmentasögu Íslands	600	600	
48. Til Magnúsar ljósmyndara Ólafssonar til þess að taka myndir af helztu stöðum hér á landi, íslenzkum mannvirkjum og viðburðum, ...	500		
	83,320	79,420	
Samtals...	.....	.....	162,740

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 438,394.

	1912.	1913.	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara..	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld:	1912 Kr.	1913 Kr.	
1. til verklegrar kenslu...	700	700	
2. til kensluáhalda ...	500	500	
3. til eldiviðar og ljósa...	800	800	
4. til styrkveitinga nemendum...	400	400	
5. til að kaupa trésmíðaáhöld	800	»	
6. ýmisleg útgjöld. ...	1,000	1,000	
d. til að byggja leikfimishús úr steinsteypu alt að	6,000	»	
	10,200	3,400	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara.	1,000	1,000	
c. önnur útgjöld:	Kr.	Kr.	
1. til verklegrar kenslu. ...	700	700	
2. til kensluáhalda	500	500	
3. til eldiviðar og ljósa. ...	700	700	
4. til styrkveitinga nemendum	400	400	
Flyt...	2,300	2,300	
	17,600	10,800	

		1912 Kr.	1913 Kr.	1912. kr.	1913. kr.	Alls. kr.
	Flutt ..	2,300	2,300	17,600	10,800	
	5. ýmisleg útgjöld	800	800	3,100	3,100	
3.	Til Torfa Bjarnasonar			1,500	1,500	
4.	Til bryggjugerðar í Vestmannaeyjum			5,000		
5.	Til framhaldsrannsókna á járnbrautarstæði frá Reykjavík austur í Árness- og Rangárvallasýslur...			3,000		
6.	Til skólahalds á Eiðum			2,500	2,500	
7.	Til »Sambands íslenzkra samvinnufélaga« til þess að útbreiða þekkingu á kaupfélagsskap og öðrum samvinnufélagsskap ... ... Styrk þessum skal verja til fyrirlestra um þetta efni á þeim stöðum, er stjórnarráðið tiltekur, og gegn jafn-miklu framlagi annarstaðar að.			500	500	
8.	Til búnaðarfélaga...			22,000	22,000	
9.	Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið ...			54,000	54,000	
10.	Laun skógræktarstjóra..			3,000	3,000	
11.	Til skóggræðslu.. ... ... Skógræktarstjóri hagi ferðum sínum um landið eftir samráði við landsstjórnina.			8,000	8,000	
12.	Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu... ...			1,000	1,000	
13.	Styrkur til Gagnfræðaskólans á Akureyri til að koma upp leikvelli			400		
14.	Til sandgræðslu			4,000	4,000	
15.	Til þess að veita vatni úr Ásakvíslum á Meðallandssandana til varnar frekari sandágangi og sandgræðslu, alt að			3,500		
16.	Styrkur til samvinnu-smjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905, að undanskildum þeim smjörbúum, er notið hafa styrks úr landssjóði 10 ár eða lengur ...			12,000	10,000	
17.	Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	1912 Kr.	1913 Kr.			
	a. laun	3,000	3,000			
	b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500	3,500	3,500	
18.	a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
	c. Styrkur til að semja dýralækningabók, alt að			400		
19.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu forna			300	300	
20.	Til tveggja manna til að læra dýralækningar erlendis ... ... Nemendunum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum þeirra um iðni og ástundun.			1,200	1,200	
	Flyt...			149,300	128,200	

	1912.	1913.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	149,300	128,200	
21. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds á Akureyri	1,000	1,000	
22. Til kvenfélagsins Ósk á Ísafirði til matreiðsluskólahalds	1,000	1,000	
23. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík	5,000	5,000	
24. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til kvöldskólahalds	1,000	1,000	
25. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds..	1,000	1,000	
26. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds..	600	600	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir $^4/_5$ reksturskostnaðar.			
27. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,500	2,500	
28. Til Páls Jónssonar frá Djúpavogi, til þess að fullgera og kaupa einkaleyfi á atkvæðavél	600		
29. Til Helga Valtýssonar til þess að setja straumferju á einhverja á landsins eftir samráði við Stjórnarráðið	1,200		
30. Handa hæfum manni fyrst til utanfarar um nokkra mánuði til að kynna sér verkun og flokkun á ísl. ull undir markaðinn og því næst til að ferðast um landið og kynna bændum meðferð á ull til útflutnings á markaðinn	1,200	1,200	
31. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík, þó ekki yfir $^4/_5$ reksturskostnaðar	5,000	5,000	
32. Til Bjarna Jónssonar frá Vogi til viðskiftaráðunautsstarfa, samkvæmt erindisbréfi frá 30. júlí 1909, alt að	10,000	10,000	
Þar af 6000 kr. laun hvort árið, og alt að 4000 kr. hvort árið til ferðakostnaðar eftir reikningi.			
33. Heiðursgjöf til prósessors við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn C. O. Jensen	2,000		
34. Til byggingafróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar ..	1,600	1,600	
35. Til sama, eftir reikningi, fyrir skoðanir húsa á prestssetrum, alt að	400	400	
Flyt...	183,400	158,500	

		1912.	1913.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Flutt ..	183,400	158,500	
	1912 1913			
36. a. Laun handa 5 fiskiyfirmats-	Kr. Kr.			
mönnum	7,800 7,800			
b. Til ferðakostnaðar. ...	400 400			
		8,200	8,200	
37. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði ...		1,200	1,200	
38. Til Fiskifélagsins		2,500	2,500	
39. Þóknun til vörumerkjaskráritara		360	360	
40. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:				
a. laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar		2,000	2,000	
b. til húsaleigu		700	700	
c. til ljósa, eldsneytis og ræstingar		500	500	
41. Til fiskiveiðasjóðs Íslands...		6,000	6,000	
42. Leiga eftir Gullfoss...		300	300	
43. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á Sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		300	300	
44. Styrkur til Samábyrgðarinnar		5,000	5,000	
45. Til eftirlits með útflutningi á hrossum ...		600	600	
46. Til bryggjugerðar á Húsavík, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að		... ...	3,000	
Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu veitist styrkur þessi og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almennings nota.				
47. Til aðgerðar og umbóta á bryggjunni í Krossvík á Akranesi		1,000	... ...	
Styrkurinn veitist hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota og að hreppurinn annist og ábyrgist viðhaldið.				
48. Til lendingarsjóðs Bolvíkinga		1.000	... ...	
Stjórnarráðinu sendist árlega reikningur sjóðsins.				
49. Styrkur til hafnarbryggjugerðar í Hafnarfirði, alt að		25,000	... ...	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að annars staðar frá komi að minsta kosti 3/4 hlutar kostnaðarins, og að bryggjan verði bygð undir umsjón verkfræðings landsins.				
50. Til bryggjugerðar á Sauðárkróki, þó eigi yfir 1/3 kostnaðar, alt að		3,000	... ...	
	Flyt...	241,060	189,160	

	1912	1913	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt ..	241,060	189,160	
Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist styrkur þessi, og hefir hún ábyrgð á að bryggjan verði til almenningsnota.			
51. Til sira Arnórs Árnasonar í Hvammi uppgjöf á eftirstöðvum af húsbyggingarláni ...	174	... ...	
52. Styrkur til hlutafélagsins klæðaverksmiðjan Iðunn	6,000	... ...	
53. Til eftirlits með silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins, eftir reikningi alt að	1,000	1,000	
	248,234	190,160	
Samtals...	... ...	... ..	438,394

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár og tillags í ellistyrktarsjóð veitast 158,400 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Katrine Jónsson 300 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til sira Matthíasar Jochumssonar 2,400; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan yngri sonur hennar er í ómegð) 100 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til læknisekkju Sigrúnar Ísleifsdóttur 200 kr.; til prestsekkju Elínborgar Friðriksdóttur 800 kr.; til prestsekkju Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til ekkjufrúar Þóru Melsteð 600 kr.; til prestsekkju Ingunnar Loftsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Bjargar Einarsdóttur 300 kr.; til prestsekkju Guðrúnar Björnsdóttur 100 kr.; viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Jakobínu Soffíu Magnúsdóttur 59 kr. 38 au.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eirikssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til Hjartar Snorrasonar, fyrrum skólastjóra og kennara, 500 kr.; til Sighvats Árnasonar, fyrrum alþingismanns, 300 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði kr. 446,167,34, greiðist af viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1911 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 10,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum eftir tillögum landbúnaðarfélagsins til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára gegn 4% vöxtum, séu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 6% árgjaldi í 28 ár.

2. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern, gegn 4% endurgreiðslu á 20 árum að liðnum 4 fyrstu árunum.

3. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, gegn 4% í ársvöxtu, og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15,000 kr.

4. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum, gegn 4% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 15 árum.

5. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til stofnunar smjörbúum (rjómabúum) og ostagerðabúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum Búnaðarfélags Íslands og gegn ábyrgð sveita eða sýslufélaga. Þau ávaxtast með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Úr viðlagasjóði má lána Seyðisfjarðarkaupstað alt að 40,000 kr. til að koma á raflýsingu í bænum. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

7. Sýslunefndum Húnavatnssýslu má lána úr viðlagasjóði 12,000 krónur til skólahúsbyggingar á Blönduósi. Lánið ávaxtast og endurborgast á 28 árum með 6% árlega.

8. Sýslunefnd Árnessýslu má lána úr viðlagasjóði til áveitu úr Þjórsá á Miklavatnsmýri alt að 20,000 krónur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

9. Úr viðlagasjóði má lána Ásahrepp í Rangárvallasýslu gegn ábyrgð sýslufélagsins alt að 30,000 kr. til að hlaða í Djúpós til verndunar Safamýri og lands þess er að henni liggur. Lánið ávaxtast og endurgreiðist með 6% á 28 árum.

10. Úr viðlagasjóði má veita niðursuðuverksmiðjunni »Ísland« á Ísafirði alt að 50,000 kr. lán gegn 1. veðrétti í verksmiðjunni og annari tryggingu, er stjórnin telur gilda. Lánið ávaxtast með $4^1/_2$ % og endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum á 18 árum.

11. Ráðherra veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd alt að 60,000 kr. lán, er sýslufélag Vestmannaeyja hefir í hyggju að taka til hafnargerðar í Vestmannaeyjum.

12. Stjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd fyrir Vífilsstaðahælið alt að 120,000 kr. lán.

13. Afborgunarfrest af viðlagasjóðsláni til Verksmiðjufélagsins á Akureyri, er tekið var 18. janúar 1908, má framlengja til 31. desember 1915. Úr því endurborgist lánið með jöfnum árlegum afborgunum á 15 árum.